Hæstaréttardómar 1960

Útgáfa 3.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar
Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar
Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu
Minniháttar galli á bls. 153 á prenteintaki.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR 1960

Efnisskrá til bráðabirgða

Ábúðarlög 447
Áfengislagabrot 531
Barnsfaðernismál 598
Bifreiðamál:
a. Refsikrafa 123, 289, 368, 492, 499, 554, 780
b. Bótakrafa 128, 393, 484, 689, 713, 811
Eignarréttur 197, 726, 786, 807
Eignaspjöll 203
Endurgreiðslukröfur 634, 672, 836
Erfðaleiga 447
Erfðamál 420
Fasteignir 197, 338, 726, 786, 807
Félagsréttindi 541
Fiskveiðibrot 535, 582, 589, 666, 742
Fjárdráttur 1
Fjárnám 707, 832
Frávísun máls frá Hæstarétti 374, 704
Húsaleiga 836
Húsfriðarröskun 1
Höfundarréttur 512
Ítaksréttindi 726, 786, 807
Kaup og sala 634
Kynferðisbrot 677, 747
Kærumál:
Dómarar 709
Dómkvaðning matsmanna 139
Framlagning sakargagna 264, 267, 575
Frávísun frá héraðsdómi 139, 306, 443, 512, 621, 622, 632, 658, 796, 856

Frestað í Hæstarétti vegna áfrýjunar aðalmáls 725
Frestbeiðni 624, 765, 829
Gæzluvarðhald 619
Heitfesting 525
Kyrrsetning sakbornings 846
Málskostnaður 134, 160,, 578, 626
Ómerking 465, 621, 622
Úrskurður um leit 517
Vitnaskylda 118, 322, 390, 465
Landamerkjamál 408
Landskiptamál 466
Líkamsárás 203
Lóðamerkjamál 197
Lóðarleiga 818
Lögbann 807
Lögræðissvipting 165
Meiðyrðamál 380
Ómerking, sbr. kærumál 260, 285, 509, 560, 563, 566, 569
Opinberir starfsmenn 851
Óréttmætir verzlunarhættir 435
Rangur framburður 492, 677
Réttarfarssektir 289
Sameign 338
Skaðabótamál 128, 155, 243, 249, 260, 271, 285, 310, 318, 325, 403, 484, 634, 662, 689, 713, 774, 811
Skattar til ríkissjóðs 388, 460, 672
Skiptamál 550
Skuldajöfnuður 832
Skuldamál 168, 175, 191, 351, 360, 519, 824
Stjórnsýsla 851
Uppboð 602, 738
Útburðarmál 704
Útsvarsmál 257, 294, 364, 399, 840
Vátrygging 718
Veiðiréttindi 807
Vinnulaun 332, 509, 560, 563, 566, 569, 662
Þjófnaður 203, 299, 316, 531

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

XLI. árgangur. 1960

Mánudaginn 18. janúar 1960.

Nr. 172/1958. **Ákæruvaldið** (Ragnar Jónsson hrl.)
gegn
Ingimar Jónssyni (Sigurður Ólason hrl.).

Dómendur:
Hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Fjárdráttur opinbers starfsmanns.

Dómur Hæstaréttar.

Atvikum máls þessa og sakaratriðum er skilmerkilega og rétt lýst í héraðsdómi.

Fallast má á úrlausn héraðsdómara um sýknu ákærða af 8., 10. og 12. ákæruatriði, sem um ræðir í XI., XIII. og XV. kafla héraðsdóms.

Eins og saksókn er háttað, verður misferli ákærða með bifreiðina R 2296, sem lýst er í VII. kafla héraðsdóms, fært til 247. gr. sbr. 138. gr. laga nr. 19/1940 og 141. gr. sömu laga.

Í VIII., IX., X., XII. og XIV. kafla héraðsdóms er lýst lánveitingum til einstakra aðilja úr sjóðum, sem ákærði hafði undir hendi. Með þessu hefur ákærði framið verknað, sem ákvæði 247. gr. laga nr. 19/1940 taka til. Fyrir brot þessi er hins vegar aðeins ákært eftir 261. gr. sbr. 249. gr. og 138. gr. nefndra laga. Þar sem ákæru er þannig háttað og í greindum brotum ákærða felast atriði, sem lýst er í 249. gr., ber að staðfesta heimfærslu héraðsdómara til refsiákvæða, að

því er varðar 5., 6., 7., 9. og 11. ákærulið. Svo ber og með skírskotun til forsendna héraðsdóms að staðfesta færslu til refsiákvæða um aðra ákæruliði.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 3 ár.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og sakarkostnað.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 30.000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Ingimar Jónsson, sæti fangelsi 3 ár.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og sakarkostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Jónssonar og Sigurðar Ólasonar, kr. 30.000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 31. júlí 1958.

Ár 1958, fimmtudaginn 31. júlí, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var að Fríkirkjuvegi 11 af Þórði Björnssyni, dómara samkvæmt sérstakri umboðsskrá, kveðinn upp dómur í málinu: Ákæruvaldið gegn Ingimar Jónssyni, sem tekið var til dóms 11. þ. m.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 25. júlí 1957, er opinbert mál höfðað gegn Ingimar Jónssyni, fyrrverandi skólastjóra Gagnfræðaskólans í Reykjavík, síðar Gagnfræðaskóla Austurbæjar, til heimilis að Vitastíg 8 A, hér í bæ, fyrir að hafa:

I. Á tímabilinu frá 1. janúar 1941 til 1. september 1946 dregið sér úr rekstrarsjóði Gagnfræðaskólans í Reykjavík og á tímabilinu frá 1. september 1946 til 4. marz 1955 dregið sér úr rekstrarsjóði Gagnfræðaskóla Austurbæjar, hér í bæ, samtals kr. 441.681.92.

Teljast brot þessi varða við 1. mgr. 247. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Á tímabilinu frá 1. janúar 1941 til 31. desember 1954 dregið sér úr nemendasjóði skóla þeirra, er ákærði veitti forstöðu, svokölluðum Nemendasjóði I, eða öðru nafni Skólaselið Múli, samtals kr. 71.740.38.

Teljast brot þessi varða við 1. mgr. 247. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga.

III. Á tímabilinu frá 2. janúar 1945 til 5. júní 1952 dregið sér úr byggingarsjóði Gagnfræðaskóla Austurbæjar, en ákærði hafði eftirlit og umsjón með byggingarframkvæmdum skólahúss, kr. 340.714.57.

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 247. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga.

IV. Hinn 5. ágúst 1942 í heimildarleysi keypt vöruflutningabifreið, er skrásett var R 2296, fyrir fé úr rekstrarsjóði Gagnfræðaskólans í Reykjavík, en kaupverð bifreiðarinnar var kr. 27.500.00, rekið bifreið þessa í þágu sjálfs sín, m. a. í vinnu við Reykjavíkurflugvöll, hirt tekjur af rekstri þessum, en greitt gjöld vegna rekstrar bifreiðarinnar úr rekstrarsjóði skólans, fært síðan í desember 1945 í bækur rekstrarsjóðs skólans kr. 54.051.20 sem tap á rekstri bifreiðarinnar, er seld var 18. desember 1944 fyrir kr. 18.000.00, og látið þá fjárhæð einnig ganga til greiðslu á tapi af rekstri hennar.

Teljast brot þessi varða við 261. gr. sbr. 249. gr. sbr. 138. gr. og við 247. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga.

V. Á árinu 1945, sennilega um mitt það ár, í heimildarleysi veitt Ragnari Þorlaugi Guðmundssyni prentara, Karlagötu 21, hér í bæ, lán að fjárhæð kr. 25.000.00 af fé Gagnfræðaskólans í Reykjavík, sennilega af fé rekstrarsjóðs skólans, svo og fyrir að hafa í heimildarleysi síðari hluta árs 1945, sennilega 29. nóvember það ár, veitt sama manni lán, einnig að fjárhæð kr. 25.000.00, af fé nefnds skóla, líklega af fé rekstrarsjóðs skólans, en fyrir báðum lánveitingum þessum mun Ragnar Þorlaugur hafa gefið út eiginvíxla.

Teljast brot þessi varða við 261. gr. sbr. 249. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga.

VI. Hinn 17. maí 1947 í heimildarleysi veitt Þorsteini Halldórssyni prentara, Fálkagötu 4, hér í bæ, lán að fjárhæð kr. 25.000.00 af fé Gagnfræðaskóla Austurbæjar, sennilega af fé rekstrarsjóðs skólans, sem Þorsteinn samþykkti víxil fyrir, en fjárhæð þessa greiddi ákærði Þorsteinn með tékka nr. 82661 úr

sparisjóðsávísanabók nr. 5211 við Landsbanka Íslands, talin eign byggingarsjóðs skólans.

Brot þetta telst varða við 261. gr. sbr. 249. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga.

VII. Vorið 1947 veitt Guðmundi Þorlákssyni kennara, Eikjuvogi 13, hér í bæ, lán til húsakaupa að fjárhæð kr. 150.000.00 af fé Gagnfræðaskóla Austurbæjar, úr rekstrarsjóði skólans, þótt ákærði hefði í þessu skyni með samþykki skólanefndar aðeins haft heimild til að veita 60.000.00 til 80.000.00 króna lán, en lánsfjárhæðina, kr. 150.000.00, greiddi ákærði Guðmundi með tékkum nr. 28651, kr. 40.000.00, og nr. 28659, kr. 110.000.00, úr sparisjóðsávísanabók nr. 5211 við Landsbanka Íslands, talin eign byggingarsjóðs skólans.

Telst brot þetta varða við 261. gr. sbr. 249. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga.

VIII. Á árinu 1948, sennilega um vorið eða sumarið, í heimildarleysi veitt Vigni Andréssyni kennara, Egilsgötu 22, hér í bæ, lán af fé Gagnfræðaskóla Austurbæjar að fjárhæð kr. 15.000.00, sem Vignir endurgreiddi nokkru síðar.

Brot þetta telst varða við 261. gr. sbr. 249. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga.

IX. Sumarið 1948, sennilega 18. júní það ár, í heimildarleysi veitt Jóhannesi Zoëga, þá prentsmiðjustjóra Alþýðuprentsmiðjunnar h.f. hér í bæ, lán af fé Gagnfræðaskóla Austurbæjar, hér í bæ, að fjárhæð kr. 10.000.00, sem ákærði greiddi með tékka nr. 75608 úr sparisjóðsávísanabók nr. 5211 við Landsbanka Íslands, talin eign byggingarsjóðs skólans.

Telst brot þetta varða við 261. gr. sbr. 249. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga.

X. Sumarið 1948, líklega í júní eða júlí það ár, í heimildarleysi veitt Valdimar Guðmundssyni fangaverði, Skólavörðustíg 9, hér í bæ, lán af fé Gagnfræðaskóla Austurbæjar, hér í bænum, að fjárhæð kr. 10.000.00, sem Valdimar endurgreiddi ákærða nokkru síðar.

Brot þetta telst varða við 261. gr. sbr. 249. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga.

XI. Á árinu 1945, sennilega í nóvember það ár, svo og á árinu 1946 í heimildarleysi veitt Alþýðuprentsmiðjunni h.f., hér í bæ, lán af fé Gagnfræðaskólans í Reykjavík og Gagnfræðaskóla Austurbæjar, hér í bæ, sennilega úr rekstrarsjóði, að fjárhæð kr.

153.304.56 til kaupa á prentvél, en af láni þessu hafa enn eigi endurgreiðzt nema kr. 100.000.00.

Telst þetta brot varða við 261. gr. sbr. 249. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga.

XII. Hinn 28. maí 1954 í heimildarleysi veitt Alþýðuprentsmiðjunni h.f., hér í bæ, lán af fé Gagnfræðaskóla Austurbæjar, hér í bæ, sennilega úr rekstrarsjóði skólans, að fjárhæð kr. 30.000.00, sem endurgreiðast skyldi fljótlega, þótt enn sé það ógreitt.

Þetta brot telst varða við 261. gr. sbr. 249. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga.

XIII. Í heimildarleysi hinn 22. febrúar 1949 selt Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis að handveði til tryggingar einkavíxilskuld sinni, að fjárhæð kr. 16.500.00, með gjalddaga 22. ágúst 1949, auk vaxtamiða fjögur 4½% ríkisskuldabréf, Litra A nr. 1, 2, 3 og 4, hvert að fjárhæð kr. 5.000.00, sem voru eign rekstrarsjóðs Gagnfræðaskóla Austurbæjar, hér í bæ.

Brot þetta telst varða við 261. gr. sbr. 249. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga.

XIV. Hinn 7. apríl 1951 í heimildarleysi selt Útvegsbanka Íslands h.f. að handveði til tryggingar einkavíxilskuld sinni, að fjárhæð kr. 20.000.00, með gjalddaga 6. ágúst 1951, auk vaxtamiða sex 4% veðdeildarbréf Landsbanka Íslands, Litra AA nr. 486 til 491 incl., sem voru eign rekstrarsjóðs Gagnfræðaskóla Austurbæjar, hvert að nafnverði kr. 5.000.00.

Telst brot þetta varða við 261. gr. sbr. 249. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga.

XV. Hinn 20. júní 1953 í heimildarleysi selt Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis að handveði til tryggingar einkavíxilskuld sonar síns Lárusar Ingimarssonar, að fjárhæð kr. 5.000.00, en gjalddagi skuldarinnar var 20. september 1953, auk vaxtamiða 2 skuldabréf Byggingarsamvinnufélags barnakennara 1947, nr. 69 og 70, hvort að fjárhæð kr. 5.000.00, en bréf þessi voru eign eins af sjóðum Gagnfræðaskóla Austurbæjar, svonefnds Nemendasjóðs I, eða öðru nafni Skólaselið Múli.

Þetta brot telst varða við 261. gr. sbr. 249. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga.

XVI. Loks er málið höfðað gegn ákærða fyrir að hafa í skólastjórastarfi sínu á tímabilinu frá 1. janúar 1941 til 4. marz 1954 gerzt sekur um stórfellda vanrækslu og hirðuleysi með því að

blanda saman og við sitt einkafé fjárreiðum hinna ýmsu sjóða skóla þess eða þeirra, sem hann stjórnaði, og greinir að framan, og misfara með fjármuni stofnunarinnar eða stofnana þessara.

Telst brot þetta varða við 141. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 15. febrúar 1891 að Hörgsholti í Hrunamannahreppi, og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1940 6/8 Sátt, 5 kr. sekt fyrir brot á 36. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1947 29/10 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1948 12/18 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1950 31/3 Sátt, 30 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1950 7/7 Sátt, 30 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1951 21/5 Sátt, 30 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1954 7/4 Sátt, 30 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1955 11/2 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1955 15/2 Áminning fyrir brot á 7. gr. umferðarlaga.
1956 6/6 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

Málavextir eru þessir:

I. KAFLI.

Með lögum nr. 68 7. maí 1928 um bráðabirgða-ungmennafræðslu í Reykjavík, 1. gr., var stofnaður ungmennaskóli hér í bænum. Samkvæmt 5. gr. laganna hafði þriggja manna skólanefnd yfirstjórn skólans, og kaus bæjarstjórn tvo nefndarmanna, en fræðslumálastjórn hinn þriðja, og var hann jafnframt formaður nefndarinnar. Samkvæmt 6. gr. laganna annaðist skólanefnd meðal annars fjárstjórn skólans, en skólastjóri hafði á hendi daglega stjórn hans.

Samkvæmt 7. gr. laganna skyldi fyrir hverja 20 nemendur, sem nytu ekki minni kennslu en 24 stundir á viku hverri, greiðast í skólasjóð kr. 1.500.00 úr ríkissjóði og jafnmikið úr bæjarsjóði Reykjavíkur. Sömu aðiljar skyldu leggja fram til helminga andvirði efnis við vinnukennslu. Fræðslumálastjóri skyldi ákveða, að fengnum tillögum skólanefndar, skólagjöld nemenda, er renna skyldu í skólasjóð.

Með lögum nr. 48 19. maí 1930 um gagnfræðaskóla var ungmennaskólinn gerður að gagnfræðaskóla og kallaður Gagnfræða-

skólinn í Reykjavík. Samkvæmt 9. gr. laganna var fjölgað um tvo menn, sem bæjarstjórn kaus, í skólanefnd, og hafði hún yfirumsjón skólans. Samkvæmt 10. gr. laganna átti nefndin að vera í ráðum með skólastjóra um bóka- og áhaldakaup, annast fjárstjórn skólans og gera til kennslumálastjórnarinnar tillögur um skipun skólastjóra og ráðningu kennara.

Samkvæmt 12. gr. laganna skyldi fyrir mánaðardvöl hvers reglulegs nemanda greiða úr ríkissjóði í skólasjóð 16 krónur gegn 24 króna lágmarksframlagi úr bæjarsjóði, og vegna sérstakra námskeiða samkvæmt 14. gr. laganna skyldi greiða úr ríkissjóði 6 krónur fyrir mánaðarkennslu hvers nemanda gegn 9 króna lágmarksframlagi úr bæjarsjóði. Samkvæmt 18. gr. laganna skyldi bæjarsjóður greiða ⅗ hluta og ríkissjóður ⅖ hluta leigu eftir húsrúm skólans, meðan hann væri í leiguhúsnæði. Þá skyldi samkvæmt 17. gr. laganna ríkissjóður greiða laun skólastjóra og eins kennara. Samkvæmt 15. gr. laganna skyldu ríkissjóðstillög og hið lögmælta framlag bæjarsjóðs svo og kennslugjöld nemenda, sbr. 13. gr. laganna, renna í skólasjóð og skyldi hann standa straum af rekstri skólans, en hrykkju tekjur hans ekki til rekstrarins, skyldi það, sem á vantaði rekstrarkostnaðinn, greiðast úr bæjarsjóði.

Með lögum nr. 48 7. maí 1946 um gagnfræðanám voru fyrrgreind lög nr. 48 1930 numin úr gildi. Jafnframt var heiti Gagnfræðaskólans í Reykjavík breytt í Gagnfræðaskóla Austurbæjar. Í marz 1947 var notuð heimild 9. gr. hinna nýju laga nr. 48 1946, og nýstofnuðu fræðsluráði falin störf skólanefndar skólans, en samkvæmt 56. gr. laganna skyldi skólanefnd og skólastjóri annast fjármál og reikningshald hans.

Samkvæmt 54. gr. laganna taka fastir kennarar skólans laun úr ríkissjóði, og einnig greiðir ríkissjóður styrk til stundakennslu samkvæmt sérstökum ákvæðum laganna. Annar rekstrarkostnaður greiðist úr skólasjóði, en tekjur hans eru: húsaleiga, tekjur af eignum skólans og tekjur af ýmiss konar starfrækslu, sem rekin er í því skyni að afla skólanum tekna. Að svo miklu leyti sem þessar tekjur hrökkva ekki fyrir gjöldum skólasjóðs, greiðir bæjarsjóður sjóðnum helming þess, sem á vantar, en ríkissjóður hinn helminginn. Samkvæmt 2. mgr. 56. gr. laganna eru reikningar skólans endurskoðaðir á sama hátt og reikningar bæjarfélagsins.

Þegar núgildandi fræðslulöggjöf kom til framkvæmda hinn 1. september 1946, að því er snertir gagnfræða- og héraðsskóla, sem fram að þeim tíma höfðu starfað sem sjálfseignarstofnanir,

varð það að ráði með samþykki menntamálaráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins, að sjóðseign sú, er myndazt hafði af rekstri á því tímabili, yrði óskerðanleg eign viðkomandi skóla, sem nota mætti skólanum til hagsbóta. Sjóðir þessir, ef til voru, áttu að vera í umsjá yfirstjórnar skólans og fyrir þeim gerð grein sem öðrum eignum skóla hverju sinni.

Skólanefnd Ungmennaskólans í Reykjavík frá 1928—1930 var þannig skipuð: Hannes Jónsson dýralæknir, formaður, Hallbjörn Halldórsson prentsmiðjustjóri og Hallgrímur Hallgrímsson bókavörður.

Skólanefnd Gagnfræðaskólans í Reykjavík var þannig skipuð: Tímabilið 1930—1934 þeir Hannes Jónsson, formaður, Bogi Ólafsson og Einar Magnússon menntaskólakennarar, Gústaf A. Sveinsson lögfræðingur og Hallbjörn Halldórsson. Tímabilið 1934—1942 þeir Hannes Jónsson, formaður, Bogi Ólafsson, Einar Magnússon, Guðni Jónsson kennari og Hallbjörn Halldórsson. Tímabilið 1942—1945 þeir Gústaf A. Sveinsson, formaður, Bogi Ólafsson, Einar Magnússon, Guðni Jónsson og Hallbjörn Halldórsson. Tímabilið 1945—1946 (1947) þeir dr. Sigurður Þórarinsson, formaður, dr. Björn Sigfússon, Bogi Ólafsson, Einar Magnússon og Guðni Jónsson.

Ákærði, Ingimar Jónsson, var skólastjóri skólans þegar frá stofnun hans árið 1928 og fram til 4. marz 1955.

Í fyrstu var skólinn í húsi Stýrimannaskólans við Stýrimannastíg, og síðan var hann í húsi Kennaraskólans og að nokkru í húsi Menntaskólans. Árið 1935 fluttist skólinn í Frakkneska spítalann við Lindargötu og var þar í 14 ár, en hafði jafnframt útibú á nokkrum stöðum í bænum eftir þörfum hverju sinni. Geta má þess, að hinn 26. maí 1949 varð eldsvoði í Frakkneska spítalanum, og skemmdist húsið talsvert af eldi og vatni, sbr. Hæstaréttardóma XXI, bls. 253 o. áfr. Um haustið sama ár fluttist skólinn svo í hina nýju gagnfræðaskólabyggingu við Barónsstíg, þar sem skólinn hefur verið síðan.

Fjárhagsár skólans var ekki miðað við almanaksár, heldur við upphaf skólaárs hinn 1. október, og þótti það einfaldara, vegna þess að framlög frá hinu opinbera til skólans fóru eftir fjölda nemenda.

Ákærði hafði með höndum allt reikningshald skólans yfir rekstrarkostnað, allan þann tíma sem skólinn var rekinn sem sjálfseignarstofnun, þ. e. frá stofnun hans árið 1928 til 1. september 1946. Hélt ákærði eina sjóðbók og samdi upp úr henni

ársreikning skólans. Tveir menn, sem skólanefnd kaus úr sínum hópi, endurskoðuðu ársreikningana og árituðu þá hverju sinni, þ. e. skólaárin 1930—1933 Gústaf A. Sveinsson og Hallbjörn Halldórsson, árin 1933—1945 Guðni Jónsson og Hallbjörn Halldórsson og skólaárið 1945—1946 Einar Magnússon og Guðni Jónsson.

Ákærði hafði einnig með höndum allt reikningshald skólans yfir rekstrarkostnað á tímabilinu 1. september 1946 til 31. desember 1951 svo og yfir stofnkostnað frá árinu 1945, að byrjað var á byggingu Gagnfræðaskóla Austurbæjar, og þar til að hann skilaði af sér þeim gögnum sumarið 1953.

II. KAFLI.

Með sérstakri umboðsskrá dómsmálaráðherra, dags. 17. maí 1955, var dómara máls þessa falið að hefja rannsókn út af meðferð Ingimars Jónssonar, skólastjóra Gagnfræðaskólans í Reykjavík, síðar Austurbæjar, á fjármunum skólans.

Sögulegur aðdragandi málsins er þessi:

Athugun Aðalsteins Eiríkssonar, forstöðumanns fjármálaeftirlits skóla, á fjárreiðum Gagnfræðaskólans í Reykjavík varð til þess, að hann óskaði eftir því, að ákærði léti honum í té skýrslu um rekstur og reikningsskil skólans frá upphafi til 1. september 1946.

Ákærði sendi forstöðumanni skýrslu sína, og er hún dagsett 1. ágúst 1954. Þar segir meðal annars svo:

„Þessi skýrsla verður þó ófullkomnari en vera skyldi, vegna þess að heimildir skortir, og verður sumt að fara eftir minni. Stafar það af því, að aðfaranótt hins 26. maí 1949 varð eldur laus í Frakkneska spítalanum, en þar var þá aðalbækistöð skólans, og urðu miklar skemmdir af eldi og vatni, einkum í kennarastofu og geymsluherbergjum. Hafði ég lagt þar fyrir í geymslu öll skjöl og plögg frá eldra tímabili skólans, sem ég bjóst ekki við að þurfa að hreyfa, fyrr en flutt væri í nýja húsið, sem þá var í smíðum. Þessi plögg eyðilögðust öll. Í kennarastofu var aftur á móti margt, sem viðkom árunum 1947—'49, bæði rekstri og byggingu, og fór það áreiðanlega einnig margt forgörðum, þótt ég geti ekki vitað nákvæmlega hve mikið." ....

„Engin aðgreining var gerð á stofnkostnaði og rekstrarkostnaði. Hinn lögmælti styrkur varð að duga til alls. Bæjarsjóður Reykjavíkur lagði aldrei fram neitt þar fram yfir, eins og lögin gerðu þó ráð fyrir, að gæti átt sér stað." ...

„Fyrstu árin gerði ekki betur en að hægt væri að láta skól-

ann bera sig með mesta sparnaði. Eftir að flutt var í Fr. spítalann, varð hagurinn betri, enda þá oft óeðlilega margir nemendur í bekkjardeildum. Um tíma, um og eftir 1940, safnaðist nokkur sjóður. En eftir að dýrtíð óx mjög og launalögin komu til framkvæmda 1. apríl 1945, rýrnaði hann allmjög. Það kom einnig til, að síðasta ár þessa tímabils hafði skólinn stofnað útibú í Sjómannaskólanum, og þurfti að búa þar húsgögnum 3 kennslustofur og kennarastofu og kaupa kennsluáhöld fyrir þær 6 bekkjardeildir, er þar voru. Loks var það, að eftir að farið var að færa reikninga í samræmi við nýju lögin og endurskoða þá, voru færðar til baka á eldra tímabil upphæðir, sem námu nær 50 þús. kr., eins og yður er kunnugt.

Af öllu þessu leiddi, að handbær sjóðseign í lok tímabilsins varð miklu minni en ég og skólanefndin höfðum búizt við, eða aðeins liðugar 2000 kr., eftir því sem ég hef getað komizt næst. Eignir voru þó miklar í allskonar munum, og skiptust þær milli Gagnfræðaskóla Austurbæjar og Gagnfræðaskólans við Lindargötu, Hefði mátt færa þessar eignir á þá skóla sem stofnkostnað, en það var ekki gert."

Hinn 14. september 1954 sendu þeir Aðalsteinn Eiríksson, forstöðumaður fjármálaeftirlits skóla, og Guttormur Erlendsson, forstöðumaður endurskoðunarskrifstofu Reykjavíkurbæjar, menntamálaráðherra skýrslu um fjárreiður og reikningshald Gagnfræðaskóla Austurbæjar.

Segir í skýrslunni meðal annars svo:

„Sumarið 1953 afhenti skólastjórinn dagbók ásamt fylgiskjölum yfir stofnkostnað skólans. Dagbókin var ekki gerð upp, og enginn heildarreikningur fylgdi né yfirlit um skiptingu kostnaðar og greiðslur aðilja. Við athugun þessara gagna kom eftirfarandi í ljós:

Skólastjórinn hefur veitt viðtöku fé, sem hér segir:

Frá bæjarsjóði	kr.	4.930.000.00
Frá ríkissjóði	—	2.235.545.05
Vöxtum af bankainnstæðu	—	904.78
Samtals	kr.	7.166.449.83
Stofnkostnaður samkvæmt meðfylgjandi sundurliðun	—	6.828.588.01
Mismunur	kr.	337.861.82

Skólastjórinn hefur því veitt viðtöku umfram
það, sem hann hefur greitt út vegna stofn-
kostnaðar skólans ..... kr. 337.861.82"

„Þegar hér var komið málum, þótti ástæða til þess að grennslast eftir fjárreiðum skólans yfir tímabilið 1928—1/9 1946."

„Í skýrslu sinni getur skólastjóri þess, að rekstrarsjóður tímabilsins fram til 1/9 1946 hafi rýrnað vegna upphæða, sem færðar voru af rekstrarreikningnum 1946—1950.

Samkvæmt þeim reikningum nema þessar upphæðir samtals	kr.	48.704.22
Þá telur skólastjórinn, að í þessum sjóði muni nú vera um	—	2.000.00
Þar við bætist svo lán til Guðmundar Þorlákssonar, samkv. framburði S. Þ., G. Þ. og E. M.	—	150.000.00
Rekstrarsjóðurinn virðist því vera, eftir því sem næst verður komizt, 1/9 1946	—	200.704.22
Þar við bætast innborgaðir vextir af skuldabréfi	—	33.800.00

Greitt af rekstrarreikn.

1946—1950	kr.	48.704.22	
Eftirstöðvar skuldabréfs G. Þ. ..	—	90.000.00	
Í vörzlu skólastjóra:			
a. Afb. skuldabréfsins og vextir ...	kr.	93.800.00	
b. Peningar í sjóði	—	2.000.00	— 95.800.00
	Kr.	234.504.22	Kr. 234.504.22

Við getum ekki betur séð en reikningar standi þannig við skólastjórann, þegar tekið er tillit til fyrrnefndra upplýsinga:

Í byggingarsjóð vantar	kr.	337.861.82
Í rekstrarsjóð tímabilsins fram að 1/9 1946 vantar	—	95.800.00
	Kr.	433.661.82

Auk þess vantar að gera skólastjóranum reikning fyrir vöxtum af ofannefndum fjárhæðum."

Af hálfu bæjaryfirvaldanna var síðan gengið eftir því, að ákærði gerði upp byggingarkostnað hins nýja skólahúss. Varð það til þess, að ákærði gaf út skuldabréf, dags. 20. september 1954, til handa bæjarsjóði Reykjavíkur, að fjárhæð kr. 337.861.82, og skyldi skuldin greiðast með 20 jöfnum afborgunum á næstu 10

árum, en vextir vera 7% p. a. Til tryggingar greiðslu skuldarinnar var 2. veðréttur í húsi ákærða að Vitastíg 8 A, hér í bæ.

Ákærði sendi forstöðumanni fjármálaeftirlits skóla nú nýja skýrslu, sem er dagsett 16. nóvember 1954. Segir í henni meðal annars svo:

„Þetta svonefnda „eldra tímabil", eða sá tími, sem skólinn var rekinn sem sjálfseignarstofnun, endaði 1. sept. 1946. Reikningar voru þá alltaf gerðir upp eftir á fyrir hvert skólaár, þ. e. frá 1. okt. til jafnlengdar næsta ár. Á sama hátt og áður hafði verið, varð reikningsskilum í þetta sinn ekki lokið fyrr en um áramót eða upp úr áramótum, vegna þess að reikningar vegna skólaársins bárust alltaf sumir alllöngu eftir lok skólaársins og reikningsskil við ríki og bæ drógust einnig alltaf nokkuð. Þegar þessir lokareikningar voru loksins fullgerðir, voru í sjóði sem allra næst 50 þús. kr., eftir því sem ég bezt man."

„Guðmundur Þorláksson" ... „Kvaðst hann þurfa til þess (þ. e. að kaupa lítið hús. Innskot dómara) lán að upphæð ca. 140 þús. kr., sem síðar reyndist þó verða 150 þús. kr. Nú var ég í vanda, því að ekki voru til í skólasjóði nema ca 50 þús. kr." ... „Ég taldi mig því líta fyrst og fremst á hag skólans, er ég ákvað að lána honum til viðbótar af byggingarfé skólans, þótt það virðist nú eiga að verða afdrifaríkt fyrir mig."

„Ég hef áður í skýrslu minni, dags. 1. ágúst s.l., getið þess, að handbært fé í skólasjóði varð minna í lok ársins 1946 en ég og skólanefndin bjuggumst við, enda þótt skólinn ætti miklar eignir í munum. Þegar svo þar við bættist, að útgjöld, sem námu kr. 48.704.22, voru síðar (á árunum 1949—1951) færð til baka yfir á skólasjóð „eldra tímabilsins", er auðséð, að lánið til Guðmundar Þorlákssonar verður því nær að öllu leyti eign byggingarsjóðs, enda taldi ég svo vera. Nú hef ég gert upp við bæjarsjóð Reykjavíkur fjárreiður þess sjóðs, án þess þó að eftirstöðvar skuldabréfs G. Þ. væru teknar sem greiðslur frá mér vegna þess, að því er mér skildist, að eftir væri að gera upp þenna svonefnda „eldri sjóð". Ég verð því að líta svo á, að sem stendur séu þessar eftirstöðvar mín eign."

„Ég vænti nú, að það verði yður ljóst, eins og það hefur alltaf verið augljóst frá mínu sjónarmiði, að þessi margumræddi „eldri sjóður" er aðeins ca 2.000.00 að viðbættum vöxtum af þeirri upphæð frá ársbyrjun 1947. Upphæðin, sem færð var til baka, kr. 48.704.22, gat ekki borið vexti, af því að hún var bundin í tækjum og munum, sem skólinn hefur notað."

Með bréfi, dags. 25. nóvember 1954, sendi ákærði menntamálaráðherra afrit af fyrrgreindum tveimur skýrslum sínum, dags. 1. ágúst og 16. nóvember sama ár, og sagði í bréfinu meðal annars eftirfarandi:

„Yður er kunnugt um, að ég hef orðið fyrir mjög alvarlegum óhöppum í sambandi við byggingu hins nýja skólahúss Gagnfræðaskóla Austurbæjar. Hef ég þess vegna tekið á mig allþungar skuldbindingar vegna verðmæta, sem talið er að glatazt hafi í minni vörzlu, en ég bar ábyrgð á. Þetta var mér algerlega ósjálfrátt, eins og mér er líka fullkomlega ljóst, að enginn hluti þessara verðmæta hefur runnið til mín." ... „En þar sem þessar misfellur af minni hendi eru nú lagfærðar og uppgerðar, vænti ég, að þeim þætti sé lokið."

„Þá er eftir að komast að niðurstöðu um hitt atriðið, skólasjóðinn frá sjálfseignartímabili skólans ..."

„Bruninn í Frakkneska spítalanum vorið 1949 var af völdum íkveikjusjúks manns. Hversu langt á að ná ábyrgð *mín* vegna þessa atburðar? Ég hef þegar greitt þau verðmæti, sem þar kunna að hafa glatazt, en á ég einnig að gjalda þess, að bækur og gögn eyðilögðust svo, að ég get ekki sannað mál mitt um upphæð þessa sjóðs nema af líkum."

Fyrrgreindir forstöðumenn fjármálaeftirlits skóla og endurskoðunarskrifstofu Reykjavíkur sendu svo nýja skýrslu, dags. 25. nóvember 1954, til menntamálaráðherra út af fjárreiðum Gagnfræðaskóla Austurbæjar og reikningsskilum ákærða og athugasemdum hans við fyrri skýrslu þeirra um það efni, svo og viðbótarskýrslu, dags. 6. janúar 1955. Lauk skýrslu dags. 25. nóvember með þessum orðum:

„En hvernig sem því kann að vera varið með sjóði þessa (þ. e. sem eru á vegum Gagnfræðaskóla Austurbæjar. Innskot dómara) og rekstrarsjóðinn yfir tímabilið 1928—1/9 1946 og lánið til Guðmundar Þorlákssonar, þá er hér um varhugaverða meðferð fjár að ræða — og vítaverða vanrækslu í bókhaldi og reikningsskilum, fyrir utan viðurkennda og sannanlega sjóðþurrð kr. 337.861.82. Við teljum, að það sé ekki á okkar valdi að gera þessum málum frekari skil eftir þeim leiðum, sem við teljum okkur geta farið."

Ákærði sendi nú nýja skýrslu, dags. 24. janúar 1955, til menntamálaráðherra í tilefni af greindum skýrslum forstöðumanna fjármálaeftirlits skólamála og endurskoðunarskrifstofu bæjarins,

dags. 14. september og 25. nóvember 1954. Í skýrslu þessari segir ákærði meðal annars eftirfarandi:

„Um rekstrarsjóð eldra tímabilsins er þetta að segja:

Ég hef alltaf haldið því fram, að sá sjóður hafi í ársbyrjun 1947 verið sem allra næst 50 þús. kr. Gæti skakkað fáum hundruðum til eða frá, en þessi tala er föst í minni mér."

„Bók þessi (þ. e. sjóðbókin. Innskot dómara) glataðist í eldi, eins og skýrt hefur verið frá."

„Í þeim endurskoðunarskýrslum, sem ég fékk þessi ár frá endurskoðunardeild Reykjavíkurbæjar, finn ég „bakfærð" útgjöld samtals að upphæð kr. 48.479.07 og „bakfærðar" tekjur kr. 225.15. Rétt upphæð er því kr. 48.253.92."

„Þessum ca 2000 kr. hef ég vitanlega alltaf verið reiðubúinn að skila af mér ásamt þeim hluta af vöxtum af skuldabréfi G. Þ., sem samsvarar þeim tíma, er sjóðurinn stóð í því bréfi, þegar mér yrði gert viðvart, hvert þessu ætti að skila. Greiddir vextir af bréfi G. Þ. nema alls kr. 33.800.00. Af þeirri upphæð virðist mér láta nærri, að byggingarsjóði beri kr. 29.000.00, en skólasjóði kr. 4.800.00."

„Þá kem ég að talnalegum niðurstöðum þessa byggingarsjóðs. Mismuninn á innborguðu fé samkv. dagbók hef ég gert upp til bráðabirgða við bæjarsjóð Reykjavíkur með skuldabréfi mínu, dags. 20. sept. s.l., að upphæð kr. 337.861.82."

„Eftir því sem ég hef alltaf haldið fram, ber að draga frá ofannefndri upphæð skuldabréf Guðm. Þorlákssonar kennara, nú að eftirstöðvum kr. 90.000.00, því að þetta bréf er eign byggingarsjóðs, en við á að bæta mestum hluta af innborguðum vöxtum af því bréfi, eða samkvæmt því, sem áður er sagt, kr. 29.000.00."

„Þegar þessar leiðréttingar hafa verið gerðar, verður upphæðin kr. 276.861.82. Hér frá á enn að draga það, sem samkomulag verður um að greiða mér fyrir unnin störf og útlagðan kostnað vegna byggingarinnar.

Þar munu kröfur mínar verða eitthvað á þessa leið:

1. Fyrir umsjón, reikningshald og áhættu .... kr. 106.774.26
2. Útlagður kostnaður vegna bifreiðar minnar — 90.000.00

Eftir verða þá af upphæðinni kr. 80.087.56."

„Loks eru svo upphæðir, sem ég tel mig eiga kröfu á, en sem tilheyra rekstri tímabilsins 1/9 1946 til 31/12 1951. Óska ég, að þær verði gerðar upp um leið. Þessar kröfur eru:

1. Húsnæði fyrir skrifstofu skólans ..... kr. 2.700.00
2. Fyrir bókhald reksturs ..... — 32.000.00

Samkvæmt beiðni menntamálaráðherra mætti ákærði í skrifstofu hans kl. 14.30 4. marz 1955. Við það tækifæri lýsti ákærði því yfir að gefnu tilefni, að hann samþykkti, að menn færu heim með honum, og mættu þeir taka allar þær bækur og öll þau skjöl, sem þeir gætu fundið þar og þeir teldu, að gætu verið til að upplýsa reikningshald og fjármál Gagnfræðaskólans frá fyrstu tíð.

Fóru því næst fjórir menn, þeir Hannes Jónsson, starfsmaður í endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins, Lönguhlíð 17, hér í bæ, Sveinn Sæmundsson, yfirlögregluþjónn rannsóknarlögreglunnar, Tjarnargötu 10 B, hér í bæ, Njörður Snæhólm rannsóknarlögreglumaður, Þingholtsbraut 171, Kópavogi, og Jón Ebenesarson Halldórsson rannsóknarlögreglumaður, Skólastræti 5 B, hér í bæ, ásamt ákærða heim til hans að Vitastíg 8. Ákærði og Sveinn Sæmundsson komu örlítið fyrr á staðinn en hinir þrír, en ekkert var aðhafzt, fyrr en allir voru komnir þangað. Þeir fóru inn í skrifstofuherbergi ákærða, og vísaði hann á hirzlur og skúffur og opnaði þær þeirra, sem læstar voru, meðal annars hirzlur í skrifborði, sem var í herberginu. Fjórmenningarnir tóku í hendur sínar ýmis skjöl og plögg, sem þarna voru ýmist í skápum, hillum, skrifborði eða lágu á borði. Meðal annars fundust í vinstri skáp skrifborðsins tvær sjóðbækur, önnur yfir rekstur Gagnfræðaskólans tímabilið frá 1930 til 1. september 1940, en hin tímabilið frá 1940 til 1945, svo og fjögur laus blöð yfir tímabilið frá 1945 til 1. september 1946. Síðan var með samþykki ákærða leitað í geymslum ákærða annars staðar í húsinu, en þar fundust engin skjöl, sem tekin voru. Síðan var farið með samþykki ákærða í hús gagnfræðaskólans og nokkur plögg tekin þar í skrifstofuherbergi skólans. Síðan var farið með þau skjöl og plögg, er tekin voru, í endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins, en ekki þótti tiltækilegt að gera skrá yfir þau.

Aðalsteinn Eiríksson, forstöðumaður fjármálaeftirlits skóla, og Benedikt Árnason, endurskoðandi í endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins, athuguðu síðan greind skjöl og plögg og sömdu síðan skýrslur, byggðar á þeim athugunum, um fjárreiður gagnfræðaskólans, sem ákærði veitti forstöðu, og reikningsskil hans. Var skýrsla hins fyrrnefnda dagsett 20. apríl 1955, en hins síðarnefnda 7. maí sama ár. Skýrslurnar voru síðan sendar menntamálaráðherra. Með bréfi, dags. 10. maí 1955, sendi ráðherrann skýrslurnar til dómsmálaráðherra með beiðni um, að réttarrannsókn yrði látin fara fram í málinu.

Með skipunarbréfi dómsmálaráðherra, dags. 17. maí 1955, var

Þórður Björnsson sakadómarafulltrúi skipaður til þess sem umboðsdómari „að taka til dómsrannsóknar mál út af meðferð fyrrverandi skólastjóra Gagnfræðaskóla Austurbæjar, séra Ingimars Jónssonar, á fjármunum skólans á undanförnum árum og kveða síðan upp dóm í málinu, ef til málssóknar kemur."

Dómsrannsókn málsins hófst síðan 23. maí 1955.

Rétt þykir, áður en vikið verður að einstökum ákæruefnum á hendur ákærða, að rekja hér í lok þessa kafla um sögulegan aðdraganda málsins framburð ákærða út af fundi sjóðbókanna heima hjá honum 4. marz 1955.

Ákærði hefur borið það, að hirzlan vinstra megin í skrifborðinu í skrifstofuherbergi hans, þar sem sjóðbækurnar fundust, hafi venjulega verið læst, og hafi hann haft lykla að henni. Hann hafi lítið gengið um hirzluna seinustu árin, af því að erfitt hafi verið að opna hana vegna stóls, sem stóð fast við þann hluta skrifborðsins, og hafi þurft að færa stólinn til að opna hana. Hann hafi ekki vitað með vissu, hvað var í hirzlu þessari, og ekki munað eftir neinum skjölum eða bókum geymdum þar, en hann hafi þó vitað, að þar var eitthvert dót, sem hann taldi sig ekki þurfa að nota. Þegar svo ákærða hafi borizt í janúar 1955 afrit af bréfum forstöðumanna fjármálaeftirlits skóla og endurskoðunarskrifstofu Reykjavíkurbæjar til menntamálaráðherra, þ. e. bréf dags. 14. september og 25. nóvember 1954, þar sem talað var um hvarf á bókum hans yfir reikningshald rekstrarsjóðs gagnfræðaskólans á tímabilinu frá 1930 til 1946, hafi það orðið til þess, að hann hafi leitað dögum saman, bæði heima hjá sér og í skólahúsinu, að bókum þessum, en hvergi fundið þær. Meðal annars hafi hann leitað í fjórum læstum skápum í skrifstofuherberginu, þar sem hann hafi seinustu árin geymt þau skjöl skólans, sem hann hafi þurft að nota, og enn fremur hafi hann leitað í hirzlunni, sem er hægra megin í fyrrnefndu skrifborði hans, svo og í miðskúffu skrifborðsins, þar sem ýmis persónuleg skjöl hans hafi verið. Hins vegar hafi hann aldrei leitað í hirzlunni vinstra megin í skrifborðinu, þar sem hann hafi talið vera útilokað, að bækurnar væru þar.

III. KAFLI.

A-liður.

Engin gögn hafa fundizt yfir rekstur Ungmennaskólans í Reykjavík á tímabilinu 1928—1930. Á því tímabili greiddi ríkissjóður samtals kr. 38.128.96 og bæjarsjóður samtals kr. 23.922.46 til skólans, sbr. dskj. nr. 5, fskj. 2—3.

Sjóðbækur Gagnfræðaskólans í Reykjavík (Austurbæjar), sem teknar voru heima hjá ákærða 4. marz 1955, hefjast á rekstrarreikningi fyrir skólaárið 1930—1931 og eru í upphafi þess, þ. e. 1. október 1930, taldar vera í sjóði frá rekstri Ungmennaskólans kr. 5.605.13.

Ákærði hefur borið það, að hann hafi ekki haldið aðrar bækur yfir rekstrarsjóð Gagnfræðaskólans í Reykjavík, bæði tekjur hans og gjöld, á tímabilinu frá 1. október 1930 til 1. september 1946, en greindar sjóðbækur, sem teknar voru heima hjá honum 4. marz 1955. Lausu blöðin, sex að tölu, kveðst hann hafa rifið úr sjóðbók þeirri, sem hann hafi haldið yfir rekstrarsjóð skólans á tímabilinu frá 1. september 1946 og fram á árið 1950, til þess að blöðin gætu fylgt með sjóðbókunum tveimur fram til 1. september 1946.

Ákærði kveðst hafa ritað í sjóðbækurnar og á hin lausu blöð með eigin hendi rekstrarreikninga gagnfræðaskólans fyrir hvert skólaár frá 1930 til 1946 og einnig undirritað hvern ársreikning með eigin hendi.

Fylgiskjöl með sjóðbókunum hafa ekki fundizt, en að áliti Aðalsteins Eiríkssonar, forstöðumanns fjármálaeftirlits skóla, eru bækurnar vel og greinilega færðar og yfirleitt tekið fram í texta hverrar færslu, um hvers konar tekjur og gjöld er að ræða.

Við samanburð á gögnum ríkisbókhaldsins og endurskoðunarskrifstofu Reykjavíkurbæjar um greiðslur úr ríkis- og bæjarsjóði til Gagnfræðaskólans í Reykjavík annars vegar og færslum ákærða í sjóðbækur skólans á innkomnu fé til hans úr sjóðum þessum hins vegar kemur fram, að ríki og bær færa greiðslur sínar miðað við almanaksár, en ákærði miðar ársreikninga skólans við skólaárið.

Af þessum ástæðum verður samanburður erfiðari, einkum eftir að greiðslur verðlagsuppbóta koma til. Þetta skiptir þó ekki máli, þegar lokaniðurstaða er fundin.

Samkvæmt skjölum ríkisbókhaldsins hafa greiðslur úr ríkissjóði til Gagnfræðaskólans í Reykjavík verið eins og hér segir, sbr. dskj. nr. 5, fskj. nr. 2:

TAFLA NR. 1.

Ár	Rekstrarstyrkur	Húsaleiga	Samtals
1930	4.200.00		4.200.00
1931	13.240.00	998.40	14.238.40
1932	13.714.00	1.324.80	15.038.80

Ár		Rekstrarstyrkur	Húsaleiga	Samtals
1933		11.296.00	1.717.20	13.013.20
1934		10.742.00	1.669.60	12.411.60
1935		13.674.00	1.870.00	15.544.00
1936		19.084.00	3.458.22	22.542.22
1937		22.600.00	3.946.57	26.546.57
1938		24.012.00	4.174.66	28.186.66
1939		25.312.00	4.060,40	29.372.40
1940		27.552.00	4.698.96	32.250.96
1941	27.776.00			
	7.697.92			
	1.878.38	37.352.30	4.692.80	42.045.10
1942		67.848.33	5.565.50	73.413.83
1943	69.388.00			
	4.646.30			
	11.506.36	85.540.66	7.465.51	93.006.17
1944	111.555.20			
	15.908.08			
	5.663.32	133.126.60	8.459.82	141.586.42
1945	160.230.24			
	21.137.90			
	1.610.12	182.978.26	13.184.24	196.162.50
1946	225.181.76			
	43.360.10			
	67.236.90			
	335.778.76			
	÷ 90.000.00*)	245.778.76	30.687.82	276.466.58
		Kr. 938.050.91	97.974.50	1.036.025.41

*) Kr. 90.000.00 er greiðsla ríkissjóðs upp í rekstur 1946—1947.

Samkvæmt færslum ákærða í sjóðbækur Gagnfræðaskólans í Reykjavík, sem teknar voru heima hjá honum 4. marz 1955, hafa greiðslur úr ríkissjóði til skólans verið eins og hér segir:

TAFLA NR. II.

Ár	Rekstrarstyrkur	Húsaleiga	Samtals
1930—1931	12.040.00	998.40	13.038.40
1931—1932	14.014.00	1.324.80	15.338.80

Ár	Rekstrarstyrkur	Húsaleiga	Samtals
1932—1933	12.796.00	1.717.20	14.513.20
1933—1934	9.842.00	1.669.60	11.511.60
1934—1935	11.574.00	1.870.00	13.444.00
1935—1936	17.584.00	3.458.22	21.042.22
1936—1937	21.700.00	3.946.57	25.646.57
1937—1938	22.512.00	4.176.66	26.686.66
1938—1939	25.312.00	4.060.40	29.372.40
1939—1940	27.552.00	4.698.96	32.250.96
1940—1941	34.873.92	4.692.88	39.566.80
1941—1942	45.632.33	5.565.40	51.197.73
1942—1943	76.420.80	7.465.50	83.886.30
1943—1944	83.382.40	8.459.82	91.842.22
1944—1945	176.935.54	13.184.24	190.119.78
1945—1946	255.401.86	30.687.82	286.089.68
Kr.	847.572.85	97.974.47	945.547.32

Mismunurinn á greiðslum úr ríkissjóði til Gagnfræðaskólans í Reykjavík samkvæmt skjölum ríkisbókhaldsins og samkvæmt færslum ákærða í sjóðbækur skólans nemur því kr. 1.036.025.41 að frádregnum kr. 945.547.32, þ. e. kr. 90.478.09.

Nánar tiltekið sundurliðast þessi fjárhæð þannig

TAFLA NR III.

Ár 1940—41:	Greiðsla ríkissjóðs 20. ágúst 1941, verðlagsuppbót á laun kennara 1940, móttekin 5. sept. 1941, ófærð	kr. 1.878.38	
	Greiðsla ríkissjóðs 29. október 1941, verðlagsuppbót á rekstrarstyrk skólans mánuðina janúar—apríl 1941 skv. lögum nr. 60/1941, móttekin 10. nóvember 1941 ..... 7.697.92		
	færð í sjóðb. m. 7.097.92	— 600.00	kr. 2.478.38
Ár 1941—42:	Greiðsla ríkissjóðs 31.		

	júlí 1942, verðlagsuppbót október—desember 1941 ..... 7.840.00		
	Greiðsla ríkissjóðs 31. júlí 1942, verðlagsuppbót janúar—apríl 1942 11.620.00	— 19.460.00	
	Greiðsla ríkissjóðs 7. janúar 1943, verðlagsuppbót, eftirstöðvar ..	— 2.068.33	
		— 21.528.33	
	færðar í sjóðbók með	— 18.528.33	— 3.000.00
Ár 1942—43:	Greiðsla ríkissjóðs 14. marz 1944, aukauppbót og aukaverðlagsuppbót á kennaralaun og stundakennslukaup árið 1943, ófærð		— 11.506.36
Ár 1943—44:	Greiðsla ríkissjóðs 23. desember 1943, aukauppbót og aukaverðlagsuppbót á laun kennara mánuðina júlí—desember 1942, móttekin 31. desember 1943, ófærð		— 4.646.30
Ár 1944—45:	Greiðsla ríkissjóðs 18. marz 1946, vangoldin uppbót á laun kennara 1944—1945, ófærð		— 1.610.12
Ár 1945—46:	Greiðsla ríkissjóðs 28. nóvember 1946, launahækkanir vegna launalaga 1. janúar—31. ágúst 1946, ávísun móttekin 9. desember 1946, ófærð		— 67.236.90
			— 90.478.06
Mismunur á húsaleigu 1940—1941, ofgreiddir		÷ kr. 0.08	
Mismunur á húsaleigu 1941—1942, vanbókaðir		+ — 0.10	
Mismunur á húsaleigu 1942—1943, vanbókaðir		+ — 0.01	— 0.03
		Samtals kr.	90.478.09

Samkvæmt skjölum endurskoðunardeildar Reykjavíkurbæjar og athugasemdum og skýringum fjármálaeftirlits skólamála hafa greiðslur úr bæjarsjóði til Gagnfræðaskólans í Reykjavík verið á tímabilinu frá 1. október 1930 til 1. september 1946 eins og hér segir, sbr. dskj. nr. 5, fskj. 3:

TAFLA NR. IV.

Ár 1931	samtals kr.		29.505.60
— 1932—1933	—	—	28.048.20
— 1933—1934	—	—	25.357.80
— 1934—1935	—	—	23.675.40
— 1935—1936	—	—	26.691.00
— 1936	—	—	39.003.33
— 1937	—	—	43.509.86
— 1938	—	—	45.669.99
— 1939—1940	—	—	50.598.60
— 1940	—	—	53.416.44
— 1941—1942	—	—	68.187.00
— 1942—1943	—	—	106.839.78
— 1943—1944	—	—	163.234.43
— 1944—1945	—	—	198.332.43
— 1945—1946	—	—	314.984.84
— 1946	—	—	456.413.06
	Samtals kr.		1.673.467.76

Samkvæmt færslum ákærða í sjóðbækur Gagnfræðaskólans í Reykjavík, sem teknar voru heima hjá honum 4. marz 1955, hafa greiðslur úr bæjarsjóði til skólans á nefndu tímabili verið eins og hér segir:

TAFLA NR. V

Ár	Rekstur	Húsaleiga	Samtals
1930—1931	22.764.00	741.60	23.505.60
1931—1932	26.061.00	1.987.20	28.048.20
1932—1933	23.982.00	2.575.80	26.557.80
1933—1934	19.971.00	2.504.40	22.475.40
1934—1935	22.386.00	2.805.00	25.191.00
1935—1936	31.416.00	5.187.33	36.603.33
1936—1937	37.590.00	5.919.86	43.509.86
1937—1938	38.808.00	6.261.99	45.069.99

Ár	Rekstur	Húsaleiga	Samtals
1938—1939	43.008.00	6.090.60	49.098.60
1939—1940	46.368.00	7.048.44	53.416.44
1940—1941	59.647.68	7.039.32	66.687.00
1941—1942	75.991.68	8.348.10	84.339.78
1942—1943	127.807.20	11.198.25	139.005.45
1943—1944	138.285.60	12.689.73	150.975.33
1944—1945	250.208.48	19.776.36	269.984.84
1945—1946	399.525.99	46.031.73	445.557.72
Kr.	1.363.820.63	146.205.71	1.510.026.34

Mismunurinn á greiðslum úr bæjarsjóði til Gagnfræðaskólans í Reykjavík á tímabilinu frá 1. október 1930 til 1. september 1946 samkvæmt skjölum endurskoðunardeildar Reykjavíkurbæjar og athugasemdum og skýringum fjármálaeftirlits skólamála við þær annars vegar og samkvæmt færslum ákærða í sjóðbækur skólans hins vegar nemur því kr. 1.673.467.76 að frádregnum kr. 1.510.026.34, þ. e. kr. 163.441.42.

Nánar tiltekið sundurliðast þessi fjárhæð þannig:

TAFLA NR. VI.

Ár 1941—42:	Greiðsla bæjarsjóðs 27. október 1942, verðlagsuppbót á styrk	36.295.68		
	færð í sjóðbók	30.295.68	kr.	6.000.00
Ár 1942—43:	Greiðsla bæjarsjóðs 6. október 1943, aukauppbót og aukaverðlagsuppbót júlí-desember 1942, ófærð	6.969.44		
	Greiðsla bæjarsjóðs 6. marz 1944, aukauppbót og aukaverðlagsuppbót 1943, ófærð	17.259.53	—	24.228.97
Ár 1943—44:	Greiðsla bæjarsjóðs 19. marz 1945, aukauppbót og verðlagsuppbót 1944, ófærð		—	32.357.10
Ár 1945—46:	Greiðsla bæjarsjóðs 21. nóvember 1946, launahækkanir 1. janúar til			

31. ágúst 1946 vegna launalaga, ófærð	kr.	100.855.34
	—	163.441.41
Ár 1942—43: Vanbókuð húsaleiga	—	0.01
Samtals kr.		163.441.42

Af framangreindu yfirliti kemur fram, að fyrri hluta tímabilsins ber greiðslum úr ríkis- og bæjarsjóði samkvæmt gögnum ríkisbókhalds og endurskoðunardeildar bæjarins til Gagnfræðaskólans í Reykjavík annars vegar og færslum ákærða á innkomnu fé úr sjóðum þessum til skólans hins vegar saman. Þetta breytist, þegar farið er að greiða verðlagsuppbætur eftir á á árunum 1941—1946. Þá eru ekki færðar einstakar greiðslur eða hluti af greiðslum úr ríkissjóði og bæjarsjóði, sem ákærði hefur veitt viðtöku, eða nánar tiltekið á hverju skólaári, eins og hér segir:

TAFLA NR. VII.

Árið 1940—1941	kr.	2.478.38
— 1941—1942	—	9.000.00
— 1942—1943	—	35.735.34
— 1943—1944	—	37.003.40
— 1944—1945	—	1.610.12
— 1945—1946	—	168.092.24
	Kr.	253.919.48
Skekkja	—	0.04
Samtals kr.		253.919.52

Ákærði hefur borið það, að hann hafi sótt sjálfur framlög ríkis og bæjar til gagnfræðaskólans. Sótti hann framlögin oftast mánaðarlega til ríkisféhirðis (stundum þó til fræðslumálastjóra) og bæjargjaldkera og kvittaði fyrir móttöku þeirra með eigin nafni sínu. Telur ákærði vafalaust, að hann hafi athugað hverju sinni, að hann tæki við þeim peningum, sem hann kvittaði fyrir.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa kvittað fyrir móttöku þeirra fjárhæða úr ríkissjóði, sem taldar eru á töflu nr. III, þ. e. 5. september 1941 kr. 1.878.38, 10. nóvember 1941 kr. 7.697.92, 31.

júlí 1942 kr. 7.840.00, 31. júlí 1942 kr. 11.620,00, 7. janúar 1943 kr. 2.068.33, 31. desember 1943 kr. 4.646.30, 14. marz 1944 kr. 11.506,36, 18. marz 1946 kr. 1.610.12 og 9. desember 1946 kr. 67.236.90, eða samtals kr. 90.478.06.

Ákærði hefur einnig viðurkennt að hafa kvittað fyrir móttöku þeirra fjárhæða úr bæjarsjóði, sem taldar eru á töflu nr. VI, þ. e. 27. október 1942 kr. 36.295.68, 6. október 1943 kr. 6.969.44, 6. marz 1944 kr. 17.259.53, 19 marz 1945 kr. 32.357.10 og 21. nóvember 1946 kr. 100.855.34, eða samtals kr. 163.441.41.

Hefur ákærði staðfest ljósmyndir þeirra skjala, þar sem hann hefur kvittað með nafni sínu fyrir móttöku framangreindra fjárhæða og lögð hafa verið fram í málinu.

Ákærði efast ekki um, að hann hafi tekið við þeim fjárhæðum hverju sinni, sem hann hefur þannig kvittað fyrir að hafa tekið á móti.

Hann hefur enga skýringu getað gefið á því, hvers vegna greiðslur þessar eru ýmist ófærðar eða vanbókaðar í sjóðbækur gagnfræðaskólans, eins og rakið er lið fyrir lið í töflum nr. III og nr. VI. Í sakadómi 24. maí 1955 orðaði ákærði það þó, að hinar vanbókuðu fjárhæðir kynnu að hafa verið færðar þannig í sjóðbók vegna mislesturs eða misgánings, en kvaðst ekki geta sagt um, hvað orðið hefði af hinum ófærðu eða vanbókuðu peningum og minnist þess ekki að hafa notað þá til eigin þarfa eða ráðstafað þeim sem eigin fé. Sbr. hins vegar síðar í VI. kafla.

Ákærði hefur ekki efazt um, að það sé rétt, að hann hafi offært húsaleigu úr ríkissjóði um kr. 0.08 og vanbókað húsaleigu úr ríkissjóði samtals um kr. 0.11, svo og vanbókað húsaleigu úr bæjarsjóði um kr. 0.01, eins og nánar er rakið í töflum nr. III og nr. VI hér að framan. Hefur ákærði tekið fram í þessu sambandi, að við skiptingu húsaleigunnar milli ríkis og bæjar hafi getað munað nokkrum aurum í færslum.

B-liður.

Þess var fyrr getið, að sjóðbækur Gagnfræðaskólans í Reykjavík, sem teknar voru heima hjá ákærða 4. marz 1955, hófust á rekstrarreikningi fyrir skólaárið 1930—1931 og voru þá í byrjun ársins, þ. e. 1. október 1930, taldar vera í sjóði frá rekstri Ungmennaskólans kr. 5.605.13. Rekstrarafgangur hvers skólaárs og rekstrarsjóður í lok hvers skólaárs til loka skólaárs 1945—1946 er samkvæmt sjóðbókunum eins og hér segir:

TAFLA NR. VIII.

Skólaár	Rekstrarafgangur	Rekstrarsjóður í lok skólaárs
1930—1931	kr. 3.630.39	kr. 9.235.52
1931—1932	— 10.453.10	— 19.688.62
1932—1933	— 6.163.07	— 25.851.69
1933—1934	— 2.459.67	— 28.311.36
1934—1935	— 7.819.82	— 36.131.18
1935—1936	— 8.878.07	— 45.009.25
1936—1937	— 15.377.98	— 60.387.23
1937—1938	— 18.381.88	— 78.769.11
1938—1939	— 17.802.28	— 96.571.39
1939—1940	— 20.776.09	— 117.347.48
1940—1941	— 31.737.53	— 149.085.01
1941—1942	— 32.226.05	— 181.311.06
1942—1943	— 45.718.36	— 227.029.42
1943—1944	— 31.844.09	— 258.873.51
1944—1945	— 37.787.40	— 296.660.91
1945—1946	— 32.814.05	— 329.474.96
	Samtals kr. 329.474.96	

Ákærði hafði á hendi reikningshald Gagnfræðaskóla Austurbæjar frá 1. september 1946 til ársloka 1951, en skilaði því í hendur endurskoðunardeildar Reykjavíkurbæjar árið 1953. Endurskoðunardeildin endurskoðaði reikninga og fylgiskjöl og forstöðumaður fjármálaeftirlits skóla athugaði og fór yfir þau síðan. Forstöðumaðurinn taldi, að fjórir kostnaðarliðir, samtals að fjárhæð kr. 48.704.22, og einn tekjuliður, að fjárhæð kr. 225.15, í reikningunum væru ríkissjóði óviðkomandi, og voru þeir því færðir á reikning rekstrarsjóðs gagnfræðaskólans frá tímabilinu 1928—1. september 1946. Ákærði hefur borið í dómi, að þetta hafi verið gert án samþykkis hans, en eigi að síður þykir verða samkvæmt framansögðu að lækka eign rekstrarsjóðs í lok tímabilsins um kr. 48.704.22 að frádregnum kr. 225.15, eða um kr. 48.479.07.

Í desember skólaárs 1945—1946 er færður í sjóðbók til útgjalda á rekstrarreikningi þess árs halli bifreiðarinnar R 2296, kr. 54.051.20. Af ástæðum, sem raktar eru í VII. kafla, verður ekki talið rétt að færa þessa fjárhæð til útgjalda skólans.

Rekstrarsjóður gagnfræðaskólans á tímabilinu frá skólaári 1939

—1940 til skólaárs 1945—1946 hefur því verið samkvæmt sjóðbókum og leiðréttingum, sem að framan hafa verið raktar, eins og hér segir:

TAFLA NR. IX.

Skólaár:	Rekstrar-sjóður skv. sjóðbókum:	Vanbókað frá bæjarsjóði:	Innborganir frá ríkissjóði:	Rekstrar-sjóður leiðréttur:
1939—1940	117.347.48			117.347.48
1940—1941	149.085.01		2.478.38	151.563.39
1941—1942	181.311.06	6.000.00	3.000.00	
		6.000.00	5.478.38	192.789.44
		24.228.98	11.506.36	
1942—1943	227.029.42	30.228.98	16.984.74	274.243.14
		32.357.10	4.646.30	
1943—1944	258.873.51	62.586.08	21.630.04	343.090.63
			1.610.12	
1944—1945	296.660.91	62.586.08	23.241.16	382.488.15
		100.855.34	67.236.90	
1945—1946	329.474.96	163.441.42	90.478.06	583.394.44
Vanbókuð húsaleiga		0.01	0.03	0.04
Oftalin gjöld		54.051.20		
Til frádráttar kostnaður		48.479.07		5.572.13
				Kr. 588.966.61

Leiðréttur rekstrarsjóður pr. 1. september 1946 nam því samtals kr. 588.966.61.

Er hér byggt á yfirliti endurskoðunardeildar fjármálaráðuneytisins að því undanteknu, að þar hefur misritazt vanbókuð húsaleiga kr. 0.03 fyrir kr. 0.04, og leiðréttur rekstrarsjóður því talinn vera pr. 1. september 1946 kr. 588.966.60.

C-liður.

Ákærði hefur í rannsókn málsins haldið því fram, að eftirtalin

útgjöld muni ekki hafa verið færð rekstrarsjóði gagnfræðaskólans til gjalda í bókhaldi skólans:

TAFLA NR. X.

1.	Kvittun trésmiðju Magnúsar Jónssonar, Vatnsstíg 10 A, dags. 30. maí 1947	kr.	6.000.00
2.	Keypt handavinnuefni skólaárin 1949—1950 og 1950—1951	—	10.856.46
3.	Kvittun Útvegsbanka Íslands h.f., dags. 8. september 1952, fyrir leigu af geymsluhólfi árið 1952	—	60.00
	Samtals	kr.	16.916.46

Kvittanir þessar og reikningsyfirlit yfir kostnað við keypt handavinnuefni voru meðal þeirra skjala og bóka, sem teknar voru heima hjá ákærða 4. marz 1955.

Bæði fjármálaeftirlit skóla og endurskoðun fjármálaráðuneytisins hafa fært þessar fjárhæðir rekstrarsjóði gagnfræðaskólans til gjalda í skýrslum sínum, og er það einnig gert í ákæruskjali ákæruvaldsins.

D-liður.

Verður nú vikið að eignum rekstrarsjóðs gagnfræðaskólans síðan á skólaárinu 1939—1940. Fyrir þann tíma var að vísu til nokkur sjóðseign, en ekki er ástæða til að rekja það.

Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins hefur tekið saman yfirlit um eignir rekstrarsjóðs í sparisjóðsbókum, innlánsskírteinum og verðbréfum 1. janúar ár hvert frá 1941—1948. Yfirlitið nokkuð samandregið er þannig:

TAFLA NR. XI.

1. janúar 1941:			
Sparisjóðsávísanabækur nr. 2541 við Landsbanka Íslands, nr. 200 við Útvegsbanka Íslands h.f. og nr. 1655 við Búnaðarbanka Íslands, samtals ..		kr.	73.382.07
Innlánsskírteini nr. 100 við Búnaðarbanka Íslands og nr. 2633 við Útvegsbanka Íslands h.f., samtals		—	20.000.00
	Kr.		93.382.07

1. janúar 1942:

Greindar sparisjóðsávísanabækur nr. 2541, nr. 200 og nr. 1655, samtals	kr.	68.451.31
Greind innlánsskírteini nr. 100 og nr. 2633	—	20.355.44
Sparisjóðsbók nr. 22693 við Útvegsbanka Íslands h.f., skráður eigandi: Lárus Ingimarsson	—	5.014.64
Sparisjóðsávísanabók nr. 20679 við Landsbanka Íslands, skráður eigandi: Jón Ingimarsson	—	3.86
Ríkisskuldabréf 1941, A nr. 1—4	—	20.000.00
	Kr.	113.825.25

1. janúar 1943:

Greindar sparisjóðsávísanabækur nr. 2541, nr. 200 og nr. 1655, samtals	kr.	30.312.96
Greind innlánsskírteini nr. 180 og nr. 2633	—	20.721.03
— sparisjóðsbók nr. 22693	—	10.125.72
— — — 20679	—	10.164.46
— ríkisskuldabréf 1941	—	20.000.00
Síldarverksmiðjubréf 1941, C nr. 36	—	2.000.00
	Kr.	99.324.17

1. janúar 1944:

Greindar sparisjóðsávísanabækur nr. 2541, nr. 200 og nr. 1655, samtals	kr.	7.425.13
Greind innlánsskírteini nr. 180 og nr. 2633	—	21.099.53
— sparisjóðsbók nr. 22693	—	10.224.39
— — — 20679	—	5.210.29
Sparisjóðsbók nr. 40927 við Landsbanka Íslands, skráður eigandi Sesselja Guðmundsdóttir	—	5.169.44
Greind ríkisskuldabréf 1941	—	20.000.00
Greint síldarverksmiðjubréf 1941	—	2.000.00
Veðdeildarbréf, 13. fl.	—	5.000.00
	Kr.	76.128.78

1. janúar 1945:

Greindar sparisjóðsávísanabækur nr. 2541, nr. 200 og nr. 1655, samtals	kr.	24.446.89
Greind innlánsskírteini nr. 180 og nr. 2633	—	21.666.38

Greind sparisjóðsbók nr. 22693	kr.	20.776.33
— — — 20679	—	15.284.11
— — — 40927	—	20.334.81
— ríkisskuldabréf 1941	—	20.000.00
Greint síldarverksmiðjubréf 1941	—	2.000.00
Greind veðdeildarbréf, 13. fl.	—	5.000.00
	Kr.	129.508.52

1. janúar 1946:

Greindar sparisjóðsávísanabækur nr. 2541, nr. 200 og nr. 1655, samtals	kr.	102.280.60
Greind innlánsskírteini nr. 100 og nr. 2633	—	21.897.08
— sparisjóðsbók nr. 22693	—	21.193.93
— — — 20679	—	25.467.10
— — — 40927	—	25.480.05
— ríkisskuldabréf 1941	—	20.000.00
Greint síldarverksmiðjubréf 1941	—	2.000.00
Greind veðdeildarbréf, 13. fl.	—	5.000.00
	Kr.	223.318.76

1. janúar 1947:

Greindar sparisjóðsávísanabækur nr. 2541, nr. 200 og nr. 1655, samtals	kr.	98.424.32
Greind innlánsskírteini nr. 180 og nr. 2633	—	22.317.10
— sparisjóðsbók nr. 22693	—	5.436.50
— — — 20679	—	4.605.81
— — — 40927	—	1.891.91
— ríkisskuldabréf 1941	—	20.000.00
Greint síldarverksmiðjubréf 1941	—	2.000.00
Greind veðdeildarbréf, 13. fl.	—	5.000.00
Bréf byggingarsjóðs verkamanna 1946, samtals	—	30.000.00
	Kr.	189.675.64

1. janúar 1948:

Greindar sparisjóðsávísanabækur nr. 2541, nr. 200 og nr. 1655, samtals	kr.	40.229.84
Greind innlánsskírteini nr. 180 og nr. 2633	—	22.751.95
— sparisjóðsbók nr. 20679	—	39.91

Greind ríkisskuldabréf 1941	kr.	20.000.00
Greint síldarverksmiðjubréf 1941	—	2.000.00
Greind veðdeildarbréf, 13. fl.	—	5.000.00
Greind bréf byggingarsjóðs verkamanna 1946, samtals	—	30.000.00
	Kr.	120.021.70

Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins hefur reiknað út mismuninn á rekstrarsjóðseign í sparisjóðsbókum, innlánsskírteinum og verðbréfum samkvæmt framansögðu og á bókuðum rekstrarsjóði í sjóðbækur og á leiðréttum rekstrarsjóði í lok reikningsárs. Yfirlitið er þannig:

TAFLA NR. XII.

Skólaár:	Mismunur á bókuðum rekstrarsjóði og innstæðum:	Mismunur á leiðréttum rekstrarsjóði og innstæðum:
1939—1940	23.965.41	23.965.41
1940—1941	35.259.76	37.738.06
1941—1942	81.986.89	93.465.27
1942—1943	150.900.64	198.114.36
1943—1944	129.364.99	213.582.11
1944—1945	73.342.15	159.169.39
1945—1946	139.799.32	399.290.96

Ákærði hefur ekki vefengt töflu nr. XII, og kveðst hann ekki vita um aðrar eignir rekstrarsjóðs á þeim tíma, sem hún nær yfir, en þar eru taldar. Hann kveður, að sparisjóðsbækur sjóðsins hafi verið margar, einkum af þeirri ástæðu, að um nokkurt skeið voru vextir eigi greiddir af hærri fjárhæð í einni bók en kr. 25.000.00. Þar sé að finna skýringu þess, að hann lét nokkrar bækur sjóðsins vera á nöfnum sona sinna, Lárusar og Jóns, og móður sinnar, Sesselju Guðmundsdóttur. Hann hafi svo fækkað bókunum, þegar farið var að greiða aftur vexti af allri fjárhæð sparisjóðsbóka. Hann hefur þó ekki gefið skýringu á því, hvers vegna innstæður þeirra bóka, sem hann hafði áfram, hækkuðu þá ekki jafnframt.

Þá hefur ákærði tekið fram út af töflu nr. XII, að það geri samanburð þann, sem þar er gerður, erfiðari en ella, að í sjóðbókum er miðað við skólaár, en í töflunni við almanaksár.

Hann kveður, að rekstrarútgjöld skólans hafi jafnan verið hærri fyrstu mánuði skólaársins en framlög ríkis og bæjar, en þau hafi verið gerð upp endanlega og greidd í lok skólaársins. Þetta breyti þó aðeins færslum milli ára, en ekki lokaniðurstöðu.

Enn fremur kveðst ákærði hafa að jafnaði haft eitthvert reiðufé úr sjóðnum heima hjá sér og jafnvel í gagnfræðaskólanum til að greiða með áfallin útgjöld sjóðsins, en þau hafi hann bæði greitt í reiðufé, eins og t. d. laun kennara og starfsfólks, og í tékkum, ef um sérlega háar fjárhæðir var að ræða.

Aðrar skýringar hefur ákærði ekki gefið á mismuninum á innstæðum rekstrarsjóðs og bókuðum rekstrarsjóði og leiðréttum rekstrarsjóði, sem nánar er rakinn í töflu nr. XII.

Meðal þeirra skjala, sem tekin voru heima hjá ákærða 4. marz 1955, var handritað yfirlit yfir eignir rekstrarsjóðs „skv. eldri lögum", eða árin 1946 og 1947. Kveðst ákærði hafa ritað skjalið, sennilega í þeim tilgangi að greina á milli eigna rekstrarsjóðs skólans og eigna byggingarsjóðs hins nýja gagnfræðaskólahúss.

Í yfirlitinu er eign rekstrarsjóðs í árslok 1946 talin vera samkvæmt reikningi fyrir skólaárið 1945—1946 kr. 329.474.96. Fjárhæðin er svo sundurliðuð, og eignir í innlánsskírteinum, ríkisskuldabréfum, síldarverksmiðjubréfi, veðdeildarbréfum 13. flokks og skuldabréfum byggingarsjóðs verkamanna taldar vera hinar sömu og endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins telur sjóðseign 1. janúar 1947, sbr. töflu nr. XI, þ. e. kr. 79.317.10, en öll hin sjóðseignin, kr. 250.157.86, er í yfirlitinu talin í sparisjóðsbókum. Ákærði kveðst ekki muna til þess, að hann liti í sparisjóðsbækur sjóðsins, áður en hann ritaði þessa tölu, og telur líklegt, að hann hafi reiknað hana út með því að draga samanlagða fjárhæð innlánsskírteina og skuldabréfa frá heildarsjóðseign samkvæmt sjóðbók.

Í yfirlitinu er eign rekstrarsjóðs í árslok 1947 talin vera, eins og hér segir:

TAFLA NR. XIII.

4½%	ríkisskulda- og síldarverksmiðjubréf	kr.	22.000.00
4%	veðdeildar- og byggingarsjóðsbréf	—	25.000.00
3½%	byggingarsjóðsbréf	—	10.000.00
4%	veðskuldabréf Guðmundar Þorlákssonar	—	150.000.00
5%	veðskuldabréf Jóns Benediktssonar	—	14.638.50
4%	veðdeildarbréf 14. og 15. fl.	—	100.000.00
	sama	—	400.00

4½% ríkisskuldabréf	kr.	200.00
5% skuldabréf Byggingarsamvinnufélags barnakennara	—	10.000.00
Í sjóði hjá gjaldkera	—	1.236.46
Samtals	kr.	333.474.96

Veðskuldabréf Guðmundar Þorlákssonar og Jóns Benediktssonar hafa bæði verið lögð fram í málinu. Fyrra bréfið er útgefið 2. maí 1947 og verður nánar rætt um það í X. kafla. Seinna bréfið er útgefið 14. maí 1946 af Jóni Benediktssyni, Urðarstíg 16, hér í bæ, og Helga Benediktssyni, Blönduósi, til handhafa, upphaflega að fjárhæð kr. 16.265.00 til greiðslu með jöfnum afborgunum á næstu 10 árum, og er 2. veðréttur í húseigninni nr. 27 við Fálkagötu, hér í bæ, til tryggingar bréfinu. Keypti ákærði bréf þetta af Skúla Þórðarsyni, þáverandi kennara gagnfræðaskólans, árið 1947.

Veðdeildarbréf 14. og 15. fl., samtals á kr. 100.400.00, voru samkvæmt tilkynningu ákærða til eignakönnunar um áramótin 1947—1948 þessi:

TAFLA NR XIV.

Tvö	4%	bréf	14.	fl.	Ltr.	AA	nr.	470—471,	samt.	kr.	10.000.00
Tíu	4%	—	14.	—	—	AA	—	482—491,	—	—	50.000.00
Tvö	4%	—	15.	—	—	AA	—	98—99,	—	—	10.000.00
Fimm	4%	—	15.	—	—	AA	—	322—326,	—	—	25.000.00
Þrjú	4%	—	15.	—	—	A	—	115—117,	—	—	3.000.00
Tvö	4%	—	15.	—	—	A	—	415—416,	—	—	2.000.00
Fjögur	4%	—	15.	—	—	C	—	118—121,	—	—	400.00

Samkvæmt greindri tilkynningu til eignakönnunar var 4½% ríkisskuldabréf á kr. 200.00 eitt bréf, Ltr. D nr. 42, á kr. 100.00, og því kveður ákærði, að í yfirlitinu hafi misritazt kr. 200.00 fyrir kr. 100.00.

Samkvæmt tilkynningu til eignakönnunar voru 5% skuldabréf Byggingarsamvinnufélags barnakennara tvö bréf frá 1947, 3. fl. nr. 14—15.

Ákærði kveðst ekki muna sérstaklega eftir þeim kr. 1.236.46, sem í yfirlitinu eru taldar vera í sjóði hjá gjaldkera í árslok 1947. Heldur hann, að hann hafi lagt saman aðrar eignir sjóðsins og þá hafi vantað nefnda upphæð til jöfnunar og því hafi hann fært

hana sem verandi í sjóði hjá gjaldkera, þ. e. hjá ákærða, hvort sem fjárhæðin var fyrir hendi eða ekki.

Þá hefur ákærði enn fremur tilkynnt til eignakönnunar um áramótin 1947—1948 vaxtabréf stofnlánadeildar sjávarútvegsins 1. og 8. nóvember 1946, Ltr. A og B, samtals 5 bréf, þrjú að fjárhæð kr. 5.000.00 hvert og tvö að fjárhæð kr. 1.000.00 hvort, eða samtals að fjárhæð kr. 17.000.00. Ákærði kveðst ekkert muna eftir þessum vaxtabréfum og séu þau gersamlega honum úr minni. Hefur hann tekið fram í þessu sambandi, að hann hafi tilkynnt til eignakönnunar öll tilkynningarskyld verðmæti gagnfræðaskólans án þess að tilgreina, hvort þau tilheyrðu rekstrarsjóði, byggingarsjóði eða öðrum sjóðum skólans.

Í töflu nr. XIII er ekki getið eigna í sparisjóðsbókum í árslok 1947, en ákærði hefur þó tilkynnt til eignakönnunar um áramótin innstæður áðurgreindra sparisjóðsávísanabóka nr. 2541 við Landsbanka Íslands, nr. 200 við Útvegsbanka Íslands h.f. og nr. 1655 við Búnaðarbanka Íslands h.f., svo og innlánsskírteini nr. 2633 við Útvegsbanka Íslands h.f. og nr. 180 við Búnaðarbanka Íslands, samtals kr. 62.981.79, sem er í samræmi við töflu nr. XI. Innstæða sparisjóðsbókar nr. 20679 á nafni Sesselju Guðmundsdóttur, kr. 39.91, var eigi tilkynnt til eignakönnunar og hefur ákærði gefið þá skýringu á því, að innstæðan hafi þá verið orðin nær engin.

Samkvæmt upplýsingum viðkomandi banka voru innstæður eftirtaldra sparisjóðsbóka og innlánsskírteina tæmdar og bækur og skírteini eyðilögð:

Bók nr. 22693 við Útvegsbanka Íslands h.f. 16. október 1947.
Bók nr. 20679 við Landsbanka Íslands 24. janúar 1948.
Bók nr. 40927 við Landsbanka Íslands 23. október 1948.
Bók nr. 1655 við Búnaðarbanka Íslands 12. marz 1954.
Innlánsskírteini nr. 180 við Búnaðarbanka Íslands 13. jan. 1949.
Innlánsskírteini nr. 2633 við Útvegsbanka Íslands h.f. 14. jan. 1949.

Samkvæmt skýrslu endurskoðunardeildar fjármálaráðuneytisins hafa eftirtalin bréf verið dregin út af fyrrgreindum verðbréfum rekstrarsjóðs:

TAFLA NR. XV.

4½% Ríkisskuldabréf 1941 Ltr. A nr. 1 kr. 5.000.00, útdregið 2. jan. 1950.
4½% Ríkisskuldabréf 1941 Ltr. A nr. 2 kr. 5.000.00, útdregið 2. jan. 1953.

4½% Ríkisskuldabréf 1941 Ltr. A nr. 3 kr. 5.000.00, útdregið 2. jan. 1955.

4½% Síldarverksmiðjubréf 1945 Ltr. B nr. 36 kr. 2.000.00, útdregið 2. jan. 1952.

4% Veðdeildarbréf 13. fl. Ltr. A nr. 1755 kr. 1.000.00, innl. 15. okt. 1954.

3½% Bréf Byggingarsjóðs verkamanna 1946 Ltr. A nr. 3 kr. 2.500.00, útdregið 2. jan. 1950.

4% Veðdeildarbréf 14. fl. Ltr. AA nr. 471 kr. 5.000.00, útdregið 2. jan. 1952.

4% Veðdeildarbréf 14. fl. Ltr. AA nr. 489 kr. 5.000.00, útdregið 2. jan. 1955.

4% Veðdeildarbréf 15. fl. Ltr. AA nr. 98 kr. 5.000.00, útdregið 2. jan. 1951.

4% Veðdeildarbréf 15. fl. Ltr. AA nr. 324 kr. 5.000.00, útdregið 2. jan. 1948.

4% Veðdeildarbréf 15. fl. Ltr. A nr. 117 kr. 1.000.00, útdregið 2. jan. 1953.

4% Veðdeildarbréf 15. fl. Ltr. A nr. 415 kr. 1.000.00, útdregið 2. jan. 1948.

4% Veðdeildarbréf 15. fl. Ltr. C nr. 119 kr. 100.00, útdregið 2. jan. 1950.

4½% Ríkisskuldabréf Ltr. D nr. 42 kr. 100.00, útdregið 2. jan. 1949.

5% Bréf Byggingarsamvinnufélags barnakennara 1947, 3. fl. Ltr. 15 kr. 5.000.00, útdregið 1. okt. 1951.

3% Vaxtabréf stofnlánadeildar sjávarútvegsins 1946, Ltr. A nr. 608 kr. 5.000.00, útdregið 1. nóv. 1951.

3% Vaxtabréf stofnlánadeildar sjávarútvegsins 1946, Ltr. A nr. 652 kr. 5.000.00, útdregið 1. nóv. 1951.

3% Vaxtabréf stofnlánadeildar sjávarútvegsins 1946, Ltr. A nr. 653 kr. 5.000.00, útdregið 1. nóv. 1951.

3% Vaxtabréf stofnlánadeildar sjávarútvegsins 1946, Ltr. B nr. 1899 kr. 1.000.00, útdregið 8. nóv. 1951.

3% Vaxtabréf stofnlánadeildar sjávarútvegsins 1946, Ltr. B nr. 1900 kr. 1.000.00, útdregið 8. nóv. 1951.

Samkvæmt þessu nemur samanlögð fjárhæð útdreginna verðbréfa rekstrarsjóðs kr. 64.700.00. Hefur ákærði viðurkennt að hafa tekið við þessu andvirði, og kveðst hann hafa blandað því saman við aðrar fjárreiður gagnfræðaskólans.

Eftirtalin verðbréf rekstrarsjóðs hafa ekki verið dregin út:

TAFLA NR. XVI.

4%	veðdeildarbréf	13. fl.	Ltr. A	nr.	1754	kr. 1.000.00
4%	——	14. —	— AA —		488	— 5.000.00
4%	——	14. —	— AA —		490	— 5.000.00
4%	——	14. —	— AA —		491	— 5.000.00

Ákærði hefur ekki staðið skil á verðbréfum þessum, og kveðst hann ekkert geta sagt um, hvar þau eru niður komin. Er heldur ekkert vitað, hvað um þau hefur orðið.

Verður nú gerð grein fyrir þeim eignum rekstrarsjóðs, sem komið hafa fram.

Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins hefur greint á milli eigna, sem vitað var um, að til voru í rekstrarsjóði, áður en dómsrannsókn hófst í málinu annars vegar og eigna, sem afhentar hafa verið til dómara í rekstri málsins hins vegar.

Við athugun endurskoðunardeildar á bókum og skjölum þeim, sem tekin voru heima hjá ákærða 4. marz 1955, kom fram, að til voru eftirtaldar eignir upp í rekstrarsjóðinn:

TAFLA NR. XVII.

1.	Skuldabréf, útgefið af Guðmundi Þorlákssyni 2. maí 1947 (sbr. síðar í X. kafla), að eftirstöðvum (vextir greiddir til 2. maí 1954)	kr.	90.000.00
2.	Innstæða í sparisjóðsávísanabók nr. 200 við Útvegsbanka Íslands h.f., incl. vextir til 31. desember 1954	—	2.048.84
3.	Innstæða í sparisjóðsávísanabók nr. 2541 við Landsbanka Íslands, incl. vextir til 31. desember 1954	—	679.00
4.	Innstæða í sparisjóðsbók nr. 8205 við Útvegsbanka Íslands h.f., incl. vextir til 31. desember 1954	—	153.00
5.	Peningar, sem voru í umslögum, er fylgdu sparisjóðsbókum og öðrum skjölum, er tekin voru heima hjá ákærða 4. marz 1955, kr. 3.500.00 + kr. 1.500.00. Lagðir af endurskoðun í sparisjóðsbók nr. 25552 við Útvegsbanka Íslands h.f. 7. marz 1955	—	5.000.00
		Kr.	97.880.84

Ákærði hefur í rannsókn málsins afhent til dómara upp í rekstrarsjóðinn eftirtaldar eignir:

TAFLA NR. XVIII.

Hinn 9. júní 1955:

4%	veðdeildarbréf	13.	fl.	Ltr.	A	nr.	1751	kr. 1.000.00
4%	——	13.	—	—	A	—	1752	— 1.000.00
4%	——	13.	—	—	A	—	1753	— 1.000.00
4%	——	13.	—	—	B	—	119	— 500.00
4%	——	14.	—	—	AA	—	470	— 5.000.00
4%	——	14.	—	—	AA	—	482	— 5.000.00
4%	——	14.	—	—	AA	—	483	— 5.000.00
4%	——	14.	—	—	AA	—	484	— 5.000.00
4%	——	14.	—	—	AA	—	485	— 5.000.00
4%	——	14.	—	—	AA	—	486	— 5.000.00
4%	——	14.	—	—	AA	—	487	— 5.000.00
4%	——	15.	—	—	AA	—	99	— 5.000.00
4%	——	15.	—	—	AA	—	322	— 5.000.00
4%	——	15.	—	—	AA	—	323	— 5.000.00
4%	——	15.	—	—	AA	—	325	— 5.000.00
4%	——	15.	—	—	AA	—	326	— 5.000.00
4%	——	15.	—	—	A	—	115	— 1.000.00
4%	——	15.	—	—	A	—	116	— 1.000.00
4%	——	15.	—	—	A	—	416	— 1.000.00
4%	——	15.	—	—	C	—	118	— 100.00
4%	——	15.	—	—	C	—	120	— 100.00
4%	——	15.	—	—	C	—	121	— 100.00
4%	bréf Byggingarsjóðs verkam.		1946	Ltr.		nr.	3	— 5.000.00
4%	— ——	——	1946	—	—		4	— 5.000.00
4%	— ——	——	1946	—	—		5	— 5.000.00
4%	— ——	——	1946	—	—		6	— 5.000.00
3½%	- ——	——	1946	—	—		4	— 2.500.00
3½%	- ——	——	1946	—	—		5	— 2.500.00
3½%	- ——	——	1946	—	—		6	— 2.500.00
5%	bréf Byggingarsamvinnufélags barnakennara		1947	—	—		14	— 5.000.00

Hinn 13. júní 1955:

Áðurgreint handhafaskuldabréf útgefið af Jóni Benediktssyni og Helga Benediktssyni 14. maí 1946, að eftirstöðvum pr. 14. maí 1954 .... — 3.253.00

Hinn 16. júní 1955:

afhenti ákærði Sveinbirni Sigurjónssyni, settum skólastjóra Gagnfræðaskóla Austurbæjar, 1634 skólamerki úr silfri á kr. 15.00 stykkið,

eign skólasjóðs, samtals ..... kr. 24.510.00
Þá afhenti Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hinn 20. ágúst 1955 til dómara 4½% ríkisskuldabréf 1941 Ltr. A nr. 4 ..... — 5.000.00

Samtals kr. 132.063.00

Öllum þeim verðbréfum, sem talin eru í töflu nr. XVIII, fylgja áfastir vaxtamiðar frá áramótum 1954—1955, nema með bréfi Byggingarsamvinnufélags barnakennara 1947, en því fylgja vaxtamiðar frá 1. október 1954.

Ákærði hefur borið það, að verðbréf þau, sem hann afhenti til dómara 9. júní 1955, hafi ekki verið heima hjá honum eða í gagnfræðaskólahúsinu, þegar þangað var farið 4. marz sama ár. Hefur hann færzt undan að svara því, hvar bréfin voru geymd, en hann kveður, að þau hafi aldrei verið týnd.

Ákærði kveður, að handhafaskuldabréf, útgefið af Jóni Benediktssyni og Helga Benediktssyni, sem ákærði afhenti til dómara 13. júní 1955, svo og skuldabréf, útgefið af Guðmundi Þorlákssyni, hafi bæði verið geymd í umslagi í miðskúffu skrifborðs ákærða heima í skrifstofu hans.

Samkvæmt framansögðu nema eignir upp í rekstrarsjóð gagnfræðaskólans samtals kr. 229.943.84.

E-liður.

Verða nú raktir framburðir endurskoðenda ársreikninga gagnfræðaskólans og annarra skólanefndarmanna.

Vitnið Hallbjörn Halldórsson prentari, Hverfisgötu 21, hér í bæ, var í skólanefnd skólaárin frá 1930—1931 til 1944—1945 að þeim árum meðtöldum og jafnan endurskoðandi ársreikninganna. Þá var vitnið Guðni Jónsson skólastjóri, Drápuhlíð 5, hér í bæ, í skólanefnd skólaárin frá 1933—1934 til 1946—1947, er nefndin var lögð niður, og öll árin nema hið seinasta endurskoðandi ársreikninga skólans.

Bæði þessi vitni hafa borið það, að ákærði hafi haft mest ráð um fjárstjórn skólans, en hann muni hafa borið undir skólanefndina þau mál, sem sérstök útgjöld höfðu í för með sér.

Vitnin kveða, að endurskoðun ársreikninga skólans hafi jafnan farið fram heima hjá ákærða og tekið nokkrar klukkustundir. Vitnin hafi athugað tekjur og gjöld og borið saman fylgiskjöl við ársreikning, svo og lagt saman niðurstöður reiknings til að ganga

úr skugga um, að rétt væri reiknað. Vitnin minnir, að þau hafi einnig athugað, að sjóður væri réttur í lok skólaárs. Vitnið Hallbjörn Halldórsson kveður, að þau hafi athugað sparisjóðsbækur skólans og reiðufé, sem geymt hafi verið í sérstökum kassa, og hafi alla jafna verið sáralítið fé í honum, en um sparisjóðsbækurnar man vitnið ekkert nánar. Vitnið Guðni Jónsson man ekki, hvort sjóður var nokkru sinni til í öðru en sparisjóðsbókum, og man ekkert nánar um þær. Þegar vitnin höfðu lokið starfi sínu og ekkert athugavert getað séð við reikninginn, undirrituðu þau hann. Vitnið Guðni Jónsson kveður, að á næsta fundi skólanefndar hafi reikningurinn verið lagður fram og samþykktur, en vitnið Hallbjörn Halldórsson man ekki sérstaklega eftir því, en kveður, að svo kunni þó að hafa verið.

Vitnin hafa staðfest áritanir sínar á ársreikninga rekstrarsjóðs skólans í sjóðbókum þeim, sem teknar voru heima hjá ákærða 4. marz 1955. Í því sambandi hafa vitnin tekið fram, að þau töldu sig sannreyna það hverju sinni, að fjárhæð sú, sem tilgreind var sem sjóðseign í hverjum ársreikningi, væri raunverulega fyrir hendi. Vitnið Hallbjörn Halldórsson hefur getið þess, að það muni ekki betur en vitnin legðu saman fjárhæðir sparisjóðsbókanna og peninganna í kassanum, sem ákærði sýndi þeim, til að sannfærast um, að sjóður væri rétt talinn og að gengið væri úr skugga um, að þetta væru bækur skólans. Vitnið Guðni Jónsson kveður, að vitnin hafi hlotið að gera sér grein fyrir því, að næg sjóðseign væri raunverulega fyrir hendi, eins og reikningurinn sagði til um, og man vitnið sérstaklega eftir því, að ákærði sýndi þeim sparisjóðsbækur til að sanna sjóðseignina, og hafi vitnin gengið út frá því, að þetta væru bækur skólans.

Þá bera vitnin, að þau hafi tekið ákærða alveg trúanlegan um, að hann færði í bókhald skólans allar þær tekjur og framlög, sem hann tók við úr bæjar- og ríkissjóði til skólans. Hafi vitnin verið svo sannfærð um og treyst því svo vel, að ákærði færði rétt allar tekjur og framlög til skólans í bókhald hans, að þeim hafi ekki komið til hugar að efast um það, að bókanir hans um það væru réttar, og að fá upplýsingar um það í endurskoðunardeildum ríkis og bæjar, við hverjum tekjum og framlögum hann tók í raun og veru úr sjóðum þessum til rekstrar skólans.

Vitnin bera, að skólanefndin hafi haldið um 2—3 fundi á skólaári, og hafi þeir verið haldnir heima hjá ákærða. Nefndin hafi

haldið gerðabók, og kveðst vitnið Hallbjörn Halldórsson hafa fært hana í mörg ár, en vitnið minnir, að seinast hafi Einar Magnússon fært hana. Vitnið Guðna Jónsson minnir, að Einar hafi lengst af ritað fundargerðir. Vitnið Hallbjörn Halldórsson kveður, að bókanir hafi verið örstuttar, en ályktanir nefndarinnar hafi verið nákvæmlega bókaðar. Vitnið minnir, að sama bókin hafi verið notuð allan tímann og að hún hafi verið geymd hjá ákærða. Þau vita ekki, hvar bókin er nú niður komin.

Hvorugt vitnið minnist þess, að ákærði hafi nokkru sinni haft orð á því við þau, að fylgiskjöl reikninga rekstrarsjóðs skólans hefðu eyðilagzt eða glatazt.

Vitnið Einar Magnússon menntaskólakennari, Skeggjagötu 11, hér í bæ, var í skólanefnd skólaárin frá 1930—1931 til 1946—1947, er nefndin var lögð niður, og var skólaárið 1945—1946 endurskoðandi ársreikninga skólans.

Vitnið kveður, að ákærði hafi ráðið mestu um daglega fjárstjórn skólans, en minnir, að skólanefnd hafi verið kvödd til, þegar um óvenjulegar eða sérstakar fjárgreiðslur var að ræða.

Vitnið telur líklegt og gengur út frá því, að ársreikningar skólans hafi verið lagðir fram í skólanefnd, þegar búið var að endurskoða þá, og hún síðan samþykkt þá.

Vitnið kveður, að endurskoðun þess og Guðna Jónssonar á reikningi skólans skólaárið 1945—1946 muni hafa farið fram heima hjá ákærða og tekið nokkrar klukkustundir. Það man nú ekki eftir því, hvernig endurskoðun þeirra var framkvæmd í einstökum atriðum, en reiknar með því, að þeir hafi athugað tekjur og gjöld skólans og borið saman við fylgiskjöl svo og athugað samlagningu talna. Að endurskoðun lokinni undirrituðu þeir reikninginn.

Vitnið hefur staðfest áritun sína á ársreikning rekstrarsjóðs skólans á hinum lausu blöðum, sem tekin voru ásamt sjóðbókunum tveimur heima hjá ákærða 4. marz 1955. Í því sambandi hefur vitnið tekið fram, að það telji líklegt, að þeir endurskoðendurnir hafi staðreynt, að kr. 329.474.96 væru í rekstrarsjóði í lok skólaárs 1945—1946, en man ekkert nánar um það, þar á meðal ekki, hvort ákærði sýndi þeim sparisjóðsbók eða bækur eða reiðufé við endurskoðunina.

Þá kveður vitnið, að þeir endurskoðendurnir hafi tekið ákærða alveg trúanlegan um það, að hann færði öll framlög úr bæjar- og ríkissjóði til rekstrar skólans í reikningshald hans. Hafi þeim ekki komið annað til hugar en að ákærði færði rétt öll

framlög úr bæjar- og ríkissjóði til skólans í bækur hans og því ekki kannað það hjá endurskoðunardeildum bæjar og ríkis, við hverjum framlögum hann tók í raun og veru úr greindum sjóðum.

Vitnið Gústaf Adolf Sveinsson hæstaréttarlögmaður, Melhaga 16, hér í bæ, var í skólanefnd skólaárin frá 1930—1931 til 1933—1934, svo og frá 1942—1943 til 1944—1945 að þeim árum meðtöldum, og var fyrra tímabilið endurskoðandi ársreikninga skólans, en seinna tímabilið formaður nefndarinnar.

Vitnið hefur borið, að ákærði hafi ráðið mestu um daglega fjárstjórn skólans og man ekki sérstaklega eftir því, að hann bæri undir nefndina nokkur sérstök útgjöld.

Vitnið kveður, að endurskoðun þess og hins endurskoðandans á reikningum skólans hafi verið framkvæmd heima hjá ákærða og tekið nokkrar klukkustundir. Hún hafi verið fólgin í því, að þeir hafi athugað inn- og útborganir og borið saman við fylgiskjöl, en innborganir hafi þeir þó ekki staðreynt með því að leita upplýsinga hjá endurskoðunardeildum ríkis og bæjar. Vitnið man ekki, hvort þeir sannreyndu hina árlegu sjóðseign skólans eða hvort þeir létu nægja sögn ákærða um hana. Að endurskoðun lokinni undirrituðu þeir reikningana. Vitnið man ekki sérstaklega eftir því, hvort ársreikningarnir voru síðan lagðir fyrir skólanefnd, en telur það trúlegt.

Vitnið getur ekki sagt um, hvernig endurskoðun reikninga skólans var háttað seinna tímabilið, sem það var í skólanefndinni, en minnir þó, að hún hafi verið með sama hætti og fyrr. Vitnið man ekki, hvort reikningarnir voru þá lagðir fram á fundi skólanefndar eða hvort rætt var um þá í nefndinni. Vitnið man ekki, hver var sjóður skólans á seinna tímabilinu eða hvernig fjárhagsafkoma skólans var, en skynjan þess var sú, að hún væri allgóð. Vitnið kveðst ekki hafa áritað reikninga til greiðslu á meðan það var formaður skólanefndar.

Vitnið kveður — að lokinni athugun þess í dómi á ófærðum og vanbókuðum greiðslum úr ríkis- og bæjarsjóði til gagnfræðaskólans í sjóðbækur hans — að því hafi verið algerlega ókunnugt um þetta og það verið alveg grunlaust um, að bókhald ákærða væri ekki í lagi. Kveðst vitnið því ekki geta borið neitt um það mál.

Vitnið Sigurður Þórarinsson jarðfræðingur, Miklubraut 56, hér í bæ, var í skólanefnd og formaður hennar skólaárin frá 1945—1946 til 1946—1947, er nefndin var lögð niður.

Vitnið hefur borið það, að ákærði hafi ráðið mestu um daglega fjárstjórn skólans, og man vitnið ekki sérstaklega eftir því, að ákærði bæri nokkur væntanleg útgjöld skólans undir skólanefnd, nema lán til Guðmundar Þorlákssonar, sbr. síðar í X. kafla.

Vitnið man ekki sérstaklega eftir því, að ársreikningar skólans væru lagðir fram eða ræddir í skólanefnd eða að tölur úr þeim væru lesnar á fundi hennar. Vitnið getur ekki borið um, hverjir kunni að hafa verið sjóðir skólans eða hvernig fjárhagsafkoma skólans var. Vitnið minnist þess ekki, að rætt væri nokkru sinni um, að fjárhagur skólans væri erfiður, og skynjan vitnisins var sú, að fjárhagur hans væri ekki slæmur. Vitnið man heldur ekki til þess að hafa séð sjóðbækur skólans eða rekstrarreikninga hans fyrr en í dóminum.

Vitnið Björn Sigfússon háskólabókavörður, Aragötu 1, hér í bæ, var í skólanefnd skólaárin frá 1945—1946 til 1946—1947, er nefndin var lögð niður.

Vitnið hefur borið það, að ákærði hafi haft mest ráð um fjárstjórn skólans og hafi hann skýrt nefndinni nokkrum sinnum frá áföllnum útgjöldum, og man vitnið ekki til þess, að í nefndinni yrði nokkru sinni ágreiningur við hann um slík útgjöld. Vitnið minnist þess ekki sérstaklega, að ákærði leitaði samþykkis nefndarinnar á ákveðnum væntanlegum útgjöldum, nema á láni til Guðmundar Þorlákssonar.

Vitnið man ekki sérstaklega eftir því, að það sæi bókhald eða ársreikninga skólans. Þó minnist vitnið þess, að ákærði las á fundi skólanefndar upp tölur úr reikningshaldi skólans, og gengur vitnið út frá því, að þær hafi verið úr ársreikningi hans. Vitnið man, að ákærði sagði við slíkt tækifæri, að í sjóði væri tiltekin fjárhæð, sem það man nú ekki hver var. Þá minnist vitnið þess, að Einar Magnússon sagði einu sinni á skólanefndarfundi: „Reikningar þessir hafa verið endurskoðaðir og ekkert fundizt athugavert við þá.“ Telur vitnið, að þetta hafi hlotið að vera ársreikningar skólans. Annað kveðst vitnið ekki geta borið um fjárhag skólans.

Vitnið Einar Magnússon kveður, að fundir skólanefndar á skólaári hafi verið fáir aðeins, vitnið Gústaf Adolf Sveinsson, að þeir hafi verið um tveir til þrír að tölu, og vitnið Sigurður Þórarinsson kveður, að þeir hafi verið allt að einn á mánuði, og vitnið Björn Sigfússon, að þeir hafi verið á tveggja til þriggja mánaða fresti að vetrinum. Öllum fjórum vitnunum ber saman

um, að fundirnir hafi verið haldnir heima hjá ákærða, en vitnin Sigurður Þórarinsson og Björn Sigfússon muna þó eftir einum eða tveimur fundum í skólahúsinu, og vitnið Gústaf Adolf Sveinsson bætir því við, að fundartíminn hafi venjulega verið sunnudagsmorgnar. Þá bera öll vitnin fjögur, að nefndin hafi haldið gerðabók, og þrjú vitnanna, að bókanir hafi verið stuttar. Vitnið Einar Magnússon kveðst hafa verið ritari í mörg ár. Öll vitnin bera, að bókin muni hafa verið geymd hjá ákærða milli funda, en þau vita ekki, hvað orðið hefur af bókinni, og er ekki vitað, hvar hún er nú niður komin.

Vitnin Gústaf Adolf Sveinsson, Sigurður Þórarinsson og Björn Sigfússon minnast þess ekki, að ákærði hefði nokkru sinni orð á því, að einhver fylgiskjöl með reikningum skólans hefðu eyðilagzt eða glatazt, en ekkert hefur verið bókað eftir vitninu Einari Magnússyni um það atriði.

F-liður.

Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins hefur gert yfirlit yfir rekstrarsjóð gagnfræðaskólans, að viðbættum raunverulegum vöxtum af eignum hans, en að frádregnum þeim eignum, sem afhentar hafa verið.

Yfirlitið er þannig:

TAFLA NR. XIX.

Leiðréttur rekstrarsjóður pr. 1. september 1946 ..		kr. 588.966.60
Vextir af bókum, skírteinum og verðbréfum árið 1946	kr. 5.071.70	
Í sjóðbók 1946—1947 eru tilfærðir vextir	— 1.069.70	
Mismunur ófærðir vextir til sjóðbókar	— 4.002.00	— 4.002.00
		— 592.968.60
Hér í vextir verðbréfa 1946, innifaldir í vöxtum, sbr. bls. 38 í dskj. nr. 191		— 2.052.52
		kr. 590.916.08
Lækkun (sbr. töflu nr. X)		— 16.916.46
		kr. 573.999.62

Vextir af sparisjóðsbókum og innlánsskírteinum

1947	kr.	1.442.41
Vextir af skuldabréfi Guðmundar Þorlákssonar frá 2. maí 1947 til 2. maí 1954	—	33.800.00
Vextir af skuldabréfi Jóns Benediktssonar og Helga Benediktssonar frá 14. maí 1947 til 14. maí 1954	—	3.334.41
Vextir af verðbréfum (útdráttarbréfum) frá 1. janúar 1946 til 31. desember 1954	—	49.331.52
Áætlaðir vextir af veittum lánum:		
1) Vextir af tveimur víxillánum, hvort upphaflega að fjárhæð kr. 25.000.00, til Ragnars Þorlaugs Guðmundssonar (sbr. nánar í VIII. kafla) ..... ca	—	5.000.00
2) Vextir af víxilláni til Þorsteins Halldórssonar (sbr. nánar í IX. kafla) ..... ca	—	3.000.00
Vextir af sparisjóðsbókum og innlánsskírteinum frá 1. janúar 1948 til 31. desember 1954	—	1.564.80
	kr.	671.472.76
Afhentar eignir (sbr. XVII. og XVIII. töflu)	—	229.943.84
	kr.	441.528.92
Innstæða í sparisjóðsbók nr. 8205 við Útvegsbanka Íslands h.f., yfirfærist á byggingarsjóð (sbr. V. kafla)	—	153.00
Samtals sjóðvöntun í rekstrarsjóð	kr.	441.681.92

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið hér að framan í A—E-lið í þessum kafla, sbr. V. kafla um innstæðu sparisjóðsbókar nr. 8205 í Útvegsbankanum, VIII. kafla um lán til Ragnars Þorlaugs Guðmundssonar og IX. kafla um lán til Þorsteins Halldórssonar, verður þetta yfirlit endurskoðunardeildar fjármálaráðuneytisins í töflu nr. XIX lagt til grundvallar í málinu. Þó athugast, að misritazt hefur leiðréttur rekstrarsjóður pr. 1. september 1946, kr. 588.966.60 fyrir kr. 588.966.61 og því ætti sjóðvöntun í rekstrarsjóð samtals að hækka sem því nemur í kr. 441.681.93.

Sjóðvöntun verður talin hefjast 5. september 1941, er ákærði tók við kr. 1.878.38, sem hann færði eigi í sjóðbók, sbr. töflu nr. III.

IV. KAFLI.

A-liður.

Á árinu 1939 byggði Gagnfræðaskólinn í Reykjavík skála á landi, sem hann hafði keypt við Leirvogsvatn í Kjalarneshreppi. Var tilgangurinn sá, að nemendur skólans stunduðu þaðan skíðaferðir og ynnu þar við einhverja vinnu að vorlagi. Var skálinn kallaður Skólaselið Múli, og var allur kostnaður við hann fyrst í stað greiddur úr rekstrarsjóði skólans.

Árið eftir gekkst ákærði fyrir því, að farið var að innheimta kr. 5.00 af hverjum nemanda skólans á skólaári, sem leggja skyldi í sérstakan sjóð, sem síðar hlaut nafnið Nemendasjóður I til aðgreiningar frá öðrum sjóðum nemenda. Skyldi verja sjóðnum til skólaselsins. Gjöldin voru kölluð nemendagjöld eða skíðaskálagjöld, og innheimti hver kennari þau hjá þeim bekk, sem hann hafði umsjón með. Gjöldin voru frjálst framlag hvers nemanda, en þeir munu þó almennt hafa litið svo á, að þeim væri skylt að greiða þau.

Nokkrum árum síðar hækkaði ákærði gjaldið úr kr. 5.00 í kr. 15.00 fyrir hvern nemanda. Kveður hann, að það hafi verið á skólaárinu 1943—1944 eða 1944—1945, en vitnið Sveinbjörn Sigurjónsson, kennari í skólanum, kveður, að það hafi gerzt um eða rétt fyrir árið 1950.

Eftir árið 1944 færðust skíðaferðir nemenda skólans mjög yfir á Hellisheiði, en notkun selsins „Múla" lagðist niður á fáeinum árum. Hrakaði viðhaldi selsins og eftirliti með því, unz það var rifið vorið 1955.

Meðal þeirra gagna, sem tekin voru heima hjá ákærða 4. marz 1955, var sjóðbók Nemendasjóðs I, og var hún auðkennd „Skólaselið Múli". Nær bókin yfir tímabilið frá 31. desember 1940 til 25. maí 1950. Tekjurnar eru ýmist nefndar nemendasjóðsgjöld eða skíðaskálagjöld.

Samkvæmt sjóðbókinni er eign sjóðsins talin vera eins og hér segir:

TAFLA NR. XX.

31.	desember	1940	kr.	92.92
31.	—	1941	—	2.373.24
31.	—	1942	—	2.654.06
31.	—	1943	—	5.744.64
31.	—	1944	—	8.795.26

31.	desember	1945	kr. 16.436.79
31.	—	1946	— 23.516.51
31.	—	1947	— 23.627.25
31.	—	1948	— 27.857.25
31.	—	1949	— 38.064.92
25.	maí	1950	— 47.342.38

Ákærði hefur borið, að hann hafi sjálfur fært þessa sjóðbók og hafi hann ekki haldið aðra bók eða gert annað reikningshald um Nemendasjóð I. Hann hafi fært í bókina allar innkomnar tekjur sjóðsins, og sé sennilegt, að byrjunarfærslan, kr. 92.92, hafi verið hagnaður af skemmtun, sem nemendur hafi haldið. Hins vegar kveðst hann ekki hafa fært öll útgjöld í bókina, og hefur hann ekki gert aðra grein fyrir því en þá, að annríki hans hafi verið mikið og mörg störf kallað að.

Forstöðumaður fjármálaeftirlits skóla hefur talið, að gjöld í sjóðbókinni séu oftalin um samtals kr. 8.859.00, því að eftirtaldir kostnaðarliðir séu einnig færðir til gjalda í sjóðbók rekstrarsjóðs skólans:

1944	1.	febrúar	kr. 1.615.00
1946	18.	janúar	— 944.00
1948	28.	júní	— 6.300.00

Enn fremur séu tekjuliðir ekki rétt lagðir saman í sjóðbókinni í sundurliðun ársins 1948. Útkoma samlagningar sé kr. 34.157.25, en eigi að vera kr. 31.142.25. Eign í sjóði sé því hér oftalin um kr. 3.015.00, og eigi því færslur sjóðseigna í lok áranna 1949 og 1950 að breytast í samræmi við það.

Niðurstaða forstöðumannsins er því sú, að eign í sjóðbók Nemendasjóðs I sé vantalin um kr. 8.859.00 að frádregnum kr. 3.015.00, þ. e. um kr. 5.844.00.

Ákærði hefur viðurkennt greinda samlagningarskekkju tekna sjóðsins árið 1948. Á hinn bóginn kveðst hann ekki geta skilið, að gjaldaliðirnir kr. 1.615.00 1. febrúar 1944 og kr. 944.00 18. janúar 1946 séu tvífærðir. Hér muni vera um kaupverð skíða og teppa að ræða, og telji hann líklegt, að því hafi verið skipt til helminga milli rekstrarsjóðs skólans og Nemendasjóðs I. Þá kveður ákærði, að útgjöld kr. 6.300.00 28. júní 1948 sé kostnaður vegna framræslu á landi, sem hann hafi fært til útgjalda á rekstrarreikningi skólans það ár, en 2—3 árum síðar hafi fjármála-

eftirlit skóla gert athugasemdir við þessa færslu, og hafi hann þá endurgreitt bæjarsjóði fjárhæðina og fært hana Nemendasjóði I til gjalda.

Engin fylgiskjöl eru til frá því tímabili Nemendasjóðs I, þegar greindar kr. 1.615.00 og kr. 944.00 eru færðar sjóðnum til gjalda, en fram kemur í málinu, að í janúar 1946 hefur ákærði gefið út tékka á bók nr. 200 í Útvegsbanka Íslands h.f., að fjárhæð kr. 944.00. Þá hefur fjármálaeftirlit skóla ekki fært fram sérstakan rökstuðning fyrir því, að nefndar kr. 1.615.00 séu tvítaldar.

Þykir dóminum því varhugavert að telja sannað, að fjárhæðir þessar séu tvítaldar, og ber því að leggja færslur ákærða á þeim í sjóðbók til grundvallar í málinu.

Þá kemur það fram í málinu, að sama dag, 28. júní 1948, sem Nemendasjóði I eru færðar kr. 6.300.00 til gjalda vegna framræslu á landi, er sama fjárhæð, kr. 6.300.00, einnig greidd úr rekstrarsjóði vegna framræslu á landi. Hér verður að telja, að sama fjárhæðin hafi verið tvífærð til gjalda, og hefur hún þegar komið til frádráttar rekstrarsjóði, sbr. sundurliðun á frádrætti, að fjárhæð kr. 48.479.07, í III. kafla B-lið hér að framan.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið greint, er eign í sjóðbók Nemendasjóðs I vantalin um kr. 6.300.00 að frádregnum kr. 3.015.00, þ. e. um kr. 3.285.00. Nemur því leiðrétt sjóðseign 25. maí 1950 kr. 50.627.38.

B-liður.

Ákærði kveðst hafa hætt að færa sjóðbókina fyrir Nemendasjóð I á árinu 1950, af því að nemendagjöldin runnu þá ekki lengur til skólaselsins „Múla". Eftir það færði hann enga bók og gerði ekkert reikningshald yfir sjóðinn, en þó var haldið áfram að innheimta 15 krónu gjöldin til hans og afhenda þau ákærða.

Frá og með skólaárinu 1949—1950 innheimtu umsjónarkennarar skólans hjá sérhverjum nemanda kr. 10.00 á ári, um leið og þeir innheimtu 15 króna gjaldið til Nemendasjóðs I. 10 króna gjaldið rann til Nemendafélags skólans, og tók vitnið Sveinbjörn Sigurjónsson, sem var eftirlitsmaður með fjárreiðum félagsins, við þeim peningum. Kveður vitnið, að meginþorri nemenda hafi greitt bæði gjöldin, og hafi það ekki komið fyrir, að nemandi hafi greitt annað gjaldið aðeins, en ekki hitt.

Samkvæmt upplýsingum vitnisins hafa nemendafélagsgjöldin verið á hverju einstöku skólaári, eins og hér segir:

TAFLA NR. XXI.

Ár	1949—1950	kr.	7.050.00
—	1950—1951	—	6.270.00
—	1951—1952	—	6.531.00
—	1952—1953	—	5.560.00
—	1953—1954	—	5.650.00

Ákærði hefur fært í sjóðbók Nemendasjóðs I, að á skólaárinu 1949—1950 hafi innheimt sjóðsgjöld numið kr. 10.575.00, en eins og áður segir, námu nemendafélagsgjöldin það ár kr. 7.050.00. Hlutfall þessara fjárhæða er nákvæmlega 3/5 á móti 2/5, þ. e. sama hlutfall og á milli nemendasjóðsgjalda I og nemafélagsgjalda, kr. 15.00 á móti kr. 10.00.

Samkvæmt því, sem nú var greint, hefur forstöðumaður fjármálaeftirlits skóla áætlað sama hlutfall milli nemendasjóðsgjalda I og nemendafélagsgjalda hin skólaárin fjögur, þ. e. að fyrrnefndu gjöldin hafi þá numið, eins og hér segir:

TAFLA NR. XXII.

Ár	1950—1951	kr.	9.405.00
—	1951—1952	—	9.796.50
—	1952—1953	—	8.340.00
—	1953—1954	—	8.475.00
	Samtals	kr.	36.016.50

Ákærði hefur ekki rengt þessa áætlun forstöðumannsins, og verður hún lögð til grundvallar í málinu.

Samkvæmt þessu hafa gjöld til Nemendasjóðs I á tímabilinu frá skólaári 1950—1951 til skólaárs 1953—1954, að báðum árum meðtöldum, numið samtals kr. 36.016.50.

Ákærði hefur borið það, að innheimt gjöld nemenda til Nemendasjóðs I á skólaárinu 1954—1955 hafi numið, þegar hann lét af störfum, kr. 11.975.00, og hefur það ekki verið vefengt. Fjárhæð þessa afhenti hann vitninu Sveinbirni Sigurjónssyni, settum skólastjóra, þann 18. marz 1955.

C-liður.

Ákærði kveðst ekki hafa fært ýmis gjöld Nemendasjóðs I til gjalda í sjóðbók og enn fremur hafi hann greitt úr sjóðnum ýmis gjöld, eftir að hann hætti að færa bókina.

Í fyrsta lagi séu þetta útgjöld vegna bókasafns skólans, en það er í tvennu lagi, bókasafn nemenda og bókasafn á kennarastofu.

Samkvæmt því, sem fram hefur komið í málinu, hafa framlög ákærða til bókasafns skólans verið, eins og hér segir:

TAFLA NR. XXIII.

1) Bækur, afhentar við stofnun bókasafns nemenda í desember 1951, samkvæmt skrá og verðlagningu vitnisins Helga Þorlákssonar	kr.	2.719.00
2) Bækur, afhentar síðar til bókasafns nemenda, samkvæmt skrá vitnisins Helga Þorlákssonar og verðlagningu Ólafs Hjartar bókavarðar	—	9.099.50
3) Peningar, afhentir vitninu Helga Þorlákssyni til bókakaupa, fyrst kr. 1.000.00, en síðan kr. 500.00	—	1.500.00
4) Bækur á kennarastofu samkvæmt skrá vitnisins Helga Þorlákssonar og verðlagningu Ólafs Hjartar bókavarðar	—	4.767.50
5) Bækur, keyptar af vitninu Guðmundi Þorlákssyni fyrir	—	500.00
	Kr.	18.586.00
Hér frá dragast bækur, keyptar fyrir tillag úr Nemendasjóði, afhent vitninu Sveinbirni Sigurjónssyni	—	5.000.00
	Kr.	13.586.00
Einnig dragast hér frá bækur, sem greiddar hafa verið úr rekstrarsjóði skólans, samtals að fjárhæð	—	11.224.65
	Kr.	2.361.35

Forstöðumaður fjármálaeftirlits skóla hefur ekki talið fært að telja framlag frá ákærða til bókasafnsins hærra en nemur fyrrgreindum peningafjárhæðum, samtals kr. 1.500.00. Hann hefur þó talið vera möguleika á, að mismunurinn á greindum kr. 2.361.35 og kr. 1.500.00, þ. e. kr. 861.35, sé einnig óbókfært fé, sem ákærði hefur greitt til safnsins, og telur dómurinn varlegast að telja, að svo sé.

Þá verður að telja sannað með framburðum vitnisins Helga

Þorlákssonar og ákærða, að líklega á árunum 1951—1952 festi ákærði kaup á 35 eintökum af tiltekinni nótnabók til afnota við söngkennslu í skólanum. Kveður ákærði, að eintakið hafi kostað kr. 25.00 eða kr. 30.00, því að heildarverð þeirra hafi numið kr. 875.00 eða kr. 1.050.00. Þessi útgjöld hafa ekki verið færð rekstrarsjóði skólans til gjalda, og þykir því verða að fallast á það hjá ákærða, að kaupverðið hafi verið tekið úr Nemendasjóði I. Þykir ekki fært að telja, að kaupverðið hafi numið hærri fjárhæð en kr. 875.00.

Samkvæmt framansögðu hafa ófærðar greiðslur úr Nemendasjóði I til bókasafnsins numið kr. 2.361.35 + kr. 875.00, eða samtals kr. 3.236.35.

Í öðru lagi kveðst ákærði hafa greitt úr Nemendasjóði I ýmis gjöld, sem hvílt hafi persónulega á nemendum vegna félagsstarfsemi í skólanum eða af öðrum ástæðum. Lýsti ákærði því fyrst yfir í sakadómi 25. maí 1955, að hann hvorki gæti né vildi skýra nánar frá þessum greiðslum, og hefði honum aldrei dottið í hug að færa þær til bókar.

Hann hefur þó síðar í rekstri málsins afhent eða vísað á eftirtalda reikninga eða kvittanir, sem hann kveður, að greiddar hafi verið af fé Nemendasjóðs I, en hvergi verið færðar til gjalda:

TAFLA NR. XXIV.

1)	3 reikningar	v/skólaselsins Múla 1952—1953 ..	kr.	179.50
2)	2 —	v/bókakaupa 1949 og 1950	—	157.00
3)	4 —	v/árshátíðar nemenda 1948	—	2.533.83
4)	3 —	v/árshátíðar nemenda 1950	—	2.327.20
5)	4 —	v/annarra skemmtana nemanda 1948 og 1950	—	2.209.40
6)	12 —	v/útgjalda skólans eða nemenda .	—	399.75
7)	31. desember 1950:	Greitt iðgjald til Brunabótafélags Íslands ..	—	40.25
8)	27. desember 1951:	Greitt iðgjald til Brunabótafélags Íslands ..	—	53.50
9)	14. marz 1949:	Greitt árstillag til Búnaðarfélags Kjalarneshrepps	—	50.00
10)	18. marz 1950:	Greitt árstillag til Búnaðarfélags Kjalarneshrepps	—	50.00
11)	20. september 1954:	Greitt inn á reikning vegna segulbandstækja	—	2.125.00
12)	16. janúar 1953:	Fjölrituð kort fyrir félagsvist		

	vegna bindindisfélags skólans ..	kr.	60.00
13) 15. júní 1953:	Greiðsla fyrir myndatöku á árshátíð nemenda 1953	—	475.00
14)	Keyptar hljómplötur (án fylgiskjala)	—	315.00
		Samtals kr.	10.975.43

Reikningana, 27 að tölu, sem taldir eru í 1.—6. lið töflunnar, afhenti ákærði í sakadómi 29. júlí 1955, og kvaðst hann hafa þá stuttu áður fundið þá í umslagi í stórum skáp í herbergi skólastjóra í gagnfræðaskólanum.

Kvittanirnar fyrir greiðslum þeim, sem taldar eru í 7.—13. lið töflunnar, voru meðal þeirra skjala og skilríkja, sem tekin voru heima hjá ákærða 4. marz 1955.

Hljómplöturnar, sem taldar eru í 14. lið töflunnar, kveður ákærði hafa verið safn úrvalstónsmíða til afnota í söngstofu, sbr. 2. tölulið í dskj. nr. 154.

Forstöðumaður fjármálaeftirlits skóla hefur talið, að verja hafi mátt fé Nemendasjóðs I til greiðslnanna í 1.—2. lið og 6.—14. lið í töflu nr. XXIV, samtals að fjárhæð kr. 3.905.00, og því komi hún til frádráttar á innstæðu sjóðsins. Hins vegar vanti gögn um tekjur og gjöld árshátíða þeirra og annarra skemmtana, sem um ræðir í 3.—5. lið töflunnar, og því sé erfitt að segja til um réttmæti þar talinna greiðslna, samtals að fjárhæð kr. 7.070.43, og talið tæplega fært að láta þær koma til frádráttar á innstæðu Nemendasjóðs I. Dómurinn telur þó varlegast að leggja til grundvallar framburð ákærða um þetta seinasta atriði, þannig að allar greiðslurnar, sem taldar eru í töflu nr. XXIV, samtals að fjárhæð kr. 10.975,43 komi til frádráttar á innstæðu Nemendasjóðs I.

Þá kveður ákærði, að halli hafi oft verið á ferðalögum nemenda á vorin, og af því tilefni hafi hann í eitt skipti greitt kr. 1.800.00 úr Nemendasjóði I og í nokkur skipti lægri fjárhæðir. Vitnið Vignir Andrésson, Egilsgötu 22, hér í bæ, kennari í skólanum, kveður, að halli hafi oft verið á þessum vorferðalögum nemenda, stundum nokkur hundruð eða jafnvel nokkur þúsund krónur, og einu sinni á árunum 1945—1950, þegar farið var norður í land, hafi hann numið um kr. 3.000.00. Ákærði hafi greitt þenna halla, en úr hvaða sjóði, kveðst vitnið ekki vita. Samkvæmt þessu má telja upplýst, að ákærði hefur greitt halla af vorferðalögum nemenda, og hafi hann samkvæmt frásögn

ákærða verið greiddur úr Nemendasjóði I. Á hinn bóginn þykir skorta mjög á nægar upplýsingar um það, hve mikið fé ákærði hefur greitt út af þessum ástæðum, og samkvæmt áðursögðu verður ekki talið sannað, að fjárhæðin hafi verið hærri en kr. 3.000.00.

Ákærði hefur ekki fært fram gögn, sem sýna, að hann hafi innt af hendi frekari greiðslur vegna nemenda eða skólans úr Nemendasjóði I en nú hafa verið taldar, og kemur því frekari frádráttur á innstæðu sjóðsins ekki til álita.

Skólanefnd eða einstakir skólanefndarmenn höfðu engin afskipti af tekjum og gjöldum Nemendasjóðs I eða reikningshaldi hans. Sjálfur kveðst ákærði hafa tekið ákvörðun um það, hvernig varið var fé úr sjóðnum, og haft hliðsjón af óskum nemenda um ráðstöfun hans. Ákærði hefur neitað því að hafa varið nokkru fé úr sjóðnum í eigin þarfir eða til annars en í þágu gagnfræðaskólans og nemenda hans, sbr. þó hins vegar það, sem rakið verður síðar í VI. og XVIII. kafla.

D-liður.

Verður nú vikið að eignum Nemendasjóðs I.

Ákærði hefur borið það, að eign Nemendasjóðs I hafi einkum verið sparisjóðsbók nr. 31488 við Landsbanka Íslands, og var skráður eigandi hennar Nemendasjóður Gagnfræðaskólans í Reykjavík. Kveðst ákærði hafa um margra ára skeið lagt skólaselsgjöld (nemendasjóðsgjöld) í þá bók.

Samkvæmt upplýsingum Landsbankans taka viðskiptafærslur bókarinnar yfir tímabilið frá 15. maí 1940 til 24. marz 1948. Innstæða hennar var í lok hvers árs, eins og hér segir:

TAFLA NR. XXV.

31.	desember	1940	kr.	92.92
31.	—	1941	—	2.373.24
31.	—	1942	—	2.654.06
31.	—	1943	—	3.734.64
31.	—	1944	—	4.825.26
31.	—	1945	—	16.436.79
31.	—	1946	—	16.765.51
31.	—	1947	—	23.227.14

Við samanburð á innstæðu í sparisjóðsbók nr. 31488 (töflu nr. XXV) og á sjóðseign samkvæmt kassabók (töflu nr. XX) kemur í ljós þessi mismunur:

TAFLA NR. XXVI.

31. desember	1940	Enginn mismunur			
31. —	1941	Enginn mismunur			
31. —	1942	Enginn mismunur.			
31. —	1943	Sparisjóðsinnstæða	kr.	2.010.00	lægri.
31. —	1944	Sparisjóðsinnstæða	kr.	3.970.00	lægri.
31. —	1945	Enginn mismunur.			
31. —	1946	Sparisjóðsinnstæða	kr.	6.751.00	lægri.
31. —	1947	Sparisjóðsinnstæða	kr.	400.11	lægri.

Ákærði hefur ekki gert aðra grein fyrir þessum mismun á sparisjóðsinnstæðum og sjóðseign samkvæmt kassabók í lok áranna 1943, 1944, 1946 og 1947 en þá, að hann gæti legið í því, að ákærði hefði bókað innheimt gjöld í kassabók sem innkomin, en átt eftir að leggja þau í sparisjóðsbókina, en hann kveðst ekkert ákveðið muna um það.

Eftir árslok 1947 hættir ákærði að leggja innkomin gjöld nemenda inn í sparisjóðsbókina, en vextir bætast við innstæðuna fyrir tímabilið frá 1. janúar 1948 til 24. marz sama ár, kr. 187.42. Ákærði færði þó vextina ekki til tekna í kassabókina, og telur hann, að það muni sjálfsagt hafa verið einhver mistök.

Hinn 24. marz 1948 tekur ákærði út alla innstæðu sparisjóðsbókarinnar, kr. 23.414.56, og er bókin eyðilögð. Sama dag leggur hann kr. 22.932.14 inn í sparisjóðsbók nr. 42816 í Landsbanka Íslands, sem bar nafn skólaselsins „Múla". Hefur ákærði gert þá grein fyrir þessari breytingu, að honum hafi þótt réttara að hafa innstæðuna á nafni skólaselsins „Múla" en á nafni Nemendasjóðs, enda hafi nemendur greitt upphæðina til selsins, en ekki til neins Nemendasjóðs. Hafi það vafalaust verið athugaleysi hans að kenna, að ekki var skipt um nafn eiganda fyrr, og þó að notkun skólaselsins væri orðin lítil, þegar hann loksins skipti um nafn eiganda innstæðunnar, hafi hann viljað, að hún yrði geymd á nafni selsins, hvað sem kynni að verða um selið. Ákærði kveðst ekki muna, hvers vegna hann lagði ekki alla innstæðu gömlu bókarinnar, kr. 23.414.56, inn í bókina, heldur aðeins kr. 22.932.14, en segir, að ef til vill hafi það stafað af því, að hann hafi sama dag vitað um áfallin útgjöld á Nemendasjóð I eða þá verið búinn að greiða þau og mismunurinn farið í þau.

Hinn 8. ágúst 1948 tók ákærði út úr sparisjóðsbók nr. 42816 kr. 20.000.00 og notaði fjárhæðina til að greiða vitninu Helga Þorlákssyni andvirði fjögurra 5% skuldabréfa Byggingarsamvinnu-

félags barnakennara 1947, 3. fl. nr. 69—72, hvert á kr. 5.000.00, sem hann hafði keypt af því á kr. 18.000.00 samtals. Til viðbótar komu vextir frá 1. október 1947 til 1. júlí 1948, kr. 750.00.

Hinn 11. febrúar 1949 tók ákærði út úr greindri sparisjóðsbók kr. 3.500.00, en hann kveðst ekki muna, hví það var gert. Innstæða bókarinnar var þá orðin kr. 494.92. Vextir af henni árið 1948, kr. 367.67, voru færðir í kassabókina.

Eftirtaldar eignir hafa komið fram upp í Nemendasjóð I:

TAFLA NR. XXVII.

1.	Sparisjóðsbók nr. 42816 við Landsbanka Íslands var meðal þeirra skjala og skilríkja, sem tekin voru heima hjá ákærða 4. marz 1955, með innstæðu	kr.	647.61
2.	Hinn 9. júní 1955 afhenti ákærði í sakadómi fyrrgreind tvö 5% skuldabréf Byggingarsamvinnufélags barnakennara 1947, 3. fl. nr. 71 og nr. 72, samtals	—	10.000.00
3.	Hinn 29. júlí 1955 afhenti ákærði í sakadómi fyrrgreind tvö 5% skuldabréf Byggingarsamvinnufélags barnakennara 1947, 3. fl. nr. 69 og nr. 70 (sjá nánar um bréf þessi í XVIII. kafla), samtals	—	10.000.00
4.	Gjöld til Nemendasjóðs I fyrir skólaárið 1954—1955	—	11.975.00
		Samtals kr.	32.622.61

Skuldabréfunum fjórum, sem talin eru í 2.—3. lið hér að framan, fylgdu vaxtamiðar, sem eigi voru fallnir í gjalddaga, þ. e. frá 1. október 1954.

E-liður.

Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins hefur gert yfirlit yfir Nemendasjóð I að viðbættum raunverulegum vöxtum af eignum hans, en að frádregnum þeim eignum, sem afhentar hafa verið samkvæmt framansögðu.

Yfirlitið er þannig:

TAFLA NR. XXVIII.

Í sjóði 25. maí 1950 eftir leiðréttingu sjóðbókar	kr.	53.186.38

Áætlaðar tekjur sjóðsins frá skólaári 1950—1951 til skólaárs 1953—1954	kr.	36.016.50
Vanbókaðir vextir af sparisjóðsbók nr. 31488 frá 1. janúar 1948 til 24. marz sama ár	—	187.42
Alls	kr.	89.390.30
Ófærð útgjöld, kr. 1.500.00, + ýmsar greiðslur, kr. 3.905.00, koma til frádráttar	—	5.405.00
Og verður þá sjóðurinn 31. desember 1954 án vaxta	—	83.985.30
Hér við bætist:		
Gengishagnaður af bréfum	—	2.000.00
Nemendagjöld skólaárið 1954—1955	—	11.975.00
	—	97.960.30
Enn fremur bætist við:		
Vextir af sparisjóðsbók nr. 42816 árin 1949—1954 (eldri vextir voru bókaðir í sjóðbók)	—	152.69
Vextir af 4 skuldabréfum 5% Byggingarsamvinnufélags barnakennara 1947 frá 1. október 1947 til 1. október 1954, að frádregnum keyptum vöxtum frá 1. október 1947 til 1. júlí 1948, sbr. dskj. nr. 28	—	6,250.00
Samtals	kr.	104.362.99
Eignir afhentar upp í sjóðinn	—	32.622.61
Sjóðvöntun samtals	kr.	71.740.38

Með tilvísun til þess, sem að framan hefur verið rakið, telur dómurinn, að breyta þurfi yfirliti þessu í tveimur greinum, það er 1) sjóðseign 25. maí 1950 verði kr. 50.627.38 í stað kr. 53.186.38 og 2) ófærð útgjöld + ýmsar greiðslur verði samtals kr. 17.211.78 í stað kr. 5.405.00. Að öðru leyti verður yfirlitið lagt til grundvallar í málinu. Samkvæmt þessu lækkar vöntun í Nemendasjóð I um samtals kr. 14.365.78 frá því, sem talið er í yfirlitinu, og verður því kr. 57.374.60.

Samanburður á töflum nr. XX og nr. XXV, sbr. töflu nr. XXVI, sýnir, að í lok áranna 1943 og 1944 er innstæða sparisjóðsbókar nr. 31488 orðin lægri en sjóðseign samkvæmt sjóðbók (kassabók), en með tilliti til þess, að í árslok 1945 er sá munur horfinn,

þykir rétt að telja, að sjóðvöntun hefjist 31. desember 1946, þegar mismunur verður á ný og sjóðvöntun sýnist óslitin.

V. KAFLI.

A-liður.

Í 6. gr. laga nr. 68 7. maí 1928 um bráðabirgðaungmennafræðslu í Reykjavík var meðal annars ákveðið, að skólanefnd skyldi undirbúa byggingu nauðsynlegra húsa fyrir ungmennaskólann. Þá var ákveðið í 18. gr. laga nr. 48 19. maí 1930 um gagnfræðaskóla, að ríkissjóður léti á árunum 1930, 1931 og 1932 reisa hús handa Gagnfræðaskólanum í Reykjavík, og skyldi ríkissjóður leggja fram ⅔ hluta byggingarkostnaðar, allt að kr. 90.000.00, en Reykjavíkurbær ⅓ hluta hans.

Ekkert varð þó úr þessum framkvæmdum um margra ára skeið. Kennslumálaráðherra mun þó hafa samþykkt uppdrætti af skólahúsi á árinu 1938.

Á árinu 1944 komst skriður á málið, og fékkst þá staður endanlega ákveðinn í Skólavörðuholti. Á fundi bæjarstjórnar Reykjavíkur hinn 21. september það ár var enn fremur samþykkt tillaga um að láta byrja á byggingu fyrir Gagnfræðaskólann í Reykjavík á því ári og veita borgarstjóra heimild til þess að verja allt að kr. 200.000.00 í því skyni. Jafnframt fól bæjarstjórn skólanefnd gagnfræðaskólans að láta ganga frá uppdráttum að væntanlegri byggingu í samráði við borgarstjóra og bæjarráð og að annast annan nauðsynlegan undirbúning.

Með bréfi, dags. 22. september sama ár, tilkynnti borgarstjóri skólanefnd gagnfræðaskólans þessa samþykkt bæjarstjórnar og tók jafnframt fram, að vænzt væri, að nefndin hæfi þegar í stað umræddan undirbúning og gerði síðan tillögur um, hvernig framkvæmd verksins yrði háttað.

Með bréfi, dags. 10. maí 1945, sendi ákærði kennslumálaráðuneytinu nýja uppdrætti af gagnfræðaskólahúsi, sem húsameistari ríkisins hafði gert að beiðni skólanefndar, og óskaði ákærði eftir því fyrir hönd nefndarinnar, að ráðuneytið samþykkti, að byggt yrði hús eftir þessum uppdráttum. Jafnframt beiddist ákærði fyrirmæla um það, hvernig eftirliti með framkvæmd byggingar yrði hagað af hálfu ríkisins.

Menntamálaráðherra svaraði þessu bréfi með bréfi, dags. 2. júní 1955, þar sem hann samþykkir að hefja byggingu gagnfræðaskólahúss samkvæmt uppdráttunum og felur skólanefnd og ákærða að hafa framkvæmd hennar með höndum.

Ákærði hefur borið, að húsameistari ríkisins og yfirvöld bæjarins hafi færzt undan því að hafa umsjón með byggingarframkvæmdum skólahússins og reikningshald þeirra. Varð úr, að skólanefndin fól ákærða að annast hvort tveggja verkið. Kveðst hann hafa tekið þetta að sér, þó að hann hefði ærið nóg að starfa fyrir, vegna þess að hann hafi viljað fyrir alla muni, að byggingarframkvæmdum miðaði áfram. Skólanefnd hafi þó jafnan verið með í ráðum, þar til hún var lögð niður, en eftir það hafi enginn komið í stað hennar að þessu leyti og engin sérstök byggingarnefnd verið skipuð.

Bygging skólahússins hófst svo árið 1945, og flutti skólinn í húsið hálfgert árið 1949, en fullgert var það ekki fyrr en árið 1951 eða 1952.

Ákærði tók við framlögum úr bæjarsjóði og ríkissjóði til byggingarframkvæmdanna og greiddi kostnað þeirra.

Hann hélt eina bók, dagbók eða dálkasjóðbók, þar sem hann kveðst hafa fært tekjur og gjöld byggingarsjóðsins samkvæmt fylgiskjölum.

Sumarið 1953 afhenti hann dagbókina og þau fylgiskjöl, sem hann hafði undir höndum, til endurskoðunardeildar Reykjavíkurbæjar. Var dagbókin þá ekki gerð upp og enginn heildarreikningur fylgdi né yfirlit um skiptingu kostnaðar og greiðslur aðilja. Bókin hefur verið lögð fram í sakadómi, en ekki þingmerkt.

B-liður.

Forstöðumenn endurskoðunardeildar Reykjavíkur og fjármálaeftirlits skóla, þeir Guttormur Erlendsson og Aðalsteinn Eiríksson, hafa athugað framangreind gögn og komizt að því, að ákærði hefur veitt viðtöku til byggingarframkvæmdanna á ári hverju fé, eins og hér segir:

TAFLA NR. XXIX.

Ár:	Úr ríkissjóði:	Úr bæjarsjóði:
1945	kr. 135.545.05	kr. 400.000.00
1946	— 650.000.00	— 380.000.00
1947	— 1.000.000.00	— 900.000.00
1948		— 1.500.000.00
1949	— 200.000.00	— 1.100.000.00
1950	— 250.000.00	— 400.000.00
1951	—	— 250.000.00
	Kr. 2.235.545.05	Kr. 4.930.000.00

Enn fremur hefur ákærði veitt viðtöku vöxtum af bankainnstæðu, kr. 904.78.

Fjárhæðir þessar nema samtals kr. 7.166.449.83.

Fyrsta greiðsla vegna skólabyggingarinnar, sem ákærði tók við, var 1. júlí 1945 úr ríkissjóði, og var það innstæða sparisjóðsbókar nr. 23266 við Útvegsbanka Íslands, kr. 135.545.05 að vöxtum meðtöldum. Seinasta greiðsla vegna skólabyggingarinnar, sem ákærði tók við, var 31. desember 1951 úr bæjarsjóði, kr. 75.000.00. Fyrrgreindir vextir, að fjárhæð kr. 904.78, voru af innstæðu Útvegsbankabókar nr. 23266 árin 1945— 1947, sbr. opnu 2 og 18 í fyrrgreindri dagbók (dálkasjóðbók).

Greidd útgjöld ákærða vegna byggingar gagnfræðaskólahússins eru hins vegar samkvæmt fyrrgreindum gögnum eigi hærri en kr. 6.828.588.01.

Mismunurinn á mótteknu fé og greiddum gjöldum vegna byggingarinnar nemur því kr. 337.861.82.

Ákærði hefur ekkert haft við framangreinda töflu að athuga. Hann hefur kannazt við að hafa tekið við framlögum samtals kr. 4.930.000.00 úr bæjarsjóði og samtals kr. 2.235.545.05 úr ríkissjóði svo og vöxtum af bankainnstæðu kr. 904.78, þ. e. samtals kr. 7.166.449.83 til byggingarframkvæmda skólahússins. Þá hefur hann ekki vefengt, að samkvæmt fyrrgreindum gögnum hefur hann ekki gert grein fyrir hærri fjárhæð sem stofnkostnaði skólahússins en kr. 6.828.588.01, sem er kr. 337.861.82 lægri fjárhæð en hann hefur veitt viðtöku.

Ákærði hefur tekið fram út af þessu, að honum hafi verið það vitanlegt, þegar hann afhenti endurskoðunardeild Reykjavíkurbæjar dagbókina og fylgiskjölin, að þar vantaði þó nokkra fjárhæð til, að gerð væri full grein fyrir þeim fjárhæðum, sem hann hafði fengið úr bæjar- og ríkissjóði til byggingarframkvæmdanna. Það hafi getað verið, að fylgiskjöl, þ. e. reikningar, sem hann var búinn að greiða, hafi glatazt eða eyðilagzt, einkum í brunanum í Franska spítalanum í maí 1949, áður en hann hafði fært þau í dagbókina, og þess vegna hafi ekki öll gjöld verið færð þar til gjalda. Ákærði hefur ekki getað nefnt neitt ákveðið dæmi um fylgiskjöl, sem þannig hefur verið varið um. Ákærði kveðst ekki heldur hafa tilkynnt til bæjaryfirvalda eða menntamálaráðuneytisins um tap eða eyðileggingu fylgiskjala, sem sýndu útlagðan kostnað við byggingu skólans, en ekki höfðu verið færð inn í reikningshald byggingarframkvæmdanna.

Meðal skjala þeirra og skilríkja, sem tekin voru heima hjá

ákærða 4. marz 1955, var sparisjóðsbók nr. 23266 við Útvegsbanka Íslands h.f., skráður eigandi Gagnfræðaskólinn í Reykjavík (Gagnfræðaskólabygging), og sparisjóðsávísanabók (tvær bækur) nr. 5211 við Landsbanka Íslands, skráður eigandi Gagnfræðaskólinn í Reykjavík (Bygging).

Bók nr. 23266 við Útvegsbankann nær frá 29. marz 1939 til 31. desember 1947, en 11. febrúar 1949 er innstæða hennar kr. 1.449.83 flutt í nýja bók nr. 8205 við sama banka. Hinn 27. apríl 1955 var innstæða þeirrar bókar kr. 153.00. Er bókar þessarar áður getið í F-lið III. kafla.

Bók (bækur) nr. 5211 við Landsbankann nær (ná) frá 13. febrúar 1947 til 22. september 1949, en samkvæmt upplýsingum bankans ná viðskiptafærslur bókarinnar til 11. marz 1954, að innstæða hennar er tæmd og bókin eyðilögð. Ákærði hefur notað bók þessa vegna húsbyggingarinnar.

Ákærði kveðst hafa ýmist lagt framlög bæjarsjóðs og ríkissjóðs til skólahúsbyggingarinnar í aðra hvora greindra sparisjóðsbóka eða þá geymt framlögin heima hjá sér. Hann hafi gjarnan haft seinni háttinn á, ef hann vissi um háar fjárhæðir, sem hann þurfti að greiða vegna húsbyggingarinnar, enda hafi sumir viljað heldur fá greiðslur í reiðufé en tékka. Framlög bæjarsjóðs og ríkissjóðs hafi ýmist verið í reiðufé eða tékka, og ef hið síðara var og hann tók framlag með sér heim til sín, hafi hann áður hafið tékkann. Ákærði kveðst hafa jafnan haft heima hjá sér nokkurt reiðufé til að greiða með ýmis útgjöld vegna húsbyggingarinnar. Hann hafi einnig oft haft á sér nokkurt reiðufé í þessu skyni.

Í sakadómi 9. júní 1955 bar ákærði það, að hann hafi þó nokkrum sinnum greitt útgjöld vegna skólabyggingarinnar með tékkum á bankabækur, sem tilheyrðu ekki byggingarsjóði skólahússins, en voru þó eign skólans. Það hafi komið fyrir, að hann hafi lagt framlög til skólabyggingarinnar í þessar bækur skólans, þannig að ekki sé hægt að segja, að meiru hafi verið varið úr þeim til húsbyggingarinnar en í þær var lagt af húsbyggingarframlögum ríkis og bæjar. Segir ákærði, að hann hafi ekki haft glögga aðgreiningu milli húsbyggingarsjóðs og rekstrarsjóðs skólans. Hins vegar kveðst hann hafa gætt þess eftir föngum, að fylgiskjöl sjóðanna væru aðskilin vegna reikningshalds þeirra.

Ákærði minnist þess alls ekki, að hann hafi nokkru sinni varið fé, sem hann tók við hjá bæjarsjóði og ríkissjóði til byggingar hins nýja gagnfræðaskólahúss, til annars en þeirrar framkvæmdar. Þó kunni að vera, að af þessu fé hafi einhvern tíma verið

greidd einhver rekstrarútgjöld skólans, en hann man þó ekki eftir neinum ákveðnum dæmum. Hann minnist þess alls ekki að hafa varið nokkru fé, sem átti að fara til húsbyggingarinnar, til kaupa á verðbréfum eða til lánveitinga. Sjá hins vegar síðar í VI. kafla.

Eins og áður hefur verið tekið fram í II. kafla hér að framan, gekk Reykjavíkurbær eftir því í september 1954, að gerður yrði upp byggingarkostnaður skólahússins. Varð það til þess, að ákærði gaf hinn 20. september það ár út skuldabréf til bæjarsjóðs, að fjárhæð kr. 337.861.82, og fylgdi bréfinu 2. veðréttur í húsi hans að Vitastíg 8 A, hér í bæ. Hefur ákærði haldið því fram, að hann hafi alls ekki með útgáfu skuldabréfsins rýrt rétt sinn til að fá breytt endanlegu uppgjöri sínu við bæjarsjóð út af byggingarframkvæmdum skólahússins.

C-liður.

Skólanefnd samþykkti, að ákærði fengi þóknun fyrir að hafa á hendi umsjón með byggingarframkvæmdum skólahússins og reikningshald þeirra. Nefndarmenn muna ekki, hve há þóknunin var, en ákærði kveður, að hún hafi verið um kr. 3.000.00 á ári auk dýrtíðaruppbótar. Greiðslur þessar færði ákærði ekki sem kostnað við byggingu skólahússins heldur sem rekstrarútgjöld skólans, og voru þær eins og hér segir:

TAFLA NR. XXX.

30.	desember	1947	Umsjón	og	aukavinna	kr. 11.727.50
31.	—	1948	—	—	—	— 9.000.00
31.	—	1949	—	—	—	— 9.000.00
					Samtals	kr. 29.757.50

Ákærði kveðst hafa litið svo á, að þessa þóknun, samtals kr. 29.757.50, bæri ekki að skoða sem fullnaðargreiðslu, heldur nánast sem greiðslu upp í útlagðan kostnað hans vegna byggingarinnar, en endanleg þóknun hans yrði ákveðin síðar.

Telur ákærði sig eiga rétt á frekari þóknun fyrir umsjón og reikningshald byggingarframkvæmdanna, eða samtals fjárhæð, er nemi 2% af byggingarkostnaði skólahússins, þ. e. um kr. 140.000.00. Enn fremur telur hann sig eiga rétt á að fá endurgreiðslu á kostnaði sínum vegna mikillar notkunar einkabifreiðar sinnar R-152 í þágu byggingarframkvæmdanna, um kr. 15.000.00 á ári í 6 ár, þ. e. samtals um kr. 90.000.00.

Ákærði hefur þó ekki viljað fullyrða, að talað hafi verið milli skólanefndar og hans um frekari greiðslur til hans en áður greinir, samtals kr. 29.757.50.

Ákærði kveðst hafa um sumarið 1954 talað við bæjaryfirvöld Reykjavíkur og menntamálaráðuneytið um, að hann fengi frekari þóknun fyrir starf sitt við byggingarframkvæmdir skólahússins, en ekki nefnt neina ákveðna fjárhæð. Þá hafi hann um veturinn 1954—1955 ritað þessum aðiljum bréf um málið, sbr. II. kafla hér að framan.

Ákærði segir, að fyrrgreindir aðiljar hafi aldrei samþykkt að greiða honum frekari þóknun fyrir umsjón og reikningshald byggingarframkvæmdanna og fyrir áhættu við að hafa fjárreiður þeirra á hendi eða fyrir not einkabifreiðar sinnar í þágu byggingarframkvæmdanna. Hann kveðst þó ætíð hafa trúað því, að þessir aðiljar myndu við lokauppgjör framkvæmdanna samþykkja viðbótargreiðslur til hans.

D-liður.

Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins hefur gert yfirlit um byggingarsjóð að viðbættum raunverulegum vöxtum af eignum hans, en að frádregnum þeim eignum, sem afhentar hafa verið samkvæmt framansögðu:

Yfirlitið er þannig:

TAFLA NR. XXXI.

Sjóður, sem veðskuldabréf var út gefið fyrir til bæjarsjóðs Reykjavíkur	kr.	337.861.82
Ófærðir vextir af sparisjóðsbók nr. 23266 og síðar sparisjóðsbók nr. 8205 frá 1. janúar 1948 til 31. desember 1954	—	103.17
Ófærðir vextir af sparisjóðsbók nr. 5211 árin 1947—1953 (vextir árið 1947 áður taldir með rekstrarsjóði, en nú yfirfærðir á byggingarsjóð)	—	2.902.58
	—	340.867.57
Innstæður í sparisjóðsbók nr. 8205 nú yfirfært af rekstrarsjóði á byggingarsjóð sem eign	—	153.00
Alls sjóðvöntun í byggingarsjóð	kr.	340.714.57

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið hér að framan í þessum

kafla, sbr. II. kafla, verður þetta yfirlit endurskoðunardeildar fjármálaráðuneytisins í töflu nr. XXXI lagt til grundvallar í málinu.

Sjóðvöntun verður talin hefjast 1. júlí 1945, þegar ákærði tók við fyrstu greiðslu vegna hinnar nýju skólabyggingar.

VI. KAFLI.

Rannsókn málsins hefur beinzt mjög að því að reyna að upplýsa það, hvað orðið hefur af því fé, sem vantar í sjóði Gagnfræðaskólans í Reykjavík (Austurbæjar), þ. e. samtals kr. 839.771.08 að meðtöldum raunverulegum vöxtum, samkvæmt því sem rakið hefur verið í III.—V. kafla hér að framan.

Hefur við þá rannsókn einkum verið stuðzt við skjöl og skilríki, sem tekin voru heima hjá ákærða 4. marz 1955 og sýna margvíslegar fjárgreiðslur og útgjöld hans.

Þykir rétt að greina á milli A) fjárgreiðslna eða fjárafhendinga ákærða til Alþýðuprentsmiðjunnar h.f., B) lánveitinga ákærða til starfsmanna Alþýðuprentsmiðjunnar h.f., kennara gagnfræðaskólans og frænda hans, C) fjárgreiðslna ákærða til eða vegna sona hans Lárusar og Jóns og D) greiðslna ákærða á öðrum einkaútgjöldum sínum.

A-liður.

Meðal skjala þeirra, sem tekin voru heima hjá ákærða 4. marz 1955, var reikningsyfirlit varðandi Alþýðuprentsmiðjuna h.f., dskj. nr. 22, svohljóðandi:

TAFLA NR. XXXII.

Alþýðuprentsmiðjan h.f.

1945 1/1	Saldo	20.304.56
Apríl	Lán	10.000.00
1946 1/1	.....	30.304.56
16/11 '45	F. f. á. til kaupa á pressu	10.000.00
8/2	Lánað	15.000.00
22/3	Do.	8.000.00
17/4	Do.	20.000.00
15/5	Do.	15.000.00
6/7	Do.	15.000.00
8/8	Do. v/Alþbl.	40.000.00

4/8	Lánað prentsm.		20.000.00
31/8	Do.		7.000.00
21/9	Do.		15.000.00
4/10	Do.		20.000.00
5/11	Do.		18.000.00
8/11	Do.		10.000.00
22/11	Do. til kaupa á pressu		90.000.00
13/2	Do.		20.000.00
1947			
13/2	Endurgreitt lán		
	til pressu	100.000.00	
		Saldo	253.304.56
		Flutt	253.304.56
1947			
14/1	Lán		50.000.00
9/4	Do.		30.000.00
2/5	Do. 15000/-, 29/5 10000/- ..		25.000.00
27/6	Do.		10.000.00
20/7	Do.		15.000.00
1/8	10000/-, 5/8 15000/-,		
	22/8 20000/-		45.000.00
11/9	10000/-, 14/9 7000/-		17.000.00
3. og			
8/10	16000/-, 10/10 10000/-		26.000.00
16/10	30000/-		30.000.00
11/11	30000/-		30.000.00
			531.304.56
29/12	Endurgreitt	83.416.00	
		447.888.56	

Enn fremur voru meðal þeirra skjala, sem tekin voru heima hjá ákærða, eftirtaldar 48 kvittanir (lánsviðurkenningar) Alprentsmiðjunnar h. f. fyrir fjárgreiðslum eða fjárafhendingum frá ákærða, en með dálítið breytilegu orðalagi, sbr. kvittanir í umslagi þingmerktu nr. 21:

TAFLA NR. XXXIII.

1)	kvittun	dags.	6. marz	1944	að fjárhæð	kr.	9.000.00
2)	—	—	6. apríl	1945	—	—	10.000.00

3)	kvittun	dags.	16.	nóvember	1945	að	fjárhæð	kr. 10.000.00
4)	—	—	8.	marz	1946	—	—	— 15.000.00
5)	—	—	22.	—	1946	—	—	— 8.000.00
6)	—	—	17.	apríl	1946	—	—	— 20.000.00
7)	—	—	5.	maí	1946	—	—	— 15.000.00
8)	—	—	6.	júlí	1946	—	—	— 15.000.00
9)	—	—	4.	ágúst	1946	—	—	— 20.000.00
10)	—	—	31.	ágúst	1946	—	—	— 7.000.00
11)	—	—	21.	september	1946	—	—	— 15.000.00
12)	—	—	4.	október	1946	—	—	— 20.000.00
13)	—	—	5.	nóvember	1946	—	—	— 18.000.00
14)	—	—	8.	—	1946	—	—	— 10.000.00
15)	—	—	22.	—	1946	—	—	— 90.000.00
16)	—	—	13.	desember	1946	—	—	— 20.000.00
17)	—	—	14.	janúar	1947	—	—	— 50.000.00
18)	—	—	9.	apríl	1947	—	—	— 30.000.00
19)	—	—	2.	maí	1947	—	—	— 15.000.00
20)	—	—	29.	—	1947	—	—	— 10.000.00
21)	—	—	27.	júní	1947	—	—	— 10.000.00
22)	—	—	20.	júlí	1947	—	—	— 15.000.00
23)	—	—	1.	ágúst	1947	—	—	— 10.000.00
24)	—	—	5.	—	1947	—	—	— 15.000.00
25)	—	—	22.	ágúst	1947	—	—	— 20.000.00
26)	—	—	11.	september	1947	—	—	— 10.000.00
27)	—	—	14.	—	1947	—	—	— 7.000.00
28)	—	—	3. og 8.	okt.	1947	—	—	— 16.000.00
29)	—	—	10.	október	1947	—	—	— 10.000.00
30)	—	—	16.	—	1947	—	—	— 30.000.00
31)	—	—	11.	nóvember	1947	—	—	— 30.000.00
32)	—	—	24.	marz	1948	—	—	— 10.000.00
33)	—	—	13.	apríl	1948	—	—	— 10.000.00
34)	—	—	19.	—	1948	—	—	— 10.000.00
35)	—	—	3.	júní	1948	—	—	— 20.000.00
36)	—	—	18.	—	1948	—	—	— 20.000.00
37)	—	—	16.	júlí	1948	—	—	— 20.000.00
38)	—	—	12.	ágúst	1948	—	—	— 20.000.00
39)	—	—	3.	september	1948	—	—	— 10.000.00
40)	—	—	29.	október	1948	—	—	— 10.000.00
41)	—	—	29.	—	1948	—	—	— 75.000.00
42)	—	—	24.	nóvember	1948	—	—	— 7.000.00
43)	—	—	20.	desember	1948	—	—	— 20.000.00

44)	kvittun	dags.	7. janúar	1949	að fjárhæð	kr.	20.000.00
45)	—	—	19. maí og				
46)	—	—	28. júní	1950	—	—	13.000.00
47)	—	—	28. —	1950	—	—	30.000.00
48)	—	—	12. október	1950	—	—	15.000.00
						Samtals	kr. 890.000.00

Ákærði kveðst hafa ritað yfirlitið í töflu nr. XXXII og sýni það, hverjar fjárhæðir hann hefur afhent til Alþýðuprentsmiðjunnar h.f. á þeim tíma, sem það tekur til, og hverjar endurgreiðslur þeirra hafa verið á sama tíma. Kveður hann, að lán þau, sem í yfirlitinu eru talin, séu algerlega óviðkomandi fjármálum gagnfræðaskólans eða sjóðum hans.

Ákærði hefur borið það, að hann hafi verið formaður stjórnar Alþýðuprentsmiðjunnar h.f. frá stofnun hennar árið 1939. Prentsmiðjuna hafi oft skort rekstrarfé, jafnvel fé til greiðslu allra nauðsynlegustu útgjalda. Vitnið Jóhannes Zoëga Magnússon prentsmiðjustjóri hafi síðan á árinu 1945 snúið sér oft til ákærða, þegar prentsmiðjuna skorti fé. Hafi ákærða oft tekizt að afla fjár, en þó stundum ekki fyrr en að nokkrum tíma liðnum, og hafi hann jafnan afhent vitninu Jóhannesi Zoëga féð. Heldur ákærði, að hann hafi ekki afhent fé til prentsmiðjunnar nema samkvæmt beiðni vitnisins Jóhannesar Zoëga hverju sinni. Fé þetta hafi verið framlög, sem ákveðnir menn, félög og stofnanir hafi látið af hendi rakna til prentsmiðjunnar. Kveðst ákærði þá í rauninni ekki hafa verið annað en milligöngumaður um afhendingu fjárins, en hann hefur þráspurður færzt undan því að tilgreina, hverjir þessir menn, félög og stofnanir hafa verið.

Ákærði kveðst hafa afhent vitninu Jóhannesi Zoëga mismunandi háar fjárhæðir hverju sinni, og hafi þær verið þetta frá 5, 10, 20 og 30 þúsund krónur og stundum jafnvel hærri, og oftar verið í reiðufé en í tékka. Enn fremur sé hugsanlegur möguleiki á því, að hann hafi tekið á móti reiðufé, en greitt vitninu Jóhannesi Zoëga út með tékka. Hefði þá tékkinn getað verið gefinn út hvort heldur væri á tékkabók ákærða eða jafnvel á tékkabók gagnfræðaskólans. Ákærði hefur verið beðinn um að skýra það nánar, hvernig þetta hefði getað komið til. Hefur hann þá nefnt það sem hugsanlegan möguleika, að hann hefði haft í vasa sínum ákveðna fjárhæð, sem hann hefði fengið í hendur

til þess að hann afhenti hana til prentsmiðjunnar. Áður en hann hefði afhent fjárhæðina, hefði hann verið krafinn um greiðslu á reikningi gagnfræðaskólans, en hann þá ekki haft á sér tékkhefti eða annað fé en fyrrgreinda fjárhæð. Hann hefði þá tekið þann kost að greiða reikninginn af eða með þeirri fjárhæð, sem hann var með, en síðan hefði hann staðið skil á fjárhæðinni til prentsmiðjunnar með því að afhenda vitninu Jóhannesi Zoëga tékka á bók skólans sömu fjárhæðar.

Ákærði kveður vitnið Jóhannes Zoëga hafa jafnan gefið honum kvittun fyrir þeirri fjárhæð, sem hann afhenti því til prentsmiðjunnar, og hafi hann fengið kvittanirnar til málamynda til að sýna, að hann hefði skilað af sér fjárhæðunum til prentsmiðjunnar. Kvittanirnar í töflu nr. XXXIII séu einmitt þessar kvittanir. Ákærði hefur tekið fram, að þó að í þeim segi, að hann hafi lánað prentsmiðjunni fjárhæðirnar, hafi venjulega alls ekki verið um lán að ræða og venjulega hafi hann ekki talað um, að hann vildi fá fjárhæðirnar endurgreiddar. Þó muni það hafa komið nokkrum sinnum fyrir, að hann hafi fengið einstakar fjárhæðir að láni hjá einstaklingum, félögum eða öðrum aðiljum og þá lofað að sjá um endurgreiðslu þeirra. Í þeim tilfellum hafi hann krafið vitnið Jóhannes Zoëga um og fengið endurgreiðslu fjárins.

Það, sem nú var greint, var framburður ákærða í sakadómi 11. og 13. júní 1955. Þá skýrði hann einnig frá því, að hann vissi ekki til þess, að fé það, sem hann afhenti til prentsmiðjunnar samkvæmt framansögðu, hefði verið hans eigið fé eða gagnfræðaskólans, a. m. k. hefði það þá ekki verið viljandi gert.

Framburður vitnisins Jóhannesar Zoëga Magnússonar er efnislega samhljóða framangreindum framburði ákærða. Vitnið kveður, að fjárgreiðslur ákærða til prentsmiðjunnar hafi ýmist verið í reiðufé eða í tékka á Landsbanka Íslands. Þá hafi vitnið ráðið því, að í kvittununum fyrir viðtöku fjárgreiðslnanna, sbr. XXXIII. töflu, voru þær taldar vera lán frá ákærða. Vitnið kveðst aldrei hafa spurt ákærða að því, hvaðan umrætt fé væri, en það hafi jafnan verið sannfært um, að allt væri í lagi með það. Venjulega hafi ákærði ekki talað um, að prentsmiðjan þyrfti að endurgreiða honum féð, en þó hafi það komið fyrir um tiltekna fjárupphæð, og þá hafi vitnið séð um endurgreiðslu hennar.

Fram hefur verið lagður í málinu viðskiptareikningur ákærða hjá Alþýðuprentsmiðjunni h.f. á tímabilinu frá ársbyrjun 1949 til byrjunar árs 1955, þar sem prentsmiðjan hefur fært fyrrgreindar

fjárgreiðslur eða fjárafhendingar ákærða til hennar og endurgreiðslur þeirra, en þó einnig nokkrar aðrar greiðslur ákærða eða í sambandi við hann (dskj. nr. 43).

Í reikningnum eru meðal annars þessar færslur:

TAFLA NR. XXXIV.

1949	Jan.	1.	Pr.	Saldo f. f. á.		212.000.00
	—	31.	—	Lán		20.000.00
	Marz	31.	—	—		10.000.00
	Júní	10.	—	—		20.000.00
	Ágúst	24.	—	—		10.000.00
1950	Maí	31.	—	—		13.000.00
	Júní	30.	—	—		30.000.00
	Des.	21.	An.	Endurgr. ...	39.000.00	
1951	Marz	25.	Pr.	Lán		9.000.00
	Des.	31.	An.	Endurgr. ...	5.949.50	
1953	Apríl	17.	Pr.	Lán		4.000.00
1955	Jan.	1.	—	Inneign f. f. á.		317.923.75

Í sakadómi 27. júní 1955 hefur ákærði ekki vefengt að hafa afhent til prentsmiðjunnar fjárhæðir þær, sem taldar eru vera lán í viðskiptareikningi þessum, en vísar um þær að öðru leyti til framburða sinna í dóminum 11. og 13. sama mánaðar út af fyrrgreindum fjárafhendingum hans til prentsmiðjunnar, sbr. töflur nr. XXXII og nr. XXXIII.

Þá kveðst ákærði hafa oft sagt við vitnið Jóhannes Zoëga Magnússon, um leið og hann afhenti því umræddar fjárhæðir, að þeir, sem þær legðu fram, ætluðust til þess að þær færu til að greiða skuld Alþýðublaðsins við prentsmiðjuna, og því hafi prentsmiðjan vafalaust fært meginhluta þeirra sem greiðslu upp í skuld þess blaðs við hana og inneign ákærða hjá henni þá lækkað að sama skapi. Hér sé einkum að finna skýringuna á þeim mun, sem er á samanlagðri fjárhæð kvittananna í töflu nr. XXXIII og talinni inneign ákærða hjá prentsmiðjunni í ársbyrjun 1949 í töflu nr. XXXIV. Vitnið Jóhannes Zoëga kveður, að þetta geti verið alveg rétt hjá ákærða, þó að það muni ekkert nánar um það mál.

Þá voru teknar heima hjá ákærða 4. marz 1955 tvær einkabókhaldsbækur hans, dskj. nr. 185—186, sbr. nánar um þær í F-lið þessa kafla. Á 37. (öftustu) blaðsíðu dskj. nr. 186 er blýantsritað yfirlit svohljóðandi:

TAFLA NR. XXXIV A.

1946	6/8	Alþbl		40.000.00	
1947	31/12	Alþprsm netto		447.888.56	
	30/4	Endurgr.			50.000.00
1948		Viðbót		232.000.00	
		Endurgr.			34.239.27
1949		Viðbót		75.000.00	
1950		Viðbót Saldo	714.649.29	6.000.00	

Ákærði kveðst hafa gert þetta yfirlit með því að taka saman fjárhæðir þeirra kvittana frá Alþýðuprentsmiðjunni h.f., sem lagðar hafa verið fram í málinu, sbr. dskj. nr. 21 og 22 og töflur nr. XXXII og XXXIII.

Í sambandi við töflu nr. XXXIV A hefur endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins tekið sérstaklega fram, að fyrsti liður hennar, kr. 40.000.00, sé innifalinn í öðrum lið, kr. 447.888.56, og því tvítalinn, og að seinasti liðurinn sé misritaður kr. 6.000.00 fyrir kr. 4.000.00.

Enn fremur fundust eftirtalin skjöl og skilríki heima hjá ákærða í umrætt skipti:

TAFLA NR. XXXV.

1) 2 ávísanabækur nr. 200 við Útvegsbanka Íslands h.f., dskj. nr. 48—49. Enn fremur 5 tékkhefti á þessar bækur með samtals 125 tékkastofnum frá tímabilinu 12. október 1945 til 16. júlí 1954, dskj. nr. 50—54. Eigandi: rekstrarsjóður gagnfræðaskólans, sbr. D-lið III. kafla hér að framan.
2) Ávísanabók nr. 2541 við Landsbanka Íslands, dskj. nr. 57. Enn fremur 2 tékkhefti á bók þessa með samtals 33 tékkastofnum frá tímabilinu 20. desember 1946 til 13. janúar 1949, dskj. nr. 58—59. Eigandi: rekstrarsjóður gagnfræðaskólans, sbr. D-lið í III. kafla hér að framan.
3) 2 ávísanabækur nr. 5211 við Landsbanka Íslands, dskj. nr. 61—62. Enn fremur 12 tékkhefti á þessar bækur með samtals 295 tékkastofnum frá tímabilinu 5. marz 1947 til 19. febrúar 1952, dskj. nr. 63—74. Eigandi: byggingarsjóður gagnfræðaskólans, sbr. B-lið í V. kafla hér að framan.

Þá hefur Útvegsbanki Íslands látið dóminum í té 30 tékka á greinda bók nr. 200 við þann banka og Landsbanki Íslands látið

dóminum í té 67 tékka á greindar bækur nr. 2541 og nr. 5211 við þann banka. Rannsókn þessara 97 tékka og 453 tékkastofna leiðir í ljós, að ákærði hefur gefið út eftirtalda tékka á greindar bækur til Alþýðuprentsmiðjunnar h.f.:

TAFLA NR. XXXVI.

17. apríl	1946:	á	Útvegsbankabók	nr. 200	kr.	20.000.00
3. maí	1946:	-	——	— 200	—	15.000.00
21. september	1946:	-	——	— 200	—	15.000.00
4. október	1946:	-	——	— 200	—	10.000.00
9. apríl	1947:	-	Landsbankabók	— 2541	—	20.000.00
2. maí	1947:	-	——	— 2541	—	15.000.00
29. —	1947:	-	——	— 5211	—	10.000.00
21. júlí	1947:	-	——	— 5211	—	15.000.00
1. ágúst	1947:	-	——	— 5211	—	10.000.00
22. —	1947:	-	——	— 5211	—	20.000.00
11. september	1947:	-	——	— 5211	—	10.000.00
16. —	1947:	-	——	— 5211	—	7.000.00
8. október	1947:	-	——	— 5211	—	10.000.00
10. —	1947:	-	——	— 5211	—	10.000.00
16. —	1947:	-	——	— 5211	—	30.000.00
11. nóvember	1947:	-	——	— 5211	—	30.000.00
13. apríl	1948:	-	——	— 5211	—	10.000.00
17. —	1948:	-	——	— 5211	—	10.000.00
18. júní	1948:	-	——	— 5211	—	20.000.00
16. júlí	1948:	-	——	— 5211	—	20.000.00
28. september	1948:	-	——	— 5211	—	5.000.00
7. október	1948:	-	——	— 5211	—	20.000.00
26. nóvember	1948:	-	——	— 5211	—	7.000.00
20. desember	1948:	-	——	— 5211	—	20.000.00
14. ágúst	1948:	-	——	— 5211	—	20.000.00
1. apríl	1949:	-	——	— 5211	—	10.000.00
27. júlí	1949:	-	Útvegsbankabók	— 200	—	5.000.00
23. ágúst	1949:	-	Landsbankabók	— 5211	—	10.000.00
19. maí	1950:	-	Útvegsbankabók	— 200	—	13.000.00
17. marz	1951:	-	Landsbankabók	— 5211	—	9.000.00

Samtals kr. 426.000.00

Enn fremur hefur ákærði gefið út til Alþýðuprentsmiðjunnar

h.f. 8 tékka, samtals að fjárhæð kr. 105.000.00, á sparisjóðsávísanabækur nr. 2403 við Útvegsbanka Íslands h.f. og nr. 692 við Landsbanka Íslands, sem báðar eru skráðar á nafn ákærða sjálfs, sbr. nánar töflu XLII og E-lið síðar í þessum kafla.

Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins hefur talið, að samkvæmt því, sem næst verður komizt eftir gögnum málsins, hafi fjárafhendingar ákærða til Alþýðuprentsmiðjunnar h.f. á tímabilinu 1944—1954, að þeim árum meðtöldum, numið samtals kr. 1.097.324.26. Nánar sundurliðar endurskoðunardeildin fjárhæð þessa þannig:

„Þessi fjárhæð hefur greiðzt á þenna hátt:

Skuld 6/3 1944	kr.	11.304.56
með reiðufé, 20 afhendingar	—	472.000.00
með ávísunum, 42 afhendingar	—	614.019.70
	Kr.	1.097.324.26

Fjárafhendingar hafa verið alls 62. Lætur nærri, að á móti hverri afhendingu, sem greidd var í reiðufé, komi tvær, sem greiddar voru með ávísunum.

Fjárafhendingar, sem greiddar voru með ávísunum, skiptast þannig á bankabækur:

Ávísanir á innstæður:

Rekstrarsjóðs:	2 að tölu	Landsb. 2541	35.000.00
——	8 að tölu	Útvegsb. 200	113.000.00
Byggingarsjóðs:	22 að tölu	Landsb. 5211	313.000.00
Einkabækur I.J.:	5 að tölu	Landsb. 692	67.045.30
——	6 að tölu	Útvegsb. 2403	85.974.40
	43 afhendingar		kr. 614.019.70

Hér dregst frá 1, þar sem 2 ávísanir voru fyrir sömu fjárafhendingu (4/10 1946).“ Dskj. nr. 191, bls. 62.

B-liður.

Eins og fram kemur í VIII.—XIII. kafla, hefur ákærði veitt nokkrum kennurum Gagnfræðaskólans í Reykjavík (Austurbæjar), starfsmönnum Alþýðuprentsmiðjunnar h.f. og frænda sín-

um peningalán. Verður þar rætt nánar um lán þessi, þar á meðal um heimild ákærða til að veita þau og hvaða fé lánað hefur verið, svo og um endurgreiðslur þeirra.

Fram kemur í málinu, að ákærði hefur gefið út eftirtalda tékka vegna lána þessara:

TAFLA NR. XXXVII.

5. marz	1947:	á Landsbankabók	nr.	5211	kr.	40.000.00
4. maí	1947:	- ——	—	5211	—	110.000.00
17. —	1947:	- ——	—	5211	—	25.000.00
18. júní	1948:	- ——	—	5211	—	10.000.00
					Samtals kr.	185.000.00

Enn fremur hefur ákærði gefið út vegna þessara lána tékka á Útvegsbankabók nr. 2403, að fjárhæð kr. 25.000.00, sbr. nánar töflu nr. XLII og E-lið síðar í þessum kafla.

C-liður.

Fram hefur komið í málinu, að ákærði hefur innt af hendi ýmsar fjárgreiðslur vegna sona sinna Lárusar og Jóns, en þó einkum vegna hins fyrrnefnda. Verða þessar greiðslur nú raktar í stórum dráttum.

1) Eins og nánar verður rakið og rökstutt í VII. kafla hér síðar, verður að telja, að rekstur bifreiðarinnar R 2296, skráðrar eignar Gagnfræðaskólans í Reykjavík, hafi verið í þágu Lárusar og ákærða sjálfs, en rekstrarhalli bifreiðarinnar var færður í desember 1945 til gjalda í sjóðbók rekstrarsjóðs gagnfræðaskólans, kr. 54.051.20.

2) Lárus var eigandi bifreiðarinnar R 236 frá 21. desember 1944 til 15. apríl 1946, en Jón bróðir hans frá þeim tíma til ársloka 1948. Kveðst ákærði hafa hjálpað þeim til að festa kaup á bifreiðinni í því skyni, að hún yrði atvinnutæki fyrir þá, og hafi þeir síðan ekið henni frá bifreiðarstöð.

Meðal skjala þeirra, sem tekin voru heima hjá ákærða 4. marz 1955, var stofn- og viðgerðarkostnaðarreikningur þessarar bifreiðar, dskj. nr. 166. Samkvæmt þeim reikningi var stofnframlag ákærða til bifreiðarkaupanna kr. 37.000.00, auk þess sem hann greiddi ýmsan rekstrar- og viðgerðarkostnað bifreiðarinnar, en á móti fékk hann nokkrar endurgreiðslur. Telur endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins, að skuld bræðranna við ákærða af

þessum sökum hafi numið um hver áramót eins og hér segir: Í árslok 1944 kr. 37.000.00, í árslok 1945 kr. 31.500.00, í árslok 1946 kr. 46.133.24, í árslok 1947 kr. 51.258.24 og í árslok 1948 kr. 54.051.24.

Ákærði kveðst hafa ritað efni dskj. nr. 166, og hefur hann staðfest efni þess og ekkert haft við framangreinda niðurstöðu endurskoðunardeildarinnar að athuga. Hann kveðst ekki muna, hvaðan honum komu 37 þúsund krónurnar til bifreiðarkaupanna, en það hafi ekki verið, að minnsta kosti honum vitanlega, fé gagnfræðaskólans. Ákærði kveðst hafa viljað komast hjá því að eiga fyrrgreinda skuld hjá sonum sínum, og því hafi hann tekið það til bragðs að láta hvorn þeirra fá kr. 20.000.00 sem fyrirframgreiðslu upp í arf eftir hann og skuldin látin hverfa með þeim hætti.

Jón Ingimarsson lögfræðingur, Vitastíg 8 A, hér í bæ, sonur ákærða, sem yfirheyrður var í sakadómi sem kærður, hefur borið það, að ákærði hafi hjálpað honum og Lárusi bróður hans til að kaupa umrædda bifreið og hafi ákærði séð um greiðslu kaupverðs hennar, kr. 37.000.00, en e.t.v. hafi hann (Jón) lagt fram einhvern hluta þess. Jón kveðst minnast þess, að fyrir lok ársins hafi hann greitt ákærða kr. 8.500.00 upp í kaupverðið, þó að þess sé ekki getið á dskj. nr. 166, en hefur ekkert annað sérstakt við efni þess skjals að athuga. Hann kveður, að bifreiðin hafi verið seld í árslok 1948 fyrir kr. 20.000.00, og hafi ákærði haldið þeirri fjárhæð og enn fremur látið skuld þeirra bræðra við hann vegna bifreiðarinnar falla niður með fyrirframgreiðslu upp í arf, kr. 20.000.00 til hvors þeirra.

Lárus Ingimarsson, sonur ákærða, sem einnig var yfirheyrður í sakadómi sem kærður, hefur borið það, að ákærði hafi hjálpað honum og Jóni bróður hans til að eignast umrædda bifreið, en hann muni ekki, hvert var kaupverð hennar eða hvort ákærði lagði það allt fram. Hann muni heldur ekki, hvort ákærði lagði út nokkurt fé til rekstrar bifreiðarinnar eða hvort eða hvernig þeir bræður hafi endurgreitt honum útgjöld vegna hennar. Bifreiðin hafi að nokkrum tíma liðnum verið seld, en hann geti ekki borið um atvik að því. Aðspurður kveður Lárus, að ákærði muni hafa látið hann einhverntíma fá 10—20 þúsund krónur upp í arf, en hann geti ekki sagt um, hvort sú greiðsla hafi verið fólgin í því að kvitta skuld hans við ákærða vegna umræddrar bifreiðar.

Samkvæmt vottorði borgarfógetans í Reykjavík, dags. 25.

ágúst 1956, hafa ákærði og kona hans hinn 22. desember 1949 greitt þeim Lárusi og Jóni fyrirfram upp í arf kr. 20.000.00 til hvors, sbr. dskj. nr. 206.

3) Rannsókn fyrrgreindra tékka og tékkhefta (tékkstofna) á ávísanabækur nr. 200 við Útvegsbanka Íslands h.f. og nr. 2541 og 5211 við Landsbanka Íslands, sbr. A-lið í þessum kafla, hefur leitt í ljós, að ákærði hefur gefið út vegna Lárusar eftirtalda tékka á bækur þessar:

TAFLA NR. XXXVIII.

11. marz	1947:	á Útvegsbankabók	nr.	200	kr.	1.161.05
21. apríl	1947:	- Landsbankabók	—	2541	—	3.751.00
25. —	1947:	- ——	—	5211	—	28.400.00
25. —	1947:	- ——	—	5211	—	28.400.00
5. maí	1947:	- ——	—	2541	—	6.500.00
6. —	1947:	- ——	—	2541	—	5.000.00
16. —	1947:	- ——	—	2541	—	41.651.04
17. júní	1947:	- ——	—	2541	—	15.925.00
7. október	1949:	- ——	—	5211	—	5.760.00
16. júlí	1954:	- Útvegsbankabók	—	200	—	1.000.00
				Samtals	kr.	137.548.09

Fyrsti tékkinn, kr. 1.161.05, í töflu nr. XXXVIII er viðgerðarkostnaður bifreiðarinnar R 3611, sem var eign Lárusar Ingimarssonar. Annar tékkinn, kr. 3.751.00, mun vera innheimtukostnaður. Áttundi tékkinn, kr. 15.925.00, er hluti af kaupverði bifreiðarinnar R 3611. Níundi tékkinn, kr. 5.760.00, er kaupverð á sultu vegna efnagerðarinnar „Vals“, sem var eign Lárusar Ingimarssonar, og tíundi tékkinn, kr. 1.000.00, er vegna víxils sama Lárusar.

Þriðji til sjöundi tékkinn í töflunni, samtals að fjárhæð kr. 109.951.04, eru gefnir út vegna kaupa Lárusar á verzluninni „Goðaborg“, hér í bæ, og vörubirgðum til hennar. Ákærði hefur þó tekið sérstaklega fram í sambandi við sjöunda tékkann, að hann hafi ekki átt að vera lán til handa Lárusi, því að um sama leyti hafi ákærði tekið við söluverði íbúðar, sem Lárus hafi átt og selt. Verð hennar hafi verið milli 70—80 þúsund krónur, að því er hann minnir, og hafi hann blandað því saman við annað fé, sem hann hafði undir höndum, en aðeins haldið því reikningslega aðskildu frá öðru fé. Ákærði kveðst svo hafa iðulega tekið

við tekjum verzlunarinnar og greitt útgjöld hennar. Framburður Lárusar um þetta efni er í samræmi við þenna framburð ákærða, en hann kveður þó, að söluverð íbúðarinnar hafi verið 89 þúsund krónur, og af því 60 þúsund krónur í reiðufé, en afgangurinn innstæða bankabókar, sem hafi verið með 5 eða 10 ára uppsagnarfresti. Kaupandi íbúðarinnar, vitnið Böðvar Pétursson kennari, Háteigsvegi 13, hér í bæ, kveður, að söluverðið hafi verið milli 80—90 þúsund og allt greitt í reiðufé. Þá kveðst ákærði einnig hafa tekið við andvirði bifreiðar, sem Lárus hafi átt og selt. Verzlunin „Goðaborg" var seld aftur 10. febrúar 1948, og tók ákærði við andvirðinu, og má vera, að hann hafi þá fengið endurgreitt nokkuð af hinu útlagða fé vegna verzlunarinnar, en ekki er vitað, hvert söluverðið var, en það mun að hluta hafa verið í skuldabréfum, tryggðum í bifreiðum.

4) Þá voru meðal skjala þeirra, sem tekin voru heima hjá ákærða 4. marz 1955, blekrituð yfirlit yfir útlagðar og innlagðar greiðslur vegna Lárusar árin 1949—1951, dskj. nr. 100, 101, 103 og 105. Niðurstöðutölur yfirlitanna eru ritaðar með blýanti og eru þessar:

TAFLA NR. XXXIX.

	Úttekið:	Innlagt:
Árið 1949, dskj. nr. 100—101	128.682.94	30.163.81
— 1950, — — 103	48.691.79	25.502.32
— 1951, — — 105	62.579.97	33.481.97
Samtals kr.	239.954.70	89.148.10
	89.148.10	
Mismunur kr.	150.806.60	

Hæsta fjárhæðin, sem greidd hefur verið, er innleystur víxill í Útvegsbanka Íslands h.f. 25. september 1949, kr. 40.000.00.

Neðst á yfirlitinu er ritað með blýanti:

(1949, dskj. nr. 101) ..... Mismunur 96.519.13
+ 2.000.00
(1950, — — 103) ..... Mism. 23.189.47
(1951, — — 105) ..... Halli 29.098.00

Samtals nema upphæðir þessar kr. 150.806.60.

Enn fremur hefur verið ritað með blýanti á yfirlitið 1951, dskj. nr. 105:

1949 = 96.519.13
1950 = 23.189.47
1951 = 29.098.00

Ákærði kveðst hafa ritað yfirlitin á dskj. nr. 100—101, 103 og 105, og efast hann ekki um að hafa lagt út fyrir Lárus og efnagerð hans, „Vilco" að nafni, allar þær fjárhæðir, sem þar eru taldar „úttekið" fé. Jafnframt hafi ákærði fært í yfirlitin sem „innlagt" fé laun Lárusar fyrir húsvörzlu í Gagnfræðaskóla Austurbæjar á tímabilinu, en greitt honum svo launin aftur út í mörgum greiðslum. Yfirlitin séu þó aðeins minnisblöð. Lárus hafi afhent honum ýmsar fjárhæðir, sem hafi ekki verið færðar sem „innlagt" fé í yfirlitin, en ákærði hefur þó ekki getað nefnt nema eitt dæmi því til sönnunar, kr. 7.364.80, sem um ræðir í dskj. nr. 106. Ákærði kveðst hafa ritað niðurstöðutölur yfirlitanna með blýanti, af því að hann hafi ekki talið þær vera endanlegar. Jafnframt kveðst ákærði iðulega hafa tekið við tekjum fyrirtækisins „Vilco" og greitt gjöld þess, og hefur Lárus Ingimarsson staðfest það, að minnsta kosti að því er snertir árið 1951. Ákærði hefur ekki getað sagt um, hvort Lárus hefur afhent honum jafnháar fjárhæðir og hann hefur greitt út vegna Lárusar á umræddu tímabili, en staðhæfir, að hafi svo ekki verið, hafi hann notað til þess sitt eigið fé, en ekki gagnfræðaskólans.

„Innlagt" fé í yfirlitinu virðist eingöngu vera laun Lárusar í gagnfræðaskólanum, að undanteknum þremur greiðslum árið 1949, samtals að fjárhæð kr. 8.268.81.

Lárus Ingimarsson hefur hvorki staðfest né vefengt yfirlitin á dskj. nr. 100, 101, 103 og nr. 105.

5) Enn fremur voru meðal skjala þeirra, sem tekin voru heima hjá ákærða 4. marz 1955, handrituð yfirlit yfir greiðslur vegna Lárusar á árunum 1952—1954, dskj. nr. 157—159 og dskj. nr. 157, einnig greiðslur vegna Jóns árið 1952. Niðurstöðutölur yfirlitanna eru þessar:

TAFLA NR. XL.

Vegna Lárusar árið 1952, dskj. nr. 157		8.445.00
— — — 1953, — — 158	ca	14.000.00
— — — 1954, — — 159		6.330.00
	Ca	28.775.00
Vegna Jóns árið 1952, dskj. nr. 157		8.200.00

Eina endurgreiðslan er af hendi Lárusar 18. janúar 1954, kr. 975.00.

Ákærði kveðst hafa ritað yfirlit þessi og sýni þau greiðslur, sem hann hafi á þessum árum lagt út fyrir sonu sína. Lárus hafi að langsamlega mestu leyti endurgreitt þær fjárhæðir, sem hann hafi fengið, og að öllu leyti fjárhæðir áranna 1952—1953 með mánaðarlaunum sínum og söluverði bifreiðar, þó að þess sé ekki getið í yfirlitunum, enda hafi þau aðeins verið minnisblöð ákærða um fjárgreiðslur hans. Fjárgreiðslurnar til Jóns hafi mestmegnis verið vegna veikinda hans og námskostnaðar, og hafi ekki verið til þess ætlazt, að hann endurgreiddi þær. 6) Loks hefur ákærði gefið út vegna Lárusar sonar síns 2 tékka á Útvegsbankabók nr. 2403 og Landsbankabók nr. 692, samtals að fjárhæð kr. 27.200.00, sbr. nánar töflu nr. XLII og E-lið síðar í þessum kafla.

Lárus Ingimarsson hefur tekið fram, að um margra ára skeið, eftir að hann hafði náð lögaldri, hafi hann afhent ákærða tekjur sínar á mánuði hverjum og ákærði greitt honum svo út ýmsar upphæðir eftir því, sem hann (Lárus) hafi þurft á að halda.

D-liður.

Rannsókn fyrrgreindra tékkastofna og tékka á ávísanabækur nr. 200 í Útvegsbanka Íslands h.f. og nr. 5211 í Landsbanka Íslands hefur leitt í ljós, að ákærði hefur gefið út marga tékka á innstæðu þessara bóka til greiðslu ýmissa annara einkaútgjalda sinna en að framan eru rakin.

Tékkarnir eru þessir:

TAFLA NR. XLI.

17. október	1945:	á	Útvegsbankabók	nr.	200	kr.	250.00
6. nóvember	1945:	-	——	—	200	—	2.335.00
25. marz	1945:	-	——	—	200	—	600.00
7. september	1946:	-	——	—	200	—	2.538.50
28. maí	1947:	-	Landsbankabók	—	5211	—	1.000.00
25. júlí	1947:	-	——	—	5211	—	2.200.00
14. ágúst	1947:	-	Útvegsbankabók	—	200	—	1.000.00
3. janúar	1948:	-	Landsbankabók	—	5211	—	20.000.00
23. september	1948:	-	——	—	5211	—	3.000.00
23. ágúst	1949:	-	——	—	5211	—	5.000.00
13. október	1949:	-	——	—	5211	—	5.000.00
4. nóvember	1949:	-	——	—	5211	—	5.000.00
26. apríl	1950:	-	Útvegsbankabók	—	200	—	5.000.00
28. —	1950:	-	——	—	200	—	9.000.00

9. maí	1950:	á Útvegsbankabók	nr.	200	kr.	1.500.00
12. —	1950:	- Landsbankabók	—	5211	—	21.500.00
12. —	1950:	- ——	—	5211	—	10.000.00
10. júní	1950:	- Útvegsbankabók	—	200	—	480.00
17. október	1950:	- ——	—	200	—	10.000.00
7. júlí	1954:	- ——	—	200	—	643.46

Samtals kr. 106.046.96

Þá eru í töflu nr. XLII greindir tékkar þeir, sem ákærði hefur gefið út á Útvegsbankabók nr. 2403 og Landsbankabók nr. 692, til greiðslu ýmissa einkaútgjalda sinna, og nema þeir samtals kr. 72.340.95, sbr. nánar í E-lið hér á eftir.

E-liður.

Ákærði hefur skráð tvær sparisjóðsávísanabækur á sitt eigið nafn. Eru það bækurnar nr. 692 við Landsbanka Íslands og nr. 2403 við Útvegsbanka Íslands h.f.

Samkvæmt upplýsingum Landsbankans hófust viðskiptafærslur bókar nr. 692 1. janúar 1944. Ákærði kveður, að sú bók hafi verið einkabók hans, þar sem hann lagði inn sparifé sitt og greiddi úr ýmis einkaútgjöld sín. Enn fremur hafi hann greitt ýmis útgjöld Gagnfræðaskólans í Reykjavík (Austurbæjar) úr bókinni, bæði af því að hann hafi lagt fjárhæðir, sem skólinn átti, inn í bókina, og af því að hann hafi greitt ýmis einkaútgjöld sín úr sparisjóðsbókum skólans, sbr. það, sem áður segir í þessum kafla.

Samkvæmt upplýsingum Útvegsbankans hófust viðskiptafærslur bókar nr. 2403 6. október 1943 með 50 þúsund króna innlagi, og ná þær til 11. janúar 1955, er innstæða bókarinnar var tæmd og hún eyðilögð. Ákærði kveður, að bók þessi hafi upphaflega verið opnuð vegna Alþýðuprentsmiðjunnar h.f. og hafi átt að verja 50 þúsund króna innlaginu til vélakaupa prentsmiðjunnar. Tvær fyrstu úttektir úr bókinni hafi einnig farið til slíkra greiðslna. Ákærði kveðst hafa fljótlega farið að greiða úr bókinni ýmis útgjöld óviðkomandi prentsmiðjunni, einkum útgjöld gagnfræðaskólans, en þá jafnframt farið að leggja inn í bókina eitthvað af fé skólans.

Ákærði hefur ekki getað sagt um, hve háar fjárhæðir hann hefur greitt úr bókum nr. 692 og nr. 2403 eða lagt inn í þær samkvæmt framansögðu eða hvert hefur verið hlutfallið milli

skólagjalda, sem hann greiddi úr bókunum, og innlagðs skólafjár í þær. Þá hefur hann ekki getað bent á, hvers konar fé ákveðin innlög í bækurnar hafa verið, nema í tveimur tilfellum: áðurgreindar kr. 50.000.00 í bók nr. 2403 svo og innlag 27. apríl 1954 í bók nr. 692, kr. 80.000.00, sem hann kveður, að sé hluti af láni því að fjárhæð kr. 100.000.00, sem hann fékk daginn áður úr lífeyrissjóði út á húseign sína Vitastíg 8 A, sbr. dskj. nr. 121.

Meðal skjala þeirra, sem tekin voru heima hjá ákærða 4. marz 1955, var ávísanabók nr. 692 við Landsbankann, dskj. nr. 81, ásamt tveimur tékkheftum með samtals 49 tékkstofnum frá tímabilinu 4. apríl 1945 til 28. apríl 1954, dskj. nr. 82—83, svo og eitt tékkhefti bókar nr. 2403 við Útvegsbankann með samtals 47 tékkstofnum frá tímabilinu 6. október 1943 til 11. febrúar 1949, dskj. nr. 84. Bókin á dskj. nr. 81 nær frá 14. september 1945 til 12. janúar 1955 og sýndi þá innstæðu kr. 5.290.03. Rannsókn skjala þessara hefur leitt í ljós eftirfarandi:

Ákærði hefur gefið út eftirtalda tékka á bækur nr. 692 við Landsbankann og nr. 2403 við Útvegsbankann:

TAFLA NR. XLII

a) vegna Alþýðuprentsmiðjunnar h.f.:

15. nóv.	1945	á	Útvegsbankabók	nr.	2403	kr. 10.000.00
8. marz	1946	-	——	—	2403	— 15.000.00
22. —	1946	-	——	—	2403	— 8.000.00
6. júlí	1946	-	——	—	2403	— 15.000.00
31. ágúst	1946	-	Landsbankabók	—	692	— 7.000.00
4. okt.	1946	-	——	—	692	— 10.000.00
8. nóv.	1946	-	——	—	692	— 10.000.00
28. maí	1954	-	——	—	692	— 30.000.00

Kr. 105.000.00

b) vegna láns til Ragnars Þorlaugs Guðmundssonar:

29. nóv.	1945	á	Útvegsbankabók	nr.	2403	kr. 25.000.00

c) vegna Lárusar Ingimarssonar:

22. marz	1945	á	Útvegsbankabók	nr.	2403	kr. 1.000.00
3. jan.	1946	-	——	—	2403	— 1.200.00
20. ágúst	1954	-	Landsbankabók	—	692	— 25.000.00

Kr. 27.200.00

d) vegna annarra persónulegra útgjalda:

12. júní	1944	á	Útvegsbankabók	nr.	2403	kr. 1.140.00
14. —	1944	-	——	—	2403	— 1.500.00
15. —	1944	-	——	—	2403	— 160.00
16. —	1944	-	——	—	2403	— 132.38
21. okt.	1944	-	——	—	2403	— 178.53
4. jan.	1945	-	——	—	2403	— 1.054.30
13. —	1945	-	——	—	2403	— 84.25
13. —	1945	-	——	—	2403	— 54.75
15. —	1945	-	——	—	2403	— 208.60
16. —	1945	-	——	—	2403	— 108.00
16. —	1945	-	——	—	2403	— 769.36
23. —	1945	-	——	—	2403	— 728.75
23. marz	1945	-	——	—	2403	— 336.36
27. apríl	1945	-	——	—	2403	— 3.000.00
23. maí	1945	-	——	—	2403	— 3.132.00
23. —	1945	-	Landsbankabók	—	692	— 500.00
24. —	1945	-	Útvegsbankabók	—	2403	— 256.48
26. —	1945	-	——	—	2403	— 750.24
26. —	1945	-	Landsbankabók	—	692	— 150.00
17. ágúst	1945	-	——	—	692	— 1.800.00
26. apríl	1946	-	——	—	692	— 1.000.00
28. maí	1946	-	——	—	692	— 1.175.00
12. ágúst	1946	-	——	—	692	— 2.628.76
29. —	1946	-	——	—	692	— 707.00
3. okt.	1946	-	——	—	692	— 3.000.00
4. —	1946	-	——	—	692	— 6.067.00
5. —	1946	-	——	—	692	— 1.194.61
23. des.	1946	-	——	—	692	— 3.100.00
11. febr.	1949	-	Útvegsbankabók	—	2403	— 300.00
18. sept.	1951	-	Landsbankabók	—	692	— 4.000.00
21. —	1951	-	——	—	692	— 356.50
11. marz	1954	-	——	—	692	— 1.768.08
21. maí	1954	-	——	—	692	— 30.000.00
28. ágúst	1954	-	——	—	692	— 1.000.00

Kr. 72.340.95

Kr. 105.000.00 + 25.000.00 + 27.200.00 + 72.340.95 = kr. 229.540.95

Ákærði hefur gefið út eftirtalda tékka á bækur nr. 692 og 2403

til greiðslu á útgjöldum Gagnfræðaskólans í Reykjavík (Austurbæjar):

TAFLA NR. XLIII.

a) vegna rekstrar skólans:

14.	júní	1944	kr.	1.771.88
13.	júlí	1944	—	1.208.25
17.	—	1944	—	1.366.80
4.	ágúst	1944	—	1.439.73
19.	janúar	1945	—	300.00
23.	febrúar	1945	—	1.397.40
27.	—	1945	—	1.134.28
27.	marz	1945	—	538.40
4.	apríl	1945	—	1.197.00
4.	—	1945	—	1.197.00
4.	—	1945	—	641.20
4.	—	1945	—	1.134.28
4.	—	1945	—	478.80
6.	—	1945	—	1.410.64
6.	—	1945	—	877.80
2.	maí	1945	—	1.250.40
2.	—	1945	—	833.60
6.	—	1945	—	2.950.00
10.	—	1945	—	916.96
11.	—	1945	—	9.080.60
12.	—	1945	—	333.44
12.	—	1945	—	500.00
16.	—	1945	—	833.60
20.	—	1945	—	1.042.00
23.	—	1945	—	1.000.32
24.	—	1945	—	256.58
25.	—	1945	—	853.50
8.	júní	1945	—	1.753.60
28.	—	1945	—	4.450.00
29.	—	1945	—	3.500.00
5.	marz	1947	—	6.900.00
7.	júní	1951	—	436.35
20.	september	1951	—	1.184.04
20.	—	1951	—	1.249.59
21.	—	1951	—	6.000.00
22.	—	1951	—	5.000.00

18. febrúar	1951	—	929.92
		Samtals kr.	67.347.96

b) vegna byggingar skólans:

28. júní	1945	kr.	4.820.65
8. janúar	1946	—	17.083.90
17. —	1946	—	24.212.30
14. júní	1946	—	50.000.00
1. nóvember	1946	—	10.000.00
12. marz	1947	—	2.100.00
		Kr.	108.216.85
		Samtals kr.	175.564.81

F-liður.

Ákærði hefur borið það, að meginhluti tekna hans hafi verið hin lögákveðnu skólastjóralaun auk 3 þúsund króna húsaleigustyrks á ári. Hann hafi þó einnig gegnt margvíslegum nefndarstörfum og fengið þóknun fyrir. Þá hafi hann haft nokkrar leigutekjur af húseign sinni, Vitastíg 8 A, og fengið smá-arð af hlutafjáreign.

Árleg útgjöld hans hafi hvorki verið óeðlileg né óvenjuleg, heldur venjuleg fjölskyldu-útgjöld. Hann hafi haft nokkur útgjöld vegna húseignar sinnar og nokkrar ábyrgðir hafa fallið á hann, en aldrei háar fjárhæðir.

Helzta eign hans hafi verið fyrrgreind húseign, sem hann keypti á árinu 1929. Er hún tvær hæðir, ris og kjallari og að fasteignamati (hinu eldra) kr. 59.000.00. Hann hafi búið á annarri hæð hússins, en hina hluta þess, 3 íbúðir, hafi hann leigt út. Enn fremur hafi hann um árabil átt nokkur hlutabréf og litla bifreið.

Hann hafi keypt greinda húseign í nokkuð mikilli skuld, en hann hafi greitt hana að nokkru, en nýlega hafi nýjar skuldir bætzt við, sér í lagi skuldin við bæjarsjóð Reykjavíkur, að fjárhæð kr. 337.861.82. Til annarra skulda hafi hann yfirleitt ekki stofnað.

Ákærði hefur annars vísað til skattframtala sinna um tekjur sínar, eignir og skuldir á ári hverju.

Skattstofa Reykjavíkur hefur látið dóminum í té skattframtöl ákærða á árunum 1929—1954, öll í frumriti, nema seinasta

árið í staðfestu afriti. Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins hefur tekið saman niðurstöðutölur framtalanna, og eru þær þessar:

Ártal	Tekjur: Laun, húsal. (Pen.-tekjur)	Gjöld (án fyrn.)	Fasteign Húsgögn Bifreið	Verðbréf Hlutabréf	Peningar Bankainnst.	Skuldir
1928	4.949.00	1.288.00	3.000.00	100.00	1.166.00	11.447.00
1929	10.999.00	4.049.00	32.100.00	100.00	200.00	60.731.00
1930	13.343.00	5.795.00	32.100.00	1.100.00	99.00	61.734.00
1931	15.583.00	6.461.00	42.000.00	1.100.00		60.200.00
1932	15.059.00	6.160.00	45.700.00	1.850.00		58.801.00
1933	13.177.00	5.973.00	45.700.00	2.100.00		56.623.00
1934	13.966.00	5.960.00	45.700.00	1.950.00		55.328.00
1935	13.737.00	6.969.00	45.700.00	1.900.00		52.567.00
1936	14.351.00	6.152.00	45.700.00	400.00		48.247.00
1937	13.767.00	6.477.00	46.700.00	3.200.00		51.058.00
		R 152	2.000.00			
1938	16.310.00	6.705.00	46.700.00	3.200.00		47.303.00
		R 152	1.500.00			
1939	16.344.00	8.056.00	46.700.00	2.440.00		47.129.00
		R 152	1.000.00			
1940	17.760.00	9.036.00	46.700.00	3.340.00		44.761.00
		R 152	1.000.00			
1941	22.668.00	6.326.00	46.700.00	9.175.00		43.373.00
		R 152	1.000.00			
1942	31.109.00	7.199.00	72.500.00	5.675.00		41.863.00
		R 152	1.000.00			
(Breytt um)						
1944	43.541.00	11.339.00	66.900.00	16.675.00		53.827.00
	(vst. 5.119.00)	R 152	1.000.00	4.880.00	vikurst.	
1945	53.862.00	13.461.00	66.900.00	17.125.00		49.734.00
	(vst. 4.000.00)	R 152	1.000.00			
1946	64.975.00	13.238.00	67.900.00	17.125.00	3.400.00	45.119.00
	sk. 6.474.00	R 152	1.000.00			
1947	62.821.00	11.486.00	62.400.00	18.575.00		41.080.00
	sk. 11.230.00	R 152	16.000.00			
1948	66.336.00	17.797.00	62.400.00	18.575.00	6.819.00	41.917.00
	sk. 10.626.00	R 152	14.500.00			

sk. = skattar.
vst. = vikurst.

Ártal	Tekjur: Laun, húsal. (Pen.-tekjur)	Gjöld (án fyrn.)	Fasteign Húsgögn Bifreið	Verðbréf Hlutabréf	Peningar Bankainnst.	Skuldir
1949	93.389.00	35.960.00	62.400.00	19.775.00	5.814.00	39.629.00
	sk. 8.744.00 R 152		14.500.00			
1950	89.086.00	29.278.00	72.400.00	20.175.00	4.716.00	62.614.00
	sk. 16.375.00 R 152		11.500.00			
1951	86.021.00	28.801.00	67.400.00	20.175.00	2.613.00	58.071.00
	sk. 16.749.00 R 152		10.000.00			
1952	93.992.00	27.180.00	67.400.00	20.175.00		56.500.00
	sk. 12.103.00 R 152		8.500.00			
1953	96.210.00	32.069.00	64.400.00	21.325.00		55.499.00
	sk. 18.238.00 R 152		7.000.00			
1954	99.399.00	31.720.00	64.400.00	21.425.00		76.865.00
	sk. 15.007.00 R 152		6.000.00			

Útistandandi skuldir:	1948 1. jan.	1949 1. jan.	1950 1. jan.	1951 1. jan.
Björgólfur Baldursson	6.000.00	6.000.00	6.000.00	6.000.00
Jón Ingimarsson		5.000.00		
Lárus Ingimarsson		5.000.00		
Kr.	6.000.00	16.000.00	6.000.00	6.000.00

Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins segir út af töflu nr. XLIV:

„Sýnir skráin m. a. útistandandi skuldir. Þar er ekki að finna þau lán, sem I. J. hefur talið sig hafa lánað ýmsum. Tekjur eru að vísu háar á framtölunum, en það eru gjöld einnig, að meðtöldum sköttum, og greiðsluafgangur verður ekki meiri en eðlilegur til lífeyris. Framtölin sýna, að nýjar víxilskuldir hafa verið litlar á þeim árum, sem I. J. telur sig hafa lánað ýmsum.

Nýjar víxilskuldir hafa verið:

Í árslok	1946	hjá Útvegsbanka	1.500.00
- —	1947	— Útvegsbanka	5.000.00
- —	1948	— Landsbanka	2.800.00
- —	1948	— Búnaðarbanka	3.000.00
- —	1949	— Búnaðarbanka	7.000.00
- —	1949	— Útvegsbanka	7.500.00
- —	1949	— Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis	15.000.00

Síðasti víxillinn mun vera eigin víxill, sbr. tryggingarbréf, dskj. nr. 38."

Meðal þeirra sakargagna, sem tekin voru heima hjá ákærða 4. marz 1955, voru tvær bækur einkabókhalds ákærða, dskj. nr. 185—186.

Ákærði kveður, að bækur þessar séu nánast búreikningar, sem hann hefur haldið fyrir sig og heimili sitt, þ. e. yfirlit yfir tekjur sínar og kostnað við heimilishald sitt frá árinu 1938 og fram á árið 1954. Niðurstöðutölur tekna og gjalda eru sem hér segir:

TAFLA NR. XLV.

1. Bók, dómsskjal 185.

	Tekjur	Gjöld
1938	13.429.60	13.281.82
1939	15.044.60	15.034.23
1940	15.635.54	14.839.18
1941	20.356.06	18.889.37
1942	28.370.22	27.102.22
1943	37.502.45	31.353.49
1944	47.414.71	42.858.04
1945	50.648.96	45.158.18
1946	67.185.01	72.094.93

2. Bók, dómsskjal 186.

1947 opna 2	67.478.23	62.492.64
1948 — 4	81.279.60	71.316.95
1949 — 6	77.484.50	56.916.95
1950 — 8	62.118.00	65.163.70
1951 — 10	72.761.05	72.052.85
1952 — 12	79.570.75	68.382.85
1953 — 14	83.913.90	57.496.70
1954 — 16	Óuppgert.	

G-liður.

Ákærði hefur haft undir höndum stórfelldar fjárhæðir, sem hann hefur lánað eða afhent með öðrum hætti ýmsum aðiljum eða notað til eigin þarfa, eins og rakið hefur verið í A—E-lið hér að framan. Ákærði hefur að vísu haldið því fram, að einn hluti þessa fjár, þ. e. fjárgreiðslur til Alþýðuprentsmiðjunnar h.f., hafi verið fengnar með sérstökum frjálsum framlögum ým-

issa manna, félaga og stofnana og að annar hluti fjárins, einkum greiðslur vegna Lárusar sonar hans, hafi verið endurgreiddar, en ákærði hefur ekki rökstutt það frekar, og eru þessi atriði nokkuð á huldu.

Tafla nr. XXXVI sýnir, að ákærði hefur gefið út tékka á 3 ávísanabækur Gagnfræðaskólans í Reykjavík (Austurbæjar) til Alþýðuprentsmiðjunnar h.f., að fjárhæð samtals kr. 432.000.00.

Tafla nr. XXXVII sýnir, að ákærði hefur gefið út á eina ávísanabók gagnfræðaskólans vegna lánveitinga til tveggja starfsmanna Alþýðuprentsmiðjunnar h.f. tékka, að fjárhæð samtals kr. 35.000.00.

Tafla nr. XXXVIII sýnir, að ákærði hefur gefið út á 3 ávísanabækur gagnfræðaskólans vegna Lárusar sonar síns tékka, að fjárhæð samtals kr. 137.548.00, auk þess sem rekstrarhalli bifreiðarinnar R 2296, kr. 54.051.20, var greiddur af skólafé, sbr. C-lið hér að framan og VII. kafla.

Tafla nr. XLI sýnir, að ákærði hefur gefið út á 2 ávísanabækur gagnfræðaskólans til greiðslu ýmissa annarra einkaútgjalda sinna tékka, að fjárhæð samtals kr. 106.046.96.

Ákærði viðurkennir að hafa ekki haft glögg skil á milli fjár gagnfræðaskólans og síns eigin fjár og kveðst hafa greitt ýmis útgjöld skólans af fé sínu. Töflur nr. XLIV og XLV um tekjur og gjöld ákærða svo og eignir hans og skuldir sýna þó, að hann hefur ekki getað lánað eða afhent með öðrum hætti nokkrar verulegar fjárhæðir af persónulegu fé sínu, eignum eða tekjuafgangi eftir árið, og hvergi kemur fram, að hann hafi fengið fé að láni í þessu skyni.

Hér kemur einnig til, að í yfirliti ákærða yfir eignir gagnfræðaskólans, dags. 8. ágúst 1946, á dskj. nr. 19, sbr. nánar í VIII. og XIII. kafla, eru taldar fyrrgreindar sparisjóðsávísanabækur nr. 692 og nr. 2403, sem báðar eru skráðar á nafn ákærða sjálfs.

Enn fremur er niðurstaða endurskoðunardeildar fjármálaráðuneytisins þessi:

„Eins og meðferð I. J. hefur verið á ávísun fjár á innstæður einkasparisjóðsávísanabóka og sparisjóðsávísanabóka gagnfræðaskólans, bæði vegna rekstrar og byggingar skólans, virðist ekki vera hægt að telja innstæður í sparisjóðsávísanabókareikningum bankanna, sem skráðir hafa verið á nafn Ingimars Jónssonar, *neina persónulega eign hans,* hvað þá heldur innstæður í þeim reikningum, sem skráðir hafa verið eign gagnfræðaskólans, en

á þá hefur I. J. jöfnum höndum ávísað og greitt með persónulegar greiðslur og persónuleg lán til ýmissa aðilja, eins og hann hefur orðað það í rannsókninni.“ Sbr. dskj. nr. 191, bls. 53.

Fyrir því verður dómurinn að líta svo á, að fjárgreiðslur ákærða, sem raktar eru í A—E-lið hér að framan, veiti verulegar upplýsingar um, hvað orðið hefur af þeim kr. 839.771.08, sem vantar í sjóði Gagnfræðaskólans í Reykjavík (Austurbæjar). Hins vegar þykir ekki unnt að segja nákvæmlega um, hve mikið af þessu fé hefur farið til einstakra framangreindra aðilja.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið í III. og VI. kafla, er lögfull sönnun fram komin fyrir því, að ákærði hefur á tímabilinu frá 5. september 1941 til þeirra tímamarka vaxta, sem greinir í töflu nr. XIX í F-lið í III. kafla, hér að framan, dregið sér úr rekstrarsjóði Gagnfræðaskólans í Reykjavík og síðar Gagnfræðaskóla Austurbæjar, hér í bæ, samtals kr. 441.681.92 (kr. 441.681.93).

Einnig er samkvæmt því, sem rakið hefur verið í IV. og VI. kafla, lögfull sönnun fram komin fyrir því, að ákærði hefur á tímabilinu frá 31. desember 1946 til 31. desember 1954 dregið sér úr Nemendasjóði I í Gagnfræðaskóla Austurbæjar samtals kr. 57.374.60.

Loks er samkvæmt því, sem rakið hefur verið í V.—VI. kafla, lögfull sönnun fram komin fyrir því, að ákærði hefur á tímabilinu frá 1. júlí 1945 til 31. desember 1954 dregið sér úr byggingarsjóði Gagnfræðaskólans í Reykjavík og síðar Gagnfræðaskóla Austurbæjar samtals kr. 340.714.57. Hér athugast, að í ákæruskjali er seinna tímamarkið tiltekið 5. júní 1952, en það er sá dagur, er ákærði greiðir seinast út fjárhæðir vegna skólabyggingarinnar, sbr. opnu 56 í dagbók (dálkasjóðbók), en þar sem í hinni tilgreindu fjárhæð ákæruskjalsins, kr. 340.714.57, eru innifaldir vextir til ársloka 1954, sbr. töflu nr. XXXI, þykir mega með heimild í 118. gr., 3. mgr., laga nr. 27 5. marz 1951 um meðferð opinberra mála miða við 31. desember 1954.

Ákærði hefur með framangreindu atferli sínu gerzt brotlegur gegn 247. gr., 1. mgr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

VII. KAFLI.

Í desember 1945 eru kr. 54.051.20 færðar til gjalda í sjóðbók rekstrarsjóðs Gagnfræðaskólans í Reykjavík sem halli á bifreiðinni R 2296. Í bókhaldi skólans kemur ekkert fram um kaup

eða sölu bifreiðar þessarar, hvorki kaupverð fært til gjalda né söluverð til tekna. Samkvæmt spjaldskrá bifreiðaeftirlitsins var þetta Ford vörubifreið, smíðaár 1939, burðarmagn 2500 kg, áður merkt M 65, og hefur „Gagnfræðaskóli Reykjavíkur" verið skráður eigandi hennar frá 5. ágúst 1942 til 18. desember 1944, en næst á undan Hilmar Höskuldsson, Njálsgötu 13, og næst á eftir Hjörtur W. Vilhjálmsson, Hrísateig 13.

Ákærði var þegar á fyrstu tveim dögum rannsóknar máls þessa, 23. og 24. maí 1955, yfirheyrður um bifreið þessa. Bar hann þá, að bifreiðin hafi verið keypt sem skólabifreið, og hafi fast hús fyrir 10—12 farþega verið á henni. Bifreiðin hafi verið keypt með vitund skólanefndar fyrir — að hann minnti — nálægt kr. 20.000.00, og hafi nefndin ekkert sérstakt haft við kaupin að athuga. Bifreiðin hafi verið talsvert notuð, einkum til flutnings nemenda í skíðaferðum þeirra og upp í skólaselið „Múla", en ekki til einkaþarfa ákærða. Kennarar skólans hafi venjulega ekið bifreiðinni, en stundum þó Lárus sonur hans. Ákærði kvaðst hafa tekið saman á nokkrum smáblöðum yfirlit yfir stofn- og rekstrarkostnað bifreiðarinnar og sýnt skólanefnd, og hafi hún talið rétt, að fjármálum bifreiðarinnar væri haldið utan við fjármál skólans sjálfs. Þess vegna hafi hann ekki fært neitt í sjóðbók skólans um kaupverð bifreiðarinnar eða rekstrarkostnað hennar. Tekjur hennar hafi verið sáralitlar og ekki aðrar en smáupphæðir, sem nemendur hafi greitt fyrir not bifreiðarinnar, ef greiðsla var tekin. Gjöld hennar hafi orðið nokkuð mikil, aðallega vegna árekstrar, sem hún lenti í og tryggingarfélag bætti ekki. Þetta hafi orðið til þess, að bifreiðin hafi verið seld með samþykki skólanefndar, og hafi söluverðið verið mun lægra en kaupverðið. Halli bifreiðarinnar, kr. 54.051.20, hafi síðan verið með samþykki skólanefndar færður til gjalda í sjóðbók í desember 1945, en þá hafi verið búið að draga frá söluverð bifreiðarinnar og það því ekki verið fært sérstaklega í sjóðbókina. Ákærði kvaðst hafa fært í fyrrgreint yfirlit kaupverð bifreiðarinnar, tekjur hennar og gjöld svo og söluverð, og hafi yfirlitið fylgt fylgiskjölum skólans skólaárið 1944—1945, og hélt hann, að yfirlitið hefði brunnið ásamt öðrum fylgiskjölum í brunanum í Franska spítalanum 1949.

Vitnið Guðni Jónsson skólanefndarmaður hefur borið það, að það hafi verið með vitund og samþykki skólanefndar, sem ákærði festi kaup á nefndri bifreið fyrir gagnfræðaskólann. Vitnið Hallbjörn Halldórsson skólanefndarmaður hefur borið, að það rámi

í, að skólinn festi kaup á bifreið, og telur það víst, að skólanefndin hafi samþykkt bifreiðakaupin. Bæði þessi vitni telja, að tilgangurinn hafi einkum verið sá að auðvelda með þessu flutning nemenda til skólaselsins og frá því.

Þau hafa ekki getað sagt um það, hvenær bifreiðin var keypt, hvert kaupverð hennar var, hvernig rekstur hennar eða bókhald var, hve lengi skólinn átti hana eða hvað varð um hana. Vitnin minnast þess ekki, að ákærði sýndi þeim yfirlit yfir stofn- eða rekstrarkostnað bifreiðarinnar eða að skólanefndin teldi rétt, að fjármálum bifreiðarinnar væri haldið utan við fjármál skólans sjálfs. Þá hafa vitnin ekki getað gefið skýringu á sjóðbókarfærslunni: „Halli á bifreiðinni R 2296 ... 54.051.20", en telja, að endurskoðendur ársreikninga skólans hljóti að hafa sannfærzt um réttmæti færslunnar, því að ella hefðu þeir ekki staðfest reikningana, og vitnið Hallbjörn rámar í, að talað hafi verið um viðgerðarkostnað skólabifreiðarinnar. Vitnin hafa ekki getað getið skýringu á því, að bifreiðarinnar er hvergi annars getið í reikningum skólans.

Vitnin Einar Magnússon og Gústaf A. Sveinsson, skólanefndarmenn, hafa enga skýringu getað gefið á færslunni: „Halli á bifreiðinni R 2296 ... 54.051.20" og hafa heldur ekkert getað borið um, hvort gagnfræðaskólinn átti nokkurntíma bifreið eða hvort skólanefndin tók nokkurntíma ákvörðun um kaup bifreiðar eða ræddi um bifreiðarkostnað eða bifreiðarmál skólans yfirleitt.

Vitnið Sveinbjörn Sigurjónsson, sem verið hefur kennari við gagnfræðaskólann frá því um haustið 1930, hefur borið það, að því sé ókunnugt um, að skólinn hafi átt bifreið, og minnist það þess ekki að hafa nokkru sinni heyrt talað um, að skólinn ætti bifreið eða hefði bifreið til ráðstöfunar eða afnota. Hefur vitnið engar upplýsingar getað gefið um bifreiðina R 2296 eða sjóðbókarfærsluna: „Halli á bifreiðinni R 2296 ... 54.051.20". Vitnið minnist þess, að líklega á árunum 1943 eða 1944 hafi Lárus sonur ákærða ekið nemendum í tvö skipti upp í skólaselið „Múla", og hafi bifreiðin tekið 10—15 farþega og bílað í bæði skiptin. Kveðst vitnið hafa oft á þessum árum verið í skíðaferðum með nemendum skólans, og hafi þá einatt verið farið í öðrum bifreiðum, sem Lárus ók ekki. Vitnið heldur, að enginn úr kennaraliði skólans hafi þá kunnað að aka bifreið nema ákærði.

Vitnið Vignir Andrésson hefur verið íþróttakennari gagnfræðaskólans síðan á árinu 1930. Hefur vitnið borið, að á stríðsárunum hafi skólanemendur farið oft í skólaselið „Múla". Á haustin

hafi þeir farið þangað mest til vinnu, en þegar komið var fram á veturinn, hafi þeir farið þangað í skíðaferðir og um þær hafi vitnið annazt. Skólinn hafi kostað vinnuferðir nemenda, en þeir hafi sjálfir orðið að bera kostnað við skíðaferðir. Hinir og þessir bifreiðastjórar hafi ekið nemendum í ferðum þessum, og vissi vitnið ekki, hvaða farartæki voru notuð. Vitnið man ekki til þess, að Lárus sonur ákærða æki nemendum nokkru sinni milli bæjarins og skólaselsins eða í nokkrum öðrum ferðum eða æki bifreið í þágu skólans. Vitnið kveðst ekkert geta borið um bifreiðina R 2296 og hefur aldrei vitað til þess, að gagnfræðaskólinn ætti nokkru sinni bifreið eða hefði bifreið til umráða.

Vitnið Höskuldur Jóhannesson bifreiðarstjóri, Fífuhvammsvegi 13, Kópavogi, hefur borið það, að á árinu 1942 hafi það keypt umrædda bifreið, þá merkta M 65, og af hagkvæmisástæðum skráð hana á nafn Hilmars sonar þess, f. 5. febrúar 1935. Bifreiðin hafi verið í allgóðu ástandi og með húsi fyrir um 6 farþega, þ. e. með einni sætaröð fyrir aftan sæti bifreiðarstjóra, og fyrir aftan húsið hafi verið áfastur vörupallur. Vitnið hafi svo átt bifreiðina í 2—3 mánuði, en selt hana þá ákærða í sama ástandi og hún hafði verið í, þegar það keypti hana. Vitnið man ekki, hvort það auglýsti bifreiðina áður til sölu, en það man, að ákærði og Lárus sonur hans komu til þess og litu á bifreiðina. Þeir hafi svo komið aftur litlu síðar, annaðhvort sama dag eða næsta dag, og festi ákærði þá kaup á bifreiðinni. Ákærði hafi greitt allt kaupverðið, kr. 25.000.00 eða kr. 28.000.00, þegar í stað, en vitnið man ekki, hvort hann greiddi það í reiðufé eða í tékka. Vitnið hafi gefið út afsal fyrir bifreiðinni, þar sem það lýsti yfir, að kaupverðið væri að fullu greitt. Vitnið kveðst ekki hafa vitað, til hvers ákærði ætlaði að nota bifreiðina, en því skildist, að Lárus ætti að aka henni og að hann hefði komið með ákærða til að vera með í ráðum um bifreiðarkaupin.

Vitnið Hjörtur Vilhelm Wium Vilhjálmsson verkamaður, Hjallavegi 2, hér í bæ, hefur borið það, að það hafi í desember 1944 keypt bifreiðina R 2296 af ákærða. Þetta hafi verið hálfkassabifreið með rúmi fyrir 6 farþega og í slæmu ástandi, t. d. yfirbygging hennar ónýt. Atvikin að því, að það keypti bifreiðina, hafi verið þau, að rétt áður hafi það hitt Lárus son ákærða og skýrt honum frá, að það hefði hug á að kaupa bifreið. Lárus hafi þá sagt því, að nefnd bifreið væri til sölu og skyldi það tala við ákærða út af því máli. Vitnið hafi talað við ákærða, og hafi orðið úr, að það festi kaup á bifreiðinni fyrir kr. 18.000.00, sem vitnið

hafi greitt út þegar í stað. Vitnið hafi fengið afsal fyrir bifreiðinni. Vitnið kveðst síðan hafa farið á vörubifreiðastöðina Þrótt til að fá bifreiðina skráða þar á stöðina. Hafi því þá verið skýrt frá því, að bifreiðin væri þegar skrásett þar á stöðinni sem atvinnubifreið og skráð þar á nafn Gagnfræðaskólans í Reykjavík. Hafi vitnið því ekki þurft annað en að fá nafn sitt ritað fyrir bifreiðinni á stöðinni. Loks skýrði vitnið frá því, að gefnu tilefni frá dómara, að það hefði séð Lárus son ákærða aka nefndri bifreið nokkrum sinnum hér í bænum, og minntist vitnið þess meðal annars, að nokkru áður en það keypti bifreiðina, hafði það séð Lárus aka bifreiðinni í setuliðsvinnu á Reykjavíkurflugvelli.

Frumrit greinds afsals vitnisins Höskulds Jóhannessonar og afsals ákærða fyrir bifreiðinni voru meðal skjala þeirra, sem tekin voru heima hjá ákærða 4. marz 1955. Í fyrra skjalinu er bifreiðinni afsalað til Gagnfræðaskólans í Reykjavík og kaupverðið, kr. 27.500.00, talið að fullu greitt. Í seinna skjalinu afsalar Gagnfræðaskólinn í Reykjavík bifreiðinni, og er því lýst yfir, að kaupandi hafi greitt kaupverðið að fullu, en hæð þess ekki tilgreind.

Vitnið Hjörtur Vilhelm Wium Vilhjálmsson var yfirheyrt seinast af framangreindum vitnum og ekki fyrr en 12. júlí 1955 sakir veru þess utan Reykjavíkur. Hófst dómarinn þá þegar handa um að afla upplýsinga hjá vörubifreiðastöðinni Þrótti um margnefnda bifreið, R 2296, og verður nú rakið það, sem þá kom fram.

Vitnið Guðmundur Kristmundsson, Hólmgarði 2, hér í bæ, hefur verið framkvæmdastjóri vörubifreiðastöðvarinnar Þróttar síðan á árinu 1948, og hefur vitnið athugað stöðvargjaldabækur félagsins á tímabilinu frá 1941—1944. Vitnið hefur borið það, að á miðju ári 1941 hafi Lárus Ingimarsson orðið skráður bifreiðastjóri hjá stöðinni, þ. e. orðið meðlimur stöðvarinnar, og hafi hann þá verið með bifreiðina R 590. Hann hafi fram til ársloka það ár greitt fullt stöðvargjald, kr. 12.00 á mánuði, en það gjald greiddu þeir bifreiðarstjórar, sem höfðu bifreið. Á tímabilinu frá janúar til júní 1942 hafi hann greitt aðeins kr. 2.00 á mánuði, svokallað biðgjald, en það greiddu þeir bifreiðarstjórar, sem höfðu ekki bifreið. Síðan hafi hann greitt fullt stöðvargjald kr. 12.00 á mánuði fyrir júlí og ágúst sama ár, og samkvæmt stöðvargjaldabókinni var það fyrir bifreiðina R 2296. Á tímabilinu frá september til desember sama ár hafi hann greitt aðeins biðgjald, en í október það ár hafi biðgjaldið hækkað úr kr. 2.00 í kr. 5.00 og stöðvargjaldið hækkað úr kr. 12.00 í kr. 20.00 á mánuði. Á tímabilinu frá janúar til marz 1943 hafi hann greitt fullt stöðvargjald

í einn mánuð, en aðeins biðgjald í tvo mánuði. Því næst hafi hann greitt fullt stöðvargjald til ársloka 1943. Um áramótin hafi hann átt ógreitt stöðvargjald fyrir 3 seinustu mánuði ársins. Bifreiðin R 2296 hafi í stöðvargjaldabókinni verið talin bifreið hans á árinu 1943. Á árinu 1944 sé ekki sjáanlegt, að honum hafi verið gert að greiða gjöld til Þróttar. Í málinu hefur verið lagt fram endurrit úr stöðvargjaldabók bifreiðastöðvarinnar, sem sýnir viðskipti Lárusar Ingimarssonar við stöðina á árunum 1942—1943, eins og að framan greinir.

Enn fremur hefur vitni þetta borið, að það hafi unnið hjá brezka hernum við gerð Reykjavíkurflugvallar að minnsta kosti á árinu 1942 og máske frá 1941 og þar til herinn fór af vellinum. Hafi vitnið séð um ráðningu verkamanna og bifreiðarstjóra við flugvallargerðina og haft þá reglu að láta aðeins bifreiðarstjóra, sem voru í Þrótti, fá vinnu. Vitnið kveðst muna eftir því, að Lárus Ingimarsson hafi verið í vinnu með bifreið við flugvallargerðina og sennilega hafi það verið, þegar flestir bifreiðarstjórar voru í vinnunni á árunum 1942 og 1943. Vitnið minnir, að Lárus hafi ekki verið lengi í vinnunni. Það man ekki eftir einkennistölu bifreiðar þeirrar, sem Lárus var með og ók í vinnunni, en segir, að bifreiðin hafi verið gráleit með stóru húsi og hafi sæti verið fyrir aftan sæti ökumanns í húsinu og bifreiðin sennilega tekið í sæti 5 farþega auk ökumanns. Vitnið minnir, að þetta hafi verið Ford bifreið og smíðaár hennar 1939 og að hún muni ekki hafa verið í sem beztu lagi.

Vitnið Vilmundur Vilhjálmsson bifreiðarstjóri, Nýlendugötu 12, hér í bæ, var framkvæmdastjóri Þróttar á árunum 1937—1948 og færði stöðvargjaldabækur stöðvarinnar þann tíma. Vitnið hefur borið, að það muni eftir því, að Lárus Ingimarsson ók vörubifreið um nokkurn tíma frá stöðinni, en vitnið man ekki, hve lengi eða á hvaða árum það var. Það man heldur ekki, hvaða eða hvers konar bifreið hann ók eða hvort hann ók fleiri en einni bifreið frá stöðinni, en man það, að bifreiðin var nokkuð stór. Vitnið man heldur ekki eftir einhverri tiltekinni vinnu, sem hann var í með bifreiðina.

Ákærða voru síðan kunngerðir framburðir framangreindra vitna, og bar hann þá eftirfarandi:

Hann kveður, að það sé rétt, að bifreiðin R 2296 hafi verið skráð sem bifreið Lárusar sonar hans á vörubifreiðastöðinni Þrótti. Aðspurður, hvers vegna hann hafi ekki skýrt frá þessu fyrr í rannsókn málsins, hefur hann svarað því til í fyrsta lagi, að hann hafi

ekki munað eftir því, að bifreiðin var skráð þar, fyrr en dómarinn minntist á það við hann í dóminum, og í öðru lagi, að hann hafi lagt reikninga vegna bifreiðarinnar fyrir skólanefnd á sínum tíma og hún samþykkt þá og því hafi hann litið svo á, að þetta bifreiðarmál væri útrætt fyrir löngu síðan.

Ákærði kveðst hafa ráðið því einn, að bifreiðin var skráð hjá Þrótti. Hafi hann haldið, að vera mætti, að hægt væri að hafa eitthvað upp í kostnað bifreiðarinnar, ef henni væri ekið frá bifreiðarstöð, einkum á þeim tíma, þegar skólinn starfaði ekki. Nú hafi viljað svo til, að um það leyti, sem skólinn keypti bifreiðina, hafi Lárus sonur hans verið búinn að vera um skeið meðlimur Þróttar, en bifreiðarlaus. Hafi ákærða komið þá til hugar að fá Lárus til að aka bifreiðinni frá stöðinni, og muni Lárus, en ekki ákærði, hafa talað við starfsmann stöðvarinnar um málið. Ákærði kveðst ekki geta sagt um, hve lengi Lárus ók bifreiðinni á vegum Þróttar, en heldur, að það hafi ekki verið lengi, enda hafi bifreiðin ekki verið hentug til venjulegra vörubifreiðarnota. Hann kveðst ekki heldur muna, í hvaða vinnu Lárus var með bifreiðina á vegum Þróttar, en hann muni, að Lárus ók einhverri bifreið um tíma á Reykjavíkurflugvelli, þegar verið var að byggja hann. Ákærði minnist þess ekki, að hann talaði við skólanefndarmenn um þessa notkun bifreiðarinnar, enda kveðst hann ekki hafa talið sig þurfa að leita samþykkis annarra um þessa notkun hennar.

Ákærði kveðst vera sannfærður um, að hann hafi tekið við öllum tekjum bifreiðarinnar, sem inn komu vegna aksturs hennar frá Þrótti, og jafnframt, að hann hafi greitt öll útgjöld vegna hennar. Hann kveðst þó ekki muna eftir neinum einstökum tekjum bifreiðarinnar, sem hann tók við annaðhvort beint frá atvinnurekanda eða frá Lárusi, og hann muni ekki heldur eftir neinum einstökum gjöldum vegna bifreiðarinnar, sem hann greiddi. Hann kveður, að tekjurnar af bifreiðinni hafi hlotið að renna saman við aðrar tekjur, þ. e. rekstrartekjur skólans, og hið sama hafi gilt um útgjöld bifreiðarinnar, að þau hafi hlotið að vera greidd úr rekstrarsjóði skólans. Vísar hann til þess, sem hann hefur áður borið um, hvers vegna ekkert var fært í rekstrarreikninga skólans um tekjur eða gjöld bifreiðarinnar nema lokaniðurstaðan, kostnaðarliðurinn kr. 54.051.20 í reikningum skólaársins 1944—1945.

Ákærði kveður, að Lárus hafi fengið greitt kaup fyrir akstur bifreiðarinnar á vegum Þróttar með sama hætti og aðrir bifreiðarstjórar, sem óku vörubifreiðum fyrir aðra á þessum tíma, þ. e.

fengið ákveðinn hundraðshluta af brúttó aksturstekjum bifreiðarinnar, en hann man ekki, hve há fjárhæð það hefur verið.

Ákærði kveðst hafa fært á laus blöð eða öllu heldur í eina bók tekjur og gjöld bifreiðarinnar allt tímabilið, sem gagnfræðaskólinn var eigandi hennar, og einnig haldið saman öllum fylgiskjölum vegna hennar. Hafi hann sýnt skólanefndarmönnum hvort tveggja, eins og hann bar fyrr í málinu.

Ákærði hefur ekkert sérstakt haft að athuga við framburði vitnanna Höskulds Jóhannessonar og Hjartar Vilhelms Wium Vilhjálmssonar, og hefur meðal annars ekki vefengt, að kaupverð bifreiðarinnar hafi verið 27.500.00 og söluverð kr. 18.000.00. Út af þeim orðum vitnisins Höskulds, að því hafi skilizt, að Lárus ætti að aka bifreiðinni, hefur ákærði þó tekið fram, að vitnið hafi ekki getað haft annað fyrir sér í því en að Lárus hafi ekið bifreiðinni burt frá vitninu, eftir að búið var að ganga frá kaupum hennar.

Hins vegar hefur ákærði, þráspurður, ekki viljað tjá sig um framburð vitnanna Sveinbjörns Sigurjónssonar og Vignis Andréssonar og aðeins sagt, að hann vilji ekki að svo stöddu breyta fyrri framburði sínum um notkun og akstur bifreiðarinnar R 2296, heldur vísa til fyrri framburðar síns um bifreiðina. Kveðst ákærði ekki vilja nafngreina nokkurn kennara skólans, sem hafi ekið bifreiðinni.

Lárus Ingimarsson hefur borið það, að hann muni eftir því, að bifreiðin R 2296 hafi um skeið á stríðsárunum verið í eigu gagnfræðaskólans. Hafi hann oft ekið bifreiðinni í þágu skólans, ýmist með nemendur í skólaselið eða þá verið í sendiferðum. Hann hafi verið meðlimur vörubílastöðvarinnar Þróttar og átt bifreiðina R 590, en selt hana og gefið Þrótti þá upp bifreiðina R 2296 sem ökutæki sitt. Hann muni ekki með vissu, hvort ákærði hafi ráðið því einn, að bifreiðin var skráð hjá Þrótti, en hann gengi út frá því, að ákærði hafi vitað um þetta. Lárus kveðst hafa verið sannfærður um, að honum hefði verið leyfilegt að tilkynna bifreiðina til Þróttar sem ökutæki sitt, þar sem hann hafi afhent ákærða allar tekjur af akstri bifreiðarinnar frá stöðinni. Ákærði hafi einnig greitt öll útgjöld bifreiðarinnar. Lárus kveðst ekki muna nánar um tekjur hennar eða gjöld eða í hvaða vinnu hún var, en aðspurður kveðst hann hafa máske um tíma ekið henni eitthvað í vinnu við gerð Reykjavíkurflugvallar, en hann muni ekkert nánar um það. Hann kveður, að ákærði hafi greitt honum kaup fyrir akstur bifreiðarinnar, en hann man ekki hvert það

var eða hvernig það var reiknað út. Lárus hefur neitað því, að bifreiðin hafi í fyrstu verið keypt vegna hans, heldur hafi hún áreiðanlega verið keypt vegna skólans.

Jón Ingimarsson, sonur ákærða, hefur borið, að það hafi komið fyrir, að hann æki skólabifreiðinni R 2296, einkum í erindum skólans, meðal annars með nemendur í skólaselið. Einu sinni hafi bifreiðin lent, undir stjórn hans, í árekstri á Þingvallavegi, sbr. dskj. nr. 123. Hann kveðst ekkert geta borið um kaup eða rekstur bifreiðarinnar að öðru leyti.

Fram kemur í málinu, að bifreiðin R 2296 hefur lent í fjögur skipti í árekstri, á meðan hún var skráð á nafn Gagnfræðaskólans í Reykjavík. Jón Ingimarsson ók henni í tvö skipti, Lárus Ingimarsson í eitt skipti, en ekki er vitað um ökumann hennar í eitt skipti. Tjón varð eigi á bifreiðinni nema í eitt skipti, 21. ágúst 1943 á Þingvallavegi, og var Jón þá ökumaður. Urðu þá verulegar skemmdir á bifreiðinni, eða nánar tiltekið á frambretti, mótorfestingum, vatnskassa, fjöður, öxli, millibilsstöng og grind. Bifreiðin var tryggð hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h.f., en ekki í „kaskó"tryggingu, og hefur félagið ekki getað gefið upplýsingar um, hver viðgerðarkostnaður bifreiðarinnar var eða hver greiddi hann.

Samkvæmt skýrslu endurskoðunardeildar fjármálaráðuneytisins virðist tilgreindur rekstrarhalli bifreiðarinnar, kr. 54.051.20, hafa orðið þannig til:

Kaupverð	kr.	27.500.00
Rekstrarútgjöld frá 5. ágúst 1942 til 18. desember 1944, ca	—	44.551.20
	Kr.	72.051.20
Söluverð ca	—	18.000.00
Rekstrarhalli	kr.	54.051.20

Með tilvísun til framburða vitnanna Guðna Jónssonar og Hallbjörns Halldórssonar, skólanefndarmanna, þykir mega fallast á það hjá ákærða, að hann hafi ekki í heimildarleysi hinn 5. ágúst 1942 fest kaup á bifreiðinni R 2296 fyrir fé úr rekstrarsjóði Gagnfræðaskólans í Reykjavík, kr. 27.500.00, og ber því að sýkna hann af því ákæruatriði í IV. tölulið ákæruskjals. Hins vegar þykir með vitnaframburðum þeim, sem að framan hafa verið raktir, nægileg sönnun vera fengin fyrir því, að ákærði hefur rekið bif-

reið þessa í þágu sjálfs sín, meðal annars í vinnu við Reykjavíkurflugvöll, hirt tekjur af rekstri hennar, en greitt gjöld vegna rekstrar hennar úr rekstrarsjóði skólans og fært síðan í desember 1945 í bækur rekstrarsjóðs kr. 54.051.20 sem tap á rekstri bifreiðarinnar, sem seld var hinn 18. desember 1944 fyrir kr. 18.000.00, og látið þá fjárhæð ganga einnig til greiðslu á tapi af rekstri hennar, eins og í IV. tölulið ákæruskjals greinir.

Ákærði hefur með þessu atferli gerzt brotlegur gegn 261. gr. sbr. 249. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 1940, en fjárdráttur sá, sem þar kemur fram, er innifalinn í sjóðvöntun rekstrarsjóðs skólans og hefur þegar verið felldur undir 247. gr., 1. mgr., sbr. 138. gr. hegningarlaganna, sbr. III. og VI. kafla hér að framan.

VIII. KAFLI.

Í júní 1945 hóf vitnið Ragnar Þorlaugur Guðmundsson prentari, Karlagötu 21, hér í bæ, vinnu í Alþýðuprentsmiðjunni, hér í bæ, og hefur starfað þar síðan. Á þessum tíma var faðir vitnisins byrjaður á byggingu húss á Kirkjuteig 14, hér í bæ, og fór vitnið í félag með honum um húsbygginguna. Skorti vitnið fé af þessum ástæðum. Talaði það við vitnið Jóhannes Zoëga, þáverandi prentsmiðjustjóra Alþýðuprentsmiðjunnar, um möguleika þess að fá allt að 50 þúsund króna lán. Kveður vitnið Ragnar Guðlaugur, að vera megi, að það hafi fyrst talað um 25 þúsund króna lán og síðar um viðbótarlán sömu fjárhæðar. Vitnið Jóhannes Zoëga tók vel í málið og sagði vitninu Ragnari Þorlaugi, að það skyldi tala við ákærða, því að máske gæti hann útvegað því lán, en hann var þá formaður stjórnar Alþýðuprentsmiðjunnar h.f. Hefur vitnið Jóhannes Zoëga tekið fram, að á þessum tíma hafi verið erfitt að fá prentara og því hafi stjórnendur prentsmiðja reynt að greiða sem mest úr fyrir prenturum til að halda þeim.

Nokkurt misræmi hefur verið milli framburða vitna og ákærða um, hvað síðan gerðist, og þykir gleggst að skýra frá framburðum hvers fyrir sig.

Vitnið Ragnar Þorlaugur Guðmundsson kveðst stuttu síðar hafa fengið lán, að fjárhæð kr. 25.000.00, og minnir það, að vitnið Jóhannes Zoëga hafi afhent því fjárhæðina og sagt því um leið, a. m. k. stuttu síðar, að hún væri frá ákærða, en hefur þó síðar talið, að vera megi, að ákærði hafi sjálfur afhent því hana. Vitnið man ekki, hvort fjárhæðin var í reiðufé eða tékka, og kveðst það ekki hafa ritað undir neina viðurkenningu fyrir móttöku

hennar og ekkert hafi heldur verið talað um lánstímann, nema að lánið væri til stutts tíma. Vitnið kveðst svo hafa fengið annað lán, að fjárhæð kr. 25.000.00, til viðbótar seint á árinu 1945 eða í ársbyrjun 1946 og minnir það fastlega, að ákærði hafi afhent því þá fjárhæð og að hún hafi verið í tékka á Landsbanka Íslands. Um sama leyti eða rétt á eftir hafi vitnið gefið út eiginvíxil fyrir láni þessu, og minnir það, að þó nokkru áður hafi það verið búið að gefa út víxil fyrir fyrra láninu. Öruggt sé a. m. k., að það hafi gefið út tvo víxla til nokkurra mánaða, hvorn að fjárhæð kr. 25.000.00, fyrir láninu, og minnir það, að þeir hafi verið ritaðir á eyðublað frá Búnaðarbanka Íslands, en nánara efni þeirra man vitnið ekki. Það hafi ekki getað greitt víxlana á gjalddaga, og hafi ákærði ekki gengið ríkt eftir greiðslu þeirra, en þó haft nokkrum sinnum orð á því við það, að hann þyrfti að fá þá greidda. Vitnið hafi svo greitt ákærða fjárhæð annars víxilsins um haustið 1949 eða í ársbyrjun 1950 og fjárhæð hins muni það hafa greitt í fyrsta lagi eftir maílok 1951, í báðum tilfellum ásamt vöxtum, sem það minnir að hafi verið 4%—5%, samtals 3—5 þúsund krónur. Vitnið kveðst ekki hafa vitað um, hvaðan ákærði fékk lánsfjárhæðirnar, hvort það var hans eigið fé eða úr sjóði Alþýðuprentsmiðjunnar eða frá einhverjum öðrum aðilja.

Ákærði hefur borið það, að fyrir nokkrum árum hafi vitnið Ragnar Þorlaugur Guðmundsson verið að reisa hús og verið fjárþurfi og haft orð á því við hann, hvort hann gæti ekki útvegað því lán, en ákærði var þá formaður stjórnar Alþýðuprentsmiðjunnar h.f., þar sem vitnið vann. Hafi hann veitt vitninu lán og tekið fjárhæð þessa af reiðufé gagnfræðaskólans. Hann muni ekki, hvort nokkuð skriflegt var gert um lánið eða hve hátt það var, en vefengir ekki, að það hafi numið kr. 50.000.00 og að vitnið hafi samþykkt víxil fyrir því. Þá muni hann ekki til þess, að lánið hafi verið veitt í tvennu lagi og að Jóhannes Zoëga Magnússon eða annar maður hafi haft einhverja milligöngu eða afskipti af láninu. Vitnið hafi svo endurgreitt lánið eftir einhvern drátt, en þó ekki eins langan og vitnið telur. Ákærði telur sennilegt, að lán þetta hafi verið veitt og endurgreitt á árinu 1946, enda hafi það verið veitt til mjög stutts tíma sem skyndilán.

Vitnið Jóhannes Zoëga Magnússon kveðst hafa gengið út frá því, að ákærði hafi veitt vitninu Ragnari Þorlaugi lán, því að það hafi haldið áfram húsbyggingu sinni. Vitnið Jóhannes Zoëga kveðst hins vegar ekki hafa vitað, hve hátt lánið var, og önnur afskipti hafi það ekki haft af því.

Lagt hefur verið fram í málinu handritað yfirlit, dagsett 8. ágúst 1946, yfir bankainnstæður, verðbréf o. fl. (dskj. nr. 19) og var það meðal þeirra skjala, sem tekin voru heima hjá ákærða 4. marz 1955. Ákærði kveðst hafa ritað yfirlitið, og hafi hann sjálfsagt gert það til að athuga eignir gagnfræðaskólans án aðgreiningar milli rekstrarsjóðs og byggingarsjóðs skólans. Telur hann, að dagsetning og annað efni skjalsins hljóti að vera rétt. Einn af eignaliðum skjalsins er þessi: „Ragnar 50.000.00". Kveður ákærði, að hér sé átt við nefnt 50 þúsund króna lán ákærða til vitnisins Ragnars Þorlaugs Guðmundssonar.

Enn fremur hefur verið lagt fram annað handritað yfirlit, dagsett 20. júlí 1948, yfir bankainnstæður, verðbréf o. fl. (dskj. nr. 26), og var það einnig meðal þeirra skjala, sem tekin voru heima hjá ákærða 4. marz 1955. Einn af verðbréfaliðum skjalsins er þessi „R. G. 54250/—". Ákærði kveðst hafa ritað yfirlit þetta, en man ekki tilefnið. Kveður hann, að yfirlitið þyrfti alls ekki að vera gert til að taka saman eignir rekstrarsjóðs og byggingarsjóðs gagnfræðaskólans, því að honum virðist sem hann hafi ritað á yfirlitið ýmis önnur atriði, sem komu þessum sjóðum skólans ekki við. Hann kveðst ekki geta sagt um, hvað liðurinn: „R. G. 54250/—" merkir. Hann telur möguleika vera á því, að R. G. sé fangamark einhvers manns og að 54250/— sé skuld þessa manns, en hver hann eða skuldareigandi þá sé, geti hann ekki sagt um. Eitt af þrennu komi hér til greina: að ákærði hafi sjálfur átt kröfuna, að rekstrarsjóður eða byggingarsjóður gagnfræðaskólans hafi átt hana eða að ákærði hafi haft einhverja umsýslu eða afskipti af þessari kröfu eða fjárhæð fyrir einhvern annan aðilja. Þetta geti ekki verið lánið til vitnisins Ragnars Þorlaugs Guðmundssonar þegar af þeirri ástæðu, að það hafi verið endurgreitt á árinu 1946.

Á stofni nr. 1437 í tékkhefti fyrir sparisjóðsávísanabók nr. 2403 við Útvegsbanka Íslands h.f. (dskj. nr. 84) stendur: Dags. 29. nóv. '45 Til Ragnar Guðm. Bræðr. 10 kr. 25.000.00. Ákærði kveður, að það sé vel hugsanlegt, að þetta sé greiðsla á helmingi lánsfjárhæðarinnar, en treystir sér þó ekki til að fullyrða neitt um það. Hann kveðst nú ekki muna sérstaklega eftir tilefni til eða atvikum að útgáfu tékka þessa, en segir þó, að hann sé gagnfræðaskólanum alveg óviðkomandi.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, sbr. og það, sem áður var sagt um sparisjóðsávísanabók nr. 2403 í VI. kafla, er næg sönnun fengin fyrir því, að ákærði veitti vitninu Ragnari Þor-

laugi Guðmundssyni í heimildarleysi um eða eftir mitt árið 1945 lán að fjárhæð kr. 25.000.00 af fé gagnfræðaskólans svo og nokkru síðar, eða 29. nóvember sama ár, sama manni einnig í heimildarleysi annað lán sömu fjárhæðar af fé nefnds skóla. Þykir upplýst, að vitnið gaf út eigin víxla fyrir lánunum, og kveður endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins, að annar víxillinn hafi verið endurgreiddur um haustið 1949 eða í ársbyrjun 1950, en hinn endurgreiddur í fyrsta lagi eftir maílok 1951.

Ákærði hefur með þessu atferli sínu gerzt brotlegur gegn 261. gr. sbr. 249. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 1940.

IX. KAFLI.

Vitnið Þorsteinn Halldórsson prentari, Fálkagötu 4, hér í bæ, hefur um margra ára skeið unnið í Alþýðuprentsmiðjunni h.f., hér í bæ. Á árinu 1947 skorti það fé til að endurbæta hús sitt að Fálkagötu 4 og talaði það við vitnið Jóhannes Zoëga Magnússon, prentsmiðjustjóra nefndrar prentsmiðju, um það, hvort það (vitnið Jóhannes Zoëga) gæti hjálpað því um peningalán í þessu skyni. Vitnið Jóhannes Zoëga benti vitninu Þorsteini á að snúa sér til ákærða, formanns prentsmiðjustjórnarinnar, og gerði vitnið Þorsteinn það.

Varð svo úr, að ákærði lét vitnið Þorstein fá lán að fjárhæð kr. 25.000.00, og var upphæðin greidd í tékka, dags. 17. maí 1947, útgefnum af ákærða á tékkabók nr. 5211 við Landsbanka Íslands. Ákærði kveðst ekki muna, hvar hann greiddi vitninu Þorsteini út lánsfjárhæðina eða hvort aðrir voru þá viðstaddir, en vitnið Þorstein minnir fastlega, að hann hafi afhent því hana í prentsmiðjunni og að engir aðrir hafi þá verið viðstaddir.

Lánið átti að endurgreiðast þannig, að Alþýðuprentsmiðjan h.f. héldi eftir 50 krónum af vikulaunum vitnisins Þorsteins hverju sinni og skyldu þær færðar á reikning ákærða í prentsmiðjunni.

Um leið eða um sama leyti og vitnið Þorsteinn fékk greint 25 þúsund króna lán, samþykkti það víxil til 6 mánaða sömu fjárhæðar fyrir láninu. Var víxillinn dagsettur 16. maí 1947 og með gjalddaga 16. nóvember sama ár, en útgefandi hans var vitnið Jóhannes Zoëga Magnússon f. h. Alþýðuprentsmiðjunnar h.f.

Vitnið Þorstein minnir, að það hafi undirgengizt að samþykkja víxil fyrir láninu, um leið og það hafi tekið við því, og að skömmu síðar hafi vitnið Jóhannes Zoëga komið með víxilinn til þess og það þá undirritað hann sem samþykkjandi að beiðni vitnisins Jóhannesar Zoëga.

Vitnið Jóhannes Zoëga man ekki eftir atvikum að útgáfu víxilsins og minnir það helzt, að vitnið Þorsteinn hafi fengið það til að rita meginmál hans svo og nafn sitt sem útgefanda hans f. h. Alþýðuprentsmiðjunnar h.f. á þeim forsendum og af því, að vitnið Þorsteinn var prentari þar.

Ákærði man ekki heldur eftir því, hver atvik hafa legið til þess, að vitnið Jóhannes Zoëga f. h. Alþýðuprentsmiðjunnar h.f. var útgefandi víxilsins, en telur, að líklegasta skýringin á þessu muni vera sú, að hann hafi viljað fá einnig ábyrgð prentsmiðjunnar á láninu, af því að það væri aukin trygging fyrir endurgreiðslu þess, og sérstaklega myndi prentsmiðjan gæta þess þá betur að halda eftir af vikulaunum vitnisins Þorsteins nokkurri fjárhæð til afborgana af láninu.

Ákærði hefur eindregið neitað því, að hann hafi lánað vitninu Þorsteini af fé gagnfræðaskólans, heldur hafi hann veitt því lán af eigin fé sínu. Vitnið Þorsteinn kveðst aftur á móti hafa gengið út frá því, að lánið væri ekki persónulega frá ákærða, heldur í raun og veru frá Alþýðuprentsmiðjunni h.f., og hafi sá háttur, sem hafður var á um endurgreiðslu lánsins, stutt þá trú þess.

Vitnið Þorsteinn Halldórsson hefur lagt fram í málinu fyrrgreindan víxil að fjárhæð kr. 25.000.00, dskj. nr. 40. Bakhlið hans sýnir, að 29. desember 1947 hafi verið greiddar kr. 1.500.00 upp í víxilinn auk vaxta, að fjárhæð kr. 500.00, í hálft ár. Jafnframt hefur nýr víxill verið útgefinn, að fjárhæð kr. 23.500.00. Þá hefur sama vitni lagt fram 10 kvittanir Alþýðuprentsmiðjunnar h.f., samtals að fjárhæð kr. 5.500.00, fyrir greiðslum vitnisins upp í nefnt lán og tekið fram, að það hafi fengið margar fleiri kvittanir, sem glataðar séu. Kveðst vitnið hafa verið að smágreiða víxillánið niður, en ennþá sé nokkuð ógreitt af því. Ákærði kveður, að lítið muni vera eftir ógreitt af láninu.

Vitnið Theódór Friðgeirsson verzlunarmaður, Bræðraborgarstíg 37, hér í bæ, sem annazt hefur bókhald og gjaldkerastörf Alþýðuprentsmiðjunnar h.f. síðan um áramótin 1944—1945, hefur borið það, að það hafi samkvæmt beiðni vitnisins Þorsteins haldið eftir kr. 50.00 af vikukaupi þess hverju sinni vegna skuldar þess við ákærða, og samkvæmt beiðni hans (ákærða) hafi vitnið Theódór fært upphæðir þessar inn í viðskiptareikning hans við prentsmiðjuna sem lán frá honum til hennar. Í þeim viðskiptareikningi eru tvær færslur hér að lútandi: Önnur 31. desember 1950, að fjárhæð kr. 10.975.00, og hin 31. desember 1954, að fjárhæð kr. 8.062.50.

Ákærði kveður, að tvær seinasttaldar upphæðir hafi ekki átt að færast á viðskiptareikning þann, sem þær voru færðar á, en það hafi verið reikningur um peningaafhendingar hans til Alþýðuprentsmiðjunnar h.f., sbr. VI. kafla hér að framan, heldur hafi átt að færa þær á persónulegan viðskiptareikning hans við prentsmiðjuna og þá ekki sem lán af hendi hans til hennar, heldur greiðslu hans inn á einkaviðskiptareikning hans, sem hann gæti síðan ráðstafað að vild sinni.

Í hinu handritaða yfirliti, dagsettu 20. júlí 1948, yfir bankainnstæður, verðbréf o. fl. (dskj. nr. 26), sem um getur í VIII. kafla hér að framan, er einn af verðbréfaliðunum þessi: „Þ. H. 23500/—". Liðurinn er fyrir aftan liðinn „R. G. 54260/—", sbr. VIII. kafla, og eru þeir lagðir saman og færðir út: 77.750.00. Ákærði hefur viðurkennt, að liðurinn „Þ. H. 23500/—" merki umrætt lán hans til vitnisins Þorsteins Halldórssonar.

Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins telur, að hinn 30. september 1955 hafi eftirstöðvar af þessari skuld vitnisins Þorsteins numið kr. 3.237.50, ef gert sé ráð fyrir því, að í innborgunum þess séu innifaldir vextir, en kr. 1.225.00, séu þær hreinar afborganir.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, svo og því, sem sagt var um sparisjóðsávísanabók nr. 5211, sem var skráð eign byggingarsjóðs gagnfræðaskólans, og um fjármál ákærða almennt í V.—VI. kafla hér að framan, verður að telja — þó að ákærði hafi ekki viljað við það kannast — að lögfull sönnun sé fengin fyrir því, að hann veitti vitninu Þorsteini Halldórssyni hinn 16. eða 17. maí 1947 í heimildarleysi lán að fjárhæð kr. 25.000.00 af fé gagnfræðaskólans. Sú fjárhæð, sem samkvæmt framansögðu hefur verið endurgreidd af láninu, hefur ekki runnið til skólans, heldur farið inn á persónulegan viðskiptareikning ákærða við Alþýðuprentsmiðjuna h.f.

Hefur ákærði með þessu atferli sínu gerzt brotlegur gegn 261. gr. sbr. 249. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 1940, en fjárdráttur sá, sem þar kemur fram, er innifalinn í sjóðvöntun rekstrarsjóðs skólans og hefur þegar verið felldur undir 247. gr., 1. mgr., sbr. 138. gr. hegningarlaganna, sbr. III. og VI. kafla hér að framan.

X. KAFLI.

Um vorið 1946 vantaði kennara við gagnfræðaskólann. Um sama leyti kom vitnið Guðmundur Þorláksson kennari, Eikju-

vogi 13, hér í bæ, erlendis frá. Ræddi ákærði við vitnið um möguleika þess, að það yrði kennari við skólann. Taldi vitnið sig ekki geta tekið við starfinu, nema því yrði hjálpað um lánsfé til að taka á leigu eða festa kaup á íbúð eða húsi hér í bænum. Kveðst ákærði hafa talað við skólanefndarmenn um málið og þeir fallizt á að veita vitninu lán úr rekstrarsjóði skólans til íbúðar- eða húsakaupa, ef hann vildi taka að sér kennarastarf við skólann, en lánsfjárhæðin muni ekki hafa verið fastákveðin. Hóf vitnið svo kennslu í skólanum haustið 1946, og var talað um það milli ákærða og vitnisins, að það fengi 70—80 þúsund króna lán til að geta innt af hendi útborgun í íbúð. Vitnið fann ekki hagkvæma íbúð og var í leiguhúsnæði um veturinn.

Síðla veturs bauðst vitninu til kaups húseignin Eikjuvogur 13 fyrir 160 þúsund krónur, og skyldi kaupverðið greitt allt út þegar í stað. Skýrði vitnið ákærða frá þessu og fór fram á 150 þúsund króna lán, en hann taldi illmögulegt að útvega því svo háa fjárhæð að láni. Eftir nokkurn tíma veitti ákærði vitninu þó lánið, að fjárhæð kr. 150.000.00. Kveðst hann hafa áður talað við einstaka skólanefndarmenn, þó að hann muni ekki, hverjir það voru, um að lánið hlyti að verða hærra en í fyrstu hefði verið ráð fyrir gert, og hafi þeir ekkert haft við það að athuga. Hann hafi þó ekki talað við nefndarmennina á formlegum fundi nefndarinnar, þar eð á þessum tíma hafi verið búið að leggja hana niður.

Ákærði greiddi lánið út í tvennu lagi og í bæði skiptin með tékka á sparisjóðsávísanabók nr. 5211 við Landsbanka Íslands. Fyrri tékkinn var útgefinn 5. marz 1947, að fjárhæð kr. 40.000.00, en sá seinni 4. maí sama ár, að fjárhæð kr. 110.000.00.

Vitnið festi kaup á húseigninni Eikjuvogi 13 og gaf út skuldabréf til handhafa, dags. 2. maí 1947, fyrir lánsfjárhæðinni, kr. 150.000.00, með 1. veðrétti í eigninni. Skyldi lánið endurgreiðast með jöfnum afborgunum á 15 árum, en vitnið kveður, að ákærði hafi samþykkt, að þegar lánið væri komið niður í kr. 100.000.00, mættu afborganir lækka niður í kr. 5.000.00 á ári. Vextir af láninu voru 4%.

Ákærði kveðst engan hlut hafa átt í því, að skuldabréfið var ekki gefið út til Gagnfræðaskólans í Reykjavík heldur til handhafa, og hafi vitnið fengið fasteignasala þann, sem Eikjuvog 13 hafði til sölu, til að semja bréfið. Vitnið kveðst hins vegar ekkert hafa skipt sér af því, til hvers skuldabréfið var út gefið, og hafi ákærði alveg séð um samningu og orðalag þess.

Ákærði tók við handhafaskuldabréfinu og sá um þinglýsingu þess. Fram kemur af bréfinu, en ljósmynd af því hefur verið lögð fram í málinu, að það hefur ekki verið móttekið til þinglýsingar fyrr en 3. desember 1947, og kveðst ákærði ekki muna, af hverju það hefur stafað.

Vitnið greiddi svo ákærða afborganir og vexti af bréfinu, og kvittaði hann fyrir móttöku greiðslnanna á skuldabréfið hverju sinni. Hafði vitnið við upphaf rannsóknar máls þessa greitt í afborganir af bréfinu samtals kr. 60.000.00 og í vexti samtals kr. 33.800.00.

Ákærði færði ekki fyrrgreint peningalán, að fjárhæð kr. 150.000.00, til útborgunar í reikningshaldi skólans, og kveður hann, að ástæðan hafi að nokkru verið sú, að hann hafi haft mikið að gera, og að nokkru sú, að hann hafi talið það óþarfa, þar sem sanna mætti lánið með tilvist skuldabréfsins. Hann færði ekki heldur vexti og afborganir af láninu sem innkomið fé í reikningshald skólans, og kveður hann, að það hafi verið vegna þess, að hann hafi talið nægilegt að færa þær inn á bréfið sjálft.

Vitnið Sigurður Þórarinsson skólanefndarmaður hefur borið það, að rætt hafi verið um það á fundi nefndarinnar að fá vitnið Guðmund Þorláksson sem kennara að skólanum, og hafi vitnið verið því fylgjandi. Ákærði hafi skýrt nefndinni frá því, að nægilegt fé myndi vera til í einum sjóði skólans til að veita vitninu Guðmundi lán til íbúðarkaupa, en það hafi verið skilyrði þess fyrir því, að taka að sér kennarastarf við skólann. Nefndin hafi svo samþykkt að veita vitninu Guðmundi lánið, og minnir vitnið Sigurð fastlega, að fjárhæð þessi hafi verið milli 60 og 80 þúsund krónur, og alls ekki hærri.

Vitnið Björn Sigfússon skólanefndarmaður minnist þess, að ákærði hafi skýrt frá því á einum fundi nefndarinnar, að hætta væri á því, að gagnfræðaskólinn fengi ekki notið kennslukrafta vitnisins Guðmundar Þorlákssonar nema því aðeins, að honum yrði veitt lán til íbúðar- eða húsakaupa. Hafi nefndin samþykkt fyrir sitt leyti, að vitninu yrði veitt lán úr rekstrarsjóði skólans í þessu skyni, og minnir vitnið Björn, að hámark það, sem nefndin setti fyrir lánsfjárhæðinni, hafi verið 55—60 þúsund krónur. Á öðrum fundi nefndarinnar þó nokkru síðar hafi ákærði skýrt frá því, að nú væri vitnið Guðmundur búinn að fá kauptilboð á húsi, og síðan hafi hann bætt við orðrétt: „Ég held að við verðum að reyna að hafa einhver ráð með að hækka lánið mjög verulega til Guðmundar.“ Vitnið Björn kveður, að ákærði

hafi hlotið að nefna hámark lánsfjárhæðarinnar, en það muni ekki, hvert það var. Nefndin hafi engum andmælum hreyft gegn því að hækka lánið til vitnisins Guðmundar.

Vitnið Einar Magnússon skólanefndarmaður hefur borið það, að skólanefnd hafi samþykkt að veita vitninu Guðmundi lán til íbúðarkaupa, gegn því að hann yrði kennari við gagnfræðaskólann, og hafi nefndin ætlazt til, að lánið yrði veitt úr rekstrarsjóði skólans. Vitnið Einar telur líklegast, að nefndin hafi ákveðið hámark lánsfjárhæðarinnar, en telur nærri útilokað, að fjárhæðin hafi getað verið yfir 100 þúsund krónur, og hefur eftir á látið sér detta í hug 60—70 þúsund krónur. Vitnið heldur, að þetta hafi gerzt árið 1946, og minnist það þess ekki, að ákærði talaði nokkru sinni aftur við það um lánsfjárhæðina.

Vitnið Guðni Jónsson skólanefndarmaður hefur skýrt frá því, að líklega á árinu 1946 hafi ákærði farið þess á leit við skólanefndina, að hún samþykkti, að vitninu Guðmundi yrði veitt lán til íbúðar- eða húsakaupa, til að tryggja skólanum kennslukrafta þess. Nefndin hafi tekið þetta fyrir á fundi sínum og samþykkt, að því yrði veitt lán úr rekstrarsjóði skólans. Hámark lánsfjárhæðarinnar hafi verið tiltekið, en vitnið Guðni kveðst ekki muna, hvert það var, en segir, að það hafi ekki verið yfir 100 þúsund krónur. Hafi þetta verið bókað í gerðabók nefndarinnar. Vitnið Guðni kveður, að ákærði hafi ekki talað aftur við það um fjárhæð lánsins, en Aðalsteinn Eiríksson námsstjóri hafi um veturinn 1954—1955 skýrt því frá, að lánið hefði numið 150 þúsund krónum, og hafi sú fjárhæð þá komið vitninu (Guðna) alveg á óvart, því að það hafi gengið út frá því, að lánsfjárhæðin færi ekki fram úr því, sem skólanefndin hafði samþykkt.

Samkvæmt framansögðu er sannað, að skólanefndin samþykkti, að vitninu Guðmundi Þorlákssyni væri veitt lán til íbúðar- eða húsakaupa úr rekstrarsjóði gagnfræðaskólans, en ekki er upplýst, hvert hámark lánsfjárhæðarinnar átti að vera. Framburðir vitnanna Sigurðar Þórarinssonar, Einars Magnússonar og Guðna Jónssonar benda til þess, að hámarkið hafi að minnsta kosti eigi verið hærra en 100 þúsund krónur, en framburður vitnisins Björns Sigfússonar getur veitt nokkra stoð þeim framburði ákærða, að skólanefndarmenn hafi samþykkt hærri lánsfjárhæð og meira að segja þá lánsfjárhæð, sem ákærði veitti vitninu Guðmundi. Þykir því vera varhugavert að telja fyllilega sannað, að ákærði hafi með því að veita vitninu Guðmundi lán að fjárhæð kr. 150.000.00 brotið gegn samþykkt skólanefndarmanna í þessu

efni. Hins vegar hefur ákærði með því að taka lánsfjárhæðina úr byggingarsjóði gagnfræðaskólans og þar að auki látið undir höfuð leggjast að færa skuldabréfið fyrir láninu byggingarsjóði til eignar, misfarið með fé þess sjóðs og þannig brotið gegn 261. gr. sbr. 249. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 1940.

XI. KAFLI.

Vitnið Vignir Andrésson, Egilsgötu 22, hér í bæ, hefur verið kennari við Gagnfræðaskólann í Reykjavík (Austurbæjar) síðan á árinu 1930.

Vitnið hefur borið það, að fyrir nokkrum árum, máske árið 1948, hafi það þurft að leggja út kr. 15.000.00 vegna atvinnurekstrar, sem það þá var í, svo og vegna viðgerðar á húsi þess. Hafi vitnið af þessum ástæðum leitað eftir láni hjá ákærða, en því var kunnugt um, að hann hafði fé skíðaskálans „Múla" undir höndum og að í þeim sjóði var nægilegt fé til að veita því lán. Ákærði hafi veitt því lánið, að fjárhæð kr. 15.000.00, og hafi vitnið haldið, að það væri veitt úr greindum skíðaskálasjóði, en kveðst nú ekki muna, hvort hann sagði því, að lánsfjárhæðin væri úr þeim sjóði eða hvort nokkuð var rætt um það mál sérstaklega milli þeirra. Vitnið man ekki heldur, hvort lánsfjárhæðin var greidd því í reiðufé eða tékka, en hún var öll greidd út í einu. Vitnið kveðst hafa gefið ákærða viðurkenningu fyrir láninu, en man ekki form hennar. Vitnið kveðst ekki muna nú, með hvaða skilmálum lánið var veitt, þ. e. hvenær eða hvernig það skyldi endurgreitt, en vitnið kveðst hafa endurgreitt ákærða lánið fljótlega, en man ekki nánar, hvenær það var.

Tilefnið til yfirheyrslu vitnisins Vignis um framangreint atriði var það, að í hinu handritaða yfirliti, dags. 20. júlí 1948, yfir bankainnstæður, verðbréf o. fl. (dskj. nr. 26), sem um getur í VIII. og IX. kafla hér að framan, er einn af verðbréfaliðunum þessi: „V. A. 15.000/—", en strikað er yfir liðinn.

Þegar ákærði var fyrst spurður um þenna lið í dskj. nr. 26 í sakadómi 13. júní 1955, kvaðst hann ekki geta sagt um, hvort stafirnir V. A. væru fangamörk ákveðins manns eða hvort upphæðin 15000/— væri lán til þess manns og ekki muna, hvers vegna strikað var yfir liðinn.

Ákærða var síðan í sakadómi 22. sama mánaðar gerður kunnur framburður vitnisins Vignis, og kvaðst hann þá ráma aðeins í það að hafa veitt því peningalán fyrir nokkrum árum og að

vitnið hafi endurgreitt það mjög fljótlega. Kveðst hann ekki muna nánar, hvenær lánið var veitt, fjárhæð þess eða önnur einstök atvik að því, en hefur ekkert sérstakt við framburð vitnisins Vignis að athuga og enga ástæðu til að álíta hann rangan á nokkurn hátt, en þó muni hann (ákærði) ekkert nánar frá eigin brjósti um lánið. Ákærði telur líklegast, að hann hafi strikað yfir liðinn í fyrrgreindu skjali, þegar búið var að endurgreiða lánið, og muni það hafa verið endurgreitt rétt á eftir að yfirlitið í skjalinu var tekið saman.

Framburður vitnisins Vignis Andréssonar og færsla lánsins inn á dskj. nr. 26 styðja að vísu það, að ákærði hafi tekið lánsfjárhæðina af fé gagnfræðaskólans, en þó þykir samkvæmt málavöxtum, eins og þeir hafa verið raktir hér að framan, varhugavert að telja nægilega sönnun vera fram komna fyrir því, að svo hafi verið. Ber því að sýkna ákærða af ákæru VIII. töluliðs ákæruskjals.

XII. KAFLI.

Í margnefndu yfirliti, dags. 20. júlí 1948, yfir bankainnstæður, verðbréf o. fl. á dskj. nr. 26, sbr. VIII., IX. og XI. kafla hér að framan, er einn af verðbréfaliðunum þessi: „J. Z. M. 10000/—". Þótti dóminum ástæða til að athuga, hvort hér væri ekki átt við vitnið Jóhannes Zoëga Magnússon, prentsmiðjustjóra Alþýðuprentsmiðjunnar h.f.

Hinn 10. júní 1955 skýrði vitnið Jóhannes Zoëga frá því í sakadómi, að það hefði máske árið 1948 — og áreiðanlega fyrir árið 1950 — fengið persónulega lán hjá ákærða, að fjárhæð kr. 10.000.00. Vitnið hafi ekki vitað til annars en að ákærði hefði lánað því sitt eigið fé og gengið út frá því, að svo væri. Ákærði hefði greitt því út lánið í reiðufé á heimili sínu. Minnti vitnið, að það hefði samþykkt víxil fyrir lánsfjárhæðinni frekar en að það hefði gefið ákærða sérstaka kvittun. Vitnið mundi ekkert nánar um efni víxilsins. Vitnið lofaði ákærða því að endurgreiða honum lánið, þegar það gæti, en hann hefði aldrei krafið það eða haft orð á endurgreiðslu þess, og væri lánið enn að fullu ógreitt.

Síðar sama dag var lögð fram í dóminum viðurkenning vitnisins, dagsett 3. ágúst 1951, fyrir að hafa fengið kr. 12.000.00 að láni hjá ákærða, sbr. dskj. nr. 20. Taldi vitnið þá, að þetta væri viðurkenning þess fyrir fyrrgreindu láni, og því hefði það verið að fjárhæð kr. 12.000.00 og veitt 3. ágúst 1951.

Við yfirheyrslu 15. júlí sama ár benti vitnið loks á það sem möguleika, í tilefni þess, að þá hafði verið lagður fram í málinu tékki, útgefinn af ákærða til vitnisins 12. október 1950, að fjárhæð kr. 15.000.00, sbr. dskj. nr. 110, að lánið hefði verið greitt með tékka þessum og það því verið veitt 12. október 1950 og að fjárhæð kr. 15.000.00, en síðan hefði vitnið greitt kr. 3.000.00 upp í lánið og þá gefið ákærða viðurkenninguna á dskj. nr. 20 fyrir þeim hluta lánsins, sem ógreiddur var.

Hinn 11. júní sama ár var ákærði yfirheyrður um málið og bar þá eftirfarandi:

Hann kveðst hafa einu sinni lánað vitninu fjárhæð til persónulegra þarfa þess, og muni lánið hafa staðið í sambandi við húsbyggingu þess. Minnir hann, að lánsfjárhæðin hafi verið kr. 10.000.00. Hann man ekki, hvaða ár þetta var, en það hafi getað verið árið 1948. Hann man heldur ekki, hvort lánsfjárhæðin var greidd út í reiðufé eða tékka, en telur sennilegt, að hún hafi öll verið greidd út í einu lagi. Ákærði kveðst ekki muna, hvaðan hann tók lánsfjárhæðina, en hann hafi tekið hana af fé, sem hann hafði undir höndum, og máske hafi hann tekið hana úr einhverri sparisjóðsbók gagnfræðaskólans eða af reiðufé skólans, enda hafi hann ekki haft glögg skil milli fjár skólans og eigin fjár. Ákærði kveðst hafa hugsað lánveitingu þessa sem persónulegt lán ákærða til vitnisins, og hafi hann vissulega átt nægilegt fé sjálfur fyrir láni þessu. Hann telur líklegt, að vitnið hafi gefið honum kvittun fyrir láninu, en það hafi þó líka getað verið, að vitnið hafi samþykkt víxil fyrir því. Vitnið kvaðst mundu endurgreiða honum lánið, þegar það gæti það, en það væri ógreitt enn í dag, þó að hann hefði gengið eftir endurgreiðslu þess. Ákærði staðhæfir, að hann hafi ekki í annað skipti lánað vitninu fé til persónulegra þarfa þess.

Hinn 13. júní 1955 var ákærði yfirheyrður um dskj. nr. 26, og kvað hann þá, að liðurinn „J. Z. M. 10000/—“ í því ætti við umrætt 10 þúsund króna lán til vitnisins Jóhannesar Zoëga.

Á stofni nr. 75608 í einu tékkhefti fyrir sparisjóðsávísanabók nr. 5211 í Landsbanka Íslands stendur þessi áletrun: „18/6 '48 Til Jóh. Z. Magn. kr. 10.000.—“. Hefur dómurinn fengið tékka þenna afhentan í bankanum og tékkinn verið lagður fram í málinu, sbr. dskj. nr. 138. Á bakhlið hans er nafnið Jóhannes Z. Magnússon.

Þá var meðal skjala þeirra, sem tekin voru heima hjá ákærða 4. marz 1955, víxill samþykktur af vitninu Jóhannesi Zoëga, óút-

gefinn, dagsettur 18. júní 1948, að fjárhæð kr. 10.000.00, dskj. nr. 180.

Eftir framlagningu þessara skjala hefur ákærði borið, að hann hafi einmitt greitt fyrrgreint 10 þúsund króna lán til vitnisins Jóhannesar Zoëga með nefndum tékka og vitnið samþykkt greindan víxil fyrir láninu. Hins vegar hafi hann ekkert hirt um að notfæra sér víxilréttinn og knýja vitnið til endurgreiðslu víxilfjárhæðarinnar.

Vitnið Jóhannes hefur hins vegar haldið því fram, að greindur tékki hafi ekki verið til þess persónulega, heldur afhentur til Alþýðuprentsmiðjunnar h.f., en það hafi svo ábekt hann um leið og það hefur fengið hann greiddan í bankanum. Þá kveður vitnið í lokaframburði sínum 5. ágúst 1955, að víxillinn á dskj. nr. 180 sýni, að 18. júní 1948 hefur það fengið kr. 10.000.00 hjá ákærða og ritað víxilinn til tryggingar endurgreiðslu fjárhæðarinnar. Hins vegar muni það ekki sérstaklega eftir viðtöku þessara 10 þúsund króna og nánari atvikum að ritun víxilsins. Heldur vitnið fast við það, sem það hefur áður borið í málinu, að það hafi aðeins í eitt skipti fengið persónulega lán hjá ákærða og sé það enn ógreitt. Vitnið hafi alltaf minnt, að fjárhæð lánsins væri 12—15 þúsund krónur, og að lánið væri veitt því á árinu 1950 eða 1951. Þetta minni vitnið enn. Hins vegar geti víxillinn á dskj. nr. 180 bent til þess, að það hafi ekki munað þetta rétt, þannig að lánsfjárhæðin hafi í raun og veru verið kr. 10.000.00 og hún veitt 18. júní 1948.

Dómurinn telur, að samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, sé nægileg sönnun fengin fyrir því, að um sumarið 1948, eða nánar tiltekið 18. júní það ár, veitti ákærði án nokkurrar heimildar vitninu Jóhannesi Zoëga Magnússyni lán að fjárhæð kr. 10.000.00 og greiddi það með tékka á sparisjóðsávísanabók byggingarsjóðs gagnfræðaskólans nr. 5211 við Landsbanka Íslands, og er lánið enn ógreitt. Samkvæmt þessu og með tilvísun til þess, sem áður var sagt um sparisjóðsávísanabók nr. 5211 í VI. kafla, hefur ákærði með greindu atferli sínu brotið gegn 261. gr. sbr. 249. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 1940.

XIII. KAFLI.

Í yfirliti, dags. 20. júlí 1948, yfir bankainnstæður, verðbréf o. fl. á dskj. nr. 26, sbr. VIII.—IX. og XI.—XII. kafla hér að framan, er einn af verðbréfaliðunum þessi: „V. G. 10000/—“.

Er liðurinn á eftir liðnum „J. Z. M. 10000/—“ og þeir lagðir saman og færðir út með 20.000.00.

Ákærði var fyrst yfirheyrður um liðinn „V. G. 10000/—“ í dómþingi 13. júní 1955. Kvaðst hann þá engar upplýsingar geta gefið um lið þenna og ekki geta sagt um, hvort „V. G.“ væri fangamark einhvers manns eða hvort fjárhæðin „10000/—“ væri lán frá ákærða til hans. Myndi hann þetta svo óglöggt, að hann vildi ekkert láta hafa eftir sér um það mál.

Í dómþingi 22. sama mánaðar kvað ákærði, sérstaklega aðspurður, að stafirnir „V. G.“ gætu verið upphafsstafir frænda hans Valdimars Guðmundssonar, áður lögregluþjóns, en nú fangavarðar. Kvaðst ákærði muna eftir því, að fyrir nokkrum árum lánaði hann Valdimar smá-peningaupphæðir í stuttan tíma, og stóð hann (Valdimar) jafnan skil á lánunum. Kvaðst ákærði ekki muna sérstaklega eftir því, að hann lánaði Valdimar kr. 10.000.00, en greindur liður í dskj. nr. 26 benti til, að svo hefði verið. Kvaðst ákærði engar frekari upplýsingar geta gefið um lán þetta.

Valdimar Guðmundsson fangavörður, Skólavörðustíg 9, hér í bæ, var sama dag kvaddur til að bera vitni í málinu.

Hefur vitnið skýrt frá því, að það sé persónulegur kunningi og frændi ákærða. Í júní eða júlímánuði, líklega árið 1948, hafi vitnið haft hug á því að festa kaup á bifreið, en skort nægilegt reiðufé til þess og þá snúið sér til ákærða og spurt hann að því, hvort hann gæti veitt því 10 þúsund króna lán í þessu skyni. Ákærði hafi veitt því lánið og greitt það út í reiðufé, og kveðst vitnið ekki muna sérstaklega eftir því, hvort það ritaði skriflega viðurkenningu fyrir láninu, en máske hafi það þó samþykkt víxil fyrir lánsfjárhæðinni. Vitnið minnir, að ekki hafi verið talað um það milli þess og ákærða, hvenær endurgreiða ætti lánið, en vitnið kveðst hafa endurgreitt það nokkru síðar á sama ári, líklega í þrennu lagi. Vitnið kveðst hafa litið svo á, að þetta hafi verið persónulegt lán ákærða því til handa, og hafi það ekki haft ástæðu til að ætla annað en að hann veitti því lánið af eigin fé sínu, en vitnið minnir, að þetta hafi alls ekki borið sérstaklega á góma milli þeirra.

Sama dag var þessi framburður vitnisins Valdimars Guðmundssonar gerður ákærða kunnur, og kvaðst hann þá ekkert hafa við hann að athuga og ekki hafa ástæðu til að ætla hann rangan á nokkurn hátt, en hins vegar myndi hann (ákærði) ekkert nánar eftir atvikum að lánveitingunni. Þá hefur ákærði staðhæft, að

lánið hafi verið persónulegt lán frá honum til vitnisins Valdimars og að hann hafi greitt því lánið út af eigin fé.

Færsla framangreinds láns ákærða til vitnisins Valdimars inn á yfirlitið á dskj. nr. 26 styður það að vísu, að ákærði hafi tekið lánsfjárhæðina af fé gagnfræðaskólans, en þó þykir samkvæmt málavöxtum, eins og þeir hafa verið raktir hér að framan, varhugavert að telja fulla sönnun vera fram komna fyrir því, að svo hafi verið. Ber því að sýkna ákærða af ákæru X. töluliðs ákæruskjals.

XIV. KAFLI.

Í yfirliti dags. 8. ágúst 1946, yfir bankainnstæður, verðbréf o. fl. á dskj. nr. 19 er einn liðurinn þessi: „Alþprsm. 153.304.56" og lagður saman við liðinn „Ragnar 50.000.—", sbr. VIII. kafla hér að framan.

Skjal þetta var lagt fram í dómþingi 9. júní 1955, og bar ákærði þá, að í skjalinu væru taldar fram eignir gagnfræðaskólans án aðgreiningar milli rekstrarsjóðs og byggingarsjóðs skólans.

Ákærði kvaðst þá ekki muna með neinni vissu, hver verið hefðu atvik að eignaliðnum: „Alþprsm. 153.304.56". Máske hefðu atvikin verið þau, að fyrir nokkrum árum var Alþýðuprentsmiðjan h.f. að fá nýja prentvél, en skorti handbært fé til greiðslu hennar, en átti von á láni í Landsbanka Íslands. Taldi ákærði þá líklegast, að hann hefði lánað prentsmiðjunni, en hann var þá formaður stjórnar hennar, umrædda fjárhæð, kr. 153.304.56, af því reiðufé, sem hann hafði undir höndum af fé gagnfræðaskólans. Lánið hafi verið veitt aðeins til bráðabirgða og ekkert skriflegt verið gert um það og það hafi verið endurgreitt þá litlu síðar, þegar prentsmiðjan fékk bankalánið. Ákærði hafi verið í rauninni hvort tveggja í senn lánveitandi og lánþiggjandi.

Næsta dag var vitnið Jóhannes Zoëga Magnússon, prentsmiðjustjóri Alþýðuprentsmiðjunnar h.f., yfirheyrt um fyrrgreindan eignalið í dskj. nr. 19. Vitnið skýrir frá því, að liðurinn hljóti að vera andvirði hraðpressu, sem prentsmiðjan keypti árið 1946. Kaupverð vélarinnar hafi verið áætlað nokkuð á annað hundrað þúsund krónur, en prentsmiðjuna hafi skort reiðufé til greiðslu þess. Ákærði hafi þá verið formaður prentsmiðjunnar, og hafi hann útvegað fé til að greiða kaupverð vélarinnar, en vitnið kveðst ekki vita, hvar eða með hverjum hætti hann fékk féð eða með hvaða skilmálum prentsmiðjan fékk féð og ekki muna heldur,

hvort það tók við fénu og greiddi það út. Vélin hafi síðan verið sett upp í prentsmiðjunni, og hafi heildarkostnaðarverð vélarinnar ásamt kostnaði við uppsetningu hennar verið um kr. 160.000.00. Nokkru síðar hafi prentsmiðjan fengið víxillán í Landsbanka Íslands greindrar fjárhæðar, og hafi ákærða þá verið endurgreitt lánið.

Meðal þeirra skjala, sem tekin voru heima hjá ákærða 4. marz 1955, voru tvær kvittanir, önnur útgefin 16. nóvember 1945 af Jóhannesi Zoëga Magnússyni f. h. Alþýðuprentsmiðjunnar h.f. til viðurkenningar á því, að ákærði hafi lánað prentsmiðjunni til kaupa á blaðapressu kr. 10.000.00, en hin útgefin 22. nóvember 1946 af Th. Friðgeirssyni f.h. Alþýðuprentsmiðjunnar h.f. til viðurkenningar á því, að ákærði hafi lánað prentsmiðjunni til vélakaupa kr. 90.000.00, sbr. kvittanir í umslagi þingmerktu nr. 21 og töflu nr. XXXIII í A-lið VI. kafla.

Enn fremur var meðal skjala þeirra, sem tekin voru heima hjá ákærða 4. marz 1955, reikningsyfirlit varðandi Alþýðuprentsmiðjuna h.f., sbr. dskj. nr. 22 og töflu nr. XXXII, og eru í því meðal annars þessir liðir:

16/11	1945	f. f. á. til kaupa á pressu	kr.	10.000.00
22/11	(1946)	Lánað prentsmiðjunni til kaupa á pressu	—	90.000.00
13/2	1947	Endurgreitt lán til pressu	—	100.000.00

Þá hefur dómurinn fengið þær upplýsingar hjá Landsbanka Íslands, að bankinn hafi hinn 12. febrúar 1947 keypt víxil samþykktan af Alþýðuprentsmiðjunni h.f. og út gefinn af ákærða pr. 13. ágúst sama ár, að fjárhæð kr. 160.000.00, sbr. dskj. nr. 23.

Vitnið Jóhannes Zoëga Magnússon kveður í sakadómi 10. júní 1955, að lokinni athugun á fyrrgreindum tveimur kvittunum í umslagi þingmerktu nr. 21, að þær sýni, að vitnið hafi tekið við samtals kr. 100.000.00 hjá ákærða vegna kaupa á hraðpressu Alþýðuprentsmiðjunnar h.f., þó að það muni ekki sérstaklega eftir því.

Vitnið Theódór Friðgeirsson hefur staðfest nafnritun sína undir 90 þúsund króna viðurkenninguna. Kveður vitnið, að það hafi komið fyrir, að vitnið Jóhannes Zoëga hafi beðið það um að semja og undirrita kvittanir fyrir lánsfjárhæðum til Alþýðuprentsmiðjunnar h.f., meðal annars frá ákærða, og hafi vitnið Jóhannes Zoëga þá ráðið orðalagi kvittananna og tekið síðan við þeim, en síðar hafi það afhent því (vitninu Theódór) fjárhæðir þeirra.

Er framburður vitnisins Jóhannesar Zoëga, um kvittanirnar í umslagi þingmerktu nr. 21, rakinn nánar í A-lið VI. kafla hér að framan.

Ákærða voru gerð kunn framangreind skjöl í dómþingi 11. júní 1955, og var framburður hans þá þessi:

Hann kveður, að yfirlitið á dskj. nr. 22 sýni, að hann hefur hinn 16. nóvember 1945 lánað Alþýðuprentsmiðjunni h.f. kr. 10.000.00 og hinn 22. nóvember 1946 kr. 90.000.00 til kaupa á blaðapressu. Kvittanirnar tvær í umslagi nr. 21, sem fyrr getur, séu viðurkenningar prentsmiðjunnar fyrir lánveitingum þessum, og sýni dagsetning dskj. nr. 19, að hann muni ekki hafa fengið seinni kvittunina fyrr en nokkru eftir að prentsmiðjan fékk þargreint lán. Þá sýni yfirlitið á dskj. nr. 22, að prentsmiðjan hefur endurgreitt honum lánin 13. febrúar 1947. Enn fremur kveðst ákærði hafa lánað prentsmiðjunni meira fé, vafalaust í sambandi við kaup blaðapressunnar og uppsetningu hennar, en hann kveðst ekki hafa fengið kvittun fyrir þeirri upphæð. Samkvæmt yfirlitinu á dskj. nr. 19 ætti fjárhæðin að hafa verið kr. 53.304.56, og rengir ákærði ekki, að svo hafi verið. Lán þetta svo og fyrrnefndu lánin hafi prentsmiðjan endurgreitt með 160 þúsund króna víxilláninu í Landsbankanum. Ákærði kveðst hafa greitt allar þessar lánsfjárhæðir af fé gagnfræðaskólans.

Samkvæmt stofni nr. 1436 í tékkhefti fyrir sparisjóðsávísanabók nr. 2403 við Útvegsbanka Íslands h.f. (dskj. nr. 84) hefur ákærði gefið út hinn 15. nóvember 1945 tékka á þá bók til Alþýðuprentsmiðjunnar h.f., að fjárhæð kr. 10.000.00, og hefur ákærði borið, að tékki þessi hafi verið til greiðslu á útgjöldum, sem verið hafi alveg óviðkomandi gagnfræðaskólanum. Jafnframt hefur hann borið (1. júlí 1955), að það sé vel hugsanlegt, að kvittun, sem hann fékk fyrir afhendingu fjár til Alþýðuprentsmiðjunnar h.f., hafi verið dagsett einum eða tveimur dögum fyrir eða eftir afhendingu fjárins.

Samkvæmt framburði ákærða sjálfs og öðru, sem rakið hefur verið hér að framan, er lögfull sönnun fram komin fyrir því, að ákærði hefur á árinu 1945, sennilega í nóvember, og á árinu 1946, sennilega í nóvember, veitt í heimildarleysi Alþýðuprentsmiðjunni h.f. tvö lán eða fleiri af fé Gagnfræðaskólans í Reykjavík og Gagnfræðaskóla Austurbæjar, samtals að fjárhæð kr. 153.304.56, til kaupa á prentvél og uppsetningu hennar, en bæði ákærða og þáverandi prentsmiðjustjóra prentsmiðjunnar ber saman um, að lánin hafi verið endurgreidd nokkru eftir 12. febrúar 1947.

Ákærði hefur með þessu atferli sínu gerzt brotlegur gegn 261. gr. sbr. 249. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 1940.

XV. KAFLI.

Meðal þeirra skjala, sem tekin voru heima hjá ákærða 4. marz 1955, er dskj. nr. 114, sem er viðurkenning Jóh. Zoëga f. h. Alþýðuprentsmiðjunnar h.f., dagsett 28. maí 1954, fyrir lánveitingu ákærða til hennar, að fjárhæð kr. 30.000.00, en strikað hefur verið yfir orðin „Alþýðuprentsmiðjan h.f."

Vitnið Jóhannes Zoëga Magnússon hefur staðfest nafnritun sína undir lánsviðurkenningu þessa, en kveður, að þetta hafi ekki verið persónulegt lán því til handa, heldur fjárafhending frá ákærða til Alþýðuprentsmiðjunnar h.f. Þessi fjárafhending hafi þó ekki verið færð sem skuld prentsmiðjunnar við ákærða, þ. e. í viðskiptareikning hans hjá prentsmiðjunni, heldur sem greiðsla frá vitninu til hennar, og hafi ástæðan verið sú, að hér hafi verið um að ræða hreint skyndilán, sem vitnið hafi lofað ákærða að endurgreiða þá rétt á eftir. Raunin hafi þó orðið sú, að lánið sé ennþá allt ógreitt.

Ákærði hefur borið það, að dskj. nr. 114 sé viðurkenning á viðtöku þeirra kr. 30.000.00, sem hann greiddi út með tékka sömu fjárhæðar, dags. 28. maí 1954, á ávísanabók sína nr. 692 við Landsbanka Íslands, sbr. tékkastofn nr. 10494 í tékkhefti þingmerktu nr. 83. Fjárgreiðsla þessi hafi ekki verið til vitnisins Jóhannesar Zoëga persónulega, heldur persónulegt lán frá honum til Alþýðuprentsmiðjunnar h.f. Þetta hafi verið skyndilán og átt að endurgreiðast mjög fljótlega, en þó sé það enn ógreitt. Ákærði hefur ekki gefið aðra skýringu á því, að lánið skuli ekki vera talið upp í viðskiptareikningi hans við prentsmiðjuna, en þá, að ef til vill hafi ekki verið talið taka því að bóka það, vegna þess til hve stutts tíma það átti að vera. Ákærði hefur staðhæft, að lán þetta sé algerlega óviðkomandi fjármálum gagnfræðaskólans og hreint einkamál ákærða og prentsmiðjunnar.

Samkvæmt því, sem rakið var í VI. kafla hér að framan, er sparisjóðsávísanabók nr. 692 við Landsbanka Íslands skráð á nafn ákærða sjálfs. Hann lagði þó inn í bókina fé gagnfræðaskólans og hefur ekki getað bent á, að nokkurt ákveðið innlag í bókina hafi verið af hans einkafé nema kr. 80.000.00, sem hann lagði inn í hana 28. apríl 1954, en þá voru þar fyrir aðeins kr. 104.36, sbr. dskj. nr. 81. Ákærði kveður, að greindar kr. 80.000.00 hafi verið af lífeyrissjóðsláni því, að fjárhæð kr. 100.000.00, sem hann fékk

daginn áður, 27. apríl. Hinn 21. maí sama ár gaf ákærði svo út tékka, að fjárhæð kr. 30.000.00, á innstæðu bókarinnar, og hinn 28. sama mánaðar fyrrgreindan tékka sömu fjárhæðar, sbr. tékkastofn nr. 10494 í tékkhefti þingmerktu nr. 83. Þykir rétt að leggja framburð ákærða um 80 þúsund króna innlagið til grundvallar, enda framburðurinn mjög sennilegur, og telja verður, að báðir þessir tékkar hafi verið greiddir af lífeyrissjóðsláni ákærða, en ekki af fé gagnfræðaskólans. Samkvæmt þessu ber að sýkna ákærða af ákæru XII. töluliðs ákæruskjals.

XVI. KAFLI.

Samkvæmt beiðni dómsins lét Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis með bréfi, dags. 15. júní 1955, dóminum í té staðfest afrit af tryggingarbréfi, dags. 22. febrúar 1949, útgefnu af ákærða, þar sem hann setur sparisjóðnum að handveði 4½% ríkisskuldabréf frá 1941, Litra A nr. 1, 2, 3 og 4, hvert að fjárhæð kr. 5.000.00, til tryggingar greiðslu á víxli, útgefnum 22. febrúar 1949 af ákærða sjálfum (eigin víxill) með gjalddaga 22. ágúst 1949, að fjárhæð kr. 16.500.00. Var skjalið lagt fram í dóminum 20. júní 1955 og þingmerkt nr. 38. Sama dag var ákærði yfirheyrður um málið.

Ákærði staðfestir efni dskj. nr. 38 að öllu leyti, svo og undirskrift sína undir frumrit skjalsins. Kveður hann, að ríkisskuldabréfin fjögur, sem hann setti að handveði, hafi verið eign rekstrarsjóðs Gagnfræðaskólans í Reykjavík, síðar Gagnfræðaskóla Austurbæjar, sbr. D-lið III. kafla hér að framan, og að víxillinn, sem bréfin voru sett að handveði fyrir, hafi verið persónulegur víxill hans og gagnfræðaskólanum alveg óviðkomandi, en hann muni ekkert nánar um, hvað hann gerði við víxilfjárhæðina. Kveðst hann hafa talið það vera alveg óhætt að setja þessi 4 ríkisskuldabréf rekstrarsjóðs skólans að handveði fyrir sínum eigin persónulegu víxilskuldbindingum, því að hann hafi skoðað sig bera ábyrgð áfram sjálfur á bréfunum gagnvart sjóðnum, þó að bréfin væru geymd í sparisjóðnum.

Eins og fram kemur í töflu nr. XV í D-lið III. kafla, var bréf Ltr. A nr. 1 útdregið 2. janúar 1950, bréf Ltr. A nr. 2 útdregið 2. janúar 1953 og bréf Ltr. A nr.3 útdregið 2. janúar 1955. Kveður ákærði, að fjárhæðir bréfa þessara, svo og fjárhæðir vaxtamiða allra bréfanna fjögurra, hafi gengið upp í greiðslu fyrrgreinds víxils, og voru eftirstöðvar hans 20. júní 1955 kr. 2.000.00. Bréf Ltr. A nr. 4 hefur Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis

afhent dóminum, sbr. töflu nr. XVIII í D-lið III. kafla hér að framan.

Ákærði hefur verið sérstaklega spurður að því, hvers vegna hann skýrði ekki að fyrra bragði frá handveðsetningu framangreindra ríkisskuldabréfa. Hefur hann svarað því þannig, að hann hafi haft hugmynd um, að hann setti bréfin að handveði í sparisjóðnum, og að hann hafi vitað, að sum bréfanna voru útdregin, en hver þeirra, hafi hann ekki munað. Kveðst hann ekki hafa viljað vera að gizka neitt á um það, hvaða bréf hafi verið til í sparisjóðnum, og því ekki minnzt á neitt bréf. Það hafi að vísu verið hægur vandi að fara í sparisjóðinn og ganga úr skugga um, hvaða bréf voru þar, en því hafi hann ekki komið í verk.

Ákærði hefur með greindu atferli sínu gerzt brotlegur gegn 261. gr. sbr. 249. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 1940, en fjárdráttur sá, sem þar kemur fram, er innifalinn í sjóðvöntun rekstrarsjóðs gagnfræðaskólans og hefur þegar verið felldur undir 247. gr., 1. mgr., sbr. 138. gr. hegningarlaganna, sbr. III. og VI. kafla hér að framan.

XVII. KAFLI.

Dómurinn spurðist fyrir um það í Útvegsbanka Íslands h.f., hvort ákærði hefði sett bankanum nokkur verðbréf að handveði, og var svar bankans í bréfi, dags. 21. júní 1955, á þessa leið:

„Samkvæmt beiðni sakadóms í Reykjavík vottast hér með, að hinn 7/4 1951 keyptum vér af Ingimar Jónssyni skólastjóra, Vitastíg 8 A, Reykjavík, eigin víxil hans, útg. 6/4 1951, að upphæð kr. 20.000.00, með gjalddaga 6. ágúst 1951.

Til tryggingar greindum víxli seldi hann oss í hendur að handveði með 1. veðrétti 6 handhafa 4% bankavaxtabréf Veðdeildar Landsbanka Íslands, Litra AA nr. 486—491 incl., hvert að nafnverði 5000 kr., eða samtals kr. 30.000.00, með stofnum og vaxtamiðum frá og með pr. 1/7 1951.

Fyrrgreindan víxil greiddi Ingimar hinn 2/8 1951 og fékk þá hin handveðsettu bankavaxtabréf Landsbankans afhent ásamt stofnum og vaxtamiðum."

Bréf þetta var lagt fram í sakadómi 22. júní 1955 (dskj. nr. 42), og sama dag var ákærði yfirheyrður um málið.

Ákærði hefur ekkert haft við efni dskj. nr. 42 að athuga. Hann kveðst ekki muna sérstaklega eftir tilefni umrædds víxils, að fjárhæð kr. 20.000.00, en gengur út frá því, að hann hafi fengið víxilfjárhæðina af persónulegum ástæðum, en ekki vegna gagn-

fræðaskólans. Hann hafi svo fengið aftur í hendur veðdeildarbréfin sex, sem hann setti bankanum að handveði, þegar hann greiddi fjárhæð víxilsins, eins og rakið er nánar í dskj. nr. 42.

Hinn 9. júní 1955 afhenti ákærði dóminum tvö af fyrrgreindum veðdeildarbréfum, þ. e. Ltr. AA nr. 486 og 487, sbr. töflu nr. XVIII í D-lið III. kafla hér að framan. Þá hefur bréf Ltr. nr. 489 verið útdregið 2. janúar 1955, sbr. töflu nr. XV í D-lið III. kafla. Ákærði kveðst ekki vita, hvar hin bréfin þrjú, Ltr. AA nr. 488, 490 og nr. 491, séu niður komin, og hafa þau ekki komið fram.

Öll veðdeildarbréfin sex voru eign rekstrarsjóðs Gagnfræðaskólans í Reykjavík, síðar Gagnfræðaskóla Austurbæjar, sbr. D-lið III. kafla hér að framan.

Framangreint atferli ákærða varðar við 261. gr. sbr. 249. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 1940.

XVIII. KAFLI.

Ákærði hefur borið það í sakadómi 9. og 14. júní 1955, að hann hafi lánað Lárusi syni sínum, þá húsverði í Gagnfræðaskóla Austurbæjar, tvö skuldabréf Byggingarsamvinnufélags barnakennara 1947 nr. 69 og nr. 70, hvort að fjárhæð kr. 5.000.00, eign Nemendasjóðs I, sbr. D-lið IV. kafla hér að framan, til að setja þau Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis að handveði til tryggingar víxli, útgefnum 20. júní 1953 af ákærða, samþykktum af Lárusi með gjalddaga 20. september 1953 og að fjárhæð kr. 5.000.00. Víxill þessi hafi verið einkaskuld Lárusar og Nemendasjóði I eða gagnfræðaskólanum alveg óviðkomandi, en ákærði kveðst hafa talið óhætt að lána Lárusi bréfin til handveðsetningar, af því að ákærði ábyrgðist einnig víxilfjárhæðina, sem bréfin voru sett til tryggingar greiðslu á.

Ákærði kveður, að hann og Lárus hafi farið saman í skrifstofu sparisjóðsins og hafi þá bæði verið gengið frá víxilláninu og veðsetningu bréfanna. Hafi ákærði séð um hvort tveggja, en Lárus hafi aðeins verið viðstaddur og ritað nafn sitt á víxilinn og undir tryggingarbréf hans. Lárus hafi ekki vitað um, hver var eigandi skuldabréfanna. Ákærði telur líklegt, að þetta hafi gerzt á útgáfudegi víxilsins, 20. júní 1953.

Ákærði lagði fram í dómþinginu 14. júní 1955 ódagsett og óundirritað og óstaðfest afrit eða samrit af greindu tryggingarbréfi, dskj. nr. 29, en Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hefur látið dóminum í té staðfest afrit af tryggingarbréfi þessu, og er

það dagsett 20. júní 1953 og undirritað af Lárusi Ingimarssyni, dskj. nr. 39.

Í dómþingi 29. júlí 1955 skýrði ákærði frá því, að 20. sama mánaðar hefði hann f. h. Lárusar sonar síns greitt eftirstöðvar fyrrgreinds víxils og hefðu þær numið kr. 3.000.00. Væri handveðsetningu skuldabréfanna tveggja þar með lokið, og afhenti hann þau í dóminum, sbr. töflu nr. XXVII í D-lið IV. kafla hér að framan. (Bréfin voru afhent ákærða án vitundar dómsins).

Lárus Ingimarsson, sem yfirheyrður var sem kærði, hefur borið það, að umræddur víxill, að fjárhæð kr. 5.000.00, hafi verið persónuleg víxilskuld hans, og til tryggingar greiðslu víxilsins hafi ákærði lánað honum fyrrgreind tvö skuldabréf. Hann kveðst hafa gengið út frá því, að ákærði ætti bréfin og hefði þannig fulla heimild til að afhenda honum þau til handveðsetningar í sparisjóðnum.

Samkvæmt framansögðu er sannað, að ákærði hefur gerzt sekur um atferli það, sem í XV. tölulið ákæruskjals greinir, og þannig brotið gegn 261. gr. sbr. 249. gr. sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 1940.

XIX. KAFLI.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið í V.—VI. kafla, er sannað, að ákærði hefur blandað mjög verulega saman og við sitt einkafé fjárreiðum hinna ýmsu sjóða Gagnfræðaskólans í Reykjavík (Austurbæjar), sem hann stjórnaði.

Enn fremur verður að telja, að næg sönnun sé fengin fyrir því, að ákærði hefur misfarið með fjármuni gagnfræðaskólans með því að

1) vanrækja margsinnis að færa framlög bæjar og ríkis til rekstrar gagnfræðaskólans í sjóðbækur hans, sbr. nánar í III. kafla A-lið,
2) vanrækja að skila af sér rekstrarsjóði skólans 1. september 1946, sbr. nánar í III. kafla,
3) fella niður bókhald hins gamla rekstrarsjóðs frá 1. september 1946, sbr. nánar í III. kafla,
4) fella niður bókhald Nemendasjóðs I frá 20. maí 1950, sbr. nánar í IV. kafla A-lið, svo og
5) vangeyma og setja í hættu ýmsar eignir sjóða gagnfræðaskólans, eins og sparisjóðsbækur rekstrarsjóðs, með því að færa þær á nöfn nánustu ættingja sinna, og verðbréf rekstrarsjóðs og Nemendasjóðs I, með því að merkja þau ekki, svo að ákærði

gat sett þau að handveði fyrir einkaskuldum, sbr. III. kafla D-lið, IV. kafla D-lið og XVI.—XVIII. kafla.

Samkvæmt framansögðu svo og með tilvísun til málsatvika að öðru leyti, eins og þeim hefur verið lýst hér í fyrri köflum, án þess að vera færð undir sérstök hegningarlagaákvæði, er lögfull sönnun fengin fyrir því, að ákærði hefur gerzt sekur um stórfellda vanrækslu og hirðuleysi í starfi sínu og þannig brotið gegn 141. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 1940.

XX. KAFLI.

Ákærði lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands árið 1913 og stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1916, og guðfræðiprófi frá Háskóla Íslands lauk hann árið 1920. Hann var heimiliskennari á Höfn í Hornafirði 1914—1915 og stundakennari við Gagnfræðaskólann í Flensborg í Hafnarfirði 1918—1919, en var við skrifstofustörf í Reykjavík frá því 1920 og fram á árið 1922. Hann var prestur að Mosfelli í Grímsnesi frá 1. júní 1922 til 1. júní 1928. Þá varð hann forstöðumaður Ungmennaskóla Reykjavíkur og skipaður skólastjóri Gagnfræðaskólans í Reykjavík frá 1. október 1930, eins og áður er getið, en lét af því starfi 4. marz 1955.

Ákærði var í niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur 1930-1947, í kjötverðlagsnefnd 1934—1943, í sauðfjárveikivarnarnefnd 1938—1947, í þjóðleikhúsnefnd (þjóðleikhúsráði) 1940—1955 og í yfirskattanefnd Reykjavíkur 1947—1953. Hann var skipaður í skólamálanefnd árið 1943 og í prestakallaskipunarnefnd árið 1951. Þá var hann í framkvæmdanefnd Stórstúku Íslands 1921—1922, í stjórn Alþýðusambands Íslands 1934—1940 og í miðstjórn Alþýðuflokksins frá 1940.

Ákærði hefur samið félagsfræði handa gagnfræðaskólum, og kom bókin út í Reykjavík fyrst 1948 og aftur 1950.

Ákærði kvæntist 1918, og eignuðust þau hjónin tvo syni, sem þegar hafa verið nefndir í málinu, annan fæddan 1919 og hinn fæddan 1923.

XXI. KAFLI.

Eftir að ákæruskjal var birt ákærða, eða nánar tiltekið með bréfi, dags. 21. janúar s.l., lagði verjandi hans fram reikninga frá honum yfir reikningshald, umsjón með byggingarframkvæmdum og skrifstofukostnað o. fl., er ákærði taldi sér bera greiðslu fyrir, og krafðist þess, að þeir reikningar yrðu teknir „til greina

við dómsálagningu málsins". Reikningar þessir eru máli því, sem hér liggur fyrir, óviðkomandi, og verður því engin afstaða tekin til þeirra í málinu.

Refsing ákærða fyrir brot þau, sem rakin hafa verið í III.—X., XII., XIV. og XVI.—XIX. kafla hér að framan, þykir samkvæmt þargreindum lagaboðum og með hliðsjón af 77. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 hæfilega ákveðin fangelsi í 3 ár og 6 mánuði.

Samkvæmt 68. gr., 3. mgr., hegningarlaganna ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda málsins, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, og skipaðs verjanda ákærða, Sigurðar E. Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 25.000.00 til hvors.

Dómsrannsókn máls þessa hófst 23. maí 1955, eins og þegar hefur verið tekið fram. Með bréfi dómara, dags. 24. ágúst sama ár, voru dómpróf málsins send endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins til endurskoðunar og fjármálaeftirliti skóla til umsagnar. Barst dómara umsögn fjármálaeftirlitsins með bréfi dags. 31. október sama ár og endurskoðun endurskoðunardeildarinnar 4. maí 1956, en endurskoðunarskýrslan er dagsett 28. apríl það ár. Með bréfi, dags. 15. júní sama ár, sendi dómari málið til fyrirsagnar dómsmálaráðuneytisins og með bréfi þess ráðuneytis, dags. 16. júlí sama ár, lagði það fyrir dómara að halda áfram rannsókn málsins og yfirheyra sonu ákærða fyrir dómi sem kærðu. Dómari sendi síðan með bréfi, dags. 30. ágúst sama ár, málið að nýju til fyrirsagnar dómsmálaráðuneytisins. Með bréfi, dags. 13. september sama ár, sendi það ráðuneyti málið til umsagnar menntamálaráðuneytisins, og er umsögn þess dags. 22. janúar 1957. Jafnframt óskaði dómsmálaráðuneytið eftir viðbótaryfirliti frá endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins, og er það dags. 23. júlí sama ár. Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 25. júlí sama ár, var lagt fyrir dómara að kveða upp dóm í málinu samkvæmt ákæruskjali, dags. sama dag. Með bréfum, dags. 14. ágúst sama ár, voru hæstaréttarlögmennirnir Ragnar Jónsson og Sigurður E. Ólason skipaðir sækjandi og verjandi í málinu og dagur til munnlegs flutnings þess ákveðinn 12. október sama ár. Verjandi ákærða fékk málinu frestað til gagnasöfnunar, og var það síðan flutt og tekið til dóms hinn 11. þ. m.

Dómsorð:

Ákærði, Ingimar Jónsson, sæti fangelsi í 3 ár og 6 mánuði.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, og skipaðs verjanda ákærða, Sigurðar E. Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 25.000.00 til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 18. janúar 1960.

Nr. 209/1959. **Kristinn Magnússon,**
María Magnúsdóttir,
Sigríður Kristinsdóttir,
Margrét Kristinsdóttir,
Magnús Sverrisson og
Gunnar Sverrisson
gegn
Kvenfélaginu Hringnum.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson og Jón Ásbjörnsson og prófessorarnir, Ármann Snævarr og Ólafur Jóhannesson.

Kærumál. Heitfesting vitnis.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson borgarfógeti hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðiljar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 25. nóvember f. á., er barst dóminum 2. desember s. á. Þeir gera þær dómkröfur, aðallega að úrskurður héraðsdóms verði ómerktur, en til vara, að Sigurði yfirlækni Samúelssyni verði eigi leyfð heitfesting vættis síns fyrir héraðsdómi. Þá krefjast sóknaraðiljar málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar af sóknaraðiljunum Kristni Magnússyni og Maríu Magnúsdóttur.

Engin þau atriði liggja fyrir í málinu, er leiða eigi til þess, að greindu vitni skuli synja um staðfestingu vættis síns. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðiljum Kristni Magnússyni og Maríu Magnúsdóttur að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 2500.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðiljar Kristinn Magnússon og María Magnúsdóttir greiði varnaraðilja, Kvenfélaginu Hringnum, kærumálskostnað, kr. 2500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 16. nóvember 1959.

Umboðsmaður sóknaraðilja, Gunnar A. Pálsson hrl., hefur krafizt þess, að vitninu dr. med. Sigurði Samúelssyni, Háuhlíð 10, verði með úrskurði skiptaréttarins synjað um heimild til þess að staðfesta með eiði eða drengskaparorði framburð sinn í máli þessu. Hann hefur og krafizt þess, að sóknaraðiljanum verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi varnaraðilja vegna þessa þáttar skiptamálsins.

Umboðsmaður varnaraðilja, Gústaf A. Sveinsson hrl., hefur aftur á móti krafizt þess, að vitninu verði heimiluð staðfesting framburðarins. Enn fremur hefur hann krafizt þess, að við endanlega ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til þessa þáttar málsins varnaraðilja í hag. Hann hefur krafizt þess, að umboðsmaður sóknaraðilja verði víttur fyrir ýmis nánar til tekin ummæli, sem fram koma í greinargerð hans vegna atriðis þessa, og að þau verði úrskurðuð ómerk.

Þessi ágreiningur var tekinn til úrskurðar hinn 9. þ. m., að loknum munnlegum flutningi. Áður höfðu umboðsmenn aðiljanna skilað hvor sinni greinargerð um atriðið.

Með arfleiðsluskrá, dagsettri 21. ágúst 1954 og staðfestri no-

tarialiter, gerði Sigríður Einarsdóttir, Ásvallagötu 1, þá ráðstöfun eigna sinna eftir sinn dag, að kjörbörn hennar og Magnúsar Benjamínssonar, sem þá var látinn, þau Kristinn E. Magnússon, Þingholtsstræti 23, og María Magnúsdóttir, Ægissíðu 46, skyldu hljóta í arf eftir sig 200 þúsund krónur hvort, en kjörbarnabörnin skyldu hvert um sig hljóta 25 þúsund. Það, sem afgangs yrði eignunum, skyldi renna til Kvenfélagsins Hringsins og með þeim stofna sjóð, sem bæri nafn þeirra hjóna Sigríðar og Magnúsar. Tilgangur sjóðsins skyldi verða sá að stuðla að rannsóknum hjartasjúkdóma sérstaklega, leita aðferða til að greina þá og ráða gegn þeim, allt samkvæmt nánari ákvörðun sjóðsstjórnar, en hana skyldu skipa formaður Hringsins og yfirlæknir lyfja-, skurð- og röntgendeilda Landspítalans, allt þar til væntanlegt barnasjúkrahús tæki til starfa, en þá skyldi yfirlæknir þess taka sæti í stjórn sjóðsins, auk þeirra aðilja, sem að framan greinir.

Nú hefur orðið ágreiningur um gildi arfleiðsluskrárinnar, og hefur sérstakt mál út af því verið rekið fyrir skiptaréttinum að undanförnu. Hafa kjörbörn Sigríðar Einarsdóttur meðal annars mótmælt því, að hún hafi verið svo andlega heil, er hún undirritaði skrána, að hún hafi getað gert sér grein fyrir því, sem hún var að gera. Þessari staðhæfingu er mótmælt sem rangri af hálfu varnaraðiljans og því haldið fram, að skráin sé í alla staði óvefengjanleg.

Er oftnefnd arfleiðsluskrá var staðfest á heimili Sigríðar Einarsdóttur hinn 21. ágúst 1954, var þar staddur dr. med. Sigurður Samúelsson, prófessor við læknadeild Háskóla Íslands og yfirlæknir lyfjadeildar Landspítalans. Gerðist hann notarialvottur að erfðaskránni ásamt Sveinbirni Jónssyni hrl.

Hann hefur gefið vottorð í máli þessu, auk þess sem hann var notarialvottur, og hefur það verið lagt fram í málinu sem rskj. nr. 23. Þá hefur hann og mætt sem vitni í máli þessu dagana 4. og 10. júní, 22. og 24. október og 12. nóvember 1958, og 14. október 1959.

Í síðast töldu réttarhaldi lýstu umboðsmenn aðiljanna því yfir, að þeir hefðu ekki frekari spurningar fram að færa til þessa vitnis, og mótmælti umboðsmaður sóknaraðilja framburðinum m. a. sem ósta ðfestum. Krafðist umboðsmaður varnaraðilja staðfestingar á framburðinum. Sjálfur lýsti dr. Sigurður sig reiðubúinn að staðfesta framburð sinn allan hér fyrir réttinum.

Umboðsmaður sóknaraðilja byggir mótmæli sín gegn því, að vitninu verði leyft að staðfesta framburð sinn, á ýmsum atrið-

um, sem hér skulu stuttlega rakin. Hann færir það fram, að samkvæmt orðahljóðan arfleiðsluskrárinnar yrði vitnið, sem nú er yfirlæknir lyfjadeildar Landspítalans, mikils ráðandi um ráðstöfun sjóðsins, sem skráin gerir ráð fyrir, að stofnaður yrði. Mundi vitninu vera að þessu frami og vegsauki og miklar líkur til þess, að horfði honum til hagnaðar, áhrifa og bættrar aðstöðu á ýmsan veg, enda hafi vitnið og lýst því yfir, að gefnu tilefni, að honum sé áhugamál um, að sjóður þessi yrði að veruleika. Vegna þessa hafi og verið misráðið, að hann var fenginn til þess að vera notarialvottur, er skráin var undirrituð, og beri á það að líta, að þá er undirritun fór fram, hafi vitnið verið undirmaður prófessors Jóhanns Sæmundssonar, sem mestu muni hafa ráðið um efni skrárinnar. Heldur umboðsmaður sóknaraðilja því fastlega fram, að þegar á þetta sé litið, verði vitni þetta að teljast svo gallað í skilningi 127. gr. einkamálalaga, 2. málsgr. 1, að dómara beri að synja því staðfestingar framburðarins. Enda beri framburðurinn það með sér á flestan hátt, — sé hann litaður mikilli hlutdrægni varnaraðilja í hag, og hafi vitnið gerzt bert að fleirsögli og hafi greinilega gert upp á milli aðilja, varnaraðilja í hag, með viðbrögðum sínum og svörum við spurningum, er fyrir það hafi verið lagðar. Hafi alltaf verið bersýnilegt, að það hafi óskað þess eindregið að komast í þá aðstöðu, sem arfleiðsluskráin sé líkleg til að skapa vitninu, ef ákvæði hennar næðu fram að ganga.

Þessari málsútlistun umboðsmanns sóknaraðilja er mótmælt í öllum greinum af hálfu varnaraðilja málsins. Fyrst og fremst er því haldið fram, að fjarri fari, að vitninu, dr. Sigurði Samúelssyni, yrði að því neinn sérstakur vegsauki út af fyrir sig að takast á hendur meðstjórn sjóðs þessa, og þaðan af síður gæti slíkt horft honum til hagræðis eða persónulegra hlunninda. Komi ekki til mála, að varhugavert megi ætla af þessum sökum að leyfa honum staðfestingu framburðar hans, enda verði hvergi séð af svörum hans við spurningum umboðsmanna aðiljanna, að hann hallist að öðrum málsstaðnum meira en hinum. Bent er á og staðhæft, að allflestar spurningar þær, sem hafi verið lagðar fyrir vitnið af umboðsmanni sóknaraðilja, hafi í senn verið óþarfar og veiðandi, en svör vitnisins hafi alltaf verið góð og gild og sannleikanum samkvæmt.

Umboðsmaður varnaraðilja hefur krafizt ómerkingar á ýmsum ummælum í greinargerð, er umboðsmaður sóknaraðilja hefur skrifað í tilefni ágreinings þess, sem hér er til úrskurðar, og jafn-

framt krafizt þess, að umboðsmaður sóknaraðilja verði víttur fyrir þau. Þessi greinargerð hefur verið lögð fram í máli þessu sem rskj. nr. 50, og eru ummælin, sem hér segir, innan tilvitnunarmerkja:

Innt er að því, að vitnið, dr. Sigurður Samúelsson, hafi sýnt áhuga fyrir að „klófesta" eignir þær, sem um er deilt í þessu máli. Þá stendur í rskj. 50, að Sigríður Einarsdóttir hafi verið „látin gera skrána". Enn fremur, að dr. Sigurður Samúelsson hafi sýnt „ódulbúna hlutdrægni" og algeran óvilja „til þess að segja nokkurn hlut, er hann gæti ímyndað sér, að kynni að geta orðið málstað umbj.m. að liði", að hann hafi orðið „fleirsaga", haft á orði „læknisfræðilegar fjarstæður" og „einfeldnislegar staðhæfingar" og að hann hafi sagt það „sem hv. andst. ætlast til af því og þegir um það, sem hann ætlast til, að það þegi um".

Eigi verður fallizt á samkvæmt því, sem fram er komið í máli þessu, að vitnið, dr. Sigurður Samúelsson, hafi verið óstöðugt í framburði sínum eða sé svo við mál þetta riðið, að til mála komi að synja því um staðfestingu framburðarins.

Ákvörðun um ómerkingu og vítur á hendur umboðsmanni varnaraðilja, Gunnari A. Pálssyni, fyrir ummæli þau, er tilgreind eru hér að ofan, þykir rétt að geyma, þar til endanlegur úrskurður er kveðinn upp í máli þessu. Á sama hátt verður ekki tekin hér ákvörðun um sérstakan málskostnað í þessum þætti málsins.

Því úrskurðast:

Vitninu, Sigurði Samúelssyni, verður ekki synjað um staðfestingu framburðarins.

Föstudaginn 22. janúar 1960.

Nr. 200/1959. **Ákæruvaldið** (Sveinbjörn Jónsson hrl.)
gegn
Sigurði Móses Þorsteinssyni
(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Árekstur bifreiða. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Stjórnandi bifreiðarinnar R 7610 beygði eigi eftir þörfum til vinstri til að afstýra árekstri, og veitir það líkur fyrir því, að hann hafi verið á of mikilli ferð. Að svo vöxnu máli þykir eigi í refsimáli rétt að hrinda þeirri staðhæfingu ákærða, að hann hafi þrátt fyrir aðgæzlu eigi séð til ferða R 7610 í námunda, þá er hann lét nemanda sinn aka út á nyrðri braut vegarins. Er því rétt að sýkna hann af ákærunni.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ríkissjóð til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin laun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00, og laun skipaðs verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 2500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Móses Þorsteinsson, á að vera sýkn af ákæru ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun sækjanda í Hæstarétti, Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1500.00, og laun verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2500.00.

Sératkvæði
Jóns Ásbjörnssonar hæstaréttardómara.

Ákærði skýrir svo frá, að bifreið hans, R 7512, hafi verið stönzuð, áður en árekstur inn varð, og er sú skýrsla hans studd af vætti vitnisins Svövu Sveinbjörnsdóttur. Í máli þessu verður við það að miða, að skýrsla þessi sé rétt, þar eð hið gagnstæða er ekki í ljós leitt. Átti þá að vera auðvelt fyrir ökumann bifreiðarinnar R 7610 að komast fram hjá R 7512, með því að sveigja lítið eitt til vinstri.

Með skírskotun til þessa er ég samþykkur niðurstöðu meiri hluta dómenda.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. maí 1959.

Ár 1959, föstudaginn 15. maí, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2919/1959: Ákæruvaldið gegn Sigurði Móses Þorsteinssyni, sem dómtekið var 9. maí s.l.

Málið er höfðað samkvæmt ákæruskjali, dagsettu 6. marz s.l., gegn Sigurði Móses Þorsteinssyni lögregluvarðstjóra, Laugarnesvegi 43, hér í bæ, fyrir að hafa um kl. 17.30 mánudaginn 24. nóvember s.l., er ákærði var með nemanda í akstri í bifreið sinni R 7512, eigi sýnt nægilega aðgæzlu við stjórn bifreiðarinnar norður Njarðargötu, þegar henni var ekið af nefndri götu og inn á nyrðri akbraut Hringbrautar í veg fyrir bifreiðina R 7610, sem í þessu var ekið austur síðarnefnda götu, með þeim afleiðingum, að árekstur varð milli bifreiðanna. Þykir þetta varða við 1. mgr. 37. gr. og 4. mgr. 48. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, sbr. 32. gr. sömu laga, sbr. auglýsingu um umferð og umferðarmerki í Reykjavík nr. 53/1955.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 25. febrúar 1913 í Reykjavík. Sakavottorð hans er svohljóðandi:

1934 16/8 Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 70 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögum.
— 23/8 Dómur sama réttar: 30 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögum.
1947 13/5 Rvík. Áminning fyrir brot gegn 14. sbr. 21. gr. laga nr. 85/1907 og 2. gr. sbr. 28. gr. laga nr. 20/1875.

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 24. nóvember 1958, kl. 17.30, var hringt á lögreglustöðina og tilkynnt, að þá rétt áður hefði orðið árekstur á milli bifreiðanna R 7610 og R 7512 á mótum Hringbrautar og Njarðargötu. Tildrög árekstrarins reyndust hafa verið þau, að ákærði í máli þessu hafði verið að kenna Svövu Sveinbjörnsdóttur, Engihlíð 6, hér í bæ, á bifreiðina R 7512. Hafði hún komið akandi sunnan Njarðargötu, ekið yfir syðri akbraut Hringbrautar og loks inn í þá nyrðri. Bar þá að bifreiðina R 7610, er Þórður Finnbogason, Egilsgötu 30, hér í bæ, stjórnaði, á leið austur Hringbraut. Skipti engum togum, að árekstur varð milli bifreiðanna. Áreksturinn var ekki harður, og tjón varð lítið á báðum bifreiðunum.

Skemmdir á bifreiðinni R 7512 urðu þær, að framaurhlíf vinstra megin dældaðist og umgjörð um framljósker sömu megin skekktist. Á bifreiðinni R 7610 urðu skemmdir þær, að framaurhlíf hægra megin við vatnskassahlíf dældaðist lítillega og hægra horn framvara skekktist.

Yfirborð vegarins á árekstrarstaðnum er malbikað og slétt, og akbrautin 7 metrar á breidd. Bifreiðin R 7512 stóð, að árekstrinum afstöðnum, á ská á gatnamótunum og sneri næstum beint í austur. Bifreiðin R 7512 var næstum öll komin inn á akbrautina, og náði vinstra framhorn um 4 metra inn á akbrautina, miðað við götueyjarnar. Náði bifreiðin R 7512 þannig með framendann yfir miðlínu akbrautarinnar. Bifreiðin R 7610 var bein fyrir á gatnamótunum, og náði framendi hennar um það bil inn á þau mið, að árekstrinum afstöðnum. Hún var um 2 metra frá gangstéttarbrún, og hemlaförin aftur af henni eru sýnd rúmir 14 metrar. Af skemmdum á bifreiðunum og afstöðu þeirra, að árekstrinum afstöðnum, kemur fram, að hægra framhorn bifreiðarinnar R 7610 hefur komið fremst á vinstri hlið bifreiðarinnar R 7512. Er áreksturinn varð, var myrkur, en heiðskírt veður. Gatan var blaut. Raflýsing var sögð góð á gatnamótunum.

Ákærði hefur skýrt frá því, að hann hafi látið Svövu Sveinbjörnsdóttur, sem var í annarri aksturskennslustund hjá honum, nema staðar, er að Hringbraut kom á leiðinni sunnan Njarðargötu, vegna umferðar um aðalbrautina. Er syðri akbrautin var orðin auð, lét hann Svövu aka inn á gatnamótin. Þegar bifreiðin var komin inn á milli götueyjanna, eða á mið gatnamótin, kvað ákærði ekkert ökutæki hafa verið sýnilegt í nánd á leið austur göt-

una. Sagði hann þá Svövu að aka áfram út í gatnamótin, en er hún hafði gert það, bar bifreið að gatnamótunum á leið suður Njarðargötu. Sagði ákærði Svövu að nema staðar vegna hennar, og gerði hún það. Er hún hafði rétt numið staðar, bar að bifreiðina R 7610 á leið austur Hringbraut, og varð árekstur á milli bifreiðanna. Áreksturinn varð með þeim hætti, að bifreiðin R 7610 lenti á vinstri framaurhlífinni á bifreið ákærða.

Vitnið Svava Sveinbjörnsdóttir hjúkrunarkona, Engihlíð 6, hér í bæ, hefur skýrt frá því, að það hafi komið akandi norður Njarðargötu á mjög hægri ferð á bifreiðinni R 7512 undir leiðsögn ákærða, er umræddur árekstur varð. Ákærði sat í framsæti við hlið vitnisins. Var þetta annar kennslutíminn hjá ákærða. Er vitnið kom að gatnamótum Hringbrautar, nam það staðar, en ók síðan út á syðri akbraut og yfir hana. Er vitnið var komið á milli götueyjanna, sem skipta akbrautunum þarna, sá það, að bifreið kom suður Njarðargötu á móti þeim. Vitnið var að byrja að beygja til hægri áleiðis austur Hringbraut og var nokkuð komið inn á gatnamótin, er ákærði sagði því að nema staðar vegna bifreiðarinnar, sem kom suður Njarðargötu. Gerði vitnið það, og stöðvaðist bifreiðin R 7512 þegar, enda var hún á mjög hægri ferð. Vitnið kvaðst ekki muna eftir því, hvort ákærði hafi gáð að umferð vestan götuna, áður en hann lét það aka inn á nyrðri akbrautina. Vitnið kvaðst hafa verið að horfa á bifreiðina, sem kom á móti, og ekki veitt bifreiðinni R 7610 athygli. Vissi það ekki fyrri til en henni var ekið á vinstri framaurhlíf bifreiðarinnar R 7512. Vitnið kvaðst ekkert geta sagt um ökuhraða bifreiðarinnar R 7610, þar sem það sá ekki til ferða hennar.

Vitnið Þórður Finnbogason rafvirkjameistari, Egilsgötu 30, ökumaður bifreiðarinnar R 7610, hefur skýrt frá því, að það geti ekki sagt til um, með hvaða hraða það hafi ekið á leiðinni austur Hringbraut. Vitnið kvaðst þó hafa ekið með svipuðum hraða og yfirleitt er ekið á þarna. Vitnið sá til ferða bifreiðarinnar R 7512, þar sem hún kom yfir syðri akbraut Hringbrautar, og um sama leyti, sem henni var beygt inn á nyrðri akbraut í því skyni að aka áleiðis austur hana. Hemlaði þá vitnið, þar sem það taldi hættu á árekstri. Bifreið vitnisins rann áfram í hemlun, enda var gatan blaut og mold á henni, og gerði þetta akbrautina hála. Tókst vitninu ekki að forða því, að bifreið þess lenti á bifreiðinni R 7512. Bifreiðinni R 7512 var ekið á mjög hægri ferð að sögn vitnisins, og hafði hún ekki numið staðar, er áreksturinn varð. Áreksturinn hefði orðið miklu harðari að sögn vitnisins, ef það hefði ekki hemlað jafn-

skjótt og það gerði. Áreksturinn varð með þeim hætti, að hægra framhorn bifreiðar vitnisins lenti á vinstra framhorni bifreiðarinnar R 7512. Vitnið kvaðst ekki hafa sveigt undan til vinstri, sakir þess að ökumaður bifreiðarinnar R 7512 hvorki nam staðar né jók ferðina. Var það af þessum sökum í óvissu um það, hvað hann ætlaðist fyrir.

Vitnið Ingibjörg Steinunn Jónsdóttir, húsfrú, Egilsgötu 30, eiginkona síðastnefnds vitnis, hefur skýrt frá því, að það hafi setið í framsæti bifreiðarinnar R 7610 við hlið manns síns, er umræddur árekstur varð. Vitninu fannst maður þess ekki aka hratt, og hann ók í alla staði eðlilega. Vitnið sá, er bifreiðinni R 7512 var ekið sunnan frá yfir syðri akbraut Hringbrautar. Bifreiðinni R 7512 var ekið mjög hægt, og nam hún ekki staðar, áður en henni var ekið inn á gatnamótin. Maður vitnisins hemlaði strax og hann sá, hvað verða vildi, en það nægði ekki, þar sem bifreiðin R 7512 var ekki stöðvuð. Fannst vitninu bifreiðin R 7512 renna á bifreiðina R 7610 yfir götuna, og ekki var að sjá, að stjórnandi hennar yrði var við bifreiðina R 7610.

Vitnið Þóra Finnbogadóttir, húsfrú, Skaptahlíð 5, er var farþegi í bifreiðinni R 7610 og sat í aftursæti vinstra megin, hefur skýrt frá því, að Þórður hafi ekið frekar greitt á leiðinni austur Hringbraut, eins og venjulega er ekið þar að sögn vitnisins. Vitnið sá ekki til ferða bifreiðarinnar R 7512, fyrr en eftir að Þórður hafði byrjað að hemla vegna hennar. Varð áreksturinn rétt í því. Vitnið gat ekki sagt um akstur bifreiðarinnar R 7512. Vitnið kvað bifreiðina R 7610 hafa verið að stöðvast, er áreksturinn varð, enda hemlaði ökumaður hennar mjög skarpt.

Ákærði var, sem áður greinir, að kenna á bifreiðina R 7512 í umrætt skipti. Telst hann því hafa verið stjórnandi hennar samkvæmt 1. mgr. 32. gr. umferðarlaga. Þá þykir ljóst af framburði ákærða og öðru, sem fram er komið í máli þessu, að ákærði hafi ekki hugað nægilega að umferðinni vestan Hringbrautar, áður en hann sagði Svövu að aka inn á gatnamótin, en hún var í annarri kennslustund, eins og áður greinir. Leiddi umræddur aðgæzluskortur ákærða til þess, að Svava ók bifreiðinni R 7512 inn á gatnamótin í veg fyrir bifreiðina R 7610, sem bar að í því, með þeim afleiðingum, að árekstur varð á milli bifreiðanna. Ákærði gætti þannig ekki umferðarréttarins gagnvart bifreiðinni R 7610, sem honum bar að nema staðar fyrir og hleypa framhjá. Telst ákærði með þessu atferli sínu hafa orðið brotlegur gegn 1. mgr. 37. gr. og 4. mgr. 48. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1955.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 500.00 kr. sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi varðhald í 3 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Benedikt Sigurjónsson hrl., skipaður verjandi ákærða, afsalaði sér málsvarnarlaunum, færi svo, að ákærði yrði dæmdur til refsingar.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Móses Þorsteinsson, greiði 500 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 3 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 22. janúar 1960.

Nr. 94/1959. **Sameinaðir verktakar h/f,**
Sverrir Þorláksson,
Jón Eyjólfsson og
Jóhann Jón Jónsson
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)
gegn
Ragnhildi Aðalsteinsdóttur
(Baldvin Jónsson hrl.)
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Slysabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur, sem hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. maí 1959, krefjast þess, að þeim verði aðeins dæmt að greiða gagnáfrýjanda kr. 66.986.97 með 6% ársvöxtum frá 16. febrúar 1957 til greiðsludags. Þeir krefjast málskostnaðar hér fyrir dómi úr hendi gagnáfrýjanda að mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi, sem hefur áfrýjað málinu með stefnu 10. september 1959, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. ágúst s. á., krefst þess, að aðaláfrýjendur verði in solidum dæmdir til að greiða henni kr. 194.331.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 16. febrúar 1957 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum að mati Hæstaréttar.

Hér fyrir dómi hafa verið lögð fram ný gögn, þar á meðal vottorð frá Árna Björnssyni lækni, dags. 2. desember f. á. Í vottorði þessu segir m. a. svo:

„Hinn 29. 8. '57 var sj. lögð inn á handlæknisdeild Landspítalans til aðgerðar, og voru örin skorin burt og löguð.

Við skoðun þ. 30. 11. '59 sést, að útlit sj. hefur batnað verulega við þessa aðgerð, ennþá eru sýnileg nokkuð breið ör á enni og hægra gagnauga, á kinn og nefi hægra megin. Kipringur er enn í augnalokinu.

Sj. kvartar um dofa í höfuðleðri og enni hægra megin, og þar eð svo langt er liðið frá slysinu, má búast við, að þessi dofi haldist.

Án frekari aðgerða munu örin í andlitinu ekki batna frá því sem nú er.

Sj. varð fyrir miklu andlegu áfalli við slysið, og hefur ekki jafnað sig eftir það, og óvíst að hún jafni sig nokkurn tíma til fulls. Hvað sem gert verður, mun hún einnig hafa varanleg andlitslýti eftir slysið."

Þá hafa verið lagðar fram andlitsmyndir af gagnáfrýjanda, teknar á síðastliðnu hausti. Sýna þær, að áberandi ör eru enn á andliti hennar.

Svo sem segir í héraðsdómi, hafa gagnáfrýjendur viðurkennt skaðabótaskyldu sína, og er í máli þessu einungis deilt um fjárhæð 1. og 2. liðar skaðabótakröfu gagnáfrýjanda.

Um 1. lið.

Með skírskotun til gagna þeirra, sem að ofan greinir, þykja bætur til handa gagnáfrýjanda samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 120.000.00.

Um 2. lið.

Samkvæmt gögnum málsins má ætla, að atvinnutjón

gagnáfrýjanda sé nokkru meira en gert er ráð fyrir í héraðsdómi, og þykja bætur henni til handa samkvæmt þessum lið hæfilega metnar kr. 25.000.00.

3. og 4. kröfuliður gagnáfrýjanda, kr. 1.229.00 og kr. 1.520.00, eru viðurkenndir.

Samkvæmt þessu ber aðaláfrýjendum að greiða gagnáfrýjanda kr. 120.000.00 + kr. 25.000.00 + kr. 1.229.00 + kr. 1.520.00, þ. e. samtals kr. 147.749.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 16. febrúar 1957 til greiðsludags. Svo þykir rétt, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda kr. 25.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Sameinaðir verktakar h/f, Sverrir Þorláksson, Jón Eyjólfsson og Jóhann Jón Jónsson, greiði in solidum gagnáfrýjanda, Ragnhildi Aðalsteinsdóttur, kr. 147.749.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 16. febrúar 1957 til greiðsludags og kr. 25.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 30. apríl 1959.

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 15. október 1958, af Ragnhildi Aðalsteinsdóttur, Kirkjuvegi 19, hér í bæ, gegn Sameinuðum verktökum h/f, Reykjavík, og Sverri Þorlákssyni, Kaplaskjólsvegi 5, Jóni Eyjólfssyni, Skipasundi 8, og Jóhanni J. Jónssyni, Bogahlíð 14, öllum í Reykjavík, til greiðslu in solidum á skaðabótum að upphæð alls kr. 194.331.00 auk 6% ársvaxta frá 16. febrúar 1957 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati réttarins.

Af hálfu stefndu er krafizt, að stefnukröfurnar verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði látinn falla niður.

Fébótaábyrgð stefndu í málinu er ekki mótmælt. Málið er rekið fyrir bæjarþingi í Hafnarfirði samkv. 84. gr. laga nr. 85/1936.

Málavextir eru þessir:

Árið 1957, þann 16. febrúar, kl. rúmlega 9.30, var bifreiðin R 3851, sem er Dodge-sendiferðabifreið, á leið sinni frá Keflavíkurflugvelli til Reykjavíkur, komin að svonefndu Gíslaskarði. Í bifreiðinni voru stjórnandi hennar, Sverrir Þorláksson, og enn fremur stefnandi máls þessa, Ragnhildur Aðalsteinsdóttir. Færðin á leiðinni hafði verið mjög slæm og varasöm sakir hálku. Þegar bifreiðarstjórinn hóf beygjuna inn í skarðið, kom þar á móti honum vörubifreið R 5609, sem var á leið til Keflavíkur, og var bifreiðarstjóri Jóhann Jón Jónsson, en eigandi hennar var Jón Eyjólfsson. Varð þarna milli bifreiðanna harður árekstur, og við það hlaut stefnandi mikil meiðsl. Var hún bráðlega flutt á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði og læknir sá, sem gerði að meiðslum hennar, lýsir þeim þannig í vottorði, dags. 8. apríl s. á.: „Hún hafði fengið stóran skurð á andlit og höfuð. Náði efri skurðurinn 9 cm upp frá hægri augnkrók medialt, þvert yfir efra augnlok, og 4 cm upp á enni lateralt. Lá flipi sá, er var á milli skurðanna, uppi á enni. Þá var skurður undir neðra augnaloki og 7 cm langur skurður medialt á hægri kinn meðfram nefi. Sárbrúnirnar voru mjög höggnar og marðar ... Þá var sjúklingurinn marinn og lerka víða um líkamann, en reyndist ekki beinbrotinn."

Slasaða lá um 10 daga í spítalanum, en var þá látin fara heim, og var hún þar meira og minna við rúmið fyrst í stað. Í fyrrgreindu læknisvottorði var hún óstarfhæf til 7. apríl, en sjálf sagðist hún ekki hafa getað látið sjá sig á götu og því alls ekki fengið sig til að reyna að hefja vinnu sína á ný, enda var hún til meðferðar í ljósum um mánaðartíma. Var hún síðan send á Landsspítalann til aðgerðar 29. ágúst, og var þar 4—5 daga til læknismeðferðar á örunum. Voru þau ýmist skorin burt eða löguð, og einnig var reynt að laga augnalokin, þar sem hún átti erfitt að loka hægra auga. Bati er talinn hafa orðið nokkur við þetta, en frekari aðgerðir hafa ekki verið framkvæmdar í þá átt að reyna að lagfæra örin, sem enn eru mjög áberandi lýti á andliti hennar.

Vegna þeirra þjáninga, röskunar á högum og lýta, sem meiðslin hafa haft í för með sér fyrir stefnanda, hefur hún nú höfðað mál þetta til greiðslu bóta og kostnaðar og eru þær kröfur sundurliðaðar eins og hér segir:

1. Bætur fyrir varanleg líkamslýti, þjáningar og óþægindi ..... kr. 160.000.00
2. Vinnutap ..... — 31.582.00
3. Kostnaður við nuddaðgerðir, örorkuskoðun og

	læknisvottorð	kr.	1.229.00
4.	Bætur fyrir skemmdir á kápu og veski	—	1.520.00
		Alls kr.	194.331.00

Hina einstöku liði rökstyður stefnandi, eins og hér skal rakið.

Að 1. Við slysið hafði stefnandi hlotið mjög mikil líkamslýti, sem verði varanleg, og hafi það alvarlega röskun á högum ungrar stúlku og óþægindi og þjáningar, sem einkum séu sálræns eðlis, en stefnandi er fædd 11. júní 1937.

Að 2. Tekjur stefnanda árið 1956, eða árið fyrir slysið, hafi verið samkvæmt vottorði skattstofunnar kr. 44.048.00, en þá vann hún við skrifstofustörf hjá Sameinuðum verktökum á Keflavíkurflugvelli og allt fram að því, að slysið varð. Árið 1957, er hún varð fyrir slysinu, hafi hún lítið getað unnið, og tekjur hennar því aðeins numið kr. 12.466.00, og er krafizt hér greiðslu á mismuninum, sem verður kr. 31.582.00, en það sé vinnutap hennar vegna slyssins.

Að 3. Hér er um að ræða kostnað vegna læknisaðgerða og vottorða o. fl. í sambandi við slysið.

Að 4. Við slysið hafi skemmst kápa og veski, og eru metnar skaðabætur af tveimur saumakonum, sem höfðu skoðað hvort tveggja, á 1600—1700 kr.

Af hálfu stefnda er framangreindri sundurliðun stefnanda mótmælt í einstökum atriðum, nema 3. og 4. lið, sem hann hefur samþykkt.

Að 1. Þó að lýti séu mjög mikil á andliti stefnanda, telur stefndi bótakröfu undir þessum lið alltof háa.

Að 2. Þá er af hálfu stefnda haldið fram, að stefnandi hafi ekki verið óvinnufær eins lengi og upphæð þessa liðs er miðuð við, en framlagt örorkuvottorð hljóti að skera úr um lengd þess tíma, sem hún var óvinnufær, og beri að lækka liðinn í samræmi við það. Ekki sé hægt að miða við það, hvenær stefnandi fór raunverulega að vinna.

Í máli þessu liggur fyrir örorkumat Þórarins læknis Sveinssonar, dags. 20. ágúst 1958, og segir þar að niðurlagi: „Á hinn bóginn er hér enginn dómur lagður á lýti konunnar, og þar verður hver og einn að meta sig sjálfur.“ Um skoðun, er læknirinn hafði framkvæmt, segir þar svo:

„Strax og litið er framan í konuna sést, að hún hefur ennþá mjög mikil og áberandi ör hægra megin í andliti. Greinilegur

bati hefur þó orðið, þegar borið er saman við myndir af örunum, sem teknar voru, áður en gert var við þau. Einna mest ber á örinu á enninu, ofan nefrótar. Þau eiga þó án efa eftir að lagast nokkuð ennþá og hvítna. Við mælingar á örunum nú reynist örið medialt á enninu 8 cm langt, en lateralt á gagnauganu 5 cm. Örið niður frá auganu niður með nefinu mælist 8 cm. Neðra augnlokið fellur nú betur og er að sjá jafn bogadregið eða því sem nær. Hún segist þó verða þess vör, að hún sofi með augað opið að einhverju leyti. Hún getur vel lokað auganu, þegar hún reynir það, en vel má vera, að svefninn slaki á augnlokinu.

Konan kemur eðlilega fyrir, og við almenna skoðun var ekkert sérlegt að finna.

Konan telur, að svefn hafi verið dálítið óreglulegur fyrst eftir slysið, en lagast, er frá leið.

Ályktun: Um mikið meiðsli er að ræða í andliti, er hlauzt við bílslys. Það er þó aðallega lýtaslys frekar en örorkuslys, nema þann tíma, er þurfti til að græða sárin og ef til vill að jafna taugakerfið eftir áverkann."

Telur læknirinn örorkutímabilið ná yfir 20 vikur, eða um 5 mánuði.

Eins og fram kemur af því, sem hér hefur verið rakið um meiðsli stefnanda, hefur hún átt tiltölulega stutt í veikindum þeim, sem urðu afleiðingar af slysinu, þar sem hún fyrst á eftir var í sjúkrahúsi aðeins tíu daga, áður en hún var send heim, og í síðara skiptið, er lagfæring á örunum fór fram, dvelur hún 4—5 daga á sjúkrahúsi. Auk þess hefur hún verið nokkuð lengi að ná sér fullkomlega, en ekki verður séð, hvenær hún gæti talizt fær um að hefja aftur sitt fyrra starf.

Það verður hins vegar að telja, að aðrar afleiðingar af slysinu, örin, sem verða varanleg á andliti hennar, séu stórt áfall og hnekkir fyrir unga stúlku, 19 ára gamla, eins og hún var, er þetta bar við. Einnig má gera ráð fyrir, að sálræn áhrif af örunum geti háð henni eitthvað eftirleiðis.

Þegar þetta hvort tveggja er virt og með vísan til þeirra gagna, sem fyrir liggja um meiðslin, telur dómurinn bætur samkvæmt 1. lið kröfugerðar stefnanda hæfilega metnar kr. 90.000.00.

Eins og þegar er bent á, verður ekki séð, hvenær stefnandi má teljast vinnufær aftur eftir slysið, en hins vegar hefur hún haft mjög litlar tekjur á því ári.

Þar sem ekki liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar í þessu efni, þykir rétt að miða vinnutap samkvæmt 2. lið við sama tíma og

örorkumatið nær til, eða 5 mánuði, og þar sem laun hennar voru fyrir slysið kr. 3.403.70 á mánuði að viðbættu fæði og húsnæði, verða bætur fyrir tímabilið fyrir vinnutap kr. 20.643.50.

Samkvæmt framansögðu ber að dæma stefndu til að greiða stefnandanum bætur samkvæmt kröfu hennar, kr. 90.000.00 + kr. 20.643.50 + 1.229.00 + kr. 1.520.00, eða samtals kr. 113.392.50 auk 6% ársvaxta af upphæðinni frá 16. febrúar 1957 til greiðsludags.

Þá ber og að dæma stefndu til greiðslu málskostnaðar, er þykir hæfilega metinn kr. 11.000.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Sameinaðir verktakar h/f, Sverrir Þorlaksson, Jón Eyjólfsson og Jóhann Jón Jónsson, allir í Reykjavík, greiði in solidum stefnandanum, Ragnhildi Aðalsteinsdóttur, kr. 113.392.50 auk 6% ársvaxta frá 16. febrúar 1957 til greiðsludags og málskostnað með kr. 11.000.00 — allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 22. janúar 1960.

Nr. 2/1960. **Ragnhildur Steindórsdóttir**
gegn
Herði Ólafssyni.

Dómendur:
Hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Kærumál. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 8. desember 1959 og hingað kominni 4. janúar þ. á. hefur sóknaraðili kært málskostnaðarákvæði héraðsdóms bæjarþings Reykjavíkur, sem upp var kveðinn 2. desember 1959 í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði úr hendi varnaraðilja og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð. Eftir atvikum þykir mega staðfesta málskostnaðarákvæði héraðsdóms.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. desember 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. f. m., hefur Hörður Ólafsson héraðsdómslögmaður, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu útgefinni 12. september 1958 gegn Ragnhildi Steindórsdóttur, Hávallagötu 17, hér í bænum. Stefnandi kveður tildrög málsins þau, að sér hafi verið kunnugt um það í ársbyrjun, að stjórn Húsmæðraskóla Reykjavíkur hefði hug á að festa kaup á húsnæði í námunda við skólahúsið á Sólvallagötu 12. Kveður hann sér þá hafa dottið í hug að spyrjast fyrir um það hjá eigendum hússins nr. 17 við Hávallagötu, sem er nýtt hús í næsta nágrenni við skólann, hvort einhver hluti þess væri til sölu. Kveðst hann síðan hafa átt viðræður við stefndu, sem hafi gefið leyfi til, að stefnandi byði Húsmæðraskóla Reykjavíkur eignarhluta hennar til sölu fyrir byrjunarverðið kr. 1.500.000.00. Hafi þá verið við það miðað, að húsmæðraskólinn greiddi kr. 900.000.00 í reiðufé, en kr. 480.000.00 yrðu lán eftir nánara samkomulagi. Á eignarhlutanum hvíldi veðskuld, að fjárhæð kr. 120.000.00. Stefnandi kveðst nú hafa farið að vinna að samningu sölutilboðs á þessum grundvelli. Einnig kveður hann hafa orðið samkomulag um það, að hann léti gera ljósprentanir af teikningum hússins á kostnað stefndu. Stefnandi kveðst nú hafa gengið frá ýtarlegri lýsingu og tilboði og sent skólastjórn húsmæðraskólans ásamt teikningu hinn 8. janúar 1958. Stefnandi kveður stefndu hafa sýnt sér eignarhluta sinn og kveður þau þá og síðar hafa átt tal saman um málið. Lengi vel, kveður stefnandi, ekkert hafa frétzt af undirtektum skólastjórnarinnar, en að því hafi þó komið, að hann hafi kvöld eitt verið boðaður til að mæta á fundi skólastjórnarinnar daginn eftir ásamt stefndu til viðræðna um málið. Kveðst stefnandi þá um kvöldið hafa gert ítrekaðar tilraunir til að hafa tal af stefndu, en án árangurs. Daginn eftir hafi allt farið á sömu leið, þar sem stefnda hafi þá verið utanbæjar. Hafi hann því tekið þann kostinn að fara á fund skólastjórnarinnar. Á fundi þessum kveður

stefnandi sér hafa virzt vera samankomin öll skólastjórnin, en einnig voru þar mættir tveir lögfræðingar. Virtist stefnanda annar vera lögfræðingur skólastjórnarinnar, en hinn að einhverju leyti gæta hagsmuna Reykjavíkurbæjar. Á fundinum kveður stefnandi hafa verið rætt um kaupin, og hafi verið látið í veðri vaka við hann, að tilboðið væri hátt og auk þess væru ýmsar aðrar eignir, sem til greina kæmi að kaupa. Á meðan á fundinum stóð, kveðst stefnandi hafa reynt að hafa uppi á stefndu, en án árangurs, og ekki kveðst hann hafa fengið leyfi hjá heimafólki stefndu til að sýna fundarmönnum eignina. Hafi orðið samkomulag um, að skólastjórnin skyldi sjálf mæla sér mót við stefndu og fá að skoða eignina. Ekki kveðst stefnandi hafa verið kallaður til frekari viðræðna um málið og kveður sér ekki hafa tekizt að fá neinar fréttir af því, hvað samningaumleitunum liði, þar til hann hafi frétt á skotspónum, að kaupin væru um garð gengin. Hinn 2. júlí 1958, en þá kveður stefnandi sér hafa verið orðið kunnugt um, að af kaupunum hafi orðið, ritaði stefnandi stefndu bréf, þar sem hann fór þess á leit, að hún greiddi honum 2% af söluverðinu í sölulaun. Ekki barst stefnanda svar við því bréfi.

Stefnandi hefur því höfðað mál þetta til að fá úr því skorið, hvort honum beri þóknun og hve há fyrir þátt hans í sölu eignarhluta stefndu í húsinu nr. 17 við Hávallagötu til Húsmæðraskóla Reykjavíkur. Hefur stefnandi gert þær dómkröfur í málinu, að stefnda verði dæmd til að greiða honum 2% af því verði, sem hún fól honum að bjóða eignarhlutann á, kr. 1.500.000.00, þ. e. kr. 30.000.00 með 6% ársvöxtum frá dagsetningu kaupsamningsins eða afsals til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu að mati dómarans. Til vara hefur stefnandi krafizt annarrar lægri fjárhæðar að mati dómarans.

Undir rekstri málsins hefur stefnandi breytt kröfum sínum á þann veg, að hann krefst nú til vara, að stefnda verði dæmd til að greiða kr. 23.000.00, en til þrautavara krefst hann þóknunar að mati dómarans. Þá krefst stefnandi eins og fyrr vaxta og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnda hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og ríflegs málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans.

Stefnda skýrir svo frá atvikum málsins, að hún hafi snemma á árinu snúið sér til Lárusar Jóhannessonar hæstaréttarlögmanns og tjáð honum, að hún vildi selja eignarhluta sinn í húsinu nr. 17 við Hávallagötu fyrir um kr. 1.500.000.00. Kveður hún lögfræðiskrifstofu Lárusar, Fasteigna- og verðbréfasöluna, fljótlega hafa

hafið athuganir á líkum fyrir sölu. Hinn 14. júlí kveður stefnda skrifstofuna hafa auglýst eignarhlutann, og hafi þá nokkrir aðiljar, sem athuga vildu kaup, gefið sig fram. Í ágústmánuði 1957 kveður stefnda sig og Katrínu Helgadóttur, forstöðukonu húsmæðraskólans, hafa átt tal saman, og hafi Katrín spurt að því, hvort það væri rétt, að stefnda vildi selja greindan eignarhluta sinn. Stefnda kveðst hafa játað því og skýrt frá því, að hún vildi fá kr. 1.400.000.00 til kr. 1.500.000.00 fyrir hann. Hún kveðst síðan hafa boðið forstöðukonunni að skoða húsið, sem hún hafi gert nokkru síðar svo og meðlimir stjórnar húsmæðraskólans og nokkrir kennarar. Stefnda kveður Lárus Jóhannesson nokkru síðar hafa snúið sér til stjórnar húsmæðraskólans og síðan staðið í stöðugu sambandi við hana um kaupin. Meðan á samningum stóð, kveður stefnda Húsmæðraskóla Reykjavíkur hafa verið gert tilboð um að kaupa eignarhlutann fyrir kr. 1.400.000.00. Í janúarmánuði 1958 kveður stefnda stefnanda hafa átt tal við Kristján Lárusson, sem henni er nákominn, um sölu eignarhlutans, og tjáð honum, að hann, þ. e. stefnandi, hefði kaupanda að eigninni. Skömmu síðar kveður hún stefnanda hafa beðið sig um að lána sér teikningu af húsinu, sem hún og hafi gert. Hún hafi þá um leið spurt stefnanda að því, hver hinn væntanlegi kaupandi væri, en stefnandi hafi ekki viljað skýra frá því. Síðan hafi liðið langur tími, er ekkert heyrðist frá stefnanda. Kveðst stefnda hafa hringt til hans og beðið hann um að skila teikningunum. Það hafi hann ekki viljað, en samkomulag hafi orðið um, að hann fengi að láta taka af þeim ljósprentanir. Nokkru síðar kveðst stefnda hafa fengið ljósprentanir af teikningunum, sem hún hafi greitt. Er liðið var fram í marzmánuð, kveður stefnda stefnanda hafa komið til sín og rætt um söluna og talað um Húsmæðraskóla Reykjavíkur sem kaupanda þann, er hann hefði að eigninni. Kveðst hún hafa tjáð stefnanda, að honum hlyti að hafa verið kunnugt um, að hún hefði staðið í sambandi við skólastjóra skólans og jafnframt, að Lárus Jóhannesson hefði í um hálfs árs skeið staðið í samningum við skólann um sölu á eigninni, og þyrfti hún því ekki á aðstoð stefnanda að halda í því skyni. Hins vegar kveðst stefnda hafa sagt stefnanda, að hann mætti selja eignina fyrir kr. 1.500.000.00, en Húsmæðraskóli Reykjavíkur kæmi þar ekki til greina, þar sem honum hefði þegar verið boðinn eignarhlutinn fyrir kr. 1.400.000.00.

Er því haldið fram af stefndu, að hún skuldi stefnanda engin sölulaun, jafnvel þó að hún hefði selt Húsmæðraskóla Reykja-

víkur eignarhluta sinn, en sú sé ekki raunin, þar sem aðeins hafi verið gerður leigusamningur um eignarhlutann og Húsmæðraskóla Reykjavíkur gefinn kaupréttur að eignarhlutanum, en engin kaupskylda lögð á skólann.

Samningur sá, sem gerður var milli stefndu og skólanefndar Húsmæðraskóla Reykjavíkur um umrædda eign hinn 28. maí 1958, er í meginatriðum þess efnis, að skólanefndin lofaði að lána stefndu minnst kr. 600.000.00 og mest kr. 950.000.00, sem afhendast skyldu á árinu 1958, en kr. 600.000.00 þó þegar í stað. Stefnda leigir Húsmæðraskóla Reykjavíkur greindan eignarhluta sinn í húsinu nr. 17 við Hávallagötu frá 1. júlí 1958 fyrst um sinn til jafnlengdar árið 1960. Framangreint lán stefndu til handa skal tryggt með samhliða 3. og 4. veðrétti og uppfærslurétti í greindum eignarhluta, og skulu skuldabréf þau, sem gefin verða út fyrir láninu, bera 7% ársvexti frá útgáfudegi til þess tíma, er leigutími hefst, en síðan 5% ársvexti. Húsmæðraskólinn skal greiða í leigu fyrir hið leigða húsnæði á leigutímanum vexti af greindu skuldabréfi eða skuldabréfum, svo og vexti þá, er hvíla á 1. og 2. veðrétti og 3. veðrétti, ef lánið verður kr. 600.000.00. Einnig greiðir húsmæðraskólinn skatta og opinber gjöld af hinum leigða húshluta. Þá hefur húsmæðraskólinn viðhaldsskyldu á hinu leigða húsnæði yfir leigutímann. Hvenær sem er eftir 1. janúar 1960, getur stjórn húsmæðraskólans krafizt þess, að stefnda afsali umræddum eignarhluta með því að kvitta skuldabréf það eða þau, sem að framan greinir, og sýna skilríki fyrir því, að hún hafi greitt eða tekið að sér að greiða lán þau, sem hvíla á 1. og 2. veðrétti og 3. veðrétti, að fjárhæð kr. 200.000.00 og kr. 350.000.00. Ef húsmæðraskólinn óskar ekki að nota sér umræddan kauprétt og óskar ekki eftir áframhaldandi leigumála samkvæmt ákvæðum samningsins, breytist skuldabréfið eða skuldabréfin þannig, að þau greiðast með jöfnum afborgunum á 20 árum, frá þeim tíma að leigusamningi lýkur, og bera þá 5%.

Það er að vísu fram komið, að stefnda veitti stefnanda heimild til að reyna að selja umræddan eignarhluta hennar. Þá er ljóst, að Húsmæðraskóla Reykjavíkur er tryggður kaupréttur að greindum eignarhluta stefndu í samningi þeirra. Kann því samningsgerð þessi að leiða til þess, að Húsmæðraskóli Reykjavíkur verði eigandi margnefnds eignarhluta. Þrátt fyrir þetta verður eigi talið, að stefnandi hafi fært að því sönnur gegn andmælum af hálfu stefndu, að hann hafi átt þátt í að koma á sambandi stefndu og stjórnar Húsmæðraskóla Reykjavíkur eða átt hlut að endan-

legri samningsgerð þessara aðilja. Þykir stefnandi því ekki eiga rétt á sölulaunum eða annarri þóknun úr hendi stefndu.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefndu af kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefnda, Ragnhildur Steindórsdóttir, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Harðar Ólafssonar, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 22. janúar 1960.

Nr. 1/1960. **Guðlaug Magnúsdóttir**
gegn
borgarstjóranum í Reykjavík.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Valdimar Stefánsson sakadómari.

Kærumál. Frávísunarkrafa. Dómkvaðning matsmanna.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið til Hæstaréttar með kæru 14. desember 1959 og hingað kominni 4. þ. m. úrskurði, sem upp var kveðinn í bæjarþingi Reykjavíkur 7. desember f. á., en sóknaraðili sótti þá ekki þing og enginn af hans hálfu. Þá hefur sóknaraðili og til vara kært dómkvaðningu matsmanna, sem fram fór í þinghaldi 7. desember 1959. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og matsmálinu vísað frá bæjarþinginu, en til vara, að framangreind dómkvaðning verði felld úr gildi. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar af varnaraðilja.

Varnaraðili krefst þess, að greindar dómsathafnir verði staðfestar og að honum verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi sóknaraðilja.

Sóknaraðili reisir kröfu sína um ómerkingu úrskurðarins og frávísun málsins frá bæjarþinginu á því, að varnaraðili hafi ekki gert nægja grein fyrir matsbeiðninni. Þetta hefur þó ekki við rök að styðjast. Varnaraðili lét fylgja matsbeiðninni endurrit af dómi Hæstaréttar frá 26. júní 1959, þar sem skýrt kemur fram, samkvæmt hvaða lagaheimild eignarnáms megi krefjast og hvað meta skuli. Var engin þörf á nánari greinargerð um þau efni. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili styður varakröfu sína um ómerkingu dómkvaðningar við það, að honum hafi ekki verið tilkynnt um þinghald 7. desember 1959 né að dómkvaðning ætti þá að fara fram. Lögmaður hans kveðst þó hafa fengið vitneskju um þinghaldið frá lögmanni varnaraðilja, klukkutíma áður en það hófst. Hefur hann ekki greint nein lögmæt forföll frá þingsókn. Með skírskotun til 3. mgr. 139. gr. laga nr. 85/1936 verður kröfu sóknaraðilja um ómerkingu dómkvaðningarinnar ekki sinnt.

Sóknaraðilja ber að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 2500.00.

Dómsorð:

Hinar kærðu dómsathafnir eiga að vera óraskaðar.

Sóknaraðili, Guðlaug Magnúsdóttir, greiði varnaraðilja, borgarstjóranum í Reykjavík, kærumálskostnað, kr. 2500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 7. desember 1959.

Hér fyrir dómi liggur bréf borgarstjórans í Reykjavík vegna skipulagsyfirvalda bæjarins, dags. 23. júlí þ. á. Þar er þess beiðzt, að dómkvaddir verði tveir menn, hæfir og óvilhallir, til þess að framkvæma eignarnámsmat á verðmæti kvaðar, svonefndrar „villaservitut", er á sínum tíma var lögð á lóðina nr. 14 við Túngötu hér í bænum, m. a. til hagsbóta fyrir eiganda lóðarinnar nr. 16 við sömu götu.

Réttur samkvæmt kvöðinni er nú í hendi frú Guðlaugar Magnúsdóttur, Túngötu 16. Af hennar hálfu hefur verið mætt við

dómkvaðningu og bornar fram þær kröfur, að málinu verði vísað frá dómi og matsbeiðanda gert að greiða henni matskostnað.

Frávísunarkrafan er rökstudd á þá leið, að matsbeiðandi hafi ekki lagt fram neina sérstaka skriflega greinargerð við þingfestingu málsins né heldur fengið frest til þess að leggja slíka greinargerð fram. Sé þetta andstætt 105. gr. laga nr. 85/1936. Þá sé og málið mjög vanreifað af hálfu matsbeiðanda, því að mats sé aðeins beiðzt með tilvísun í forsendur tveggja hæstaréttardómara fyrir sératkvæði í hæstaréttarmálinu nr. 134/1958: Kvennaheimilið Hallveigarstaðir gegn Guðlaugu Magnúsdóttur og gagnsök. Dómur þessi var kveðinn upp 26. júní þ. á. (Í beiðni misritað 24/6).

Af hálfu matsbeiðanda hefur og verið mætt í málinu og þess krafizt, að frávísunarkröfunni verði synjað um framgang, að dómkvaðning matsmanna fari fram og málskostnaður dæmdur matsbeiðanda úr hendi matsþola.

Kröfur matsbeiðanda eru rökstuddar á þá leið, að engin þörf sé sérstakrar skriflegrar greinargerðar af hans hálfu, enda felist og fullnægjandi reifun málsins í hinni framlögðu beiðni og framangreindum hæstaréttardómi, er fylgt hafi henni í endurriti ásamt sératkvæðum. Þá er og bent á, að í báðum þessum skjölum sé vitnað til 24. gr. laga nr. 55/1921, er hafi að geyma eignarnámsheimildina.

Ágreiningurinn var tekinn til dóms eða úrskurðar 2. þ. m.

Það er aðalregla samkvæmt 108. gr. laga nr. 85/1936, að málflutningur um frávísunarkröfu skuli fara fram munnlega þegar í stað. Vöntun sérstakrar skriflegar greinargerðar getur því með engu móti varðað frávísun.

Þrír dómendur voru sammála um dómsorð í ofangreindu hæstaréttarmáli og um forsendur að mestu. Einn þeirra gerði þó ágreining um sum þau atriði í atkvæði hinna tveggja, sem vísað er til í matsbeiðninni. En það, sem á milli ber, skiptir engu máli um þann ágreining, sem hér er til úrlausnar, enda hefur dómurinn ekki heldur beina þýðingu um hann að öðru leyti en því, að réttur matsþola til bóta samkvæmt mati er þar viðurkenndur.

Að þessu athuguðu og þar sem hin framlagða beiðni ásamt hæstaréttardóminum ber með sér, hver eignarnámsheimildin er, svo og hvað það er, sem eignarnámið nær til og meta skal, eru engin efni til þess, að fallizt verði á frávísun málsins.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma matsþola, Guðlaugu

Magnúsdóttur, til þess að greiða matsbeiðanda, borgarstjóra Reykjavíkur vegna skipulagsyfirvalda, málskostnað, er með það í huga, að frávísunarkrafan er tilefnislaus, ákveðst kr. 1000.00.

Hinn reglulegi borgardómari, Einar Arnalds, hefur vikið sæti í máli þessu, og er úrskurðurinn kveðinn upp af skipuðum setudómara Theodór B. Líndal.

Því úrskurðast:

Kröfu matsþola um frávísun máls þessa verður ekki sinnt.

Matsþoli, Guðlaug Magnúsdóttir, greiði matsbeiðanda, borgarstjóra Reykjavíkur vegna skipulagsyfirvalda bæjarins, málskostnað, kr. 1000.00.

Úrskurðinum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför.

Föstudaginn 29. janúar 1960.

Nr. 91/1959. **Björn H. Jónsson,**
Þórunn Franz og
Valdimar Auðunsson (Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Herbert Pangritz (Sigurður Ólason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Valdimar Stefánsson sakadómari.

Vinnulaun. Staðfesting fjárnáms.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógeta, hefur framkvæmt fjárnám það, sem áfrýjað er.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. maí 1959. Þeir krefjast sýknu af kröfum stefnda, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi og að stefnda verði dæmt að greiða þeim málskostnað.

Stefndi krefst staðfestingar hinna áfrýjuðu dómsathafna og að áfrýjendum verði dæmt að greiða honum in solidum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eigi er í ljós leitt, að hve miklu leyti opinber gjöld stefnda, samtals kr. 8.268.00, sem í málinu greinir, eru miðuð við kaup hans á vegum áfrýjanda. Er krafa stefnda um greiðslu nefndrar fjárhæðar þegar af þeirri ástæðu svo vanreifuð, að vísa ber henni frá héraðsdómi. Að því er varðar aðra kröfuliði, ber að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms. Verður áfrýjendum því dæmt að greiða in solidum stefnda kr. 21.894.76 ásamt vöxtum, eins og krafizt er, orlofsfé, kr. 1313.69, og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 6000.00. Þá ber og að staðfesta áðurgreint fjárnám til tryggingar greindum fjárhæðum.

Dómsorð:

Framangreindri kröfu er vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjendur, Björn H. Jónsson, Þórunn Franz og Valdimar Auðunsson, greiði in solidum stefnda, Herbert Pangritz, kr. 21.894.76 ásamt 6% ársvöxtum frá 18. marz 1958 til greiðsludags, orlofsfé, kr. 1313.69, og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 6000.00.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð staðfestist til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. marz 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ. m., höfðaði Herbert Pangritz, Grettisgötu 82, Reykjavík, fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu, birtri 18. marz 1958, gegn Birni H. Jónssyni, Leifsgötu 23, Valdimar Auðunssyni, Ránargötu 7, og Þórunni Franz, Lindargötu 27, öllum í Reykjavík, til greiðslu skuldar in solidum að fjárhæð kr. 81.852.44 með 6% ársvöxtum frá birtingardegi stefnu til greiðsludags, 6% fjárhæðarinnar í orlof og málskostnaðar að skaðlausu. Einnig, að viðurkennt verði með dómi, að stefndu beri að greiða fyrir stefnanda öll opinber gjöld samkvæmt ákvæði í vinnusamningi, dags. 1. marz 1957.

Með utanréttarstefnu, birtri 7. október 1958, höfðaði stefnandi

framhaldssök gegn stefndu til greiðslu á kr. 8.268.00 með 6% ársvöxtum frá birtingardegi framhaldsstefnu til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu í framhaldssök.

Við hinn munnlega málflutning hafði stefnandi uppi þær kröfur í báðum sökum, *aðallega,* að stefndu verði dæmd til greiðslu á kr. 90.120.44 með 6% ársvöxtum af kr. 81.852.44 frá 18. marz 1958 til 7. október 1958 og af kr. 90.120.44 frá þeim degi til greiðsludags, 6% af kr. 81.852.44 í orlof og að viðurkennt verði með dómi, að stefndu beri að greiða öll opinber gjöld stefnanda af kr. 75.783.96. Enn fremur krafðist stefnandi málskostnaðar að skaðlausu. *Til vara* krafðist stefnandi greiðslu annarrar lægri fjárhæðar að mati dómarans.

Stefndu hafa *aðallega* krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi, en *til vara,* að þau verði aðeins dæmd til að greiða kr. 6.250.00 og að málskostnaður falli niður.

Við hinn munnlega flutning málsins hafði lögmaður stefndu uppi kröfu um það, að málinu væri vísað frá dómi, en hann féll frá þeirri kröfu, áður en málflutningi lauk. Krafðist hann aðallega sýknu, en til vara lækkunar á dómkröfum stefnanda, svo og málskostnaðar úr hans hendi.

Málsatvik eru þau, að með samningi, dags. 1. marz 1957, var stefnandi ráðinn til sælgætisgerðarinnar við Tunguveg 17, eign stefndu. Samningstímabilið var ákveðið tvö ár frá 1. marz 1957 að telja. Hinn 27. febrúar 1958 var stefnanda sagt upp starfi með einnar viku fyrirvara.

Stefnandi telur uppsögn þessa ólögmæta. Samningurinn hafi verið óuppsegjanlegur á samningstímabilinu. Beri sér því laun úr hendi stefndu út allt samningstímabilið, eða til 1. marz 1959. Samkvæmt samningnum hafi kaup stefnanda verið ákveðið kr. 5.000.00 á mánuði, miðað við gildandi kaupgjaldsvísitölu í upphafi samningstímabilsins, en skyldi hækka eða lækka í samræmi við breytingar á henni og kauptaxta viðeigandi iðn- eða verkalýðsfélaga. Breytingar hafi orðið til hækkunar að þessu leyti, og miðað við þær hafi kaup stefnanda numið frá því í september 1957 kr. 5.413.14 á mánuði. Laun stefnanda út samningstímabilið nemi því samtals kr. 64.957.68. Auk þessa hafi stefnandi átt ógreidd laun hjá stefndu fyrir mánuðina janúar og febrúar 1958 og hluta af desember 1957, svo og kaupgjaldsvísitölu og kauptaxta uppbætur frá maímánuði 1957, samtals að fjárhæð kr. 16.894.76. Í samningi aðiljanna hafi verið ákvæði þess efnis, að stefndu bæri að greiða alla opinbera skatta og

útsvar stefnanda honum að kostnaðarlausu. Eftir að frumsök máls þessa hafi verið höfðuð, hafi stefnandi verið krafinn af bæjarsjóði Reykjavíkur greiðslu á gjöldum þessum af tekjum ársins 1957, samtals að fjárhæð kr. 8.268.00, þar sem stefndu höfðu eigi innt gjöldin af hendi. Hafi stefnandi þá höfðað framhaldssökina til greiðslu gjaldanna, en viðurkenningar er krafizt á skyldu stefndu til greiðslu gjalda þessara af tekjum stefnanda út samningstímabilið.

Varakrafa stefnanda er á því byggð, að ef hann verði ekki talinn eiga rétt til fullra launa úr hendi stefndu út samningstímabilið, þá beri honum einhverjar bætur fyrir hina ólögmætu uppsögn svo og greiðslu launa fyrir þann tíma, sem hann vann í þjónustu stefnda og ógreidd eru.

Stefndu styðja sýknukröfu sína þeim rökum, að stefnandi hafi svo stórlega brotið skyldur sínar samkvæmt vinnusamningi aðiljanna, að þeim hafi verið heimilt að víkja honum úr starfi. Telja stefndu vanefndir stefnanda slíkar, að þeim beri bætur úr hendi stefnanda, er nemi að minnsta kosti þeirri fjárhæð, sem stefnandi á hjá stefndu sem ógreidd vinnulaun. Enn fremur telja stefndu, að það ákvæði í samningi Iðju, félags verksmiðjufólks, við Félag íslenzkra iðnrekenda, að iðnrekanda sé eigi skylt að greiða starfsfólki laun, ef vinna falli niður um lengri eða skemmri tíma vegna rekstrarstöðvunar af völdum hráefnaskorts, taki til samnings aðiljanna, þótt það sé eigi beint fram tekið í honum. Sælgætisgerð stefndu hafi stöðvazt af þessum sökum, og því hafi uppsögnin verið stefndu heimil.

Varakrafa stefndu er á því byggð, að stefnandi hafi fengið aðra vinnu mjög skömmu eftir að starfi hans lauk hjá stefndu, og hafi hann ekki sýnt fram á það, að hann hafi orðið fyrir tjóni.

Í samningi aðiljanna segir m. a.: „Starf Herberts Pangritz skal í því fólgið, að framleiða sælgætisvörur fyrir verksmiðjuna og hafa á hendi verkstjórn í henni að öllu leyti, að því er varðar framleiðsluna“ .... „Kaup Herberts Pangritz er ákveðið kr. 5.000.00 á mánuði hverjum, en auk þess ber okkur að greiða fyrir hann alla opinbera skatta og útsvar honum að kostnaðarlausu.“ .... „Kaup er miðað við þá kauplagsvísitölu, er nú gildir, en hækki hún eða hækki kauptaxti viðeigandi iðn- eða verkalýðsfélaga, þá skal kaup beggja hækka í samræmi við það“ .... „Samningur þessi gildir fyrir báða aðilja í tvö ár, frá 1. marz 1957 að telja. Verði honum ekki sagt upp með 3ja mán-

aða fyrirvara, skal hann framlengjast af sjálfu sér í 3 mánuði í senn. Almennur uppsagnarfrestur af beggja hálfu, vinnuveitanda og vinnuþegna, er 3 mánuðir.“ .... „Um veikindadaga og orlof skulu gilda samningar Iðju, félags verksmiðjufólks, eins og þeir eru á hverjum tíma.“

Aðiljar hafa gefið skýrslu fyrir dómi. Stefnandi kvaðst hafa skilið uppsagnarákvæði samnings aðiljanna á þann veg, að þriggja mánaða fresturinn kæmi ekki til greina, fyrr en að liðnu tveggja ára samningstímabilinu. Hann kvaðst hafa stundað vinnu sína reglulega og stundvíslega, oft unnið eftirvinnu, án þess að fá greiðslu fyrir. Stefnandi kvaðst ekki hafa fært neinar framleiðslubækur fyrir fyrirtækið, enda hafi honum ekki verið falið að gera slíkt. Í janúar eða febrúarmánuði 1958 hafi komið tvær „kladdabækur“ í verksmiðjuna, önnur til að færa í upphaf og lok vinnustunda, en hin til að færa í alla tilbúna vöru til eftirlits. Hafi hann strax í upphafi neitað að halda slíkar bækur, þar sem hann kynni ekki íslenzku. Stefnandi kvaðst þó hafa haldið skrá fyrir sjálfan sig til að fylgjast með framleiðslunni, en undir lokin hafi hann ekki getað haft eftirlit með því, þar sem stefndi Björn hafi flutt vörurnar ópakkaðar heim til sín, pakkað þeim þar og gefið síðan stefnanda upp kassatölu. Stefnandi kvaðst aldrei hafa framleitt neitt í verksmiðjunni fyrir sjálfan sig. Stefnandi kvaðst hafa verið atvinnulaus, frá því er honum hafi verið sagt upp og þar til 25. marz 1958. Þá hafi hann farið að vinna í annarri sælgætisgerð, og hafi hann fengið laun samkvæmt kjarasamningi Iðju, félags verksmiðjufólks.

Stefndi Björn H. Jónsson kvaðst hafa skilið samning aðiljanna þannig, að hann hafi verið uppsegjanlegur, hvenær sem var, með 3ja mánaða fyrirvara. Enn fremur kvaðst hann hafa álitið, að kjarasamningur Iðju ætti að gilda, þar sem ákvæði samnings aðiljanna þrytu. Stefndi Björn kvað stefnanda nokkrum sinnum ekki hafa mætt til vinnu og stundum verið þá fjarverandi, allt að 3 daga í senn. Hafi stefnandi þá barið við efnisskorti, en ekki tilkynnt eigendum um það. Björn kvað efnisskort hafa verið í verksmiðjunni í þau skipti, er stefnandi hafi verið fjarverandi, en kvað nóg önnur verkefni hafa verið fyrir hendi, þrátt fyrir það. Stefndi Björn kvað stefnanda fyrst hafa verið beðinn um að halda framleiðslubók, en hann hafi neitað að gera það. Síðan hafi hann bannað starfsstúlku í verksmiðjunni að halda þá bók, en stúlka sú hefði tekið að sér það verk. Hafi enga sérstaka kunnáttu þurft í íslenzku til að halda slíka

framleiðslubók, þar sem form hennar hafi verið slíkt, að eingöngu hafi þurft að færa inn magn framleiðslunnar með tölustöfum. Stefndi Björn kvað hráefnisskort hafa verið í verksmiðjunni um það leyti, er stefnanda hafi verið sagt upp. Hafi uppsögnin verið byggð á því með heimild í kjarasamningi Iðju, svo og að stefndi Björn kvaðst hafa verið óánægður með það, hve stefndi mætti illa til vinnunnar og að hann hafi ekki vandað framleiðsluvörurnar.

Stefnda Þórunn Franz kvað stefnanda sumarið 1957 hafa haldið bók í þríriti, þar sem hann hafi skráð það, sem sótt hafi verið í verksmiðjuna af fullunnum vörum og þannig fylgzt með því, hvað látið hafi verið af hendi. Stefnda Þórunn kvaðst hafa séð um verksmiðjuna í júlí- og ágústmánuði 1957 í fjarveru stefnda Björns. Hafi stefnandi þá mætt vel til vinnu.

Gegn mótmælum stefnanda þykja stefndu á engan hátt hafa fært sönnur að því, að stefnandi hafi brotið starfsskyldur sínar samkvæmt samningi aðiljanna eða á annan hátt vanrækt starf sitt. Verður því uppsögn stefnanda úr starfi án bóta ekki byggð á þeim ástæðum.

Í samningi aðiljanna er ekki minnzt á kjarasamning Iðju, nema að því er tekur til veikindadaga og orlofs. Verður sá samningur ekki talinn gilda um uppsögn, enda eru sérstök ákvæði þar um í samningi aðiljanna. Eins og áður hefur verið rakið, er samningurinn gerður til tveggja ára og ráð fyrir því gert, að hann framlengist að þeim tíma liðnum, verði honum ekki sagt upp með 3ja mánaða fyrirvara. Ákvæði það í samningnum, að almennur uppsagnarfrestur sé þrír mánuðir, þykir verða að skýra í samræmi við það þannig, að sá uppsagnarfrestur eigi að gilda í samskiptum aðiljanna að loknu upphaflega samningstímabilinu. Stefndu var því óheimilt að segja stefnanda upp starfinu með einnar viku fyrirvara, og eru þau bótaskyld gagnvart honum af þeim sökum.

Stefnandi hóf að vinna annað starf, þrem vikum eftir að hann hætti störfum hjá stefndu. Hann hefur þó ekki sýnt fram á það, hver laun hans hafi verið frá þeim tíma, er hann hætti þar störfum, og út samningstímabil aðiljanna. Þykja bætur til hans fyrir hina ólögmætu uppsögn með hliðsjón af því svo og öðrum málsatvikum hæfilega ákveðnar kr. 5.000.00.

Stefndu hafa viðurkennt að skulda stefnanda laun fyrir janúar- og febrúarmánuði 1958 og hluta af desember 1957. Telur stefnandi ógreidd vinnulaun sín fyrir þann tíma nema samtals

kr. 16.894.76, og reiknar með í þeirri fjárhæð uppbót vegna hækkunar kaupgjaldsvísitölu og kauptaxta frá maímánuði 1957. Í samningi aðiljanna er gert ráð fyrir greiðslum vegna slíkra breytinga, og þar sem stefndu hafa ekki mótmælt fjárhæð þessari tölulega, ber að taka hana til greina.

Þá þykir bera að taka til greina kröfu stefnanda um greiðslu opinberra gjalda úr hendi stefndu fyrir árið 1957, að fjárhæð kr. 8.268.00. Stefndu hafa eigi innt af hendi þá skyldu samkvæmt samningi aðiljanna að greiða gjöld þessi, og stefnandi ber ábyrgð á greiðslu þeirra.

Kröfu stefnanda um viðurkenningu á skyldu stefndu til greiðslu opinberra gjalda af tekjum hans fyrir árið 1958 hefur með dómi verið vísað frá ex officio.

Stefnandi hefur gert kröfu til greiðslu 6% af launakröfu sinni í orlof. Samkvæmt lögum nr. 16/1943 um orlof á stefnandi rétt til orlofsgreiðslna úr hendi stefnda af kaupi því, sem hann hefur borið úr býtum fyrir vinnu sína næsta orlofsár á undan, en orlofsár merkir tímabilið frá 15. maí til 14. maí næsta ár á eftir. Ber því að taka kröfu stefnanda til greina að þessu leyti af kr. 21.894.76, enda er kaupkrafa hans tekin til greina með þeirri fjárhæð samkvæmt framansögðu.

Niðurstaða málsins, aðalsakar og framhaldssakar, verður því sú samkvæmt framansögðu, að stefndu verða dæmd til að greiða stefnda samtals kr. 30.162.76 með vöxtum eins og krafizt er, að því undanskildu, að vextir verða eigi dæmdir af fjárhæð hinna opinberu gjalda, þar sem stefnandi hefur eigi innt hana af hendi, og enn fremur til greiðslu 6% af kr. 21.894.76 í orlof.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 3.500.00.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, Björn H. Jónsson, Þórunn Franz og Valdimar Auðunsson, greiði öll fyrir eitt og eitt fyrir öll stefnanda, Herbert Pangritz, kr. 30.162.76, 6% af kr. 21.894.76 í orlof, 6% ársvexti af þeirri fjárhæð frá 18. marz 1958 til greiðsludags og kr. 3.500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetadóms Reykjavíkur 4. maí 1959.

Ár 1959, mánudaginn 4. maí, var fógetaréttur Reykjavíkur

settur í húsinu nr. 45 á Fossvogsblettum og haldinn af fulltrúa borgarfógeta Þorsteini Thorarensen ásamt undirrituðum vottum. Fyrir var tekið málið Herbert Pangritz gegn Valdimar Auðunssyni.

Gerðarþoli, sem á hér heima, er ekki mættur.

Af hans hálfu mætir kona hans, Þuríður Ingjaldsdóttir, og kveðst ekki greiða, en bendir á til fjárnáms bílinn nr. R 1545.

Fógeti lýsti yfir fjárnámi í bifreiðinni R 1545 og skýrði þýðingu þess fyrir mættri.

Föstudaginn 29. janúar 1960.

Nr. 92/1959. **Björn H. Jónsson,**
Þórunn Franz og
Valdimar Auðunsson (Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Magdalenu Mellahn (Sigurður Ólason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Valdimar Stefánsson sakadómari.

Vinnulaun. Staðfesting fjárnáms.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógeta, hefur framkvæmt fjárnám það, sem áfrýjað er.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. maí 1959. Þeir krefjast sýknu af kröfum stefnda, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og að þeim verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hinna áfrýjuðu dómsathafna og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjendum in solidum.

Samkvæmt forsendum héraðsdóms ber að staðfesta hann svo og hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjendur greiði in solidum stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð eiga að vera óröskuð.

Áfrýjendur, Björn H. Jónsson, Þórunn Franz og Valdimar Auðunsson, greiði in solidum stefnda, Magdalenu Mellahn, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. marz 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ. m., hefur Lilli Mellahn, Grettisgötu 82 í Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu, birtri 18. marz 1958, gegn Birni H. Jónssyni, Leifsgötu 23, Valdimar Auðunssyni, Ránargötu 7, og Þórunni Franz, Lindargötu 27, öllum í Reykjavík, til greiðslu skuldar in solidum að fjárhæð kr. 48.882.72 með 6% ársvöxtum frá birtingardegi stefnu til greiðsludags, 6% fjárhæðarinnar í orlof og málskostnaðar að skaðlausu.

Við hinn munnlega flutning málsins gerði stefnandi þá kröfu *til vara*, að stefndu verði dæmd til greiðslu annarrar lægri fjárhæðar að mati dómarans.

Stefndu hafa aðallega krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hennar, en til vara, að þau verði dæmd til að greiða kr. 3.750.00 og að málskostnaður falli niður.

Við hinn munnlega flutning málsins hafði lögmaður stefndu uppi kröfu um það, að málinu verði vísað frá dómi, en hann féll frá þeirri kröfu, áður en málflutningi lauk. Krafðist hann aðallega sýknu, en til vara lækkunar á dómkröfum stefnanda svo og málskostnaðar úr hennar hendi.

Málsatvik eru þau, að með samningi, dags. 1. marz 1957, var stefnandi ráðin til sælgætisgerðarinnar við Tunguveg 17, eign stefndu. Samningstímabilið var ákveðið tvö ár, frá 1. marz 1957 að telja. Hinn 27. febrúar 1952 var stefnanda sagt upp starfi með einnar viku fyrirvara.

Stefnandi telur uppsögnina ólögmæta. Samningurinn hafi verið óuppsegjanlegur á samningstímabilinu. Beri sér því laun úr hendi stefndu út allt samningstímabilið, eða til 1. marz 1959. Samkvæmt samningnum hafi laun hennar verið ákveðin kr. 3000.00 á mán-

uði, miðað við gildandi kaupgjaldsvísitölu í upphafi samningstímabilsins, en skyldu hækka eða lækka í samræmi við breytingar á henni og kauptaxta viðeigandi iðn- og verkalýðsfélaga. Breytingar hafi orðið til hækkunar að þessu leyti, og miðað við þær hafi laun stefnanda numið frá því í september 1957 kr. 3.273.87 á mánuði. Laun hennar út samningstímabilið nemi því samtals kr. 39.286.44. Auk þessa hafi stefnandi átt hjá stefndu ógreidd laun fyrir mánuðina janúar og febrúar 1958 og hluta af desember 1957, svo og kaupgjaldsvísitölu- og kauptaxtahækkanir frá maímánuði 1957, samtals að fjárhæð kr. 9.596.28.

Varakrafa stefnanda er á því byggð, að ef hún verði ekki talin eiga rétt til fullra launa úr hendi stefndu út samningstímabilið, þá beri henni einhverjar bætur fyrir hina ólögmætu uppsögn auk hinna ógreiddu launa sinna fyrir uppsögnina.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi stórlega vanefnt vinnusamning aðiljanna. Hafi hún vanrækt að mæta til vinnu á réttum tíma, og hafi það gengið svo langt að hún hafi verið hætt að mæta til vinnunnar, er henni hafi verið sagt upp starfi. Telja stefndu vanefndir stefnanda slíkar, að þeim beri bætur úr hendi hennar, er nemi að minnsta kosti þeirri fjárhæð, sem stefnandi á hjá stefndu sem ógreidd vinnulaun. Í annan stað byggja stefndu sýknukröfuna á því, að það ákvæði í samningi Iðju, félags verksmiðjufólks, við Félag íslenzkra iðnrekenda, að iðnrekanda sé eigi skylt að greiða starfsfólki laun, ef vinna falli niður um lengri eða skemmri tíma vegna rekstrarstöðvunar af völdum hráefnisskorts, eigi einnig við í samskiptum aðiljanna, þótt þess sé eigi getið í samningi þeirra. Sælgætisgerð stefndu hafi stöðvazt af þessum sökum, og því hafi uppsögnin verið stefndu heimil.

Varakrafa stefndu er á því byggð, að stefnandi hafi fengið aðra vinnu, mjög skömmu eftir að starfi hennar lauk hjá stefndu, og hafi hún ekki sýnt fram á það, að hún hafi orðið fyrir tjóni.

Í samningi aðiljanna segir m. a.: „Starf Lilli Mellahn skal í því fólgið, að vera til aðstoðar herra Pangritz og vinna öll nauðsynleg störf við framleiðsluvörur verksmiðjunnar“ .... „Kaup Lilli Mellahn skal vera kr. 3.000.00 á mánuði“ .... „Kaup er miðað við þá kaupgjaldsvísitölu, er nú gildir, en hækki hún eða hækki kauptaxti viðeigandi iðn- eða verkalýðsfélaga, þá skal kaup hækka í samræmi við það. Samningur þessi gildir í tvö ár frá 1. marz 1957 að telja. Verði honum ekki sagt upp með 3ja mánaða fyrirvara, skal hann framlengjast af sjálfu sér í 3 mánuði

í senn. Almennur uppsagnarfrestur af beggja aðilja hálfu, vinnuveitanda og vinnuþegna, er 3 mánuðir."

Aðiljar hafa gefið skýrslu fyrir dómi. Stefnandi kvaðst hafa skilið uppsagnarákvæði samningsins á þann veg, að þriggja mánaða fresturinn kæmi ekki til greina, fyrr en að liðnu tveggja ára samningstímabilinu, og hafi það verið sameiginlegt álit allra samningsaðiljanna. Af þessum sökum hafi hún unnið áfram, eftir að henni hafði verið sagt upp starfinu, til þess að gerast ekki brotleg við samninginn. Hún kvað rekstursstöðvun hafa verið í verksmiðjunni, og hafi verksmiðjan verið lokuð. Stefnandi kvaðst hafa hætt vinnu einhverntíma milli 11. og 18. febrúar 1958, þar eð hún hafi þá verið orðin peningalaus og hafi þurft að fara að vinna sér inn eitthvað annars staðar, en það hafi verið eftir að henni hafi verið ljóst, að verksmiðjan var lokuð. Hún kvaðst hafa stundað vinnu sína hjá stefndu vel og samvizkusamlega. Hún kvaðst hafa byrjað í annarri vinnu hinn 25. marz 1958.

Stefndi Björn H. Jónsson kvaðst hafa skilið samning aðiljanna varðandi uppsögn þannig, að hvorum aðilja hans um sig hafi verið heimilt að segja honum upp á samningstímabilinu með 3ja mánaða fyrirvara. Hann kvað hráefnaskort hafa verið í verksmiðjunni um það leyti, sem stefnanda var sagt upp starfi. Hann kvað hráefni hafa komið til verksmiðjunnar skömmu eftir áramótin 1957—1958, en þá hafi verið búið að taka ákvörðun um það að hætta rekstri verksmiðjunnar. Stefndi Björn kvaðst hafa komið í verksmiðjuna mannlausa morgun einn um kl. 9.00. Hafi hann þá sótt stefnanda heim til hennar.

Stefnda Þórunn Franz kvaðst hafa séð um verksmiðjuna í júlí- og ágústmánuði 1957. Kvað hún stefnanda á því tímabili hafa mætt mjög illa til vinnu. Er stefnda Þórunn hafi átt tal við stefnanda um þetta, hafi hún svarað því til, að meðstefndu Björn og Valdimar hafi veitt henni leyfi til þess að hefja ekki vinnu fyrr en kl. 13.00. Hafi þetta komið fyrir a. m. k. 4—5 sinnum. Kvað stefnda Þórunn stefnanda um það leyti hafa verið að búa sig undir ferð til Þýzkalands. Einnig kvað stefnda Þórunn stefnanda hafa verið fjarverandi tvo heila daga á þessu umrædda tímabili.

Eins og fram kemur í skýrslu stefnanda, hefur hún verið hætt vinnu hjá stefndu, skömmu áður en henni er formlega sagt upp starfinu, þar sem rekstursstöðvun hafði verið í verksmiðjunni og hún ekki fengið greidd laun um nokkurt skeið. Það er viðurkennt af stefndu, að hráefnaskortur hafi verið í verksmiðjunni á

þessum tíma, og fram kemur í skýrslu stefnda Björns, að ákveðið hefði verið að hætta rekstri verksmiðjunnar. Stefndu segja stefnanda upp starfi 27. febrúar 1958 og bera þá ekki fyrir sig sem ástæðu fyrir uppsögninni, að stefnandi hafi rift samningi aðiljanna með því að fara úr þjónustu þeirra, enda hefur því ekki verið mótmælt af þeirra hálfu, að verksmiðjurekstur hafi verið stöðvaður. Og þar sem stefndu hafa ekki gegn mótmælum stefnanda fært sönnur að því, að hún hafi brotið starfsskyldur sínar samkvæmt samningi aðiljanna eða á annan hátt vanrækt starf sitt, verður uppsögn stefnanda úr starfi án bóta því ekki á þeim ástæðum byggð.

Í samningi aðiljanna er ekki minnzt á kjarasamning Iðju, nema að því er tekur til veikindadaga og orlofs. Verður sá samningur ekki talinn gilda um uppsögn, enda eru sérstök ákvæði þar um í samningi aðiljanna. Eins og áður hefur verið rakið, er samningurinn gerður til tveggja ára og ráð fyrir því gert, að hann framlengist að þeim tíma liðnum, verði honum ekki sagt upp með 3ja mánaða fyrirvara. Ákvæði það í samningnum, að almennur uppsagnarfrestur sé þrír mánuðir, þykir verða að skýra í samræmi við það þannig, að sá frestur eigi að gilda í samskiptum aðiljanna að loknu upphaflega samningstímabilinu. Stefndu var því óheimilt að segja stefnanda upp starfinu með einnar viku fyrirvara, og eru þau bótaskyld gagnvart henni af þeim sökum.

Stefnandi hóf að vinna annað starf, þremur vikum eftir að henni var sagt upp starfi hjá stefndu. Hún hefur ekki sýnt fram á það, hver laun hennar hafi verið frá þeim tíma, er hún hætti þar starfi og út samningstímabil aðiljanna. Þykja bætur til hennar fyrir hina ólögmætu uppsögn með hliðsjón af því, svo og öðru, sem máli skiptir, hæfilega ákveðnar kr. 3.000.00.

Stefndu hafa viðurkennt að skulda stefnanda laun fyrir janúar- og febrúarmánuð 1958 og hluta af desember 1957. Telur stefnandi ógreidd vinnulaun sín fyrir þann tíma nema samtals kr. 9.596.28, og reiknar með í þeirri fjárhæð uppbót vegna hækkunar kaupgjaldsvísitölu og kauptaxta frá maímánuði 1957. Í samningi aðiljanna er gert ráð fyrir greiðslum vegna slíkra breytinga, og þar sem stefndu hafa ekki mótmælt fjárhæð þessari tölulega, ber að taka hana til greina.

Þá ber að taka til greina kröfu stefnanda um 6% orlof af framangreindum fjárhæðum, sbr. 4. gr. laga nr. 39/1943 um orlof.

Niðurstaða málsins verður því sú samkvæmt framansögðu, að stefndu verða dæmd til að greiða stefnanda samtals kr. 12.596.28

með vöxtum eins og krafizt er í stefnu, og 6% fjárhæðarinnar í orlof.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 1.700.00.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, Björn H. Jónsson, Þórunn Franz og Valdimar Auðunsson, greiði eitt fyrir öll og öll fyrir eitt, stefnanda, Lilli Mellahn, kr. 12.596.28 með 6% ársvöxtum frá 18. marz 1958 til greiðsludags, 6% fjárhæðarinnar í orlof og kr. 1700.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetadóms Reykjavíkur 4. maí 1959.

Ár 1959, mánudaginn 4. maí, var fógetaréttur Reykjavíkur settur í húsinu nr. 45 á Fossvogsblettum og haldinn þar af fulltrúa borgarfógeta Þorsteini Thorarensen ásamt undirrituðum vottum. Fyrir var tekið málið: Lilli Mellahn gegn Valdimar Auðunssyni. ....

Valdimar Auðunsson, sem á hér heima, er mættur. Hann kveðst ekki greiða skuldina og kveðst munu áfrýja dómnum á rskj. 2, en bendir á til fjárnáms bílinn nr. R 1545.

Fógeti lýsti yfir fjárnámi í bifreiðinni R 1545 og skýrði þýðingu þess fyrir mættum.

Föstudaginn 29. janúar 1960.

Nr. 193/1958. **Trausti Jónsson og**
Hraðfrystihús Keflavíkur h/f
(Gústaf A. Sveinsson hrl.)
gegn
Guðmundi Ibsenssyni (Gunnar Jónsson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Bætur vegna slita á ráðningarsamningi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur, sem nú eru sagðir sameigendur að v/b Sæfara, K E 52, hafa með stefnu 29. desember 1958, að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s. m., skotið máli þessu til Hæstaréttar, að því leyti sem það varðar þá. Krefjast þeir þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara, að felldur verði niður sjóveðréttur í v/b Sæfara, K E 52. Svo krefjast þeir og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst sýknu af kröfum áfrýjenda og málskostnaðar hér fyrir dómi úr hendi þeirra eftir mati Hæstaréttar.

Krafa áfrýjenda um ómerkingu málsins og frávísun frá héraðsdómi er á því reist, að á þeim tíma, sem stefndi réðst skipstjóri á v/b Sæfara, hafi skipið verið í sameign félaganna Viðeyjar h/f og Drangeyjar h/f. Hefði stefnda því verið rétt að stefna þessum félögum báðum í héraði. Þar sem þessi málsástæða varðar að engu sjóveðrétt í skipi áfrýjenda, verður ómerkingarkröfunni ekki sinnt.

Þá telja áfrýjendur, að stefndi hafi ekki öðlazt neina bótakröfu á hendur útgerð skipsins vegna slita á ráðningarsamningi, sem tryggð sé með sjóveðrétti í v/b Sæfara. Þó að áfrýjandinn Trausti Jónsson hafi eignazt skipið, meðan á ráðningartíma stefnda stóð, hafi stefnda verið veittur kostur á að vera áfram á skipinu með umsömdum kjörum út ráðningartímann.

Þegar stefndi kom til Keflavíkur á v/b Sæfara hinn 30. marz 1956, voru orðin eigendaskipti að skipinu. Mátti stefndi þá telja ráðningarsamningi sínum slitið, og þar sem ráðningartími var ekki á enda, öðlaðist hann bótarétt á hendur útgerð skipsins, sem tryggð var með sjóveðrétti í skipinu samkvæmt 236. gr. laga nr. 56/1914. Eftir gögnum málsins þykja bætur til handa stefnda ekki of hátt ákveðnar í héraðsdómi. Á ákvæði dómsins um sjóveðrétt því að standa óhaggað.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefnda af kröfum áfrýjenda í málinu. Eftir atvikum er rétt, að áfrýjendur greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 2000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Ibsensson, á að vera sýkn af kröfum áfrýjenda, Trausta Jónssonar og Hraðfrystihúss Keflavíkur h/f, í máli þessu.

Áfrýjendur greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 11. júní 1958.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. f. m., höfðaði Guðmundur Ibsen skipstjóri, Laugarnesvegi 83, hér í bæ, fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 4. október 1956, á hendur Oddi Helgasyni f. h. Fiskveiðihlutafélagsins Viðey h/f, hér í bæ, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 27.309.33 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júní 1956 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi fjárhæð kröfu sinnar í kr. 18.742.02, en hélt að öðru leyti við kröfur í stefnu.

Þá hefur stefnandi krafizt viðurkenningar á sjóveðrétti í v/b Sæfara, KE 52, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum. Hefur

hann stefnt Trausta Jónssyni, Keflavík, núverandi eiganda skipsins, til réttargæzlu að því leyti.

Stefndu hafa *aðallega* krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins, en *til vara*, að stefndi verði einungis dæmdur til greiðslu á kr. 9.634.64 eða annarrar lægri fjárhæðar að mati dómsins ásamt 6% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnunnar í málinu.

Stefnandi lýsir málavöxtum þannig, að um haustið 1955 hafi hann ráðizt til hins stefnda hlutafélags til að verða skipstjóri á skipi félagsins v/b Sæfara, K E 52, á vetrarvertíð 1956. Skipið hafi átt að senda til Svíþjóðar til ýmissa endurbóta, en þeim hafi átt að vera lokið fyrir vertíðarbyrjun. Hafi verið umsamið, að stefnandi sækti skipið og sigldi því til landsins. Stefnandi hafi síðan ráðið skipshöfn um og eftir miðjan október 1955. Það hafi síðan dregizt mjög, að viðgerð á skipinu yrði lokið í Svíþjóð, og hafi þeir skipverjarnir ekki verið sendir utan til að sækja það, fyrr en hinn 16. febrúar 1956. Enn hafi þá orðið dráttur á því, að skipið yrði tilbúið. Hafi þeir ekki getað lagt af stað til landsins fyrr en 25. marz, og hafi þeir komið til Keflavíkur hinn 30. s. m. Er til landsins hafi verið komið, hafi stefndur verið búinn að selja skipið Trausta Jónssyni, réttargæzlustefnda. Hafi því ekkert orðið úr því, að stefnandi hæfi róðra á skipinu, enda hafi hinn nýi eigandi þess leigt það til Vestmannaeyja, þar sem ný skipshöfn hafi tekið við því.

Byggir stefnandi kröfur sínar á því, að hann hafi orðið fyrir miklu fjárhagstjóni vegna þessara vanefnda stefnda á samningi aðiljanna, þar sem hann hafi af þeim sökum tapað heilli vetrarvertíð.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi eingöngu verið ráðinn upp á fast mánaðarkaup, þar til skipið gæti hafið róðra. Er skipið hafi komið til landsins, hafi orðið eigendaskipti að því. Hinn nýi eigandi hafi þá boðið stefnanda að verða með skipið ásamt skipshöfn þess, það sem eftir hafi verið vertíðar, en því boði hafi stefnandi hafnað. Vegna þess hafi stefnandi firrt sig rétti til að krefjast skaðabóta úr hendi hins stefnda hlutafélags.

Stefnandi hefur fyrir dómi skýrt svo frá, að hann hafi verið ráðinn til að vera með skipið á vetrarvertíðinni með kjörum samkvæmt gildandi kjarasamningum á ráðningartímanum. Er þeir hafi komið með skipið til Keflavíkur, hafi réttargæzlustefndi,

Trausti Jónsson, tjáð stefnanda, að hann væri búinn að kaupa skipið. Trausti hafi ekki boðið honum að vera með skipið. Hins vegar hafi Trausti talað um það „undir rós", að þeir gætu komizt að samkomulagi, og hafi stefnanda skilizt, að Trausti hafi ætlað að ræða það samkomulag síðar. Stefnandi kvaðst síðan hafa átt tal við fyrirsvarsmenn hins stefnda hlutafélags. Hafi þeir staðfest það, að eigendaskipti hafi orðið að skipinu. Að þessum upplýsingum fengnum, hafi þeir skipverjar flutzt úr skipinu.

Trausti Jónsson, réttargæzlustefndi, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi, strax og skipið hafi verið komið til Keflavíkur, óskað eftir því við stefnanda, að hann yrði skipstjóri á skipinu til línuveiða, það sem eftir væri vertíðar. Stefnandi hafi ekki viljað það, en viljað hefja netjaveiðar á skipinu. Hafi því ekkert orðið úr ráðningunni. Það hafi ekki verið fyrr en eftir að stefnandi hafi hafnað skipstjórastöðunni, sem hann, Trausti, hafi leigt skipið.

Í málinu liggur fyrir samkomulag, dags. 26. janúar 1956, þar sem segir m. a.: „Þar sem dráttur hefur orðið á því, að m.b. Sæfari, K E 52, sem nú er í Svíþjóð að fá nýja vél o. fl., yrði tilbúinn að hefja vetrarvertíð, en undirritaður Guðmundur Ibsen er ráðinn skipstjóri á hann, hefur orðið samkomulag um, að nefndum Guðm. Ibsen skuli greitt í biðpeninga kr. 10.000.00 — tíu þúsund krónur — á mánuði, er reiknast frá þeim tíma, að róðrar hófust, það er frá 24. janúar s.l., og þar til báturinn kemur til Íslands, þó aldrei lengur en til 11. maí n.k. Miðað er við, að nefndur Guðmundur Ibsen sæki bátinn til Svíþjóðar." Samkomulag þetta undirrita stefnandi og Sigurjón Sigurðsson sem prókúruhafi hins stefnda hlutafélags.

Af þessu samkomulagi þykir sýnt, að stefnandi hafi verið ráðinn til að vera skipstjóri á skipinu á vetrarvertíðinni 1956. Og þar sem stefndu gegn eindregnum mótmælum stefnanda þykja ekki hafa fært sönnur að því, að stefnandi hafi átt kost á að vera skipstjóri á skipinu, eftir að komið var til landsins, ber hið stefnda hlutafélag fébótaábyrgð á tjóni stefnanda, sem hann kann að hafa orðið fyrir vegna vanefnda félagsins á samningi aðiljanna. Verður því sýknukrafa stefndu ekki til greina tekin.

Fjárkröfu sína í málinu miðar stefnandi við það, hver skipstjórahlutur sinn hefði orðið yfir alla vertíðina. Miðar hann við útgerð tveggja skipa, sem gerð voru út frá Keflavík, svo sem til stóð með v/b Sæfara. Annað þeirra skipa hafi verið í hærra lagi skipa, og hafi skipstjórahlutur þar verið kr. 59.410.80,

en hitt, sem hafi verið fyrir neðan meðallag, hafi verið með skipstjórahlut kr. 33.012.10. Tekur stefnandi meðaltal þessara tveggja skipa og reiknar skipstjórahlut sinn .... kr. 46.000.00
Af þeirri fjárhæð hefur stefnandi feng-
ið greitt hjá hinu stefnda félagi .. kr. 22.666.72
og unnið á tímabilinu frá 30. marz
til 11. maí 1956 fyrir ..... — 4.591.26 — 27.257.98

Mismunurinn kr. 18.742.02

er því krafa hans í málinu.

Varakröfu sína styðja stefndu þeim rökum, að stefnandi miði við of háan skipstjórahlut. Miðað við útgerð sex skipa frá Keflavík, sem stefndu hafa aflað upplýsinga um og fyrir liggja í málinu, hefur skipstjórahlutur að meðaltali verið kr. 36.892.62. Stefnandi hafi því ekki orðið fyrir meira tjóni, ef reiknað er með þeirri fjárhæð, en sem nemur kr. 9.634.64. Þar að auki hafi stefnandi unnið fyrir sjálfan sig á tímabili því, sem eftir var vertíðar, og beri að taka tillit til þess við ákvörðun bóta.

Nákvæm skýrsla liggur ekki fyrir um afla allra þeirra skipa, sem gerð voru út frá Keflavík á vetrarvertíðinni 1956, en þau voru alls um 40. Með tilliti til þess, sem að framan er rakið um aflahlut á þeim skipum, sem upplýsingar liggja fyrir um, framangreinds samkomulags, svo og þess, að stefnandi kvaðst hafa unnið að eigin húsbyggingu á því tímabili, sem eftir var vertíðarinnar, þykja bætur hans hæfilega ákveðnar kr. 12.000.00. Verður fiskveiðahlutafélagið Viðey h/f því dæmt til að greiða stefnanda þá fjárhæð ásamt vöxtum frá 1. júní 1956, eins og krafizt er.

Þá ber að viðurkenna sjóveðrétt stefnanda í v/b Sæfara, KE 52, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Eftir þessari niðurstöðu ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1650.00.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum Jónasi Jónassyni og Halldóri Gíslasyni, skipstjórum.

Dómsorð:

Stefndi, Fiskveiðihlutafélagið Viðey h/f, greiði stefnanda, Guðmundi Ibsen, kr. 12.000.00 með 6% ársvöxtum frá 1. júní 1956 til greiðsludags og kr. 1650.00 í málskostnað, og á stefnandi sjóveðrétt í v/b Sæfara, KE 52, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. janúar 1960.

Nr. 4/1960. **Kristján Guðjónsson**
gegn
Kristjáni Fjeldsted.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson, prófessor Ólafur Jóhannesson og Valdimar Stefánsson sakadómari.

Kærumál. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 14. júlí 1959, sem barst Hæstarétti 8. þ. m., eftir að hún hafði verið áréttuð 12. desember f. á., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar málskostnaðarákvæði dóms, sem upp var kveðinn á aukadómþingi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 7. júlí f. á., í máli varnaraðilja og Sesselju Fjeldsted gegn sóknaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kr. 25.170.00 í málskostnað og kærumálskostnað að mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst þess, að málskostnaðarákvæði héraðsdóms verði staðfest og að sóknaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Eftir atvikum þykir rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðilja málskostnað í héraði, kr. 8000.00.

Þá ber og varnaraðilja að greiða sóknaraðilja kærumálskostnað, kr. 1000.00.

Dómsorð:

Varnaraðili, Kristján Fjeldsted, greiði sóknaraðilja, Kristjáni Guðjónssyni, málskostnað í héraði, kr. 8000.00, og kærumálskostnað, kr. 1000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukaþings Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 7. júlí 1959.

Mál þetta er höfðað með stefnu, útgefinni 30. ágúst f. á., til staðfestingar á lögbanni, er fram fór 27. s. m., þingfest 30/9 f. á. og tekið til dóms 26. f. m.

Stefnendur, Kristján Fjeldsted í Ferjukoti og Sesselja Fjeldsted, frú í Borgarnesi, krefjast þess, að viðurkennt verði með dómi, að eigendum og ábúanda Ferjubakka II sé óheimil veiði í Hvítá af og við svonefnda Straumaklöpp (Neðri-Straumaklöpp) frá ósi Norðurár og Hvítár. Enn fremur að staðfest verði lögbann, sem lagt var við veiði stefnda í Hvítá af Straumaklöpp með lögbannsgerð 27/8 1958. Loks krefjast þeir málskostnaðar, þar með talinn lögbannskostnaður, eftir mati dómarans.

Stefndi, Kristján Guðjónsson, bóndi á Ferjubakka II, krefst þess, að öllum kröfum stefnenda verði hrundið og þar með, að lögbannið verði úr gildi numið. Jafnframt krefst hann þess, að viðurkenndur verði með dómi réttur hans til laxveiða í ármótum Norðurár og Hvítár á og við svonefnda Straumaklöpp (Neðri-Straumaklöpp) og niður í Straumana. Loks krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnenda.

Málavextir eru þessir:

Hinn 22. júní 1891 gerðu eigendur og umráðamenn jarðanna Ferjukots og Ferjubakka með sér samning um nytjar laxveiði í Hvítá fyrir sameiginlegu landi jarða þessara. Var í samningi þessum ákveðið, að Ferjubakki skyldi hafa alla veiði fyrir landi, frá landamerkjum þeirrar jarðar og Ölvaldsstaða, allt upp að Ferjukotssíki, en Ferjukot frá síkinu upp að Efri-Straumaklöpp (sú klöpp eigi meðtalin), en þó hafi Ferjubakki veiði við Neðri-Straumaklöpp.

Samningur þessi mun eigi hafa verið þinglesinn, fyrr en Sigurður Fjeldsted, þáverandi eigandi Ferjukots og Ferjubakka IV, Ferjubakka I (Trönu) og Ferjubakka III (Efstabæjar), með bréfi dags. 21/12 1921 sendi hann sýslumanni Mýra- og Borgarfjarðarsýslu til þinglesturs samkvæmt augl. dags. 26/7 1921.

Samningur þessi virðist hafa verið um afnotaskipti á laxveiði í Hvítá, sem á þeim tíma mun eingöngu hafa verið stunduð á þann hátt, að kláfalögnum var komið fyrir út frá klöppum við ána. Má telja líklegt, að hluti Ferjubakka hafi þótt of lítill við svæðaskiptinguna, og þeim bæjum því úthlutað einu lagnarstæði á lagnasvæði Ferjukots, þar sem áður hafði verið lögn (Maddömulögn) frá Ferjubakka.

Um skipti á lagnasvæðum milli Ferjubakkabæja hefur enginn samningur verið lagður fram í réttinum, en vitað er, að frá hverjum Ferjubakkabæjanna hefur um langan tíma, og allt til þessa dags, verið starfrækt ein lögn frá bökkum Hvítár neðan Ferjukotssíkis.

Um skipti á veiði í Norðurá milli Ferjukots og Ferjubakkanna er eigi annað upplýst en að með samningi, dags. 21/5 1957, er henni skipt á þann hátt, að eigendur Ferjukots og Ferjubakka I, II og III nytja hana til skiptis um vikutíma hver.

Upp úr 1910 virðist svo, að byrjað sé á því að veiða silung og lax á stöng í Hvítá, einkum neðan við ármót Norðurár, á þeim stað, er nefnist Straumar. Var veiði þessi að sjálfsögðu aðallega stunduð frá Ferjukoti, er þarna átti veiðisvæði, en eigi er upplýst, hvort þeir, er hana stunduðu, veiddu frá Neðri-Straumaklöpp, er allir Ferjubakkabæirnir áttu laxveiðirétt við samkvæmt samningnum frá 1891.

Um og eftir 1920 virðist laxveiði á stöng í Straumunum vera orðin veruleg, og árið 1924 leigir faðir stefnenda, Sigurður Fjeldsted í Ferjukoti, þeim Matthíasi Einarssyni, Sveini Björnssyni, Ólafi Johnsen, Sigfúsi Blöndahl og Þórði Edilonssyni laxveiði í Straumunum til 5 ára frá 10/7 1924, fyrir kr. 1500.00 á ári, og jafnframt leigir hann þeim veiðimannahús, er hann virðist hafa byggt þar um þetta leyti. Síðar leigir hann veiði þessa Englendingum, og ætíð síðan hafa Straumarnir verið leigðir sem sérstakur stangaveiðistaður.

Eigi er upplýst, að laxveiðilögn hafi verið starfrækt frá Ferjubökkunum við Neðri-Straumaklöpp eftir 1891. En er stangaveiði hófst í Straumunum á vegum eiganda Ferjukots, mun faðir stefnda, Guðjón Jónsson, bóndi á Ferjubakka II (Miðbær), hafa hreyft því við Sigurð Fjeldsted, að hann ætti einhvern rétt til laxveiði á þessu svæði. En þess má geta, að á þeim tíma mun Sigurður Fjeldsted hafa átt bæði Ferjubakka I og III.

Stefndi telur, og hefur leitt að því vitni, að síðan hann tók við búi á Ferjubakka II árið 1934, hafi hann sjálfur eða menn á hans vegum stundað veiði í Hvítá af Neðri-Straumaklöpp nokkra daga á hverju ári.

Stefnendur telja, að með óslitnum afnotum af lax- og silungsveiði í Straumunum, og þar með fyrir Neðri-Straumaklöpp, hafi eigandi Ferjukots öðlazt hefð á veiði af Straumaklöppinni í Hvítá samkvæmt 8. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 46/1905 um hefð. Telja þeir sig hafa sannað með framburði vitna, að laxveiði

þarna á vegum eiganda Ferjukots hafi hafizt um 1910 og haldizt óslitið til þessa dags, og þar sem hér sé um meira en 40 ára tímabil að ræða, nægi það til hefðar. Jafnframt mótmæla þeir því, að stefndi eða faðir hans hafi nokkru sinni á fyrrgreindu tímabili gert tilkall til veiða á þessum stað, og enn frekar að þeir, eða menn á þeirra vegum, hafi veitt þarna.

Stefndi mótmælir því, að stefnendur geti hefðað þann rétt, er Ferjubakkabændum var tryggður með samningnum frá 1891, því að í 8. gr. laga 46/1905 sé eigi ákvæði um, að veiðiréttur vinnist með hefð. En enda þótt svo yrði litið á, að veiðiréttur gæti unnizt með 40 ára hefð, mótmælir hann því, að stefnendur hafi fært sönnur á, að fullnægt væri skilyrðum um 40 ára óslitinn hefðartíma. Heldur hann því fram, að eigi geti verið um það að ræða, að hefðartími eiganda Ferjukots hefjist fyrr en 1924, og geti því eigi verið fullnaður 1958. Þá telur hann, að á því tímabili hafi hann eða menn á hans vegum stundað lax- og silungsveiði í Hvítá af Neðri-Straumaklöpp, og hafi hefðartíminn rofnað við þá notkun.

Rétturinn verður að líta svo á, að með samningnum á dómskjali 8 hafi Ferjubakkabæjunum verið tryggður sameiginlega afnotaréttur af laxveiði við Neðri-Straumaklöpp við Hvítá. Þenna veiðirétt hafa eigendur Ferjubakka II að vísu eigi notfært sér um langt árabil, og verður eigi talið sannað, að þeir eða menn á þeirra vegum hafi hafið stangaveiði þarna fyrr en árið 1938.

Hins vegar er sannað, að eigandi Ferjukots eða menn á hans vegum hóf stangaveiði í Straumunum um eða eftir 1910. Þó er eigi sannað, að þeir hafi þá veitt af Neðri-Straumaklöpp. Veiði þessi fór vaxandi, og árið 1924 leigir eigandi Ferjukots stangaveiði í Straumunum og þar með veiði af Neðri-Straumaklöpp. Má því telja, að á því ári hefjist hefðun á veiðirétti þar til handa eigendum Ferjukots, en sú hefðun rofnar við lögbannsgerð, er fram fór 27/8 1958, eða áður en 40 ára hefðartíminn er liðinn.

Stefndi hefur eigi sýnt fram á, að hann hafi beðið verulegan fjárhagslegan skaða við það, að lögbann var lagt við veiði hans af Straumaklöpp við Hvítá. Virðist hann á undanförnum árum hafa notað veiði þessa lítillega fyrir sjálfan sig og vini sína og kunningja og í fæstum tilfellum tekið leigu fyrir. Þá virðist og aflamagn hafa verið mjög lítið.

Samkvæmt framansögðu ber að fella úr gildi lögbann það, er lagt var 27/8 við því, að stefndi stundi lax- og silungsveiðar í Hvítá af svonefndri Straumaklöpp. Enn fremur ber að viður-

kenna rétt stefnda til laxveiði í ármótum Norðurár og Hvítár á og við Straumaklöpp.

Þá ber að gera stefnendum að greiða stefnda bætur fyrir tjón það, er lögbannið hefur bakað honum, en þar sem hann hefur ekki gert neina tilraun til að sýna fram á, hve miklu það nemi, getur þar aðeins verið um málamyndabætur að ræða, og virðast þær hæfilega ákveðnar kr. 100.00.

Loks ber að dæma stefnendur til að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst kr. 5000.00.

Dómsorð:

Lögbann það, sem var í fógetarétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hinn 27/8 1958 samkvæmt kröfum stefnenda, Kristjáns Fjeldsteds og Sesselju Fjeldsteds, lagt við því, að stefndi, Kristján Guðjónsson, stundi lax- og silungsveiði í Hvítá af svonefndri Straumaklöpp, er úr gildi fellt.

Viðurkenndur er réttur stefnda til laxveiði í ármótum Norðurár og Hvítár á og við Straumaklöpp.

Stefnendur greiði in solidum stefnda bætur fyrir tjón það, er lögbannið hefur bakað honum, að upphæð 100 — eitt hundrað — krónur.

Stefnendur greiði in solidum stefnda í málskostnað 5000 — fimm þúsund — krónur.

Dóminum ber að fullnægja innan 14 daga frá birtingu að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 3. febrúar 1960.

Nr. 85/1959. **Valdstjórnin** (Gunnar J. Möller hrl.)
gegn
Helga Guðjóni Guðmundssyni
(Kristján Guðlaugsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson, prófessor Theodór B. Líndal og Einar Arnalds borgardómari.

Svipting sjálfræðis. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Samkvæmt sakavottorði, sem lagt hefur verið fram hér fyrir dómi, hefur stefndi á árinu 1959 verið sektaður ellefu sinnum fyrir ölvun. Með þessari athugasemd ber að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum verður stefnda dæmt að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Stefndi, Helgi Guðjón Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Gunnars J. Möllers og Kristjáns Guðlaugssonar hæstaréttarlögmanna, kr. 2500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði
Þórðar Eyjólfssonar hæstaréttardómara og prófessors Theodórs B. Líndals.

Mál þetta er einkamál, sem sætir afbrigðilegri meðferð samkvæmt 4. tölulið 2. gr. laga nr. 27/1951 og lögum nr. 95/1947. Ákvæði 4. gr. laga nr. 27/1951 um héraðsdóm-

ara í opinberum málum taka því ekki til máls þessa, og ber slík mál í Reykjavík undir borgardómara samkvæmt 8. gr. laga nr. 95/1947, sbr. og 2. og 4. gr. laga nr. 65/1943. Samkvæmt þessu teljum við, að ómerkja beri hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá sakadóminum. En þar sem meiri hluti dómenda féllst ekki á ómerkingu dómsins, munum við samkvæmt 47. gr. laga um Hæstarétt nr. 112/1935 greiða atkvæði um efni málsins.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 26. febrúar 1959.

Ár 1959, fimmtudaginn 26. febrúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Guðm. Ingva Sigurðssyni, kveðinn upp dómur í sjálfræðissviptingarmálinu: Valdstjórnin gegn Helga Guðjóni Guðmundssyni, sem tekið var til dóms í gær.

Málið er höfðað gegn Helga Guðjóni Guðmundssyni, bifvélavirkja, heimilislausum, f. 4. júní 1898 á Rauðkollsstöðum í Eyjahreppi, til sviptingar sjálfræðis hans, svo og greiðslu málskostnaðar.

Með bréfi, dagsettu 8. maí 1957, fór faðir Helga Guðjóns, Guðmundur Benjamínsson, fyrrverandi bóndi á Grund í Kolbeinsstaðahreppi og þar til heimilis, þess á leit við sakadómarann í Reykjavík, að Helgi Guðjón yrði sviptur sjálfræði sakir ofdrykkju í því skyni að unnt yrði að vista hann á hæli til lækninga.

Málið var samdægurs tekið til rannsóknar í sakadómi Reykjavíkur. Þegar rannsókn málsins var komin á lokastig, var beiðnin um sjálfræðissviptinguna afturkölluð, enda fór Helgi Guðjón sjálfviljugur á drykkjumannahæli (Akurhól) í júní 1957. Málið lá niðri þar til haustið 1958, að faðir Helga Guðjóns endurnýjaði beiðni sína um sjálfræðissviptingu sonar síns með bréfi, dagsettu 23. september 1958.

Rannsókn málsins leiddi eftirfarandi í ljós:

Helgi Guðjón skildi við konu sína fyrir nokkrum árum. Þau hjón áttu saman 4 börn, sem öll eru nú af barnsaldri. Hann hefur lengi verið vínhneigður, og fer drykkjuskapur hans vaxandi. Hann hefur einu sinni gist drykkjumannahælið á Akurhóli, sem fyrr segir. Auk þess hefur hann dvalið á Bláa bandinu, hér í bæ, nokkrum sinnum sér til lækninga við drykkjufýsninni, en án árangurs. Árin 1956 og 1957 dvaldist hann fimm sinnum á Bláa bandinu, samtals 87 daga, og á Akurhól var hann frá 15. júní til

25. ágúst 1957. Lagt var fram vottorð Þórðar Möller, læknis á Kleppi, dagsett 3. júní 1957, og annað vottorð, dagsett 13. nóvember 1958. Eldra vottorðið hljóðar svo:

„Að gefnu tilefni vottast það, að Helgi Guðmundsson, f. 4/6 '98, síðast til heimilis að Vatnsnesveg 34, Keflavík, hefur dvalizt sem sjúklingur hér í Hjúkrunarstöð Bláa Bandsins í fimm skipti, síðan hún tók til starfa, um lengri eða skemmri tíma. Að því er séð verður á dagbókum, virðist hann vera alkóhólisti á mjög háu stigi og mikil þörf á því, ef hægt væri, að gera hinar ýtrustu tilraunir til þess að fá úr því bætt, jafnvel þó það yrði að kosta hann lögræðissviptingu, sé ekki annars úrkosta".

Yngra vottorðið er á þessa lund:

„Helgi Guðmundsson, f. 4/6 '98, bifvélavirki, hefur undanfarin ár verið drykkjusjúklingur á háu stigi. Hefur hann verið margoft á Bláa Bandinu undanfarin ár og tvívegis farið þaðan án leyfis. Hann hefur verið í Gunnarsholti, en ekki tollað þar nema takmarkaðan tíma í senn og yfirleitt aldrei enzt til þess að gera neinar róttækar aðgerðir.

Virðist full ástæða til þess að grípa til hinna róttækustu ráðstafana, ef unnt yrði á þann hátt að bjarga honum úr þessum vesaldómi."

Helgi Guðjón virðist hafa unnið af og til þrátt fyrir drykkjuskapinn, en heldur stopult. Lögð voru fram skattframtöl hans árin 1957 og 1958. Samkvæmt þeim voru tekjur hans árið 1956 kr. 12.885.00 og árið 1957 kr. 13.983.00. Lögreglan hefur margsinnis þurft að hafa afskipti af Helga Guðjóni sakir ölvunar hans. Þannig hefur hann árin 1920 — en þá fær hann fyrst sekt fyrir ölvun á almannafæri — til 1958 hlotið 43 sinnum ölvunarsektir, frá kr. 25.00 til kr. 500.00 hvert sinn. Auk þess hefur lögreglan þurft að hafa miklu oftar afskipti af honum vegna ölvunar hans, þótt ekki hafi það leitt til sekta.

Helgi Guðjón hefur einu sinni þurft að leita á náðir hins opinbera um framfærslustyrk, kr. 1000.00, sem hann fékk í nóvembermánuði s.l., til að greiða húsaleigu og framfæra sig í nokkra daga, að því er hermir í vottorði framfærslufulltrúa Reykjavíkurbæjar, dagsettu 13. nóvember 1958.

Helgi Guðjón mótmælti sjálfræðissviptingarbeiðninni. Hann kvaðst að vísu vera drykkjumaður, en hann lægi ekki upp á öðrum um framfæri sitt.

Með skírskotun til þess, sem rakið er hér að framan, er það sannað, að Helgi Guðjón sé ofdrykkjumaður, sem af þeim sökum

hafi raskað þráfaldlega opinberum hagsmunum og hafi orðið að leita á náðir hins opinbera um framfærslustyrk. Það ber því að taka framkomna kröfu um sjálfræðissviptingu til greina samkvæmt 3. tl. 5. gr. laga nr. 95/1947 um lögræði og svipta Helga Guðjón sjálfræði sínu.

Samkvæmt þessu ber að ákveða, að Helgi Guðjón greiði allan kostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Guðlaugssonar hrl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 1000.00.

Dómsorð:

Helgi Guðjón Guðmundsson bifvélavirki, heimilislaus, f. 4. júní 1898 á Rauðkollsstöðum í Eyjahreppi, er sviptur sjálfræði sínu. Hann greiði allan málskostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Guðlaugssonar hrl., að fjárhæð kr. 1000.00.

Þriðjudaginn 9. febrúar 1960.

Nr. 78/1959. **Samtrygging íslenzkra botnvörpunga**
(Sveinbjörn Dagfinnsson hdl.)
gegn
Íslenzkum endurtryggingum
(Gísli Ísleifsson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ármann Snævarr.

Greiðsla með erlendri mynt. Deilt um gengi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. maí 1959. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum £ 10-15-3 ásamt 6% ársvöxtum frá 4. nóvember 1958 til greiðsludags og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og máls-

kostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Krafa sú, sem mál þetta er risið af, stafar af viðgerð á togara, sem tryggður var hjá áfrýjanda. Fór viðgerðin fram hér á landi, og var viðgerðarkostnaður greiddur í íslenzku fé. Áfrýjandi hefur einnig greitt viðgerðarkröfu vátryggðs í íslenzkum peningum. Stefndi hefur greitt áfrýjanda greinda viðgerðarkröfu í enskri mynt, svo sem honum bar samkvæmt munnlegu samkomulagi milli aðilja. Eins og rakið er í héraðsdómi, hvílir skylda á áfrýjanda um að skila þannig fengnum gjaldeyri til íslenzkra banka, en þó svo, að honum er frjálst að ráðstafa nokkrum hluta af gjaldeyri sínum til sérstakra nota sinna. Glöggt er af gögnum málsins, að framkvæmd laga nr. 33/1958 hefur orðið á þá leið, að vátryggingarfélög, sem skila bönkum erlendum gjaldeyri hér á landi, fá hann greiddan með 55% álagi. Kemur þetta og fram í bréfi fjármálaráðuneytisins frá 13. júní 1958, sem getið er í héraðsdómi, sbr. og ákvæði 28. gr. laga nr. 33/1958. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Samtrygging íslenzkra botnvörpunga, greiði stefnda, Íslenzkum endurtryggingum, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Samkvæmt vátryggingarskírteini 1. október 1957 tryggði áfrýjandi b/v Egil Skallagrímsson, skrokk og vélar, fyrir £ 112.000-0-0 og greiðslur og vistir fyrir 28.000-0-0. Aðiljar eru ásáttir um, að stefndi endurtryggi samkvæmt samningi

fyrir áfrýjanda 10% af frumtryggingum hans, að allar tryggingar og iðgjaldagreiðslur milli aðilja út af vátryggingunni séu í sterlingspundum og að kröfur þeirra á milli vegna hennar hafi verið gerðar í þeim eyri.

B/v Egill Skallagrímsson varð fyrir tjóni í maí 1958. Fór viðgerð fram á honum hér á landi í júní s. á. Nam viðgerðarkostnaður kr. 13.956.40. Áfrýjandi endurkrafði stefnda um £ 30-6-8, þ. e. $\frac{1}{10}$ viðgerðarkostnaðar að frádregnum 1%, myntbreytt í sterlingspund með gengi kr. 45.55 fyrir hvert sterlingspund. Stefndi greiddi einungis £ 19-11-5, þar sem hann telur, að gengi sterlingspunds hvers sé kr. 70.6025 í viðskiptum þessum, er farið hafi fram eftir gildistöku laga nr. 33/1958. Á þessa skoðun fellst áfrýjandi eigi og sækir því stefnda til greiðslu mismunarins, £ 10-15-3 ásamt vöxtum.

Áfrýjandi, frumtryggjandi b/v Egils Skallagrímssonar, er íslenzkt félag. Stefndi, endurtryggjandinn, er einnig íslenzkt félag. Viðgerð sú, sem hinn umdeildi kostnaður er af sprottinn, fór fram á Íslandi og var greidd þeim, er viðgerð framkvæmdi, í íslenzkum eyri. Aðiljar lúka allt að einu öllum sínum skiptum út af vátryggingunni, og þá einnig viðgerð þessari, í sterlingspundum. Er það eðlilegastur skilningur á íslenzkri löggjöf, að þeim sé slíkt heimilt. Áfrýjandi miðar í því sambandi við grundvallargengið samkvæmt lögum nr. 22/1950, kr. 45.55 fyrir hvert sterlingspund. Stefndi telur, að útflutningssjóður samkvæmt lögum nr. 33/1958 eigi að taka þátt í viðgerðarkostnaðinum og því skuli reikna sterlingspundið í viðskiptum aðilja á kr. 70.6025.

Í 22. gr., 1. mgr., laga nr. 33/1958 segir, að greiða skuli úr útflutningssjóði yfirfærslubætur á greiðslur frá útlöndum, nema þær sem eru sérstaklega undanskildar, en samkvæmt 3. mgr. 22. gr. skal eigi greiða yfirfærslubætur á greiðslur, sem erlendir aðiljar inna af hendi til lúkningar skuldbindingum í íslenzkum krónum, er stafa af öðru en vörusölu til útlanda, nema um ferða- og dvalarkostnað erlendra manna hér á landi sé að tefla.

Endurgreiðsla stefnda til áfrýjanda á hluta af viðgerðarkostnaði b/v Egils Skallagrímssonar verður eigi talin greiðsla

frá útlöndum í skilningi 1. mgr. 22. gr. laganna, þótt innt sé af hendi í sterlingspundum, þar sem aðiljar eru íslenzkir og viðgerðin fór fram á Íslandi, en vegna væntanlegrar framtryggingar stefnda erlendis er rétt að geta þess, að erlent vátryggingarfélag, sem innti af hendi tryggingu vegna viðgerðar á skipi á Íslandi, ætti samkvæmt 3. mgr. 22. gr., sem rakin var, eigi heimtingu á þátttöku útflutningssjóðs í þeirri greiðslu.

Samkvæmt því, sem talið var, ber í viðskiptum aðilja að miða við grundvallargengi sterlingspundsins eftir lögum nr. 22/1950, þ. e. að eitt sterlingspund jafngildi kr. 45.55.

Er þannig rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda £ 10-15-3 ásamt 6% ársvöxtum frá 4. nóvember 1958 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 3500.00.

Dómsorð:

Stefndi, Íslenzkar endurtryggingar, greiði áfrýjanda, Samtryggingum íslenzkra botnvörpunga, £ 10-15-3 ásamt 6% ársvöxtum frá 4. nóvember 1958 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. febrúar 1959.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 28. f. m., hefur Samtrygging íslenzkra botnvörpunga, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 4. nóvember s.l. á hendur Íslenzkum endurtryggingum, Reykjavík, til greiðslu á £ 10-15-3 ásamt 6% ársvöxtum frá 4. nóvember 1958 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu svo og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Tildrög málsins eru þau, að samkvæmt samningi endurtryggir stefndi fyrir stefnanda 10% af frumtryggingum hans. Allar tryggingar og iðgjaldagreiðslur milli aðilja eru í sterlingspundum, og hafa kröfur þeirra á milli jafnan verið gerðar upp í þeirri mynt.

Í september s.l. sendi stefnandi til innheimtu hjá stefnda tjónskröfur, samtals að fjárhæð £ 452-0-3, þar á meðal vegna tjóns

á b/v Agli Skallagrímssyni frá 3. maí 1958, sem gert var við hér á landi í byrjun júnímánuðar s. á. Nam sá viðgerðarkostnaður samtals kr. 13.956.40, og krafði stefnandi um 10% af þeirri fjárhæð að frádregnum 1%, eða kr. 1381.68. Krafði hann greiðslu í sterlingspundum og reiknaði með gengi kr. 45.55 fyrir hvert sterlingspund, eða alls vegna þessa tjóns £ 30-6-8. Stefndi taldi hins vegar, að honum bæri aðeins að greiða þessa kröfu með £ 19-11-5, þar sem gert hafði verið við tjónið eftir gildistöku laga nr. 33 frá 29. maí 1958 um útflutningssjóð o. fl., og miðar hann þá við, að raunverulegt verð á sterlingspundi í þeim viðskiptum, sem hér greinir, sé kr. 70.6025. Nemur stefnukrafan mismuninum á þessum tveimur upphæðum.

Aðilja greinir ekki á um upphæð tjónskröfunnar, gjalddaga hennar né heldur það, að hún skuli gerð upp í sterlingspundum. Í máli þessu er einungis um það deilt, hvað sé hið raunverulega kaupgengi íslenzku krónunnar miðað við sterlingspund í þeim viðskiptum, sem hér áttu sér stað, eftir að lög nr. 33 frá 29. maí 1958 tóku gildi.

Til stuðnings þeirri kröfu sinni, að stefnda sé skylt að reikna með gengi kr. 45.55 miðað við sterlingspund, bendir stefnandi á, að lög nr. 33 frá 29. maí 1958 feli ekki í sér neinar breytingar á lögum nr. 22 frá 19. marz 1950 um gengisskráningu o. fl., enda sé gengi íslenzku krónunnar enn óbreytt og skráð það sama í bönkum og ákveðið var með lögunum frá 1950. Í lögunum frá 1958 felist því ekki gengisbreyting, heldur skattheimta af tilteknum gjaldeyrisviðskiptum, sem síðan renni í ákveðinn sjóð.

Hefur stefnandi haldið því fram, að með því að umreikna tjónið á kaupgengi kr. 70.6025 sé stefndi í raun réttri að leggja hluta tjónsins á herðar útflutningssjóðs, og sé þó réttur stefnanda til bóta samkvæmt 22. gr. laganna frá 1958 algerlega óviss á þeim tíma, sem tjónsuppgjörið milli stefnanda og stefnda fer fram, og því atviki háður, hvort stefnandi selur pundin í banka.

Stefndi styður hins vegar sýknukröfu sína aðallega þeim rökum, að með lögunum nr. 33 frá 29. maí 1958 hafi orðið breyting á verðmæti íslenzkrar krónu gagnvart sterlingspundi í viðskiptum, sem hér um ræðir, enda þótt ákvæðum laganna frá 1950 hafi ekki verið breytt, enda haldist gengi það, sem þar er ákveðið, enn í vissum samböndum. Styðst þessi skoðun stefnda við bréf fjármálaráðuneytisins frá 13. júní 1958, þar sem segir, að öll viðskipti milli íslenzkra og erlendra vátryggingarfélaga

fari fram eins og kaupgengi íslenzku krónunnar væri kr. 70.6025 á móti hverju sterlingspundi, eftir að lög nr. 33 frá 29. maí 1958 tóku gildi.

Þá bendir stefndi og á ákvæði 39. gr. laga nr. 20 frá 8. marz 1954 um vátryggingarsamninga, þar sem skýrt sé tekið fram, að félagi sé óskylt, þótt umsamið sé á annan veg, að greiða hærri bætur en með þarf til að bæta tjón það, sem orðið hafi, en með því að umreikna tjónskröfu úr íslenzkum krónum í sterlingspund á gengi kr. 45.55 hljóti gagnaðili hagnað, þar sem raunverulegt söluverðmæti sterlingspundsins sé kr. 70.6025.

Við munnlegan flutning málsins hreyfði stefnandi því, að stefndi hefði „gengið inn í" endurtryggingarsamning þann, sem stefndi hafði gert við Lloyds í London, en sú stofnun hefði umreiknað pundin í þessu tilviki á gengi kr. 45.55. Væri stefndi því skuldbundinn til að framkvæma samninginn á sama hátt. Af hálfu stefnda var þessu mótmælt. Kveðst hann einungis hafa tekið að sér að greiða 10% af því tjóni vátryggða, sem bótaskylt væri samkvæmt vátryggingarskilmálunum, og vera óbundinn af aðgerðum aðalendurtryggjenda, Lloyds í London. Stefnandi hefur ekki hnekkt þessu, og verður þessi málsástæða því ekki tekin til greina.

Verðmæti íslenzkrar krónu gagnvart erlendri mynt er ákveðið með lögum nr. 22 frá 19. marz 1950. Með lögum nr. 33 frá 29. maí 1958 er þeim ákvæðum ekki beinlínis haggað, þannig að skráð gengi helzt enn óbreytt, en hins vegar er með ákvæðum 21. gr. þeirra laga heimt gjald til útflutningssjóðs af öllum yfirfærslum erlendis til, ýmist 30% eða 55% eftir því um hvers konar viðskipti er að tefla. Á sama hátt eru samkvæmt ákvæðum 22. gr. greiddar yfirfærslubætur úr útflutningssjóði á greiðslur frá útlöndum, og eru þær bætur ákveðnar jafnháar þeim gjöldum, sem innheimt eru vegna sams konar viðskipta. Frá þessum meginreglum eru þó fáeinar undantekningar, sbr. 29. gr. laganna, þannig að í vissum tilvikum helzt kaupmáttur krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri óbreyttur frá því, sem ákveðið var með lögunum frá 1950.

Eins og að framan er rakið, fara allar greiðslur samkvæmt lögunum frá 1958 fram á vegum útflutningssjóðs, og er ekki um það deilt í máli þessu, að gjaldeyrisviðskipti íslenzks vátryggingarfélags við hérlenda banka falla undir C-lið 21. gr., þ. e. skuli innheimtast með 55% yfirfærslugjaldi, ef um kaup á erlendum gjaldeyri er að ræða, en greiðast með jafnháum bótum

samkvæmt 22. gr., ef um sölu er að ræða. Sú röksemd stefnanda, að aðgerðir stefnda leiði til þess, að úflutningssjóður verði hluttakandi í tjóninu, fær því eigi staðizt, enda er þáttur sjóðsins vegna þeirra viðskipta aðeins sá, að greiða lögákveðnar bætur á sama hátt og hann innheimtir lögákveðin gjöld vegna gjaldeyrisverzlunar.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 88 frá 24. desember 1953 um skipun innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., er öllum hérlendum aðiljum skylt að selja Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands allan þann erlenda gjaldeyri, er þeir eiga eða eignast. Í samræmi við ákvæði 15. gr. reglugerðar nr. 212 frá 28. desember 1953 mun það þó hafa tíðkazt að veita tryggingarfélögum nokkurn ráðstöfunarrétt með erlendan gjaldeyri, en aðeins í þeim tilgangi, sem þar er greindur. Sú fullyrðing stefnanda, að réttur hans til bóta úr útflutningssjóði sé óviss á þeim tíma, er uppgjör á tjónskröfunni milli hans og stefnda fer fram, hefur því ekki við rök að styðjast. Annað tveggja hlýtur stefnandi að selja sterlingspundin í banka samkvæmt fyrrnefndri lagaskyldu, eða hann notar þau til greiðslu tryggingarkostnaðar, en sparar sér þá jafnframt kaup á gjaldeyri í banka ásamt greiðslu yfirfærslugjalds.

Lögin nr. 33 frá 1958 fela ekki í sér beina breytingu á lögunum nr. 22 frá 1950 um gengisskráningu, enda er gengi íslenzku krónunnar enn skráð óbreytt samkvæmt ákvæðum þeirra laga. Eins og áður var rakið, þá eru hins vegar með lögunum frá 1958 ákveðnar greiðslur á vegum útflutningssjóðs vegna gjaldeyrisverzlunar, mismunandi háar eftir því, um hvers konar viðskipti er að ræða. Að lögum er því verðmætishlutfall krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri ákvarðað á þrjá mismunandi vegu, og raunverulegt verðmæti hvers sterlingspunds í viðskiptum, sem hér greinir, er ótvírætt kr. 70.6025, þ. e. það verð, er fengizt fyrir sterlingspundið í hérlendum banka.

Þá er og á það að líta, eins og stefndi hefur bent á, að verði tjónskrafa í íslenzkum krónum umreiknuð í sterlingspund á gengi kr. 45.55, fær stefnandi, ef hann selur pundin í banka, hærri fjárhæð í íslenzkum krónum en bótaskylda tjónshæðin var. Nemur sá mismunur yfirfærslubótunum. Sama mundi verða uppi á teningnum, ef stefnandi skilar tjónskröfunni í sterlingspundum til tryggingartaka, nema þá er honum (tryggingartaka) sköpuð aðstaða til hagnaðar, sem samrýmist ekki ákvæðum 39. gr. laga nr. 20 frá 8. marz 1954 um vátryggingarsamninga. Þau lög

taka að vísu ekki til endurtrygginga, en hins vegar þykir mega beita ákvæðum 39. gr. þeirra per analogiam um það tilvik, sem hér er til úrlausnar, enda er það grundvallarregla íslenzks réttar um vátryggingarstarfsemi, að tjónþola beri aldrei hærri bætur en raunverulegt tjón hans nam, og að sama skapi beri endurtryggjanda eigi að greiða hærri fjárhæð en sem svarar hluta hans af bótaskyldu tjóni. Með hliðsjón af þessu, svo og því, sem fyrr var rakið, þykir verða að fallast á það með stefnda, að honum hafi verið heimilt að umreikna tjónskröfuna úr íslenzkum krónum í sterlingspund á gengi kr. 70.6025. Ber því að taka sýknukröfu stefnda til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Íslenzkar endurtryggingar, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Samtryggingar íslenzkra botnvörpunga.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 12. febrúar 1960.

Nr. 118/1958. **Jóhann Gunnar Ólafsson, uppboðshaldari í Ísafjarðarsýslu** (Árni Guðjónsson hdl.)

gegn

Helga Benediktssyni og Guðmundi H. Oddssyni

(Þorvaldur Lúðvíksson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ármann Snævarr.

Innheimta uppboðsskuldar.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógeta í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Mál þetta var höfðað í héraði af Jóhanni Gunnari Ólafssyni, uppboðshaldara og skiptaráðanda í Ísafjarðarsýslu f. h.

þrotabús Örvar-Odds h/f. Það athugast, að samkvæmt auglýsingu, dags. 20. desember 1955, er birt var í Lögbirtingablaði 31. s. m., var skiptum á þrotabúi Örvar-Odds h/f lokið hinn 19. desember 1955. Samkvæmt málflutningi hafa skipti á búinu ekki verið tekin upp aftur. Getur búið því ekki verið aðili máls þessa, en rétt er að leggja þann skilning í málshöfðunina, að málið sé sótt af Jóhanni Gunnari Ólafssyni, uppboðshaldara í Ísafjarðarsýslu, til innheimtu uppboðsandvirðis.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar, að því er varðar alla hina stefndu í héraði, með stefnu 22. ágúst 1958, og hefur hann fengið gjafsókn hér fyrir dómi. Í þinghaldi hinn 18. desember 1959 var málið fellt niður, að því er snertir málsaðiljann Samvinnutryggingar.

Það er *aðalkrafa* áfrýjanda, að stefndu verði in solidum dæmt að greiða honum kr. 55.119.64 ásamt 6% ársvöxtum frá 19. desember 1955 til greiðsludags. *Til vara* krefst hann þess, að stefndu verði gert að greiða nefnda fjárhæð pro rata, þannig að stefndi Helgi Benediktsson greiði ¾ hluta hennar, en stefndi Guðmundur H. Oddsson ¼ hluta. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms, að því er þá varðar, og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Þegar nauðungaruppboð á v/s Oddi, ÍS 205, fór fram hinn 7. júlí 1950 samkvæmt ákvörðun skiptaréttar í þrotabúi Örvar-Odds h/f, bauð stefndi Helgi Benediktsson kr. 805.000.00 í skipið. Samþykkti uppboðshaldarinn boð hans með símskeyti 13. s. m. Samkvæmt gögnum málsins gekk stefndi Guðmundur H. Oddsson inn í boðið með stefnda Helga, og var uppboðsafsal gefið þeim til handa hinn 19. júlí 1950, þannig að stefndi Helgi yrði eigandi skipsins að ¾ hlutum, en stefndi Guðmundur að ¼ hluta. Í máli þessu eru stefndu sóttir til greiðslu eftirstöðva uppboðsandvirðisins, og hefur því í málflutningi ekki verið sérstaklega andmælt af hálfu stefnda

Guðmundar, að hann beri ábyrgð á greiðslunni in solidum með stefnda Helga, ef á annað borð er um skuld að ræða.

Samkvæmt uppboðsskilmálum bar stefndu að greiða auk uppboðsverðs allan kostnað uppboðsins og öll ólokin gjöld og skatta, sem á skipinu hvíldu. Eru þau gjöld að fullu greidd, og verður ekki dæmt um þau í þessu máli. Deiluefni milli aðilja er í fyrsta lagi það, hvort uppboðsverðið sjálft, kr. 805.000.00, sé að fullu greitt, og í öðru lagi, þó að eitthvað kunni á fulla greiðslu að bresta, hvort krafa uppboðshaldara á hendur stefndu um frekari greiðslu sé niður fallin.

Á uppboðsþinginu 7. júlí 1950 gerði uppboðshaldari grein fyrir veðböndum og höftum á skipinu, sem kunnugt var um. Samkvæmt skrá, er lögð var fram í uppboðsrétti 13. s. m., voru veðkröfur þessar samkvæmt áætlun:

1.	Sjóveðréttar- og haldsréttarkröfur	kr.	224.715.49
2.	Lán Fiskveiðasjóðs Íslands, tryggt með 1. veðrétti	—	300.000.00
3.	Krafa Boston Deep Sea Fishing and Ice Company, er framseld hafði verið stefndu, tryggð með 2. veðr., £ 4.100-0-0	—	187.370.00
4.	Lán Styrktar- og lánasjóðs fiskiskipa, tryggð með 3. veðrétti	—	95.000.00
		Kr.	807.085.49
5.	Auk þess var á uppboðsþingi 7. júlí lýst kröfu stefnda Guðmundar, tryggðri með 4. veðrétti	—	75.000.00
		Alls kr.	882.085.49

Ganga mátti að því vísu, að framangreindar fjárhæðir mundu eitthvað breytast, er þær væru gerðar upp að fullu. Einkum gat það átt við um sjóveðréttar- og haldsréttarkröfur, enda hafði réttmæti þeirra þá ekki enn verið kannað. Komu og fram mótmæli þegar á uppboðinu gegn sumum sjóveðréttarkröfunum, þar á meðal kröfu stefnda Guðmundar, að fjárhæð kr. 89.141.99, en hún var ein þeirra krafna,

sem 1. töluliður hér að framan tekur til. Fór síðan fram málflutningur fyrir skiptarétti Ísafjarðarsýslu um gildi þeirrar kröfu, þar sem stefndu héldu uppi vörnum. Dróst það mál mjög á langinn, en lauk með úrskurði skiptaréttarins, er upp var kveðinn hinn 20. maí 1955, og hefur honum ekki verið áfrýjað. Urðu úrslit þau, að sjóveðréttur var aðeins viðurkenndur fyrir kr. 2.530.46 af greindri kröfu.

Samkvæmt úthlutunargerð í þrotabúi Örvar-Odds h/f og öðrum gögnum málsins hafa stefndu ýmist tekið undir sjálfum sér, tekið að sér að greiða veðhöfum með samþykki þeirra eða greitt uppboðshaldara eftirtaldar fjárhæðir:

1.	Tekið að sér að greiða 1. veðréttar lánið ..	kr. 300.000.00
2.	Tekið undir sjálfum sér 2. veðréttar kröfuna	— 198.612.20
3.	Tekið að sér 3. veðréttar kröfuna	— 97.559.68
4.	Tekið undir sjálfum sér hluta af 4. veðréttar kröfunni	— 10.257.05
5.	Tekið undir sjálfum sér sjóveðskröfu stefnda Guðmundar	— 2.530.46
6.	Greitt uppboðshaldara hinn 20. júlí 1950 kr. 122.737.36, að frádregnum uppboðskostnaði, kr. 56.056.51	— 66.680.85
7.	Greitt af tryggingarfé	— 76.240.12
		Kr. 751.880.36

Þegar þessi fjárhæð er dregin frá uppboðsverðinu, kr. 805.000.00, kemur fram hin umdeilda krafa, kr. 53.119.64.

Af hendi stefndu hefur ekki komið fram, að þeir hafi gert frekari skil á uppboðsverðinu en að framan er rakið. Verður því að leggja til grundvallar, að enn sé ógreitt af uppboðsverðinu kr. 53.119.64. Koma þá til athugunar þær málsástæður stefndu, að áfrýjandi hafi fyrirgert rétti til að krefjast frekari greiðslu úr hendi þeirra en þegar hefur verið innt af hendi.

Stefndu telja kröfu áfrýjanda ekki geta samrýmzt því, að þeim var veitt skilyrðislaust afsal fyrir v/s Oddi, IS 205, hinn 19. júlí 1950, þar sem því er lýst, að stefndi Helgi

hafi greitt kaupverðið, tekið að sér að greiða þar greindar veðskuldir, greitt kostnað við uppboðið og greitt og tryggt greiðslu á kröfum þeim, sem lýst var við uppboðið. Þá hafi og uppboðshaldari, er hann samþykkti boð stefnda Helga með símskeyti til hans hinn 13. júlí 1950, jafnframt tekið fram, að á uppboðinu hafi legið fyrir nákvæmar upplýsingar um áhvílandi sjóveðskröfur og aðrar veðkröfur, og því vafalaust, hve boð þyrfti að verða hátt, svo að hægt væri að neyta útlagningarréttar. Telja stefndu, að samkvæmt þessu hafi þeir mátt treysta því, að við greiðslu uppboðsverðsins mundu þeir taka undir sjálfum sér sjóveðskröfu stefnda Guðmundar, kr. 89.141.99, með fullri upphæð.

Að því er varðar orðalag uppboðsafsalsins, þá er því að vísu lýst þar, að stefndi Helgi hafi tryggt greiðslu á kröfum þeim, sem lýst var við uppboðið. Nú hefur hins vegar komið í ljós, að uppboðshaldari tók hvergi nærri nægja tryggingu, og á málssókn sú, sem hér liggur fyrir, rætur til þess að rekja. En þó að uppboðshaldara hafi sézt yfir að krefjast nægrar tryggingar, þá á það ekki að leiða til þess, að stefndu losni við að greiða þann hluta uppboðsverðsins, sem tryggingin náði ekki til. Og ekki gat orðalag framangreinds símskeytis heldur gefið þeim nægja ástæðu til að ætla, að uppboðshaldari hefði tekið umrædda sjóveðskröfu stefnda Guðmundar gilda, þar sem þeir vissu, að henni hafði verið mótmælt á uppboðsþinginu 7. júlí 1950 og að vafi var því um réttmæti hennar.

Í öðru lagi halda stefndu því fram, að áfrýjandi hafi með tómlæti um kröfugerð á hendur þeim firrt sig rétti til frekari greiðslu úr hendi þeirra. Þeir hafi ekki verið krafðir um eftirstöðvar uppboðsverðsins fyrr en með bréfi áfrýjanda, dags. 21. desember 1955, en þá hafi næstum hálft sjötta ár verið liðið frá útgáfudegi uppboðsafsals.

Dráttur sá, sem á því varð, að unnt væri að gera endanleg reikningsskil út af uppboðinu, stafaði af óvissu um gildi oftnefndrar kröfu stefnda Guðmundar, er lýst hafði verið sem sjóveðskröfu, svo sem fyrr var getið. Undir úrlausn þess máls var komið, hvort eða hversu mikið stefndu kynnu

að eiga ógreitt af uppboðsverðinu. Nú stóð málflutningur um nefnda sjóveðskröfu yfir í skiptarétti Ísafjarðarsýslu fram til vors 1955, og voru stefndu aðiljar að þeirri deilu og máttu því vita, af hverju drátturinn stafaði. Verður krafa áfrýjanda því ekki talin niður fallin vegna tómlætis hans.

Samkvæmt framansögðu verða andmæli stefndu gegn kröfu áfrýjanda ekki tekin til greina. Ber stefndu því að greiða in solidum áfrýjanda kr. 53.119.64 ásamt 6% ársvöxtum frá 19. desember 1955 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um málflutningslaun talsmanns áfrýjanda í héraði, Friðþjófs G. Johnsens héraðsdómslögmanns, kr. 6000.00. Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Árna Guðjónssonar héraðsdómslögmanns, sem ákveðast kr. 7000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Stefndu, Helgi Benediktsson og Guðmundur H. Oddsson, greiði in solidum áfrýjanda, Jóhanni Gunnari Ólafssyni, uppboðshaldara í Ísafjarðarsýslu, kr. 53.119.64 ásamt 6% ársvöxtum frá 19. desember 1955 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður. Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda í héraði, Friðþjófs G. Johnsens héraðsdómslögmanns, kr. 6000.00, og málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Árna Guðjónssonar héraðsdómslögmanns, kr. 7000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 7. júlí 1958.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 27. f. m., er höfðað fyrir

bæjarþingi Vestmannaeyja af Jóhanni Gunnari Ólafssyni, uppboðshaldara og skiptaráðanda í Ísafjarðarsýslu f. h. þrotabús Örvar-Odds h.f. á Flateyri, með stefnu, útgefinni 21. desember 1956, birtri 22. og 31. desember 1956, á hendur Helga Benediktssyni kaupmanni, Heiðarvegi 20 í Vestmannaeyjum, og Guðmundi H. Oddssyni skipstjóra, Drápuhlíð 42, Reykjavík, til greiðslu in solidum, en til vara pro rata, á skuld að upphæð kr. 53.119.69 ásamt 6% ársvöxtum frá 19. desember 1955 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu. Enn fremur krafðist hann viðurkenningar lögveðréttar fyrir kröfunum í v/s Oddi, V E 353.

Um sumarið 1957 strandaði v/s Oddur, V E 353, á Rifjarskerjum í Reyðarfirði og var síðan dæmdur óbætandi. Skipið var tryggt hjá Samvinnutryggingum í Reykjavík, og höfðaði stefnandi því sakaukamál með stefnu, útgefinni 9. desember 1957, birtri 10. s. m., á hendur Jóni Ólafssyni forstjóra f. h. Samvinnutrygginga, Sambandshúsinu, Reykjavík, og krafðist þess, að Samvinnutryggingar yrðu dæmdar til að greiða stefnukröfurnar af vátryggingarverði skipsins og málskostnað að skaðlausu.

Hinn 29. október 1957 veitti dómsmálaráðherra stefnanda gjafsókn í málinu fyrir héraðsdómi.

Í lok málsins voru réttarkröfur stefnanda á þá leið, að aðalstefndu verði in solidum, en til vara pro rata, dæmdir til að greiða honum kr. 53.119.64 auk 6% ársvaxta frá 19. desember 1955 til greiðsludags og að málskostnaður yrði tildæmdur honum, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, og viðurkennd verði með dómi skylda Samvinnutrygginga til að greiða stefnukröfurnar af vátryggingarfé v/s Odds, V E 353, og enn fremur að Samvinnutryggingar verði dæmdar til að greiða málskostnað, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Aðalstefndu létu mæta í málinu og gerðu þær dómkröfur, að þeir yrðu algerlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim yrði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnanda eftir mati dómara.

Mætt var einnig af hálfu Samvinnutrygginga og þær kröfur gerðar, að þær yrðu algerlega sýknaðar af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi hans eftir mati réttarins.

Með úrskurði, uppkveðnum 25. maí 1950 í skiptarétti Ísafjarðarsýslu, var hlutafélagið Örvar-Oddur á Flateyri tekið til gjaldþrotaskiptameðferðar. Eina eign félagsins reyndist vera vélskipið Oddur, Í S 205, og ákvað skiptarétturinn að selja það á opin-

beru uppboði. Uppboðið fór fram hinn 7. júlí 1950 í bátahöfninni á Ísafirði. Samkvæmt veðbókarvottorði, er uppboðshaldari lagði fram, hvíldu þrjú þinglesin veð á skipinu, og verður þeirra getið síðar. Allmörgum sjóveðs-, lögveðs- og haldsréttarkröfum var lýst á uppboðinu, og námu þær samtals um 220 þús. króna. Meðal þeirra var sjóveðskrafa frá stefnda, Guðmundi H. Oddssyni, að fjárhæð kr. 85.325.51. Kröfu þessari var andmælt af öðrum uppboðsaðiljum og svo var einnig um sumar hinna veðkrafnanna, er lýst var. Stefndi Guðmundur H. Oddsson lét einnig sýna í réttinum óþinglesið veðbréf til Samvinnutrygginga, að fjárhæð kr. 75.000.00, útgefið 4. nóvember 1948, tryggt með 4. veðrétti í skipinu.

Uppboðshaldari lýsti yfir í byrjun uppboðsins, að kostnaðurinn við skipti á þrotabúi Örvar-Odds skyldi greiðast af uppboðsandvirðinu.

Í uppboðsskilmálum var m. a. tekið fram, að kaupandi skyldi borga uppboðsandvirðið, um leið og boð hans væri samþykkt, svo og allan kostnað við uppboðið, þar á meðal 3% í innheimtulaun af uppboðsandvirðinu.

Á öðrum veðrétti skipsins hvíldu £ 4100-0-0 til Boston Deep Sea Fishing and Ice Co., samkvæmt veðbréfi, útg. 1. júlí 1948. Á uppboðsdegi voru hinir stefndu eigendur að bréfi þessu, og mætti stefndi Helgi Benediktsson sjálfur á uppboðinu og sýndi veðbréfið með árituðu framsali til þeirra. Gerði hann boð í skipið og krafðist útlagningar þeim til handa sem ófullnægðum veðhöfum á 2. veðrétti. Boðið var á móti, og var hæsta boð hans kr. 805.000.00. Eftir það komu nokkur boð fram, og varð hæsta boð kr. 910.000.00. Síðan var uppboðsréttinum slitið. Uppboðsréttur var settur aftur hinn 13. s. m. Engir aðiljar uppboðsins voru þar mættir, enda kemur hvergi fram, að nokkur þeirra hafi verið boðaður. Uppboðshaldari gerði þar grein fyrir þeim veðkröfum, sem ætla mætti að hvíldu á skipinu, og var áætlun hans á þessa leið:

Sjóveð o. fl.	kr.	224.715.49
Fiskveiðasjóðslán, tryggt með 1. veðrétti	—	300.000.00
Boston Deep Sea (H. B. og G. H. O.) á 2. veðrétti	—	187.370.00
Styrktar og lánasjóður á 3. veðrétti	—	95.000.00
	Alls kr.	807.085.49

Uppboðshaldari lagði fram símskeyti frá hæstbjóðendum, þar sem þeir lýstu yfir, að þeir myndu ekki standa við boð sín. Ákvað

því uppboðshaldari að samþykkja boð stefnda Helga Benediktssonar og tilkynnti honum þá ákvörðun með símskeyti. Tók hann jafnframt fram, að útlagningarkrafan yrði ekki tekin til greina, og bæri honum því að greiða uppboðsandvirðið, kr. 805.000.00, að fullu ásamt kostnaði, stimpilgjaldi, þinglestursgjaldi og vita- og lestargjaldi, kr. 56.056.51, eða alls kr. 861.056.51, að svo miklu leyti sem hann næði ekki samkomulagi við veðhafa. Stefndi vildi í fyrstunni ekki sætta sig við þessa ákvörðun, en endirinn varð þó sá, að hann samþykkti að standa við boð sitt, en óskaði eftir, að stefndi Guðmundur H. Oddsson yrði kaupandi að skipinu að ¼ hluta. Síðan var leitað samþykkis veðhafa. Fiskiveiðasjóður tilkynnti uppboðshaldara með símskeyti hinn 18. júlí, að hann samþykkti, að hinir stefndu tækju að sér greiðslu á fyrsta veðréttarláni v/s Odds með óbreyttum skilmálum veðskuldabréfsins, og sama dag tilkynnti fjármálaráðuneytið, að Helgi Benediktsson hefði samið um veðskuld Styrktar- og lánasjóðs. Nokkru áður, eða hinn 15. júlí, hafði Guðmundur H. Oddsson tilkynnt uppboðshaldara í símskeyti, að hann framseldi Helga Benediktssyni sjóveðskröfur sínar, um 90 þús. krónur. Síðan lét Helgi Benediktsson greiða uppboðshaldara eftir kröfu hans kr. 122.737.36 og setti bankatryggingu fyrir kr. 77.000.00. Af þeirri fjárhæð greiddi bankinn 19. júlí 1950 kr. 76.240.12 til uppboðshaldara, og segir í skilagrein bankans, að hér hafi verið um að ræða greiðslu á sjóveðskröfum vegna v/s Odds. Um sama leyti greiddi Helgi Benediktsson Marselíusi Bernharðssyni á Ísafirði kr. 15.084.44 vegna v/s Odds, og vegna kaupanna á skipinu, að því er hann segir, en ekki liggur ljóst fyrir, hvernig greiðslu þessari er farið. Ekki er kunnugt um aðrar greiðslur frá hendi hinna stefndu á þessum tíma.

Er umræddar greiðslur höfðu farið fram, fengu stefndir afsal fyrir skipinu. Það er dagsett 19. júlí 1950 og er svo hljóðandi:

„Á nauðungaruppboði, sem haldið var 7. júlí s. l. á m.s. Oddur, Í.S. 205, ásamt tilheyrandi, eign þrotabús h.f. Örvar-Oddur, Flateyri, bauð Helgi Benediktsson, kaupmaður, Vestmannaeyjum, af sinni hálfu og Guðmundar H. Oddssonar, skipstjóra, í skipið kr. 805.000.00 — átta hundruð og fimm þúsund krónur — og samþykkti uppboðshaldari það boð.

Kaupverðið hefur kaupandi greitt þannig:

1. að hann hefur tekið að sér að greiða til Fiskiveiðasjóðs Íslands kr. 300.000.00 — þrjú hundruð þúsund krónur — sem hvíla á skipinu með 1. veðrétti.
2. að hann hefur leyst til sín £ 4100-0-0 skuld við Boston

Deep Sea o. s. frv., sem hvílir á skipinu með 2. veðrétti.

3. að hann hefur tekið að sér að greiða lán Styrktar- og lánasjóðs fiskiskipa, kr. 95.000.00, sem hvílir á skipinu með 3. veðrétti, að svo miklu leyti, sem boð hans hrekkur til.

Þar sem Helgi Benediktsson hefur greitt kaupverðið og tekið að sér að greiða framangreindar veðskuldir, hefur greitt kostnað við uppboðið kr. 56.056.51 og greitt og tryggt greiðslur á kröfum þeim, sem lýst var við uppboðið, þá lýsi ég hann réttan eiganda hinnar seldu eignar þannig, samkvæmt ósk hans, að hann verði eigandi að ¾ hlutum, en Guðm. H. Oddsson að ¼ hluta.

Kaupandi hefur greitt stimpilgjald og þinglestursgjald af afsali þessu og vita- og lestargjald fyrir árið 1950."

Úthlutunargerð á uppboðsandvirðinu var hvorki samin né afgreidd á þann veg, sem 34. gr. laga nr. 57/1949 ætlast til. Ekki var hinum stefndu heldur gefið upp, hvernig greiðslum þeirra yrði ráðstafað, er þeir inntu af hendi upp í uppboðsverðið, en uppboðshaldari mun hafa sagt þeim, að skilagrein væri væntanleg, er skiptum lyki í þrotabúi Örvar-Odds. Þrátt fyrir orðalag afsalsins segir stefnandi, að aldrei hafi verið til þess ætlazt, að greiðslur stefndu væru full skil á uppboðsverðinu, og hafi stefndu verið þetta fullkunnugt. Meðal annars hafi kostnaður við skipti á þrotabúinu ekki verið innifalinn í þeim greiðslum, er stefndu inntu af hendi, enda hafi ekki verið unnt á þeim tíma að gera sér nákvæma grein fyrir, hve miklu hann mundi nema. Kveðst stefnandi hafa leitað álits fjármálaráðuneytisins, hvort ástæða væri til að krefjast tryggingar fyrir greiðslu hans, og fengið það svar, að þess væri ekki þörf, vegna þess að eignir búsins væru honum til tryggingar. Eins kveðst stefnandi ekki hafa krafizt tryggingar fyrir sjóveðskröfu Guðmundar H. Oddssonar, þar eð hún hafi verið framseld Helga Benediktssyni.

Í málinu liggur fyrir sundurliðun á kostnaði við uppboðið, kr. 56.056.51. Kemur þar fram, að uppboðshaldari hefur — andstætt fyrirmælum 1. mgr. 11. gr. laga 57/1949 — reiknað sér innheimtulaun af boðinu í skipið, kr. 805.000.00, að viðbættum kostnaði, kr. 215.00.

Eftir að hinir stefndu höfðu fengið afsal fyrir skipinu, létu þeir sigla því til Vestmannaeyja, og var það skráð þar með óbreyttu nafni, en með umdæmistölunni V E 353.

Sjóveðskröfum Guðmundar H. Oddssonar var mótmælt fyrir

uppboðsréttinum, eins og fyrr segir. Skiptarétturinn í Ísafjarðarsýslu tók mál þetta til meðferðar, og gekk í því úrskurður hinn 20. maí 1955. Var niðurstaðan á þá leið, að Guðmundur H. Oddsson ætti kröfu á búið, að fjárhæð kr. 2.530.46, og fylgdi henni sjóveðréttur í skipinu. Jafnframt kemur fram í úrskurðinum, að á skiptafundi í þrotabúinu 20. febrúar 1951 hefði hluti af kröfunum, eða kr. 1.116.20, verið samþykktur sem sjóveðskrafa, en kr. 2.700.28 sem almennar kröfur. Að öðru leyti var kröfum hans hafnað. Var því um verulega niðurfærslu að ræða frá hinum upphaflegu kröfum hans.

Hinn 27. maí 1953 skrifaði Helgi Benediktsson skiptaráðanda og spurðist fyrir um, hvað liði skiptum í þrotabúi Örvar-Odds og uppgjöri um sölu skipsins Odds með fylgifé. Kvaðst hann þurfa að fá skilagrein yfir þetta vegna uppgjörs á skipskaupunum við meðeiganda sinn. Stefnandi svaraði þessari fyrirspurn með bréfi, dags. 4. júní 1953, og kvað skiptum enn ekki lokið, en minntist ekki á uppgjör á uppboðssölunni. Enn skrifaði Helgi Benediktsson stefnanda hinn 11. nóvember 1954 og óskaði eftir, að hann sendi honum tæmandi uppgjör yfir kaupin á v/s Oddi. Kvaðst hann aldrei hafa fengið uppgjör yfir skuldirnar, sem rúmuðust innan boðs síns. Óskaði hann eftir að fá skilagrein, þar sem forgangs- og haldsréttarkröfur væru tilgreindar og sundurliðaðar og upphæðir samningsveðs á 1. og 2. veðrétti ásamt vöxtum, og loks væri gefið upp, hvað greiðast skyldi af 3ja veðréttarláninu. Ekki er upplýst, hvort stefnandi svaraði þessu bréfi. Önnur bréfaskipti en þau, er nú hafa verið greind, virðast ekki hafa farið milli aðilja máls þessa, meðan búskiptin stóðu yfir.

Á skiptafundi í þrotabúinu, sem haldinn var 18. apríl 1955, lagði skiptaráðandi fram endurrit af dómi í máli, er Karl Jónsson hafði höfðað gegn Örvar-Oddi h.f. Dómurinn var kveðinn upp í sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur 15. júlí 1950, og var niðurstaðan, að Örvar-Oddur h.f. skyldi greiða Karli Jónssyni kr. 18.546.00 auk vaxta og kostnaðar og sjóveðréttur viðurkenndur í v/s Oddi fyrir dæmdum fjárhæðum. Krafa þessi hafði borizt frá lögfræðingi í Reykjavík, og hafði henni ekki verið lýst á uppboðinu. Skiptafundurinn ákvað að samþykkja kröfuna. Á fundi þessum var mætt af hálfu hinna stefndu sem kröfuhafa í búinu.

Á skiptafundi hinn 19. desember 1955 var lagt fram frumvarp að úthlutunargerð í búinu og greinargerð um eignir og skuldir

búsins. Samþykkt var að ljúka skiptum samkvæmt úthlutunargerðinni, eins og bókað er í skiptabókinni. Á fundinum var mætt af hálfu allra samningsveðhafa í skipinu, og þar á meðal var mættur umboðsmaður fyrir hina stefndu, er jafnframt var umboðsmaður Karls Jónssonar. Með því að skipið var eina eign þrotabúsins, hafði úthlutunargerðin einnig inni að halda úthlutun á uppboðsandvirðinu, og var hún á þessa leið:

1.	Skiptakostnaður	kr.	1.327.30
2.	Skiptagjald	—	24.200.00
3.	Lögveðs- og sjóveðskröfur	—	173.043.77
4.	Samningsveð í skipinu:		
	Fiskiveiðasjóður, 1. veðr.	—	300.000.00
	Boston Deep Sea, 2. veðr.	—	198.612.20
	Styrktar- og lánasjóður, 3. veðr.	—	97.559.68
	Samvinnutryggingar, 4. veðr., að hluta	—	10.257.05
		Kr.	805.000.00

Samkvæmt þessari úthlutun urðu allmiklar breytingar á ráðstöfun uppboðsandvirðisins frá því, sem gert var ráð fyrir eða ætla má að gert hafi verið ráð fyrir í uppboðsréttinum. Sjóveðskrafa Guðmundar H. Oddssonar fellur að mestu niður og nokkrar aðrar breytingar verða á lýstum sjóveðs- og haldsréttar kröfum, ýmist til hækkunar eða lækkunar, og er sú mest, að haldsréttarkrafa Marselíusar Bernharðssonar hækkar um tæpar 8 þús. krónur. Tvær nýjar lögveðskröfur eru teknar til greina, sem ekki hafði verið lýst á uppboðinu. Önnur var útvarpsgjald, kr. 100.00, en hin var sjóveðskrafa Karls Jónssonar, sem nam alls að fjárhæð kr. 27.592.34. Samningsveðhafi á 3. veðrétti fær fulla greiðslu, og fjórðaveðréttarhafi fær hluta af kröfu sinni.

Skiptaráðandi sendi Helga Benediktssyni endurrit af úthlutunargerðinni með bréfi, dags. 21. desember 1955, og skoraði á hann að senda sér skilríki fyrir því, að hann hefði náð samningum við veðhafa, og enn fremur kr. 55.650.00 til greiðslu á skiptakostnaði og skiptagjaldi og tveimur ógreiddum sjóveðskröfum og tók það jafnframt fram, að kröfum þessum fylgdi veð í skipinu. Bréfi þessu svaraði Helgi Benediktsson skriflega hinn 28. febrúar 1956 og andmælti kröfunum og kvað þær sér óviðkomandi. Áður en stefnanda barst bréf þetta, sendi hann kröfuna til bæjarfógetans í Vestmannaeyjum til innheimtu, og var hún þá á þessa leið:

Skiptakostnaður	kr.	1.327.30
Skiptagjald	—	24.200.00
Krafa Karls Jónssonar	—	27.592.34
	Kr.	53.119.69

Samlagningarskekkja er í útkomunni, er munar 5 aurum.

Innheimtutilraunir bæjarfógetans í Vestmannaeyjum báru ekki árangur, og var krafan endursend stefnanda. Höfðaði stefnandi svo mál þetta og gerði þær kröfur, sem fyrr segir.

Stefnandi fullyrðir, að hinum stefndu hafi verið vel ljóst, er þeir fengu afsal fyrir skipinu, að þeir hefðu ekki staðið full skil á uppboðsandvirðinu, og ekki hafi verið unnt að semja endanlega úthlutunargerð, fyrr en við lok skipta í þrotabúi Örvar-Odds. Komi þetta skýrt fram í bréfum Helga Benediktssonar 27. maí 1953 og 11. nóvember 1954, sem áður er getið. Kröfur sínar í máli þessu kveður stefnandi hafa haldizt áfram sem lögveð og sjóveð í skipinu, og eftir að skipið var dæmt óbætandi, hafi þær færzt yfir á vátryggingarfé þess. Skiptakostnaði og skiptagjaldi, segir hann, að fylgi lögveðréttur samkvæmt 82. gr. skiptalaga, og kröfu Karls Jónssonar fylgi sjóveðréttur samkvæmt ákvörðun sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur. Svo hefur hann lagt á það mikla áherzlu, að úrlausn skiptaréttarins beri að jafna til dómsúrlausnar og verði ekki hrundið af hliðstæðum dómstóli, en áfrýjunarfrestur sé löngu liðinn.

Aðalstefndu kveðast hafa gert full skil á kaupverði skipsins, um leið og afsalið var gefið út, og geti uppboðshaldari því ekki gert frekari kröfur. Afsalið beri þetta glöggt með sér, því að þar standi skýrum orðum, að kaupverðið sé greitt ásamt kostnaði. Einnig benda þeir á, að uppboðshaldari hafi ekki notað að fullu bankatrygginguna, er sett var, er kaupin fóru fram, og hann hafi tekið í sinn hlut innheimtulaun af öllu uppboðsverðinu, en hvort tveggja þetta sýni, að um fulla greiðslu var að ræða. Auk þess telja aðalstefndu, að í orðum afsalsins felist ótvíræð bindandi yfirlýsing frá hálfu uppboðshaldara, er hafi endanlega svipt hann færi á að heimta frekari greiðslur. Kæmi honum því ekki að haldi, þótt svo væri, að hann kynni að geta sýnt fram á, að eitthvað væri ógreitt af uppboðsverðinu. Enn telja þeir, að stefnandi hafi ekki farið að lögum, er hann tók til greina hærri kröfur en lýst var á uppboðinu og dró inn nýjar kröfur, sem ekki hafði verið lýst, og sé því m. a. kröfugerð hans vegna Karls Jónssonar óheimil með

öllu. Svo telja þeir, að skiptaráðandi geti ekki verið aðili málsins, heldur aðeins uppboðshaldari. Að lokum telja þeir, að stefnukröfurnar séu fyrndar eða að minnsta kosti niðurfallnar fyrir vangeymslu.

Bæði aðalstefndu og Samvinnutryggingar eru á einu máli um, að ekki geti verið um lögveðrétt að ræða í skipinu eða vátryggingarfénu fyrir stefnukröfunum.

Um greiðslur aðalstefndu á uppboðsverði skipsins er það upplýst, að auk þeirra greiðslna, er fyrr getur, hafi þeir einnig leyst til sín veðbréf Samvinnutrygginga á 4. veðrétti skipsins. Samkvæmt úthlutunargerðinni frá 19. desember 1955 námu eftirstöðvar bréfsins kr. 58.243.11. Upplýsingar um innlausn bréfsins eru komnar frá stefnanda, enda virðast aðalstefndu telja sér óskylt að gera grein fyrir, hvernig uppboðsverðið var innt af hendi.

Ekki verður fallizt á, að aðildarskortur sé fyrir hendi, þótt skiptaráðandi sé ásamt uppboðshaldara fyrirsvarsmaður þrotabúsins í máli þessu. Samkvæmt 11. gr., 1. mgr., laga nr. 57/1949 er uppboðshaldara skylt að innheimta uppboðsandvirði, og var því nægilegt, að hann stæði einn að málinu. En skiptaráðandi er að lögum fyrirsvarsmaður búsins, og ganga má út frá, að skiptafundur í búinu hafi verið því samþykkur, að hann ætti hlut að málshöfðuninni.

Skiptagjaldi og skiptakostnaði fylgir ekki lögveð í ákveðinni eign, heldur aðeins forgangsréttur við skipti á viðkomandi búi, og sjóveðréttur í skipi fellur niður við sölu á nauðungaruppboði samkvæmt 239. gr. siglingalaga. Vangreiddu uppboðsandvirði fylgja ekki heldur lögveðréttindi. Um lögveð er því ekki að ræða fyrir kröfum stefnanda í vátryggingarfé skipsins. Þegar af þessum ástæðum verða stefndu Samvinnutryggingar algerlega sýknaðar af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Stefnandi tekur réttilega fram, að ekki sé það á valdi þessa réttar að breyta úrlausnum skiptaréttarins. Sama gildir að sjálfsögðu um úrlausnir uppboðsréttarins. Skiptarétturinn hefur m. a. ákveðið, hvaða kröfur í búið skulu teknar til greina og hvernig úthlutun skuli hagað. Þau ágreiningsatriði málsins, er að þessu lúta, koma því hér ekki til álita. Í úthlutunargerð skiptaráðanda er hins vegar rætt um, að kaupendum skipsins, þ. e. a. s. aðalstefndu, beri að inna af hendi greiðslur til viðbótar því, er þeir hefðu áður greitt. Ekki virðist heimilt að líta á þessi ummæli sem bindandi dómsúrlausn, enda hefði þá skiptarétturinn farið

út fyrir það svið, sem honum er markað í lögum. En hvað sem því líður, liggja einnig fyrir í málinu úrlausnir og ákvarðanir uppboðsréttarins, og fram hjá þeim verður ekki gengið, þar sem uppboðsrétturinn hafði vald til að kveða á um skyldur aðalstefndu, en skiptarétturinn ekki. Væri málum þannig farið, að ekki væri unnt að samrýma úrlausnir þessara rétta, yrði það uppboðsrétturinn sem réði. Dómsgerðir uppboðsmálsins liggja fyrir í máli þessu. Hvergi er þar minnzt á, að víkja eigi frá ákvæði uppboðsskilmálanna um fulla greiðslu um leið og boð er samþykkt, og hvergi er þar heldur rætt um, að ástæða sé til að víkja frá fyrirmælum 33. og 34. gr. laga nr. 57/1949. Lokaafgreiðsla uppboðsréttarins er svo afsalið, sem tilfært er hér að framan orðrétt. Afsalið ber að skýra, eins og orð þess segja til. Eins og það ber með sér, er þar fram tekið án nokkurs fyrirvara, að kaupverðið sé greitt og kaupendur hafi yfirtekið áhvílandi veðskuldir og greitt og tryggt greiðslu á kröfum, sem lýst var við uppboðið. Yfirlýsingar þessar geta tæplega orkað tvímælis, og virðast sýna ótvírætt, að uppboðsrétturinn hefur talið og lýst yfir, að full skil hefðu fram farið af hálfu hinna stefndu. Stefnandi hefur raunar viljað halda því fram, að afsalið væri skilorðsbundið, og vitnað til orðanna: „að svo miklu leyti, sem boð hans hrekkur til", þar sem rætt er um þriðja veðréttarlánið. Þessi skýring virðist óheimil með tilliti til yfirlýsinganna, sem á eftir fara. Í hinum tilvitnuðu orðum virðist felast, að upphæð samningsveðsins á þriðja veðrétti sé háð óvissum lýstum kröfum (sem eru tryggðar samkvæmt afsalinu) og kunni því að breytast til hækkunar, ef þær yrðu ekki teknar til greina að einhverju leyti. Samkvæmt þessu hefur afsalið ekki inni að halda neina heimild fyrir kröfunum, sem gerðar eru í málinu.

Ekki virðist því heldur til að dreifa, að aðalstefndu hafi viðurkennt, eftir að afsal var gefið út, að þeim væri skylt að greiða annað og meira en áhvílandi samningsveðskuldir. Í bréfum Helga Benediktssonar frá 27. maí 1953 og 11. nóvember 1954, virðist ekki felast annað en tilmæli um að fá skilagrein, ekki sízt í því skyni að fá fram réttar upphæðir samningsveðanna svo og hversu miklu næmi sjóveðskrafa meðeigandans, Guðmundar H. Oddssonar.

Ekki virðist heimilt að líta svo á, að umboðsmaður hinna stefndu hafi viðurkennt stefnukröfurnar fyrir skiptaréttinum, þótt hann hafi samþykkt að ljúka skiptum samkvæmt úthlutunargerðinni, enda hefur stefnandi ekki borið þetta atriði sér-

staklega fyrir sig. Umboðsmaðurinn virðist einungis hafa mætt fyrir hina stefndu sem kröfuhafa í búið, en ekki sem kaupendur að skipinu, og hefur þar af leiðandi ekki haft heimild til að baka þeim fjárskuldbindingar.

Með tilvísun til ofanritaðs verða kröfur stefnanda ekki teknar til greina, og verða því aðalstefndu sýknaðir að öllu leyti, en rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður, að því er þá varðar.

Rétt þykir að ákveða, að stefnandi greiði stefndu Samvinnutryggingum kr. 4.000.00 í málskostnað.

Málflutningslaun talsmanns stefnanda hér fyrir dóminum, Friðþjófs G. Johnsens hdl., þykja hæfilega ákveðin kr. 6.000.00, og greiðast úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Stefndu, Helgi Benediktsson og Guðmundur H. Oddsson og stefndi Jón Ólafsson f. h. Samvinnutrygginga, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Jóhanns Gunnars Ólafssonar, uppboðshaldara og skiptaráðanda í Ísafjarðarsýslu f. h. þrotabús Örvar-Odds h.f., í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda Jóni Ólafssyni f. h. Samvinnutrygginga kr. 4.000.00 í málskostnað, en að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Málflutningslaun talsmanns stefnanda, Friðþjófs G. Johnsens héraðsdómslögmanns, kr. 6.000.00, skulu greiðast úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 15. febrúar 1960.

Nr. 87/1959. **Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja**
(Sveinbjörn Jónsson hrl.)
gegn
Helga Benediktssyni. (Enginn).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Krafa um vátryggingarfé. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógeta í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Þorsteinn Jónsson og Ólafur St. Ólafsson hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. maí 1959, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. s. m. Krefst hann þess, að hann verði sýknaður að svo stöddu af kröfum stefnda í málinu og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Af hendi stefnda hefur enginn komið fyrir Hæstarétt í máli þessu, og er honum þó löglega stefnt. Hefur málið því verið flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. laga nr. 112/1935 og dæmt eftir framlögðum skjölum.

Kröfu sína um sýknu að svo stöddu reisir áfrýjandi hér fyrir dómi á því einu, að samkvæmt 3. mgr. 12. gr. samþykkta hans frá 20. desember 1949 sé honum ekki skylt að bæta tjón á skipi, fyrr en að viðgerð lokinni, en viðgerð á skipi stefnda hafi ekki enn farið fram.

Eftir því sem ráða má af gögnum málsins, hefur skip stefnda, v/b Fjalar, VE 333, verið í skyldutryggingu hjá áfrýjanda samkvæmt 2. gr. laga nr. 61/1947 sbr. lög nr. 110/1949, þegar tjón það varð, sem í málinu greinir. Þar sem svo var ástatt, og framangreint ákvæði í 3. mgr. 12. gr. samþykkta áfrýjanda er sett einhliða af honum, þá leiðir af meginreglunni í 4. mgr. 24. gr. laga nr. 20/1954,

að stefndi er ekki við greint ákvæði bundinn. Í skiptum aðilja gilda því um gjalddaga tjónbóta ákvæði 1. mgr. 24. gr. laga nr. 20/1954, svo sem réttilega er dæmt í héraðsdómi.

Samkvæmt framansögðu verður krafa áfrýjanda ekki tekin til greina. Verður hinn áfrýjaði dómur því óraskaður, og þar sem enginn hefur komið fyrir dóm af hálfu stefnda, fellur málskostnaður fyrir Hæstarétti niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Hinn 25. júlí 1957 sigldi v/s Stjarnan, RE 3, á bakborðsbóg v/b Fjalars, VE 333, þar sem hann lá bundinn við bryggju á Siglufirði og laskaði hann. Stefndi, eigandi v/b Fjalars, fékk dómkvadda matsmenn til að meta tjónið. Nemur matsfjárhæðin kr. 6875.00. V/b Fjalar er vátryggður hjá Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja, og krefur stefndi það um 90% nefndrar fjárhæðar, þ. e. kr. 6187.50 ásamt vöxtum og mats- og málskostnaði. Bátaábyrgðarfélagið telur sér eigi skylt að inna vátryggingarféð af hendi, fyrr en að lokinni viðgerð á bátnum.

Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja er talið stofnað 1862. Skylt er því samkvæmt lögum nr. 110/1949 að tryggja skip og báta, sem skrásett eru í Vestmannaeyjum og eru innan þeirra stærðartakmarka, sem ákveðin eru í 2. gr. laga nr. 61/1947. Núgildandi lög, þ. e. samþykktir, Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja voru samþykkt á fundi félagsins 20. desember 1949 og staðfest af atvinnumálaráðherra 13. febrúar 1950. Samkvæmt 1. gr. laganna er tilgangur félagsins að vátryggja báta félagsmanna. Félagsmenn geta verið þeir, sem eiga vélbáta skrásetta á félagssvæðinu, opna eða með þilfari, sem eru allt að 100 rúmlestir að stærð og aðallega eru ætlaðir til fiskveiða hér við land. Allir eigendur báta,

sem í félagið ganga, ábyrgjast í sameiningu hvern þann bát, sem félagsmenn eiga og í ábyrgð er tekinn. Ábyrgðarskyldan hvílir jafnt á öllum félagsmönnum að réttri tiltölu við það, sem þeir samtímis eiga í ábyrgð félagsins. Samkvæmt 5. gr. er aðalfundur lögmætur, er þriðjungur félagsmanna mætir á honum. Lagabreyting getur einungis fram farið á aðalfundi og útheimtist til hennar ⅔ atkvæða, þeirra sem á fundinum eru.

Ef krafizt er, skal greiða atkvæði eftir þeirri eign, sem hver félagsmanna hefur í ábyrgð, þannig að eitt atkvæði er fyrir hverjar kr. 5000.00 eða minna. Þó má enginn fara með meira atkvæðamagn fyrir sig sjálfan og aðra en 10% af heildaratkvæðamagni félagsins. Eigi má fela utanfélagsmanni að fara með umboð félagsmanna á fundum félagsins. Aðalfundur kýs þriggja manna stjórnarnefnd til þriggja ára, þó svo, að einn þeirra gengur úr nefndinni árlega eftir hlutkesti. Kjósa skal tvo varastjórnarnefndarmenn, er gæta skulu sérstaklega hagsmuna einstakra félagsmanna, sbr. 3. gr. Stjórnarnefndin skipar tvo virðingarmenn báta. Ábyrgðarhluti félagsins miðast við virðingu bátanna, er hinir skipuðu virðingarmenn framkvæma. Ef bátur verður fyrir tjóni utan félagssvæðis, útnefnir félagsstjórnin sérstaka matsmenn, sbr. 12. gr. Þó getur bátseigandi krafizt, að viðgerðin verði framkvæmd eftir reikningi, ef ágreiningur er um matið. Skipstjóri báts, er fyrir tjóni verður, skal ásamt tveimur hásetum tilkynna stjórn félagsins um skaðann innan mánaðar. Félagið bætir skaða samkvæmt matinu í réttu hlutfalli við ábyrgðina, sem það tekst á hendur, þ. e. 90% af virðingarverði báta í svonefndum a-flokki og 85% virðingarverðs báta í b-flokki. Í 12. gr. segir: „Bátseigendur annast sjálfir aðgerð báta sinna“ .... „Þó skal félaginu eigi skylt að bæta skaðann, fyrr en að lokinni viðgerð.“

Starfsemi Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja, iðgjaldagreiðslur og ábyrgð félagsmanna eru vitaskuld á því reist, að fylgt sé, svo sem kostur er, þeim reglum, sem félagið hefur sett sér og atvinnumálaráðuneytið staðfest. Athugamál er þá, hvort lög nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga

hafi raskað samningsgrundvelli þeim, sem samþykktir Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja eru reistar á, að því er til gjalddaga vátryggingarfjár tekur. Í 24. gr. nefndra laga eru ákvæði um gjalddaga vátryggingarfjár, en samkvæmt 3. gr. sömu laga má semja um annan gjalddaga. Nú hafa félagsmenn í Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja einmitt samið sín á milli með samþykki atvinnumálaráðuneytisins um annan gjalddaga, þ. e. við lok viðgerðar á skaða, sem ábyrgðin tekur yfir, og er hér á það að líta, að bátaeigendur annast sjálfir viðgerð á bátum sínum. Er rík ástæða til að meta slíkan samning félagsmanna sín á milli gildan, þar sem þeir bera sjálfir ábyrgð á skuldbindingum félagsins að tiltölu við það, sem þeir eiga í ábyrgð félagsins. Bann 4. mgr. 24. gr. laga nr. 20/1954 við því, að gjalddagi vátryggingarfjár skuli háður ákvörðun vátryggingarfélags, á þannig hvorki eftir orðum sínum né tilgangi við tilvik það, sem í máli þessu greinir, heldur hitt, að vátryggingarfélagi sé í sjálfsvald sett ákvörðun um gjalddaga.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, er gjalddagi tryggingarfjár þess, sem í máli þessu greinir, eigi kominn, og ber því að sýkna áfrýjanda að svo stöddu.

Rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja, á að vera sýkn að svo stöddu af kröfum stefnda, Helga Benediktssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 30. desember 1958.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 18. þ. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja af Helga Benediktssyni útgerðarmanni, Heiðarvegi 20, Vestmannaeyjum, með stefnu, útgefinni 13. janúar 1958, birtri s. d., á hendur stjórn Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja fyrir hönd félagsins, þeim Ársæli Sveinssyni útgerðarmanni, Vestmannabraut 68, Jónasi Jónssyni útgerðarmanni, Urðaveg 16, Karli Guðmundssyni útgerðarmanni,

Urðaveg 11, Jóhanni Sigfússyni framkvæmdastjóra, Sólhlíð 8, og Jóni Í. Sigurðssyni hafnsögumanni, Vestmannabraut 44, öllum í Vestmannaeyjum, til heimtu tjónbóta vegna ásiglingar v/b Stjörnunnar, R E 3, á v/b Fjalar, V E 333, hinn 25. júlí 1957.

Stefnandi gerir þær réttarkröfur, að hið stefnda félag verði dæmt til að greiða kr. 6.187.50 ásamt 6% ársvöxtum frá 25. júlí 1957 til greiðsludags, kostnað við dómkvaðningu og matskostnað, kr. 653.00, svo og allan málskostnað að skaðlausu.

Mætt var í málinu af hálfu hins stefnda félags og þær kröfur gerðar, að það yrði algerlega sýknað af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi hans eftir mati réttarins.

Samkvæmt skriflegri skýrslu skipstjórans á mótorbát stefnanda, Fjalari, V E 333, vildi það til kl. 11.15 hinn 25. júlí 1957, er nýbúið var að festa bátinn við bryggju á Siglufirði, að v/s Stjarnan, R E 3, sigldi á bakborðsbóg bátsins með allmikilli ferð, er hún var að leggja að næstu bryggju. V/b Fjalar varð fyrir skemmdum við ásiglinguna, hástokkurinn að framan bakborðsmegin gekk í sundur og einnig svínahryggur.

Engin sjópróf voru haldin út af ásiglingunni, en tveimur dögum síðar, eða hinn 27. júlí 1957, dómkvaddi bæjarfógetinn á Siglufirði tvo menn til þess að meta skemmdirnar. Skiluðu þeir skriflegri matsgerð daginn eftir, hinn 28. júlí 1957, og var niðurstaða hennar, að viðgerð á skemmdum mundi kosta kr. 6.875.00. Þessa fjárhæð, að frádreginni sjálfstryggingu 10%, krefst stefnandi að fá greidda í máli þessu svo og matskostnað, sem nemur kr. 653.00 samkvæmt framlögðum reikningum.

Stefnda kveðst ekki hafa fengið neina skýrslu eða tilkynningu um ásiglinguna, fyrr en skömmu áður en stefna í málinu var birt. Hafi þá borizt tilkynning og krafa um greiðslu frá lögmanni stefnanda. Aðferð þessi væri algerlega andstæð ákvæðum laga félagsins, sem mæla svo fyrir í 12. gr., að tilkynna skuli tjón skriflega til félagsstjórnarinnar sem fyrst og að forfallalausu innan mánaðar. Sama bæri að segja um þann hátt, sem hafður væri við mat á skemmdunum, þar sem félaginu hafi ekki verið gefinn kostur á að láta umboðsmann mæta. Að lokum hafi svo skipstjórinn einn undirritað skýrslu um ásiglinguna, en 12. gr. félagslaganna ætlist til, að skýrslur til félagsins séu undirritaðar af tveimur hásetum auk skipstjóra.

Í öðru lagi telur stefnda, að krafan sé ekki komin í gjalddaga, þar eð viðgerð á skemmdunum hafi enn ekki farið fram,

en samkvæmt 12. gr. félagslaganna sé félaginu óskylt að bæta skaða, fyrr en að lokinni viðgerð.

Að lokum gerir stefnda þá kröfu, ef svo kynni að verða litið á, að um réttmæta bótakröfu sé að ræða, þá verði bótakröfunni skuldajafnað móti iðgjaldaskuldum stefnanda vegna bátsins, er nemi rúmum 100 þús. krónum.

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga var bótakrafan ekki niður fallin, þótt stefnandi hafi látið undir höfuð leggjast að halda henni fram með þeim hætti, sem fyrir er mælt í 12. gr. félagslaganna. Krafan var gjaldkræf, er mál þetta fór af stað, samkvæmt 24. gr. sömu laga nr. 20/1954. Af hálfu hins stefnda er ekki vefengt, að ásiglingin hafi átt sér stað og valdið skemmdum, eins og þeim er lýst af skipstjóra bátsins. Ekki hefur heldur verið haft á orði, að niðurstaða matsgerðarinnar væri röng. Með tilvísun til þessa þykir bera að viðurkenna kröfur stefnanda, kr. 16.187.50, ásamt 6% ársvöxtum, sem eftir atvikum ber að reikna frá 1. janúar 1958, með því að ekki er upplýst, að upplýsingar um ásiglinguna og krafa um greiðslu hafi borizt fyrir þann tíma.

Svo þykir og rétt að fallast á, að stefnandi eigi heimtingu á málskostnaði, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.000.00.

Samkvæmt framlögðum viðskiptareikningi, sem ekki hefur verið vefengdur, skuldaði stefnandi vegna v/b Fjalars hinu stefnda félagi kr. 73.946.43 í árslok 1957, og hinn 25. marz 1958 nam skuld hans kr. 103.871.65. Hinn 30. janúar 1958 setti stefnda fram kröfu um skuldajöfnuð, og þykir bera að taka kröfu þá til greina. Niðurstaða málsins verður því, að ofangreindar fjárhæðir, kr. 6.187.50, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1958 til 30. janúar 1958 og kr. 1.000.00 í málskostnað, skulu dragast frá skuld stefnanda vegna v/b Fjalars við hið stefnda félag, eins og hún var hinn 30. janúar 1958.

Dómsorð:

Stefnandi, Helgi Benediktsson, á rétt til tjónbóta úr hendi stefnda, Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja, vegna ásiglingar v/s Stjörnunnar, RE 3, á v/b Fjalar, VE 333, hinn 25. júlí 1957, að fjárhæð kr. 6.187.50, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1958 til 30. janúar 1958 og kr. 1.000.00 í málskostnað, og skulu fjárhæðir þessar dragast frá skuld stefnanda vegna v/b Fjalars við hið stefnda félag hinn 30. janúar 1958.

Mánudaginn 15. febrúar 1960.

Nr. 3/1959. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs** (Páll Líndal hdl.)

gegn

Verzlunarsparisjóðnum, eiganda Vesturgötu 2 í Reykjavík (Eyjólfur K. Jónsson hdl.)

og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Valdimar Stefánsson sakadómari.

Um eignarrétt að lóðarspildum.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. janúar 1959 og krafizt:

Í **aðalsök,** að viðurkenndur verði eignarréttur bæjarsjóðs Reykjavíkur að lóðarspildu þeirri, 115 fermetrar að stærð, sem nefnd er „hluti 2" á framlögðum uppdrætti, dskj. nr. 3 fyrir merkjadómi, gerðum af mælingadeild í skrifstofu bæjarverkfræðings.

Í **gagnsök,** að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Loks krefst aðaláfrýjandi þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. janúar 1959 og krafizt:

Í **aðalsök,** að héraðsdómur verði staðfestur.

Í **gagnsök,** að viðurkenndur verði eignarréttur gagnáfrýjanda:

a) að þríhyrningslaga spildu sunnan hússins Vesturgötu 2, að stærð 108.7 fermetrar, merktri nr. 3 á uppdrætti, en hún takmarkast að sunnan af steinsteyptri brún, sem liggur að gangstétt Vesturgötu.

b) að þríhyrningslaga spildu, 35.2 fermetrar að stærð, merktri nr. 4 á uppdrætti, vestan hússins Vesturgötu 2, en hún takmarkast að vestan af línu, dreginni úr norð-

vesturhorni hússins að gangstétt Vesturgötu, hornrétt á gangstéttarlínuna.

Loks krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Merkjadóms Reykjavíkur 9. desember 1958.

Mál þetta, sem var dómtekið 21. f. m., er höfðað af hálfu bæjarsjóðs Reykjavíkur með stefnu útgefinni 11. september s.l. gegn eigendum fasteignarinnar nr. 2 við Vesturgötu, hér í bænum. Krafa stefnanda er sú, að suðurmörk lóðarinnar nr. 2 við Vesturgötu verði talin sú húsalína, sem þar er nú, þannig að 115 m^2 skák fyrir sunnan austurhluta hússins nr. 2 við Vesturgötu verði talin óútvísað eignarland bæjarsjóðs.

Stefndu hafa krafizt þess, að viðurkenndur verði eignarréttur þeirra að framangreindri 115 fermetra skák.

Hvorugur aðilja krefst málskostnaðar.

Með stefnu, útgefinni 22. október s.l., hafa stefndu höfðað gagnsök og krafizt þess, að viðurkenndur verði eignarréttur þeirra að tveimur þríhyrndum lóðarspildum. Er hin fyrri talin 108.7 m^2 að flatarmáli, og liggur hún að vesturmörkum framangreindar skákar og meðfram suðurhlið vesturhluta hússins. Hinn þríhyrningurinn er talinn 35.2 m^2 að flatarmáli og liggur meðfram vesturgafli hússins.

Gagnstefndi hefur eindregið mótmælt kröfum þessum.

Aðiljar hafa ekki heldur krafizt málskostnaðar í gagnsök.

Aðalstefnandi skýrir þannig frá málavöxtum, að samkvæmt fasteignamatinu frá 1915 hafi lóð sú, er fylgdi húsinu nr. 2 við Vesturgötu, verið talin að flatarmáli 623.3 fermetrar, án þess að sú ákvörðun um lóðarstærð hafi sætt andmælum af hálfu húseiganda. Með samkomulagi milli húseiganda og borgarstjórans í Reykjavík, er gert var 8. júní 1923, hafi lóðin verið aukin um 546

fermetra. Við mælingu, er fram hafi farið í júní 1928, hafi fyrrgreindar tölur reynzt eiga að vera 641.1 m² og 536.2 m², og lóðin öll sé því 1177.3 m². Við þessa lóðarstærð hafi síðan verið miðað í opinberum skrám og skilríkjum, þar á meðal í fasteignamati, og skattar þess vegna greiddir af þessari lóðarstærð. Á síðastliðnu vori hafi farið fram uppmæling á lóðinni í sambandi við sölu eignarinnar. Hafi lóðarstærðin þá reynzt 1183 m², en sá stærðarmunur valdi engum ágreiningi, enda tiltölulega lítill (0.5%) og ekki óvenjulegur. Hins vegar hafi komið í ljós við mælingu þessa, að fyrrgreind 115 m² skák, er áður hafði verið mæld 114 m², sé ekki meðtalin í áðurgreindu flatarmáli samkvæmt opinberum heimildum. Aðalstefndu halda því nú fram, að umrædd spilda tilheyri lóð þeirra, sé og hafi lengi verið hluti hennar, og hafa krafizt þess að fá lóðaruppdrátt, þar sem spilda þessi sé fyrirvaralaust og án athugasemdar talin með eignarlóðinni. Aðalstefnandi telur, að spilda þessi hafi aldrei verið útmæld eða tekin með við útvísun lóðarinnar og að hún sé því eign Reykjavíkurbæjar.

Aðalstefnandi rökstyður kröfur sínar með því, að ekki verði séð af skjölum bæjarins, að margnefndri skák hafi nokkru sinni verið útvísað. Hefur hann lagt fram eftirmynd, er Knud Zimsen verkfræðingur gerði eftir mælingum á árunum 1900—1906, svo og eftirmynd af uppdrætti, er Ólafur Þorsteinsson verkfræðingur gerði eftir mælingum á árunum 1918—1921, og telur, að þess sjái ekki merki á uppdráttum þessum, að svæði þetta sé annað en opið og óútvísað svæði í beinu sambandi við götustæðið á mótum Vesturgötu og Aðalstrætis. Sama máli kveður hann gegna um uppdrátt, er fylgdi framangreindu samkomulagi frá 8. júní 1923.

Aðalstefnandi hefur og lagt fram eftirmynd af minnisblaði, er hann telur Knud Zimsen hafa ritað skömmu eftir 26. júlí 1928, en Zimsen var þá borgarstjóri í Reykjavík. Á minnisblaði þessu er spildan talin óútmæld, og telur aðalstefnandi, að flatarmál lóðarinnar hafi verið talið og skráð í fullu samræmi við þá skoðun Zimsens um eigi skemmri tíma en 30 ára bil, án þess að lóðareigendur hreyfðu athugasemdum við því. Loks bendir aðalstefnandi á það, að norðvesturhluti húss þess, sem nú er nr. 1 við Hafnarstræti, hafi verið byggður á suðurmörkum spildunnar, án þess að eldvarnarveggur væri hafður á lóðarmörkum, en slík bygging fengi ekki staðizt, ef hér væri um að ræða mörk lóða í einkaeign.

Aðalstefndu byggja kröfur sínar í aðalsök fyrst og fremst á afsali H. P. Duus til firmans Nathan & Olsen fyrir eigninni, dagsettu 17. október 1928, en afsali þessu fylgdi uppdráttur af hinni

seldu lóð með áritun lóðaskrárritarans í Reykjavík 12. s. m. Á uppdrættinum eru sýndar með rauðum lit markalínur, og eru innan þeirra lóðahlutar, sem taldir eru að flatarmáli ca 536.2 m^2, ca 641.1 m^2 og ca 114 m^2, en hinn síðastnefndi er einmitt hin umdeilda skák, en nefndur kaupandi afsalaði aðalstefndu eign þessari árið 1958. Þá benda aðalstefndu einnig á það, að árið 1914 voru húseignirnar nr. 2 við Vesturgötu og nr. 1 við Hafnarstræti eign sama aðilja, er seldi síðarnefndu eignina með kaupsamningi, dagsettum 21. september það ár. Meðal samningsákvæða var það, að kaupanda og þeim, er síðar kynnu að eignast hina seldu eign, skyldi heimil umferð með vörur yfir lóð seljanda milli hinnar seldu eignar og „Duuspakkhússins" (þ. e. austurhluta Vesturgötu 2). Sú lóð, er greinir í ákvæði þessu, er einmitt sú skák, er mál þetta er af risið, og telja aðalstefndu, að ákvæði þetta sýni, að skákin hafi fylgt Vesturgötu 2. Samningi þessum með árituðu afsali var þinglýst í október 1915, en um haustið 1928 var framangreindu samningsákvæði sérstaklega þinglýst sem kvöð á Vesturgötu 2. Aðalstefndu halda því fram, að uppdráttum þeirra K. Zimsens og Ólafs Þorsteinssonar, er fyrr greinir, hafi eigi verið ætlað að kveða á um lóðarmörk, heldur einungis að sýna mannvirki, og styðja þeir það við þá staðreynd, að á eldri uppdrættinum gengur horn af girtu svæði norðan Hafnarstrætis 1 inn á hina umdeildu spildu, en á yngri uppdrættinum sést, að sú girðing hefur verið rifin og horninu bætt við hina umdeildu spildu, án þess að sýnt sé fram á, að þáverandi eigandi Hafnarstrætis 1 hafi afsalað sér því. Aðalstefndu benda og á það, að því er varðar uppdrátt þann, er fylgdi samkomulaginu frá 1923, að það hafi eingöngu snúizt um austur- og norður-mörk lóðarinnar, og hafi því eigi verið skeytt um að sýna önnur mörk á uppdrættinum, enda ekki deila um þau þá.

Aðalstefndu telja það litlu skipta, að eldvarnarveggur var ekki hafður á norðurhlið í vesturhluta hússins nr. 1 við Hafnarstræti, þar eð sá húshluti hafi verið byggður um 1907 og á þeim tíma hafi eigi verið gengið hart eftir slíku, enda hafi í þessu tilviki verið svo um samið, að eigandi Vesturgötu 2 byggði ekki á hinni umdeildu skák, og eiga aðalstefndu þar við umferðarréttindi þau um skákina, sem áður er getið. Minnisblað K. Zimsens telja aðalstefndu ekki geta haft neina þýðingu fyrir úrslit máls þessa, enda sé eigi vitað, hverjar rannsóknir á heimildum liggi að baki efni þess. Auk þess telja þeir, að orðið „óútmælt" í minnisblaðinu beri að skilja á þá leið, að mæling hafi ekki farið fram og að það

tákni því alls ekki, að lóðarhlutanum hafi ekki verið útvísað. Enn fremur telja aðalstefndu, að aðalstefnandi geti ekki reist neinn rétt á þeirri staðreynd, að fasteignagjöld hafa undanfarið verið miðuð við 1177.3 m^2 lóðarstærð, þar eð bæjarvöldin hafi sjálf reiknað út gjöld þessi. Loks telja aðalstefndu, að þótt ekkert af framanrituðu yrði talið nægja til þess að afla þeim viðurkenningar á eignarrétti þeirra yfir spildunni, þá yrði samt að telja, að þeir hefðu unnið hefð á henni. Benda þeir í því sambandi á samninga þá um umferð, er fyrr greinir, og minna á, að allan þann tíma, er síðan er liðinn, og sennilega miklu lengur, hafi eigendur eignarinnar hagnýtt þessa spildu sem sína eign, m. a. steinlagt hana mjög vandlega. Eigendur Hafnarstrætis 1 séu augljóslega sannfærðir um það, að spildan fylgi Vesturgötu 2, ella hefðu þeir eigi gert samninga þá, er fyrr greinir, um umferðarrétt, og ekki hafi neitt komið í ljós, er gæti valdið vafa um eignarrétt stefndu, fyrr en lóðin var mæld á síðastliðnu vori.

Af gögnum þeim, sem fram hafa komið í málinu, verður ráðið að byggingarnefnd Reykjavíkur útvísaði lóð undir hús það, er fyrst var byggt á lóð aðalstefndu, síðari hluta árs 1862. Var það gert að ósk Andresens nokkurs skipstjóra vegna útgerðarfélags þess, er hann starfaði fyrir, og var ætlunin að byggja vörugeymsluhús við bryggju þá, sem var við enda Aðalstrætis. Var í þessu skyni mæld lóð, 35 álna löng frá austri til vesturs, og jafnframt ákveðið, að breidd hússins mætti ekki fara fram úr 20 álnum. Ljóst er, að kaupmennirnir Koch og Henderson hafa haft veg og vanda af byggingu hússins og verið eigendur þess fram á árið 1870, er þeir seldu hús og lóð Sameinaða gufuskipafélaginu, en á árunum þar á undan virðast þeir hafa fengið, auk hinna upphaflegu 700 ferálna, tvennar lóðarviðbætur, aðra, 400 ferálnir, frá bænum, en hina, 480 ferálnir, úr einkaeign. Síðar hefur eignin komizt á hendur W. Fischer kaupmanni, en ekki verður séð, hvenær né með hverjum hætti, en í júnímánuði 1887 fékk hann viðbótarlóð, er sýnist hafa verið ca 100 ferálnir. Með afsali, dagsettu 25. júní 1907, seldi Fischer firmanu H. P. Duus verzlanir sínar og fasteignir á Íslandi ásamt ýmsu lausafé, og er í afsalinu vitnað til kaupsamnings, dags. 26. maí 1904, en sá samningur er ekki meðal gagna málsins. H. P. Duus seldi síðar Hafnarstræti 1 og Vesturgötu 2, hvort í sínu lagi, með afsölum þeim, er fyrr greinir, frá 1915 og 1928.

Dómendur hafa farið á vettvang og kynnt sér staðhætti.

Hin umdeilda spilda liggur, eins og þegar er á drepið, milli hús-

anna nr. 2 við Vesturgötu og nr. 1 við Hafnarstræti, þannig að önnur langhliðin, 18.08 m, veit að Vesturgötu 2, en hin, 18.05 m, að Hafnarstræti 1. Annar endinn, 5.95 m, veit að baklóð Hafnarstrætis 1, þar sem eru vörugeymslur eigenda þess húss, en hinn endinn, 6.86 m, er opinn til vesturs út að mótum Vesturgötu og Aðalstrætis. Þess var enda áður getið, að á spildunni hvíldi kvöð um rétt eigenda Hafnarstrætis 1 til vöruflutninga að geymslum þeirra á baklóð þess húss.

Af öllu framanskráðu er það ljóst, að sönnur brestur fyrir því, að lóðarspildu þessari hafi verið útvísað, og eigi er heldur í ljós leitt flatarmál þeirrar lóðar, er Fischer hugði sig eignast, né heldur þeirrar lóðar, er hann seldi H. P. Duus. Hins vegar er það einnig ljóst, eins og rakið var hér að framan, að H. P. Duus taldi spilduna sína eign, þegar Hafnarstræti 1 var selt á árinu 1914 svo og þegar Vesturgata 2 var seld árið 1928, en skömmu á undan því höfðu H. P. Duus og eigandi Hafnarstrætis 1 áréttað kvöðina, er á spildu þessari hvíldi, en í málinu liggur ekkert fyrir um það, að aðrir en þessir tveir aðiljar hafi notað þessa spildu. Þess var og áður getið, að uppdráttur lóðaskrárritara, sá er fylgdi afsalinu frá 1928, sýnir spilduna innan lóðarmarka Vesturgötu 2.

Þegar metið er allt það, sem segir hér að framan, þykir verða að viðurkenna eignarrétt aðalstefndu að spildu þessari og telja hana hluta af lóð þeirra við Vesturgötu.

Kröfum gagnstefnenda í gagnsök þykir nægjanlega lýst í upphafi dómsins. Þeir viðurkenna, að þríhyrningar þessir eru ekki sýndir innan lóðarmarka Vesturgötu 2 á margnefndum uppdrætti lóðaskrárritara frá 1928, hins vegar kveðast þeir alla tíð hafa álitið sig eiga spildur þessar, enda hafa hagnýtt þær óátalið af öllum, hina stærri meðal annars sem bílastæði og jafnvel til vörugeymslu og þar að auki látið gera steinsteyptar stéttir á þeim. Telja þeir sig undir öllum kringumstæðum hafa unnið hefð á spildum þessum.

Gagnstefndi hefur, eins og fyrr segir, eindregið mótmælt kröfum þessum og talið þær með öllu órökstuddar og bent á, að það skapi enga eignarhefð né eignarrétt með öðrum hætti, þótt bæjarvöldin amist eigi við almennum og eðlilegum afnotum af götum og gangstéttum, hvort sem í hlut eiga eigendur húsa við slíkar götur og gangstéttir eða aðrir menn.

Það verður að fallast á það með gagnstefnda, að gagnstefnendur hafa eigi fært fram gild rök fyrir þessum kröfum sínum, og verða kröfur þeirra í gagnsök því eigi til greina teknar.

Í dóminum áttu sæti Einar Arnalds borgardómari og meðdómsmennirnir dr. jur. Ólafur Lárusson og Lárus Fjeldsted hæstaréttarlögmaður.

Dómsorð:

Í aðalsök er viðurkenndur eignarréttur aðalstefndu, eigenda Vesturgötu 2, að framangreindri 115 fermetra skák, og telst hún hluti af lóðinni nr. 2 við Vesturgötu.

Í gagnsök skal gagnstefndi, bæjarsjóður Reykjavíkur, vera sýkn af kröfum gagnstefnenda.

Mánudaginn 15. febrúar 1960.

Nr. 144/1959. **Ákæruvaldið** (Þorvaldur Þórarinsson hdl.)
gegn
Reyni Hjaltasyni
(Einar B. Guðmundsson hrl.)
og
Sveinbirni Hjaltasyni (Jón Skaftason hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Ármann Snævarr prófessor.

Eignaspjöll. Röskun á húsfriði. Líkamsárás. Þjófnaður. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir að dómur gekk í héraði, hafa framhaldspróf farið fram. Leitt hefur verið í ljós, bæði í þeim prófum og fyrri rannsókn málsins, að auk íbúðarhúss og útihúsa á Svartagili, sem brunnu til kaldra kola, fóru forgörðum mikil verðmæti í lausafé, sem geymd voru ýmist í íbúðarhúsinu eða útihúsum, þar á meðal allt það hey, sem aflað hafði verið um sumarið.

I. Ákærði Reynir Hjaltason.

Í sakadómi 5. nóvember 1957 lýsti ákærði Reynir því,

að hann hefði fundið reykjarlykt, þegar hann fór út úr innri ganginum. Í framhaldsprófum 11. febrúar 1960 kvaðst hann muna, að hann hafi verið í reyk og svælu, eftir að bifreiðinni R 6977 var ekið frá Svartagili, en geri sér ekki ljósa atburði.

Samkvæmt vætti Guðbjörns Einarssonar hreppstjóra var húsið á Svartagili alelda, þegar hann kom þangað, eins og rakið er í héraðsdómi, og var forstofan þá fallin. Styður það framburð ákærða Sveinbjörns um, að eldur hafi verið kveiktur í forstofunni.

Með framangreindum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, að því er varðar refsingu og réttindasviptingu ákærða Reynis Hjaltasonar.

II. **Ákærði Sveinbjörn Hjaltason.**

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms er ákærði Sveinbjörn Hjaltason sannur að sök um brot þau, er þar greinir, gegn ákvæðum 217., 231. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og á þjófnaðarbrotið einnig undir 255. gr. sömu laga.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, tóku báðir hinir ákærðu hús á Markúsi bónda á Svartagili, skeyttu ekki skipun hans um að hverfa brott úr bænum, beittu hann ofríki og hröktu hann burt af heimilinu. Eftir að ákærðu voru orðnir einir eftir í húsinu, bar ákærði Reynir eld að því. Samkvæmt skýrslu ákærða Sveinbjörns hefur hann ekki gert viðhlítandi slökkviráðstafanir og hófst ekki handa um neinar virkar aðgerðir til björgunar verðmætum, þótt hann hafi átt þess kost að bjarga skepnum og ýmsum búsmunum án þess að leggja sjálfan sig í hættu, enda var hann þaulkunnugur húsakosti á bænum og þeim verðmætum, sem hér voru í húfi. Brýn björgunarskylda hvíldi á ákærða Sveinbirni vegna hættuástands þess, sem hann hafði átt þátt í að skapa, og tengsla hans við brot þetta að öðru leyti. Samkvæmt þessu varðar háttsemi hans við 2. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga og að sumu leyti við sama lagaákvæði sbr. 20. gr. nefndra laga.

Refsing ákærða Sveinbjörns samkvæmt hegningarlagagreinum þeim, sem til hefur verið vitnað, sbr. 77. gr. laga nr. 19/1940, þykir hæfilega ákveðin fangelsi 2 ár. Svo ber og að staðfesta ákvæði héraðsdóms um réttindasviptingu hans og frádrátt gæzluvarðhaldsvistar. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði á að vera óraskað. Ákærðu ber að greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda í Hæstarétti, kr. 10.000.00. Ákærði Reynir greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, kr. 7500.00, og ákærði Sveinbjörn málflutningslaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, kr. 7500.00.

Dómsorð:

Ákærðu, Reynir Hjaltason og Sveinbjörn Hjaltason, sæti hvor um sig fangelsi tvö ár.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda, frádrátt gæzluvarðhaldsvistar og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði Reynir greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 7500.00. Ákærði Sveinbjörn greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Jóns Skaftasonar héraðsdómslögmanns, kr. 7500.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda í Hæstarétti, Þorvalds Þórarinssonar héraðsdómslögmanns, kr. 10.000.00, greiði ákærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Gizurar Bergsteinssonar og Jónatans Hallvarðssonar.

Svo sem lýst er í héraðsdómi, réðust ákærðu ölvaðir inn í bæinn að Svartagili í Þingvallasveit hinn 24. október 1957.

þar sem húsráðandinn, Markús bóndi Jónsson, var einn heima. Frömdu ákærðu þar ofbeldisverk, hlýddu eigi boði húsráðanda um að hverfa á brott, en réðust á hann, beittu hann líkamlegum harðræðum og hröktu hann af bænum. Síðan dvöldust ákærðu einir manna á bænum og við hann, ákærði Sveinbjörn yfir eina klukkustund, en ákærði Reynir nokkru skemur. Á þeim tíma kviknaði í bæ og útihúsum, er brunnu til kaldra kola.

Ákærðu höfðu í verki verið samtaka um ofbeldisaðgerðir þær, sem leiddu til brottfarar húsráðanda og þar með hins hættulega ástands, sem þá skapaðist á bænum vegna dvalar ákærðu þar, eins og þeir voru á sig komnir. Samkvæmt prófum málsins er víst, að í hefur kviknað af völdum ákærðu, annars eða beggja, og ljóst er, að hvorugur þeirra hefur gert raunhæfa tilraun til að hefta eldinn eða afstýra afleiðingum eldsvoðans með öðrum hætti. Að svo vöxnu máli þykir eiga að færa háttsemi ákærðu beggja til 2. mgr. 257. gr. laga nr. 19/1940 auk 217. gr. og 231. gr. sömu laga.

Með þessum athugasemdum um forsendur stöndum við ásamt meiri hluta dómenda að dómi Hæstaréttar í máli þessu.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 24. marz 1959.

Ár 1959, þriðjudaginn 24. marz, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Þórði Björnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1410—1411/1959: Ákæruvaldið gegn Reyni Hjaltasyni og Sveinbirni Hjaltasyni, sem tekið var til dóms 24. f. m.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 28. ágúst 1958, er opinbert mál höfðað gegn ákærðu Reyni Hjaltasyni og Sveinbirni Hjaltasyni verkamönnum, báðum til heimilis í skála nr. 9 við Suðurlandsbraut, hér í bæ, fyrir að hafa fimmtudagskvöldið 24. október 1957:

I. Neitað að fara út úr bænum Svartagili í Þingvallasveit þrátt fyrir áskoranir bóndans þar, Markúsar Jónssonar, um að verða á brott úr bænum.

Telst brot þetta varða við 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Ráðist að bóndanum Markúsi Jónssyni inni í bæ hans, Svartagili, og veitt honum nokkra áverka á höfuð og hægri upphandlegg, sem marðist nokkuð, en vinstra megin á höfði ofan við eyra bólgnaði hann, og þar blæddi undir húð. Hægra megin á enni hlaut hann stóra kúlu (hæmatom) og hrufl, en á neðri vör innanverðri bólgnaði hann, og þar sprakk fyrir.

Brot þetta telst varða við 217. gr. nefndra laga.

III. Kveikt í nefndum bæ, Svartagili, sem gereyðilagðist af eldi ásamt öllu, sem í honum var, auk þess sem fjós og hlaða, full af heyi, brunnu til kaldra kola.

Telst brot þetta aðallega varða við 2. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga, en til vara við 3. mgr. þeirrar greinar.

Enn fremur er með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 28. ágúst 1958, opinbert mál höfðað gegn ákærða Sveinbirni Hjaltasyni fyrir þjófnað samkvæmt 244. gr. hegningarlaganna.

Þykir ákærði hafa brotið nefnt lagaákvæði með því að brjótast inn í Tækni h/f við Súðavog aðfaranótt 2. þ. m. og stela þar útvarpstæki, stimpilpúða, spíss af logsuðutæki o. fl.

Þess er krafizt, að báðir ákærðu verði dæmdir til refsingar og sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga svo og að þeir verði dæmdir til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Vitnið Markús bóndi Jónsson hefur krafizt þess, að ákærðu sæti refsingu fyrir atferli það, sem þeim er gefið að sök í ákæruskjali, dags. 28. ágúst 1958.

Ákærði Reynir Hjaltason er fæddur 12. maí 1932 í Reykjavík og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1940	6/6		Kærður fyrir reiðhjólastuld. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
1941	4/10		Kærður fyrir reiðhjólastuld. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
1950	17/11	Reykjavík:	Sátt. 200 kr. sekt, 330 kr. skaðabætur, fyrir ölvun og spellvirki.
1955	31/1	—	Sátt. 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
—	6/9	—	Sátt. 400 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
—	1/10	—	Kærður fyrir þjófnað. Ákæru frestað samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins 17/10 1955.

1955 8/12 Reykjavík. Sátt. 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1956 8/8 Siglufjörður. Sátt. 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 26/10 Reykjavík. Áminning fyrir brot á lögum nr. 73/1952.

Ákærði Sveinbjörn Hjaltason er fæddur 27. nóvember 1930 í Reykjavík og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1948 17/9 Reykjavík. Sátt. 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1949 13/2 — Sátt. 150 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
— 4/10 — Sátt. 150 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
— 12/12 — Kærður fyrir ölvun og spellvirki á dansleik, greiddi skaðabætur, kr. 90.50.
— 30/12 — Dómur. 60 daga fangelsi, skilorðsbundið, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir þjófnað.
1950 18/2 — Dómur. 60 daga fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
1951 19/3 Akureyri. Sátt. 150 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
1952 21/2 — Sátt. 150 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
— 2/10 Reykjavík. Sátt. 300 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
1953 12/2 — Kærður fyrir sviksamlegt atferli. Fellt niður með bréfi dómsmálaráðuneytisins.
— 25/10 — Sátt. 150 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
— 24/11 — Áminning fyrir ósæmilega framkomu á almannafæri.
1954 9/1 — Sátt. 200 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
— 2/2 — Dómur. Fangelsi 3 mánuðir, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir þjófnað og spell.
— 4/2 — Sátt. 150 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
— 14/3 — Sátt. 150 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
— 23/3 — Áminning fyrir ölvun innanhúss.

1954	30/3	Reykjavík.	Sátt. 150 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
—	20/5	—	Sátt. 150 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
—	2/10	—	Sátt. 100 kr. sama.
—	3/10	—	Sátt. 150 kr. sama.
—	3/12	—	Sátt. 200 kr. sama.
—	18/9	Vestmannae.	Sátt. 100 kr. sekt sama.
—	26/4	Reykjavík.	Sátt. 250 kr. sama.
1955	23/8	—	Sátt. 150 kr. sama.
—	11/10	—	Sátt. 150 kr. sama.
—	12/10	—	Sátt. 150 kr. sama.
—	29/11	—	Sátt. 250 kr. sama.
1956	4/8	—	Sátt. 250 kr. sama.
1956	20/10	—	Dómur. 7 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot á 244. og 248. gr. hegningarlaganna.
1956	23/10	—	Sátt. 500 kr. sekt fyrir ölvun og ryskingar.
1957	22/2	—	Sátt. 300 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1958	11/3	—	Sátt. 300 kr. sama.
—	24/3	—	Sátt. 100 kr. sama.
—	3/4	—	Sátt. 100 kr. sama.
—	8/4	—	Sátt. 150 kr. sama.
—	2/5	—	Sátt. 300 kr. sama.
—	12/7	—	Sátt. 100 kr. sama.
—	10/10	—	Sátt. 50 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 73/1952.
—	16/10	—	Sátt. 100 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

Málavextir eru þessir:

I.

A. Vitnið Markús Jónsson hefur síðan á árinu 1929 verið ábúandi á jörðinni Svartagili í Þingvallasveit og lengstum haft ráðskonu. Jörðin er ríkiseign.

Í júlímánuði árið 1942 fluttist vitnið Bergljót Haraldsdóttir, nú til heimilis í bragga nr. 9 við Suðurlandsbraut, hér í bæ, að Svartagili, og í lok sama árs giftist það Sigurði Evja, syni vitnisins Markúsar. Ílentust þau hjónin í Svartagili, áttu skepnur þar og voru vitninu til aðstoðar við búskapinn.

Þau hjónin hafa eignazt sjö börn saman, og er hið elzta fætt árið 1942 og hið yngsta árið 1956. Eitt barnanna andaðist árið 1950. Vitnið Bergljót dvaldist alltaf í Svartagili, en Sigurður Evja var langdvölum í vinnu annars staðar, bæði til sjós og lands, meðal annars á Keflavíkurflugvelli í eitt ár. Vitnið Bergljót kveður, að í janúar árið 1957 hafi maður þess farið til sjós og ekki komið aftur að Svartagili fyrr en um vorið, og þar hafi hann svo verið um kyrrt fram til 16. júní sama ár, en þá farið í burtu þaðan og ekki komið aftur. Kveður vitnið, að hann hafi verið óreglusamur og minna orðið úr vinnu hjá honum af þeim sökum, en sjálft kveðst vitnið hafa unnið mikið í Svartagili.

Vitnið Bergljót hefur einnig borið það, að Sigurður Evja hafi oft komið með kunningja sína að Svartagili, er þeir voru að drykkju. Meðal þeirra hafi verið ákærði Sveinbjörn Hjaltason, og minnir vitnið, að hann hafi fyrst komið þangað á árinu 1955, en eftir það kom hann oft þangað.

Vitnið Bergljót og ákærði Sveinbjörn þekktust því vel, þegar hann gerðist kaupamaður í Svartagili hinn 1. maí eða 1. júní 1957. Kveður vitnið, að hann hafi unnið vel og mikið sem kaupamaður.

Vitnið Markús hefur borið það, að sambúð þess og vitnisins Bergljótar hafi verið ágæt þar til um sumarið 1957, þegar vitnið komst að því, að einhver samdráttur var orðinn milli vitnisins Bergljótar og ákærða Sveinbjörns. Kveðst vitnið Markús hafa reynt að leiða því fyrir sjónir afleiðingar þessa, einkum fyrir börnin. Þá hafi vitninu gramizt, að einkum seinni hluta sumarsins hafi það komið nokkrum sinnum fyrir, að ákærði Sveinbjörn kom ölvaður í leigubifreið að Svartagili og lét vitnið Bergljótu greiða leigu bifreiðarinnar. Hafi vitnið sagt við vitnið Bergljótu, að svona gæti þetta ekki gengið til. Vitnið Markús kveður, að ekki hafi komið til orðasennu milli þess og ákærða Sveinbjörns út af samdrætti hans og vitnisins Bergljótar.

Laugardaginn 19. október greint ár hafði vitnið Bergljót tekið þá ákvörðun að skilja við mann sinn Sigurð Evja, og þriðjudaginn 22. sama mánaðar fór vitnið frá Svartagili til Reykjavíkur í þeim tilgangi að flytja þangað búferlum og leita þar atvinnu. Skildi vitnið eftir eigur sínar að Svartagili, en hafði með sér tvö yngstu börn sín, en hin börn þess fjögur voru þá ekki lengur þar.

Sama dag fór ákærði Sveinbjörn einnig þaðan alfarinn til Reykjavíkur, og voru þau vitnið Bergljót og hann samferða frá

Svartagili. Kveður hann, að ætlan þeirra hafi verið að stofna heimili hér í bænum, og hefur vitnið ekki neitað því, að svo hafi verið.

Ákærði Sveinbjörn fékk sér herbergi í Gesta- og sjómannaheimili Hjálpræðishersins í Kirkjustræti 2, en vitnið Bergljót fluttist til föður hans í bragga nr. 9 við Suðurlandsbraut, hér í bæ.

Eftir þetta var vitnið Markús eitt síns liðs í Svartagili.

B. Laust fyrir eða um hádegi fimmtudaginn 24. október kom ákærði Reynir Hjaltason, bróðir ákærða Sveinbjörns, til hans í herbergið í Gesta- og sjómannaheimilinu. Rétt á eftir kom þangað einnig vitnið Svend Rindom listmálari, sem bjó þarna á sama stað, og þekkti það ákærða Sveinbjörn frá því að það hafði dvalizt um sumarið og haustið í Svartagili við að mála myndir. Vitnið Bergljót kom einnig um svipað leyti til þeirra, en fór strax burtu. Kveðst það hafa greitt leigu herbergisins til næsta dags fyrir ákærða Sveinbjörn og lánað honum 100 krónur fyrir mat.

Ákærðu og Svend urðu ásáttir um að kaupa flösku af ákavíti, og náði einn þeirra í hana. Tæmdu þeir úr flöskunni, en vitnið Svend kveðst hafa svo til ekkert drukkið úr henni, því að það þoli ekki ákavíti. Ákærði Sveinbjörn kveðst síðan hafa náð í eina whiskyflösku, og hafi þeir þrír drukkið langt niður í hana.

Vitnið Bergljót kveðst hafa farið til Hafnarfjarðar, en komið svo aftur til ákærða Sveinbjörns í Gesta- og sjómannaheimilinu, og voru ákærði Reynir og vitnið Svend þá enn hjá honum. Hafi þeir setið að drykkju og lítið verið eftir í flöskunni, og virtist það vera „fín“ tegund áfengis. Ákærði Sveinbjörn og Svend hafi verið mjög stilltir og rólegir og ekki sézt á þeim áfengi, en ákærði Reynir verið sýnilega undir áfengisáhrifum, ör og hávær. Vitnið Bergljót kveðst hafa dvalizt nokkra stund hjá þeim, en farið svo í burtu, og muni klukkan þá hafa verið milli 15 og 15.30.

Ákærði Sveinbjörn stakk síðan upp á því, að ákærðu og vitnið Svend færu austur til vitnisins Markúsar í Svartagili. Kveðst hann hafa stungið upp á þessu, bæði af því að hann vissi, að vitnið var eitt í bænum og vildi því gleðja það með því að gefa því áfengi, svo og af því að honum þótti leiðinlegt að halda drykkjunni áfram í herbergi Gesta- og sjómannaheimilisins og vildi því fara í ferðalag og halda drykkjunni áfram annars staðar, í bifreið og austur í sveit. Ákærði Reynir kveður, að sér hafi skilizt á ákærða Sveinbirni, að hann vildi tala við vitnið

Markús í Svartagili, og vitnið Svend kveður, að ákærði Sveinbjörn hafi stungið upp á því að fara til vitnisins Markúsar til að bjóða því áfengissopa.

Ákærði Reynir og vitnið Svend féllust á uppástungu ákærða Sveinbjörns, og héldu þau svo út úr gistihúsinu. Ákærði Reynir ætlar, að klukkan hafi þá verið farin að ganga 15, og vitnið Svend kveður, að hún hafi verið yfir 15, en ákærði Sveinbjörn gizkar á, að hún hafi þá verið um 16.

Rétt fyrir utan Gesta- og sjómannaheimilið hitti ákærði Reynir unnustu sína, vitnið Kristínu Kalmannsdóttur, Trípólícamp 50, hér í bæ. Kveður vitni þetta, að klukkan hafi þá verið um eða laust eftir 16.30, og hafi ákærðu verið báðir undir áhrifum áfengis og ákærði Reynir frekar mikið, en það hafi ekki sézt áfengi á vitninu Svend. Vitnið Kristín kveðst hafa spurt ákærða Reyni að því, hvert þeir væru að fara, og hann þá sagt, að þeir væru að fara austur að Svartagili og spurt vitnið, hvort hún kæmi ekki með þeim. Vitnið kveðst hafa verið til í það. Ekkert hafi verið minnzt á það, hvert erindið væri þangað austur, og hafi vitnið gengið út frá því, að þetta væri hrein skemmtiferð. Hefur vitnið tekið fram, að nokkru áður hafi það farið ásamt ákærðu og vitninu Bergljótu austur í Svartagil til að skemmta sér, og hafi áfengi verið með í förinni og þau dvalið þar fyrir austan í nokkra daga.

Enn fremur hafi ákærði Reynir og vitnið farið austur þangað í nokkur skipti sumarið 1957 til að hitta ákærða Sveinbjörn og vitnið Bergljótu og verið þar næturlangt.

Þau héldu síðan fjögur saman í Borgarbílastöðina. Töluðu ákærðu þar við vitnið Kristján Haukdal Þorgeirsson, sem ók þá bifreiðinni R 6977 frá þeirri bifreiðastöð, og báðu það um að aka þeim austur að Svartagili, og var vitnið fúst til þess. Vitni þetta tekur fram, að það hafi nokkrum sinnum um sumarið 1957 ekið ákærða Sveinbirni þangað austur, og hafi vitnið Bergljót Haraldsdóttir verið með honum í nokkur skipti og vitnið Svend og ákærði Reynir í eitt skipti hvor. Vitnið Kristján Haukdal kveður, að ákærðu hafi þá verið eitthvað undir áhrifum áfengis, en ekki verið drukknir. Vitnið Svend hafi verið eitthvað lítið undir áhrifum áfengis, en vitnið Kristín ekkert. Síðan óku þau fjögur í bifreið vitnisins Kristjáns Haukdals í áfengisverzlunina Nýborg, og keypti ákærði Sveinbjörn áfengi þar. Ákærði Reynir og vitnið Svend bera, að áfengið hafi verið ein whiskyflaska, en vitnin Kristín og Kristján Haukdal, að það hafi verið ein

flaska af bitter brennivíni, og ákærði Sveinbjörn sjálfur ber, að það hafi verið ein til tvær whiskyflöskur.

Því næst lögðu þau af stað áleiðis austur að Svartagili. Vitnið Kristján Haukdal heldur, að klukkan hafi þá verið um 17.30. Ákærði Sveinbjörn kveðst, þegar hér var komið, hafa fundið vel til áhrifa áfengis, og ákærði Reynir hafi verið orðinn ölvaður og nokkuð æstur, en hins vegar hafi lítið borið á áfengisáhrifum vitnisins Svend. Áfengisflaskan var tekin upp, og dreyptu ákærðu og vitnið Svend á henni, og var áfengið blandað með gosdrykk, sem keyptur var í Mosfellssveit. Ekkert sérstakt bar til tíðinda á leiðinni. Vitnin Kristján Haukdal og Kristín hafa bæði borið það, að ekkert hafi verið minnzt á vitnið Markús eða hvert erindið var austur. Vitnið Kristján Haukdal kveðst hafa haldið, að þetta væri venjuleg skemmtiferð, eins og fyrri ferðir ákærða Sveinbjörns austur þangað, og vitnið Kristín kveðst hafa haldið, að ætlunin væri að vera þar næturlangt og láta bifreiðina fara til baka til Reykjavíkur.

Vitnið Kristján Haukdal kveður, að klukkan hafi verið um 19, þegar komið var austur að Svartagili, og vitnið Svend heldur einnig, að svo hafi verið. Fyrrnefnda vitnið kveður, að brennivínsflaskan hafi nú verið langt komin, en ákærðu ekki verið mjög ölvaðir. Síðarnefnda vitnið kveðst nú hafa verið komið nokkuð undir áhrif áfengis og ákærðu hafi verið orðnir eitthvað ölvaðir, ákærði Reynir þó öllu meira, og hafi hann verið orðinn órólegur, en ákærði Sveinbjörn hafi verið rólegur.

Ákærðu og vitnið Kristín fóru síðan út úr bifreiðinni og inn í bæinn.

Framburðir ákærðu og vitna um það, hvað gerðist næst, eru mjög ósamhljóða, og þykir gleggst að rekja framburð hvers þeirra sérstaklega, fyrst framburð vitnisins Markúsar Jónssonar, síðan framburði ákærðu og að lokum framburði annarra vitna.

Vitnið Markús Jónsson hefur borið það, að um kl. 19 umræddan dag hafi það verið eitt heima í herbergi einu á efri hæð í Svartagili. Hafi það þá séð, hvar leigubifreið kom í hlaðið, og hafi ákærðu, sem verið hafi töluvert ölvaðir, og ung stúlka stigið út úr henni. Hafi þau farið rakleitt inn í ólæstan bæinn, inn í eldhús á neðri hæð hans. Vitnið hafi svo heyrt einhvern hávaða þar niðri, en það hafi ekki skipt sér af því. Nú hafi bifreiðarstjórinn stigið út úr bifreiðinni og farið inn í eldhúsið, og hafi hann og ákærðu farið eitthvað að rífast út af ökugjaldi bifreiðarinnar. Bifreiðarstjórinn hafi síðan farið út úr bænum.

Vitnið kveðst nú hafa heyrt, að ákærðu lentu í áflogum, og síðan heyrði það brothljóð. Hafi vitnið þá farið niður í eldhús til þeirra og skipað þeim að hafa sig á brott, en hvorugur hafi hlýtt því. Vitninu hafi virzt, sem ákærðu ætluðu að ráðast á það, og hafi það þá gripið um járnstól, sem hægt var að leggja saman, reitt hann til höggs, en þó ekki þorað að slá með honum, þar sem það var hrætt um afleiðingarnar af því. Hafi það svo engum togum skipt, að ákærðu hafi báðir ráðizt á vitnið, og hafi viðureignin borizt inn í næsta herbergi. Ákærði Reynir hafi verið sýnu æstari en ákærði Sveinbjörn. Annar hinna ákærðu hafi slegið það vinstra megin í höfuðið, og hafi vitnið þá fallið við á legubekk. Ákærði Reynir hafi nú gripið óhlaðna haglabyssu (tvíhleypu), sem verið hafi milli legubekkjarins og veggjar, og margmiðað byssunni á vitnið og sagt, er hann hafi opnað byssuna og séð, að engin skot voru í henni: „Nú drepum við þig. Hvar eru skot?“ Máske hafi ákærði Reynir einnig slegið það einu sinni í höfuðið með byssunni. Á meðan þessu fór fram, hafi ákærði Sveinbjörn legið ofan á vitninu og haldið um háls þess, en hann hafi svo linað tökin og því þá tekizt að standa á fætur. Það hafi svo komizt út úr bænum og út í fyrrgreinda bifreið, en í henni hafi þá verið auk bifreiðarstjórans áðurgreind stúlka, sem hafi farið út úr eldhúsinu, meðan á viðureigninni stóð, svo og danskur maður, sem það hafi ekki séð fyrr en þarna úti í bifreiðinni.

Ákærði Sveinbjörn Hjaltason hefur borið það, að þegar ákærðu komu inn í bæinn, hafi ákærði Reynir farið inn í eldhúsið, en hann (ákærði Sveinbjörn) kallað á vitnið Markús í ganginum, en enginn hafi svarað. Hafi hann þá farið inn í eldhúsið og séð, að ákærði Reynir hafði fengið drykkjuæðiskast og reynt þá að stilla hann, en það ekki tekizt. Vitnið Markús hafi svo birzt í eldhúsdyrunum og rétt á eftir hafi hann séð, að það var með einhvern hlut nokkuð stóran á lofti. Vitnið hafi sagt ákærðu að fara burtu, en ákærði Reynir hafi verið svo óður, að þeir hafi svarað því engu. Ákærði Sveinbjörn kveðst muna óljóst, hvað gerðist næst. Hann minnir, að vitnið Markús hafi slegið hann í bakið með hlutnum, sem það var með, og hafi þá ákærði Reynir ráðizt að því í því skyni að taka hlutinn af því. Ákærði kveðst þá hafa reynt að skilja þá og stilla ákærða Reyni, og hafi þá komið til nokkurra sviptinga á milli þeirra. Hann kveðst ekki minnast þess, að ákærðu, annar eða báðir, réðust á vitnið Markús og slægju það eða að til frekari áfloga kæmi milli

þeirra en nú var greint. Þá kveðst hann ekki minnast þess, að ákærðu eða vitnið Markús færu úr eldhúsinu í hliðarherbergi eða að ákærði Reynir tæki fram byssu og ógnaði vitninu með henni, og muni hann ekki eftir neinni byssu. Hins vegar muni hann eftir því, að ákærði Reynir braut gasljóskúpul í lofti eldhússins og kastaði ýmsum lausum munum frá sér í drykkjuæðiskastinu. Þá muni hann óljóst eftir því, að vitnið Kristján Haukdal fór eitthvað að skipta sér af ákærðu í eldhúsinu. Síðan kveðst ákærði Sveinbjörn muna eftir því, er hann var staddur fyrir utan bæinn.

Ákærði Reynir Hjaltason hefur borið það, að ákærðu hafi farið inn í eldhús í Svartagili, en að þeir hafi hvorki orðið varir við ákærða né nokkurn annan mann í eldhúsinu eða í bænum. Ákærðu hafi nú tekið fram glas úr skáp í eldhúsinu til að drekka áfengi úr því, en áður en þeir hafi dreypt á því, hafi vitnið Kristján Haukdal bifreiðarstjóri komið inn til þeirra og sagzt ekki vilja aka þeim lengur og krafið þá um ökugjald bifreiðarinnar, kr. 400.00. Ákærði Reynir kveðst hafa boðizt til að greiða því kr. 300.00 upp í ökugjaldið, en ekki meira, úr því að það vildi ekki aka ákærðu lengra, og kvaðst mundu greiða afganginn, kr. 100.00, þegar komið væri aftur til Reykjavíkur. Vitnið Kristján Haukdal hafi ekki viljað samþykkja þetta og talað um að skilja þá eftir og farið síðan út. Ákærðu hafi nú farið að rífast sín á milli út af bifreiðinni og ökugjaldinu, en þó ekki farið að slást. Í þessum svifum hafi vitnið Markús komið inn í eldhúsið og spurt þá að því, hvað þeir væru að gera þarna og sagt þeim að fara út. Ákærði Reynir kveðst þá hafa viljað fara út, en ákærði Sveinbjörn hafi sagt vitnið Markús vera að gera að gamni sínu og verið kyrr, og hafi ákærði Reynir þá einnig verið kyrr. Vitnið Markús hafi nú farið út úr eldhúsinu, en birzt skjótt aftur í dyrum þess og verið þá með haglabyssu í hendinni, en þó ekki miðað henni á ákærðu. Ákærði Reynir kveður sér hafa dottið í hug, að vitnið Markús hefði gert unnustu hans, vitninu Kristínu, eitthvert mein með byssunni og jafnvel skotið hana, og fyrst þess vegna hafi hann gengið til vitnisins Markúsar og þrifið byssuna af því. Hann heldur, að vitnið Markús hafi síðan farið á brott úr bænum og um leið hafi hann tekið byssuna í sundur, svo að hún yrði ónothæf, og fleygt henni einhvers staðar. Hann kveðst ekki minnast þess, að hann eða ákærði Sveinbjörn slægju vitnið Markús eða lentu í áflogum við það að því undanteknu, að hann (ákærði Reynir) þreif byssuna af því, en ekki

hafi komið til neinna sviftinga milli þeirra út af því. Þá hafi ákærðu ekki farið inn í önnur herbergi á bænum en eldhúsið. Loks hefur ákærði Reynir neitað því að hafa sagt við vitnið Markús, eftir að hann hafði tekið byssuna af því, orðin: „Nú drepum við þig. Hvar eru skot?“ eða önnur slík orð, og neitar hann því einnig að hafa miðað byssunni á vitnið.

Vitnið Kristján Haukdal Þorgeirsson hefur borið það, að þegar það og vitnið Svend Rindom höfðu beðið úti í bifreiðinni um 5—6 mínútur eftir ákærðu og vitninu Kristínu Kalmannsdóttur, hafi það flautað bifreiðinni og hafi ákærði Sveinbjörn þá komið út. Vitnið hafi krafið hann um ökugjald bifreiðarinnar, en þetta hafi átt aðeins að vera skyndiferð austur þangað, og hafi bæði ákærðu og vitnið Kristín ætlað sér að vera þar eftir, en vitnið Svend hafi hins vegar ætlað að fara með vitninu aftur til Reykjavíkur. Ákærði Sveinbjörn hafi þá sagt, að ákærði Reynir mundi greiða ökugjaldið. Hafi vitnið þá farið með ákærða Sveinbirni inn í eldhúsið og þar hafi verið ákærði Reynir og vitnið Kristín og hann haldið utan um það. Vitnið Kristján Haukdal kveðst hafa krafið ákærða Reyni um ökugjaldið, kr. 400.00, en hann hafi af einhverjum ástæðum viljað aðeins greiða því kr. 300.00 þrátt fyrir tilmæli ákærða Sveinbjörns um, að hann greiddi ökugjaldið að fullu. Hafi ákærðu svo farið að rífast út af ökugjaldinu og síðan farið að slást. Vitnið Markús hafi þá komið allt í einu niður stigann og inn í eldhúsið og sagt ákærðu að fara burt úr bænum. Einnig hafi það tekið upp stól, sem leggja mátti saman, og ógnað ákærðu þannig. Þeir hafi þá hætt áflogunum sín á milli, og kveðst vitnið Kristján Haukdal ekki hafa getað betur séð en að ákærðu hafi báðir ráðizt á vitnið Markús og að minnsta kosti hafi þeir verið í áflogum við það. Vitnið kveðst ekki hafa séð ákærðu slá vitnið Markús, en annarhvor þeirra hafi hrint því með þeim afleiðingum, að það féll á bakhlutann. Kveðst vitninu ekki hafa litizt á þessar aðfarir og lagt aðra höndina á öxl Reynis og beðið ákærðu um að vera ekki að níðast á þetta gömlum manni. Ákærði Reynir hafi þá hrint því til, svo að það hentist fram á ganginn, og sagt við það um leið, að því kæmi þetta ekkert við. Hafi vitnið þá farið við svo búið út í bifreiðina, þar sem Svend var. Rétt á eftir hafi vitnið Kristín komið út á hlaðið, og kveðst vitnið Kristján Haukdal hafa þá spurt það að því, hvort áflogin stæðu enn yfir. Hafi vitnið sagt það vera og gengið að eldhúsglugganum og gægzt inn um hann og kallað svo, að þeir væru komnir með byssu. Vitnið Kristján Haukdal kveðst hafa spurt vitnið að því, hverjir væru

með byssu, og það þá svarað: „Það eru strákarnir". Vitnið Kristján Haukdal kveðst nú hafa farið út úr bifreiðinni til að reyna að skakka leikinn inni í eldhúsinu og beðið vitnið Kristínu um að fara inn í bifreiðina, og hafi vitnið gert það. Kveður vitnið Kristján Haukdal, að þegar það hafi komið að húströppunum, hafi vitnið Markús komið hlaupandi út úr húsinu og farið inn í bifreiðina. Hafi vitnið (Kristján Haukdal) þá snúið við og farið einnig í bifreiðina. Vitnið kveður, að ákærðu hafi haft brennivínsflöskuna með sér inn í eldhúsið í Svartagili og dreypt á henni þar.

Vitnið Svend Rindom hefur borið það, að um 5 mínútum eftir að ákærðu höfðu farið út úr bifreiðinni við Svartagil, hafi ákærði Sveinbjörn komið aftur út að bifreiðinni og skýrt frá því, að vitnið Markús væri heima. Hafi vitnið þá farið ásamt vitninu Kristjáni Haukdal út úr bifreiðinni og inn í eldhúsið á bænum, en það muni ekki, hvort vitnið Kristín fylgdist með þeim. Vitnið (Svend) hafi strax séð, að vitnið Markús var ekki að sjá í eldhúsinu, og hafi það því sagt við vitnið Kristján Haukdal, að það vildi halda strax aftur til Reykjavíkur. Vitnið Kristján Haukdal hafi verið því samþykkur og krafið ákærðu um ökugjald bifreiðarinnar, kr. 400.00. Ákærði Reynir hafi neitað að greiða meira en kr. 300.00, þó að hann hefði næga peninga og ákærði Sveinbjörn bæði hann um að greiða ökugjaldið að fullu. Ákærðu hafi nú farið að rífast út af ökugjaldinu, en vitnið og vitnið Kristján Haukdal hafi þá farið út úr bænum og vitnið Kristín verið þá þar úti fyrir. Þau þrjú hafi síðan farið inn í bifreiðina.

Vitnið Kristín Kalmannsdóttir hefur borið það, að þegar það og ákærðu komu inn í eldhúsið í Svartagili, hafi enginn maður verið þar. Þau hafi rætzt þarna eitthvað við um daginn og veginn og muni vitnið ekki sérstaklega eftir því, hvort ákærði Sveinbjörn fór á meðan nokkuð út þaðan. Vitnið hafi svo heyrt flautuhljóð í bifreið, en það og ákærði hafi ekkert skipt sér af því. Rétt á eftir hafi vitnið Kristján Haukdal og Svend komið inn í eldhúsið, máske hvort í sínu lagi. Fyrrnefnda vitnið hafi krafið ákærða Reyni um ökugjald bifreiðarinnar, kr. 400.00, en hann hafi ekki viljað greiða meira en kr. 300.00, þó að ákærði Sveinbjörn vildi, að hann greiddi ökugjaldið að fullu. Hafi ákærðu farið að rífast út af þessu og síðan farið að slást, og hafi ákærði Reynir farið úr jakkanum. Hafi orðið hávaði af þessu og erfitt fyrir aðra að vera í eldhúsinu. Kveðst vitnið Kristín hafa staðið í dyrunum milli eldhússins og stofunnar, og hafi þeim verið hallað aftur, en vitnið Svend hafi skriðið undir borð í eldhúsinu. Vitnið muni

ekki, hvort vitnið Kristján Haukdal reyndi að skilja ákærðu og að hann legði hönd sína á öxl ákærða Reynis í því skyni og að hann hafi þá ýtt því burtu. Þá hafi vitnið ekki orðið vart við, að ákærði Reynir eða einhver annar bryti lampa í eldhúsloftinu eða að glerbrot væru á gólfinu. Vitnið Markús bóndi hafi svo allt í einu verið kominn í eldhúsdyrnar við ganginn og sagt ákærðu að fara út. Hafi það hafið á loft járnstól, sem leggja mátti saman og var þarna í eldhúsinu, og slegið ákærða Sveinbjörn í bakið með honum, þar sem hann var í áflogum við ákærða Reyni. Ákærðu hafi þá snúizt við og ráðizt að vitninu Markúsi. Vitnið Kristín kveðst ekki hafa séð, að ákærðu slægju vitnið Markús í höfuðið eða á annan stað, en leikurinn hafi svo borizt inn í stofuna við hliðina á eldhúsinu. Vitnið kveðst ekki hafa séð vitnið Markús detta eða hvað gerðist inni í stofunni, því að það hafi farið um leið á brott út úr bænum, vegna þess að það var orðið hrætt. Vitnið hafi gengið að leigubifreiðinni og séð þá, að vitnin Kristján Haukdal og Svend voru komnir inn í hana. Hafi vitnið verið á báðum áttum, hvort það ætti að fara inn í bifreiðina og máske fara í henni í burtu eða vera kyrr á staðnum. Hafi vitnið nú gengið að eldhúsglugganum á framhlið bæjarins og litið snöggvast inn um hann. Hafi það þá séð jakkalausan mann, sem því sýndist vera ákærði Reynir, standa í eldhúsinu rétt hjá dyrunum inn í stofuna og halda á langri byssu í höndum, eins og hann væri að miða henni inn í stofuna. Hvorki ákærður Sveinbjörn né vitnið Markús hafi verið í eldhúsinu, og sá vitnið þá ekki. Kveðst vitnið nú hafa strax farið út að bifreiðinni og sagt við vitnið Kristján Haukdal: „Þeir eru með byssu“ eða „Þeir eru komnir með byssu“. Vera megi, að Kristján Haukdal hafi spurt vitnið að því, hverjir væru með byssu, og það hafi þá svarað: „Það eru strákarnir“, en vitnið man það ekki sérstaklega. Rétt á eftir hafi vitnið Markús komið hlaupandi út að bifreiðinni.

Verða nú raktir framburðir ákærðu um, hvað gerðist næst í Svartagili.

Hinn 25. október 1957 bar ákærði Sveinbjörn það í sakadómi, að hann hafi ekki getað gert sér grein fyrir því, þegar hann var staddur einn síns liðs fyrir utan bæinn, hve langur tími var þá liðinn, síðan vitnið Markús birtist með byssuna. Hann hafi hvorki séð bifreið né nokkurn mann og ekki vitað, hvað orðið hafði af ákærða Reyni. Hann hafi gengið eitthvað burt frá bænum og verið kominn nokkuð þaðan og út í mikla aurleðju og verið að snúa við vegna hennar, þegar hann hafi séð glampa leggja frá

bænum. Hafi hann þá ákveðið að halda í átt þangað, og rétt á eftir hafi hann séð ljós bifreiðar, sem var á ferð þarna nokkuð frá. Hafi hann þá farið í átt til hennar og mætt henni á veginum að bænum. Bifreiðin hafi numið staðar og hann verið tekinn upp í hana og síðan farið að bænum. Þegar þangað kom, hafi hann séð, að eldur var laus í íbúðarhúsinu og farið að loga mikið í því. Neitaði ákærði Sveinbjörn því eindregið að vera valdur að eldsvoðanum.

Sama dag bar ákærði Reynir það, að eftir að vitnið Markús hafi verið farið í burtu og hann tekið byssuna í sundur og fleygt henni, hafi hann haldið rakleitt út úr bænum og fundið þá einhverja reykjarsvælu á ganginum, en ekkert athugað það frekar. Kolniðamyrkur hafi verið úti og hvorki bifreið né menn að sjá og hafi hann þá hlaupið út á þjóðveginn á undan ákærða Sveinbirni. Stuttu síðar hafi hann séð leigubifreið vitnisins Kristjáns Haukdals fara um veginn, en hún hafi ekki numið staðar, en litlu síðar hafi borið að aðra bifreið, sem numið hafi staðar hjá honum. Maður einn í bifreiðinni hafi handtekið hann og flutt hann í henni að Svartagili, sem þá hafi staðið í ljósum loga. Neitaði ákærði Reynir því eindregið að vera valdur að eldsvoða þessum.

Í sakadómi hinn 27. október 1957 kveðst ákærði Sveinbjörn vilja breyta framburði sínum í málinu og segja allan sannleikann, og sé hann þessi:

Vitnið Markús hafi farið út úr bænum, og rétt á eftir hafi hann heyrt, að bifreið var ekið í burtu þaðan. Hann hafi strax farið út á hlaðið til að gá að því, hvort þetta væri virkilega bifreið þeirra, og séð þá ljós bifreiðar, sem hlaut að vera hún, niður undir túnhlaði. Ákærði Reynir hafi gengið á eftir honum út í fremri gang bæjarins og sagt, þegar ákærði Sveinbjörn horfði á eftir bifreiðinni: „Helvítis beinin, þeir hafa farið með hana Kristínu frá mér," eða önnur lík orð. Síðan hafi hann bætt við: „Það er bezt að kveikja í helvítis kofanum." Ákærði Sveinbjörn kveðst þá hafa sagt strax án þess að horfa til ákærða Reynis: „Ertu alveg orðinn brjálaður, eða hvað gengur að þér?" Í þessu hafi hann litið til ákærða Reynis og séð þá, að hann var kominn út úr fremri ganginum fram á tröppurnar og hafi eldsbjarmi verið í glugga á ganginum. Ákærði Sveinbjörn kveðst þá hafa strax gengið að dyrunum og séð þá, hvar eldur logaði í hálmi á einum vegg fremri gangsins, en götóttar panelþilplötur hafi verið í veggjum hans, svo að skein í beran hálminn. Ákærði Reynir hafi gengið burt frá bænum og sagt um leið: „Þeir hafa tekið hana Kristínu frá mér."

Ákærði Sveinbjörn kveðst ekki hafa séð ákærða Reyni vera með eldspýtur, þegar hann var á húströppunum og gekk þaðan burtu. Ákærði Sveinbjörn kveður, að eldurinn í ganginum hafi magnazt á svipstundu, og hafi hann farið inn í ganginn og gripið föt, sem þar héngu, og reynt að kæfa eldinn með því að troða þeim í panelgötin, þar sem hann var mestur, en hann hafi þá á sömu stundu gosið út um önnur göt á þilinu. Ákærði hafi þá farið út úr ganginum og út í fjós í þeim tilgangi að leysa kýrnar, og hafi hann opnað fjósdyrnar, en vegna hugaræsings hafi hann gleymt að leysa þær. Eldurinn hafi haldið áfram að magnast, og hafi ákærði þá ákveðið að reyna að ná í einhverja hjálp og gengið í burtu frá bænum. Eldbjarmi hafi þá sést inn um eldhúsgluggann, og eldur hafi verið kominn, að því er hann minnir, í þakskeggið fyrir ofan fremri ganginn. Hann hafi munað eftir því, þegar hann var kominn spölkorn eða 10—15 mínútna gang frá bænum, að kýrnar voru enn bundnar í fjósinu og hafi hann þá snúið við til að leysa þær. Rétt á eftir hafi hann séð ljós bifreiðar, og var henni ekið í átt til hans, þar sem hann var við veginn. Hann hafi veifað til hennar og hún numið staðar, og hafi ákærði Reynir verið þá í henni. Þeir hafi síðan farið í bifreiðinni að Svartagili, og hafi þá bifreið vitnisins Kristjáns Haukdals verið þar fyrir.

Ákærði Sveinbjörn hefur borið það, að hann hafi ekki viljað segja strax hið sanna í málinu, af því að hann hafi ætlað ákærða Reyni að gera það, en síðan hafi hann séð sig um hönd og sagt sannleikann, þó að bitur væri fyrir ákærða Reyni og þó að honum væri erfitt að bera þannig sök á bróður sinn. Enn fremur kveðst ákærði Sveinbjörn ekki hafa viljað liggja saklaus undir grun um að vera valdur að eldsvoðanum í Svartagili.

Ákærða Reyni var þegar í sama dómþingi gerður kunnur framangreindur framburður ákærða Sveinbjörns. Hélt ákærður þá fast við fyrri framburð sinn um, að hann væri ekki valdur að eldsvoðanum í Svartagili og hefði hann þegar borið það í málinu, er hann gæti, og hefði frekari yfirheyrsla hans um eldsvoðann enga þýðingu. Komst hann þannig að orði, að hann hefði gefið sína skýrslu, og réði ákærði Sveinbjörn því, hvernig hann hefði sína. Nánar aðspurður og að gefnu tilefni frá dómara kvaðst ákærði Reynir ekki vilja svara þeirri spurningu, hvort hinn breytti framburður ákærða Sveinbjörns væri rangur né nokkurri annarri spurningu dómara um málið, og breytti það engu, þó að

vakin væri sérstök athygli hans á ákvæðum 77. gr., 1. mgr., laga nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála.

Næsta dag var ákærði Reynir spurður á ný um það, hvort hann hefði ekki verið valdur að eldsvoðanum í Svartagili og hvort framburður ákærða Sveinbjörns daginn áður væri ekki réttur. Kvaðst hann þá hvorki svara þessum né nokkrum öðrum spurningum dómara um málið og gera sér grein fyrir því, að þögn hans kynni að verða skýrð honum í óhag. Hinn 31. október og 1. nóvember 1957 var hann enn yfirheyrður um málið, og hélt hann fast við þá ákvörðun sína að svara ekki spurningum dómara.

Hinn 5. nóvember 1957 var ákærði Reynir enn á ný yfirheyrður í sakadómi um málið og voru sömu spurningar lagðar fyrir hann og í dóminum 28. október. Lýsti hann því þá yfir, að hann vildi svara spurningum dómara, og var framburður hans þessi:

Hann kveðst nú ekki vilja halda því fram, að framburður ákærða Sveinbjörns um tildrögin að eldsvoðanum sé rangur, en þó að hann hafi hugsað mjög mikið um málið, geti hann ekki munað orðaskipti þau, er ákærði Sveinbjörn ber, að átt hafi sér stað á milli þeirra. Hann kveðst muna, að hann varð ofsareiður, þegar hann sá ekki vitnið Kristínu, og hélt hann, að henni hefði orðið eitthvað meint. Hins vegar muni hann ekki, hvað gerðist næst eftir þetta. Þannig muni hann hvorki eftir því, að hann segði: „Helvítis beinin, þeir hafa farið með hana Kristínu frá mér," eða önnur lík orð, né að hann hafi síðan bætt við: „Það er þá bezt að kveikja í helvítis kofanum", né að ákærði Sveinbjörn hafi þá sagt: „Ertu alveg orðinn brjálaður, eða hvað gengur að þér?" Þá muni hann heldur ekki eftir því, að hann kveikti á eldspýtu eða legði með öðrum hætti eld í ytri ganginn eða annan stað í húsinu. Hins vegar muni hann það, að hann fann reykjarlykt, þegar hann fór út úr ytri ganginum, en að hann hafi ekkert athugað lyktina frekar, því að öll hugsun hans hafi snúizt um að ná í vitnið Kristínu, og muni hann ekki, hvort hann staldraði við í ganginum. Hann hafi hvergi séð vitnið Kristínu og þá farið í burtu frá húsinu, og muni hann ekki, hvort eldur var þá orðinn laus í því. Kveðst hann ekki hafa orðið var við eld í húsinu, fyrr en hann kom aftur að bænum í bifreiðinni, sem tók hann upp á þjóðveginum. Ákærði kveðst hafa verið með eldspýtur og vindlinga í fórum sínum, þegar hann kom að Svartagili fyrst um kvöldið, og hafi hann verið enn með hvort tveggja, þegar hann var færður í varðhald. Loks tekur ákærði Reynir fram, að hann trúi því ekki, að

ákærði Sveinbjörn sé að bera annað í máli þessu en það eitt, sem hann viti, að er sannleikanum samkvæmt, enda hafi hann aldrei reynt hann að öðru. Kveðst ákærði Reynir bera fyllsta traust til hans og álíta, að hann sé ekki að bera annað en það, sem rétt sé.

Ákærði Sveinbjörn hefur tekið fram út af þessum framburði ákærða Reynis, að vera megi, að sakir ölvunar muni ákærði Reynir ekki frekar eftir atburðum þessum en hann hefur þegar borið.

Hefur samprófun ákærðu ekki frekari árangur borið.

Víkur nú sögunni aftur til vitnanna Markúsar, Kristjáns Haukdals, Svend og Kristínar. Vitnið Markús bað vitnið Kristján Haukdal um að aka þegar í stað niður á Þingvöll og til Guðbjörns Einarssonar, hreppstjóra á Kárastöðum. Varð vitnið Kristján Haukdal við því og ók bifreiðinni fyrst niður að Þingvallabæ, og voru greind fjögur vitni í henni.

Vitnið Svend kveður, að vitnið Markús hafi sagt þeim, að ákærðu hefðu báðir ráðizt á það og slegið það og verið að hugsa um að drepa það, og hefði annar þeirra slegið það í höfuðið með einhverju áhaldi, sem því skildist, að hefði verið riffill eða byssa. Vitnið Kristín hefði þá farið út úr bifreiðinni og sagzt ekki vilja fara í burtu, en hún hafi þó fengizt til að koma aftur inn í bifreiðina. Kveðst vitnið Svend hafa séð, að vitnið Markús var með áverka á höfði.

Vitnið Kristján Haukdal kveður, að eftir að það og vitnið Markús voru komnir inn í bifreiðina, en áður en lagt var af stað frá Svartagili, hafi það séð, hvar ákærðu komu út úr bænum og öskruðu eitthvað upp. Hafi vitnið ekki sinnt því, heldur ekið rakleitt í burtu og ekki tekið eftir því, hvað um ákærðu varð. Vitnið Markús hafi verið með áverka á höfði og talað um, að ákærðu hefðu ógnað því með byssu, en hún hefði verið óhlaðin, ella væri hann máske dauður.

Bifreiðin nam staðar við Þingvallabæ, og hitti vitnið Markús vitnið Jóhann Hannesson þjóðgarðsvörð, sem þar býr, og kvaðst hafa orðið fyrir árás tveggja manna í Svartagili og bað það um að síma til vitnisins Guðbjörns hreppstjóra á Kárastöðum og tilkynna því atburðinn. Kveður vitnið Jóhann, að klukkan hafi þá verið um 19.10, því að nokkrum mínútum áður hafi það verið að rita póstkröfubréf og litið þá á úr sitt, sem hafi verið 19.07. Hringdi vitni þetta þegar til vitnisins Guðbjörns. Bað vitnið Markús vitnið Guðbjörn um að handtaka tvo menn úr Reykjavík, sem þá fyrir stuttri stundu hefðu komið til þess að Svartagili og ráðizt á það og slegið það, og myndu þeir vera þar enn. Vitnið

Jóhann bað vitnið Guðbjörn um að tala við lögregluna í Reykjavík og fá aðstoð hennar. Vitnið Guðbjörn kvaðst ekki hafa bifreið til taks og bað því vitnið Markús um að sækja það að Kárastöðum. Vitnin fjögur, Markús, Svend, Kristín og Kristján Haukdal fóru síðan í bifreið þess síðasttalda til að sækja vitnið Guðbjörn, en það hringdi á lögreglustöðina í Reykjavík og bað um, að lögreglumenn yrðu sendir hið skjótasta austur að Svartagili, og var því lofað, að það yrði gert. Vitnið Guðbjörn kveður, að klukkan hafi þá verið eitthvað yfir kl. 19.30. Einnig hringdi vitnið Jóhann um kl. 19.45 til götulögreglunnar í Reykjavík í sama skyni og vitnið Guðbjörn, en það vitni hringdi síðan til Guðmanns Ólafssonar, bónda á Skálabrekku, og vitnisins Gríms Víkings Þórarinssonar, bónda á Brúsastöðum, tilkynnti þeim tíðindin og bað þá um að koma sem skjótast að Kárastöðum. Vitnið Grímur Víkingur fór nú í bifreið sinni niður á þjóðveginn til að setja bifreiðina þvert á hann og loka honum þannig. Í því bar þar að bifreið vitnisins Kristjáns Haukdals, en hún hélt áfram til Kárastaða. Rétt á eftir sá vitnið Grímur Víkingur ljós frá Svartagili og var það í fyrstu mjög lítið, en stækkaði fljótlega. Kvöldfréttir voru að hefjast í útvarpi bifreiðar vitnisins, og sýndi það, að klukkan var tæplega 20. Vitnið sannfærðist um, að eldur væri laus í Svartagili, og ók það rakleitt að Kárastöðum. Var þá bifreið vitnisins Kristjáns Haukdals komin þangað stuttu áður. Í þessu, eða kl. 20.10, hringdi vitnið Jóhann að Kárastöðum og tilkynnti, að þá tveim mínútum áður hefði verið hringt til þess frá Vatnskoti og því skýrt frá, að eldbjarmi sæist yfir Svartagili, og samtímis hefði verið hringt til þess frá Brúsastöðum og því skýrt frá, að mikill eldur sæist yfir Svartagili. Hringdi vitnið Jóhann þá strax til lögreglunnar í Reykjavík og tilkynnti tíðindin.

Var nú ákveðið að halda þegar frá Kárastöðum að Svartagili, og var farið í tveimur bifreiðum. Vitnin Markús, Svend, Kristín og Kristján Haukdal fóru í bifreið síðastnefnda vitnisins, en vitnin Guðbjörn og Grímur Víkingur fóru í bifreið þess síðarnefnda og fyrst smákrók til að sækja Guðmann bónda á Skálabrekku. Á leiðinni mættu fyrrnefndu vitnin fjögur ákærðu á þjóðveginum, þar sem þeir voru gangandi í átt að Svartagili. Var ákærði Reynir kominn lengra frá bænum en ákærði Sveinbjörn. Kveður vitnið Markús, að ákærði Reynir hafi verið niðri á Leirum, en ákærði Sveinbjörn uppi undir Biskupsbrekkum. Vitnið Svend kveður, að 1—1½ km vegur hafi verið milli ákærðu, og hafi ákærði Sveinbjörn verið nokkur hundruð metra frá Svartagili. Vitnið Kristján

Haukdal kveður, að um 1 km hafi verið milli þeirra, og hafi ákærði Reynir verið óhreinn, eins og hann hefði dottið í leðju. Ákærðu veifuðu til bifreiðarinnar, en hún nam eigi staðar, og var ætlazt til þess, að vitnin Grímur Víkingur og Guðbjörn handsömuðu ákærðu.

Það gerðu þessi tvö vitni. Tóku þau ákærða Reyni upp í bifreiðina innst eða innarlega á Leirunum, og kveða vitnin, að hann hafi þá verið undir áhrifum áfengis og vitnið Guðbjörn enn fremur, að hann hafi litið heldur illa út og eins og hann hefði lent í einhverjum ófærum, en verið rólegur. Vitnin tvö bera, að Grímur Víkingur hafi spurt ákærða Reyni að því, hvernig kviknað hafi í að Svartagili, og hann þá svarað: „Spurðu (hann) Bjössa bróður að því". Vitnið Guðbjörn kveður, að hann hafi enn fremur sagt: „Hann er líklega að brenna inni," og tekið jafnframt fram, að bifreiðarstjórinn hefði rifið í sundur gasleiðslurnar og þá allt farið í bál. Vitnið Grímur Víkingur kveður, að ákærði Reynir hafi enn fremur verið spurður að því, hvar Bjössi bróðir væri, og hafi hann þá svarað: „Hann er ef til vill brunninn inni", og enn fremur hafi hann getið þess, að hann hefði farið yfir girðingar og hrópað hvað eftir annað á Bjössa, en hann ekki svarað. Þá hefur vitni þetta tekið fram, að það hafi farið snöggvast út úr bifreiðinni og svo aftur fyrir hana, og hefði ákærði Reynir þá kunnað að hafa sagt einhver orð, sem það hafi ekki heyrt. Ákærði Reynir kveður, að rætt hafi verið í bifreiðinni eitthvað um, hvernig kviknað hefði í Svartagili, en hann minnist þess ekki að hafa sagt orð þau, sem greind tvö vitni hafa eftir honum og nú voru greind.

Stuttu eða nokkru síðar sáu vitnin tvö ákærða Sveinbjörn, þar sem hann mun hafa verið 500—600 metra fyrir neðan Svartagilstún, og tóku þau hann einnig upp í bifreiðina. Vitnið kveður, að ákærði Sveinbjörn hafi ekki verið undir áhrifum áfengis og rólegur og vitnið Grímur Víkingur, að hann hafi ekki virzt vera mikið undir áhrifum áfengis.

Þegar vitnin fjögur komu að Svartagili, var þar enginn maður, og var íbúðarhúsið orðið alelda og byrjað að kvikna í hlöðunni. Vitnin Markús og Svend fóru rakleitt út í fjós, og tókst þeim að bjarga öllum nautgripunum þar, átta að tölu. Eftir stutta stund komu fyrrnefnd tvö vitni með ákærðu á staðinn. Einnig komu nokkrir menn úr sveitinni með slökkvitæki, en þau gátu ekkert gagn gert, og loks komu klukkan rúmlega 21 þrír lögreglumenn úr Reykjavík, og var vitnið Borgþór Þórhallsson eitt þeirra. Það tókst ekki að hefta útbreiðslu eldsins og engu frekara tókst að

bjarga. Brann bærinn til kaldra kola, íbúðarhús, hlaða, fjós og fjárhús, sem var hálfgert.

Vitnið Borgþór Þórhallsson hefur borið það, að þegar lögreglumennirnir hafi komið að Svartagili, hafi ákærði Reynir setið inni í bifreið og verið sýnilega undir áhrifum áfengis og allæstur. Ákærði Sveinbjörn hafi staðið úti skammt frá brunastaðnum, og hafi hann einnig verið undir áhrifum áfengis, en rólegur.

Vitnið Markús hefur borið það, að á meðan Svartagil var að brenna, hafi ákærði Sveinbjörn staðið hinn rólegasti og horft á eldinn og ávarpað vitnið þá með þessum orðum: „Finnst þér ekki loga fallega?“ Hafi vitnið þá svarað: „Já, ert þú ekki ánægður?“, og ákærði Sveinbjörn þá svarað: „Jú, fullkomlega“.

Ákærði Sveinbjörn kveður, að mikið til hafi runnið af honum við að sjá íbúðarhúsið að Svartagili loga, og hafi hann ýmist setið inni í bifreiðinni eða staðið hjá henni. Vitnið Markús hafi komið til hans, meðan bærinn logaði, og sagt að fyrra bragði við hann: „Finnst þér þetta ekki skemmtilegt?“ eða eitthvað á þá leið. Hafi hann þá spurt það að því, hvort það væri að skella skuldinni á hann, eða eitthvað á þá leið.

Vitnin Svend og Guðbjörn segjast hafa heyrt á tal ákærða Sveinbjörns og vitnisins Markúsar, meðan bærinn var að brenna. Vitnið Svend kveður, að ákærði Sveinbjörn hafi þá spurt vitnið Markús: „Sýnist þér það ekki brenna fallega, Markús?“ Vitnið hafi svarað: „Þér finnst það brenna fallega“. Hann hafi þá svarað einhverju, sem það muni ekki hvað var. Vitnið Svend kveður, að ákærði Sveinbjörn hafi verið hinn rólegasti, og hafi verið sem bæjarbruninn hefði engin áhrif á hann. Vitnið Guðbjörn kveður, að hann hafi sagt við vitnið Markús: „Finnst þér þetta ekki fallegt, Markús?“ eða önnur lík orð. Vitnið hafi svarað: „Finnst þér það fallegt?“ og hann þá svarað: „Já, þín vegna.“

Vitnið Kristín kveðst hafa farið inn í bifreiðina, sem ákærði Reynir hafi komið á brunastaðinn í, og spurt hann að því, hvað gerzt hefði. Svör hans hafi verið ruglingsleg, og hafi hann talað um, að vitnið Markús hefði skotið á eftir ákærðu, en hann hafi ekkert talað um eldsupptökin.

Um kvöldið fannst myndavél og byssuskefti skammt fyrir utan eldhúsgluggann á bænum og vekjaraklukka nokkuð skáhallt 3—4 metra frá glugganum. Klukkan var brotin og nokkuð beygluð, og höfðu vísar hennar stöðvazt kl. 19.25. Munir þessir hafa verið lagðir fram í málinu.

Vitnið Markús kveður, að skeftið hafi verið af byssu, sem son-

ur þess hafi átt og geymd hafi verið hjá áðurgreindri haglabyssu milli legubekks og veggjar í stofunni við eldhúsið. Þá kveðst vitnið Bergljót eiga myndavélina, og hafi hún átt að vera geymd efst í skáp í eldhúsinu, en ákærði Sveinbjörn eigi klukkuna, og hafi hún verið á útvarpstæki, sem stóð á borði í eldhúsinu.

Ákærði Sveinbjörn hefur staðfest þessa framburði vitnanna Markúsar og Bergljótar um, hvar munir þessir áttu að vera. Hann kveðst ekki geta sagt um, með hvaða hætti munirnir hafa komizt út úr bænum, en vera megi, að ákærði Reynir hafi fleygt þeim út úr eldhúsinu í drykkjuæðinu.

Ákærði Reynir kveðst ekki kannast við myndavélina eða vekjaraklukkuna, en telur sig þekkja byssuskeftið, og muni það vera af byssu þeirri, sem hann tók af vitninu Markúsi og tók síðan í sundur, eða a. m. k. sé byssuskeftið eins eða svipað og skeftið af þeirri byssu. Kveðst hann ekki muna, hvar hann lét skeftið, og muni hann heldur ekki til þess, að hann kastaði nokkrum mun út úr eldhúsinu eða út úr bænum.

Lögreglumennirnir fluttu ákærðu og vitnið Kristínu til Reykjavíkur og komu þangað um kl. 23 um kvöldið. Voru ákærðu færðir í varðhald. Vitnin Markús og Svend fóru með vitninu Kristjáni Haukdal til Reykjavíkur, og fór fyrstnefnda vitnið í Slysavarðstofuna og kom þangað kl. 0.45 um nóttina.

Rétt þykir í lok þessa liðs að víkja að því, sem fram hefur komið í rannsókn málsins um tal annars eða beggja hinna ákærðu í símann í Svartagili.

Vitnið Þórarinn Grímsson, 12 ára gamall, sonur vitnisins Gríms Víkings Þórarinssonar og einnig til heimilis á Brúsastöðum, hefur borið það, að umræddan dag hafi það verið að tala í síma við vitnið Helga Sigurð Þórisson í Stíflisdal í Þingvallasveit og heyrt þá allt í einu skruðninga í símanum. Síðan hafi maður komið í símann og sagt: „Halló, elskan, á pabbi þinn bíl?“ og hafi vitnið svarað því játandi. Þóttist vitnið vita, að maður þessi væri ákærði Sveinbjörn, sem verið hafði í Svartagili, og hafi það kallað til hans: „Bjössi“ og hann þá svarað því játandi. Vitnið hafi síðan spurt hann að því, hvort það mætti tala við Markús, en hann þá sagt, að hann væri farinn, og hafi það þá spurt eftir Bergljótu, en hann þá svarað, að hún væri ekki heima. Stöðugur hávaði, sem virtist koma frá Svartagili, hafi heyrzt í símanum, og hafi hann verið eins og gler væri að brotna og aðrir hlutir að detta. Vitnið kveðst síðan hafa kallað

til föður síns og beðið hann um að hlusta á hávaðann og brothljóðin. Vitnið gizkar á, að það hafi talað við ákærða Sveinbjörn í um það bil 5 mínútur, en heyrt brothljóðin í nokkru lengri tíma.

Vitnið Helgi Sigurður Þórisson, til heimilis í Stíflisdal í Þingvallasveit, 13 ára að aldri, hefur borið það, að um kl. 1900 umræddan dag hafi það verið að tala í síma við vitnið Þórarin Grímsson á Brúsastöðum, og hafi þá maður komið inn á línuna. Vitnið Þórarinn hafi spurt, hver þetta væri, og maðurinn þá svarað, að það væri Bjössi. Kveðst vitnið Helgi Sigurður þá hafa vitað, að þetta var ákærði Sveinbjörn, sem hafði verið í Svartagili. Vitnið hafi heyrt, að hann var undir áhrifum áfengis, og virtist sem hann vildi ná í símasamband við Kárastaði, því að hann hafi kallað til konu Guðbjörns hreppstjóra þar. Vitnið kveðst hafa heyrt hávaða og skruðninga, er virtust koma frá Svartagili, og hafi þá vitnið Þórarinn spurt ákærða Sveinbjörn að því, hvaða hávaði þetta væri. Hafi hann þá svarað á þá leið, að það væri bandvitlaus og óður maður hjá sér, en frekari orð hans muni það ekki og hafi því virzt það vera hálfgert rugl, og einu sinni hafi það heyrt vein eða skerandi blístur. Vitnið gizkar á, að ákærði Sveinbjörn hafi verið um það bil 5 mínútur í símanum.

Vitnið Grímur Víkingur Þórarinsson hefur borið það, að seinni hluta umrædds dags hafi vitnið Þórarinn sonur þess skýrt því frá, að það hefði verið að tala við dreng í Stíflisdal, og hefði Svartagil þá allt í einu komið inn í samtalið og hefði það talið sig þekkja ákærða Sveinbjörn í símanum. Kveðst vitnið Grímur Víkingur þá hafa farið í símann og heyrt í einhverjum manni. Hafi hann verið eins og drukkinn og hið eina, sem vitnið skildi, hafi verið setningin: „Bjössi bróðir er hraustur". Svo hafi vitnið heyrt hávaða og brothljóð, en síðan ekkert, og hafi vitnið þá gert nokkrar tilraunir til að ná sambandi við Svartagil, en enginn svaraði þar.

Ákærði Sveinbjörn kveðst minnast þess, að ákærði Reynir hafi verið eitthvað að tala í símann í innri ganginum í Svartagili, og hafi hann þá gripið í símatækið. Hafi þá drengur spurt í símann: „Er þetta Bjössi?" og hann svarað, að svo væri. Ákærða Sveinbjörn minnir, að hann hafi spurt drenginn að því, hver hann væri, og að hann hafi þá sagzt vera frá Brúsastöðum. Einnig hálfminnir hann, að drengurinn hafi spurt eftir Bergljótu og að hann hafi sagt, að hún væri ekki heima, en hann man ekki sér-

staklega eftir því, að drengurinn spyrði hann að því, hvort hann mætti tala við Markús og að ákærði svaraði því, að hann væri farinn. Hann man ekki heldur sérstaklega eftir því að hafa kallað til konu í símanum eða sagt orðin: „Halló elskan, á pabbi þinn bíl?“ Hann minnir, að ákærði Reynir hafi svo þrifið símatækið af honum og kippt í það, svo að símasnúran slitnaði.

Ákærði Reynir kveðst ekki minnast þess að hafa talað í síma í Svartagili í umrætt skipti og man heldur ekki til þess, að hann tæki símaáhaldið upp eða sliti símasnúruna. Hann man ekki heldur til þess, að ákærði Sveinbjörn talaði í símann eða ætti nokkuð við hann.

C. Með bréfi, dags. 16. október f. á., hefur jarðeignadeild dómsmálaráðuneytisins gefið dóminum meðal annars eftirtaldar upplýsingar um jörðina Svartagil:

„Öll hús á jörðinni eru byggð í tíð Markúsar Jónssonar.

Úttekt hefur aldrei farið fram, svo ekki er unnt að gefa glögga lýsingu á húsakosti.

Íbúðarhús, fjós og hlaða var byggt árið 1929.

Stærð íbúðarhúss var 370 teningsmetrar, hlaðan tók sem næst 300 hesta, og fjósið 7 gripi.

Húsin voru byggð úr steini, en innréttuð úr timbri.“

Samkvæmt upplýsingum brunadeildar Samvinnutrygginga nam brunabótamat íbúðarhúss og hlöðu að Svartagili haustið 1934 kr. 6.800.00, en að viðbættum hækkunum á byggingarvísitölu frá og með 15. október 1957 kr. 89.000.00.

Vitnið Markús Jónsson hefur lýst Svartagili þannig:

Íbúðarhúsið var steinsteypt, kjallari og ein hæð og ris. Hæðinni og kjallaranum var skipt í 4 herbergi og gang. Á hæðinni voru 3 herbergi, nokkurn veginn jafnstór, þ. e. 2 stofur og eldhús, en fjórða herbergið var minna en hin, sem ganginum nam. Allir milliveggir í kjallara voru úr steini, en á hæðinni aðeins milliveggurinn frá vestri til austurs. Öll gólf hússins voru úr timbri. Við austurhlið íbúðarhússins var heyhlaða, en austan við hana fjós, og var veggurinn þar milli úr timbri. Austurveggur fjóssins var úr steini. Báðir stafnar á fjósi og suðurhlið á hlöðu voru úr steini, en norðurstafn hlöðu úr timbri. Öll voru húsin sambyggð, en þó ekki innangengt úr íbúðarhúsi í hlöðu eða fjós. Austan við fjósið var gömul fjárhústóft, en fyrir norðan hlöðuna súrheysgryfja. Á hluta vesturhliðar íbúðarhússins var for-

stofa með einum glugga í vestur, en útidyr og tröppur úr forstofu á suðurhlið.

Þak forstofunnar var úr járni, en hliðar úr timbri. Að innan var hún þiljuð með panel, og var hann sums staðar farinn að gefa sig, eins og undir glugganum, þar sem göt voru á honum, enda orðinn nær 30 ára gamall. Vitnið man ekki sérstaklega eftir því, hvort eða hvernig veggir forstofunnar voru stoppaðir, en þeir kunna að hafa verið það, a. m. k. að einhverju leyti, en þetta man vitnið ekki fyrir víst. Í forstofunni var mikið geymt af fatnaði, bæði yfirhöfnum, jökkum og fleiri fötum, og var hann geymdur á snögum á vesturhlið hennar, nálægt útidyrunum. Innst í forstofunni voru tveir skápar, þar sem geymd voru ýmis konar smíðatól og verkfæri.

Við austurvegg eldhússins var langt borð úr timbri með skápum ofan á, við suðurvegg annað borð úr timbri án skápa, við vesturvegg klæðaskápur fullur af taui og við norðurvegg þess, fast við dyrnar inn í norðausturherbergið, var kolaeldavél með miðstöð, og var járnplata undir vélinni. Vitnið hafði eldavél þessa oftast í notkun, og var hún það umræddan dag, 24. október 1957. Bætti vitnið kolum seinast á hana milli kl. 15 og 16 um daginn, og gengur vitnið út frá því, að glóð hafi verið í vélinni, þegar ákærðu komu til þess.

Í norðvesturhorni eldhússins var gaseldavél, og var engin plata undir henni, heldur stóð hún á berum gólfdúknum. Vélin var tengd með plast- eða gúmmíslöngu, sem gekk í gegnum vesturvegginn í öryggishana, sem skrúfaður var fastur á austurvegg gangsins. Frá hananum var slanga, sem tengd var í öryggisventil á gasgeymi, sem stóð á gólfinu í norðausturhorni gangsins. Vélin var öll í lagi ásamt bakaraofni, og notaði vitnið hana seinast umræddan dag til að hita sér kaffi, nokkru áður en ákærðu komu til þess. Toppplata, grindur og brennarar vélarinnar var allt á sínum stað, seinast þegar vitnið vissi til.

Rafmagn var ekki í húsinu. Að vísu voru þar gamlar rafleiðslur, en þær voru ekki í notkun. Lýsing hússins var með gasljósum, svokölluðu Kosan-gasi, og var það leitt um húsið í eirrörum frá gasgeymi í ganginum.

Vitnið tekur fram, að þegar það yfirgaf bæinn, hafi aðeins verið logandi gasljós í eldhúsinu og ekki skrúfað frá öðrum gaskrönum.

Í kjallara hússins voru geymslur og þvottahús og í einu her-

bergi hænsni. Á efri hæð voru tvö svefnherbergi, og var gengið þangað upp úr ganginum.

Loks kveður vitnið Markús Jónsson, að legubekkurinn, sem það hafi fallið á í viðureigninni við ákærðu, hafi verið við vesturvegg norðausturherbergisins og byssurnar verið við suðurenda legubekkjarins.

Vitnið Bergljót Haraldsdóttir hefur borið það, að forstofa íbúðarhússins að Svartagili hafi verið úr timbri og þakið járnklætt og gluggi verið á vesturhlið hennar. Hún hafi verið að innan klædd panel, sem hafi verið mjög gamall, slitinn og víða úr sér genginn og brotinn á nokkrum stöðum. Vitnið man ekki sérstaklega eftir því, að fyrir innan panelinn væri hálmur eða stopp, en þó kunni það að hafa verið. Tveir geymsluskápar hafi verið innst í forstofunni, en framarlega vestanmegin í henni hafi verið geymdur á snögum ýmis konar fatnaður, einkum utanyfirfatnaður. Kolaeldavél hafi verið nálægt miðju norðurveggs eldhússins og gaseldavél í norðvesturhorni þess. Báðar þessar vélar hafi verið í lagi og notaðar jöfnum höndum og daglega nema bökunarofn kolavélarinnar, sem hafi ekki verið notaður í mörg ár. Þá kveður vitnið Bergljót, að um mánaðamót september og október 1957 hafi það orðið vart við leka á leiðslunni að gaslampanum í eldhúsloftinu, þannig, að ef skrúfað var frá öryggishananum í ganginum, lak gas út í eldhúsið. Kveðst vitnið hafa bent vitninu Markúsi á þetta, sem hafi þá reynt að laga það, og eftir það hafi ekki orðið vart við gaslykt. Vitnin Guðbjörn Einarsson og Grímur Víkingur Þórarinsson hafa bæði borið það, að forstofa íbúðarhússins hafi verið úr timbri og járn verið á þakinu, en þau muna ekkert frekar eftir því, hvernig veggir hennar voru.

Vitnið Njörður Snæhólm, rannsóknarlögreglumaður í Reykjavík, til heimilis á Þingholtsbraut 11 B, Kópavogi, fór austur að Svartagili daginn eftir eldsvoðann og kom þangað kl. 12.30. Athugaði vitnið aðstæður, og segir í skýrslu þess um þá athugun meðal annars:

„Veggir og stafnar voru uppistandandi, en þakið fallið niður og allt brunnið, sem brunnið gat, og voru veggirnir því alveg naktir innan."

„Á suðurstafni hússins voru tveir gluggar á kjallara, tveir á hæð og einn uppi í stafninum. Norðurstafninn var eins, en þar voru engir kjallaragluggar. Einn gluggi var á vesturhlið."

„Fjós og hlöðuþakið var fallið niður, og nokkur eldur var í

heyinu í tóftinni og gaus strax upp, er járnplötunum var lyft upp. Súrheysgryfjan var tóm."

„Eldur logaði einnig í öllum herbergjum í kjallaranum og einnig í kjallara viðbyggingarinnar, en í honum munu hafa verið geymd kol meðal annars. Í kjallaraherbergjunum var alls konar drasl, járnplötur, rúmgrindur, dunkar og yfirleitt það, sem verið hefur á hæðinni og í risinu og fallið hefur niður og ekki verið brunafært. Loft og gólf virðast hafa verið úr timbri, því brunnir bitaendar voru í veggjunum.

Ekkert var þarna nálægt, sem skaðazt hefði getað eða sem skaðað var af brunanum."

„Rafmagn var ekki í húsinu. Húsið mun hins vegar hafa verið lýst með gasljósum frá svokölluðu „kosan-gasi", sem er á málmdunkum. Þannig gasvél lá á milliveggnum milli suðurherbergjanna við reykháfinn, en veggurinn milli suður og norðurherbergja er steyptur upp, og á þessum sama vegg, sem steyptur er upp, hékk kolaeldavél í tveimur leiðslum, en húsið mun hafa verið hitað upp út frá þessari vél. Vél þessi hékk því sunnan á veggnum í suðausturherberginu og rétt austan við reykháfinn og milliveggnn, sem gasvélin lá á, en hún var ótengd. Eldhólf og bakaraofn á kolavélinni var opið, og um hnefastór steinn var í bakaraofninum.

Gasvél lá, eins og áður er sagt, í ofnhurðinni á milliveggnum og vó þar salt. Ein löpp hennar nam við kolaeldavélina, og lá hún því skáhallt á veggnum með toppinn í suðvestur. Á topp vélarinnar eru þrjú göt fyrir brennara, en enginn brennaranna var í þeim. Einnig vantaði toppplötuna á vélina og grindurnar, sem eru í kringum brennarana. Ég fór niður í kjallarann í þeim tilgangi að leita að brennurunum og gróf þar í ruslið. Í suðvesturherberginu vestan við milliveggnn, eða þeim megin sem toppur vélarinnar var, fann ég einn brennarann og eina grind. Einnig var gasdunkur í þessu hólfi. Austan við vegginn, þeim megin sem botn vélarinnar var, fann ég hina tvo brennarana. Toppplötuna og hinar tvær grindurnar fann ég hins vegar ekki, enda var hitinn svo mikill milli loganna, að ég hélzt ekki við nema smá-stund. Þetta bendir til, að gasvélin hafi verið rifin af mannavöldum og að brennararnir og ristarnar hafi verið rifið af vélinni, áður en undan henni brann.

Í norðvesturhorni í suðausturkjallarahólfi var þvottapottur og rétt austan við hann, við milliveggnn, var miðstöðvarketill, en hann var lokaður. Ekki er hægt að segja neitt um það, með

hverjum hætti þarna hefur kviknað í, þegar gengið er út frá því, sem hægt var að sjá á staðnum."

„Rétt er að geta þess, að gaskútur sá, sem lá í suðvestur kjallaraherberginu, var heill, þ. e. ósprunginn. Þó lá hann þar í eldi. Ekki var hægt að sjá á veggjunum innanverðum eða neinu öðru þarna inni, hvar eldurinn hefði byrjað eða verið mestur."

Eftir hádegi 30. október 1957 fór vitnið Njörður Snæhólm aftur austur að Svartagili í þeim tilgangi að athuga brunarústirnar betur, ef ske kynni, að eitthvað frekara kæmi þá í ljós. Segir í skýrslu vitnisins um ferð þessa meðal annars:

„Enn logaði í heyinu og kolum í kjallaranum undir forstofunni, sem var. Einnig rauk úr N.A. horni S.A. herbergisins."

„Þakjárnið var tekið upp úr N.A. herbergi. Um það bil fyrir miðju þess og um meter frá vegg lá ónýt prjónavél. Við suðurvegg innan um járnið og undir því lá talsvert af hnífum, skeiðum og göfflum og eitthvað af bollapörum. Allt ónýtt. Þá var þakjárnið tekið úr S.A. herbergi. Í um það bil miðju þessu herbergi lá lokið ofan af kosan-gasvélinni og var á hvolfi."

„Kosan-leiðslurnar, sem fundust, voru brunnar og slitnar og ekkert hægt að segja um nýja eða gamla áverka á þeim."

Vitnið Njörður Snæhólm hefur staðfest skýrslur þessar fyrir dómi og tekið þá fram að gefnu tilefni, að ekkert hafi verið eftir af forstofunni og hafi hún verið brunnin niður í gólf.

Ragnar Vignir, forstöðumaður tæknideildar rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík, til heimilis að Miðtúni 76, hér í bæ, fór með vitninu Nirði Snæhólm austur að Svartagili í bæði skiptin og tók ljósmyndir og gerði uppdrætti af brunastaðnum.

Þá fékk dómurinn tvo sérfróða menn, vitnin Egil Hjörvar, eldvarnaeftirlitsmann Reykjavíkurbæjar, til heimilis á Langholtsvegi 141, hér í bæ, og Svein Guðmund Áka Kragh, vélstjóra við Elliðaár, til að athuga hitunartæki íbúðarhússins að Svartagili. Fóru vitni þessi austur þangað eftir hádegi 30. október 1957 um leið og lögreglumennirnir Njörður Snæhólm og Ragnar Vignir. Segir í skýrslu vitnanna um athugun þessa meðal annars svo:

„Í húsinu höfðu verið tvær kolaeldavélar og einn kolaofn, auk þess var þríhólfa „kosan"-gaseldavél í eldhúsi og þvottapottur í kjallara, er hitaður var með „kosan"-gasi.

Þar sem húsið var gerbrunnið og allt fallið niður í kjallara, að undanskilinni kolaeldavél og gaseldavél, er verið höfðu í eldhúsi, voru aðstæður til ákvörðunar um frágang hitunartækja mjög erfiðar. Eftir atvikum virðist allt benda til þess, að frágangur

hafi verið mjög viðunanlegur, reykrörstengingar sátu allar fastar í reykháf. Koldaeldavél í eldhúsi stóð við steyptan millivegg og hafði ekki fallið niður eða hreyfzt úr stað, þar sem við hana voru tengdar rörlagnir frá hitalögn hússins, og héldu þær vélinni uppi. Gaseldavélin lá með framhlið ofan á millivegg og skorðaðist við kolaeldavél. Allir gaslokar eldavélar voru við athugun lokaðir. Brennarar og ristar yfir þeim höfðu fallið niður í kjallara og lágu við millivegginn, sem gaseldavélin lá á. Við leit fannst platan ofan af gasvél á kjallaragólfi, allfjarri þeim stað, sem gaseldavélin lá á."

„Þvottapottur í kjallara var hitaður með „kosan"-gasi, virtist hann óskemmdur með öllu, en tengislöngur voru að sjálfsögðu brunnar. „Kosan"-gashylki hafði verið staðsett í forstofu á hæð hússins, og lá það í kjallara þar undir. Öryggishetta hafði brunnið af hylkinu og gasið streymt út. Ekkert bendir til þess, að hylkið hafi valdið sprengingu. Gaslagnir allar voru það illa farnar í brunanum, að ógerningur er að segja um, hvernig þær hafa verið lagðar eða tengdar. Efni í gaslögnum, að fengnum upplýsingum bóndans og af því sem í rústunum fannst, var af venjulegri gerð, eirrör og koparskrúftengi."

Vitnin Egill og Sveinn Guðmundur Áki Kragh hafa staðfest skýrslu þessa fyrir dómi, og hefur síðarnefnda vitnið tekið fram við það tækifæri, að það hafi annazt uppsetningu á kósan-eldavélum og öðrum kósan-tækjum, en þó ekki í Svartagili.

Vitnið Kristján Haukdal Þorgeirsson hefur borið, að það geti engar upplýsingar gefið um, hver hefur verið orsök eldsvoðans í Svartagili. Vitnið kveður, að ákærðu hafi reykt á leiðinni austur að Svartagili, en verið eldspýtnalausir, og hafi það þá gefið þeim næstum því fullan eldspýtnastokk, en það man ekki, hvor þeirra tók við honum. Vitnið kveðst ekki hafa reykt, meðan það dvaldist í bænum, og man það ekki til þess að aðrir, sem þar voru inni, gerðu það. Það hafði ekki orðið vart við, að nokkur kveikti á eldspýtu þar inni eða hefði þar um hönd óbyrgt ljós og það hafi heldur ekki orðið vart við reykjarsvælu inni í húsinu. Gasljós hafi logað í eldhúsinu, en vitnið hafi ekki orðið vart við neitt óeðlilegt við það. Þar hafi einnig verið gaseldavél og kolaeldavél, og á leiðinni til Reykjavíkur hafi vitnið Markús sagt því, að glóð hefði verið í síðarnefndu vélinni og hefði það verið hætt að kynda hana, nokkru áður en ákærðu komu til þess.

Vitnið Svend Rindom kveðst ekki hafa hugmynd um, hver hefur verið orsök eldsvoðans á Svartagili, og hafi það ekki orðið

vart við reyk inni í bænum, á meðan það dvaldist þar. Vitnið hafi verið að reykja vindling, þegar það kom inn í eldhúsið, en slökkt þar í honum í öskubakka og ekki kveikt þar í nýjum. Vitnið Kristján Haukdal hafi slökkt í vindlingi sínum, áður en það gekk í bæinn, og ekki reykt þar inni. Þá kveðst vitnið Svend ekki muna til þess, að ákærðu væru reykjandi inni í bænum. Kveður vitnið, að enginn eldur hafi verið kveiktur í eldhúsinu, meðan það var þar, en það minnir, að kolaeldavél hafi verið þar í gangi. Gasljós hafi logað í eldhúsinu, en vitnið hafi ekki orðið vart við neitt óeðlilegt við það.

Vitnið Kristín Kalmannsdóttir hefur borið það, að ákærðu og vitnið Svend hafi reykt í bifreiðinni á leiðinni austur að Svartagili og að vitnið Svend hafi reykt inni í eldhúsi, en það muni ekki til þess, að aðrir gerðu það. Vitnið kveðst ekki hafa orðið vart við, að kveikt væri á eldspýtu þar inni, en kveður, að ákærði Reynir hafi hlotið að vera með eldspýtur á sér, af því að hann sé alltaf með þær. Vitnið kveður, að ljós hafi verið í eldhúsinu, þegar það og ákærði komu þangað inn, en kveðst ekki hafa orðið vart við, að ákærði Reynir eða einhver annar bryti þar lampa í lofti. Því hafi sýnzt eldur vera í kolaeldavél, og hafi glóð áreiðanlega verið í henni, en það hafi ekkert athugað það frekar. Vitnið kveðst ekki hafa fundið gaslykt í eldhúsinu.

Vitnið Markús Jónsson kveðst ekki hafa orðið vart við, að gasljóskúpull í eldhúsloftinu væri brotinn.

Vitnið Grímur Víkingur Þórarinsson kveðst hafa heyrt á tal ákærðu, þegar þeir voru inni í bifreið þess, á meðan Svartagil var að brenna. Annar þeirra hafi sagt, að vitnið Markús hefði skotið á þá, en ekki hitt þá, en hins vegar gasljósið í eldhúsinu. Hinn hafi þá svarað eitthvað á þá leið, að það væri ekki rétt, vitnið Kristján Haukdal hefði slitið gasleiðslurnar af gasgeyminum (gaskútnum). Ákærði Sveinbjörn kveðst minnast þess, að ákærði Reynir sagði við hann í greint skipti, að vitnið Markús hefði skotið á þá, en ekki hitt þá, heldur gasljósið í eldhúsinu, en neitar því eindregið að hafa sagt við ákærða Reyni eitthvað á þá leið, að það væri ekki rétt og að vitnið Kristján Haukdal hefði slitið gasleiðslurnar af gasgeyminum (gaskútnum). Ákærði Reynir kveðst ekki muna sérstaklega eftir því að hafa sagt fyrrgreind orð, sem ákærði Sveinbjörn telur hann hafa sagt, og kveðst ekki muna eftir neinum orðaskiptum ákærðu í greint skipti.

Ákærði Sveinbjörn hefur, eins og áður er getið, borið, að ákærði Reynir hafi í drykkjuæðiskasti sínu brotið gaskúpul í lofti eld-

hússins í Svartagili. Kveður hann, að það hafi gerzt, áður en vitnið Markús birtist, og hafi hann þá verið frammi á gangi og því ekki geta sagt um, með hvaða hætti verk þetta var unnið, en kúpullinn hafi ekki verið í seilingshæð og því verið auðvelt að ná til hans og brjóta hann. Þá kveðst hann ekki minnast þess, að ákærði Reynir eða nokkur annar hreyfði eða ætti nokkuð við kolaeldavélina eða gasvélina í eldhúsinu.

Ákærði Reynir kveður, að ákærðu hafi verið reykjandi vindlinga, þegar þeir komu inn í eldhúsið á Svartagili, og minnir hann, að hann hafi slökkt í sínum vindlingi í vaski þar og hafi ákærðu ekki kveikt í nýjum vindlingi eða á eldspýtu þar inni. Hann muni ekki til þess, að hann bryti ljóskúpul í eldhúsloftinu, og hafi ljós verið þar og verið enn, þegar hann fór út þaðan. Þá minnist hann þess ekki, að hann hreyfði eða ætti nokkuð við eldavélarnar tvær í eldhúsinu, og kveður hann, að hiti hafi verið frá kolaeldavélinni.

Samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands var veður á Þingvöllum 24.—25. október 1957, sem hér segir:

Dags.	IMT.	Vindátt og veðurhæð	Veður	Skyggni	Hiti C°
24/10	1700	WSW 4	Rigning á síðustu klukkust.	15 km.	4.9
		WSW 1			
25/10	0800	WSW 1	Snjóél	4.5 km.	0.3

Vitnið Markús Jónsson telur fjártjón sitt vegna brunans í Svartagili vera tilfinnanlegt, því að allar eigur þess, sem inni brunnu, hafi verið óvátryggðar. Voru það nokkrir innanstokksmunir, fatnaður, matarforði til vetrarins, um 300 hestar af heyi, um 70 hænsni, tveir hundar, nokkur þúsund krónur í verðbréfum, nokkurt reiðufé og einn skápur fullur af bókum.

Þá kveðst vitnið Bergljót Haraldsdóttir hafa misst allar eigur sínar í eldsvoðanum. Voru það aðallega 3 djúpir stólar, 3—4 borð, 2 dívanar, bókaskápur fullur af bókum, eldhúsáhöld, rúmfatnaður, stór prjónavél, stór saumavél stigin svo og þvottapottur. Innbú vitnisins var vátryggt hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f fyrir kr. 25.000.00.

Þá hefur ákærði Sveinbjörn borið, að það litla, sem hann hafi átt, hafi hann misst í eldsvoðanum, fatnað sinn, myndir af börnum sínum og skyldfólki svo og aðra nauðsynjahluti, sem vinnumaður hefur og þarf að hafa hjá sér.

Vitnið Guðjón Lárusson, sem var læknir í Slysavarðstofu Reykjavíkur, þegar vitnið Markús Jónsson kom þangað umræddа

nótt, hefur gefið vottorð um meiðsli vitnisins þá, og segir í því meðal annars:

„Við komu hingað var hann (þ. e. vitnið Markús) vel hress. Púls 83 p.m., blóðþr. 170/90, pupillur jafnar. Hann kvaðst ekki hafa misst meðvitund við höggin.

Vinstra megin á höfði, ofan við eyrað (í reg. temporalis sin.) er hann bólginn (hæmatom) á tæplega lófastórum bletti og húðin þar yfir hrufluð, án þess þó að sprungið hafi fyrir. Hruflið nær svo alveg fram á vinstra gagnauga. Kvartar hann um dál. óþægindi við hreyfingar í kjálkaliðnum þeim megin. Hægra megin á enni er hann með ca krónu stóra kúlu (hæmatom), og húðin þar yfir hrufluð. Á neðri vör innanverðri er hann dál. bólginn, og hefur þar sprungið fyrir. Á hægri upphandlegg er gómstór marblettur.

Á röntgenmyndum, sem teknar voru hér í and.-post og hliðarstellingu, var ekki hægt að greina brot á höfuðbeinum."

Vottorð þetta hefur læknirinn staðfest fyrir dómi, en tekið þá fram, að nákvæmara væri að segja í stað þess að húðin hafi verið hrufluð, að smáblæðingar (petechiur) hafi verið undir henni.

Hinn 19. nóvember 1957 var kveðinn upp úrskurður í sakadómi um, að rannsókn skyldi fram fara á andlegum og líkamlegum þroska, heilbrigðisástandi svo og á sakhæfi Reynis Hjaltasonar og að hann skyldi lagður undir rannsókn sérfræðings í þessu skyni. Var Þórði Möller, deildarlækni í Kleppsspítalanum, hér í bæ, falið verk þetta. Niðurstaða læknisins í skýrslu hans, dags. 6. marz 1958, er þessi:

„Álit mitt á Reyni Hjaltasyni er því:

Hann er hvorki fáviti né geðveikur, heldur *mjög treggefinn* maður með kleifhugaskapgerð og geðveill (schizoid psykopat), og verður geðveila hans að teljast á háu stigi. Hann er yfirleitt dagfarsgóður, en einrænn, innhverfur, þrár og framkvæmdasnauður; við vín verður hann einatt óviðráðanlegur og allt að því viti sínu fjær, og í slíku ástandi er hann grunaður um að hafa unnið óhappaverk, sem hann gerir sér grein fyrir, að er í fyllsta máta refsivert, en getur hvorki játað á sig eða neitað vegna óljósrar vitundar um, hvað skeði."

D. Kemur nú til álita, hvort ákærðu hafa gerzt sekir um þá háttsemi og þær lagagreinar, sem um getur í ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 28. ágúst f. á.

1. Með vitnaframburði þeim svo og með framburðum ákærðu

sjálfra, sem raktir eru í B-lið hér að framan, er nægileg sönnun fram komin fyrir því, að vitnið Markús Jónsson, ábúandi að Svartagili, skoraði á ákærðu að hafa sig brott úr bænum, en þeir hlýddu því ekki. Hafa þeir með þessari háttsemi sinni gerzt brotlegir gegn 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

2. Það er upplýst með framburðum vitnanna Kristjáns Haukdals Þorgeirssonar og Kristínar Kalmannsdóttur svo og með framburði vitnisins Markúsar Jónssonar sjálfs, sem raktir eru í B-lið hér að framan, að síðastnefnt vitni greip til járnstóls og reiddi hann til höggs. Kveðst vitnið hafa gert þetta, þar eð því virtist sem ákærðu ætluðu að ráðast á það, en það hafi þó ekki þorað að slá þá með stólnum vegna afleiðinganna, sem af því kynnu að hljótast, og er ósannað, að það hafi slegið þá með honum. Þá verður að telja sannað — og þykja framburðir ákærðu styðja það frekar en að vera því í gegn — að ákærðu réðust síðan að vitninu Markúsi og slógu það, en fyrrnefnd framkoma þess verður ekki talin hafa nægilega réttlætt það. Samkvæmt framburðum vitnisins og ákærða Sveinbjörns sýnist sem ákærði Reynir hafi greitt því höggið eða höggin, en ákærði Sveinbjörn haldið því á meðan, en annars er þátttaka hvors þeirra í árásinni nokkuð á huldu. Verður þeim báðum gefin sök á meiðslum þeim, sem vitnið hlaut í árásinni og greind eru í vottorði Guðjóns Lárussonar læknis. Hafa ákærðu því báðir með atferli sínu gerzt brotlegir gegn 217. gr. hinna almennu hegningarlaga.

3. Það er ósannað með öllu, að ákærðu og félagar þeirra hafi farið austur að Svartagili í öðrum tilgangi en þeim, sem ákærði Sveinbjörn hefur haldið fram, þ. e. að skemmta sér og gefa vitninu Markúsi Jónssyni áfengissopa.

Þá verður að telja, að ekkert það hafi komið fram í málinu, sem af megi ráða eða geri það líklegt, að eldsvoðinn hafi stafað út frá eldavél, útbúnaði ljósa eða annarra tækja eða hlotizt af reykingum eða annarri óvarlegri meðferð elds.

Vitnin Markús Jónsson, Kristján Haukdal Þorsteinsson, Svend Rindom og Kristín Kalmannsdóttir voru nýfarin frá bænum, þegar eldsvoðann bar að höndum, og hafa þau ekki getað gefið upplýsingar um upptök hans né orsakir.

Ákærðu voru þá einir eftir þar og því eigi aðrir til frásagnar um það mál.

Ákærði Sveinbjörn hefur staðfastlega neitað því að vera valdur að eldsvoðanum. Í fyrstu bar hann, að hann hefði verið kominn nokkuð frá Svartagili, þegar hann hafi séð glampa leggja

þaðan. Hafi hann þá snúið við og komizt í bifreið til bæjarins og séð þá, að eldur var laus og farið að loga mikið í íbúðarhúsinu. Síðan breytti hann framburði sínum á þann veg, sem nánar er rakið í B-lið hér að framan, að ákærði Reynir hafi sagt: „Helvítis beinin, þeir hafa farið með hana Kristínu frá mér“ eða önnur lík orð og bætt síðan við: „Það er bezt að kveikja í helvítis kofanum.“ Hann hafi þá litið til ákærða Reynis og séð, að hann var kominn úr fremri gangi og út á tröppur bæjarins og hafi eldsbjarmi verið í glugga á ganginum. Kveðst ákærði Sveinbjörn þá hafa gengið strax að dyrunum og séð, hvar eldur logaði í hálmi í einum vegg gangsins, og hafi hann reynt án árangurs að kæfa eldinn með fötum, sem þar hafi verið.

Við mat á sönnunargildi framburðar þessa ber að hafa í huga bæði það, að hér er ákærður maður að bera af sér sök og beina henni að meðákærða sínum, svo og það, að meðákærði er bróðir hans.

Í málinu hefur ekkert það komið fram, sem sýni, að seinni framburður ákærða Sveinbjörns sé í einhverjum atriðum rangur, þá þykir það ekki þurfa að rýra gildi framburðarins, að ákærði Sveinbjörn bar í fyrstu nokkuð á annan veg, enda hefur hann gefið þá skýringu á því, að hann hafi ætlað ákærða Reyni að bera hið sanna í málinu, en síðan hafi hann séð sig um hönd, þar sem hann hafi ekki viljað liggja saklaus undir grun um að vera valdur að eldsvoðanum og sagt sannleikann, þó að bitur væri fyrir ákærða Reyni og þó að honum væri erfitt að bera þannig sök á bróður sinn.

Þá hafa komið fram nokkur atriði í rannsókn málsins, sem gætu verið til stuðnings framburði ákærða Sveinbjörns, og eru þau þessi:

Það er sannað, að ákærði Reynir var orðinn talsvert ölvaður, þegar ákærðu og félagar þeirra komu að Svartagili, og gerðist ákærði Reynir þar mjög æstur og fékk jafnvel drykkjuæðiskast.

Ákærði Reynir hefur viðurkennt að hafa orðið ofsareiður, þegar hann sé hvergi unnustu sína, vitnið Kristínu Kalmannsdóttur, og haldið þá, að henni hefði orðið eitthvað meint.

Ákærði Reynir var með eldspýtur í fórum sínum.

Sannað er með framburði vitnanna Markúsar Jónssonar og Bergljótar Haraldsdóttur, að föt voru meðal annars geymd í fremra gangi Svartagils, og voru veggir hans úr timbri og þiljaðir að innan með panel, sem var orðinn bæði gamall og götóttur. Bera

bæði vitnin, að veggirnir kunni að hafa verið stoppaðir, þó að þau muni það ekki sérstaklega.

Hér kemur enn til framburður ákærða Reynis sjálfs. Fyrst í stað vill hann ekki svara þeirri spurningu, hvort framburður ákærða Sveinbjörns sé réttur eða rangur. Síðan lýsti hann því yfir, að hann vilji ekki halda því fram, að framburður þessi sé rangur, en hann geti ekki munað orðaskipti þau, sem ákærði Sveinbjörn ber, að átt hafi sér stað milli þeirra, og muni hann ekki eftir því, að hann kveikti á eldspýtu og legði eld í ytri gang eða annan hluta bæjarins. Þá kveðst hann ekki trúa því, að ákærði Sveinbjörn sé að bera annað í málinu en það eitt, sem hann viti, að er sannleikanum samkvæmt, enda hafi hann aldrei reynt hann að öðru. Kveðst ákærði Reynir bera fyllsta traust til hans og álíta, að hann sé ekki að bera annað en það, sem rétt sé.

Loks ber að geta þess í framburði ákærða Reynis, að geðveikralæknirinn, sem rannsakaði hann, hefur talið, að við vín verði hann „einatt óviðráðanlegur og allt að því viti sínu fjær, og í slíku ástandi er hann grunaður um að hafa unnið óhappaverk, sem hann gerir sér grein fyrir, að er í fyllsta máta refsivert, en getur hvorki játað á sig eða neitað vegna óljósrar vitundar um hvað skeði."

Samkvæmt framansögðu svo og að öðru leyti með tilvísun til málavaxta, eins og þeir hafa verið raktir hér að framan, þykir ekki aðeins mega hafna þeim möguleika, að fyrrgreindur framburður ákærða Sveinbjörns sé uppspuni frá rótum, fram borinn í því skyni að koma sök af sjálfum honum yfir á saklausan eða meðsekan bróður sinn einan, heldur þykir framburðurinn vera einnig studdur þeim rökum, að leggja verður hann til grundvallar í málinu. Er því lögfull sönnun fram komin fyrir því, að ákærði Reynir kveikti af ásettu ráði í bænum Svartagili með þeim afleiðingum, að hann og allt það, sem í honum var, gereyðilagðist, auk þess sem fjós og hlaða, full af heyi, brunnu til kaldra kola. Hins vegar ber að sýkna ákærða Sveinbjörn af ákæru um að vera meðsekur ákærða Reyni um verknað þenna. Ákærði Reynir hefur með þessu atferli sínu gerzt brotlegur gegn 257. gr., 2. mgr., hinna almennu hegningarlaga.

II.

Kl. 3.40 aðfaranótt laugardags 2. ágúst 1958 tilkynnti vitnið Jón Finnbogi Kjartansson framkvæmdastjóri, til heimilis að Ósi

við Snekkjuvog, til lögreglustöðvarinnar, að verið væri að brjótast inn í hús vélsmiðjunnar Tækni h/f við Súðarvog, hér í bæ. Lögreglumennirnir vitnið Bjarni Hólm Bjarnason, Urðarbraut 1, Smáloendum, og Sigurður Sigurðsson, Sogamýrarbletti 32, hér í bæ, fóru að sinna þessu. Þegar vitni þessi komu á vettvang, sáu þau, að rúða í glugga á fyrstu hæð vélsmiðjuhússins hafði verið brotin og að dyr smiðjunnar voru opnar, en smekklás fyrir þeim. Vitnin fóru inn í smiðjuna, en fundu engan mann þar, og héldu þau þá þaðan út aftur og sáu þá, hvar ákærði Sveinbjörn Hjaltason var þar talsvert ölvaður fyrir utan útidyrnar. Viðurkenndi hann strax að hafa þá rétt áður brotið og farið inn um gluggann og inn í smiðjuna. Ákærði Sveinbjörn var blóðugur og með smááverka á höndum og í andliti, og kvaðst hann hafa hlotið þá við innbrotið. Var hann fluttur á lögreglustöðina, og reyndist hann þar hafa í vösum sínum ýmsa smáhluti, sem telja verður upplýst, að hafi verið þessir: stimpilpúði, spiss af logsuðutæki, skrúfjárn, stækkunargler og heftari.

Vitnið Haraldur Sigurðsson, verkstjóri hjá Tækni h/f, til heimilis að Nökkvavogi 3, hér í bæ, hefur borið það, að allir þessir munir hafi verið úr greindri smiðju og hafi verð þeirra verið í kringum 500 krónur. Þá kveður vitni þetta, að þegar það hafi komið í vélsmiðjuna morguninn eftir innbrotið, hafi útvarpstæki, sem átti að vera þar inni, verið rétt fyrir utan húsið. Verð tækisins hafi verið í kringum 800 krónur.

Vitnið Jón Finnbogi Kjartansson hefur borið það, að umrædda nótt hafi það verið andvaka á heimili sínu og þá farið fram úr rúminu, gengið að glugganum og litið út um hann. Hafi það þá séð, hvar maður, sem það þekkti ekki og getur ekki lýst nánar, kom gangandi eftir Súðarvogi, staðnæmdist við hús Tækni h/f og tók í hurðarhún aðaldyra hússins. Því næst hafi hann gengið að næsta glugga hússins, litið inn um hann og síðan tekið upp stein eða einhvern annan hlut af jörðinni, barið með honum í gluggarúðuna, sem brotnaði, og farið síðan inn um hinn brotna glugga. Kveðst vitnið þá hafa hringt á lögreglustöðina og tilkynnt atburðinn. Rétt á eftir hafi það séð, að aðaldyr vélsmiðjuhússins opnuðust og kom fyrrgreindur maður út um þær. Örstuttu síðar hafi lögreglumenn komið á vettvang og farið inn í smiðjuna, en komið þaðan fljótt út aftur og handtekið manninn, sem var þá fyrir framan útidyrnar.

Ákærði Sveinbjörn hefur borið það, að seinni hluta föstudags 1. ágúst s.l. hafi hann neytt áfengis einn síns liðs hér í miðbænum

og orðið ölvaður. Um kvöldið hafi hann farið austur í Herskálakamp, dvalið þar um tíma og haldið áfram að neyta áfengis og orðið svo ölvaður, að hann hafi hætt að muna eftir sér. Hann hafi næst munað eftir því, að lögreglumenn voru að handtaka hann blóðugan á höndum fyrir utan eitthvert verksmiðjuhús eða verkstæði, og skýrðu þeir honum frá því, að hann hefði brotizt inn í húsið. Þar næst hafi hann munað eftir því, að hann var staddur á Slysavarðstofunni, þar sem verið var að gera að handarmeiðslum hans, sem reyndust vera lítil. Þráspurður kveðst hann ekki muna atburði frekar en nú var greint og meðal annars muni hann ekki eftir því, að hann bryti rúðu, færi inn í verksmiðju eða verkstæði eða að hann tæki nokkurn mun að ófrjálsu. Þá kveðst hann ekkert kannast við munina, sem hann var með á lögreglustöðinni, og ekkert muna eftir þeim eða eftir veru sinni þar. Hann kveðst þó ekki vilja vefengja framburði vitna þeirra, sem leidd hafa verið í málinu og raktir hafa verið, og hefur hann ekkert sérstakt haft við þá að athuga.

Samkvæmt málavöxtum þeim, sem nú hafa verið raktir, verður að telja, að nægileg sönnun sé fengin fyrir því, að ákærði Sveinbjörn hafi gerzt sekur um atferli það, sem í ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 25. ágúst f. á., getur. Varðar þetta atferli ákærða Sveinbjörns við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

III.

Refsing ákærða Reynis Hjaltasonar þykir með hliðsjón af 77. gr., 1. mgr., hegningarlaganna hæfilega ákveðin fangelsi í 2 ár.

Refsing ákærða Sveinbjörns Hjaltasonar þykir með hliðsjón af 77. gr., 1. mgr., hegningarlaganna og með tilliti til fyrri refsidóma hans hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði Reynir Hjaltason sat í gæzluvarðhaldi frá 25. október 1957 til 8. marz 1958, og ákærði Sveinbjörn frá 25. október 1957 til 25. nóvember sama ár. Samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna þykir rétt, að þessi gæzluvarðhaldsvist þeirra komi með fullri dagatölu refsingu þeirra til frádráttar.

Samkvæmt 68. gr., 3. mgr., hegningarlaganna ber að svipta ákærðu kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

Bótakröfur hafa ekki verið hafðar uppi í málinu.

Ákærða Reyni Hjaltason ber að dæma til að greiða málflutningslaun skipaðs verjanda síns, Einars B. Guðmundssonar hæsta-

réttarlögmanns, kr. 4.000.00, og ákærða Sveinbjörn Hjaltason ber að dæma til að greiða málflutningslaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar E. Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00. Ákærðu ber að dæma in solidum til greiðslu alls annars kostnaðar sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda málsins, Þorvalds Þórarinssonar héraðsdómslögmanns, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Ákærði Reynir Hjaltason sæti fangelsi í 2 ár.

Ákærði Sveinbjörn Hjaltason sæti fangelsi í 8 mánuði.

Gæzluvarðhaldsvist ákærða Reynis Hjaltasonar frá 25. október 1957 til 8. marz 1958 og ákærða Sveinbjörns Hjaltasonar frá 25. október 1957 til 25. nóvember 1957 komi með fullri dagatölu refsingu þeirra til frádráttar.

Ákærðu eru frá birtingu dóms þessa sviptir kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði Reynir Hjaltason greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00. Ákærði Sveinbjörn Hjaltason greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar E. Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4.000.00. Ákærðu greiði in solidum allan annan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda málsins, Þorvalds Þórarinssonar héraðsdómslögmanns, kr. 5.000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 19. febrúar 1960.

Nr. 111/1959. **Árni Markússon** (Þorvaldur Þórarinsson hrl.)
gegn
Bæjarútgerð Reykjavíkur
(Tómas Jónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Ármann Snævarr prófessor.

Slysabótakrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur fengið gjafsókn hér fyrir dómi og áfrýjað málinu með stefnu 19. júní 1959, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. s. m. Hann krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum *aðallega* kr. 247.238.73, *til vara* kr. 226.353.46, en *til þrautavara* lægri fjárhæð eftir mati dómsins, ásamt 6% ársvöxtum frá 10. desember 1953 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og að málskostnaður hér fyrir dómi falli niður.

Eins og slysi því, sem mál þetta er af risið, var háttað, þykir það eigi verða rakið til vanbúnaðar skips, handvammar starfsmanna stefnda né annarrar áhættu, er stefndi eigi að bera ábyrgð á að lögum. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum á málskostnaður hér fyrir dómi að falla niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns áfrýjanda, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda, Árna Markússonar, þar með talin laun talsmanns hans fyrir Hæstarétti, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 20. febrúar 1959.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 6. þ. m., hefur Árni Markússon sjómaður, Þingholtsstræti 7, hér í borg, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 21. júní 1957, gegn Hafsteini Bergþórssyni forstjóra, Marargötu 6, hér í borg, og Jóni Axel Péturssyni forstjóra, Hringbraut 53, hér í borg, báðum vegna Bæjarútgerðar Reykjavíkur, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 225.852.09 ásamt 6% ársvöxtum frá 10. desember 1953 til greiðsludags og málskostnaði samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í. Við munnlegan flutning málsins hinn 6. þ. m. krafðist stefnandi þess *til vara*, að honum yrði dæmdar kr. 221.470.93, en til *þrautavara*, að honum yrði dæmdar kr. 215.420.93. Í báðum tilvikum krafðist hann vaxta og málskostnaðar, eins og í stefnu greinir.

Stefndu hafa í greinargerð krafizt sýknu og málskostnaðar eftir mati dómsins, en við munnlegan flutning málsins var gerð sú varakrafa af þeirra hendi, að kröfur stefnanda yrðu stórlega lækkaðar.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 10. desember 1953 var b/v Ingólfur Arnarson að veiðum á Halamiðum. Um kl. 22.00 að kvöldi var nýlega lokið við að innbyrða stjórnborðsvörpuna, og var í undirbúningi að kasta bakborðsvörpunni. Stefnandi, sem var háseti á togaranum, stóð á þessum tíma í fiskaðgerð stjórnborðsmegin á þilfarinu. Er hér var komið, hætti hann því verki og hljóp frameftir þilfarinu til þess að greiða fyrir bakborðstogvírnum, sem lá samanvafinn á framþilfarinu, en til stóð að vinda hann upp á togvinduna. Allmikill fiskur, sem komið hafði úr stjórnborðsvörpunni, var enn í fiskkössum á framþilfarinu, og var af þeim sökum ógreiðfær leiðin fram þilfarið. Tók stefnandi því það ráð, að hann steig upp á snúningsás þann, sem staðsettur er við framsiglutréð, hinn svonefnda „masturspolla“. Stefnandi var á hraðri ferð og kveðst af þeim sökum ekki hafa veitt því athygli, að yfirborð snúningsássins var sleipt af slori. Er hann var staddur uppi á ásnum, reið

alda undir skipið, svo að það valt til. Við það missti stefnandi jafnvægið. Tókst honum ekki að ná taki á siglutrénu, heldur rann hann snöggt til og féll með þeim hætti, að hægri handleggur hans lenti niður á milli snúningsássins og járngrindar þeirrar, sem í kringum hann er. Hlaut stefnandi af þessu slæmt brot á handlegginn.

Lýsing þessi á tildrögum slyssins er byggð á skýrslu stefnanda, dags. 12. desember 1956, sem hann hefur staðfest fyrir dómi. Er ekki vefengt, að lýsing þessi á atvikum sé rétt, en um þau hafa ekki aðrir borið.

Árni Guðmundsson stýrimaður stóð við togvinduna, er þetta gerðist, og sá, hverju fram fór. Skundaði hann þegar til stefnanda og hjálpaði honum undir þiljur. Kveðst stýrimaður hafa ásamt Sigurði Möller, 1. vélstjóra, skoðað handlegg stefnanda, og hafi þeir talið, að ekki gæti verið um alvarleg meiðsli að ræða, a. m. k. væri handleggurinn ekki brotinn. Stefnandi hafi aftur á móti fundið mjög til í handleggnum, og hafi þeir Sigurður sett spelkur á handlegginn í öryggis skyni. Skipstjóranum var tilkynnt um slysið, og fól hann þeim Árna og Sigurði að annast um stefnanda. Veiðum var haldið áfram þrátt fyrir atburð þenna, þar eð meiðsli stefnanda voru eigi talin svo alvarleg, að ástæða væri til að leita strax hafnar þeirra vegna. Var því eigi siglt heim á leið, fyrr en sá tími var kominn, sem áður hafði verið ákveðinn til heimferðar, og kom skipið til Reykjavíkur um kl. 5 að morgni 14. desember, eða tæplega 3½ sólarhring eftir að slysið bar að höndum. Allan þann tíma mun stefnandi hafa legið rúmfastur, og kveður hann líðan sína hafa farið mjög versnandi tvo fyrstu sólarhringana, en eftir það hafi handleggurinn dofnað. Sama dag og skipið kom til Reykjavíkur, fór stefnandi til Karls Jónssonar læknis. Í vottorði hans, dags. 12. marz 1954, segir á þessa leið:

„... Við rannsókn var hægri handleggur krepptur til hálfs í olnbogaliðnum og stokkbólginn frá miðjum upphandlegg og fram á hendi. Ein aðaltaug handleggsins og handar var hálflömuð (Parosis n. radialis).

Röntgenmyndun leiddi í ljós, að olnbogabeinið var brotið nærri olnbogaliðnum, og efri endi geislabeinsins var úr liði (luxotio capituli radii).

15. desember var á Landspítalanum skorið inn á beinin, og þeim komið í lag og handleggurinn síðan settur í gibsumbúðir.

Að mánuði liðnum var gibsið tekið af, en þá reyndist olnbogabeinið ekki gróið, og var handleggurinn settur í gibs á ný.

Eftir röntgenskoðun í dag, 11/3, er enn talið vafasamt, að beinið sé gróið.

Að gefnu tilefni leyfi ég mér að láta í ljósi þá skoðun mína, að þessi langa bið — 5 dagar — frá því að slysið varð og þangað til læknisaðgerð fór fram, hafi gert aðgerðina erfiðari, og kunni þar af leiðandi að eiga þátt í því, hversu seint gengur með bata. Að minnsta kosti má telja víst, að taugalömunin hefði orðið minni eða jafnvel engin, hefði Árni komizt fljótt undir læknishendi."

Vorið 1955 var örorka stefnanda af völdum slyssins metin af Bergþóri Smára lækni. Taldi læknirinn, að um varanlega örorku væri að ræða.

Eftir ósk lögmanns stefndu í bréfi, dags. 3. febrúar 1958, var málið sent Læknaráði til meðferðar með úrskurði, uppkveðnum í sjó- og verzlunardómi 3. nóvember s. á. Var málið lagt fyrir Læknaráð á þá leið, að beiðst var álits á því, hvort dráttur sá, er á því varð samkvæmt gögnum málsins, að stefnanda var komið undir læknishendi, eftir að hann varð fyrir slysi því, sem um ræðir í málinu, hafi getað valdið beygju þeirri, er varð á handlegg stefnanda, eða hvort ætla megi, að dráttur þessi hafi enga þýðingu haft um endanlegan bata á handleggnum.

Niðurstaða Læknaráðs um álitsefni þetta, dags. 22. desember 1958, er svofelld:

„Læknaráð lítur svo á, að dráttur sá, er á því varð, að stefnanda var komið undir læknishendi, hafi engu valdið um beygju þá, er varð á handleggnum, né heldur hafi hann haft þýðingu um endanlegan bata."

Hvorki er að því vikið í stefnu né greinargerð stefnanda, sem raunar er einungis upptalning framlagðra skjala, á hverjum rökum málssókn þessi á hendur stefndu er byggð. Á hinn bóginn kemur það fram í öðrum sóknarskjölum málsins, t. d. aðiljaskýrslu stefnanda, að stefnandi telur, að yfirmenn togarans hafi sýnt tómlæti og skeytingarleysi um velferð hans eftir slysið, þar sem eigi hafi verið hirt um að koma honum undir læknishönd fyrr en raun varð á. Er órækt gefið í skyn, að þessi dráttur hafi torveldað bata stefnanda. Varð eigi annað ráðið af rekstri málsins af hendi stefnanda fram til þess, að munnlegur málflutningur fór fram, en að kröfur hans í málinu væru á þessu reistar og eigi á öðrum rökum. Kom það og fram við munnlegan flutning málsins, að þetta var sú málsástæða, sem málssókn stefnanda var byggð á. Á hinn bóginn var því þá lýst yfir af hálfu stefnanda, að með tilliti til álits Læknaráðs væri frá þessari málsástæðu fallið, að

því er varðaði fébótaábyrgð stefndu. Jafnframt var lögð á það áherzla, að taka bæri sérstakt tillit til þessa við ákvörðun bóta til stefnanda fyrir þjáningar. Að þessari einu málsástæðu frágenginni var því nú haldið fram til rökstuðnings fyrir fébótaábyrgð stefnda á slysinu, að útgerð togara sé hættulegur atvinnurekstur, þar sem ávallt sé hætta á slysum sem þessu, þótt við engan sé um að sakast. Þegar svo standi á, sé eðlilegast, að atvinnurekandi beri tjón það, er af hlýzt.

Af því, sem nú hefur verið rakið, er ljóst, að málatilbúnaði stefnanda er mjög ábótavant, að því er tekur til reifunar málsins, sbr. lög nr. 85/1936, 105. gr. Þegar þess á hinn bóginn er gætt, að úr þessu var bætt við munnlegan flutning málsins, málsástæðu þeirri, sem þá kom fram, var ekki mótmælt sem of seint fram borinni og málið var þar með nægilega reifað orðið af hendi stefnanda, þá þykir ekki næg ástæða til frávísunar þess, en átelja verður þenna galla á málatilbúnaðinum.

Aðalkröfu sína í málinu sundurliðar stefnandi þannig:

1. Atvinnutjón vegna 20% varanlegrar örorku	kr.	180.000.00
Viðbóta vegna 100% tímabundinnar örorku	—	26.414.80
	kr.	206.414.80
÷ Bætur frá Tryggingarstofnun ríkisins ..	—	20.026.07
	kr.	186.388.73
2. Þjáningar, lýti og röskun á stöðu og högum	—	60.000.00
3. Kostnaður við örorkumat o. fl.	—	650.00
4. Lækniskostnaður	—	200.00
	kr.	247.238.73

Í gögnum málsins kemur það fram, að stefnandi hefur vegna slyssins fengið greiddar hjá stefndu kr. 11.482.85 á tímabilinu 15. desember 1953 — 29. marz 1954, svo og frá Tryggingarstofnun ríkisins alls kr. 31.787.69.

Fram að munnlegum flutningi málsins hné vörn stefndu í málinu eingöngu að því að hnekkja fullyrðingu stefnanda um, að afleiðingar meiðsla þeirra, er hann hlaut, yrðu a. m. k. að einhverju leyti raktar til skeytingarleysis yfirmanna togarans og dráttar þess, er á því varð, að siglt var til hafnar með stefnanda. Við málflutninginn var ákveðið mótmælt af hendi stefndu, að nokkur önnur atriði væru fyrir hendi, sem leitt gætu til fébótaábyrgðar þeirra á slysinu.

Það verður eigi talið, að slys það, sem hér ræðir um, hafi orðið með þeim atvikum eða sé í eðli sínu þannig, að skilyrði séu til þess samkvæmt reglum skaðabótaréttar um ábyrgð atvinnurekanda á hættulegum atvinnurekstri að leggja á stefndu fébótaábyrgð á afleiðingum þess. Að því athuguðu, og þar eð eigi koma hér til álita aðrar bótareglur, er fébótaábyrgð stefndu verði byggð á, ber að sýkna þá af kröfum stefnanda í málinu, einnig af kröfu um þjáningarbætur fyrir þann tíma, sem frá því leið, að slysið varð, unz siglt var af stað til hafnar, því að þótt fallizt yrði á, að hann ætti rétt til slíkra bóta, koma þær ekki til álita hér, þar eð stefndu hafa þegar greitt honum allmiklu hærri fjárhæð en þjáningabótum myndi nema og krafizt þess jafnframt, að sú fjárhæð komi til frádráttar dæmdum bótum.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri kostnað sinn af málinu.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm ásamt meðdómendunum Jónasi Jónassyni skipstjóra og Jóni Ármannssyni sjómanni.

Dómsorð:

Í máli þessu eru stefndu, Hafsteinn Bergþórsson og Jón Axel Pétursson vegna Bæjarútgerðar Reykjavíkur, sýknir af kröfum stefnanda, Árna Markússonar.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 24. febrúar 1960.

Nr. 69/1959. **Togaraafgreiðslan h/f** (Haukur Jónsson hdl.)
gegn
Sölva Þorsteini Valdimarssyni
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson, prófessor Ármann Snævarr og Valdimar Stefánsson sakadómari.

Slysabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. apríl 1959. Hann krefst aðallega sýknu, en til vara lækkunar dæmdrar bótafjárhæðar og svo málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 6000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Togaraafgreiðslan h/f, greiði stefnda, Sölva Þorsteini Valdimarssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 6000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. febrúar 1959.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 21. f. m., hefur Sölvi Þorsteinn Valdimarsson verkamaður, Skipasundi 3, hér í borg, höfðað á bæjarþinginu með utanréttarstefnu, birtri 17. september

1957, gegn Togaraafgreiðslunni h/f, hér í borg, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 155.579.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 14. júlí 1953 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu. Í þinghaldi hinn 17. október 1958 lækkaði stefnandi fjárhæð kröfunnar í kr. 135.034.20, en hélt henni fram óbreyttri að öðru leyti.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar eftir mati dómsins, en *til vara*, að krafa stefnanda verði lækkuð verulega og málskostnaður látinn niður falla.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 14. júlí 1953 var stefnandi að vinna um borð í togara í Reykjavíkurhöfn á vegum stefnda, en fyrirtæki þetta annast afgreiðslu togara, sem hér leggja fisk á land. Þegar lokið var við að setja ís um borð í togara þenna, sem stefnandi telur, að hafi verið Jón Þorlákssson, gaf verkstjóri stefnda, Vigfús Jóhannesson, stefnanda og þremur mönnum öðrum fyrirmæli um að setja lúgur yfir lestar skipsins. Lúgur þessar eru ferhyrndar járnplötur, rúmur metri á breidd og tæpir tveir metrar á lengd. Á öðrum enda hverrar lúgu er kringlótt gat, sem lok er yfir, og er hægt að komast í gegnum gat þetta niður í lest skipsins, þegar lúgunni hefur verið komið fyrir yfir lestaropinu. Hver lúga vegur að sögn stefnanda um 500—600 pund, og er allmiklu þyngri sá endinn, sem lokið er á. Neðan við brún hvers lestarops að innanverðu er fals, sem lúgan fellur í, þegar lestinni er lokað. Ganga skrúfboltar niður um göt á jöðrum lúgunnar og skrúfast í göt á falsinu. Á lestarlúgum sumra togara eru handföng, sem haldið er í, þegar lúgunni er komið fyrir í lestaropinu, en sé slíkum handföngum ekki til að dreifa, er ekki um aðra handfestu að ræða en að taka undir lúgubrúnina, en hún er alveg slétt. Sé krani til taks, mun hann venjulega látinn lyfta lúgunum yfir lestaropin, en að öðrum kosti koma verkamenn lúgunum fyrir með handafli. Og svo var í því tilviki, sem hér ræðir um.

Stefnandi skýrir svo frá, að lúgurnar hafi verið út við borðstokk skipsins og þar hafi þeir félagar tekið þær. Hafi þeir tekið hver undir sitt horn lúgunnar og lyft henni þannig upp. Síðan hafi þeir borið lúguna að lestaropi því, sem henni skyldi komið fyrir í. Þeir hafi haldið lúgunni yfir lestaropinu og gætt þess, að hún væri vel yfir því, en látið hana síðan falla niður í opið. Meðan á þessu stóð, hafi þeir staðið uppréttir. Má því ætla, að um ½ metra bil hafi verið frá lúgunni að lestaropinu, áður en lúgan var látin falla niður í það. Er þeir voru komnir með síðustu lúguna yfir lestaropið, hafi félagar hans sleppt lúgunni, án þess að nokkurt merki

eða aðvörun væri gefin. Hann hafi því verið óviðbúinn og ekki sleppt sínu taki. Hann hafi haldið undir þyngri enda lúgunnar, og er þungi hennar lenti á honum einum, hafi mikill hnykkur komið á vinstri handlegg hans. Jafnframt hafi hann fengið miklar kvalir í upphandlegginn og handleggurinn hafi orðið máttlaus. Er slys þetta varð, var verkstjóri stefnda ekki viðstaddur, en stefnandi telur sig hafa tilkynnt honum slysið daginn eftir. Aðferð sú við að koma lúgunum fyrir, sem lýst hefur verið hér að ofan, kveður stefnandi hafa verið hina einu, er tíðkaðist. Kveðst hann hafa séð þessa aðferð viðhafða, er hann hóf að starfa hjá stefnda um tveimur árum áður en slys þetta varð, en ekki hafi honum sérstaklega verið kennd handtök við verkið. Stefnandi kveður þann hátt venjulega hafa verið á hafðan, að einhver þeirra, sem að þessu verki vann, gæfi merki um að láta lúguna falla niður, en þó hafi komið fyrir, að sérstakur maður væri til staðar og annaðist þetta. Það hafi þó verið óalgengt og ekki í því tilviki, sem hér ræðir um.

Vigfús Jóhannesson, verkstjóri stefnda, kveðst muna, að stefnandi tilkynnti honum um slysið, en ekki muni hann, hvort stefnandi hafi gert þetta strax eftir slysið eða daginn eftir. Verkstjórinn kveður fjóra menn hið fæsta hafa verið látna vinna að þessu verki. Hafi fjöldi þeirra farið eftir því, hve margir menn voru til taks. Verkstjórinn kveðst stundum hafa haft á hendi verkstjórn í mörgum skipum í senn, og er svo stóð á, hafi hann eigi ávallt verið við, er lúgum var komið fyrir yfir lestum. Á hinn bóginn hafi hann verið viðstaddur og fylgzt með verki þessu, þegar aðeins var unnið að afgreiðslu eins skips. Lúgur þær, sem um var að ræða, hafi verið tvenns konar að því leyti, að ýmist hafi þær fallið ofan í lestaropsfalsið eða jaðrar þeirra náð út fyrir það. Þegar um síðarnefndu gerðina var að ræða, hafi lúgurnar alltaf verið látnar falla niður í lestaropið, eins og stefnandi lýsir hér að framan, en þegar um var að ræða lúgur af hinni gerðinni, hafi verkinu í flestum tilvikum verið hagað þannig, að lúgan var borin að lestaropinu, einn kantur hennar lagður ofan á lestaropsfalsið og lúgunni síðan rennt eftir falsinu. Kveðst verkstjórinn hafa látið afskiptalaust, hvorri aðferðinni var beitt við að koma lúgunni fyrir, enda hafi menn þeir, er þarna unnu, verið starfi þessu vanir.

Frekari upplýsingar en hér að framan hafa verið greindar liggja ekki fyrir í málinu um atvik að slysinu. Eftir að málið hafði verið tekið til dóms, að afloknum munnlegum málflutningi í október

s.l., þótti eigi fært að fella dóm í því, fyrr en aðiljum hafði verið gefinn kostur á því að fá fyrir dóm menn þá, er með stefnanda voru að verki, er hann slasaðist, mann nokkurn, er gefið hafði vottorð í málinu, svo og að nýju stefnanda og Vigfús Jóhannesson verkstjóra, er báðir höfðu áður komið fyrir dóm í málinu. Var kveðinn upp í málinu úrskurður um öflun þessara gagna, eins fljótt og auðið yrði. Þótti því meiri ástæða til þessa, þar sem engin opinber rannsókn hafði farið fram á tildrögum slyssins, svo sem lög standa til, og samverkamenn stefnanda því aldrei um málavexti borið. Hinn 21. þ. m. komu stefnandi og Vigfús Jóhannesson að nýju fyrir dóm, svo sem til var ætlazt, en eigi aðrir. Fram að þeim tíma höfðu lögmenn aðilja barið því við, að eigi hefði tekizt að hafa upp á öðrum þeim, er hér gátu um borið, en nú kom það fram, að við eftirgrennslun, eftir að úrskurðurinn gekk, höfðu menn þessir reynzt vera enn í þjónustu stefnda. Á hinn bóginn töldu lögmennirnir ekki ástæðu til að kveðja menn þessa fyrir dóm í málinu, að því er virðist vegna mikilla anna þeirra hjá stefnda. Að þessu athuguðu og þegar þess er gætt, að nú eru liðin um 5½ ár, frá því slysið átti sér stað, þykir dómnum ekki ástæða til frekari aðgerða í þessu efni, og verður frásögn stefnanda um aðdraganda slyssins lögð til grundvallar, enda er ekkert fram komið, sem mælir henni í gegn.

Dómendur hafa í sameiningu farið um borð í togara og kynnt sér aðstæður við framkvæmd verks þess, sem um er að ræða, en meðdómendurnir þekkja gjörla til þessa verks af eigin reynslu.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að stefndi beri óskipta fébótaábyrgð á slysi því, sem málið fjallar um. Færir stefnandi fyrir þessu eftirgreindar ástæður. Í fyrsta lagi sé það vítaverð vinnutilhögun að láta lyfta lúgunum með handafli, enda sé það hrein undantekning, að sá háttur sé á hafður. Í annan stað verði verk þetta að teljast mjög hættulegt, sé það unnið á þenna hátt. Í þriðja lagi hafi of fáir menn verið látnir vinna að verkinu í umrætt sinn. Í fjórða lagi sé það aðfinnsluvert, að verkstjóri sé ekki til staðar og stjórni slíku verki og sjái þá m. a. um, að allir sleppi samtímis tökum á lúgunni. Í fimmta lagi hafi samstarfsmönnum stefnanda orðið mistök á í umrætt sinn, er þeir slepptu tökum sínum á lúgunni, án þess að honum væri gert aðvart. Sýknukröfuna reisir stefndi á því, að hvorki honum eða þeim, er hann ber ábyrgð á, verði á nokkurn hátt um slysið kennt. Aðferð sú, er beitt var við verkið, hafi verið hin sama og venja sé að nota og sé næst að álíta, að stefnandi hafi

ekki haft hugann nægilega vel við verk sitt og viðbrögð félaga sinna. Hann geti því ekki við aðra sakazt en sjálfan sig um það, hvernig til tókst. Þá bendir stefndi á, að ekki sé venjulegt, að maður standi yfir þeim, sem lúgurnar bera, til þess að segja þeim, hvenær lúgunni skuli sleppt. Ef mennirnir eru samtaka, sé slíkt óþarft. Enn fremur er því mótmælt, að verk það, sem um er að ræða, sé hættulegra en gengur og gerist um verk, sem unnin eru á vegum stefnda við afgreiðslu togara. Að lokum er því mótmælt, að þörf sé á, að verkstjóri standi yfir mönnum, þegar unnið er að slíku verki sem þessu.

Á þá málsástæðu stefnanda verður ekki fallizt, að það sé vítaverð vinnutilhögun að láta framkvæma verk það, sem um er að ræða, með handafli, þótt ljóst sé, að með notkun vélarafls sé framkvæmd verksins mun auðveldari. Ekki hefur stefnandi heldur fært að því nein rök, að framkvæmd þessa verks sé fjórum mönnum ofviða. Á hinn bóginn verður að telja, að sú aðferð við framkvæmd verksins, sem hér var beitt, að láta lúguna falla úr nokkurri hæð ofan í lestaropið, hafi verið mjög hættuleg og varhugaverð, sökum þess að ekki varð öðrum handtökum komið við en að halda undir lúgujaðrana. Var það einkum tvenns konar slysahætta, sem af þessu leiddi. Annars vegar að menn yrðu með hendurnar á milli lúgunnar og lestaropsbrúnarinnar, en á hinn bóginn sú hætta, sem hér varð virk, að menn yrðu ekki samtaka um að láta lúguna falla. Sú aðferð við framkvæmd verksins, sem er til mikilla muna hættuminni, en þó jafn-tiltæk og einföld, var að leggja einn jaðar lúgunnar niður í lestaropsfalsið þeim megin, sem lúgan var borin að lestaropinu, þannig að hún væri um það bil mitt á milli lóðréttrar og láréttrar stöðu og renna henni síðan eftir falsinu, unz hún var komin alveg yfir lestaropið, en láta hana þá falla niður. Það kemur fram í skýrslu verkstjórans hér að framan, að þessari aðferð hafi verið beitt við aðra lúgugerðina, en augljóst er, að henni varð ekki síður beitt við hina. Forráðamönnum stefnda, er hér áttu hlut að, bar að sjá um, að verk þetta væri unnið á þann hátt, sem öruggast var og hættuminnst fyrir verkamenn þá, er að því unnu. Þetta var vanrækt, þar sem eigi virðist hafa verið hirt um að kenna mönnum hagfelldustu aðferðina við framkvæmd verksins og látið afskiptalaust, þótt að því væri unnið á þann hátt, að augljós hætta stafaði af. Þegar til viðbótar þeim atriðum, sem hér að framan eru rakin, kemur það, sem byggja verður á, að samverkamenn stefnanda slepptu tökum sínum á lúgunni í umrætt sinn honum að óvörum, en á þeim mis-

tökum starfsmanna sinna ber stefnda ábyrgð, þá þykir sýnt, að fella beri á stefnda að verulegu leyti fébótaábyrgð á tjóni stefnanda af völdum slyssins.

Á hinn bóginn er á það að líta, að stefnandi hafði, er slysið varð, um alllangt skeið unnið að þessu verki á vegum stefnda og mátti því bæði vita, að framkvæmd sú á verkinu, sem hann hafði vanizt, var hættuleg, og sú aðferð, sem hér hefur verið lýst, aftur á móti mun hættuminni og engu síður tiltæk. Verður honum því gefin nokkur sök á því, hvernig hér tókst til. En við mat á sök hans ber að hafa í huga, að hann var hér að framkvæma verk á þann hátt, sem tíðkazt hafði, honum hafði ekki verið kynnt önnur aðferð við framkvæmd þess og hann var hér einn fjögurra manna, og því væntanlega örðugra um vik fyrir hann að koma á endurbótum á eindæmi sitt.

Að öllu athuguðu þykir rétt, að stefnda verði gert að bæta stefnanda með fé 4/5 þess tjóns, sem stefnandi telst hafa beðið af völdum slyssins.

Fjárhæð kröfu sinnar sundurliðar stefnandi þannig:

1.	Örorkubætur	kr.	104.879.00
2.	Sársauki og röskun á stöðu og högum	—	50.000.00
3.	Örorkumat	—	200.00
4.	Útreikningur á atvinnutjóni	—	500.00
		kr.	155.579.00

Frá þessari fjárhæð dregur stefnandi kr. 20.544.80, örorkubætur og dagpeninga, sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt honum upp í tjón hans. Kemur þá fram fjárhæð sú, sem krafizt er, kr. 135.034.20.

Um 1.

Stefnandi kveðst hafa mætt til vinnu nokkra daga eftir slysið. Þá daga hafi verið lítið að gera hjá stefnda og því hafi hann ekki þurft að reyna mikið á handlegginn. Þessa daga hafi hann haft verki og þrautir í handleggnum, og hafi endirinn orðið sá, að hann hafi gefizt upp við vinnuna af þeim sökum. Kveðst stefnandi þá hafa farið til heimilislæknis síns (Úlfars Þórðarsonar), er vísað hafi honum til Bjarna Jónssonar læknis. Í vottorði Úlfars Þórðarsonar, skráð á eyðublað frá Tryggingastofnun ríkisins og dags. 4. ágúst 1953, segir, að stefnandi hafi slasazt hinn 14. júlí við að lyfta járnlúgu um borð í togara og hafi meiðsli hans verið: „Vöðvaslit í Biceps. v. handlegg." Í vottorði sama læknis, dags.

22. september 1953, segir, að stefnandi hafi orðið vinnufær að nýju hinn 7. september s. á.

Hinn 3. apríl 1957 mætti stefnandi til skoðunar hjá Bergþóri Smára lækni. Framkvæmdi læknir þessi þá mat á örorku stefnanda af völdum slyssins. Í örorkumatinu, sem dags. er 15. maí s. á., segir á þessa leið:

„... Vinstri upphandleggur: Er slasaði kreppir handlegginn, er auðséð, að helmingurinn af beygivöðva upphandleggsins (musculus biceps brachii) hefur slitnað og kraftur í handleggnum við beygingu er nokkuð minnkaður.

Varanleg örorka slasaða vegna nefnds slyss telst hæfilega metin *16%*.

Stefnandi kveðst hafa verið alveg frá vinnu í sex vikur fyrst eftir slysið. Er hann hóf vinnu aftur, hafi hann aðeins getað unnið létt störf. Er hann hafi unnið síðan, hafi hann unnið fullan vinnutíma og fengið Dagsbrúnarkaup, en oft hafi hann orðið að hætta vinnu vegna meiðslanna og sé svo enn hinn 6. maí 1958, er hann skýrir frá þessu fyrir dómi. Hinn 21. janúar s.l. skýrir stefnandi svo frá aðspurður, að hann eigi erfitt með að vinna erfiðisvinnu og fái þrautir í handlegginn, ef hann vinni slíka vinnu.

Stefnandi er talinn fæddur 13. desember 1923. Samkvæmt því hefur hann verið 29 ára gamall, er hann varð fyrir umræddu slysi. Stefnandi er einhleypur. Samkvæmt staðfestum afritum af skattframtölum stefnanda hafa atvinnutekjur hans næstu árin fyrir og eftir slysið verið þessar: Árið 1950 kr. 16.956.00, árið 1951 kr. 29.416.00, árið 1952 kr. 48.766.00 (þar af vinna við eigið hús kr. 15.600.00), árið 1953 kr. 57.517.00 (þar af vinna við eigið hús kr. 15.750.00), árið 1954 kr. 36.092.00, árið 1955 kr 47.778.00, árið 1956 kr. 30.687.00 og árið 1957 kr. 49.965.00 (þar af vinna við eigið hús kr. 15.000.00).

Hinn 8. ágúst 1957 gerði Guðjón Hansen cand. act. áætlun um atvinnutjón stefnanda af völdum slyssins. Leggur hann til grundvallar atvinnutekjur stefnanda á árunum 1950—1953. Umreiknar hann tekjur þessar með tilliti til kauplags á slysdegi og síðan og miðar umreikninginn við breytingar á dagvinnukaupi Dagsbrúnar til þess dags, er útreikningurinn er gerður. Gert er ráð fyrir, að auknar orlofsgreiðslur valdi lengingu orlofs, en ekki hækkun árstekna. Umreiknaðar meðalárstekjur reiknast honum með þessu móti nema kr. 37.174.00 á tímabilinu 15. júlí—31. desember 1953, en fara síðan hækkandi og nema kr. 47.853.00, er áætlun þessi er gerð. Samkvæmt þessu áætlar hinn sérfróði maður, að verð-

mæti atvinnutjóns stefnanda á slysdegi, miðað við 16% varanlega örorku, nemi kr. 104.879.00, og er það sú fjárhæð, sem stefnandi hefur lagt til grundvallar þessum fyrsta lið kröfu sinnar. Útreikningurinn er miðaður við 6% ársvexti og reynslu af langlífi íslenzkra karla á tímabilinu 1941—1950.

Á s.l. hausti fór lögmaður stefnanda þess á leit við Guðjón Hansen, að hann reiknaði út, hver hækkun yrði á niðurstöðu þessa útreiknings, ef tekið væri tillit til kaupbreytinga, sem orðið höfðu frá því að útreikningurinn var gerður, svo og hver breyting yrði á niðurstöðunni, ef stuðzt yrði við Dagsbrúnarkaup í stað vinnuteknanna samkvæmt skattframtölum. Varð niðurstaðan sú í fyrra tilvikinu, að verðmæti atvinnutjónsins hækkaði í kr. 117.579.00, en í kr. 112.105.00, ef Dagsbrúnarkaup var lagt til grundvallar. Þá reiknaði hinn sérfróði maður það út í þriðja lagi, hver niðurstaðan yrði, ef miðað væri við meðaltal af vinnutekjum kvæntra verkamanna í Reykjavík á undanförnum árum samkvæmt skýrslum Hagstofu Íslands. Reiknaðist honum verðmæti atvinnutjónsins með því móti nema kr. 131.622.00.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem alltof háum.

Eftir atvikum þykir hæfilegt að áætla tjón stefnanda samkvæmt þessum lið kr. 70.000.00. Hafa þá verið dregnar frá bætur þær, sem hann samkvæmt framanskráðu hefur fengið greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins.

Um **2.**

Stefndi hefur mótmælt kröfulið þessum sem alltof háum.

Enn fremur mótmælir hann því, að stefnandi hafi orðið fyrir röskun á stöðu og högum vegna slyssins.

Þegar virt eru meiðsli stefnanda og afleiðingar þeirra, þykir hæfilegt að taka kröfulið þenna til greina með kr. 15.000.00.

Um 3. og 4.

Kröfuliðum þessum er ekki mótmælt, og verða þeir teknir til greina óbreyttir.

Samkvæmt framanskráðu telst tjón stefnanda nema kr. 85.700.00 (kr. 70.000.00 + kr. 15.000.00 + kr. 700.00). Verður stefndi dæmdur til að greiða 4/5 þeirrar fjárhæðar, eða kr. 68.560.00, ásamt vöxtum eins og krafizt er.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 7.000.00. Er þá tekið tillit til

útlagðs kostnaðar stefnanda samkvæmt dskj. 23, en hann nemur kr. 300.00.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm ásamt meðdómendunum Jónasi Jónassyni skipstjóra og Jóni Ármannssyni sjómanni.

Dómsorð:

Stefndi, Togaraafgreiðslan h/f, greiði stefnanda, Sölva Þorsteini Valdimarssyni, kr. 68.560.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 14. júlí 1953 til greiðsludags og kr. 7000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 26. febrúar 1960.

Nr. 117/1959. **Olíufélagið Skeljungur h/f**
(Gunnar Þorsteinsson hrl.)
gegn
borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs
(Tómas Jónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson, prófessor Ármann Snævarr og Valdimar Stefánsson sakadómari.

Útsvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. júní 1959. Krefst hann þess, að veltuútsvarsálagning í Reykjavík á hendur honum árið 1957, að fjárhæð kr. 869.556.00, verði dæmd ólögmæt og að stefnda verði gert að endurgreiða honum nefnda fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá 14. febrúar 1958 til greiðsludags. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og máls-

kostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt 3. tölulið 4. gr. laga um útsvör nr. 66/1945 er niðurjöfnunarnefnd rétt við álagningu útsvars að taka til greina sérhvað það, er telja má máli skipta um gjaldþol útsvarsgreiðanda, og eftir 2. mgr. 24. gr. sömu laga er úrskurður ríkisskattanefndar fullnaðarúrskurður um útsvarsupphæð. Við álagningu útsvars, sem hér er deilt um, hafa nefnd skattayfirvöld haldið sér innan valdmarka sinna, og eru eigi slíkir annmarkar á ákvörðun útsvarsins, að dómstólar fái hnekkt gerðum þeirra. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjanda ber að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Olíufélagið Skeljungur h/f, greiði stefnda, borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. maí 1959.

Mál þetta, sem var dómtekið 22. f. m., hefur Skeljungur h/f höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 14. febrúar 1958, gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs og haft uppi þær kröfur:

1. Að veltuútsvarsálagning í Reykjavík, að fjárhæð kr. 869.556.00, árið 1957 á Olíufélagið Skeljung h/f verði dæmd ólögmæt.

2. Að borgarstjórinn f. h. bæjarsjóðs verði dæmdur til að endurgreiða stefnanda þá fjárhæð með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags.

3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu að mati dómsins.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara sýknu gegn endurgreiðslu á kr. 138.545.00.

Málavextir eru þeir, að árið 1957 var lagt útsvar á stefnanda hér í Reykjavík, að fjárhæð kr. 940.000.00, en af þeirri fjárhæð

kveður stefnandi kr. 869.556.00 hafa verið svokallað veltuútsvar, þ.e. 1.5% af verzlunarveltu stefnanda hér í bænum. Þessa fjárhæð telur stefnandi allt of háa og hreina fjarstæðu, miðað við heildarsölu hans á benzíni, þ. e. um 57.9 milljónir króna, ekki sízt, þegar þess er gætt, að vegna ákvæða þeirra, sem nú gilda um verðlag, er hagnaður stefnanda af sölunni takmarkaðri en svo, að reksturinn fái borið uppi svo háa útsvarsálagningu. Hefur stefnandi lagt fram álitsgerðir tveggja löggiltra endurskoðenda, er styðja þessa málsástæðu hans. Telur stefnandi sýnt, að með slíkum álagningum sé gengið svo mjög á stofnfé og eignir sínar, að þær fái ekki enzt nema 4—5 ár.

Stefndi styður aðalkröfu sína við það, að útsvar stefnanda hafi verið ákveðið með venjulegum hætti og innan lögleyfðra marka, en varakröfuna byggir hann á því, að stefnandi hafi goldið útsvar sitt án fyrirvara um endurheimtu, að fráteknum kr. 138.545.00, er greiddar voru hinn 12/12 1957 með slíkum fyrirvara.

Það er ekki vefengt í máli þessu, að niðurjöfnunarnefnd hafi fylgt reglum 4. gr. laga nr. 66 frá 1945 um útsvör, er hún ákvað útsvar stefnanda m. a. með hliðsjón af veltu hans, sbr. 3. tölulið nefndrar greinar laganna. Nefndin virðist því hafa ákveðið útsvar þetta innan réttra valdmarka, enda þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á það, að útsvarsfjárhæðin, þótt há sé, verði að teljast fjarstæða. Samkvæmt þessu eru ekki tök á að hrinda eða lækka álagninguna, og ber að taka til greina sýknukröfu stefnda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Skeljungs h/f, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 26. febrúar 1960.

Nr. 99/1958. **Guðni Ólafsson** (Gunnar Þorsteinsson hrl.)
gegn
póstmeistaranum í Reykjavík vegna póstsjóðs
(Sveinbjörn Jónsson hrl.)
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Magnús Torfason.

Skaðabótakrafa. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. júlí 1958 og krafizt þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 5801.85 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1955 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. október 1958, gagnáfrýjað málinu með stefnu 30. s. m. og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna og aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eigi er í ljós leidd heimild póstmeistarans í Reykjavík til að taka á móti stefnu og gefa bindandi yfirlýsingu fyrir dómi f. h. póstsjóðs í máli þessu. Að svo vöxnu máli verður að fella hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð úr gildi og vísa málinu frá héraðsdómi. Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 2000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð eiga að vera ómerk, og vísast málinu frá héraðsdómi.

Aðaláfrýjandi, Guðni Ólafsson, greiði gagnáfrýjanda,

póstmeistaranum í Reykjavík f. h. póstsjóðs, kr. 2000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. apríl 1958.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 21. f. m., hefur Guðni Ólafsson lyfsali, hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 10. nóvember 1956, gegn Magnúsi Jochumssyni póstmeistara, hér í bæ, vegna póstsjóðs til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 5866.35, auk 6% ársvaxta frá 1. apríl 1955 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi fjárhæð kröfu sinnar í kr. 5801.85, en hélt henni fram óbreyttri að öðru leyti.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar eftir mati dómarans.

Málsatvik eru þessi:

Á tímabilinu febrúar—apríl 1957 falsaði sendill stefnanda, Karl Magnússon, þá 11 ára gamall, nafn viðtakanda á tvær póstávísanir, aðra að fjárhæð kr. 3284.87, en hina að fjárhæð kr. 145.06, er sendar höfðu verið lyfjabúð stefnanda, Ingólfs Apóteki, utan af landi til afgreiðslu á pósthúsinu í Reykjavík.

Á sama tíma falsaði drengur þessi einnig nafn viðtakanda á sjö póstkröfur, er greiddar höfðu verið á ýmsum stöðum úti á landi og afgreiddar til pósthússins í Reykjavík. Voru póstkröfur þessar samtals að fjárhæð kr. 2581.48. Fölsun þessi var í því fólgin, að nafn gjaldkera Ingólfs Apóteks, Katrínar Jónsdóttur, var skráð sem kvittun viðtakanda jafnframt því sem stimpill Ingólfs Apóteks eða nafnstimpill stefnanda voru notaðir. Á tvær póstkröfur og aðra póstávísunina var þó falsað nafnið Sæunn Magnúsdóttir, en enginn með því nafni vinnur eða hefur unnið við atvinnurekstur stefnanda. Framvísaði drengurinn póstkröfum þessum og póstávísunum á pósthúsinu með hinum fölsuðu kvittunum og fékk þær greiddar. Fjárhæð þá, sem krafizt er greiðslu á í málinu, sló drengurinn eign sinni á, og hefur stefnandi ekki fengið hana greidda. Telur hann, að stefnda beri að standa sér skil á henni, þar sem í öllum tilvikum hafi verið um svo áberandi og illa gerða fölsun að ræða, að nær sé óhugsandi, að þeir starfsmenn pósthússins, sem hér áttu hlut að, hafi ekki séð eða mátt sjá, að um fölsun var að ræða. Verði að líta

svo á, að hlutaðeigandi starfsmenn hafi sýnt af sér stórkostlegt hirðuleysi með því að greiða drengnum nefndar fjárhæðir við svo búið.

Sýknukröfuna reisir stefndi á því, að nafnritanir þær, sem um ræðir, beri það ekki með sér, að um fölsun hafi verið að ræða. Fjöldi fólks skrifi nöfn sín illa og ólæsilega og um mjög ábyggilega menn geti verið að ræða, þótt þeir skrifi nöfn sín ekki vel. Sé og sérstaklega á það að líta í þessu sambandi, að allar kvittanirnar hafi verið stimplaðar. Þá er því neitað, að starfsmönnum stefnda, er hér áttu hlut að, hafi borið skylda til að gagnrýna kvittanirnar nákvæmar en þeir gerðu eða leita til lögreglunnar af því tilefni. Starfsmenn þessir hafi vafalaust þekkt sendil stefnanda og treyst því, að stefnandi hefði eigi annað fólk í þjónustu sinni en það, sem hann bar traust til. Það sé sérstaklega athyglisvert, að dreng þeim, sem hér á hlut að máli, hafi verið fengnar póstávísanirnar og póstkröfurnar í hendur og veittur aðgangur að stimplum stefnanda og fyrirtækis hans. Sýni það hvort tveggja, hvert traust stefnandi hafi borið til drengsins. Starfsmenn stefnda hafi daglega séð dreng þenna taka við peningagreiðslum fyrir stefnanda í pósthúsinu. Þeir hafi því enga ástæðu haft til að tortryggja drenginn sérstaklega í umrædd skipti. Starfi póstmanna nú á tímum sé þannig háttað, að ómögulegt sé að ætlast til, að þeir taki hvert einasta skjal, sem um hendur þeirra fer, og gagnrýni það á þann hátt, er stefnandi ætlist til eftir málssókn þessari að dæma. Að öllu athuguðu sé ljóst, að um enga sök hafi verið að ræða hjá starfsmönnum pósthússins. Sé því fébótaábyrgð stefnda gagnvart stefnanda alls ekki til að dreifa.

Við munnlegan flutning málsins kom það fram, að Karl Magnússon hafði aðgang að lykli að pósthólfi stefnanda í pósthúsinu og að það var í verkahring hans að vitja þar pósts dag hvern. Komst drengurinn á þann hátt yfir póstkröfur þær og póstávísanir, sem um ræðir. Þá kom það og fram við málflutninginn, að drengurinn hafði aðgang að stimplum stefnanda og fyrirtækis hans. Var þess jafnframt getið, að margir stimplar séu notaðir við daglegan rekstur lyfjabúðarinnar, m. a. við afgreiðslu lyfseðla, og því ógerlegt að hafa stimplana lokaða niðri.

Við athugun á hinum fölsuðu kvittunum kemur í ljós, að rithöndin á þeim er áberandi viðvaningsleg. Einkum vekur það athygli, að í nafninu *Katrín Jónsdóttir* er upphafsstafur föðurnafnsins lítill bókstafur. Svo er og um upphafsstafinn í nafninu

Sœunn. Er og það nafn ritað með einu *n*. Þá kemur og í ljós, að við eina kvittunina vantar dagsetningu og ártal, og ein kvittunin er einungis öfugur nafnstimpill stefnanda. Í málinu liggur fyrir ein póstkrafa með ófölsuðu nafni Katrínar Jónsdóttur á. Er sú nafnritun gjörólík hinum fölsuðu. Að öllu athuguðu þykir verða að fallast á það með stefnanda, að hinar fölsuðu kvittanir hafi verið svo tortryggilegar, að óforsvaranlegt hafi verið af gjaldkerum pósthússins að inna umræddar greiðslur af hendi án þess að kynna sér áður, hvort allt væri með felldu um kvittanirnar. Ber að leggja á stefnda fébótaábyrgð á tjóni stefnanda, að því leyti sem það verður til þessa gáleysis starfsmanna stefnda rakið, sbr. 5. mgr. 20. gr. póstlaga nr. 31/1940.

Jafnframt því, sem nú hefur verið rakið, er á það að líta, að drengurinn Karl Magnússon hafði um alllangt skeið haft það starf á hendi að leysa út póstkröfur og ávísanir á pósthúsinu fyrir stefnanda og fyrirtæki hans og má ætla, að hann hafi af þeim sökum verið kunnur orðinn gjaldkerum þeirrar deildar á pósthúsinu, sem hér á hlut að, enda virðist stefnandi hafa átt mikil skipti við deild þessa. Við þetta bætist, að allar voru kvittanirnar stimplaðar á sama hátt og tíðkaðist um ófalsaðar kvittanir, en hvort tveggja þetta var fallið til að slæva athygli gjaldkeranna, sem greiðslur inntu af hendi til drengsins.

Eins og háttað er atvikum, verður fébótaábyrgð á tjóni stefnanda, því sem hér ræðir um, ekki óskorað lögð á stefnda. Þykir eftir atvikum rétt, að hann bæti stefnanda ⅔ hluta þess, eða kr. 3867.90.

Verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda fjárhæð þessa ásamt vöxtum eins og krafizt er.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 750.00 í málskostnað.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Stefndi, Magnús Jochumsson vegna póstsjóðs, greiði stefnanda, Guðna Ólafssyni, kr. 3867.90 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1955 til greiðsludags og kr. 750.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 26. febrúar 1960.

Nr. 15/1960. **Þorlákur Jónsson**
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Valtý Bjarnasyni, forstöðumanni Blóðbankans.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Ármann Snævarr prófessor.

Krafa um framlagningu sakargagns. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 29. janúar 1960 og hingað kominni 10. febrúar s. á. hefur sóknaraðili kært úrskurð bæjarþings Reykjavíkur, sem upp var kveðinn 23. janúar 1960 í máli sóknaraðilja gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Krefst sóknaraðili þess, að varnaraðilja Valtý Bjarnasyni verði dæmt að afhenda til afnota í ofangreindu bæjarþingsmáli spjald það úr spjaldskrá Blóðbankans, sem vitnað er til á dómskjali 6 í nefndu máli. Svo krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Varnaraðili fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gerir þær kröfur, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og að sóknaraðilja verði gert að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Varnaraðili Valtýr Bjarnason hefur hvorki sent Hæstarétti kröfur né greinargerð.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðilja ber að greiða varnaraðilja fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs kærumálskostnað, kr. 800.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Þorlákur Jónsson, greiði varnaraðilja

fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs kærumálskostnað, kr. 800.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 23. janúar 1960.

Mál þetta hefur Þorlákur Jónsson, Baldursgötu 12 í Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 16. júní 1958 gegn fjármálaráðherra og heilbrigðismálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 544.313.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júlí 1957 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans.

Stefndu hafa *aðallega* krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómarans, en *til vara,* að fjárkrafa stefnanda verði stórlega lækkuð og að málskostnaður falli niður.

Stefnandi lýsir málsatvikum á þá leið, að hann hafi um nokkurra ára skeið kennt innvortis sársauka og óþæginda. Seint á árinu 1953 hafi í ljós komið, að hann hafi verið með skeifugarnarsár, og hafi hann dvalið í sjúkrahúsi í 6 vikur á árinu 1954 af þeim sökum. Nokkru síðar hafi læknar eigi séð önnur ráð en að láta stefnanda ganga undir uppskurð. Hafi hann vistazt í Landspítalanum hinn 12. ágúst 1954, og hafi verið gerð á honum meiri háttar skurðaðgerð hinn 20. s. m. Við skurðaðgerðina hafi stefnandi fengið blóðgjöf frá Blóðbanka Íslands. Við athugun á spjaldskrá Blóðbankans síðar hafi komið í ljós, að þann sama dag var kallaður inn einn blóðgjafi (donor) til bankans í sama blóðflokki og stefnandi, en sá næsti á undan í sama blóðflokki hafi gefið blóð svo löngu áður, að blóð hans hafi verið óhæft til blóðgjafar samkvæmt reglum Blóðbankans (þ. e. a. s. meira en 21 dags gamalt). Eftir skurðaðgerðina hafi stefnanda heilsazt mjög vel eftir ástæðum, og hafi hann útskrifazt úr sjúkrahúsinu hinn 29. ágúst 1954. Rúmum mánuði síðar hafi stefnandi farið að kenna þjáninga í liðamótum og litbrigða á hörundi. Hafi hann af þessu orðið að leggjast mjög þungt haldinn í Landakotsspítala, þar sem hann hafi dvalizt í 1½ mánuð. Á þessu tímabili hafi hann verið mjög illa farinn, og hafi starfsþrek hans stórlega dvínað við sjúkdóminn og sjúkrahússvistina. Eftir þetta hafi heilsa stefnanda aldrei komizt í sama horf og áður, en hann hafi þó verið talinn vinnufær að nokkru.

Stefnandi telur, að hann hafi sýkzt við uppskurðinn í Landspítalanum hinn 20. ágúst 1954. Síðari sjúkdóm hans megi rekja til framangreindrar blóðgjafar. Sé því augljóst, að hann hafi við skurðaðgerðina annaðhvort fengið rangan blóðflokk eða of gamalt blóð úr réttum blóðflokki. Á mistökum þessum telur stefnandi stefndu bera fébótaábyrgð.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því, að engar sönnur séu fyrir því, að sjúkdóm stefnanda megi rekja til umræddrar blóðgjafar, né að mistök hafi átt sér stað við hana. Varakrafan er á því byggð, að fjárkrafa stefnanda sé allt of há.

Með bréfi, dags. 7. október 1958, óskaði lögmaður stefnanda eftir því, að forstöðumaður blóðbankans, Valtýr Bjarnason læknir, yrði með úrskurði skyldaður til að leggja fram spjald það úr spjaldskrá Blóðbankans, sem vitnað er til á dskj. nr. 6 varðandi „B. S. donor nr. 201".

Stefnandi kom sjálfur fyrir dóm hinn 8. ágúst 1959 og tjáði það ósk sína, að framangreint gagn yrði lagt fram í málinu.

Af þessu tilefni var forstöðumaður Blóðbankans kvaddur fyrir dóminn. Forstöðumaðurinn synjaði að leggja fram spjald Blóðbankans varðandi „B. S. donor nr. 201". Kvað hann spjald þetta hafa að geyma nafn blóðgjafans ásamt ýmsum upplýsingum blóðið varðandi og heilbrigði blóðgjafans. Byggði forstöðumaðurinn synjun sína á því, að nöfn blóðgjafans væru eigi látin í té neinum til að firra þá einstaklinga, sem af þegnskap og góðvild gefa blóð, hugsanlegum óþægindum. Hins vegar kvað forstöðumaðurinn til greina geta komið að láta í té endurrit af spjaldi þessu, að öðru leyti en því, að nafn og heimilisfang blóðgjafa verði þá ekki uppgefið.

Í lok þinghalds þess, er forstöðumaðurinn kom fyrir dóm, óskaði lögmaður stefnanda þess, að frestað yrði að sinni að úrskurða skyldu hans til að leggja umrætt gagn fram. En með bréfi, dags. 18. nóv. s.l., ítrekaði lögmaðurinn þá beiðni sína og krafðist þess, að læknirinn yrði með úrskurði skyldaður til að leggja gagn þetta fram að viðlögðum viðurlögum, er 148. gr. einkamálalaga nr. 85/1936 ákveður. Var atriðið því tekið til úrskurðar.

Svo sem að framan greinir, lýsti forstöðumaður Blóðbankans yfir því, að til greina gæti komið að leggja fram fyrrgreint spjald úr spjaldskrá Blóðbankans með þeim takmörkunum, sem áður getur. Dómarinn hefur aflað afrits af spjaldi þessu, og er það nú lagt fram í málinu sem dómskjal nr. 42. Á spjaldinu er nafn blóðgjafans auðkennt með bókstöfunum „B. S.". Kemur því ein-

göngu til þess að úrskurða um skyldu forstöðumannsins til að gefa upp nafn blóðgjafans.

Telja verður blóðgjafir svo mikilsverðan þátt í læknaaðgerðum nú á tímum, að þjóðfélagsleg nauðsyn þykir vera til þess að stuðla að því, að menn séu fúsir til blóðgjafar. Með tilliti til þessa þykir verða að fallast á rök forstöðumannsins fyrir synjun hans um að láta í té nafn hér um ræddS blóðgjafa. Verður þessi krafa lögmanns stefnanda því ekki tekin til greina.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Dómsorð:

Forstöðumanni Blóðbankans, Valtý Bjarnasyni lækni, er eigi skylt að gefa upp nafn framangreinds blóðgjafa.

Föstudaginn 26. febrúar 1960.

Nr. 16/1960. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
gegn
Þorláki Jónssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Ármann Snævarr prófessor.

Krafa um framlagningu sakargagns. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 28. janúar 1960 og hingað kominni 10. febrúar s. á. hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð bæjarþings Reykjavíkur 23. janúar 1960 í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að varnaraðilja verði gert skylt að greiða kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og að sóknaraðilja verði gert að greiða kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að

staðfesta hann. Sóknaraðilja ber að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 800.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði varnaraðilja, Þorláki Jónssyni, kærumálskostnað, kr. 800.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 23. janúar 1960.

Mál þetta hefur Þorlákur Jónsson, Baldursgötu 12 í Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 16. júní 1958 gegn fjármálaráðherra og heilbrigðismálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 544.313.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júlí 1957 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans.

Stefndu hafa *aðallega* krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómarans, en *til vara,* að fjárkrafa stefnanda verði stórlega lækkuð og að málskostnður falli niður.

Stefnandi lýsir málsatvikum á þá leið, að hann hafi um nokkurra ára skeið kennt innvortis sársauka og óþæginda. Seint á árinu 1953 hafi í ljós komið, að hann hafi verið með skeifugarnarsár, og hafi hann dvalið í sjúkrahúsi í 6 vikur á árinu 1954 af þeim sökum. Nokkru síðar hafi læknar eigi séð önnur ráð en að láta stefnda ganga undir uppskurð. Hafi hann vistazt í Landspítalanum hinn 12. ágúst 1954, og hafi verið gerð á honum meiri háttar skurðaðgerð hinn 20. s. m. Við skurðaðgerðina hafi stefnandi fengið blóðgjöf frá Blóðbanka Íslands. Við athugun á spjaldskrá Blóðbankans síðar hafi komið í ljós, að þann sama dag var kallaður inn einn blóðgjafi (donor) til bankans í sama blóðflokki og stefnandi, en sá næsti á undan í sama blóðflokki hafi gefið blóð svo löngu áður, að blóð hans hafi verið óhæft til blóðgjafar samkvæmt reglum Blóðbankans (þ. e. a. s. meira en 21 dags gamalt). Eftir skurðaðgerðina hafi stefnanda heilsast mjög vel eftir aðstæðum, og hafi hann útskrifazt úr sjúkrahúsinu hinn 29. ágúst 1954. Rúmum mánuði síðar hafi stefnandi farið að kenna þjáninga í liðamótum og litbrigða á hörundi. Hafi hann af þessu orðið að leggjast mjög þungt haldinn í Landakotsspítala, þar sem hann

hafi dvalizt í einn og hálfan mánuð. Á þessu tímabili hafi hann verið mjög illa farinn, og hafi starfsþrek hans stórlega dvínað við sjúkdóminn og sjúkrahússvistina. Eftir þetta hafi heilsa stefnanda aldrei komizt í sama horf og áður, en hann hafi þó verið talinn vinnufær að nokkru.

Stefnandi telur, að hann hafi sýkzt við uppskurðinn í Landspítalanum hinn 20. ágúst 1954. Síðari sjúkdóm hans megi rekja til framangreindrar blóðgjafar. Sé því augljóst, að hann hafi við skurðaðgerðina annaðhvort fengið rangan blóðflokk eða of gamalt blóð úr réttum blóðflokki. Á mistökum þessum telur stefnandi stefndu bera fébótaábyrgð.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því, að engar sönnur séu fyrir því, að sjúkdóm stefnanda megi rekja til umræddrar blóðgjafar né að mistök hafi átt sér stað við hana. Varakrafan er á því byggð, að fjárkrafa stefnanda sé allt of há.

Með bréfi, dags. 7. október 1958, óskaði lögmaður stefnanda eftir því, að yfirlæknir Landspítalans, dr. med. Snorri Hallgrímsson, yrði skyldaður með úrskurði til að sýna í bæjarþinginu og leggja fram staðfest endurrit af sjúkraskýrslu stefnanda í Landspítalanum.

Stefnandi kom sjálfur fyrir dóminn hinn 8. ágúst 1959 og tjáði það ósk sína, að framangreind skýrsla yrði lögð fram í málinu.

Af þessu tilefni var yfirlæknir Landspítalans kvaddur fyrir dóminn. Yfirlæknirinn lýsti því, að hann synjaði að leggja fram sjúkraskýrslu stefnanda. Byggði hann þá synjun sína á því, að í sjúkraskýrslu væru skráð ýmis atriði, er vörðuðu einkamálefni sjúklings. Taldi hann það brot á þagnarskyldu sinni sem læknis að skýra frá því, sem hann hafi í starfi sínu komizt að um málefni sjúklinga, og að gera opinberar þær upplýsingar.

Í lok þinghalds þess, er yfirlæknirinn kom fyrir dóm, óskaði lögmaður stefnanda þess, að frestað yrði að sinni að úrskurða um skyldu hans til að leggja umrætt gagn fram. En með bréfi, dags. 17. nóvember s.l., ítrekaði lögmaðurinn þá beiðni sína og krafðist þess, að yfirlæknirinn yrði með úrskurði skyldaður til að leggja gagn þetta fram að viðlögðum þeim viðurlögum, er 148. gr. einkamálalaga nr. 85/1936 ákveður. Var atriðið því tekið til úrskurðar.

Eigi verður fallizt á rök yfirlæknisins fyrir synjun hans á framlagningu sjúkraskýrslu stefnanda, þar sem stefnandi sjálfur hefur óskað eftir því, að skýrslan verði fram lögð. Og þar sem telja verður, að sjúkraskýrslan kunni að hafa þýðingu fyrir málið, ber að taka til greina kröfu lögmanns stefnanda. Verður yfirlæknirinn

því gert að leggja fram staðfest endurrit af skýrslu þessari í málið innan 15 daga frá því, að honum er birtur úrskurður þessi, að viðlögðum dagsektum til lögmanns stefnanda, og þykja þær hæfilega ákveðnar kr. 100.00.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Yfirlækni Landspítalans, dr. med. Snorra Hallgrímssyni prófessor, er skylt að leggja fram í dóm staðfest endurrit af framangreindri sjúkraskýrslu stefnanda, Þorláks Jónssonar, innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðar þessa að viðlögðum 100 króna dagsektum til Vagns Jónssonar héraðsdómslögmanns.

Úrskurði þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 26. febrúar 1960.

Nr. 47/1959. **Byggingarfélagið M. Oddsson h/f**
gegn
tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Byggingarfélagið M. Oddsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 29. febrúar 1960.

Nr. 32/1958. **Þórarinn G. Benediktsson**
(Áki Jakobsson hrl.)
gegn
Verði h/f (Sveinbjörn Jónsson hrl.)
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson, prófessor Ármann Snævarr og Valdimar Stefánsson sakadómari.

Krafa um slysabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. febrúar 1958, að fengnu áfrýjunarleyfi og gjafsókn hér fyrir dómi. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum af vátryggingarfé b/v Varðar, B A 142, kr. 391.310.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 27. nóvember 1951 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Gagnáfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. apríl 1958 og fengið áfrýjunarleyfi. Krefst hann sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Aðaláfrýjandi höfðaði upphaflega mál í héraði á hendur gagnáfrýjanda með stefnu 27. nóvember 1951 og gerði þá kröfu um skaðabætur að fjárhæð kr. 451.910.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 27. nóvember 1951 til greiðsludags. Mál þetta var fellt niður með samkomulagi málsaðilja í bæjarþingi Reykjavíkur hinn 29. október 1953, en mál það, sem hér liggur fyrir, höfðaði aðaláfrýjandi síðan í héraði með stefnu 30. október 1953.

Samkvæmt 238. gr. siglingalaga nr. 56/1914 nær sjóveð fyrir skaðabótakröfum eftir 13. gr. sömu laga ekki til vátryggingarfjár skips. Þegar af þeirri ástæðu er ekki unnt að taka kröfu aðaláfrýjanda til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 8000.00 upp í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Málflutningsþóknun skipaðs talsmanns aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 18.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Vörður h/f, á að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Þórarins G. Benediktssonar, í máli þessu.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 8000.00 upp í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Málflutningslaun skipaðs talsmanns aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Áka Jakobssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 18.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 13. maí 1957.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m., hefur Þórarinn G. Benediktsson sjómaður, Patreksfirði, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 30. október 1953, gegn h/f Verði, Patreksfirði, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 391.310.00 auk 6% ársvaxta frá 27. nóvember 1951 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en stefnanda var með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 15. janúar s.l., veitt gjafsókn fyrir héraðsdómi, og var Áki Jakobsson hdl. skipaður talsmaður hans.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfu stefnanda, en til vara, að stefnufjárhæðin verði lækkuð eftir mati dómsins. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins, hvernig sem málið fer.

Málavextir eru þessir:

Hinn 28. janúar 1950, kl. 15.00, lagði b/v Vörður, B A 142, sem var eign stefnda, af stað frá Hafnarfirði áleiðis til Englands með fullfermi af ísfiski. Eftir brottförina frá Hafnarfirði hreppti togarinn sunnan og suðaustan hvassviðri, 8—9 vindstig, og mikinn sjó. Siglt var með fullri ferð, og varð einskis óvenjulegs vart.

Síðari hluta nætur 29. janúar og um morguninn tóku nokkrir skipverjar eftir því, að togarinn lá óeðlilega djúpt og hallaðist til bakborða og tók á sig óvenju mikla sjói í ekki verra veðri en þá var, en vindur var þá af suðri 5—6 vindstig og sjór mikill og óreglulegur. Ekki var þó gerð önnur gangskör að því að rannsaka orsök hallans og djúpristunnar en lýsa fram á þilfarið. Um kl. 7.30 um morguninn voru menn sendir fram á skipið til eftirlits, og þegar þangað kom uppgötvuðu þeir, að neðri hásetaklefi var um það bil hálfur af sjó, og þeir töldu svipaðan sjó eða jafnvel meiri í netalestinni vegna halla skipsins, án þess þó að þeir litu niður í hana í þessari ferð. Skýrðu menn þessir skipstjóra og 1. stýrimanni frá því, hvernig komið var, og var þá ákveðið að hefjast handa að ausa skipið. Engin véldæla var í sambandi við hásetaklefann, heldur aðeins seinvirk handdæla, og voru því hásetarnir látnir ausa sjónum með fötum upp um hásetaklefaopið og út um kýraugað. Tvær fötur voru notaðar við austurinn, og fjórir jusu í senn, en fleiri komust ekki að. Var þetta talið afkastameira en að dæla með handdælunni, enda var varla stætt við hana vegna sjógangs. Jafnframt því sem hásetar voru settir að austri, voru kyndarar látnir moka kolum úr bakborðshlið, ef takast mætti með því að rétta skipið. Var unnið að mokstrinum allan daginn. Einnig var unnið allan daginn að austrinum, án þess að sæjust merki, að sjór lækkaði í skipinu.

Að beiðni skipstjórans á b/v Verði kom b/v Bjarni Ólafsson á vettvang kl. 14.30 um daginn til að vera Verði til aðstoðar, ef með þyrfti, og „lónaði" hann síðan skammt frá Verði. Samkvæmt vætti skipstjórans á Bjarna Ólafssyni lá b/v Vörður nokkuð djúpt að framan og hallaðist töluvert til bakborða, þegar Bjarni Ólafsson kom á vettvang, og all mikill sjór gekk yfir hvalbak og þilfar Varðar, en skipstjórinn segir, að honum hafi ekki virzt Vörður vera þá í bráðri hættu. Skipstjóri Bjarna Ólafssonar og 2. stýrimaður togarans telja hæpið, að unnt hefði verið að koma óbrotnum björgunarbát á flot frá Verði, eftir að Bjarni Ólafsson kom á vettvang. Í sömu átt hnígur vætti 1. stýrimanns á Verði, en skipstjóri Varðar telur, að vonlaust hafi verið að reyna þetta. Hins vegar segir skipstjórinn á Bjarna Ólafssyni, að hægt hefði verið að koma línu á milli skipanna, á meðan bjart var.

Þegar leið á daginn og dimma tók, en það mun hafa verið um kl. 17.00, versnaði veður. Kl. 17.45 spurðist skipstjórinn á Bjarna Ólafssyni fyrir um það, hvernig gengi hjá Verði. Kvað skipstjóri Varðar útlitið ekki vera gott, enda tæki skipið á sig meiri sjói,

eftir að veðrið hefði versnað, en ekki heyrði skipstjóri Bjarna Ólafssonar á honum, að hann væri hræddur um, að Vörður myndi sökkva. Talaðist svo til milli skipstjóranna, að Bjarni Ólafsson „slóaði" rétt á undan Verði og léti olíu í sjóinn til þess að lægja báruna. Var það gert.

Um kl. 18.00 varð 1. stýrimaður Varðar þess var, að vatnsgeymir undir hásetaklefa var fullur af sjó. Fram til þessa hafði skipstjórinn talið vatnsgeymi þenna, sem átti að taka 20—25 smálestir, tóman. Varð skipstjóranum ljóst, þegar 1. stýrimaður skýrði honum frá, að geymir þessi væri fullur, að b/v Vörður var í bráðri hættu, enda breyttist allt mjög til hins verra eftir kl. 18.00. Sprakk netalestin upp rétt á eftir, en hún var þá orðin full. Veður hafði enn versnað, og um kl. 18.20 sendi skipstjóri Varðar skipstjóranum á Bjarna Ólafssyni boð og bað hann að nálgast Vörð, eins fljótt og unnt væri. Var þegar brugðið við, og telur skipstjóri Bjarna Ólafssonar, að togarinn hafi verið kominn að Verði eftir 5—7 mínútur. Hélt Bjarni Ólafsson sig síðan til hlés við hinn nauðstadda togara. Samkvæmt vætti skipstjóra Bjarna Ólafssonar voru nú engin tök á að koma línu á milli skipanna né óbrotnum bát á flot frá Verði, enda var hann nú í kafi að framan og reykháfur nam við sjó á bakborða, en skuturinn stóð upp úr.

Skipti nú litlum togum, að b/v Verði hvolfdi, og hann sökk. Var klukkan þá um 18.45. Með togaranum sukku tveir menn, er voru í hásetaklefa skipsins. Hinir skipverjarnir allir, þar á meðal stefnandi, lentu í sjónum, og var þeim öllum nema þremur bjargað lifandi upp í Bjarna Ólafsson.

Áður en stefnandi fór í sjóinn, hafði hann náð sér í björgunarbelti og sett það á sig. Hann er ósyndur. Við sjóferðapróf út af slysinu hinn 4. marz 1950 skýrir stefnandi svo frá, að þegar hann lenti í sjónum í fyrstu, hafi hann verið stutt í kafi og komið upp rétt hjá björgunarfleka skipsins, sem tekizt hafði að losa, en ekki náð í hann, bára hafði skolað flekanum frá. Sá hann þá, að nokkrir skipverja voru komnir á kjöl björgunarbátsins og að þeim var bjargað þaðan. Einnig sá hann, að mönnum, sem á flekann höfðu komizt, var bjargað. Hann kveðst hafa beðið rólegur og talið, að sér yrði brátt bjargað, en rétt á eftir hafi hann tapað af ljósglampanum. Þá varð hann var við skvamp rétt hjá sér, og kom þar að Jóhann heitinn Jónsson, 2. vélstjóri. Spurði hann stefnanda, hvort hann hefði belti, og játaði stefnandi því. Jafnframt sagði Jóhann, að sitt belti væri alveg að hengja sig, og sagði stefnandi honum þá, að skipið væri alveg að koma til þeirra, en Jóhann

greip vinstri hendi upp að höfðinu og sagðist ekki geta meir. Korraði þá í Jóhanni, og sá stefnandi hann fljóta rétt hjá sér. Stefnandi telur, að sér hafi verið bjargað rétt í þessu, en vissi ekki, hvernig björgunin fór fram, nema að því leyti að hann fann, að eitthvað kom við hann. Gizkar hann á að hafa verið í sjónum í 40 mínútur. Næst kveðst stefnandi hafa munað eftir sér, þegar hann varð þess var, að verið var að rista af honum fötin um borð í Bjarna Ólafssyni. Hann segir, að sér hafi liðið vel allan tímann í sjónum, en bezt um það leyti sem hann var að missa meðvitund. Í þinghaldi þessu segist stefnandi ekki vera búinn að ná sér enn eftir hrakninginn, hann sé slæmur í höfði og mæðist fljótt, ef hann gangi greitt, og nú sé hann orðinn svo þreyttur, að hann skynji tal sitt óeðlilega.

Samkvæmt skýrslu stefnanda, dagsettri 21. maí 1952, sem stefnandi staðfesti á bæjarþingi Reykjavíkur 27. s. m., var hann þannig búinn, er hann lenti í sjónum: Að ofan í „jersey" nærskyrtu, að neðan í síðum „jersey" nærbuxum og nankinsbuxum, í bómullarsokkum og hnéháum gúmmístígvélum, með enska húfu á höfði, og á höndum hafði hann fingravettlinga úr tvisti. Í þinghaldi þessu kveðst stefnandi hafa verið heilsuhraustur fyrir slysið og ekki þjáðst af neinum sérstökum sjúkdómi, en hann hafi orðið veikur, strax eftir björgunina. Þó hafi hann ekki legið rúmfastur, á meðan hann var hér í bænum, en skipbrotsmenn höfðu verið fluttir hingað, og hann hafi farið heim til sín á Patreksfjörð eftir um það bil vikutíma. Stefnandi kvað sjúkleika sinn lýsa sér aðallega í því, að hann verði magnlaus, fái höfuðverk og verk í hálsinn og er hann vinni, þá mæðist hann mjög fljótlega og finni til í brjósti, vinstri öxl og hálsi. Í þinghaldinu var stefnandi spurður sérstaklega að því, á hvern hátt hann hafi verið dreginn upp í b/v Bjarna Ólafsson, en hann kvaðst alls ekki muna neitt um það.

Bjarni Hermann Guðmundsson, sem var 1. stýrimaður á b/v Bjarna Ólafssyni, þegar b/v Vörður fórst, og eina vitnið, sem náðst hefur til, sem minnist atvika að því, er stefnanda var bjargað, skýrir svo frá, að stefnandi hafi verið á floti í sjónum hlémegin við Bjarna Ólafsson, þó þannig, að vindur hafi ekki staðið þvert á skipið. Kveðst hann hafa kastað línu til stefnanda undan vindi, og hafi línan verið höfð mun lengri en svaraði fjarlægðinni til stefnanda. Hafi þetta verið gert í því skyni, að hún gæti flækzt utan um stefnanda, ef honum tækizt ekki að ná taki á henni af eigin ramleik, en engin snara hafi verið sett á línuna. Eftir að línunni var kastað, mynduðust á henni lykkjur og vöfðust utan

um stefnanda. Lá línan í nokkrum brögðum utan um hann, en vitnið kveðst ekki muna, hvernig þau brögð hafi legið, þó hafi línan ekki hert neitt sérstaklega að hálsi stefnanda. Segist vitnið hafa gáð að þessu sérstaklega, er það losaði línuna, vegna þess að stefnandi hafi ekki mátt mæla, er hann hafi verið dreginn um borð. Þegar línunni hafði verið kastað, var kallað til stefnanda að grípa í hana, en það gat hann ekki. Við dráttinn á stefnanda að skipshlið, segir vitnið, að ekki hafi þurft að beita neinum átökum. Eftir að stefnandi var kominn að skipshliðinni, innbyrtu skipverjar Bjarna Ólafssonar hann með því að taka í hann með höndunum. Línan var síðan losuð af honum, og því næst reynt að ná upp úr honum sjó, síðan var hann borinn inn í matsal og gefinn heitur drykkur. Meðan verið var að bera stefnanda inn, segir vitnið, að hann hafi fengið málið aftur. Vitnið gat ekki um það sagt, hversu langur tími leið, frá því að b/v Vörður sökk og þar til stefnanda var bjargað. Hins vegar segir vitnið, að sá tími hafi þó verið það langur, að það hafi undrazt, að stefnandi skyldi halda lífi, eftir að vera búinn að velkjast svo lengi í sjónum í því veðri, sem þá var.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á því, að skipstjórnarmönnum b/v Varðar hafi í umrætt skipti orðið veruleg mistök á, að því er varðar ráðstafanir í þá átt að bjarga skipverjum yfir í b/v Bjarna Ólafsson í tæka tíð, er var þarna á vettvangi reiðubúinn til hjálpar. Af þessum mistökum hafi leitt, að allir skipverjar Varðar lentu í sjónum, og kveðst stefnandi vegna sjóvolksins og hnjasks við björgunina hafa beðið verulegt og varanlegt heilsutjón, hann hafi orðið 75% öryrki vegna slyssins, en stefndi beri sem eigandi skipsins fébótaábyrgð á öllu því tjóni, er af mistökum skipstjórnarmanna hlauzt.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína svo:

1. Bætur fyrir orkutjón	kr.	356.310.00
2. Bætur fyrir sársauka og vanlíðan	—	35.000.00
Samtals	kr.	391.310.00

Kröfuna undir 1. lið reisir stefnandi á útreikningi tryggingarfræðings frá 13. marz 1951, en í málinu liggur fyrir útreikningur sama tryggingarfræðings frá 24. nóvember 1956, og áætlar tryggingarfræðingurinn þar lágmarkstap stefnanda vegna sjóhrakningsins kr. 90.805.00.

Krafan undir 2. lið er áætlunarupphæð.

Stefndi reisir sýknukröfuna í fyrsta lagi á því, að skipstjórnarmönnum b/v Varðar verði ekki gefið það að sök, að þeir létu skipverja yfirgefa skipið svo seint, sem raun varð á. Þeim hafi borið skylda til að reyna að bjarga skipinu, og það hafi ekki orðið ljóst, fyrr en allt í einu, að tilraunir í þá átt mundu ekki bera árangur. Þá hafi þeir skipverjar Bjarna Ólafssonar og Varðar, er komið hafa fyrir dóm til að skýra frá atvikum að því, að Vörður fórst, verið sammála um það, að mjög tvísýnt hafi verið að koma báti heilum á flot frá Verði, þó að það hefði verið reynt strax og Bjarni Ólafsson kom á vettvang. Séu því mestar líkur til, að stefnandi hefði þurft að kasta sér í sjóinn með björgunarbelti, þó að skipstjóri Varðar hefði gefið mönnum sínum fyrirmæli um að yfirgefa skipið, fyrr en hann gerði.

Í öðru lagi mótmælir stefndi því, að heilsubilun stefnanda stafi af því, að hann lenti í sjónum í umrætt skipti. Hann hafi ekki orðið fyrir neinu óeðlilegu hnjaski, er honum var bjargað, eins og hann hafi tjáð læknum þeim, sem skoðuðu hann hér í Reykjavík, en vottorð þeirra verða síðar rakin. Þá bendir stefndi á þessum mótmælum sínum til stuðnings, að stefnandi hafi ekki leitað læknis vegna heilsubilunar þeirrar, sem hann telji slysið hafa orsakað, fyrr en um 10 mánuðum eftir það.

Loks reisir stefndi sýknukröfuna á því, að bótakrafa stefnanda, hafi hún nokkur verið, sé fyrnd eða fallin niður eftir ákvæðum síðara liðs 238. gr. og 240. gr. siglingalaganna.

Til vara mótmælir stefndi bótakröfu stefnanda sem órökstuddri og óhæfilega hárri.

Út af umræddu slysi var höfðað opinbert mál á hendur skipstjóra b/v Varðar og hann ákærður fyrir siglingarbrot og mannsbana af gáleysi samkvæmt 261. gr. siglingalaganna nr. 56/1914 og 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með því að hafa ekki gætt þess, sem skipstjóri á togaranum Verði, er leki hafi komið að skipinu á hafi úti, á leið þess til Englands hinn 29. janúar 1950, að hefjast handa um björgun skipshafnar togarans yfir í togarann Bjarna Ólafsson, sem kominn var á staðinn, fyrr en togarinn Vörður sökk.

Með dómi siglingadómsins, uppkveðnum 5. nóvember 1951, var skipstjórinn sakfelldur fyrir brot á framangreindum ákvæðum.

Í dómi siglingadóms segir m. a. svo:

Samkvæmt 48. gr. siglingalaganna er skipstjóra skylt að gera allt, er hann má, til bjargar skipi, ef það kemst í sjávarháska, og má ekki hverfa frá því, meðan nokkur von er um björgun þess.

Ber að hafa þetta í huga, þegar kannað er, hvort ákærði hafi of seint hafizt handa um að flytja skipshöfn sína um borð í togarann Bjarna Ólafsson. Upp er komið í málinu, að tveir litlir korkflekar voru í báðum afturreiðum „Varðar" og einn stór timburfleki á aftanverðu bátspilfari. Einnig er leitt í ljós, að hægt hafi verið að koma línu milli togaranna, meðan bjart var. Er það álit hinna siglingafróðu dómenda, að eins og veðri, sjó og öðrum aðstæðum var háttað, hafi verið gerlegt að flytja skipshöfn Varðar á korkflekunum yfir í Bjarna Ólafsson, meðan birta hélzt, og rétt að freista þess allt fram til kl. 18.00. Þegar litið er til þess, að veður fór vaxandi, a. m. k. eftir kl. 17.00, að skipshöfn Varðar mun hafa verið orðin mjög þreytt, eftir að hafa staðið í austri og kolamokstri frá því snemma morguns, að austurinn mun lítinn sem engan árangur hafa borið og allt óvíst um orsök hins alvarlega leka, þá lítur dómurinn svo á, að ákærða hafi borið að hefjast handa fyrst og fremst, meðan birtu naut, og allt fram til kl. 18.00 að freista þess að bjarga skipverjum á korkflekunum um borð í togarann Bjarna Ólafsson. Það gerði ákærði ekki. Engar ráðstafanir gerði hann heldur í þá átt að hafa þessa fleka tiltækilega við skipshlið."

Þykir verða að leggja þetta álit siglingadóms til grundvallar um það, að skipstjóri b/v Varðar hafi orðið mistök á, er umrætt slys bar að höndum, að því leyti, að gera ekki í tæka tíð ráðstafanir til þess að koma skipverjum togarans yfir í b/v Bjarna Ólafsson. Og ætla má, að mistök þessi hafi leitt til þess, að allir skipverjar togarans hafi lent í sjónum. Hefur því fyrsta sýknuástæða stefnda ekki við rök að styðjast.

Það er ekki vitað, hve lengi stefnandi var að velkjast í sjónum, en sennilegt má telja, að hann hafi farið nærri um tímann, þegar hann kom fyrst fyrir dóm eftir slysið, en þá gizkaði hann á, að hann hefði verið í sjónum um 40 mínútur. Hins vegar verður það að teljast upplýst, að línan, sem hann var dreginn að skipinu með, er honum var bjargað, hertist ekki að hálsi hans, svo og að hann varð ekki fyrir neinu óeðlilegu hnjaski, er hann var tekinn upp í skipið, en eftir að þangað var komið, kom hann fljótlega til meðvitundar.

Verða nú rakin læknisvottorð þau, sem fram hafa verið lögð í málinu.

Páll Sigurðsson tryggingaryfirlæknir hefur í læknisvottorði, dags. 27. desember 1950, rakið málsatvik á þessa leið samkvæmt frásögn stefnanda:

„Slasaði lenti í sjóhrakningum, er togarinn Vörður fórst hinn 29. janúar 1950. Slasaði kom til viðtals og skoðunar 16. nóvember 1950 og síðan alltaf öðru hverju eftir það fram undir mánaðamótin nóv.—des. 1950.

Hann heldur, að hann hafi legið um eina klukkustund í sjónum, eftir að skipið sökk. Hann segist hafa verið í flotbelti. Kaðli hafi verið kastað til sín, sem hann var dreginn á upp á skipið, sem bjargaði honum. Hann telur, að kaðallinn hafi vafizt um háls sér, en hann komið hendinni á milli hálsins og kaðalsins og þannig komið í veg fyrir hengingu. Slasaði kveðst ekki hafa komið til fullrar meðvitundar fyrr en um tveim klukkustundum eftir, að hann var kominn upp í skipið, sem bjargaði honum. Næstu dagana eftir þetta, segir hann, að sér hafi liðið mjög illa í höfði. Það hafi verið „eins og klettur", og gat hann ekki snúið því neitt til hliðar. Hann kveðst hafa misst heyrnina á vinstra eyra, en hún hafi komið aftur eftir 10 daga.

Kvartanir hans eru nú einkum þessar:

Verkjakippir frá vinstri öxl upp í höfuð. Stirðleiki og þrautir aftan í hálsi, sem koma strax fram, ef hann reynir nokkuð á sig. Kvíði og óeðlilegur titringur, sem einkum kemur fram við geðshræringar. Honum finnst hann eiga erfiðara með að einbeita huganum að nokkru einstöku en áður.

Hann kveðst lítið sem ekkert hafa getað unnið, síðan hann lenti í slysinu. Reyndi að vinna við fiskflökun í maí, 2—3 tíma á dag, en gafst upp eftir 3 daga. Hann segist hafa dundað lítils háttar við heyvinnu s.l. sumar, stund og stund í einu.

Hinn 16. nóvember 1950. Skoðun.

Maðurinn er grannholda, en eðlilegur útlits. Stirðleiki í hálsliðum. Beyging fram á við og hliðarsveigjur mjög hindraðar. Eymsli aftan á hálsliðum. Aðrir hlutir hryggjarsúlu en hálsliðir eðlilegir.

Hlustun á hjarta eðlileg. Tónar hreinir. Púls 76. Blóðþrýstingur 140/70. Röntgenmynd, tekin í Röntgendeild Landspítalans af hálsliðum og höfuðkúpu hinn 18. nóvember 1950, sýndi það, sem hér segir:

„Á yfirlitsmyndum af cranium er ekkert athugavert að sjá, nema hvað smávægileg kölkun í glandula pinealis. Allmiklar arthrotiskar breytingar í neðri hluta col. cervicalis og osteophytar þar í liðbrúnum.

Aukalega sést kölkun á arteria vertebralis báðum megin.

R. diagnosis: Osteoarthrosis col. cervicalis.

K. K. (sign)".

Sökum þess, hve sjúkdómsmyndin var óljós, var slasaði sendur til Alfreðs læknis Gíslasonar til neurologiskrar rannsóknar. Að lokinni þeirri rannsókn sendi hann síðan álitsgerð um árangur skoðunarinnar, dags. 28. nóvember 1950. Það helzta, sem hann tekur fram í þessari álitsgerð, er þetta:

„Psykiskt virðist hann (slasaði) eðlilegur, og var ekki auðsær neinn neurotiskur blær á kvörtunum hans... Við athugun á nervi cranii finnst ekkert athugavert. Pupillae eru jafnar, hringlaga og reagera. Við palpation eru eymsli í v. regio nuchae, og passiv hreyfingar í columna cervicalis eru sárar. Steth. cordis: Aktion regluleg, 78 á mínútu. Tónar hreinir. Steth. pulm. eðlileg. Abdomen eðlilegt. Blóðþrýstingur 130/70. Vöðvatrofik, reflexar, kraftar, sensibilitet og coordination, eðlilegt...

Niðurstaða: Sjúklingurinn liggur lengi í sjó og missir meðvitund (áhrif kuldans). Við björgunina herðist að hálsi hans, svo að blóðrás til heilans truflast verulega í nokkra stund. Hvort tveggja þetta, enda annað nægilegt, hefur haft í för með sér skaddandi áhrif á heilann, og er auðvelt að setja nokkurn hluta kvartana hans í samband við það, einkum asthenisku einkennin. Um það, hvort hryggjarbreytingar þær og aðrar breytingar, sem röntgenmyndin greinir frá, séu beinar afleiðingar slyssins, er erfiðara að segja. En hafi þessar breytingar verið komnar fram fyrir slysið, voru þær að minnsta kosti einkennalausar, og hefur áverkinn þannig án efa útleyst þrautir þær, sem sjúklingurinn kvartar um í hálsi að aftan og í v. öxl.

Að athugun lokinni er ég þeirrar skoðunar, að kvartanir þessa manns séu af organiskum rótum runnar og því í beinu orsakasambandi við slysfarirnar, en séu ekki af starfrænum uppruna.

Diagnosis: Encephalopathis traumatica
Osteoarthrosis col. cervicalis
Arteriosclerosis aa. vertebral.

Reykjavík 28. nóvember 1950.

Alfreð Gíslason læknir (sign)".

Af framanskráðu virðist ljóst, að ekki verði hjá því komizt að meta örorku slasaða, að minnsta kosti til bráðabirgða. Liggja til þess einkum þrjár ástæður. Í fyrsta lagi virðist nokkurn veginn víst, að slasaði hefur lítið sem ekkert getað unnið, síðan hann lenti í sjóhrakningum. Í öðru lagi breytingar þær í hálsliðum og

hálsæðum, er komu fram á röntgenmyndinni, og í þriðja lagi það, sem Alfreð Gíslason læknir og ég fundum við skoðanir.

Bráðabirgðaörorka vegna slyssins 29. janúar 1950 telst hæfilega metin: 75—80%.

Endurmat fari fram í nóvember 1952."

Í læknisvottorði Ófeigs J. Ófeigssonar, sérfræðings í lyflækningum, Reykjavík, dags. 16. maí 1952, segir svo að loknum inngangsorðum, þar sem sjúkrasaga slasaða er rakin í stuttu máli:

„Röntgenskoðun á Landakotsspítala 9. 5. '52: „Svæði: Hryggur allur. Kliniskar uppl. fylgja ekki sjúkl. Nokkur spondylarthrosis sést í col. vertebr., einkum í hálsliðum og neðri thoracal-liðum. Í hálsliðum eru áberandi spondylarthrotiskar breyt. á neðstu 3 hálsliðum meðalstórum osteophytum og nokkurri deformatio. Engar destructiv breyt. sjást, og liðbilin virðast eðlileg. Svipaðar breyt. sjást á neðri thoracal-liðum.

R. diag. Spondylarthrosis col. vertebr. — Ól. Jóh./B. G."

Undirritaður vill taka sérstaklega fram, að þessar röntgenmyndir sýna langsamlega mestar sjúklegar breytingar í 3 neðstu hálsliðunum, en óverulegar í liðunum þar fyrir ofan, og að breytingarnar í brjóst- og lendaliðum eru miklu minna áberandi en í 3 neðstu hálsliðunum.

Skoðun: Maðurinn virðist eðlilegur í útliti og framkomu allri, ekki áberandi taugaveiklaður. Við höfuð og sýnileg líffæri þess ekkert sérstakt að athuga. Háls: Við þrýsting aftan á hálsinn, sérstakl. ofanverðan og meira v. megin, eru áberandi eymsli, eins og við hreyfingar í hálsliðum, sem eru talsvert takmarkaðar vegna sársauka. Lungu: eðlileg. Skyggning (í Berklavarnarstöð Reykjavíkur þ. 13. 5. '52) eðlileg.

Hjarta virðist eðlilegt að stærð, óhljóð, rhytmus dál. óreglulegur (extracystolæ). Blóðþrýstingur 132/68. Púls ca 80, dál. óreglulegur. Línurit af hjarta sýnir dál. v. hneigð, nokkrar supraventriculær extracystolæ og bifasiska T-bylgju í III. leiðslu. Við önnur líffæri gat ég ekki fundið neitt sjúklegt.

Álitsgerð: Þar sem mjög líklegt má telja, að Þórarinn hafi verið fullhraustur fyrir slysið, því öðrum hentar ekki sjómennska á togurum, og þar sem hin sjúklegu einkenni koma fram *eftir* slysið, má ályktа, að þau standi í beinu sambandi við það, enda þótt rannsókn á hjarta sýni ekki beinlínis sjúklegar breytingar, og að maður gæti trúað, að hinar sjúklegu breytingar í hrygg hafi ef til vill verið byrjaðar, áður en slysið varð, enda þótt hann hafi

ekki haft einkenni, fyrr en eftir hina löngu bið í köldum sjónum og hina ógurlegu áreynslu og tognun, þegar hann var dreginn upp á skipið. Mjög líklegt er, að nefnd æðakölkun stafi af slysinu, þar sem aðrar æðar virðast ókalkaðar.

Sjúkdómsgreining:

1. Osteoarthrosis columnae cum symptomata posttraumatica.
2. Arteriosclerosis traumatica vertebral.
3. Hypocompensatio cordis (dyspnoea et palpitationes) traumatica.
4. Encephalopathia traumatica."

Í læknisvottorði Tryggingastofnunar ríkisins, dags. 24. maí 1952, undirrituðu af Bergþóri Smára lækni, segir svo að loknum inngangsorðum:

„Slasaði kom til skoðunar 19. maí 1952. Honum finnst líðanin ekki hafa breytzt neitt, sízt til batnaðar. Hefur verið slæmur af svima, sérstaklega ef hann bograr, haft ríg og verki aftan í hálsi og upp í höfuð, magnleysi og slappleika við áreynslu, svo að hann gefst fljótt upp, jafnvel við léttustu störf, svo og mikla mæði og hjartslátt við gang.

Slasaða finnst hann vera sljórri og minnislausari en fyrir slysið, skapið bráðara og vaknar oft á nóttunni við, að „andardrátturinn teppist við barkakýlið". Hann hefur s.l. ár dútlað við og við lítils háttar í íshúsi, en ekki getað unnið neitt annað.

Við skoðun 19. maí 1952 finnst eftirfarandi: Virðist eðlilegur útlits. Höfuð: Ekkert sérstakt athugavert. Hreyfingar í hálsliðum eru mjög takmarkaðar vegna stirðleika og sársauka, og aftan á hálsi eru töluverð eymsli. Lungu: Ekkert sérstakt. Hlustun á hjarta eðlileg. Blóðþrýstingur 135/75. Línurit af hjarta (Óf. J. Ófeigsson): Dálítil v. hneigð, nokkrar supraventriculærar extracystolur.

Annað ekki athugavert að sjá við önnur líffæri. Röntgenmynd tekin á Landakotsspítala 9. maí 1952 af hrygg sýnir: Nokkrar spondylarthrosis sést í columna vertebralis, einkum í hálsliðum og neðri thoracalliðum."

Niðurstaða: Ástand slasaða hefur, síðan fyrra örorkumat fór fram (27. des. 1950), ekki breytzt neitt til batnaðar, og ólíklegt má þykja, að það taki verulegum breytingum úr þessu. Þykir því mega teljast tímabært að meta varanlega örorku slasaða vegna slyssins, og telst hún hæfilega metin 75%."

Í vottorði sama aðilja, dags. 16. september 1953, segir svo:

„Slasaði mætti á ný til skoðunar í skrifstofu tryggingayfir-

læknis 16. sept. 1953. Hann hefur ekki getað unnið nema létta dútlvinnu, fremur en áður, og hefur ekki getað stundað sín fyrri störf. Kvartanir hans eru allar þær sömu og fyrr. Skoðun í dag leiðir ekki neitt nýtt í ljós.

Ástand slasaða má þannig álítast óbreytt, frá því sem var við örorkumatið 24. maí 1952, og þess vegna enginn grundvöllur fyrir breytingu á því mati."

Læknisvottorð Bjarna Guðmundssonar, héraðslæknis á Patreksfirði, dags. 5. febrúar 1954, er svohljóðandi:

„Hr. málaflutningsmaður Áki Jakobsson hefur beðið mig að láta uppi álit mitt um heilsufar Þórarins Guðmundar Benediktssonar, Háteigi, Patreksfirði, þann tíma sem ég hef þekkt hann fyrir 29. jan. 1950.

Þar sem þó nokkur ár eru liðin og þetta er að miklu leyti eftir minni, verður að meta ummælin með hliðsjón af því. Fer þetta þó vonandi ekki fjarri sönnu.

Umræddur maður leitaði mín oft á þessum árum, ýmist vegna kvefsjúkdóma, ýmiss konar gigtar eða þess, sem ég skýrði neurasthenia.

Sérstaklega var hann mikið gigtveikur árið 1947. Leitaði hann þá oft til mín, ýmist v. lumbago, ischias eða gigtar til og frá um skrokkinn.

Auk lyfja fékk hann um tíma meðferð þessu viðvíkjandi, diathermi o. fl.

Yfirleitt finnst mér hann hafa verið heilsuveill.

Lýsti það sér meðal annars í því, að ég vissi til, að hann varð að taka sér lengri hvíldir frá vinnu en algengt var um samstarfsmenn hans, og þá líklega heilsunnar vegna."

Loks segir Stefán Ólafsson læknir, sérfræðingur í háls-, nef- og eyrnasjúkdómum, Reykjavík, í læknisvottorði, dags. 11. marz 1955, að stefnandi hafi gengið til sín til lækninga frá 17. mai 1950 til 19. júní s. á. vegna bólgu í nefslímhúð og nefholum."

Í málinu hafa verið lagðar fram röntgenmyndir af stefnanda.

Það virðist ljóst, að stefnandi hefur ekki skýrt læknunum Páli Sigurðssyni, Alfred Gíslasyni og Ófeigi Ófeigssyni rétt frá um það, hvernig björgun á honum fór fram. Þá kemur ekki fram, að hann hafi skýrt læknum þessum frá því, hvernig heilsu hans var háttað fyrir slysið, sbr. vottorð Bjarna Guðmundssonar, héraðslæknis á Patreksfirði. Geta þessi atriði hafa haft áhrif á framangreindar ályktanir læknanna.

Samkvæmt úrskurði, uppkveðnum á bæjarþingi Reykjavíkur

22. desember 1955, var leitað umsagnar Læknaráðs í málinu og því send öll skjöl þess. Var beiðst umsagnar Læknaráðs um:

1) hvort sjúkdómar þeir, er stefnandi telur sig haldinn, séu afleiðing hrakninga þeirra, er hann varð fyrir, er b/v Vörður frá Patreksfirði fórst hinn 29. janúar 1950, og verði því játað,

2) þá hve mikil örorka stefnanda vegna slyssins sé.

Ályktun Læknaráðs er svohljóðandi:

„1. Læknaráð telur engin gögn liggja fyrir um það, að stefnandi hafi hlotið encephalopathia traumatica.

2. Af þeim gögnum, sem liggja fyrir, má sjá, að stefnandi gengur með sjúklegar breytingar í hryggjarliðum og kölkun í hálsslagæð (a. vertebralis).

3. Leitt er í ljós, að stefnandi hefur haft gigt til og frá um líkamann, áður en hann varð fyrir slysinu, (sbr. vottorð frá Bjarna Guðmundssyni héraðslækni, en það geymir upplýsingar, sem öðrum vottorðsgefenduum voru ókunnar, er þeir rituðu vottorð sín). Er því sennilegt, að hinar sjúklegu breytingar í hryggjarliðum og kölkunin í a. vertebralis hafi hvorttveggja verið til komið, áður en stefnandi varð fyrir slysinu, enda ekki líklegt, að slíkar breytingar gerist með svo skjótum hætti, sem hér hefði þurft að vera, ef þær ættu rót sína að rekja til slyssins."

Þegar virt er þessi ályktun Læknaráðs, þykir ekki gegn mótmælum stefnda sannað, að stefnandi hafi beðið tjón á heilsu sinni vegna umræddss sjóslyss, og ber þegar af þeirri ástæðu að taka kröfu stefnda um sýknu til greina, enda virðist krafa stefnanda samkvæmt 2. lið vera miðuð við bætur fyrir sársauka og þjáningar vegna heilsubrests hans.

Eftir atvikum og öllum málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnanda, Áka Jakobssonar hdl., er ákveðst kr. 10.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt samdómendum Jónasi Jónassyni og Hannesi Pálssyni, skipstjórum.

Dómsorð:

Stefndi, h.f. Vörður, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Þórarins G. Benediktssonar, í máli þessu, og falli málskostnaður í því niður. Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnanda, Áka Jakobssonar hdl., kr. 10.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. marz 1960.

Nr. 100/1958. **Guðni Ólafsson f. h. Apótekarafélags Íslands**
(Gunnar Þorsteinsson hrl.)
gegn
póstmeistaranum í Reykjavík f. h. póstsjóðs
(Sveinbjörn Jónsson hrl.)
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Líndal.

Skaðabótakrafa. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. júlí 1958 og krafizt þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 3030.75 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1955 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. október 1958, gagnáfrýjað málinu með stefnu 30. s. m. og krafizt þess, að hann verði sýknaður og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eigi er í ljós leidd heimild póstmeistarans í Reykjavík til að taka á móti stefnu og gefa bindandi yfirlýsingar fyrir dómi f. h. póstsjóðs í máli þessu. Að svo vöxnu máli verður að fella hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð úr gildi og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 2000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð eiga að vera ómerk, og vísast málinu frá héraðsdómi.

Aðaláfrýjandi, Guðni Ólafsson f. h. Apótekarafélags Íslands, greiði gagnáfrýjanda, póstmeistaranum í Reykjavík f. h. póstsjóðs, kr. 2000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. apríl 1958.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 21. f. m., hefur Guðni Ólafsson lyfjafræðingur, hér í bæ, vegna Apótekarafélags Íslands höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 10. nóvember 1956, gegn Magnúsi Jochumssyni vegna póstsjóðs til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 3030.75 auk 6% ársvaxta frá 1. apríl 1955 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar eftir mati dómarans.

Málsatvik eru þessi:

Síðari hluta vetrar 1955 falsaði 11 ára gamall drengur, Karl Magnússon að nafni, er þá starfaði við fyrirtæki stefnandans Guðna, nafn viðtakanda á þrjár póstkröfur, er greiddar höfðu verið til pósthússins í Reykjavík utan af landi. Áttu fjárhæðir póstkrafna þessara, samtals kr. 3030.75, að greiðast Apótekarafélagi Íslands, en stefnandinn Guðni var þá gjaldkeri þess. Fölsun þessi var í því fólgin, að nafn gjaldkera Ingólfs Apóteks, Katrínar Jónsdóttur, var skráð sem kvittun viðtakanda á tvær póstkröfurnar jafnframt því sem á aðra var stimplað með nafnstimpli stefnandans Guðna, en á hina með stimpli Ingólfs Apóteks, lyfjabúðar hans. Á þriðju póstkröfunni var fölsunin þannig, að ritað var á hana ólæsilegt eiginnafn og föðurnafnið *Magnúsdóttir*. Jafnframt var kvittunin stimpluð með nafnstimpli stefnandans Guðna. Póstkröfum þessum með hinum fölsuðu kvittunum framvísaði drengurinn á pósthúsinu og fékk þær greiddar. Sló hann eign sinni á andvirðið, og hefur stefnandi ekki fengið það greitt. Telur hann, að stefnda beri að standa sér skil á því, þar sem í öllum tilvikum hafi verið um svo áberandi og illa gerða fölsun að ræða, að nær sé óhugsandi, að þeir starfsmenn pósthússins, sem hér áttu hlut að, hafi ekki séð eða mátt sjá,

að um fölsun var að ræða. Verði að líta svo á, að hlutaðeigandi starfsmenn hafi sýnt af sér stórkostlegt hirðuleysi með því að greiða drengnum nefndar fjárhæðir við svo búið.

Sýknukröfuna reisir stefndi á því, að nafnritanir þær, sem um ræðir, beri það ekki með sér, að um fölsun hafi verið að ræða. Fjöldi fólks skrifi nöfn sín illa og ólæsilega og um mjög ábyggilega menn geti verið að ræða, þótt þeir riti ekki nöfn sín vel. Sé og sérstaklega á það að líta í þessu sambandi, að allar kvittanirnar hafi verið stimplaðar. Þá er því neitað, að starfsmönnum stefnda, er hér áttu hlut að, hafi borið skylda til að gagnrýna kvittanirnar nákvæmar en þeir gerðu eða leita til lögreglunnar af því tilefni. Starfsmenn þessir hafi vafalaust þekkt sendil stefnanda og treyst því, að stefnandi hefði eigi annað fólk í þjónustu sinni en það, sem hann bar traust til. Það sé sérstaklega athyglisvert, að dreng þeim, sem hér á hlut að máli, hafi verið fengnar póstávísanirnar og póstkröfurnar í hendur og veittur aðgangur að stimplum stefnanda og fyrirtækis hans. Sýni það hvort tveggja, hvert traust stefnandi hafi borið til drengsins. Starfsmenn stefnda hafi daglega séð dreng þenna taka við peningagreiðslum í pósthúsinu fyrir stefnandann Guðna og fyrirtæki hans. Þeir hafi því enga ástæðu haft til að tortryggja drenginn sérstaklega í umrædd skipti. Starfi póstmanna nú á tímum sé þannig háttað, að ómögulegt sé að ætlast til, að þeir taki hvert einasta skjal, sem um hendur þeirra fer, og gagnrýni það á þann hátt, er stefnandi ætlist til eftir málssókn þessari að dæma. Að öllu athuguðu sé ljóst, að um enga sök hafi verið að ræða hjá starfsmönnum pósthússins. Sé því fébótaábyrgð stefnda gagnvart stefnanda alls ekki til að dreifa.

Við munnlegan flutning málsins kom það fram, að Karl Magnússon hafði aðgang að lykli að pósthólfi stefnandans Guðna á pósthúsinu og að það var í verkahring hans að vitja þar pósts dag hvern. Komst drengurinn á þann hátt yfir umræddar póstkröfur. Þá kom það og fram við málflutninginn, að drengurinn hafði aðgang að stimplum stefnandans Guðna og lyfjabúðar hans.

Við athugun á hinum fölsuðu kvittunum kemur í ljós, að rithöndin á þeim er áberandi viðvaningsleg og eiginnafnið á einni ólæsilegt, svo sem áður getur. Einkum vekur það athygli, að í nafninu *Katrín Jónsdóttir* er upphafsstafurinn í föðurnafninu lítill bókstafur. Að öllu athuguðu þykir verða að fallast á það með stefnanda, að hinar fölsuðu kvittanir hafi verið svo tortryggilegar, að óforsvaranlegt hafi verið af gjaldkerum póst-

hússins að inna umræddar greiðslur af hendi án þess að kynna sér áður, hvort allt væri með felldu um kvittanirnar. Ber að leggja á stefnda fébótaábyrgð á tjóni stefnanda, að því leyti sem það verður til þessa gáleysis starfsmanna rakið, sbr. 5. mgr. 20. gr. póstlaga nr. 31/1940.

Jafnframt því, sem nú hefur verið rakið, er á það að líta, að drengurinn Karl Magnússon hafði um alllangt skeið haft það starf á hendi að leysa út póstkröfur á pósthúsinu fyrir stefnandann Guðna og fyrirtæki hans og einnig Apótekarafélag Íslands, ef því var að skipta, og má ætla, að hann hafi af þeim sökum verið kunnur orðinn gjaldkerum þeirrar deildar pósthússins, sem hér á hlut að, enda virðist stefnandi hafa átt mikil skipti við deild þessa. Við þetta bætist, að allar voru kvittanirnar stimplaðar á líkan hátt og venjulegt var um ófalsaðar kvittanir, en hvort tveggja þetta var fallið til að slæva athygli gjaldkeranna, sem greiðslur inntu af hendi til drengsins.

Eins og háttað er atvikum, verður fébótaábyrgð á tjóni stefnanda, því sem hér ræðir um, ekki óskorað lögð á stefnda. Þykir eftir atvikum rétt, að hann bæti stefnanda ⅔ hluta þess, eða kr. 2020.50.

Verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda fjárhæð þessa ásamt vöxtum eins og krafizt er.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 650.00 í málskostnað.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Stefndi, Magnús Jochumsson vegna póstsjóðs, greiði stefnanda, Guðna Ólafssyni vegna Apótekarafélags Íslands, kr. 2020.50 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1955 til greiðsludags og kr. 650.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. marz 1960.

Nr. 86/1959. **Ákæruvaldið** (Sigurður Reynir Pétursson hrl.)
gegn
Marteini Magnússyni Skaftfells
(Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Líndal.

Brot á umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Er atvik þau gerðust, sem mál þetta er af risið, voru lögreglumennirnir Arnþór Ingólfsson og Þorvarður Trausti Eyjólfsson á leið austur Hringbraut í Reykjavík í lögreglubifreiðinni R 4010, og stjórnaði Þorvarður Trausti þeirri bifreið. Ákærði ók hins vegar bifreið sinni R 9797 suður Tjarnargötu. Samkvæmt skýrslum málsins virðist bifreiðum þessum hafa verið ekið með svipuðum hraða og eigi yfir 30—35 km, miðað við klukkustund. Bar bifreiðarnar samtímis að mótum nefndra gatna, og voru samkvæmt eiðfestu vætti lögreglumannanna aðeins um 10 metrar á milli þeirra, er ákærði ók í veg fyrir lögreglubifreiðina inn á Hringbraut, sem er aðalbraut. Með því að hemla lögreglubifreiðina af skyndingu varð árekstri afstýrt, en ákærði ók austur Hringbraut, eins og í héraðsdómi greinir, án þess að sinna stöðvunarmerkjum lögreglumannanna, sem veittu honum eftirför.

Eigi er í ljós leitt, að stöðvunarmerki, sbr. 4. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, hafi á þeim tíma, er hér skiptir máli, verið við Hringbraut á mótum hennar og Tjarnargötu. Verður ákærði því eigi talinn hafa brotið gegn greindu ákvæði. Að öðru leyti hefur héraðsdómari fært háttsemi ákærða til réttra refsiákvæða.

Með þessum athugasemdum þykir mega staðfesta héraðsdóminn, að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Í varnarskjali sínu fyrir héraðsdómi hefur ákærði gerzt sekur um óviðurkvæmileg ummæli. Segir þar m. a. um Arnþór lögreglumann Ingólfsson.

„Augljóst er, að viðkomandi lögregluþjónn er reiðubúinn, ef í hart slær, að hagræða framburði sínum sér í vil og vinna eið að, vitandi, að eiður lögreglumanns er mjög þungur á metunum. Hér er misræmið í framburði hans svo glöggt, að eiðurinn vottar litla virðingu hans fyrir staðreyndum".

Þá lúta eftirfarandi ummæli að lögreglumönnunum Arnþóri Ingólfssyni og Þorvarði Trausta Eyjólfssyni sameiginlega:

„Hver hefði svo borið ábyrgðina, ef kærendur með glæfraakstri sínum hefðu orðið valdir að árekstri, tjóni á báðum bílum og ef til vill slysum?

Leikur á því nokkur vafi, að þeir hefðu reynt að ýta sökinni á mig? Hefðu þeir ekki verið fúsir til að hvítþvo sig af allri ábyrgð með eiði?"

Þessi meinyrði hafa ekki verið réttlætt. Eiga þau að vera dauð og ómerk. Þá ber og samkvæmt 160. gr. sbr. 159. gr. laga nr. 27/1951 að dæma ákærða fyrir ummæli þessi réttarfarssekt til ríkissjóðs, kr. 400.00, og komi varðhald 3 daga í hennar stað, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda, kr. 2000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Framangreind ummæli eiga að vera dauð og ómerk.

Ákærði, Marteinn Magnússon Skaftfells, greiði í ríkissjóð réttarfarssekt, kr. 400.00, og komi varðhald 3 daga í stað sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar

með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Sigurðar Reynis Péturssonar og Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanna, kr. 2000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 20. febrúar 1959.

Ár 1959, föstudaginn 20. febrúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var af Ólafi Þorlákssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 918/1959: Ákæruvaldið gegn Marteini M. Skaftfells, sem dómtekið var 9. þessa mánaðar.

Mál þetta er höfðað að fyrirlagi dómsmálaráðherra með ákæruskjali, dagsettu 10. desember 1958, gegn ákærða Marteini Magnússyni Skaftfells kennara „fyrir umferðarbrot skv. umferðarlögum nr. 26/1958, 26. gr., 1. mgr., 37. gr., 1. mgr., 38. gr., 1. mgr. og 3. mgr., 48. gr., 3. og 4. mgr., 49. gr., 3. mgr. c-lið, sbr. 80. gr.

Þykir ákærði hafa brotið nefnd ákvæði með því: að stöðva ekki bílinn R 9797 við gatnamót Tjarnargötu og Hringbrautar kl. 16.32, 6. ágúst s.l., áður en hann ók út á Hringbraut, eða gæta ítrustu varúðar, heldur aka viðstöðulaust og óvarlega út í nefnda götu og síðan að sinna ekki stöðvunarmerkjum lögreglubíls og lögreglumanna.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærði, Marteinn Magnússon Skaftfells, er fæddur hinn 14. ágúst 1903 að Auðnum. Hann hefur sætt þessum kærum og refsingum:

Í Reykjavík:

1926 9/8 Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 8 daga fangelsi við vatn og brauð, skilorðsbundið, fyrir brot á 255. gr. hegnl.

1929 4/6 Sátt: 30 kr. sekt fyrir brot á reglugerð um lokun sölubúða.

1931 Undir gjaldeyrisrannsókn. F. n.

1953 30/7 Kærður fyrir meint hegnl.brot. F. n. skv. bréfi dómsmrn.

1957 6/9 Dómur: 500 kr. sekt fyrir ólöglega lyfjasölu o. fl. (v/Náttúrulækn.fél.).

Málavextir eru þeir, að Arnþór Ingólfsson lögregluþjónn kærði ákærða hinn 6. ágúst s.l. fyrir að hafa ekið bifreið sinni R 9797

úr Tjarnargötu inn á Hringbraut í veg fyrir lögreglubifreiðina R 4010, er ók um Hringbraut, sem er aðalbraut.

Enn fremur kærði lögregluþjónninn ákærða fyrir að hafa eigi sinnt stöðvunarmerkjum, er þeir lögregluþjónarnir vildu stöðva bifreið ákærða.

Ákærði hefur mótmælt framkominni kæru sem rangri. Telur hann sig hafa haft nægan tíma til að aka inn á aðalbrautina án þess að hindra umferð þar. Áætlar ákærði, að lögreglubifreiðin hafi átt eftir 4—5 bíllengdir sínar að gatnamótum Hringbrautar og Tjarnargötu, er hann ók úr Tjarnargötu inn á Hringbraut. Þá kveðst ákærði ekki hafa orðið var við stöðvunarmerki frá lögreglubílnum, en hafi hins vegar stoppað bíl sinn, er lögreglubíllinn ók fram fyrir og í veg fyrir bíl sinn. Ákærði kveðst hafa heyrt vel í „sírenu" lögreglubifreiðarinnar, hafi hann þá vikið vel út á sinn vinstri vegarhelming, en haldið eðlilegum hraða, þar eð hann taldi, að um framúrakstur væri að ræða, enda þótt lögreglubifreiðin æki með sírenuhljóðmerki ca 30—40 metra eða meira, samsíða bifreið ákærða.

Vitnið Arnþór Ingólfsson lögregluþjónn, sem sat við hlið ökumanns lögreglubifreiðarinnar, hefur komið fyrir dóm og skýrt svo frá, að er þeir lögreglumenn óku eftir Hringbraut og voru komnir að gatnamótum Hringbrautar og Tjarnargötu, þá hafi bifreið ákærða skyndilega verið ekið út í Hringbrautina, og hafi þá ökumaður lögreglubifreiðarinnar snögghemlað, þannig að lögreglubifreiðin stoppaði, að öðrum kosti, segir vitnið, að árekstur hefði hlotizt af. Vitnið telur, að ca 2 lengdir lögreglubifreiðarinnar hafi verið á milli bifreiðanna, er ákærði ók inn í Hringbrautina. Þá segir vitnið, að ekki hafi tekizt að stöðva bifreið ákærða, fyrr en raun varð á, þar eð ákærði virtist ekki gefa sírenuhljóðmerkinu né bendingum vitnisins Trausta Eyjólfssonar gaum.

Vitnið Trausti Eyjólfsson lögregluþjónn, er ók lögreglubifreiðinni R 4010 í umrætt sinn, segir sig hafa snarhemlað lögreglubifreiðinni R 4010 við gatnamót Hringbrautar og Tjarnargötu til að forða yfirvofandi árekstri við bifreið ákærða R 9797, er kom akandi úr Tjarnargötu inn á Hringbrautina. Segir vitnið, að bilið milli bifreiðanna hafi verið í mesta lagi 2 lengdir lögreglubifreiðarinnar (ca 10 metrar), er ákærði ók hiklaust út í Hringbrautina. Þá segir vitnið einnig, að ekki hafi verið unnt að stöðva bifreið ákærða fyrr en móts við Þorfinnshólma í Tjarnargarðinum, þrátt fyrir það, að lögreglubifreiðin hafði ekið samsíða bifreið ákærða með „sírenu"hljóðmerki fleiri tugi metra og vitnið hafi gefið

ökumanni stöðvunarmerki með útréttri hendi, en vitnið sat vinstra megin í lögreglubifreiðinni. Var bifreið ákærða ekki stöðvuð, fyrr en löggæzlubifreiðin ók fram fyrir bifreið ákærða og sveigði inn á hans vegarhelming.

Bæði hin framangreindu vitni hafa staðfest framburði sína með eiði.

Samkvæmt framburðum vitnanna, sem eru í öllum meginatriðum samhljóða, þykir sannað, þrátt fyrir mótmæli ákærða, að hann hafi ekið óvarlega inn á aðalbrautina umrætt sinn. Einnig þykir ákærði ekki hafa sýnt fulla aðgát við aksturinn, þar eð hann veitti ekki stöðvunarmerki vitnisins Trausta Eyjólfssonar athygli, þrátt fyrir það, að lögreglubifreiðinni með „sírenu"-hljóðmerki var ekið tugum metra meðfram bifreið ákærða.

Þykir ákærði með framangreindu atferli sínu hafa gerzt sekur um brot þau, er í ákæruskjali greinir og að framan eru rakin.

Hæfileg refsing ákærða telst 400 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Marteinn Magnússon Skaftfells, greiði 400 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði allan kostnað málsins.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 7. marz 1960.

Nr. 83/1959. **Bæjarstjórinn á Húsavík f. h. bæjarsjóðs**
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)
gegn
Sigfúsi Baldvinssyni
(Jón N. Sigurðsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Útsvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður M. Helgason, settur bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. maí 1959, að fengnu áfrýjunarleyfi 9. s. m. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að framkvæmd lögtaks verði heimiluð. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Ekki er leitt í ljós í máli þessu, að síldarsöltun sú, sem stefndi rak á Húsavík sumarið 1956, hafi verið með þeim hætti, að hann hafi orðið þar útsvarsskyldur, hvorki samkvæmt a-lið 8. gr. laga nr. 66/1945 né öðrum ákvæðum þeirra laga. Vegna þess að áfrýjandi hefur haft uppi þá málsástæðu, að stefndi hafi með samningi við hann undirgengizt útsvarsskyldu, skal það tekið fram, að um heimild til álagningar útsvara fer eftir því, sem ákveðið er í útsvarslögum um afstöðu skattþegna til bæjar- eða sveitarfélaga, en ekki eftir samningum.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til. Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, bæjarstjórinn á Húsavík f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnda, Sigfúsi Baldvinssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Akureyrar 20. febrúar 1959.

Mál þetta hófst hér fyrir fógetadómi 20. nóvember 1958, og eftir að gagnasöfnun var lokið og munnlegur málflutningur í málinu hafði farið fram, var málið tekið til úrskurðar 13. þ. m.

Af hálfu gerðarbeiðanda, bæjarstjórans á Húsavík f. h. bæjarstjórnar, er krafizt, að lögtak fari fram hjá gerðarþola, Sigfúsi Baldvinssyni útgerðarmanni, Fjólugötu 10, Akureyri, fyrir ógreiddu útsvari, álögðu 1957, að upphæð kr. 11.200.00, ásamt kostnaði við gerðina og kostnaði við uppboð, ef til kemur. Enn krefst gerðarbeiðandi málskostnaðar úr hendi gerðarþola eftir mati réttarins.

Gerðarþoli gerir þær kröfur, að synjað verði um framgang gerðarinnar og honum verði tildæmdur málskostnaður eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina: Gerðarþoli rak um 5 ára skeið síldarsöltun á Húsavík, eða árin 1952—1956 að báðum meðtöldum. Fyrstu þrjú árin hafði hann aðstöðuna framleigða frá Haraldi Böðvarssyni & Co., Akranesi, en síðustu tvö árin samdi hann við bæjarstjórn Húsavíkur um leigu á stöðinni. Upplýst er, að gerðarþoli hafi greitt útsvar á Húsavík vegna þessarar starfsemi, nema fyrir síðasta árið, þ. e. álagt 1957 vegna starfseminnar 1956, og hefur hann neitað greiðslu þessari og hefur gerðarbeiðandi því krafizt þessarar lögtaksgerðar til heimtu þess.

Gerðarbeiðandi hefur rökstutt kröfur sínar með því, að gerðarþoli hafi skuldbundið sig með samningi til að greiða útsvar til bæjarsjóðs Húsavíkur af framangreindri starfsemi. Húsavíkurbær hafi sett það skilyrði, að utanbæjarmenn, er aðstöðu fái til síldarsöltunar í kaupstaðnum, greiði útsvar af starfsemi sinni til jafns við aðra síldarsaltendur á staðnum. Þessu skilyrði hafi gerðarþoli verið háður sem aðrir, og beri honum því að greiða hið álagða útsvar. Gerðarþoli hefur þessu til sönnunar lagt fram endurrit úr gerðabók hafnarnefndar Húsavíkur svo og fleiri skjöl.

Verður efni þeirra nú að nokkru rakið, að því er hér skiptir máli.

Samkvæmt dskj. nr. 12 tók hafnarnefnd fyrir á fundi sínum 9. júlí 1950 umsókn Sturlaugs H. Böðvarssonar og félaga um, að þeir fái aðstöðu til síldarsöltunar á hafnargarðinum á Húsavík það sumar og áfram í 5 ár. Samþykkti hafnarnefndin að leigja þeim félögum aðstöðuna með sömu kjörum og síldarsaltendum á Húsavík, er salta það sumar og undanfarin ár hafi rekið þar síldarsöltun. Þessi fundargerð hafnarnefndar er lögð fyrir bæjarstjórn 11. júlí s. á., sbr. dskj. nr. 5, og samþykkir bæjarstjórn í einu hljóði svohljóðandi tillögu við þann dagskrárlið: „Bæjarstjórnin samþykkir ályktun hafnarnefndar frá 9. júlí um leigu á síldarsöltunaraðstöðu á hafnargarðinum í trausti þess, að fyrirtækið, er tekur á leigu, verði skrásett til heimilis á Húsavík."

Samþykktir þessar virðast hafa verið sendar Jakob V. Hafstein, Reykjavík, enda var hann ásamt Kolbeini Björnssyni félagi Sturlaugs H. Böðvarssonar um fyrirhugaða síldarsöltun á Húsavík, sbr. upplýsingar umboðsmanns gerðarbeiðanda í málflutningnum. Í bréfi Jakobs V. Hafsteins, dags. 18. júlí sama ár, sbr. dskj. nr. 8, til hafnarnefndar Húsavíkur staðfestir hann móttöku á fyrrnefndum fundargerðum og tilkynnir jafnframt, að síldarstöð þeirra verði framvegis rekin undir nafninu „Lundey", og kveðst hann setja sig í samband við nefndina um skrásetningu stöðvarinnar á Húsavík, strax og Sturlaugur H. Böðvarsson komi heim, en hann var þá staddur erlendis. Á fundi hafnarnefndar 10. ágúst 1950 er Jakob V. Hafstein mættur fyrir söltunarstöðina „Lundey", og er þar framlagt fyrrnefnt bréf hans, sbr. dskj. nr. 11.

Af hálfu gerðarbeiðanda hefur því verið haldið fram, að framangreind gögn sanni, að gerður hafi verið samningur milli bæjarstjórnar Húsavíkur og Sturlaugs H. Böðvarssonar og félaga um, að þeir fengju söltunaraðstöðu á Húsavík í 5 ár með því skilyrði, að þeir stofnuðu félag um starfsemina, sem skrásett væri á Húsavík, en með því hafi þeir raunverulega skuldbundið sig til að greiða útsvar til Húsavíkurbæjar af þessari starfsemi sinni, því að óumdeilt sé, að félag, sem skrásett sé á ákveðnum stað og hafi þar atvinnurekstur, sé útsvarsskylt.

Framannefnt félag um síldarsöltun á Húsavík virðist aldrei hafa verið skrásett. Hefur málflutningsmaður gerðarbeiðanda við flutning málsins skýrt svo frá, að bæjarstjórnin hafi eigi gert reka að því, að félagið yrði skrásett á Húsavík, þar sem greitt hafi verið útsvar vegna þessa reksturs, þrátt fyrir það að félagið var eigi

skráð, en tilgangur með nefndu ákvæði hafi eingöngu verið að tryggja það. Með dskj. nr. 9 hefur gerðarbeiðandi lagt fram símskeyti, dags. 11. júlí 1952, til sýslumannsins á Húsavík frá Export, sem er skrásett símnefni Haralds Böðvarssonar & Co., Akranesi. Segir þar orðrétt: „Höfum leigt Sigfúsi Baldvinssyni, Akureyri, í sumar aðstöðu okkar til síldarsöltunar hafnargarðinum á Húsavík," sbr. dskj. nr. 9. Þessu svarar hafnarnefnd Húsavíkur með símskeyti, dags. 14. júlí s. á., sbr. dskj. nr. 10, en þar segir: „Samþykkjum þér leyfið þessu sumri Sigfúsi Baldvinssyni nota aðstöðu yðar hafnargarðinum til síldarsöltunar, en höldum okkur algerlega að yður um uppfyllingu samnings 9. júlí 1950."

Þar sem Sigfús Baldvinsson hafði þannig gerzt framleigutaki þeirra réttinda, sem Sturlaugur Böðvarsson og félagar höfðu til síldarsöltunar á Húsavík, hafði hann einnig að áliti gerðarbeiðanda tekið á sig skyldur samkvæmt samningnum, sem hafi meðal annars verið þær að greiða útsvar af rekstrinum til bæjarsjóðs Húsavíkur. Eftir að samningurinn við Sturlaug H. Böðvarsson og félaga var fallinn úr gildi, tók gerðarþoli söltunarstöðina á leigu hjá Húsavíkurbæ. Telur gerðarbeiðandi, að söltunarstöðin hafi þá verið leigð með sömu skilyrðum og áður. Samkvæmt dskj. nr. 6 samþykkti hafnarnefnd Húsavíkur á fundi sínum 6. desember 1955 „að leigja hinum sömu 5 síldarsaltendum hin sömu pláss og þeir hafa haft undanfarin ár og með sömu kjörum og undirgift fyrir hverja síldartunnu eins og á þessu ári ...." Gerðarþoli hafi því á árinu 1956 haft síldarstöðina á leigu með því skilyrði, að hann greiddi útsvar til Húsavíkurbæjar eins og jafnan áður. Í flutningi málsins byggði umboðsmaður gerðarbeiðanda lögtakskröfu sína einnig á c-lið 9. gr. útsvarslaganna nr. 66/1945. Það væri óumdeilt, kvað hann, að gerðarþoli hafi rekið söltun síldar á Húsavík árið 1956, og bæri honum því samkvæmt nefndu lagaákvæði að greiða hluta af útsvari sínu til Húsavíkurbæjar.

Gerðarþoli hefur rökstutt kröfur sínar með því, að hann hafi ekki verið útsvarsskyldur á Húsavík, er umkrafið útsvar var á hann lagt. Hann hafi verið heimilisfastur á Akureyri og greitt þar öll opinber gjöld. Reksturinn á Húsavík hafi aðeins staðið yfir hluta sumarsins, hann hafi ekki haft þar neina skrifstofu eða bækistöð eða fasta starfsmenn og eigi þar engar eignir. Enn hefur gerðarþoli mótmælt því, að hann hafi með samningi eða á nokkurn annan hátt skuldbundið sig til þess að greiða útsvar til Húsavíkurkaupstaðar. Í aðiljaskýrslu sinni hefur gerð-

arþoli tekið fram, að hann telji, að hafnarnefnd hafi bókað í sambandi við leigu á stöðinni, að greitt yrði útsvar til bæjarsjóðs vegna rekstrarins á Húsavík eins og öðrum stöðvum þar, en ekki hefur nein fundargerð með slíkri bókun komið fram í máli þessu. Þá kveðst gerðarþoli hafa boðið bæjarstjórninni að stofna hlutafélag á staðnum um rekstur stöðvarinnar, ef hann fengi stöðina leigða til 3ja ára, en því hafi verið hafnað. Um leiguna segir hann, að enginn sérstakur skriflegur samningur hafi verið gerður, en munnlega ákveðið, hver leigan skyldi vera eftir stöðina.

Samkvæmt gögnum máls þessa og samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður að líta svo á, að gerðarþoli hafi ekki verið útsvarsskyldur á Húsavík árið 1957 eftir 8. gr. útsvarslaganna, hvorki 1. mgr. eða 3. mgr., enda verður eigi talið, að hér hafi verið að ræða um heimilisfasta atvinnustofnun í merkingu a-liðs, 3. mgr. þeirrar greinar, og raunar eigi um það deilt, því að gerðarbeiðandi byggir kröfu sína aðallega á því, að um þetta hafi verið samið. Það má vera, að fyrirtæki Sturlaugs H. Böðvarssonar og félaga hafi á sínum tíma skuldbundið sig til útsvarsgreiðslu á Húsavík með því að skuldbinda sig til að láta skrá fyrirtæki sitt á Húsavík, en þótt svo megi hafa verið, þykir viðurhlutamikið að líta svo á, að bókun á hafnarnefndarfundinum 6. desember 1955, sem að framan er að nokkru rakin, sbr. dskj. nr. 6, skuldbindi gerðarþola til útsvarsgreiðslu á Húsavík, enda er ekkert sérstaklega að því vikið og samþykkt þessi nær jafnt til bæjarmanna, sem slíkar stöðvar hafa, og utanbæjaraðilja, og með því að eigi verður séð, að gerðarbeiðandi hafi fært önnur rök fyrir kröfu sinni, verður eigi hægt að fallast á hana á þeim forsendum. Skipting útsvara eftir 9. gr. útsvarslaganna heyrir eigi undir þenna dómstól, og verður því eigi til greina tekin. Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að synja um framgang þessarar gerðar. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Gerð þessi á ekki að fara fram.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 11. marz 1960.

Nr. 120/1959. **Ákæruvaldið** (Guðmundur V. Jósefsson hrl.)
gegn
Daníel Halldórssyni
(Gústaf A. Sveinsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Ákæra um hlutdeild í þjófnaði.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdómi er áfrýjað einungis að því er varðar ákærða Daníel Halldórsson.

Framhaldspróf hafa verið háð í málinu, eftir að því var áfrýjað.

Eins og í héraðsdómi greinir, ók ákærði aðfaranótt 21. desember 1958 þeim Harrý Pálssyni, Hreini Haukssyni Nielsen, Jóhannesi Guðmundi Þórðarsyni, Páli Davíðssyni og Þorsteini Snorra Axelssyni í leigubifreiðinni G 1796 úr Reykjavík upp í Mosfellssveit og síðan til Reykjavíkur aftur. Við framhaldspróf málsins yfirheyrði rannsóknardómari ákærða og greinda farþega hans af nýju um sakaratriði, að undanskildum Páli Davíðssyni, sem eigi hefur komið fyrir dóm.

Ákærði hefur staðfastlega neitað því, að honum hafi, er hann réðst til greindrar ökuferðar og meðan á henni stóð, verið kunnugt um fyrirætlanir farþega sinna um þjófnað eða um framkvæmd þjófnaðar þess í verzlunarhúsi Kaupfélags Kjalarnesþings, sem mál þetta er risið af. Segist ákærði „hafa litið svo á, að erindi piltanna væri að heimsækja stúlkur, er byggju þar efra", og er það sammæli farþeganna, þeirra er fyrir dóm hafa komið, að í þeirra hóp hafi orðræða verið um að ná fundi kvenna í för þessari. Ákærði kveðst samkvæmt fyrirmælum farþega sinna hafa numið staðar við afleggjara „svo sem miðja vegu milli kaupfélagsins og Hlégarðs" í Mosfellssveit í grennd við steinhús eitt,

þar sem ljós lýstu í glugga, og fleiri hús voru þar í námunda. Þeir farþeganna, sem fyrir dóm hafa komið, eru samsaga um, að eigi hafi verið numið staðar á móts við kaupfélagshúsið. Telja þrír þeirra, eins og ákærði, að ekið hafi verið framhjá húsi kaupfélagsins, áður en stanzað var, en einn þeirra man ekki, hvorum megin hússins numið var staðar. Fóru þrír farþeganna þarna úr bifreiðinni, og kveður ákærði einn þeirra hafa sagzt þá ætla í heimsókn í nefnt steinhús. Síðan kveðst ákærði samkvæmt beiðni farþega þeirra, sem eftir voru í bifreiðinni, hafa ekið „svo til strax" áfram að Álafossi, þar sem numið var staðar, og segist ákærði hafa sofnað þar í bifreiðinni og sofið nokkra stund, unz farþegarnir vöktu hann. Var nú ekið nokkuð um, þar til annar farþeganna fór úr bifreiðinni að leita þremenninganna. Eftir skamma stund komu þeir félagar aftur fjórir saman og höfðu þá meðferðis varning þann, er stolið hafði verið í kaupfélagshúsinu, svo sem rakið er í héraðsdómi. Því næst var ekið til Reykjavíkur, og telur einn farþeginn, að rætt hafi verið um þjófnaðinn á leiðinni þangað, en ósannað er, að svo hafi verið. Er til Reykjavíkur kom, fóru farþegarnir úr bifreiðinni. Tók ákærði af þeim félögum venjulegt ökugjald, en engan hlut þýfisins.

Þegar virt er það, sem nú var rakið, er eigi í ljós leitt, að ákærða hafi fyrirfram verið kunn áform um þjófnað þann, sem í málinu greinir. Þar sem ákærði stöðvaði bifreið sína eigi við kaupfélagshúsið, hélt eigi kyrru fyrir, eftir að þremenningarnir fóru úr bifreiðinni, og myrkt var af nóttu, þá verður ekki gegn synjun hans staðhæft, að hann hafi orðið þess var, er inn í kaupfélagshúsið var brotizt. Að svo vöxnu máli verður ekki talið sannað, að ákærða hafi verið ljóst, að varningur sá, er farþegarnir höfðu meðferðis, væri stolinn. Samkvæmt þessu þykir eiga að dæma ákærða sýknu af öllum kröfum í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum verður allur kostnaður af áfrýjun málsins lagður á ríkissjóð, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00 til hvors.

Það athugast, að eigi verður séð, að rannsóknardómari hafi gætt ákvæða 1. mgr. 25. gr. laga nr. 60/1957.

Dómsorð:

Ákærði, Daníel Halldórsson, á að vera sýkn af öllum kröfum í máli þessu.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Guðmundar V. Jósefssonar og Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanna, kr. 3000.00 til hvors.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 3. apríl 1959.

Ár 1959, föstudaginn 3. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á Fríkirkjuvegi 11 af Halldóri Þorbjörnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1776—77/1959: Ákæruvaldið gegn Harry Pálssyni og Daníel Halldórssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæruskjali, útgefnu 11. þ. m., gegn Harry Pálssyni, Höfðaborg 99, nú gæzlufanga, og Daníel Halldórssyni stud. oecon., Stórholti 28, hér í bæ.

Harry er ákærður fyrir:

1. .....

2. Að brjótast inn í Kaupfélag Kjalarnesþings við Brúarland í félagi með 4 öðrum piltum aðfaranótt 21. desember s.l. og stela þar um kr. 600.00 í peningum, um 30 lengjum af vindlingum, 3 vindlakössum og næstum fullri flösku af bitterbrennivíni.

3. .....

Daníel er ákærður fyrir:

4. Hlutdeild í innbrotsþjófnaði með ákærða Harry, þeim er greinir í nr. 2 hér að framan, þar sem hann ók Harry og piltum þeim, er með honum voru við innbrotið, í bíl til innbrotsstaðar og til Reykjavíkur aftur ásamt þýfi því, er þeir stálu í umræddu innbroti.

Brot þau, er greinir í 1., 2. og 3. hér að framan, þykja varða við 244. gr. hegningarlaganna. Brot það, er greinir í nr. 4, þykir varða við 244. gr. sbr. 22. gr. hegningarlaganna.

Þess er krafizt, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til

greiðslu skaðabóta, til sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaganna og til greiðslu sakarkostnaðar.

.....

Ákærði Daníel, sem fæddur er 31. maí 1934, var 30. ágúst 1957 dæmdur í 400 kr. sekt fyrir að afhenda ökuleyfislausum manni stjórn bifreiðar. Auk þess hefur hann verið áminntur fyrir umferðarlöggjafarbrot.

Málavextir eru þessir:

I.

.....

II.

Laugardaginn 20. desember f. á. ákváðu ákærði Harry Pálsson og félagar hans þrír, Þorsteinn Snorri Axelsson og Páll Davíðsson, er áður voru nefndir, og Jóhannes Guðmundur Þórðarson, f. 1. júní 1943, að gera þá um nóttina eftir innbrot í verzlunarhús Kaupfélags Kjalarnesþings í Mosfellssveit. Harry tók að sér að útvega bíl. Hitti hann ákærða Daníel, en þeir eru kunnugir, og samdi um það við hann að fara með þá í ökuferð um kl. 2 um nóttina.

Um kl. 1 um nóttina hittu þeir félagar Daníel í miðbænum. Þá hafði einnig slegizt í för með þeim Hreinn Hauksson Nielsen, kunningi Harrys, 21 árs að aldri. Létu þeir nú Daníel aka með sig upp í Mosfellssveit, og fóru Harry, Þorsteinn Snorri og Páll úr bílnum í námunda við kaupfélagshúsið, en hinir þrír urðu eftir. Fóru hinir fyrrnefndu að búðinni, brutu rúðu í geymslu bak við hana og komust þar inn. Einnig brutu þeir upp tvennar dyr inni í húsinu. Þeir náðu þarna nokkru af peningum, samtals að fjárhæð ca 600 kr. Þá tóku þeir um 30 pakkalengjur af sígarettum, 3 vindlakassa og átekna brennivínsflösku. Meðan þeir voru að athafna sig, kom Jóhannes til þeirra. Hreinn og ákærði Daníel voru hins vegar alltaf í bílnum.

Meðan á biðinni stóð, ók ákærði Daníel fram og aftur á nærliggjandi slóðum.

Þeir fjórmenningarnir komu nú með feng sinn í kassa og komu honum fyrir í bílnum. Síðan var ekið til Reykjavíkur, og greiddu þeir félagarnir Daníel þar ökugjald fyrir ferðina. Hann fékk hins vegar engan beinan hlut af þýfinu. Eftir að hinir voru farnir úr bílnum, fóru þeir heim til Hreins og skiptu milli sín fengnum, og fékk Hreinn einnig hlut af honum.

Samkvæmt þessu er sannað, að ákærði Harry hefur framið brot það, er greinir í 2. lið ákæruskjals.

Verður nú rakinn Daníels þáttur Halldórssonar.

Daníel neitar því, að hann hafi átt neinn hlut í broti þessu. Kveðst hann ekki hafa haft neina hugmynd um það, í hvaða tilgangi ferðin var farin. Harry hafi ekki sagt honum neitt frá því, og þeir félagar ekki rætt neitt um það á leiðinni. Ekki telur hann sig hafa séð neitt grunsamlegt við biðina þar efra. Né heldur kveður hann neinar grunsemdir hafa læðzt að sér, er piltarnir komu með kassann í bílinn. Ekkert hafi verið rætt um innbrot á leiðinni til Reykjavíkur. Ekki kveðst Daníel hafa frétt neitt um þetta innbrot fyrst á eftir, enda lesi hann eigi blöð. Hann segist fyrst hafa áttað sig á því, hvað gerzt hefði, eftir að hann frétti um seinna innbrotið í Kaupfélagið (sem rætt er um undir III. hér á eftir).

Ákærði Harry kveðst þekkja Daníel vel og segir, að Daníel sé fullkunnugt um fyrri brotaferil hans. Ekki kveðst hann hafa sagt Daníel beinlínis, hvert erindið væri með ferðinni, en telur, að Daníel muni þó hafa rennt grun í það strax í upphafi. Kveðst Harry hafa ráðið Daníel til fararinnar vegna þess, að hann hafi talið samkvæmt fyrri reynslu sinni af honum, að hann mundi ekkert hafa við erindi þeirra að athuga. Harry telur, að þeir félagar muni eitthvað hafa rætt sín á milli um væntanlegt innbrot, er þeir voru á leiðinni upp eftir. Harry telur ekki efamál, að Daníel hafi verið fyllilega ljóst, hvað gerzt hafði, eftir að þeir félagar komu með feng sinn í bílinn.

Hreinn Hauksson Nielsen kveðst ekki minnast þess, að rætt hafi verið á leiðinni á innbrotsstaðinn, hvað til stæði, en hann telur víst, að Daníel hafi verið ljóst, hvað verið var að gera, a.m.k. eftir að komið var með kassann í bílinn, enda hafi eftir það verið talað um það, sem gerzt hafði.

Jóhannes Guðmundur Þórðarson telur einnig, að Daníel hljóti að hafa skilið, hvað verið var að gera, enda þótt hann minnist þess ekki, að þeir félagar ræddu neitt í bílnum um erindið. Jóhannes segist m. a. hafa ráðið þetta af ummælum Daníels, en hann hafi haft á orði að það „borgaði sig ekki að vera að þessu". Allar aðstæður hafi verið slíkar, að Daníel hljóti að hafa gert sér grein fyrir erindinu.

Þorsteinn Snorri Axelsson minnist þess ekki, að rætt væri um innbrotið á leiðinni í bílnum, en kveðst þó telja, að Daníel hljóti að hafa verið ljós tilgangur ferðalagsins, a. m. k. eftir að búið

var að gera innbrotið, og komið var með þýfið í bílinn.

Framburður ákærða Daníels er mjög ósennilegur, og þykja framburðir ákærða Harrys og hinna félaganna og svo allar aðstæður sanna það ótvírætt, að Daníel hafi verið ljóst erindið með ferðinni upp í Mosfellssveit umrædda nótt. Þykir hann því hafa gerzt sekur um verknað þann, er um ræðir í 4. ákærulið, og varðar við ákvæði, er þar eru tilgreind.

III.

.....

IV.

Refsing ákærða Harrys þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi eitt ár. Hann hefur unnið til sviptingar kosningarréttar og kjörgengis til opinberra starfa og annarra almennra kosninga samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing Daníels Halldórssonar þykir hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuðir. Rétt þykir að fresta fullnustu refsingarinnar og ákveða, að hún skuli falla niður eftir 3 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Hann verður ekki sviptur réttindum samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaganna.

Ákærðu verða dæmdir in solidum til að greiða allan sakarkostnað.

Verða nú raktar bótakröfur og úrlausn þeirra.

Jón Sigurðsson kaupfélagsstjóri hefur krafizt bóta fyrir hönd Kaupfélags Kjalarnesþings út af peningaþjófnuðunum 21. og 31. desember. Út af fyrra innbrotinu krefst hann þess, að ákærðu verði in solidum dæmdir til að greiða kr. 600.00. Er sú krafa í samræmi við það, sem fram er komið í málinu, og verður tekin til greina.

.....

Kaupfélagið hafði tryggt sig hjá Samvinnutryggingum fyrir tjóni á vörum, áhöldum og húsi, og samkvæmt því fékk félagið greiddar bætur, en framseldi Samvinnutryggingum jafnframt kröfu sína að þessu leyti. Hafa Samvinnutryggingar gert bótakröfur samkvæmt þessu:

1. Á hendur ákærðu in solidum út af innbrotinu 21. desember:
   140 pk. Camel-sígarettur ..... kr. 1701.00
   150 — Chesterfield-sígarettur ..... — 1810.05

3 kassar vindlar	kr.	435.75
Viðgerð á peningakassa	—	160.49
— - hurð og rúðu	—	519.00
	Samtals kr.	4626.29

.....

Kröfum þessum hefur ekki verið mótmælt, og þykja þær sanngjarnar og verða teknar til greina.

Þess skal getið, að frestað var kæru á hendur piltum þeim, er voru þátttakendur í brotum ákærðu og komið hafa við sögu hér að framan.

Dómsorð:

Ákærði Harry Pálsson sæti fangelsi eitt ár.

Hann er sviptur kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði Daníel Halldórsson sæti fangelsi 3 mánuði. Fresta skal fullnustu refsingarinnar, og falli hún niður eftir 3 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærðu greiði in solidum Kaupfélagi Kjalarnesþings kr. 600.00 og Samvinnutryggingum kr. 4626.29.

.....

Ákærðu greiði in solidum allan sakarkostnað.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 14. marz 1960.

Nr. 27/1960. **Halldór Ólafsson**
gegn
Halldóri Sigurðssyni og
Sigríði Bogadóttur.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Ármann Snævarr prófessor.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur með kæru 10. febrúar 1960 og hingað kominni 25. s. m. skotið til Hæstaréttar úrskurði bæjarþings Reykjavíkur, sem upp var kveðinn 5. febrúar 1960 í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja, en með úrskurði þessum var hrundið kröfu sóknaraðilja um frávísun greinds máls frá bæjarþinginu. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og bæjarþingsmálinu verði vísað frá héraðsdómi. Svo krefst hann og, að varnaraðiljum verði dæmt in solidum að greiða honum kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðiljar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann. Sóknaraðilja ber að greiða varnaraðiljum kærumálskostnað, kr. 1000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Halldór Ólafsson, greiði varnaraðiljum, Halldóri Sigurðssyni og Sigríði Bogadóttur, kærumálskostnað, kr. 1000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 5. febrúar 1960.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 27. janúar

s.l., hafa Halldór Sigurðsson og Sigríður Bogadóttir, til heimilis að Rauðarárstíg 24, hér í borg, höfðað fyrir bæjarþinginu með sáttakæru 7. febrúar 1959 og stefnu, birtri 17. febrúar 1959, gegn Halldóri Ólafssyni rafmagnsverkfræðingi, Rauðarárstíg 20, og til réttargæzlu Þorleifi Finnbogasyni, Fornhaga 13, og Jóhannesi Hannessyni, Blönduhlíð 22. Gera stefnendur þær dómkröfur, að viðurkennt verði með dómi, að þeir séu eigendur að samtals $^{13}/_{21}$ hlutum húseignar og lóðarréttinda að Rauðarárstíg 24, án skilyrða um lóðarréttindi fyrir bílskúr á lóðinni og innkeyrslu í hann. Einnig krefjast stefnendur dómsviðurkenningar fyrir því, að stefndi, Halldór Ólafsson, eigi ekki hlutdeild með sér í lóðarréttindum fasteignarinnar Rauðarárstígs 24 né hafi öðlazt þau réttindi við kaup á skúr, sem á lóðinni stendur. Einnig krefjast stefnendur málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi, en til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda. Hvernig sem málið fer, krefst hann málskostnaðar in solidum úr höndum stefnenda að skaðlausu. Réttargæzlustefndi Jóhannes Hannesson hefur tekið að öllu leyti undir dómkröfur stefnda, en engar kröfur hafa verið gerðar á hendur honum. Réttargæzlustefndi Þorleifur Finnbogason hefur engar kröfur gert í máli þessu, og engar kröfur hafa verið gerðar á hendur honum.

Stefnendur hafa krafizt þess, að frávísunarkröfunni verði hrundið og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda.

Munnlegur málflutningur fór fram um frávísunarkröfuna 27. janúar s.l., og var málið tekið til dóms eða úrskurðar þann dag.

Málavextir eru þessir:

Með afsali, útgefnu 23. júlí 1943, seldu þeir Sigurður Jónsson múrarameistari, Fjölnisvegi 18, og Sigurður Jónsson, Skeggjagötu 25, réttargæzlustefnda Jóhannesi Hannessyni bifreiðarstjóra og Gunnlaugi Bjarnasyni húseignina Rauðarárstíg 24 „með tilheyrandi leigulóð", eins og í afsali greindi. Kaupendur keyptu í sameiningu allt húsið, þannig að í hlut Jóhannesar kom kjallari og fyrsta hæð ásamt tveimur herbergjum á þakhæð, en í hlut Gunnlaugs kom önnur hæð og eitt herbergi á þakhæð. Í afsalinu sagði og: „Kaupendur eru ásáttir um, að eignarhlutföll þeirra í allri eigninni verði þannig, að Jóhannes teljist eiga $^{13}/_{21}$ hluta og Gunnlaugur $^{8}/_{21}$ hluta hennar".

Meðan réttargæzlustefndi Jóhannes átti húsið, reisti hann bílskúr á lóðinni. Hafði framkvæmd sú verið samþykkt af byggingar-

nefnd Reykjavíkur 12. október 1944, og var þetta gert óátalið af Gunnlaugi, sameiganda Jóhannesar.

Réttargæzlustefndi Jóhannes var nú eigandi þessa hluta hússins til ársins 1946, en þá seldi hann með afsali, útgefnu 14. maí það ár, Helga Gíslasyni og öðrum stefnanda máls þessa, Sigríði Bogadóttur, fyrstu hæð hússins svo og geymslu í kjallara „og enn fremur miðstöð, þvottahús og leigulóðarréttindi til jafns við aðra eigendur hússins hlutfallslega", eins og segir í afsali. Þar sagði og: „Hið selda telst vera $^{7}/_{21}$ hlutar af allri húseigninni ...." Réttargæzlustefndi Jóhannes átti áfram kjallaraíbúðina, en með afsali, útgefnu 17. maí 1955, afsalaði hann henni til hins stefnanda málsins, Halldórs Sigurðssonar. Samkvæmt afsalinu skyldi íbúðinni fylgja 2 herbergi í risi hússins, geymsla í kjallara, geymsla í risi, „en þvottahús, miðstöð og lóðarréttindi í réttu hlutfalli við eignarhluta kaupanda í öllu húsinu". Enn fremur sagði í afsali: „Eignarhlutinn er $^{6}/_{21}$ hlutar af allri húseigninni ...." Loks seldi réttargæzlustefndi Jóhannes stefnda í máli þessu, Halldóri Ólafssyni, áðurgreindan bílskúr, og var afsal gefið út 27. júlí 1957. Var bílskúrinn seldur „ásamt þeim lóðarréttindum sem honum fylgja".

Nokkru áður en sala bílskúrsins fór fram, eða 15. febrúar 1957, hafði Páll S. Pálsson hrl., lögmaður stefnanda Halldórs Sigurðssonar, ritað réttargæzlustefnda Jóhannesi bréf, þar sem þess var óskað, að umræddur bílskúr yrði fjarlægður. Samningar voru síðan teknir upp, en af þeim varð þó ekki. Lét réttargæzlustefndi Jóhannes síðan þinglýsa skúrnum, og liggur veðbókarvottorð, dags. 12. júní 1957, fyrir í málinu. Er hann þar talinn eigandi skúrsins, en vafi sagður um lóðarréttindi. Páll S. Pálsson ritaði nú réttargæzlustefnda Jóhannesi enn bréf, dags. 12. júní 1957. Eru áðurgreindar kröfur þar ítrekaðar og þinglýsingu mótmælt. Skýrði lögmaðurinn frá því, að stefnendur, Halldór Sigurðsson og Sigríður Bogadóttir, hefðu ásamt Helga Gíslasyni falið sér umboð til að krefjast þess, að hann flytti skúrinn tafarlaust af lóð hússins, enda fylgdu honum engin lóðarréttindi. Loks ritaði Páll S. Pálsson stefnda, Halldóri Ólafssyni, bréf, dags. 12. júní 1958. Krafðist hann þess f. h. tveggja eigenda hússins, þeirra Halldórs Sigurðssonar og Sigríðar Bogadóttur, að skúrinn yrði fjarlægður, en bréfi þessu var ekki svarað af hálfu stefnda Halldórs. Var þá mál þetta höfðað og framangreindar kröfur gerðar.

Stefndi reisir kröfur sínar um frávísun á því, að umrædd fast-

eign, Rauðarárstígur 24, sé nú í sameign þeirra Þorleifs Finnbogasonar réttargæzlustefnda, sem eigi $^{8}/_{21}$ hluta húseignarinnar, og stefnenda málsins, Sigríðar Bogadóttur, sem teljist eiga $^{7}/_{21}$ hluta, og Halldórs Sigurðssonar, sem teljist eiga $^{6}/_{21}$ hluta. Þar sem stefnendur séu aðeins tveir sameigendanna, beri að vísa máli þessu frá dómi samkvæmt 46. gr. laga nr. 85/1936, enda falli tilvikið beint undir téð ákvæði, þar sem lóðarréttindin séu í óskiptri sameign allra sameigenda.

Stefnendur reisa andmæli sín við frávísunarkröfu stefnda á því, að samaðild samkvæmt 46. gr. laga nr. 85/1936 þurfi ekki fortakslaust að vera, þótt sameign sé fyrir hendi. Fari slíkt eftir atvikum. Stefnendur séu hér aðeins að leita eftir dómi um það, hver sé þeirra réttur og hver sé réttur stefnda Halldórs, en réttur sameiganda þeirra, réttargæzlustefnda Þorleifs Finnbogasonar, verði í engu skertur, þótt dómur nái fram að ganga um þessi atriði. Honum hafi og verið stefnt til réttargæzlu, en hann engum kröfum eða athugasemdum hreyft. Einnig komi til hagnýt sjónarmið, því að mjög væri rétti manna spillt, einkum þar sem sameigendur eru margir, ef allir yrðu jafnan að eiga aðild málssóknar, sem fasteignina varðaði.

Hér er um að ræða óskipta sameign, og verður að telja, að orð 46. gr. laga nr. 85/1936 um óskipt réttindi eigi m. a. við slíka sameign. Af þessu leiðir þó ekki, að ávallt sé ófrávíkjanleg nauðsyn, að slíkir sameigendur eigi samaðild að höfðun máls út af sameigninni. Fer það eftir því, hvernig heimild hvers sameiganda til að ráða yfir eigninni er háttað. Önnur krafa stefnenda er sú, að viðurkennt sé, að þeir séu eigendur að $^{13}/_{21}$ hlutum húss og lóðarréttinda. Hún getur ekki talizt fara í bága við heimild þeirra sem sameigenda, og er því ekki þörf á samaðild samkvæmt umræddri 46. gr. um hana. Hin krafa stefnenda er sú, að viðurkennt sé með dómi, að stefndi Halldór eigi ekki nein lóðarréttindi á umræddri fasteign. Þegar á það er litið, að þessi síðari krafa stefnenda er til rýmkunar á rétti allra sameigendanna, verður hvorki séð, að málshöfðun vegna hennar fari á neinn hátt í bága við réttarhagsmuni réttargæzlustefnda Þorleifs Finnbogasonar né honum sé þeirra vegna nein nauðsyn á því, að dómur nái ekki fram að ganga. Er þetta enn frekar ljóst, þegar á það er litið, að honum er stefnt til réttargæzlu, en hann hefur engar kröfur gert af því tilefni eða neinum athugasemdum hreyft. Kom það og fram í munnlegum málflutningi, að réttargæzlustefndi hafi ekki viljað taka þátt í umræddri máls-

höfðun. Verður því ekki talið, að ákvæði 46. gr. laga nr. 85/1936 séu, eins og hér stendur á, til fyrirstöðu því, að dómur geti gengið í máli þessu, eins og það liggur fyrir að þessu leyti. Samkvæmt þessu verður frávísunarkrafa stefnda ekki tekin til greina.

Rétt þykir, að ákvörðun um málskostnað bíði dóms í aðalmálinu.

Sigurður Líndal, fulltrúi borgardómara, hefur kveðið upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Framangreind frávísunarkrafa verður ekki tekin til greina.

Mánudaginn 14. marz 1960.

Nr. 67/1959. **Þorvaldur Örn Vigfússon**
(Gunnar Þorsteinsson hrl.)
gegn
Nýja Kompaníinu h/f
(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Slysabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. apríl 1959 og fengið gjafsókn hér fyrir dómi, krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 317.668.55 eða til vara lægri fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá 15. október 1956 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Eftir að dómur gekk í héraði, hefur verið aflað ýmissa

nýrra gagna. Vitni hafa verið leidd og áfrýjandi hefur að nýju komið fyrir dóm. Skoðunargerð hefur farið fram á vélhefli þeim, sem um ræðir í málinu, og einnig hefur verið aflað álits öryggismálastjóra um vélhefil þenna og hættu þá, sem af notkun hans kann að hafa stafað. Kveður öryggismálastjóri vélhefil þann, sem um var að ræða, vera búinn hlíf yfir hefilvalsinum og telur, að hún hefði komið í veg fyrir slysið, hefði hún verið á vélinni. Í svipaða átt hnígur álitsgerð hinna dómkvöddu skoðunarmanna.

Áfrýjandi styður kröfu sína um skaðabætur fyrst og fremst þeim rökum, að öryggisbúnaði vélhefilsins hafi verið áfátt, þar sem á hann hafi vantað hlíf til varnar slysum, er við hann var unnið. Beri stefndi ábyrgð á þessu. Áfrýjandi var í stjórn hins stefnda félags, vann sjálfur við vélhefilinn og þekkti gerla til slíkra véla og verka. Bar honum þá sem stjórnanda í félaginu skylda til að hefjast handa um, að öryggishlíf væri sett á vélhefilinn, og getur hann því ekki haft uppi kröfur á hendur félaginu sökum þess, að þetta var vanrækt, er honum sjálfum bar að annast.

Í öðru lagi heldur áfrýjandi því fram, að trésmíði, einkum með ýmis konar vélum, sé hættulegur atvinnurekstur, og sé stefnda einnig af þeim sökum skylt að bæta honum tjón það, er hann hlaut af slysinu. En hvað sem því líður, ber að sama brunni og að framan segir, að áfrýjandi átti sjálfur sök á hættunni með því að vanrækja að annast um, að hlíf yrði sett á vélhefilinn. Verða honum því ekki heldur dæmdar bætur, er styðjist við þessa málsástæðu. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðilja beri sjálfur kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti. Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda hér fyrir dómi, kr. 12.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður. Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda hér fyrir dómi,

Gunnars Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000,00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. marz 1959.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 11. þ. m., hefur Þorvaldur Örn Vigfússon húsgagnasmiður, Hólagötu 43, Vestmannaeyjum, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 28. febrúar 1958, gegn Nýja Kompaníinu h/f, Vestmannaeyjum, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 317.668.55 eða annarrar lægri fjárhæðar eftir mati dómsins ásamt 6% ársvöxtum frá 15. október 1956 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu eftir mati dómsins.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar eftir mati dómsins, en *til vara*, að kröfur stefnanda verði lækkaðar og málskostnaður þá látinn niður falla.

Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f er stefnt til réttargæzlu í málinu, en stefndi hefur svonefnda ábyrgðartryggingu hjá því tryggingarfélagi. Á hendur réttargæzlustefnda eru ekki gerðar kröfur í málinu, og hann hefur engar kröfur gert.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 15. október 1956, kl. fimm síðdegis, varð stefnandi fyrir því slysi, er hann var að vinna við vélhefil á trésmíðaverkstæði stefnda í Vestmannaeyjum, að hægri hönd hans lenti í hefiltönnunum með þeim afleiðingum, að hann missti framan af þremur fingrum handarinnar.

Ljósmyndir af vélhefli þessum, sem lagðar hafa verið fram í málinu, sýna, að hann er að allri gerð hliðstæður því, sem tíðkast um slík tæki, en hér er um að ræða vél, sem er mjög algeng á húsgagna- og trésmíðaverkstæðum. Í höfuðdráttum er gerð vélhefilsins sú, að allþykku stálborði er komið fyrir ofan á stálgrind í venjulegri borðhæð frá gólfi. Er borðið alllangt, en fremur mjótt. Þvert í gegnum borðið, nálægt miðju þess, er rauf, þar sem komið er fyrir allfyrirferðarmiklum málmsívalningi. Er hann í láréttri stöðu og snýst með ofsahraða, þegar hefillinn er í gangi. Eftir sívalningnum endilöngum eru tvö eggjárn, hefiltennurnar. Koma eggjar þeirra aðeins upp fyrir hefilborðið. Vinna við vélhefilinn fer þannig fram, að efnið, sem hefla á, er lagt á hefilborðið. Síðan er því ýtt með höndunum yfir áðurgreindan sívalning, en um leið heflast neðra borð þess.

Að tilhlutun stefnanda var slys það, sem um ræðir, rannsakað í sakadómi Vestmannaeyja hinn 7. janúar 1958, tæpum 15

mánuðum eftir að það skeði. Við rannsókn þessa skýrir stefnandi svo frá, að hann hafi í umrætt sinn verið að hefla efni, sem nota átti í þröskuld. Hafi hann á engan hátt borið sig að öðru vísi við verkið en vandi hans hafi verið, er hann vann við vélhefilinn. Skyndilega hafi hann fundið eins og högg á hægri höndina og líkt og höndin togaðist niður. Um leið hafi hann kippt að sér hendinni alblóðugri. Stefnandi kveðst ekki geta gert sér grein fyrir því, hvað því olli, að hann lenti með höndina á hefiltönnunum. Hann hafi margsinnis áður unnið við hefilinn og verið orðinn honum vanur, er hér var komið. Stefnandi kveðst ekki vita betur en að vélhefillinn hafi verið í góðu lagi á þessum tíma, enda hafi hann verið notaður á venjulegan hátt bæði fyrir og eftir slysið.

Eins og getur í upphafi dómsins, er stefnandi húsgagnasmiður, og starfaði hann sem slíkur á verkstæði stefnda, er hann varð fyrir slysi þessu. Var stefnandi þá 27 ára að aldri.

Þrjú vitni voru yfirheyrð við rannsókn slyssins. Voru vitni þessi öll nærstödd, er slysið varð, en ekkert þeirra var sjónarvottur að slysinu. Tvö þessara vitna voru starfsmenn á verkstæði stefnda. Hafa þau bæði borið, að þau hafi oft unnið við umræddan vélhefil bæði fyrir og eftir slysið og hafi hann ávallt verið í ágætu lagi.

Af hálfu stefnda hefur verið lagt fram í málinu vottorð frá skoðunarmanni Öryggiseftirlits ríkisins í Vestmannaeyjum, Ólafi St. Ólafssyni. Er vottorð þetta, sem dagsett er 11. desember 1956, svohljóðandi:

„Eftir beiðni vottast hér með, að ekkert er athugavert við öryggisbúnað vinnuvéla hjá „Nýja Kompaníinu", hér í bænum."

Þegar eftir slysið var farið með stefnanda í sjúkrahús Vestmannaeyja. Er meiðslum þeim, er stefnandi hlaut, lýst í vottorði sjúkrahússlæknisins Einars Guttormssonar, dags. 29. apríl 1957. Segir þar á þessa leið:

„.... Komið var með slasaða beint í Sjúkrahús Ve. Hann var þá fölur og titrandi og hálf-sjokkeraður, um hægri hönd hafði hann vafið svuntu sinni og „stase" var lagður á handlegginn. Þegar svuntan var tekin af höndinni, kom hún í ljós alblóðug. Tekið hafði framan af þumalfingri rétt ofan við interphalangeallíðinn, þó þannig, að nokkuð er eftir af gómnum, og er það notað til að sauma fyrir með. Beinið og nöglin voru alveg farin. Af vísifingri tók rétt framan við interphalangeal-liðinn, og kom miðkjúkan fram í mjóan odd, sem var jafnaður og

saumað fyrir með því, sem eftir var af gómnum og skinninu lófamegin. Nöglin var alveg tætt af. Af löngutöng tók um miðjan mið-phalanx, og tætlur voru eftir af góm og slitur af naglinni, beinið fyrir framan mið-phalanx var farið. Saumað var fyrir löngutöng með leifum af gómnum og skinninu lófamegin. Mjög blæddi úr sárum þessum, og tók langan tíma að stöðva blóðrásina ...."

Hinn 19. október 1957 var örorka stefnanda af völdum slyssins metin af Bergþóri Smára lækni. Taldi læknirinn, að um 30% varanlega örorku væri að ræða.

Stefnandi tilgreinir í stefnu rök þau, er hann reisir kröfur sínar á. Eru þau svohljóðandi:

„Þar sem og með því að ég tel smíðar, sérstaklega með afnot margvíslegra véla, almennt hættulegan atvinnuveg, auk þess sem raunar má telja annað útilokað en að eitthvað í vélheflinum hafi bilað, er slysið skeði, þó þess hafi ekki orðið vart á eftir, tel ég, að það leiði af almennu skaðabótareglunni og einkum síðari tíma dómstólavenju, að atvinnuveitandi minn, er slysið skeði, sé mér bótaskyldur á öllu því tjóni, sem ég hefi beðið vegna eða sem afleiðingu af slysinu."

Við munnlegan flutning málsins bar lögmaður stefnanda fram þá málsástæðu til viðbótar, að öryggisumbúnaði vélhefilsins hafi verið áfátt. Ekki var þó bent á neitt þeirri fullyrðingu til stuðnings.

Sýknukröfuna reisir stefndi á því, að hvorki verði slysið rakið til bilunar á vélheflinum né heldur til þess, að öryggisumbúnaði tækisins hafi á nokkurn hátt verið áfátt. Verði ekki annað séð en að slysið hafi eingöngu orðið fyrir gáleysi stefnanda sjálfs og ef til vill einhverja óhappatilviljun. Þegar þessa sé gætt, komi ekki til mála, að fébótaábyrgð á slysinu verði lögð á stefnda samkvæmt almennu skaðabótareglunni. Ekki geti heldur komið til þess, að reglur skaðabótaréttar um hættulegan atvinnurekstur eigi við hér, þar sem trésmíði geti alls ekki talizt hættulegur atvinnuvegur, sízt þegar iðnlærðir starfsmenn eigi í hlut.

Í málinu er ekkert fram komið, sem bendir til þess, að bilun hafi orðið í vélheflinum, er valdið hafi getað slysinu. Það verður eigi heldur fallizt á það með stefnanda, að unnt sé að rekja slysið til þess, að eigi hafi verið til staðar fullnægjandi öryggisútbúnaður á vélheflinum. Er það álit hinna sérfróðu samdómenda, sem báðir þekkja gjörla til slíkra tækja, að ógerningur

sé að koma við nokkrum slíkum útbúnaði, er hér hefði komið að haldi.

Það kemur hvergi fram í gögnum málsins, hvernig stefnandi bar sig að við hefilinn, er slysið varð, en telja má alveg öruggt, þegar þess er gætt, hver meiðsli stefnandi hlaut, að hann hafi lagt greipina yfir efnið, sem hann hugðist hefla, þannig að fingurnir, a. m. k. þeir, sem tók framan af, hafi gripið utan um það. Er þetta stórhættuleg vinnuaðferð, því að sé henni beitt, vofir sú hætta yfir, að fingurnir, einn eða fleiri, lendi í hefiltönnunum, um leið og höndin berst með efninu yfir þær. Eykur það að sjálfsögðu mjög þessa hættu, að efnið, sem hefla á, er fyrirferðarlítið, eins og hér var. Hin rétta aðferð við verk þetta og sú, sem almennt mun tíðkast, er, að hendurnar eru lagðar ofan á efnið, sem hefla á, og þess gætt, að fingurnir fari ekki út af efninu. Þegar sú höndin, sem framar er, kemur að hefiltönnunum, er henni lyft yfir tennurnar og lögð á þann hluta efnisins, sem þegar hefur farið yfir tennurnar. Á sama hátt er og farið með hina höndina, þegar hún kemur að hefiltönnunum. Með þessu móti er það tryggt, að hvorug höndin kemur nálægt tönnunum, og þar með er fyrrgreindri hættu að öllu byggt út. Stefnanda mátti vera fullljóst sem húsgagnasmið með langa reynslu að baki af notkun þessa tækis, hvernig réttilega á að haga vinnu við það og hvað varast ber í því efni, enda er hér um að ræða tæki, sem fremur er einfalt að gerð og auðvelt að vinna við.

Að því öllu athuguðu, sem að framan greinir, og þar sem ekki þykir unnt að fallast á það með stefnanda, að hér séu fyrir hendi skilyrði til þess, að reglum skaðabótaréttar um ábyrgð atvinnurekanda á hættulegum atvinnurekstri verði beitt, hvorki að því er tekur til þeirrar starfsgreinar almennt, sem um er að ræða, né heldur til þess verks, sem stefnandi var að vinna, er hann slasaðist, þá verður ekki hjá því komizt að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm ásamt meðdómurunum Birni Rögnvaldssyni byggingameistara og Þorsteini Loftssyni vélfræðiráðunaut.

Dómsorð:

Í máli þessu er stefndi, Nýja Kompaníið h/f, sýkn af

kröfum stefnanda, Þorvalds Arnar Vigfússonar.
Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 16. marz 1960.

Nr. 6/1960. **Ákæruvaldið** (Kjartan Ragnars hrl.)
gegn
Sæmundi Guðmundssyni
(Jónas Thoroddsen hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Theodór B. Lindal prófessor.

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sæmundur Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Kjartans Ragnars og Jónasar Thoroddsens, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 24. marz 1959.

Ár 1959, þriðjudaginn 24. marz, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á Fríkirkjuvegi 11 af Halldóri Þorbjörnssyni,

kveðinn upp dómur í málinu nr. 1315/1959: Ákæruvaldið gegn Sæmundi Guðmundssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Með ákæruskjali, dags. 5. þ. m., er Sæmundur Guðmundsson verkamaður, Garðastræti 17, hér í bæ, ákærður fyrir að hafa sunnudaginn 8. febrúar s.l. tekið að ófrjálsu úr v/b Aðalbjörgu, sem lá við Grandagarð hér í höfninni, hrátt kjöt, teppi, jakka, kaffikönnu og diska auk hnífapara.

Telst brot þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, svo og verði hann dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem fæddur er 4. maí 1914, hefur sætt þessum kærum og refsingum:

1946 14/6 Rvík. Dómur aukaréttar: 9 mán. fangelsi, og greiði kr. 15.350.00 í skaðabætur, fyrir brot gegn 218. gr. hegningarlaganna, áfengislögunum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur. 24/2 1947: 9 mán. fangelsi, skaðabætur kr. 12.350.00.

1947 5/11 Rvík. Dómur aukaréttar: 3 mán. fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna.

— 6/12 Rvík. Kærður fyrir sviksamlegt atferli. Fellt niður.

1950 31/3 Rvík. Dómur: 8 mán. fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaganna.

1951 30/3 Rvík. Dómur: 5 mán. fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaganna.

1957 16/8 Kærður fyrir þjófnað á sæng og kodda. Fellt niður.

Auk þess hefur hann 20 sinnum verið sektaður fyrir ölvun og tvisvar fyrir umferðarbrot.

Að morgni sunnudagsins 8. febrúar s.l. fór ákærði um borð í mannlausan bát, Aðalbjörgu, RE 5, er lá við Grandagarð, og tók þar að ófrjálsu teppi, jakka, kaffikönnu, diska og hnífapör. Á leiðinni frá borði féll ákærði í sjóinn, enda ölvaður. Var hann dreginn upp, færður á lögreglustöðina og síðan á slysavarðstofuna til aðhlynningar. Varningnum var komið til skila. Meðal hans var einnig nokkuð af úldnu keti, er ákærði kveðst ekki hafa verið heimildarmaður að, en veit ekki gerla, hvar hann tók.

Með verknaði þeim, er nú var lýst, hefur ákærði brotið gegn 244. gr. almennra hegningarlaga, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði. Ákærði hefur unnið til sviptingar

kosningaréttar og kjörgengis til opinberra starfa og annarra almennra kosninga samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga. Þá ber að dæma hann til að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Sæmundur Guðmundsson, sæti fangelsi 3 mánuði. Hann er sviptur kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. marz 1960.

Nr. 203/1959. **Magni Guðmundsson** (Sigurður Ólason hrl.)
gegn
bæjarsjóði Reykjavíkur
(Guðmundur V. Jósefsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Theodór B. Líndal prófessor.

Skaðabótakrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. nóvember 1959, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. s. m. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur bótaskyldur af þeim sökum, að stjórnendur Reykjavíkurbæjar hafi ekki látið áfrýjanda í té leigulóð undir íbúðarhús. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi hefur hér fyrir dómi eins og í héraði reist kröfu sína á því, að stjórn Reykjavíkurbæjar hafi brigðað við hann loforð eða loforðsígildi um að fá honum til afnota leigulóð

í landi bæjarins. Svo sem greint er í héraðsdómi, hefur áfrýjandi árum saman sent bæjaryfirvöldum umsóknir um leigulóð undir íbúðarhús, en ekki hefur hann í máli þessu leitt sönnur að því, að stjórn bæjarins hafi lofað að láta honum slíka lóð í té. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. júlí 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. f. m., hefur Magni Guðmundsson framkvæmdarstjóri, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 13. febrúar 1958, gegn borgarstjóra Reykjavíkur fyrir hönd bæjarsjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 250.000.00 auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins var að ósk lögmanna aðilja og eftir ákvörðun dómara málinu skipt, sbr. 71. gr. laga nr. 85 frá 1936, þannig, að það var þá aðeins flutt um skaðabótaskyldu stefnda.

Hefur stefnandi í þessum þætti málsins krafizt þess, að stefndi verði dæmdur skaðabótaskyldur gagnvart honum og jafnframt dæmdur til að greiða honum málskostnað, að því er þenna þátt varðar. Stefndi hefur krafizt algerrar sýknu af framangreindum kröfum stefnanda og hæfilegs málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómarans.

Stefnandi reisir kröfu sína um skaðabótaskyldu stefnda á því, að bæjaryfirvöld Reykjavíkur hafi látið hann standa í þeirri trú árum saman, að hann fengi sér úthlutað byggingarlóð undir íbúðarhús handa sér og fjölskyldu sinni, án þess þó að nokkrar efndir yrðu þar á, og hafi þetta bakað honum stórkostlegt fjárhagstjón.

Nánari atvik kveður stefnandi þau, að hann hafi árlega, allt frá árinu 1952 og fram á árið 1958, sótt til bæjaryfirvalda um lóð undir íbúðarhús fyrir sig og fjölskyldu sína og þá jafnan gert fulla grein fyrir nauðsyn slíkrar byggingar fyrir hann, svo

og að fjárfestingarleyfi, fjárhagsgeta og önnur skilyrði væru fyrir hendi. Þrátt fyrir þetta hafi hann aldrei fengið neina úrlausn þessara mála og aldrei hreint svar, hvorki játandi né neitandi, einungis lausleg vilyrði munnleg, en engar efndir. Telur hann sig hafa átt heimtingu á svari á annanhvorn veginn, og mundi hann ekki hafa um það sakazt, þótt neitandi væri. Hins vegar hafi áðurgreind aðferð bæjaryfirvaldanna, að svara ekki beint, en gefa innantóm vilyrði hvað eftir annað, orðið til þess, að hann hafi í falskri von um að fá lóð sífellt dregið á langinn að haga húsnæðismálum sínum og fjárfestingu á annan veg, meðan peningar á hinn bóginn hafi hríðfallið að verðgildi, og hafi þetta að sjálfsögðu bakað honum stórkostlegt tjón, bæði beint og óbeint.

Þá telur stefnandi, að hann hafi verið beittur hinum mestu rangindum, er nálgist hreina valdníðslu, þar eð í hundruðum tilfella hafi byggingarlóðum verið úthlutað til annarra, sem minni þörf hafi haft og síðar sótt en hann um slíka fyrirgreiðslu.

Stefndi reisir kröfu sína í fyrsta lagi á því, að engin allsherjarskylda hvíli á bæjarstjórn um að sinna öllum lóðarumsóknum, enda væri það ekki unnt. Þá hljóti bæjarstjórn að vega og meta, hverjum umsækjenda hún leigi lóðir bæjarins, eftir því sem þær verða hæfar til bygginga. Loks mótmælir stefndi því, að stefnanda hafi verið gefin neins konar fyrirheit eða vilyrði fyrir byggingarlóð.

Það verður að fallast á það með stefnda, að það sé á valdi bæjaryfirvalda að ákveða, hverjum lóðir bæjarins eru leigðar, og ætla verður, að við þær ákvarðanir sé farið eftir ákveðnum reglum og þá meðal annars gætt sanngirnissjónarmiða. Í málinu er allsendis ósannað, að stefnandi hafi orðið fyrir misbeitingu að þessu leyti, enda var skaðabótaskylda stefnda, eins og áður er fram komið, ekki studd þeim rökum við munnlegan flutning málsins.

Í málinu liggja fyrir endurrit af nokkrum umsóknum stefnanda um lóð undir íbúðarhús. Hin fyrsta er dagsett 15. maí 1953 og stíluð til Guðmundar Vignis, skrifstofustjóra hjá bæjarverkfræðingi. Er í umsókn þessari vísað til umsóknar í marz s. á. um lóð undir einbýlishús við Laugarás og þess jafnframt getið, að fjárfestingarleyfi sé nú fengið. Þá tekur stefnandi fram, að við úthlutun óski hann að fá slíka lóð, er geri honum fært að hafa bílskúr, og getur þess, að hann hafi einkum augastað á lóð að ofan (austanverðu) við lokaða götu suður af Sundlaugavegi.

Um þörf sína til byggingar íbúðarhúss segir stefnandi, að hann búi í 46 fermetra þakíbúð við Laugaveg, eldhús sé á gangi, ekkert bað eða þvottahús og fjölskyldan séu þau hjónin og 4 börn á aldrinum þriggja mánaða til 9 ára. Þá getur stefnandi þess, að engin afgirt lóð sé þarna, svo að börnin séu í sífelldum háska vegna hinnar miklu umferðar um Laugaveginn. Loks sé veitingarekstur á tveim hæðum hússins, og stafi margskonar leiðindi og óþægindi af sumum gestanna.

Næsta umsókn, er hér liggur fyrir, er dagsett 11. júní 1955 og stíluð til bæjarráðs. Þar sækir stefnandi um lóð undir einbýlishús á svæði neðan Laugarásvegar milli Múlavegar og Holtavegar eða milli Sundlaugavegar og Múlavegar. Þá bendir hann á, að hann hafi sótt um lóð undir einbýlishús snemma árs 1952, aftur árið 1953 og enn árið 1954, en ekki fengið neina lóð enn þá, þrátt fyrir það þótt hann á sínum tíma hafi haft fjárfestingarleyfi. Loks ítrekar hann þörf sína fyrir byggingu íbúðarhúss.

Þriðja umsókn stefnanda er dagsett 4. marz 1957 og einnig stíluð til bæjarráðs. Vísar hann í henni til umsóknar um lóð, er hann hafi sent á árinu 1956, auk áður talinna umsókna. Skorar stefnandi á bæjarráð að taka umsókn hans til afgreiðslu þegar í stað og veita honum lóð eða vilyrði fyrir lóð eigi síðar en í lok mánaðarins.

Fjórða og síðasta umsókn stefnanda, sem hér liggur fyrir, er dagsett 2. janúar 1958 og stíluð til áðurnefnds Guðmundar Vignis. Bendir hann á, að hann hafi árlega síðan 1953 sótt um byggingarlóð undir einbýlishús og á því ári fengið fjárfestingarleyfi fyrir slíku húsi, og hafi hann sent beiðni um endurnýjun leyfisins í 5. sinn.

Í málinu kemur fram, að stefnandi fékk engin skrifleg svör frá hlutaðeigandi bæjaryfirvöldum við umsóknum þeim, sem hér að framan eru raktar, né heldur þeim umsóknum, er ekki liggja hér fyrir, en hann samkvæmt framansögðu virðist hafa sent. Virðast það óhæfilegir afgreiðsluhættir a. m. k. fyrir umsækjandann. Hins vegar kemur og fram, að stefnandi virðist hafa fylgzt með lóðarúthlutun hverju sinni og þannig orðið ljóst um afgreiðslu hverrar einstakrar lóðarumsóknar hans, enda endurnýjar hann umsóknir sínar árlega, svo sem að framan er rakið. Þá er það eftir gögnum málsins allsendis ósannað, að stefnanda hafi nokkru sinni verið gefið vilyrði, hvað þá loforð, af þar til bærum bæjaryfirvöldum, um að hann fengi leigða lóð hjá bænum undir íbúðarhús, og er því trú hans á því, að svo

myndi verða, úr lausu lofti gripin. Þar með eru fallin rök þau, er stefnandi reisir skaðabótaskyldu stefnda á. Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í þessum þætti málsins, en eftir atvikum þykir mega láta málskostnað falla niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Vegna mikilla anna við borgardómaraembættið í sambandi við byrjun þingleyfis 1. þ. m., hefur dómur eigi orðið kveðinn upp fyrr.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjóri Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Magna Guðmundssonar, í þessum þætti málsins.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 18. marz 1960.

Nr. 31/1960. **Trygging h/f**
gegn
Óskari J. Þorlákssyni og
Rögnu Björnsson.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson og Jón Ásbjörnsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Lindal.

Kærumál. Vitnaskylda.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 25. febrúar 1960, er barst dóminum hinn 8. þ. m. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurður héraðsdóms verði úr gildi felldur og að varnaraðiljum verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Frá varnaraðilja Óskari J. Þorlákssyni hafa eigi borizt kröfur né greinargerð.

Varnaraðili Ragna Björnsson krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili greiði varnaraðilja Rögnu Björnsson kærumálskostnað, kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Trygging h/f, greiði varnaraðilja Rögnu Björnsson kærumálskostnað, kr. 1500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 19. febrúar 1960.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 3. þ. m., hefur frú Ragna Björnsson, Ásvallagötu 24, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 22. september 1959 til greiðslu skuldar að upphæð kr. 1.000.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 17. september 1959 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt taxta L.M.F.I.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu.

Stefnandi kveður hina umstefndu skuld vera tryggingarfé samkvæmt slysatryggingarskírteini, útgefnu af stefnda 5. marz 1959. Samkvæmt skírteini þessu hafi stefndi tekið að sér að slysatryggja eiginmann stefnanda, Sigurð heitinn Guðmundsson forstjóra, er látizt hafi af slysförum þann 30. júlí 1959, fyrir kr. 1.000.000.00 og skuldbundið sig til að greiða þá fjárhæð við dauða Sigurðar.

Í greinargerð hefur stefndi m. a. rökstutt sýknukröfu sína þannig: „Umbj. minn telur með tilvísun til 3. tl. 3. gr. og d-liðs 4. gr. hinna almennu skilmála fyrir tryggingu þeirri, er Sigurður heitinn keypti sér, þá sé greiðsluskylda sín eigi fyrir hendi, þar sem augljóst megi telja, að tryggði hafi vegna sjúklegs ástands stytt sér sjálfur aldur".

Þann 3. febrúar 1959 kom fyrir dóm sem vitni séra Óskar J. Þorláksson dómkirkjuprestur. Samkvæmt ósk umboðsmanns stefnda voru eftirfarandi spurningar lesnar upp fyrir vitninu:

1. Tilkynntuð þér í einrúmi frú Rögnu Björnsson, Ásvallagötu 24, lát eiginmanns hennar, Sigurðar heitins Guðmundssonar, að morgni þess 30. júlí s.l.?

2. Virtist yður henni koma lát hans á óvart?

3. Minnist þér þess, að frú Ragna Björnsson hafi látið nokkur sérstök orð falla í viðurvist þeirra manna, er með yður voru, eftir að þér höfðuð talað einslega við hana?

Vitnið neitar eindregið að svara spurningum þessum. Kvaðst vitnið aðeins hafa haft afskipti af máli þessu sem sálusorgari og taldi sér af þeim sökum ekki skylt að svara spurningunum. Umboðsmaður stefnanda fékk þá bókað: „Ég tel, að vitninu sé óheimilt án leyfis umbjóðanda míns og samþykkis hans, að svara spurningum þeim, sem lagðar eru fram á dskj. 27, og vísa ég í því sambandi til 3. mgr. 126. gr. laga nr. 85/1936. Ég krefst þess því, að úrskurðað verði, að vitninu sé ekki talið skylt né heldur heimilt að svara þessum spurningum". Umboðsmaður stefnda fékk bókað: „Þar sem geysimiklir fjárhagslegir hagsmunir eru í húfi fyrir umbjóðanda minn, þá tel ég 3. tölulið 126. gr. eml. eigi taka til þessa tilviks, sem hér greinir". Umboðsmaður stefnanda fékk aftur bókað: „Hinir fjárhagslegu hagsmunir þessa máls skipta vitanlega báða aðilja jafnt. Auk þess er því mótmælt, að nokkur ákvæði séu í 126. gr. laga nr. 85/1936, sem undantaka regluna í 3. tölulið, enda þótt um miklar fjárhæðir sé að ræða."

Var atriðið tekið til úrskurðar og er nú hér til úrlausnar.

Það er fram komið í málinu, að vitnið séra Óskar J. Þorláksson fór ásamt þremur öðrum mönnum heim til stefnanda til að tilkynna henni um lát eiginmanns hennar. Mun vitnið hafa talað einslega við hana, strax er þeir komu á heimilið. Eftir þetta samtal mun vitnið og þeir, sem með honum komu, hafa átt stutt samtal við stefnanda, áður en þeir fóru.

Telja verður eðli málsins samkvæmt, að vitninu sé óheimilt að svara 2. spurningunni, sem hefur verið tilgreind hér að framan, þar sem trúnaðarsamband prestsins sem sálusorgara stefnanda verður ekki rofið gegn mótmælum af hennar hálfu, sbr. 3. tl. 126. gr. laga nr. 85/1936, enda verður ekki séð, að vætti vitnisins hafi úrslitaþýðingu í málinu. Af sömu ástæðum verður að telja, að prestinum sé óskylt að svara þriðju spurningunni, þar sem það samtal, sem þar ræðir, átti sér stað í beinu framhaldi af einkasamtali hans og stefnanda og kann að einhverju leyti að hafa mótazt af því. Með skírskotun til þessa verður að líta svo á, að fyrsta spurningin sé þýðingarlaus og vitninu þá einnig óskylt að svara henni.

Bjarni K. Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Vitninu séra Óskari J. Þorlákssyni er óskylt að svara framangreindum spurningum.

Mánudaginn 21. marz 1960.

Nr. 171/1959. **Engilbert Jóhannsson** (Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Smiði h/f (Áki Jakobsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Lindal.

Slysabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Áfrýjandi, sem hefur gjafsókn hér fyrir dómi, hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. september 1959, að fengnu áfrýjunarleyfi 24. s. m. Hann krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 121.357.70 ásamt 6% ársvöxtum frá 28. janúar 1958 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri þar eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Hér fyrir dómi hefur verið lögð fram álitsgerð tveggja sérfróðra matsmanna, sem dómkvaddir voru eftir uppsögu héraðsdóms til að kynna sér aðstæður á slysstað og skoða trésmíðavél þá, sem áfrýjandi vann við, er hann slasaðist. Telja matsmenn slysahættu samfara notkun óvarins nót-

sagarblaðs, er tennur þess eru slitnar orðnar. Þá hefur komið fyrir dóm stjórnarmaður stefnda, Gizur Þorsteinn Magnússon, er haft hefur á hendi umsjón með vélavinnu fyrirtækisins. Hann kveðst, áður en slysið varð, hafa talið óhæfilegt að nota umrætt nótsagarhjól og tjáð framkvæmdastjóra stefnda, að endurnýja þyrfti hjólið vegna slits.

Eins og í héraði styður áfrýjandi fébótakröfu sína fyrst og fremst þeim rökum, að slys hans verði rakið til slitgalla á greindu nótsagarhjóli, er stefndi beri ábyrgð á. Áfrýjandi var stjórnarformaður hins stefnda félags, vann sjálfur við trésmíðavél þá, sem um er að tefla, og þekkti gerla til slíkra véla og verka. Sem stjórnanda félagsins bar honum að hlutast til um, að gallað tæki væri tekið úr notkun, og getur hann ekki haft uppi kröfur á hendur félaginu af því efni, að vanrækt var það, sem hann sjálfur átti að annast.

Þá hefur áfrýjandi hreyft því, að dæma beri stefnda ábyrgð á tjóni hans af slysinu, þar sem telja verði vinnu við trésmíðavélar hættulegan starfa. En hvað sem því líður, er málsástæða þessi haldlaus þegar af þeirri ástæðu, að áfrýjandi átti sjálfur, eins og að framan greinir, sök á því hættuástandi, sem hann telur hafa leitt til slyssins.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Málflutningslaun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Það athugast, að héraðsdómari hefur eigi kvatt sérfróða menn til að fara með og dæma málið með sér, svo sem réttara hefði verið, sbr. 3. tl. 1. mgr. 200. gr. laga nr. 85/1936.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Málflutningslaun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 16. marz 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 10. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja af Engilbert Jóhannssyni smið, Kirkjuvegi 20, Vestmannaeyjum, með stefnu, útgefinni 4. marz 1958, birtri 4. s. m., á hendur stjórn Smiðs h.f. fyrir hönd félagsins, þeim Magnúsi Magnússyni, Ásaveg 27, Þorsteini Magnússyni, Ásaveg 26, og Agli Kristjánssyni, varastjórnanda, Ásaveg 24, öllum í Vestmannaeyjum, til greiðslu á tjónbótum út af slysi, sem hann varð fyrir hinn 20. október 1956. Svo var og Erling Ellingsen framkvæmdastjóra, Miklubraut 9, Reykjavík, stefnt til réttargæzlu fyrir hönd Tryggingar h.f.

Stefnandi gerir þær réttarkröfur, að stefndi, Smiður h.f., verði dæmdur til að greiða honum kr. 120.887.70 ásamt 6% ársvöxtum frá 28. janúar 1958 til greiðsludags, kr. 470.00 fyrir útreikning á örorkumati, svo og málskostnað að skaðlausu eftir mati réttarins.

Stefndi mætti í málinu og gerði þær réttarkröfur, að hann yrði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati dómsins.

Stefnandi hefur unnið hjá hinu stefnda félagi undanfarin ár. Hann er eigandi að ⅟₇ hluta hlutafjár félagsins og er formaður í stjórn þess og annar prókúruhafi. Að morgni þess 20. október 1956 var hann að vinna við fræsara á vinnustofu félagsins og var að nóta í ameríska furu, sem er nokkuð harðari en venjulegar furutegundir. Allt í einu var því líkast sem hann fengi högg á vinstri hönd, og er hann leit á höndina, var hún alblóðug. Gekk hann þegar til samstarfsmanna sinna, sem voru að vinna á öðrum stað á verkstæðinu og höfðu þar af leiðandi ekki séð, hvernig slysið vildi til. Er hann kom til þeirra, blæddi mikið úr hendinni. Var þegar bundið um höndina, og fór stefnandi síðan upp á sjúkrahús og kom þangað um átta-leytið. Skoðaði læknir meiðsli hans og hefur gefið lýsingu á þeim á þessa leið:

„Allir fingur vinstri handar eru skaddaðir nema þumalfingur. Gómurinn á vísifingri er töluvert tættur og fremsti hluti naglarinnar. Sárið er nokkuð djúpt, nær ca 1½ cm upp í góminn volart. Á löngutöng hefur fremsta kjúkan nær alveg farið af um fremsta kjúkulið, hangir aðeins í húðinni medíalt, rúmlega helmingur circumferentíunnar er í sundur, og lateralt hefur dálítill hluti farið í burtu, sést þar í beinendana. Liðflöturinn á fremri kjúkunni er allur tættur, og á miðkjúkunni er hann allur í burtu og hluti af aðliggjandi beini. Á baugfingri er nöglin

tætt og hangir aðeins við í pörtum. Framan við miðkjúkulið, dorsalt, er ca 1 cm langur skurður. Gómurinn og nöglin á litlafingri eru tætt, svo og nöglin á fingrinum."

Stefnandi varð alveg óvinnufær vegna slyssins allt fram til 1. apríl 1957, en fór þá að reyna að vinna og var þá að áliti læknis vinnufær að ca ⅓ hluta. Eftir umsögn læknisins var stefnandi þá mikið bagaður af dofa í fingrunum, gat t. d. ekki tekið upp venjulega nagla með vísifingri og þumalfingri. Gómur vísifingurs var sleiktur burt inn að beinendanum. Langatöng var stutt, snúin lateralt, og fremsti liðurinn alveg stirður (ankylosis), næsti liður fyrir ofan er og líka að mestu leyti stirður. Sárin á baug- og litlafingri voru gróin, en hörð og tilfinningasljó. Höndin var öll rýrnuð og aflminni en vera átti.

Hinn 28. desember 1957 gaf læknirinn svohljóðandi lýsingu á ástandi handarinnar:

„Vísifingur: Gómurinn er sleiktur og rýr, kuldi og dofi sækja á hann. Næmleiki er mjög lítill til að taka upp fína hluti með honum.

Langatöng: Fremsta kjúkan er sveigð (disloceruð) til hliðar og liðurinn staur (ankylosis). Næsti liður fyrir ofan er líka að mestu stirður.

Baugfingur: er rýrnaður að ofan um miðkjúkuna, svo og gómurinn. Báðir fremri liðir að kalla stirðir (ankylosis).

Litlifingur er og rýrnaður, og liðirnir mikið til stirðir, ca 4½ cm vantar til að fingurnir nái inn í lófann við aktiva beygingu. Kraftur handarinnar við kreistingu er varla nema ⅓ af því, sem vera ætti. Svona hönd bagar slasaða að sjálfsögðu mjög mikið og hindrar hann í starfi. Hann getur t. d. ekki haldið á nöglum í lófanum, þeir renna út."

Hinn 28. janúar 1958 var stefnandi metinn hjá Tryggingastofnun ríkisins 18% varanlegur öryrki vegna slyssins samkvæmt vottorði Bergþórs Smára tryggingarlæknis.

Um atvik að slysinu er stefnandi einn til frásagnar. Kvaðst hann vera vanur að vinna við fræsarann og hafi í umrætt sinn notað sama nótsagarhjól og hann hefði alltaf notað. Kveðst hann ekki hafa vitað annað en að hjólið hafi verið í lagi. Hann kvaðst hafa verið vel fyrirkallaður og borið sig að við vinnuna á sama veg og endranær og ekki orðið fyrir neinum truflunum, enda var hann einn á þessum stað á verkstæðinu. Kvaðst hann hafa einbeitt athygli sinni að hlutunum, sem hann var að vinna að,

og ekki gefið gaum að neinu öðru. Allt í einu atvikaðist þó svo, að vinstri hönd hans lenti í nótsagarhjólinu með þeim afleiðingum, sem áður er lýst. Tveir samstarfsmenn hans og meðeigendur að fyrirtækinu voru leiddir sem vitni. Kváðu þeir öryggisútbúnað vélarinnar hafa verið í fyllsta lagi, en nótsagarhjólið hafi verið farið að slitna, og búið var að fá nýtt hjól. Hins vegar var ekki búið að skipta um hjól, þar eð vel hefði mátt nota gamla hjólið, eins og það var. Slit hjólsins virðist þó hafa leitt til þess, að gæta þurfti meiri varúðar, er unnið var að hörðum viði. Samkvæmt vottorði Öryggiseftirlits ríkisins frá 11. desember 1956 var öryggisútbúnaður véla hins stefnda fyrirtækis í góðu lagi eins og áður, og fræsarinn, sem stefnandi vann við, er hann hlaut meiðsli sín, í góðu ástandi. Lagðar hafa verið einnig fram skýrslur Öryggiseftirlits ríkisins um skoðun hjá hinu stefnda fyrirtæki hinn 28. desember 1955 og 29. desember 1956, og segir í báðum, að búnaður sé góður.

Er Tryggingastofnun ríkisins hafði látið meta varanlega örorku stefnanda hinn 28. janúar 1958, fékk stefnandi Jón E. Þorlákssson tryggingafræðing til þess að gera upp tjón sitt vegna slyssins. Skilaði hann uppgjöri hinn 21. febrúar 1958. Lagði hann til grundvallar mat lækna á örorku stefnanda hinn 1. apríl 1957 og 28. janúar 1958 og gerði sjálfur áætlun um lækkun örorkunnar á því tímabili, sem lá á milli þessara tímamarka. Hann fékk upplýsingar um kaupgreiðslur hins stefnda fyrirtækis til smiða á tímabilinu október 1956 til apríl 1957 og miðaði við þær greiðslur í útreikningum sínum og gerði jafnframt ráð fyrir hækkun á kaupi í samræmi við hækkun kaupgjaldsvísitölu. Reiknað var með 6% ársvöxtum, líkum fyrir vinnufærni eftir sænskri reynslu, en lífslíkur eftir íslenzkri reynslu. Á þessum grundvelli reiknaðist honum vinnutap stefnanda nema kr. 47.622.00 á tímabilinu frá slysdegi til 28. janúar 1958 og kr. 99.021.00 eftir það, eða alls kr. 146.643.00. Uppgjörið var miðað við 28. janúar 1958, og bæri því að bæta við vöxtum frá þeim degi. Ekki var tekið tillit til opinberra gjalda af tekjum, og taldi hann því rétt að lækka upphæðina þeirra vegna e. t. v. um 10—15%. Sömuleiðis bæri að draga frá dagpeninga og örorkubætur, er stefnandi hafði fengið.

Nokkru áður en slysið vildi til, hafði hið stefnda félag keypt ábyrgðartryggingu hjá Tryggingu h.f. gegn skaðabótaskyldu, sem á félagið kynni að falla samkvæmt íslenzkum lögum eða réttarvenju. Með bréfi, dags. 21. desember 1958, sendi stefnda trygging-

arfélaginu tilkynningu um slysið. Eftir athugun á málavöxtum taldi tryggingarfélagið sér óskylt að greiða bætur vegna slyssins og hafnaði þeim bótakröfum, er fram höfðu komið.

Í máli þessu er upphæð tjónbótanna byggð á útreikningum tryggingafræðingsins, og er stefnukrafan fengin út á þenna hátt:

Vinnutap stefnanda, samkvæmt útreikningum Jóns E. Þorlákssonar			kr.	146.643.00
Frá þeirri upphæð ber að draga 10% vegna opinberra gjalda og vegna sennilegs atvinnuleysis	kr.	14.664.30		
Greiddir dagpeningar frá Tryggingastofnun ríkisins	—	7.440.00		
Greitt örorkufé	—	18.651.00	—	40.755.30
og kemur þá út			kr.	105.887.70
Við þá fjárhæð leggur hann síðan bætur fyrir þjáningar, lýti og óþægindi			—	15.000.00
og verður því stefnukrafan			kr.	120.887.70

Í stefnu og greinargerð færði stefnandi þau rök fyrir kröfum sínum, að vinna við trésmíðavélar væri hættuleg og bæri því stefnda skaðabótaábyrgð á tjóninu, að því er virðist án tillits til þess, hvort um sök var að ræða hjá fyrirtækinu eða ekki. Í hinum munnlega málflutningi lagði hann hins vegar höfuðáherzluna á, að um sök hefði verið að ræða hjá forráðamönnum fyrirtækisins, þar eð þeim hafi borið að taka umrætt nótsagarhjól úr vegna slits, áður en slysið vildi til, og hafi bakað félaginu skaðabótaábyrgð með því að láta það undir höfuð leggjast.

Af hálfu hins stefnda félags hefur því verið algerlega mótmælt, að félagið beri nokkra skaðabótaábyrgð á slysinu. Vélin hafi verið í fullkomnu lagi og með tilskildum öryggis-útbúnaði, og hljóti því gáleysi stefnanda sjálfs að hafa verið orsök slyssins. Þá hefur stefnda lagt á það mikla áherzlu, að stefnandi vann ekki á verkstæðinu undir annarra stjórn, er slysið skeði, heldur hafi hann sjálfur haft verkstjórn á hendi. Svo beri og á það að líta, að stefnandi var stór hluthafi, stjórnarformaður og prókúruhafi í félaginu. Kröfuupphæðinni mótmælti stefnda sem of hárri og tíndi margt til. Eins og fyrr getur, liggur fyrir í málinu vottorð frá Öryggiseftirliti ríkisins, dags. 11. desember 1956, og er þar framtekið, að vélin, sem stefnandi vann við, er hann hlaut meiðsli sín, sé í góðu ástandi. Í vottorði þessu er ekki minnzt á nótsagarhjólið,

og ganga virðist mega út frá, að í því felist ekki umsögn um ástand þess. Umsagnir hlutlausra manna um ástand þess og nothæfi eru því ekki fyrir hendi, og úr því verður ekki lengur bætt, þar eð hjólið er glatað, eins og upplýst var við hinn munnlega málflutning. Fyrir liggja því ekki aðrar upplýsingar en umsagnir stefnanda sjálfs og samstarfsmanna hans tveggja, sem hér að framan eru raktar. Af umsögnum þeirra verður ekki ráðið, að hjólið hafi verið orðið ónothæft, er slysið vildi til. Sönnur hafa þar af leiðandi ekki verið að því leiddar, að um nokkra sök hafi verið að ræða hjá forráðamönnum félagsins, er leitt geti til skaðabótaábyrgðar. Og um skaðabótaábyrgð á öðrum grundvelli virðist ekki heldur vera að ræða, enda vann stefnandi hjá félaginu undir eigin stjórn og var auk þess stór hluthafi, stjórnarformaður og prókúruhafi. Verður því niðurstaða málsins, að hið stefnda félag verður sýknað að öllu leyti af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndu, Magnús Magnússon, Þorsteinn Magnússon og Egill Kristjánsson f. h. Smiðs h.f., skulu vera sýknir af kröfum stefnandans, Engilberts Jóhannssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 23. marz 1960.

Nr. 165/1959. **Ármann Sigurbjörnsson**
(Jón Þorsteinsson hdl.)
gegn
Sementsverksmiðju ríkisins
(Guttormur Erlendsson hrl.)
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Theodór B. Líndal prófessor.

Vinnulaun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. september 1959. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 2199.02 ásamt 6% ársvöxtum frá 25. febrúar 1959 til greiðsludags og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 30. desember 1959, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Í 4. gr. laga nr. 16/1958 segir, að starfsmenn, sem rétt hafa öðlazt samkvæmt ákvæðum hennar, sbr. 1. gr. laganna, skuli „eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, fyrstu fjórtán dagana, eftir að þeir forfallast frá vinnu sökum sjúkdóms eða slysa".

Aðiljar máls þessa eru ásáttir um það, að aðaláfrýjandi, sem hóf starf hjá gagnáfrýjanda í maímánuði 1956, hafi áunnið sér rétt til launa í veikindaforföllum samkvæmt ákvæðum 4. gr. laga nr. 16/1958. Hins vegar greinir þá á um, hvernig þeim rétti sé háttað. Telur aðaláfrýjandi, að lagaákvæðið veiti starfsmanni rétt til launa allt að 14 daga í hvert sinn, sem hann er frá verki vegna sjúkdóms eða slysa, en gagnáfrýjandi heldur fram þeirri skoðun, að at-

vinnurekanda sé ekki skylt að greiða laun í slíkum tilfellum fyrir lengri tíma en 14 daga samtals á ári.

Rétt þykir að skýra fyrirmæli nefndrar 4. gr. þannig, að þegar um er að ræða endurteknar fjarvistir frá verki vegna sama sjúkdóms eða sömu slysfara, þá eigi starfsmaður aðeins rétt til launa fyrstu 14 forfalladagana, enda er þá um að tefla framhald forfalla af sama tilefni. Væri mjög óeðlilegt, að endurtekin eða jafnvel margítrekuð fjarvist starfsmanns frá starfi vegna sama sjúkleika eða slyss veitti honum rétt til launagreiðslu í hvert skipti, þó að hann hefði tekið upp vinnu fleiri eða færri daga, milli þess sem hann var fjarverandi. Mundi og slík túlkun á greininni venjulegast aðeins leiða til uppsagnar viðkomandi starfsmanns úr starfi. Hins vegar ber að skýra ákvæði nefndrar 4. gr. þannig, að þegar um mismunandi sjúkdóma eða slys er að ræða, beri starfsmanni réttur til launa fyrstu 14 dagana í hvert sinn, sem slík forföll ber að höndum. Orðalag greinarinnar leyfir ekki þá skýringu, sem gagnáfrýjandi heldur fram, enda væri það aðeins á færi löggjafans, en ekki dómstóla, að einskorða greindan rétt starfsmanns við nokkurt tiltekið tímabil, hvort heldur almanaksárið, 12 mánaða tíma með tilfærslu milli almanaksára eða annað tímabil. Ekki gefur undirbúningur laganna tilefni til að leggja annan skilning í lagaákvæðið en hér var greindur. Þvert á móti hefur það komið fram í málinu, að meðan frumvarp að lögum nr. 16/1958 var til meðferðar á Alþingi, fór Vinnuveitendasamband Íslands þess á leit við þingnefnd þá í efri deild Alþingis, sem um frumvarpið fjallaði, að ákveðið yrði ótvírætt í 4. gr. þess, „að átt sé við 14 daga samtals á ári". Sams konar tilmæli komu einnig fram í bréfi Vinnumálasambands samvinnufélaganna til sömu þingnefndar. Ekki sinnti Alþingi þessum málaleitunum.

Á árinu 1958 var aðaláfrýjandi tvisvar frá störfum vegna mismunandi sjúkleika, hið fyrra skipti frá 29. ágúst til 6. september, að báðum dögum meðtöldum, samtals 9 daga, og hið síðara skipti frá 27. september til 11. október, að báðum dögum meðtöldum, samtals 15 daga. Samkvæmt

4. gr. laga nr. 16/1958 átti hann þá rétt til fullra launa fyrir allt fyrra veikindatímabilið og 14 daga af hinu síðara. Aðiljar eru sammála um, að aðaláfrýjandi hafi samkvæmt samningi unnið hjá gagnáfrýjanda 2 klukkustundir í eftirvinnu alla virka daga vikunnar nema laugardaga, og ber við það að miða, þegar honum eru ákveðin full laun fyrir veikindadaga.

Samkvæmt útreikningi gagnáfrýjanda, sem ekki hefur verið hnekkt, mundu full laun aðaláfrýjanda (dagkaup og eftirvinnukaup) fyrir fyrra veikindatímabilið og 14 fyrstu dagana af hinu síðara, hafa numið kr. 4370.50. Aðaláfrýjandi hefur þegar fengið greiddar kr. 2498.72, og standa þá eftir kr. 1871.78. Ber gagnáfrýjanda að greiða þá fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá 25. febrúar 1959 til greiðsludags. Eftir þessari niðurstöðu þykir rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 4000.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Sementsverksmiðja ríkisins, greiði aðaláfrýjanda, Ármanni Sigurbjörnssyni, kr. 1871.78 ásamt 6% ársvöxtum frá 25. febrúar 1959 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 4000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Í 4. gr. laga nr. 16/1958 segir, að fastir starfsmenn og tíma- og vikukaupsmenn, sem rétt eiga á uppsagnarfresti samkvæmt 1. gr. laganna, skuli eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, fyrstu fjórtán dagana, eftir að þeir forfallast frá vinnu sökum sjúkdóms eða slysa. Athugaefni er, hvernig með skuli fara, ef maður verður af nýju frá vinnu vegna slysa eða sjúkdóms, eftir

að hann hefur notið fullra launa í fjórtán daga úr hendi vinnuveitanda. Úrlausn þessa atriðis verður eigi leidd af orðalagi laganna. Ef lögin eru skýrð þannig, að nýr fjórtán daga fjarverutími með launum hefjist hverju sinni, er maður tekur nýjan sjúkdóm að dómi læknis, gæti kvillasamur maður fengið hvert veikindaorlofið með launum á fætur öðru, en maður, sem slasast alvarlega og verður frá vinnu mánuðum saman, fær þá einungis laun úr hendi vinnuveitanda fyrstu fjórtán dagana. Þessi skýring er eigi samrýmanleg eðli máls og fær eigi staðizt. Lögin verður að skýra þannig, að sköpuð sé eðlileg regla, svo sem kostur er, og mönnum gert sem jafnast undir höfði. Eins og lögin eru úr garði gerð, er það bezt í samræmi við lagarök að telja, að starfsmenn þeir, sem 4. gr. laganna tekur til, eigi rétt til fullra launa úr hendi vinnuveitenda í veikindaforföllum allt að fjórtán daga á tólf mánuðum hverjum. Hefur slík regla eigi verið felld af löggjafarvaldinu. Aðaláfrýjandi á rétt til kaups í fjórtán daga úr hendi gagnáfrýjanda vegna veikinda þeirra, sem í málinu greinir. Gagnáfrýjandi hefur greitt honum af þessum sökum kr. 2498.72, og eftir gögnum málsins á hann eigi rétt til frekari greiðslu. Ber því að sýkna gagnáfrýjanda af kröfum hans í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Sementsverksmiðja ríkisins, á að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Ármanns Sigurbjörnssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. júní 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. þ. m., hefur Ármann Sigurbjörnsson verkamaður, Akurgerði 6 á Akranesi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 25. febrúar 1959, á hendur Sementsverksmiðju ríkisins, Akranesi, til greiðslu á kr. 2273.38 auk 6% ársvaxta frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og málskostnaði að mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómarans.

Tildrög máls þessa eru þau, að með lögum nr. 16 frá 1958 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt þess og fastra starfsmanna til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, var verkamönnum, sem fá laun sín greidd í tíma- eða vikukaupi, veitt réttindi til launa í veikindaforföllum. Í 4. gr. laga þessara segir: „fastir starfsmenn og tíma- og vikukaupsmenn, sem rétt eiga á uppsagnarfresti samkvæmt 1. gr. laga þessara, skulu eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, fyrstu fjórtán dagana, eftir að þeir forfallast frá vinnu sökum sjúkdóma eða slysa". Stefnandi máls þessa hafði uppfyllt skilyrði 1. gr. laganna í starfi hjá stefnda. Á tímabilinu ágúst til október 1958 var stefnandi í tvö skipti frá vinnu sökum veikinda, 8 daga í hið fyrra skipti og 13 daga í hið síðara, eða samtals 21 dag. Stefndi greiddi stefnanda kaup í þessum veikindaforföllum hans, sem svaraði til 14 daga samtals, og eingöngu fyrir dagvinnustundafjölda. Stefnandi hafði þó jafnan unnið 2 stundir í eftirvinnu á degi hverjum, og voru þær stundir einnig unnar í verksmiðju stefnda þá daga, sem stefnandi var frá vinnunni vegna veikinda sinna.

Stefnandi telur, að samkvæmt 4. gr. laganna nr. 16/1958 eigi hann rétt á kaupi fyrir alla veikindadagana, samtals 21, bæði fyrir dagvinnu og eftirvinnu. Ákvæðið verði ekki skilið á annan veg en þann, að ætlast sé til, að kaupgreiðsla komi fyrir veikindaforföll fyrstu 14 dagana hverju sinni, sem verkamaður er frá vinnu af þeim sökum, og jafnframt að hann missi þá einskis í af launum. Byggir hann kröfu sína í málinu á því, að hann eigi ógreidd laun fyrir 7 daga, kr. 1249.36, og fyrir eftirvinnu allt veikindatímabilið, kr. 1024.02.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að margnefnt ákvæði beri að skilja þannig, að þar greindir verkamenn eigi rétt til kaups í 14 virka daga á ári. Sú regla, er gilt hafi yfirleitt í lögum, samningum og venjum, hafi tiltekið kaup til starfsmanna í veikindaforföllum ákveðinn tíma á ári. Annar skilningur á ákvæðinu mundi leiða til óeðlilegrar niðurstöðu. Jafnframt telur stefndi, að atvinnuveitanda beri eigi að greiða meira kaup en sem nemur fjölda dagvinnustunda.

Í greinargerð með frumvarpinu að framangreindum lögum er ekki önnur skýring um 4. greinina en sú, að með ákvæðinu sé tíma- og vikukaupsmönnum veittur sami réttur til kaups í veikindafor-

föllum og föstum starfsmönnum í lögum um almannatryggingar. Ákvæði um fasta starfsmenn í hinum síðast nefndu lögum að þessu leyti er samhljóða 4. gr. laganna nr. 16/1958, og þannig hefur samsvarandi ákvæði verið í lögum um almannatryggingar, síðan lög um það efni voru sett árið 1936, án þess að nánari skýrgreining hafi verið fyrir ákvæðinu að því leyti, hvort hinir tilteknu dagar skyldu miðast við ár eða hverju sinni, sem starfsmaður er frá starfi vegna veikinda, ótakmarkað.

Í kjarasamningum ýmissa stéttarfélaga hafa allt til þessa dags verið ákvæði um kaupgreiðslur í veikindaforföllum, þegar um fasta starfsmenn er að ræða. Hefur í þeim ákvæðum verið tiltekinn ákveðinn dagafjöldi miðað við ár. Sem dæmi má nefna kjarasamning Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, sem áskilur félögum sínum á fyrsta starfsári kaup í veikindaforföllum, sem nemur einum degi fyrir hvern unninn mánuð, en eftir það sex vikur og eftir tíu ár þriggja mánaða laun. Í nokkrum samningum verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík um fasta starfsmenn eru ákvæði um launagreiðslur í veikindaforföllum, sem nemur ýmist 14 eða 15 dögum á ári. Sama er í kjarasamningi Iðju, félags verksmiðjufólks, þar eru starfsmönnum áskildir 14 dagar á ári eftir 3ja mánaða starf.

Í 7. gr., 2. mgr., laganna nr. 16/1958 segir, að réttindi skulu haldast, sem veitt eru með sérstökum lögum, samningum eða leiðir af venju í sérstökum starfsgreinum, ef þau eru launþega hagstæðari en ákvæði laganna. Samsvarandi ákvæði hafa verið um fasta starfsmenn að þessu leyti í lögum um almannatryggingar. Af þessu er ljóst, að tilgangur laganna er sá að setja lágmarksreglur.

Þessi lagaákvæði um kaupgreiðslur í veikindaforföllum, bæði frá 1936 um fasta starfsmenn og nú með 4. gr. laganna nr. 16/1958, eru reglur um veikindaréttindi, sem eigi hafa verið áður í lögum. Ber því að skýra þær reglur þröngri lögskýringu. Með tilliti til þess svo og því öðru, sem að framan greinir, þykir bera að skýra margnefnda 4. gr. laga nr. 16/1958 á þann veg, að starfsmenn þeir, sem greinin tekur til, eigi rétt á kaupi í veikindaforföllum í allt að 14 daga á ári. Verður krafa stefnanda, að því leyti sem hún er byggð á því, að hann eigi rétt til launa fyrir fleiri daga, eigi til greina tekin.

Hins vegar, eins og áður er rakið, segir í hinni oftnefndu 4. gr. laga nr. 16/1958, að þar greindir starfsmenn skuli eigi missa neins í af launum sínum á þessu tímabili. Stefndi hefur viðurkennt, að

stefnandi hafi jafnan unnið 2 eftirvinnustundir á dag 5 daga vikunnar, og að hann hefði unnið þann tíma, ef hann hefði verið í starfi þá daga, sem hann var forfallaður. Verður því að telja, að stefnandi eigi kröfu til greiðslu launa fyrir þessar eftirvinnustundir í þá 14 daga, sem hann á rétt til launa í veikindaforföllum. Nemur fjárhæð þeirra launa samtals kr. 344.66 miðað við kauptaxta þann, sem stefnanda voru greidd laun eftir á því tímabili, og verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda þá fjárhæð ásamt vöxtum, eins og krafizt er í stefnu.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 800.00.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Sementsverksmiðja ríkisins, greiði stefnanda, Ármanni Sigurbjörnssyni, kr. 344.66 með 6% ársvöxtum frá 25. febrúar 1959 til greiðsludags og kr. 800.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. marz 1960.

Nr. 31/1959. **Jóhann Árnason og Sigurbjörg Helgadóttir** (Gunnar Pálsson hrl.) gegn **Ástu Guðmundsdóttur og Jafet Sigurðssyni.** (Gústaf Ólafsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Líndal.

Ágreiningur sameigenda að fasteign.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. febrúar 1959. Gera þeir þessar dómkröfur:

1. Að þeir verði sýknaðir af þeirri kröfu, er stefndu gerðu í aðalsök í héraði, að eignarhluti stefndu af allri fasteigninni nr. 13 við Nesveg í Reykjavík verði með dómi ákveðinn 42%.

2. Að viðurkennt verði, að áfrýjandi Jóhann Árnason sé eigandi stigapalls framan við dyr hæðarinnar til kjallara hússins.

3. Að stefndu verði dæmt að flytja brott á sinn kostnað rauðamöl, er þau hafi flutt á lóð hússins án heimildar áfrýjenda, og að lagfæra á sinn kostnað rask, er þau hafi gert á lóðinni í sambandi við byrjunarframkvæmdir að byggingu bílskúra á lóðinni vorið 1956.

4. Að stefndu verði in solidum gert að greiða áfrýjanda Jóhanni Árnasyni kr. 10.000.00 fyrir vinnu hans og Valdemars Valdemarssonar í þágu eigenda efri hæðar og riss hússins nr. 13 við Nesveg.

5. Að stefndu verði in solidum gert að greiða áfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda in solidum hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Um 1. Hús það, sem í málinu greinir, var reist á árunum 1949—1950. Þegar það var fokhelt orðið, var þátttaka eiganda efri hæðar og rishæðar hússins, Sigurðar Jafetssonar, í byggingarkostnaði við það fokhelt ákveðin 45,3%. Enginn samningur var þá gerður um eignarhlutföll eigenda hússins. Við framhald byggingarinnar virðist sumum sameiginlegum kostnaðarliðum hafa verið skipt á sama hátt, en sumum í öðrum hlutföllum. Þegar tekið var að greiða opinber gjöld af húseigninni, varð framkvæmdin þannig, að í hlut stefndu komu 42%, og virðist það hafa haldizt síðan. Þá hefur og komið fram, eins og greint er í héraðsdómi, að kostnaður við efni í lóðargirðingu og málningu á þaki hafi verið greiddur af eigendum í sömu hlutföllum.

Svo sem nú hefur verið rakið, var framkvæmd um skiptingu kostnaðar milli eigenda hússins nokkuð mismunandi,

einkum framan af. Þykir eigi verða af þessu leitt, að samningur um ákveðið eignarhlutfall stefndu hafi komizt á með aðiljum. Ber því að taka til greina sýknukröfu áfrýjenda, sem greinir í 1. tölulið dómkrafna þeirra.

Um 2. Með skírskotun til forsendna héraðsdóms, verður krafa sú, sem hér getur, ekki tekin til greina.

Um 3. Eigi er sannað, að þær aðgerðir á lóð hússins, sem um ræðir í þessum lið, baki áfrýjendum tjón eða óþægindi, þannig að rök séu til að taka þenna kröfulið til greina.

Um 4. Áfrýjendur komu ekki fram með kröfu þá til vinnulauna, sem hér ræðir um, fyrr en með gagnstefnu í héraði, sem birt var 11. október 1956. Verður eigi séð, að neinn hluti kröfu þessarar hafi orðið til eftir 11. október 1952, enda verður ekki talið, að máli skipti í því efni, þó að áfrýjandi Jóhann Árnason hafi eftir þann tíma annazt um greiðslu á einum sameiginlegum kostnaðarlið við húsbygginguna. Ber því, eins og gert er í héraðsdómi, að telja þessa kröfu fyrnda samkvæmt 1. tölulið 3. gr. laga nr. 14/1905. Er því staðfest niðurstaða héraðsdóms um þenna kröfulið.

Samkvæmt framansögðu, ber að staðfesta héraðsdóminn, að því er varðar 2.—4. kröfulið. Þá þykir og rétt að staðfesta ákvæði héraðsdóms um málskostnað í héraði. Eftir atvikum þykir mega ákveða, að stefndu greiði in solidum áfrýjendum kr. 3000.00 upp í málskostnað í Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Jóhann Árnason og Sigurbjörg Helgadóttir, eiga að vera sýkn af kröfu stefndu, Ástu Guðmundsdóttur og Jafets Sigurðssonar, um að eignarhluti þeirra í fasteigninni nr. 13 við Nesveg í Reykjavík skuli teljast 42% af allri fasteigninni. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Stefndu greiði in solidum áfrýjendum kr. 3000.00 upp í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. nóvember 1958.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. þ. m., hafa Ásta Guðmundsdóttir og Jafet Sigurðsson, bæði til heimilis að Nesvegi 13, hér í borg, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 18. september 1956, á hendur Jóhanni Árnasyni og Sigurbjörgu Helgadóttur, einnig til heimilis að Nesvegi 13, til viðurkenningar á eignarrétti stefnenda að efri hæð og rishæð húseignarinnar nr. 13 við Nesveg ásamt 42% af þvottahúsi, miðstöðvarherbergi, sameiginlegum göngum og leiðslum öllum, leigulóðarréttindum og öllu öðru, sem eignarhluta þessum fylgir og fylgja ber, nema tækjum í þvottahúsi að ⅓ hluta, svo og að viðurkennt verði með dómi, að eignarhluti þessi teljist 42% af allri fasteigninni Nesvegur 13. Við munnlegan flutning málsins höfðu stefnendur uppi þá varakröfu, að eignarréttur þeirra að öllum sameiginlegum hlutum og þægindum húseignarinnar yrði viðurkenndur í sama hlutfalli, sem efri hæð og rishæð standa í við húsið í heild að undanteknum hinum sameiginlegu hlutum þess. Þá krefjast stefnendur þess, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða þeim málskostnað að mati dómsins.

Með stefnu, útgefinni 9. október 1956, hafa stefndu höfðað gagnsök í málinu, og er kröfugerð gagnstefnenda í gagnsök svohljóðandi:

1) Að viðurkennt verði með dóminum:
   a) að Jóhann Árnason sé eigandi allrar 1. hæðar hússins nr. 13 við Nesveg, stigapalls framan við dyr hæðarinnar til kjallara hússins, geymslu undir forstofutröppum, svalastiga, geymslu undir svalastiga, ⅓ hluta miðstöðvarherbergis og þvottahúss og ⅓ hluta þvottavélar, þvottapotts og annarra sameiginlegra tækja í þvottahúsi.
   b) að Jóhann sé ásamt Sigurbjörgu eigandi sérmiðstöðvar og miðstöðvarlagna sameiginlegra fyrir íbúðirnar á 1. hæð og í kjallara hússins.
   c) að Jóhann eigi rétt yfir lóð hússins, herbergi í risi fyrir hitadunka og miðstöðvarrör, sameiginlegum göngum, leiðslum og lögnum og öllum öðrum sameiginlegum hlutum og þægindum hússins í því hlutfalli, sem framangreindur eignarhluti hans í húsinu, er um ræðir í stafliðum a og b, stendur við húsið í heild að undanteknum hinum sameiginlegu hlutum þess, er um ræðir í þessum staflið.
   d) að Jóhann eigi rétt til óhindraðar umferðar að og frá

þvottahúsi og miðstöðvarherbergi eftir stiga milli 1. hæðar og kjallara um ytri forstofu kjallarans svo og til óhindraðrar umferðar í sambandi við alla aðra sameiginlega hluta hússins og þægindi þess.

2) Að viðurkennt verði með dóminum:
   a) að Sigurbjörg Helgadóttir sé eigandi allrar kjallaraíbúðar hússins nr. 13 við Nesveg, geymslu í kjallaraforstofu, ⅓ hluta miðstöðvarherbergis og þvottahúss og ⅓ hluta þvottavélar, þvottapotts og annarra sameiginlegra tækja í þvottahúsi.
   b) að Sigurbjörg sé ásamt Jóhanni eigandi sérmiðstöðvar og miðstöðvarlagna sameiginlegra fyrir íbúðirnar á 1. hæð og í kjallara hússins.
   c) að Sigurbjörg eigi rétt yfir lóð hússins, herbergi í risi fyrir miðstöðvardunka og miðstöðvarrör, sameiginlegum göngum, leiðslum og lögnum og öllum öðrum sameiginlegum hlutum og þægindum hússins í því hlutfalli, sem framangreindur eignarhluti hennar, er um ræðir í stafliðunum a og b, stendur við húsið í heild að undanteknum hinum sameiginlegu hlutum þess, er um ræðir í þessum staflið.
   d) að Sigurbjörg eigi rétt til óhindraðrar umferðar í sambandi við alla sameiginlega hluta hússins og þægindi þess.
3) Að aðalstefnendur verði skyldaðir til á eigin kostnað að færa vegg þann, er skilur forstofur 1. og 2. hæðar, ca 10 cm inn í forstofu sína í samræmi við teikningu hússins, eða til vara, að greiða Jóhanni hæfilegar bætur eftir mati dómsins fyrir þau spjöll á forstofu hans, er leiðir af hinni óheimilu staðsetningu umræddrs veggjar.
4) Að aðalstefnendum verði með dóminum óheimilað að hafa íbúð í risi hússins.
5) Að aðalstefnendur verði skyldaðir til á eigin kostnað að flytja á brott af lóð hússins hlera, timbur og rauðamöl, er þeir hafi heimildarlaust flutt á hana, svo og að þeir verði skyldaðir til að bæta á eigin kostnað allt það rask, er þeir gerðu á lóðinni í sambandi við löglausar byrjunarframkvæmdir um byggingu bílskúra á lóðinni vorið 1956.
6) Að aðalstefnendum verði gert að greiða Jóhanni Árnasyni kr. 10.000.00 fyrir alla vinnu hans og Valdemars Valdemarssonar, eiginmanns gagnstefnanda Sigurbjargar, í sambandi við fasteignina nr. 13 við Nesveg í þágu aðalstefnenda.

7) Að aðalstefnendum verði gert að greiða gagnstefnendum málskostnað í gagnsök að mati dómsins.

Í aðalsök krefjast gagnstefnendur sýknu, að því leyti sem kröfur aðalstefnenda í aðalsök samræmast ekki kröfum gagnstefnenda í gagnsök. Þá krefjast gagnstefnendur og málskostnaðar í aðalsök.

Um kröfur aðalstefnenda, að því er varðar kröfuliði 1) og 2) í gagnsök, vísast til kröfugerðar þeirra í aðalsök svo og þess, er síðar verður vikið að. Að því er varðar kröfuliði 3) til 6) í gagnsök hafa aðalstefnendur krafizt sýknu. Þá krefjast aðalstefnendur málskostnaðar í gagnsök.

Forsaga máls þessa er sú, að um mitt sumar 1949 hófu Sigurður Jafetsson, Jóhann Árnason og Valdemar Valdemarsson byggingarframkvæmdir við íbúðarhús á lóðinni nr. 13 við Nesveg í Reykjavík, en skriflegan leigulóðarsamning fengu þeir 20. september s. á. Við húsið fokhelt fóru fram skipti á því, og kom efri hæð og rishæð í hlut Sigurðar, 1. hæð hússins í hlut Jóhanns, en í hlut Valdemars kom íbúð í kjallara hússins. Hafa eigendur hússins síðan nýtt það í samræmi við þessa skiptingu, en skriflegur samningur um eignarskiptin hefur aldrei verið gerður.

Við andlát Sigurðar Jafetssonar í janúar 1952 tóku eiginkona hans og sonur, aðalstefnendur í máli þessu, við réttindum hans. Þá er eiginkona Valdemars, Sigurbjörg Helgadóttir, þinglesin eigandi kjallaraíbúðarinnar.

Í fyrstu virðist samkomulag eigendanna hafa verið með felldu, og stóð svo fram eftir ári 1953. Versnaði þá sambúðin, og deildu annars vegar eigendur efri hæðar og rishæðar, en hins vegar eigendur 1. hæðar og kjallaraíbúðar. Ósamkomulag varð bæði um hlutfallslegan eignarrétt hvers eiganda að húsinu í heild eða sameiginlegum hlutum þess, svo og ýmis önnur atriði, er síðar verða rakin.

Aðalsök og kröfuliðir 1 og 2 í gagnsök.

Kröfur aðalstefnenda í aðalsök svo og kröfur gagnstefnenda í kröfuliðum 1 og 2 í gagnsök eru að efni til á þann veg farnar, að rétt þykir að ræða þær sameiginlega. Við samanburð á kröfum þessum kemur og í ljós, að þær falla að nokkru leyti saman og að nokkru leyti hefur þeim ekki verið mótmælt af hálfu gagnaðilja.

Í aðalsök er því ekki mótmælt, að aðalstefnendur séu eigendur

efri hæðar og rishæðar, né er því mótmælt í gagnsök, að gagnstefnendur séu eigendur 1. hæðar og íbúðar í kjallara, hvort að sínum hluta.

Kröfu sína í aðalsök um, að eignarhlutur þeirra teljist 42% af allri fasteigninni Nesvegur 13, byggja aðalstefnendur á því, að um þetta hafi orðið samkomulag milli eigenda hússins. Benda aðalstefnendur á, að hlutur þeirra við greiðslur á sameiginlegum kostnaði, eftir að húsið var fullgert, hafi numið þessari hlutfallstölu. Þessu hafa gagnstefnendur mótmælt og berja því við, að samkomulag þetta hafi aðeins verið gert til bráðabirgða, en átt að sæta breytingum við mat á verðmætishlutföllum eignarhlutanna.

Hinn 28. október 1949 gerði byggingarmeistari hússins, Finnur Ó. Thorlacius, útreikning um skiptingu kostnaðar við húsið fokhelt. Er þar reiknað með þátttöku efri hæðar að 33,3% og rishæðar að 12%, eða samtals að 45,3%. Samkvæmt vottorði endurskoðenda á dskj. nr. 26 var síðan kostnaði skipt í samræmi við þessar hlutfallstölur, enda hefur Finnur Ó. Thorlacius skýrt svo frá fyrir dómi, að allir aðiljar hafi sætt sig við þessa útreikninga. Tók síðan hver eigandi við sínum eignarhluta og annaðist einn innréttingar á honum.

Þegar greiða skyldi skatta og gjöld af húseigninni, varð það að samkomulagi milli Sigurðar heitins Jafetssonar og gagnstefnenda, að hlutur efri hæðar og rishæðar skyldi reiknast 42%. Þetta samkomulag er staðfest af Jóhanni Árnasyni í skýrslu, sem hann hefur gefið í málinu, enda liggja frammi kvittanir, undirritaðar af Jóhanni, þar sem hann reiknar hluta aðalstefnenda við greiðslu ýmissa opinberra gjalda 42%. Í fyrrnefndri skýrslu Jóhanns kemur og fram, að hlutur aðalstefnenda vegna efniskostnaðar til girðingar um lóðina hafi verið reiknaður 42%, og jafnframt liggur fyrir kvittun frá Valdemar Valdemarssyni þess efnis, að aðalstefnendur hafi greitt sinn hluta fyrir málningu á þaki, 42%.

Samkvæmt framansögðu virðist hafa verið fullt samkomulag með eigendum hússins að telja hluta aðalstefnenda í því 42%. Stóð það svo um árabil, eða fram að þeim tíma, er sambúðin fór að versna og deilur hófust um eignarrétt að einstökum hlutum sameignarinnar, sem telja verður smávægilega, miðað við eignina í heild, svo og um rétt til byggingar bifreiðarskúra. Hafa gagnstefnendur ekkert fært fram, er gefið gæti til kynna, að tilætlunin hafi verið sú, að eignarhlutfall aðalstefnenda í eign-

inni í heild, sem samkomulag varð um og farið hefur verið eftir æ síðan við greiðslu sameiginlegs kostnaðar, skyldi aðeins gilda til bráðabirgða, né heldur hafa þeir sýnt fram á, að eignarhlutfallið sé óeðlilegt eða ósanngjarnt á nokkurn hátt. Verður því að telja gagnstefnendur vera bundna við þetta samkomulag.

Ef ekki er um annað samið, mun það byggjast á venju svo og eðli máls að telja rétt hvers eiganda til þeirra hluta sameignar, sem gerðir eru til sameiginlegra og nauðsynlegra nota allra eigendanna, hlutfallslega hinn sama sem eignarhlutur hans stendur í við sameignina í heild. Aðiljar máls þessa virðast og leggja þetta sjónarmið til grundvallar, og eru að höfuðstefnu gerðar um það kröfur, að eignarhlutur hvers eiganda að sameiginlegum hlutum hússins skuli vera hlutfallslega sá sami sem eignarhlut þeirra nemur, miðað við húsið í heild. Frá þessari reglu er þó brugðið í nokkrum atriðum.

Í aðalsök gera aðalstefnendur þá kröfu, að viðurkenndur verði 42% eignarréttur þeirra að þvottahúsi og miðstöð í kjallara. Þessu hafa gagnstefnendur mótmælt og telja, að eignarhlutur hvers eiganda að þvottahúsi og miðstöð sé að ⅓ hluta. Mótmæli sín byggja gagnstefnendur á því, að við áðurnefndan útreikning Finns Ó. Thorlacius á dskj. nr. 14 er skýrt tekið fram, að reiknað sé með ⅓ hluta þátttöku hvers eiganda við kostnað á þvottahúsi og miðstöð. Hefur Finnur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi framkvæmt útreikninga þessa að beiðni allra eigenda hússins og þeir engum athugasemdum við hreyft. Þá sést glögglega á fylgiskjali við dskj. nr. 26, að kostnaði við að fullgera þessi tvö herbergi hefur verið skipt til þriðjunga. Verður því að líta svo á, að Sigurður heitinn Jafetsson hafi samþykkt eignarskiptingu, að því er tekur til þvottahúss og miðstöðvarherbergis, og eru aðalstefnendur við það samþykki hans bundin.

Í gagnsök gerir gagnstefnandi Jóhann Árnason þá kröfu, að hann sé einn talinn eigandi stigapalls framan við dyr 1. hæðar til kjallara hússins. Þessu hafa aðalstefnendur mótmælt og krafizt þess, að þeim verði viðurkenndur 42% eignarréttur að honum sem öðrum sameiginlegum hlutum húseignarinnar.

Kröfu sína byggir Jóhann á því, að við fyrrnefndan útreikning hafi Finnur Ó. Thorlacius ekki reiknað með neinni þátttöku efri hæðar í kostnaði við stigapall þenna. Samkvæmt vottorði á dskj. nr. 15 kveðst Finnur hafa viðhaft þessa aðferð að sérstakri ósk Jóhanns. Hins vegar kemur það ekki fram við útreikninginn á dskj. nr. 14, að þessi háttur hafi verið hafður á,

og við vitnaleiðslu lýsti Finnur því yfir, að sér væri ókunnugt um, að Sigurður Jafetsson hafi samþykkt að afsala sér eignarrétti að stigapallinum, enda yrði að telja það óeðlilega niðurstöðu, þar sem stigapallurinn er íbúum beggja hæða hússins jafnnauðsynleg samgönguleið að sameiginlegum eignarhlutum í kjallara, en samkvæmt teikningu hússins eru einnig dyr úr forstofu efri hæðar fram á umdeildan stigapall. Þá má sjá af fylgiskjali við dskj. nr. 26, að eigandi efri hæðar tók þátt í kostnaði við að fullgera stigagöng í kjallara. Að þessu samanlögðu þykja gagnstefnendur ekki hafa sannað, að aðalstefnendur hafi samið af sér hlutfallslegan eignarrétt sinn að umræddum stigapalli.

Gagnstefnandi Jóhann Árnason gerir kröfu til viðurkenningar á eignarrétti sínum að geymslu undir útidyratröppum. Þessari kröfu hafa aðalstefnendur mótmælt.

Aðiljum málsins ber ekki saman um eignarréttarheimild Jóhanns að umræddri geymslu. Jóhann hefur skýrt svo frá, að svo hafi í fyrstu verið ráð fyrir gert, að þeir Sigurður Jafetsson skyldu eiga ris hússins til helminga. Síðar kveðst hann hafa samþykkt, að risið skyldi fylgja efri hæð hússins, en jafnframt hafi það orðið að samkomulagi, að hann fengi alla hina umdeildu geymslu. Aðalstefnendur hafa hins vegar skýrt svo frá, að eignarréttur Jóhanns að geymslunni hafi verið því skilyrði háður, að aðalstefnendur hefðu 1. rétt til byggingar bifreiðaskúrs á lóð hússins. Þar sem Jóhann hafi ekki staðið við sett skilyrði, telja aðalstefnendur sig ekki bundin af þessu samkomulagi. Hafa málsaðiljar mótmælt hvor annars fullyrðingum um þetta efni.

Af skjölum málsins verður ekki séð, að aðalstefnendur hafi tekið þátt í kostnaði við að fullgera geymsluna, og er því ekki mótmælt, að Jóhann hafi einn annazt um innréttingu hennar, enda hefur hann frá því, er húsbyggingunni lauk, nýtt téða geymslu sem sína eign og án nokkurra athugasemda af hálfu aðalstefnenda. Þegar þess er og gætt, að í tveimur samningsuppköstum, er lögð voru fram af hálfu aðalstefnenda, er gert ráð fyrir, að Jóhann Árnason eigi einn geymslu undir útidyratröppum, þá þykja aðalstefnendur eigi hafa leitt að því sannanir, að eignarréttur Jóhanns að geymslunni væri skilyrðum háður.

Með dómi, uppkveðnum 11. þ. m., var kröfu í gagnsök um,

að viðurkenndur verði eignarréttur Jóhanns Árnasonar að geymslu undir svalastiga, vísað frá dómi ex officio.

Öðrum kröfum en þeim, er nú hefur verið greint frá í aðalsök og 1. og 2. kröfulið gagnsakar, er ekki mótmælt af hálfu gagnaðilja, en afstaða til málskostnaðar verður tekin síðar.

Úrslit framangreindra krafna verða því þau, að viðurkenndur er eignarréttur aðalstefnenda að efri hæð og rishæð húseignarinnar nr. 13 við Nesveg, og er eignarhluti þeirra 42% af eigninni í heild, svo og af sameiginlegum göngum og leiðslum, leigulóðarréttindum og öllu öðru, er eignarhlutanum fylgir og fylgja ber, þar með talinn stigapallur framan við dyr forstofu efri hæðar og 1. hæðar til kjallara, að fráskildu þvottahúsi og miðstöðvarherbergi í kjallara, svo og tækjum í þvottahúsi, sem aðalstefnendur eiga að ⅓ hluta.

Viðurkenndur er eignarréttur Jóhanns Árnasonar að 1. hæð hússins og Sigurbjargar Helgadóttur að íbúð í kjallara, svo og að þau séu eigendur sérmiðstöðvar og miðstöðvarlagna sameiginlega fyrir þessa hluta húseignarinnar, og jafnframt að þau séu hvort um sig eigendur að ⅓ hluta þvottahúss og miðstöðvarherbergis og tækja í þvottahúsi.

Viðurkenndur er eignarréttur Jóhanns Árnasonar að geymslu undir forstofutröppum og að svalastiga, svo og eignarréttur Sigurbjargar Helgadóttur að geymslu í kjallaraforstofu.

Þá er og viðurkennt, að Jóhann Árnason og Sigurbjörg Helgadóttir eiga hvort um sig rétt yfir lóð hússins, herbergi í risi fyrir hitadunka og miðstöðvarrör, sameiginlegum göngum, leiðslum og lögnum og öllum öðrum sameiginlegum hlutum hússins í því hlutfalli, sem framangreindir eignarhlutir þeirra standa við húsið í heild, að því tilskildu, að eignarhluti aðalstefnenda að húsinu í heild er 42%.

Enn er viðurkennt, að gagnstefnendur eigi rétt til óhindraðrar umferðar í sambandi við alla sameiginlega hluta hússins.

Kröfuliðir 3—6 í gagnsök.

Með dómi, uppkveðnum 11. þ. m., var kröfum gagnstefnenda í kröfuliðum 3 og 4 í gagnsök vísað frá dómi ex officio.

Í 5. kröfulið gagnsakar er þess krafizt, að aðalstefnendur verði skyldaðir til á eigin kostnað að flytja á brott af lóð hússins hlera, timbur og rauðamöl, er þeir hafi heimildarlaust flutt á hana, svo og að þeir verði skyldaðir til að bæta á eigin kostnað

allt það rask, er þeir gerðu á lóðinni í sambandi við löglausar byggingarframkvæmdir um byggingu bílskúra á lóðinni vorið 1956.

Tildrög þessarar kröfu eru þau, að vorið 1956 hófu aðalstefnendur byggingu bílskúrs á eystri hluta lóðarinnar nr. 13 við Nesveg, enda virðist það hafa verið samkomulag milli eigenda hússins, að aðalstefnendur nýttu þann hluta lóðarinnar og sæu um ræktun hans, en gagnstefnendur vestari hlutann. Að kæru gagnstefnenda var síðan leyfi til byggingar skúrsins afturkallað, og er það krafa gagnstefnenda, að aðalstefnendur lagfæri það rask, sem gagnstefnendur telja, að hafi leitt af þessum byrjunarframkvæmdum.

Aðalstefnendur hafa krafizt sýknu af þessum kröfulið. Hafa þeir lagt fram 2 vottorð eftirlitsmanns við embætti borgarlæknisins í Reykjavík þess efnis, að lóðin að Nesvegi 13 sé mjög vel hirt og umgengin. Er fyrra vottorðið dags. 10. október 1956, eða daginn fyrir birtingu stefnu í gagnsök, en hið síðara 28. maí 1957. Vottorðum þessum hafa gagnstefnendur ekki hnekkt, og ber því að sýkna aðalstefnendur af þessari kröfu.

Kröfu sína í 6. kröfulið gagnsakar, um að aðalstefnendum verði gert að greiða Jóhanni Árnasyni kr. 10.000.00 fyrir vinnu hans og Valdemars Valdemarssonar í þágu eigenda efri hæðar og rishæðar húseignarinnar nr. 13 við Nesveg, byggja gagnstefnendur á því, að þeir Jóhann og Valdemar, og þá sérstaklega Jóhann, hafi unnið mun meira en Sigurður heitinn Jafetsson að húsbyggingunni, bæði við að gera húsið fokhelt, steypa stétt kringum það, setja girðingu um lóðina, svo og við umsjón við húsbygginguna, mannaráðningar, reikningshald og ýmsar efnisútveganir. Hafa þeir lagt fram sundurliðaðan reikning fyrir þessari vinnu á dskj. nr. 27.

Aðalstefnendur hafa krafizt sýknu af þessari kröfu gagnstefnenda. Benda þeir á, að eigendur hússins hafi allir unnið nokkuð að byggingu þess, eftir því sem aðstæður hvers og eins leyfðu, og hafi aldrei verið tilætlun þeirra að krefja hvor annan um greiðslu vegna þess, enda sé krafa þessi nú fram komin einungis vegna þess, að eigi náðist fullt samkomulag um sameignarsamning. Benda þeir í því sambandi á kvittun Jóhanns Árnasonar á dskj. nr. 9, dags. 25. október 1950, um lokagreiðslu Sigurðar Jafetssonar samkvæmt uppgjöri húsbyggingarkostnaðar við Nesveg 13. Þá telja aðalstefnendur kröfu þessa vera fyrnda, og beri því að sýkna af þeim sökum.

Gagnstefnendur hafa ekki upplýst, hvenær vinna sú, er þeir reikna sér á dskj. nr. 27, hafi verið unnin. Hins vegar sést af öðrum skjölum málsins, að húseignin var fokheld seint á árinu 1949. Í aðiljaskýrslu Jóhanns Árnasonar á dskj. nr. 13 er þess og getið, að sumarið 1950 hafi verið hafinn undirbúningur að framkvæmdum á lóð hússins. Með tilliti til þessa, svo og fyrrnefndrar kvittunar Jóhanns á dskj. nr. 9, verður að telja sannað, að öllum sameiginlegum kostnaði eigendanna vegna byggingarframkvæmdanna að Nesvegi 13 hafi verið lokið hinn 25. október 1950. Með vísan til 1. tl. 3. gr. laga nr. 14 frá 20. október 1905, verður á þá málsástæðu aðalstefnenda fallizt, að umrædd krafa sé fyrnd, og ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna aðalstefnendur af þessari kröfu gagnstefnenda.

Þegar litið er til aðdraganda máls þessa og við samanburð á tillögum aðilja að sameignarsamningi, verður að telja, að málsaðiljar, sem stofnað höfðu til sameignarinnar, hafi lítinn vilja sýnt til eðlilegs samstarfs og samkomulags um fremur smávægileg ágreiningsefni, heldur stefnt til málaferla að nauðsynjalitlu. Þykir því rétt, að þeir beri hver sinn kostnað af málarekstrinum og að málskostnaður bæði í aðalsök og gagnsök falli niður.

Jón G. Tómasson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum Birni Rögnvaldssyni byggingarmeistara og Ögmundi Jónssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Í aðalsök er viðurkenndur eignarréttur aðalstefnenda, Ástu Guðmundsdóttur og Jafets Sigurðssonar, að efri hæð og rishæð húseignarinnar nr. 13 við Nesveg, og er eignarhlutur þeirra 42% af eigninni í heild svo og af sameiginlegum göngum og leiðslum, leigulóðarréttindum og öllu öðru, er eignarhlutanum fylgir og fylgja ber, þar með talinn stigapallur framan við forstofu efri og neðri hæðar til kjallara hússins, en þvottahús ásamt tækjum og miðstöðvarherbergi í kjallara eiga aðalstefnendur að ⅓ hluta.

Í gagnsök er viðurkenndur eignarréttur Jóhanns Árnasonar að 1. hæð húseignarinnar nr. 13 við Nesveg og Sigurbjargar Helgadóttur að íbúð í kjallara hússins, svo og að þau séu eigendur sérmiðstöðvar og miðstöðvarlagna sameiginlegra fyrir þessa hluta húseignarinnar, og jafnframt að þau séu hvort um sig eigendur að ⅓ hluta þvottahúss og miðstöðvarherbergis og tækja í þvottahúsi.

Viðurkenndur er eignarréttur Jóhanns Árnasonar að geymslu undir forstofutröppum og að svalastiga, svo og eignarréttur Sigurbjargar Helgadóttur að geymslu í kjallaraforstofu.

Þá er og viðurkennt, að Jóhann Árnason og Sigurbjörg Helgadóttir eigi hvort um sig rétt yfir lóð hússins, herbergi í risi fyrir hitadunka og miðstöðvarrör, sameiginlegum göngum, leiðslum og lögnum og öllum öðrum sameiginlegum hlutum hússins í því hlutfalli, sem framangreindir eignarhlutar þeirra standa í við húsið í heild, að því tilskildu, að eignarhlutur aðalstefnenda að húsinu í heild er 42%.

Enn er viðurkennt, að gagnstefnendur eigi rétt til óhindraðrar umferðar í sambandi við alla sameiginlega hluta hússins.

Þá skulu aðalstefnendur vera sýkn af þeirri kröfu gagnstefnenda í gagnsök, að aðalstefnendur verði skylduð til að flytja á brott af lóð hússins hlera, timbur og rauðamöl, svo og bæta allt það rask, er þau hafi unnið á lóðinni í sambandi við framkvæmdir vegna bifreiðaskúrsbyggingar vorið 1956.

Aðalstefnendur skulu vera sýkn af þeirri kröfu gagnstefnenda í gagnsök, að aðalstefnendum verði gert að greiða Jóhanni Árnasyni kr. 10.000.00 vegna vinnu hans og Valdemars Valdemarssonar í þágu aðalstefnenda.

Málskostnaður í aðalsök og gagnsök fellur niður.

Föstudaginn 25. marz 1960.

Nr. 13/1959. **Egill Árnason** (Jón N. Sigurðsson hrl.)
gegn
Sveini Egilssyni h/f
(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)
og **gagnsök.**

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Theodór B. Lindal prófessor.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. janúar 1959 og gert þessar dómkröfur:

Í aðalsök: Að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 8485.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. desember 1956 til greiðsludags.

Í gagnsök: Að honum verði einungis dæmt að greiða gagnáfrýjanda kr. 4015.56 með 6% ársvöxtum frá 9. nóvember 1956 til greiðsludags.

Loks krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í aðalsök og gagnsök bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 24. febrúar 1959, áfrýjað málinu með stefnu 28. s. m. og krafizt þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 7465.56 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. nóvember 1955 til greiðsludags, en gagnáfrýjanda dæmd sýkna af öllum kröfum aðaláfrýjanda.

Loks krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

I. *Aðalsök* (gagnsök í héraði).

Svo sem rakið er í héraðsdómi, pantaði aðaláfrýjandi hjá gagnáfrýjanda í desember 1954 sendiferðabíl af gerðinni Ford-Courier ásamt útvarpi, miðstöð, klukku, stefnuljósum

og heilum frambekk og greiddi um leið kr. 24.478.33, er hann taldi fob-verð bifreiðarinnar ásamt áðurgreindum fylgihlutum. Gagnáfrýjandi stóð eigi skil á bifreið þessari, en í maí 1955 afhenti hann aðaláfrýjanda til efnda á kaupsamningnum aðra bifreið af líkri gerð, en án nefndra fylgihluta. Lofaði framkvæmdastjóri og prókúruhafi gagnstefnanda að afhenda hlutina síðar. Verð bifreiðarinnar var kr. 67.216.67, og hefur aðaláfrýjandi greitt af því kr. 63.201.11, en eftir standa kr. 4015.56.

Telur aðaláfrýjandi, að hið umsamda kaupverð sé andvirði bæði bifreiðar og fylgihluta, en gagnáfrýjandi staðhæfir, að aðaláfrýjandi hafi átt að greiða fylgihlutina sérstaklega. Máli sínu til stuðnings vísar aðaláfrýjandi til bréfs gagnáfrýjanda, dags. 8. maí 1955, þar sem því er lýst, að aðaláfrýjandi eigi eftir að fá hjá gagnáfrýjanda heilan frambekk, miðstöð, útvarp, stefnuljós og klukku og að „ofangreinda hluti skuldbindum við okkur að afgreiða honum að kostnaðarlausu innan 40 daga". En prókúruhafi gagnáfrýjanda hafði ritað yfirlýsingu um sama efni svohljóðandi: „Egill Árnason, Reykjavík. Miðstöð, Radíó, Stefnuljós, Klukka, einnig heill bekkur honum að kostnaðarlausu innan 40 daga".

Leitt er í ljós, að fyrrnefnt bréf, sem tjáist vera ritað 8. maí 1955, var eigi skrifað þá, heldur síðar um sumarið. Af hendi gagnáfrýjanda er því haldið fram, að hann sé eigi við bréf þetta bundinn, þar sem það sé eigi undirritað af prókúruhafa, heldur stjórnarformanni gagnáfrýjanda, en þá var prókúruhafinn veikur. Bréfið varðar venjuleg viðskipti við kaupunaut gagnáfrýjanda og er undirritað af manni, sem samkvæmt stöðu sinni annaðist slík viðskipti af hendi gagnáfrýjanda. Verður gagnáfrýjandi því að vera við það bundinn. Eðlilegastur skilningur á orðalagi bréfsins er sá, að aðaláfrýjandi eigi að fá fylgihluti þá, sem þar greinir, án sérstakrar greiðslu. Hefur gagnáfrýjandi eigi fært sönnur á, að aðaláfrýjandi hafi eigi mátt leggja þenna skilning í bréfið.

Gagnáfrýjandi afhenti aðaláfrýjanda útvarpið og stefnu-

ljósin, en eigi miðstöðina, klukkuna og hinn heila frambekk. Krefur aðaláfrýjandi hann því í máli þessu um andvirði þessara síðastnefndu fylgihluta:

1. Miðstöð	kr.	2326.00
2. Klukka	—	559.00
3. Heill frambekkur	—	5600.00
Alls	kr.	8485.00

Samkvæmt bréfi því, dags. 8. maí 1955, er áður greindi, bar gagnáfrýjanda að láta fylgihluti þessa án sérstaks gagngjalds. Eigi verður talið, að aðaláfrýjandi hafi fyrir tómlæti firrt sig rétti til að krefjast andvirðis frambekkjarins, enda bar gagnáfrýjanda að eiga frumkvæði að því að afhenda hann. Er því rétt að taka kröfur aðaláfrýjanda í aðalsök (gagnsök í héraði) til greina og dæma gagnáfrýjanda til að greiða honum kr. 8485.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. desember 1956 til greiðsludags.

II. *Gagnsök* (aðalsök í héraði).

Gagnáfrýjandi gerir kröfu um:

1. Eftirstöðvar bílverðsins	kr.	4015.56
2. Þóknun fyrir hreinsun og lagfæringu á bílnum	—	500.00
3. Andvirði útvarpsins	—	2950.00
Alls	kr.	7465.56

Um 1. Taka ber kröfu þessa til greina.

Um 2. Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að sýkna aðaláfrýjanda af þessari kröfu.

Um 3. Aðaláfrýjandi átti samkvæmt nefndu bréfi 8. maí 1955 heimtingu á útvarpinu án sérstaks endurgjalds. Ber því að sýkna hann af þessari kröfu.

Samkvæmt þessu ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda í gagnsök (aðalsök í héraði) kr. 4015.56 ásamt 6% ársvöxtum frá 9. nóvember 1956 til greiðsludags.

III.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að gagnáfrýjandi greiði

aðaláfrýjanda málskostnað í báðum sökum bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 6000.00.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði gagnáfrýjandi, Sveinn Egilsson h/f, aðaláfrýjanda, Agli Árnasyni, kr. 8485.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. desember 1956 til greiðsludags.

Í gagnsök greiði aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda kr. 4015.56 ásamt 6% ársvöxtum frá 9. nóvember 1956 til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda í báðum sökum bæði í héraði og fyrir Hæstarétti málskostnað, kr. 6000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 30. október 1958.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 16. þ. m., hefur Sveinn Egilsson h/f, Reykjavík, höfðað með stefnu, útgefinni 9. nóvember 1956, gegn Agli Árnasyni stórkaupmanni, Fjölnisvegi 14, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 7465.56 með 6% ársvöxtum frá 1. nóvember 1955 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu gegn greiðslu á kr. 4015.56 með 6% ársvöxtum frá stefnubirtingardegi til greiðsludags, enda verði málskostnaður látinn falla niður.

Jafnframt hefur hann höfðað gagnsök með stefnu, útgefinni 5. desember 1956, og krafizt þess, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 8485.00 með 6% ársvöxtum frá 1. desember 1956 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Gagnstefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar í gagnsök.

Tildrög að máli þessu eru þau, að í desembermánuði 1954 fékk gagnstefnandi innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir sendiferðabifreið frá Bandaríkjunum. Fór gagnstefnandi til aðalstefnanda og pantaði hjá honum sendiferðabifreið af gerðinni Ford-Courier. Með bifreiðinni pantaði gagnstefnandi útvarp, miðstöð, klukku,

stefnuljós og heilan frambekk. Um leið og gagnstefnandi gekk frá pöntuninni, greiddi hann kr. 24.478.33 til aðalstefnanda, og heldur gagnstefnandi því fram, að með því hafi hann greitt fob-verð bifreiðarinnar ásamt áðurgreindum fylgihlutum. Mistök urðu hjá aðalstefnanda á afgreiðslu bifreiðarinnar. Virðist helzt sem aðalstefnandi hafi aldrei sent pöntun til Bandaríkjanna á bifreið, eins og gagnstefnandi hafði óskað eftir. Í febrúar 1955 var bifreiðin enn ekki komin. Fékk gagnstefnandi þá innflutningsleyfið afhent hjá aðalstefnanda til þess að leita fyrir sér um bifreiðakaup hjá öðrum innflytjendum. Af hálfu aðalstefnanda er því haldið fram, að með þessu hafi gagnstefnandi afturkallað pöntunina. Á það hefur gagnstefnandi ekki viljað fallast, enda kveðst hann ekki hafa fengið endurgreidda peninga þá, er hann greiddi, er hann gekk frá pöntuninni. Í byrjun aprílmánaðar fékk aðalstefnandi nokkrar bifreiðar frá Bandaríkjunum, og var gagnstefnanda gefinn kostur á að kaupa eina þeirra, sem var af sömu gerð og hann hafði upphaflega pantað, en henni fylgdu ekki munir þeir, sem áður greinir. Í stað heils frambekks voru stólar í bifreiðinni. Féllst gagnstefnandi á að taka við þeirri bifreið. Afhending bifreiðarinnar virðist hafa farið fram einhvern daganna 6.—10. maí 1955. Gagnstefnandi tók sjálfur við bifreiðinni, en um afhendingu sá Jörgen Hansen, þáverandi framkvæmdastjóri og prókúruhafi aðalstefnanda. Áttu þeir tal saman, er bifreiðin var afhent. Eru þeir á einu máli um það, að framkvæmdastjórinn hafi lofað að afhenda gagnstefnanda síðar muni þá, sem áður er skýrt frá, þar á meðal heilan frambekk gegn afhendingu á stólunum, sem í bifreiðinni voru. Hins vegar greinir þá algerlega á um það, hvort sérstakt endurgjald skyldi koma fyrir munina eða ekki. Kveðst gagnstefnandi hafa tekið við bifreiðinni með því skilyrði, að hann fengi munina endurgjaldslausa og að hann fengi þá auk þess setta í sér að kostnaðarlausu. Jörgen Hansen kveðst hins vegar hafa lofað fyrir hönd aðalstefnanda, að gagnstefnandi skyldi fá hina umræddu muni setta í bifreiðina án þess að þurfa að greiða kostnað við það. Hins vegar hafi verið til þess ætlazt, að gagnstefnandi greiddi söluverð munanna gegn afhendingu á lausu sætunum.

Til stuðnings staðhæfingum sínum hefur gagnstefnandi lagt fram bréf til hans frá aðalstefnanda, dags. 8. maí 1955, svohljóðandi: „Það viðurkennist hér með að Egill Árnason, sem keypti Ford Courierbifreið hjá okkur á eftir að fá eftirtalda hluti:

Heilan frambekk
Miðstöð

Útvarp
Stefnuljós
Klukku

Ofangreinda hluti skuldbindum við okkur að afgreiða honum að kostnaðarlausu innan 40 daga."

Um tilorðningu þessa skjals hefur gagnstefnandi skýrt svo frá, að uppkast að því hafi Jörgen Hansen skrifað á skrifstofu aðalstefnanda. Virðist það hafa verið í það sinn, er áðurgreint samtal þeirra fór fram. Uppkastið hefur gagnstefnandi einnig lagt fram, og er meginmál þess svohljóðandi:

„Egill Árnason, Reykjavík. Miðstöð, Radio, Stefnuljós, Klukka, einnig heill bekkur honum að kostnaðarlausu innan 40 daga."

Gagnstefnandi segir, að Jörgen Hansen hafi lofað að skrifa bréf samkvæmt uppkastinu og senda gagnstefnanda í pósti. Með því að Jörgen Hansen hafi lagzt rúmfastur, hafi orðið dráttur á því, að hann fengi bréfið afhent. Fór gagnstefnandi því á skrifstofu aðalstefnanda og krafðist yfirlýsingar samkvæmt uppkastinu. Var Jörgen Hansen þá enn fjarverandi vegna veikinda sinna.

Um tilorðningu yfirlýsingarinnar hefur stjórnarformaður aðalstefnanda, Jón Sigursveinsson, sem þá starfaði jafnframt á skrifstofu aðalstefnanda, skýrt svo frá, að hann hafi undirritað skjalið, en það hafi samið Sigurður Ólafsson, skrifstofumaður fyrirtækisins, en hann hafi látið af störfum 1. ágúst 1955 og þá hafið störf hjá gagnstefnanda. Kveðst Jón hafa talið, að Sigurður hefði samið skjalið í samráði við Jörgen Hansen, en Sigurður hafi orðað við sig, að bréfið væri eins konar samningsatriði á milli aðilja málsins, en ekki kveðst Jón hafa gert sér glögga grein fyrir því, hvernig skilja ætti seinni setninguna í bréfinu, og kveðst ekkert hafa rætt bréfið við Sigurð, þegar Sigurður lagði það fyrir hann til undirritunar.

Vitnið Sigurður Ólafsson hefur skýrt svo frá, að það hafi samið bréfið, en um það leyti hafi Jörgen Hansen verið veikur. Hafi Jón Sigursveinsson í því sambandi afhent vitninu uppkastið, sem áður er getið, en ekki gefið önnur fyrirmæli en þau, að gagnstefnandi ræki eftir því að fá það skriflegt, að hann vantaði þessa muni, sem í uppkastinu væri getið. Að fengnum þessum upplýsingum kveðst vitnið hafa samið og vélritað bréfið, sem það hafi síðan afhent Jóni til undirskriftar. Vitnið kveðst ekki hafa rætt efni bréfsins við Jörgen Hansen, áður en það samdi það.

Við hinn munnlega málflutning lýsti umboðsmaður gagnstefn-

anda því yfir, að bréfið, sem er dagsett 8. maí, hafi ekki verið skrifað þá, heldur síðar um sumarið.

Sumarið 1955 afhenti aðalstefnandi gagnstefnanda útvarp og stefnuljós í bifreiðina. Miðstöðina og klukkuna afgreiddi hann hins vegar ekki. Aflaði gagnstefnandi sér þeirra hluta því annars staðar frá auk hins heila frambekkjar, sem hann lét smíða í bílasmiðju hér í bænum.

Verða nú kröfur aðilja í aðalsök og gagnsök raktar.

Aðalsök.

Aðalstefnandi hefur sundurliðað kröfur sínar í aðalsök sem hér segir:

1. Bifreiðin	kr.	67.216.67	
Áður greitt	—	63.201.11	
			kr. 4015.56
2. Hreinsun o. þ. h.			— 500.00
3. Útvarp			— 2950.00
		Samtals	kr. 7465.56

Um. 1.

Aðalstefndi hefur viðurkennt kröfulið þenna, og verður hann því tekinn til greina að fullu.

Um 2.

Kröfu sína undir þessum lið styður aðalstefnandi þeim rökum, að hann hafi haft aukakostnað við hreinsun og lagfæringar á bifreiðinni, þegar hún kom til landsins, en aðgerðir þessar hafi verið nauðsynlegar til þess, að hægt væri að afgreiða bifreiðina í sómasamlegu ástandi. Auk þess hefur aðalstefnandi bent á það, að það sé komin á föst venja, að bifreiðasalar taki þessa fjárhæð í þóknun fyrir umstang sitt við afhendingu bifreiða.

Aðalstefndi hefur algerlega mótmælt að greiða fjárhæð þessa. Kveðst hann hafa tekið við bifreiðinni, eins og hún kom úr skipi, og aðalstefnandi ekkert gert við hana eða gert henni nokkuð annað til góða en að hann hafi látið, meðan aðalstefndi beið eftir bifreiðinni, klippa sundur víra, sem héldu fjöðrum bifreiðarinnar föstum. Hafi það verk tekið 5—10 mínútur. Þá hefur hann og mótmælt því, að nokkur venja sé um greiðslu slíkrar þóknunar.

Gegn andmælum aðalstefnda þykir aðalstefnandi ekki hafa rök-

stutt kröfu sína undir þessum lið nægjanlega og þá ekki heldur sannað, að venja sé komin á um greiðslu fjárhæðar þessarar. Ber því að sýkna aðalstefnda af kröfu þessari.

Um 3.

Aðalstefnandi færir þau rök fyrir kröfu þessari, að aðalstefnda sé skylt að greiða útvarpið, þar sem aðalstefndi hafi fengið það í sett, eins og lofað hafi verið. Það hafi aldrei verið ætlunin, eins og aðalstefndi haldi fram, að aðalstefndi fengi áðurgreinda fylgihluti ókeypis. Aðalstefndi hafi átt að greiða þá fullu verði, aðeins hafi verið lofað að láta þá í bifreiðina honum að kostnaðarlausu. Yfirlýsingin, sem oft hefur verið getið, sé óskuldbindandi fyrir aðalstefnanda með öllu. Hún hafi orðið til fyrir misskilning. Sá, sem undirritaði hana, hafi að vísu verið formaður stjórnarinnar, en það skipti engu máli, þar sem tvo stjórnarmenn þurfti til þess að skuldbinda félagið. Sjálfstæðan rétt geti aðalstefndi því ekki byggt á skjalinu, sem í raun réttri sé markleysa ein.

Aðalstefndi hefur algerlega mótmælt þessum kröfulið með þeim rökum, að hann hafi fengið loforð framkvæmdastjórans og prókúruhafans Jörgens Hansens fyrir endurgjaldslausri afhendingu fylgihlutanna. Með því að útvarpið sé einn þessara hluta, beri honum alls engin skylda til að greiða aðalstefnanda það. Hvernig sem verði á loforð Jörgens Hansens annars litið, þá skeri margnefnd yfirlýsing alveg ótvírætt úr um þetta atriði, hún sé sjálfstæð skuldbinding, sem aðalstefnandi sé bundinn af. Þá hefur aðalstefnandi á það bent, að hann hafi aldrei verið krafinn um andvirði stefnuljósanna, sem hann hafi fengið hjá aðalstefnanda sett í bifreiðina, og að aðalstefnandi hafi fyrst nú með höfðun þessa máls krafizt greiðslu fyrir útvarpið.

Það er viðurkennt af hálfu aðalstefnanda, að mistök urðu hjá honum um pöntun bifreiðarinnar fyrir aðalstefnanda. Þegar aðalstefnda urðu mistökin kunn, var eðlilegt, að hann leitaði fyrir sér um kaup á bifreið hjá öðrum innflytjendum. Það er hins vegar ósannað, að aðalstefndi hafi með þessu afturkallað pöntun sína hjá aðalstefnanda og aðalstefndi hafi svipt sig rétti til að halda hinum upphaflegu kaupum upp á aðalstefnanda.

Þegar staðhæfingar framkvæmdastjóra aðalstefnanda annars vegar og aðalstefnda hins vegar um það, hvort endurgjald hafi átt að koma fyrir munina eða ekki, eru athugaðir, þá verður að telja, að fyrrgreint uppkast styðji staðhæfingu aðalstefnda. Þykir næst að skilja uppkastið eftir orðalagi sínu þannig, að aðal-

stefndi hafi átt að fá alla munina endurgjaldslaust frá aðalstefnanda, enda hefur aðalstefnandi ekki sannað hið gagnstæða. Samkvæmt þessu svo og með tilliti til annarra atvika málsins ber að sýkna aðalstefnda af greiðslukröfu aðalstefnanda undir þessum lið.

Úrslit aðalsakar verða þá þau, að aðalstefnda ber að greiða aðalstefnanda kr. 4015.56 ásamt 6% ársvöxtum, sem rétt þykir að reikna frá 9. nóvember 1956 til greiðsludags. Þá ber aðalstefnda að greiða aðalstefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 900.00.

Gagnsök.

Eins og fyrr er greint frá, afhenti gagnstefndi gagnstefnanda útvarpið og stefnuljósin. En með því að gagnstefndi afhenti ekki miðstöðina, klukkuna og hinn heila frambekk, aflaði gagnstefnandi sér þessara hluta annars staðar frá. Hefur hann höfðað gagnsök þessa til þess að fá gagnstefnda dæmdan til að greiða kostnaðarverð munanna. Kröfu sína í gagnsök sundurliðar hann þannig:

1.	Miðstöð	kr. 2326.00
2.	Klukka	— 559.00
3.	Heill frambekkur	— 5600.00
		Kr. 8485.00

Um 1 og 2.

Eftir því sem fram hefur komið í málinu, mun gagnstefnandi hafa keypt miðstöðina og klukkuna á árinu 1955, og mun gagnstefndi hafa sett muni þessa í bifreiðina. Með hliðsjón af þessu og með skírskotun til raka þeirra, sem um getur í aðalsök undir 3. lið, ber að taka kröfu gagnstefnanda til greina samkvæmt þessum kröfuliðum.

Um 3.

Það er óumdeilt, að gagnstefndi átti að afhenda gagnstefnanda hinn heila frambekk gegn því, að gagnstefnandi skilaði aftur lausu sætunum. Verður að ætla, að gagnstefndi hafi átt að afhenda bekkinn innan 40 daga frestsins, sem um getur í margnefndu uppkasti. Er sá frestur var liðinn, bar gagnstefnanda þegar að hefjast handa um öflun annars bekkjar, ef hann vildi fara þá leið. Það gerði hann ekki, heldur notaði sætin, að því er virðist, talsvert á annað ár, þ. e. frá því að hann tók við bifreiðinni og þar til í nóvember 1956. Með þessu aðgerða-

leysi sínu, verður að telja, að gagnstefnandi hafi firrt sig rétti til að krefjast bekkjarins eða andvirðis hans. Ber því að sýkna gagnstefnda af kröfu gagnstefnanda samkvæmt þessum lið.

Úrslit gagnsakar verða þá þau, að gagnstefnda ber að greiða gagnstefnanda kr. 2885.00 með 6% árvöxtum frá þeim tíma, sem krafizt hefur verið, og málskostnað, er ákveðst kr. 750.00.

Bjarni K. Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnum Jóhanni Ólafssyni forstjóra og Gunnari Björnssyni verkstjóra.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði aðalstefndi, Egill Árnason, aðalstefnanda, Sveini Egilssyni h/f, kr. 4015.56 ásamt 6% ársvöxtum frá 9. nóvember 1956 til greiðsludags og kr. 900.00 í málskostnað.

Í gagnsök greiði gagnstefndi, Sveinn Egilsson h/f, gagnstefnanda, Agli Árnasyni, kr. 2885.00 með 6% ársvöxtum frá 5. desember 1956 til greiðsludags og kr. 750.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 28. marz 1960.

Nr. 123/1959. **Garðar Jónsson** (Hörður Ólafsson hdl.)
gegn
Böðvari Bjarnasyni
(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Theodór B. Lindal prófessor.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar, að því leyti sem það varðar hann, með stefnu 16. júlí 1959, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi skýrir svo frá málavöxtum, að árið 1955 hafi hann búið í húsinu nr. 48 við Hjallaveg, hér í bænum, og verið eigandi að því og bílskúr á lóð hússins, sem tekinn hafði verið til íbúðar. Fyrri hluta nefnds árs hafi orðið að samningum með honum og Benny Hansen, sem í málinu greinir, að Benny tæki að sér að gera við skúrinn á sinn kostnað og fengi hann síðan til íbúðar. Skyldi húsaleiga í 1½ ár koma til jafnaðar við viðgerðarkostnaðinn. Sumarið 1955 hafi Benny látið fara fram viðgerð á skúrnum og flutzt í hann að viðgerð lokinni. Eftir 8—10 mánuði hafi Benny farið úr skúrnum, og ekki hafi hann greitt aðra leigu fyrir dvöl sína þar en viðgerð þá, sem áður er getið.

Stefndi hefur í engu hnekkt framangreindri skýrslu áfrýjanda. Kveðst stefndi hafa framkvæmt viðgerðina á skúrnum samkvæmt beiðni Benny Hansen, og hefur hann ekki gegn mótmælum áfrýjanda fært sönnur að því, að áfrýjandi hafi lofað að greiða viðgerðarkostnaðinn að nokkru leyti. Ekki er heldur leitt í ljós í málinu, að atvik liggi svo til, að áfrýjandi hafi orðið ábyrgur fyrir greiðslu kostnaðar þessa eftir öðrum réttarreglum. Ber því að taka sýknukröfu hans til greina.

Eftir þessari niðurstöðu þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 4000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Garðar Jónsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Böðvars Bjarnasonar, í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 4000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. október 1958.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. þ. m., hefur Böðvar Bjarna-

son húsasmíðameistari, Grjótagötu 9, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, að undangenginni árangurslausri sáttaumleitan, gegn þeim Benny Hansen og Garðari Jónssyni, báðum til heimilis að Hjallavegi 48, hér í bænum, til greiðslu in solidum á skuld að fjárhæð kr. 5296.06 með 6% ársvöxtum frá 11. apríl 1956 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndi Benny hefur hvorki sótt þing né sækja látið, og er honum þó löglega stefnt. Ber því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framkomnum gögnum, að því er hann varðar.

Stefndi Garðar hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans.

Stefnandi kveður málavexti þá, að hann hafi tekið að sér, að beiðni stefnda Benny, að setja þak á skúrbyggingu við húsið nr. 48 við Hjallaveg, eign stefnda Garðars, og lagfæra skúrinn að öðru leyti, m. a. setja á hann nýjar hurðir. Kveður stefnandi viðgerð þessa, vinnulaun og andvirði efnis, hafa kostað kr. 19.543.19. Stefnandi kveðst hafa tekið við efni, sem af hafi gengið, fyrir kr. 1247.13, og hafi því heildarkostnaður við verkið numið kr. 18.296.06. Af þeirri fjárhæð hafi stefndi Benny greitt kr. 13.000.00, en eftirstöðvarnar, kr. 5296.06, hafi bæði hann og stefndi Garðar reynzt ófáanlegir til að greiða.

Stefnandi hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að stefndi Benny hafi tjáð sér, að hann mundi greiða fyrir verkið að mestu, en stefndi Garðar að nokkru. Áður en verkið var hafið, kveðst stefnandi hafa talað við stefnda Garðar, og hafi hann þá tjáð sér, að stefndi Benny mundi greiða fyrir verkið, en ef stefndi Benny krefðist þess, þá mundi koma að honum, þ. e. stefnda Garðari. Áður en verkinu lauk, kveðst stefnandi hafa vitað, að andvirði verksins hafi átt að vera greiðsla upp í húsaleigu frá stefnda Benny til stefnda Garðars.

Stefndi Garðar hefur komið fyrir dóm og skýrt svo frá, að svo hafi verið um samið milli sín og stefnda Benny, að stefndi Benny annaðist breytingar og lagfæringar á skúrnum, svo að hann yrði hæfari til íbúðar, og greiddi einn þann kostnað, en hann skyldi síðan hafa skúrinn til afnota í 1½ ár, þannig að viðgerðarkostnaðurinn kæmi fyrir leigu. Hann kveður skúrinn áður hafa verið innréttaðan sem íbúð, en þakið ekki verið fullkomlega vatnsþétt, og hafi umrædd lagfæring verið fólgin í því að ganga tryggilega frá þakinu. Kveður stefndi Garðar stefnanda hafa beðið sig um að sækja um leyfi til byggingaryfirvalda til

að hækka þakbrún skúrsins öðru megin, til þess að fá þannig meiri halla á þakið. Kveðst stefndi Garðar ekki hafa haft nein afskipti af því, hvernig lagfæringin var framkvæmd eða hversu mikið fé var í hana lagt. Það hafi verið á valdi stefnda Benny. Kveður hann stefnda Benny hafa verið í húsnæðinu 8—10 mánuði, og kveðst hann ekki hafa fengið neina leigu greidda fyrir þann tíma. Stefndi Garðar kveður stefnda Benny þá hafa verið búinn að biðja sig um að leysa hann frá leigunni og jafnframt að reyna að leigja skúrinn fyrir hann. Stefndi Garðar kveðst hafa búið að Hjallavegi 48, á meðan á umræddum framkvæmdum stóð, en hann kveðst vera búinn að selja fasteignina nú og kveðst ekki hafa numið á brott það, sem skúrnum var gert til góða með framkvæmdum þessum. Fyrir dómi hefur stefndi Garðar neitað því að hafa á nokkurn hátt gefið stefnanda það í skyn, að hann mundi greiða skuldir stefnda Benny við stefnanda.

Af skjölum málsins verður að telja nægilega fram komið, að stefndi Benny hafi tekið að sér, bæði gagnvart stefnanda og stefnda Garðari, að greiða kostnað þann, sem af umræddum framkvæmdum leiddi, enda hefur hann þegar greitt verulegan hluta hans. Verða kröfur stefnanda teknar til greina gagnvart stefnda Benny.

Það verður að vísu að telja ósannað, að stefndi Garðar hafi gagnvart stefnanda lofað greiðslu á umræddum viðgerðarkostnaði eða eftirstöðvum hans. Á hinn bóginn verður að telja í ljós leitt, af því sem að framan er rakið, að umræddar lagfæringar og breytingar hafi verið framkvæmdar með vitund og samþykki stefnda Garðars og að hann hafi orðið eigandi þeirra og síðar haft hag af þeim. Þykir því verða að telja, að stefndi Garðar beri óskipta ábyrgð ásamt stefnda Benny á greiðslu kostnaðar þess, sem af framkvæmdinni leiddi, enda hefur því eigi verið haldið fram af hálfu stefnda Garðars, að hann hafi gagnvart stefnanda undanþegið sig slíkri ábyrgð.

Samkvæmt þessu verða stefndu dæmdir in solidum til að greiða stefnanda hina umstefndu fjárhæð, sem ekki hefur sætt tölulegum andmælum, ásamt vöxtum eins og krafizt er svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1000.00.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna, en sökum anna hefur nokkur dráttur orðið á uppsögu hans.

Dómsorð:

Stefndu, Benny Hansen og Garðar Jónsson, greiði in solid-

um stefnanda, Böðvari Bjarnasyni, kr. 5296.06 með 6% ársvöxtum frá 11. apríl 1956 til greiðsludags og kr. 1000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. marz 1960.

Nr. 125/1959. **Olíustöðin h/f** (Benedikt Sigurjónsson hrl.)
gegn
bæjarstjóranum í Hafnarfirði f. h. bæjarsjóðs
(Kjartan Ragnars hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Útsvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. júlí 1959 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, að synjað verði lögtaks og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt 3. tölulið 4. gr. laga um útsvör nr. 66/1945 er niðurjöfnunarnefnd rétt við álagningu útsvars að taka til greina sérhvað það, er telja má máli skipta um gjaldþol útsvarsgreiðanda, og eftir 24. gr. sömu laga er úrskurður ríkisskattanefndar fullnaðarúrskurður um fjárhæð útsvars.

Við álagningu útsvars þess, sem hér er deilt um, voru nefnd skattayfirvöld því eigi bundin við sömu fyrningu eigna, sem lögð var til grundvallar við ákvörðun tekjuskatts, og þar sem skattayfirvöldin hafa haldið sér innan valdmarka sinna, eru eigi slíkir annmarkar á ákvörðun útsvarsins, að dómstólar fái hnekkt gerðum þeirra. Með þessum athugasemdum ber að staðfesta úrskurð fógeta.

Áfrýjanda ber að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 8000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Olíustöðin h/f, greiði stefnda, bæjarstjóranum í Hafnarfirði f.h. bæjarsjóðs, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Hafnarfjarðar 28. maí 1959.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar eftir munnlegan málflutning þann 25. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, bæjarsjóður Hafnarfjarðar, krafizt þess, að lögtak verði látið fram fara í eignum gerðarþola, Olíustöðvarinnar h/f í Hafnarfirði, til tryggingar greiðslu útsvarsskuldar, að fjárhæð kr. 60.000.00, sem eru eftirstöðvar útsvars, lagt á gerðarþola árið 1957, ásamt dráttarvöxtum og kostnaði við lögtakið og eftirfarandi uppboð, ef til kemur. Hann krefst einnig málskostnaðar að mati réttarins.

Gerðarþoli hefur mótmælt útsvarskröfu gerðarbeiðanda og gert þær réttarkröfur, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar og gerðarbeiðanda verði gert að greiða honum málskostnað að mati dómarans.

Mál þetta var fyrst tekið fyrir í fógetarétti Hafnarfjarðar 6. f. m. Með úrskurði, uppkveðnum samdægurs, vék hinn reglulegi fógeti, Björn Sveinbjörnsson, sæti í málinu ex officio. Var Elías I. Elíasson fulltrúi skipaður setufógeti í máli þessu með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 6. þ. m. Hefur hann síðan farið með málið og kveður upp úrskurð þenna.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Við aðalniðurjöfnun útsvara í Hafnarfirði árið 1957 var gerðarþola, Olíustöðinni h/f, gert að greiða til bæjarsjóðs Hafnarfjarðar kr. 160.795.00. Útsvarið sundurliðast þannig:

1.	Tekjuútsvar	kr.	6.800.00
2.	Eignaútsvar	—	120.00
3.	Veltuútsvar	—	53.875.00
4.	Útsvar af afskriftum	—	100.000.00
		Samtals kr.	160.795.00

Gerðarþoli, sem ekki vildi una útsvarinu, kærði það m. a. til

Ríkisskattanefndar, sem lækkaði útsvarið í kr. 120.795.00. Gerðarþoli hefur þegar greitt til bæjarsjóðs Hafnarfjarðar kr. 60.795.00 af útsvarskröfunni, eða sem samsvarar lið 1—3 hér að framan.

Umboðsmönnum aðiljanna hefur borið saman um það, m. a. við munnlegan flutning málsins, að gefnu tilefni frá dómaranum, að útsvarseftirstöðvar þær, kr. 60.000.00, sem hér er krafizt lögtaks fyrir, séu sá hluti heildarútsvars gerðarþola árið 1957, eins og Ríkisskattanefnd hefur fært hann niður í, sem lagður er á afskriftir, og enn fremur að þær kr. 60.795.00, sem gerðarþoli hefur þegar greitt, séu tekju- og eigna- og veltuútsvar lagt á gerðarþola árið 1957.

Mótmæli sín og kröfur byggir gerðarþoli á því, að útsvarsálagning á afskriftir sé ólögmæt, afskriftir geti ekki verið útsvarsgjaldstofn. Í lögum um tekjuskatt og eignarskatt nr. 46/1954, 10. gr., 1. mgr. a-lið, segir, að frá tekjum skuli draga, áður en skattur sé á þær lagður, m. a. venjulega fyrningu. Og í reglugerð um tekjuskatt og eignarskatt, 28. gr., a-lið, segir, að fyrning á eignum skuli reiknuð árlega og talin til frádráttar án tillits til hagnaðar eða taps gjaldanda. Í útsvarslögum, 4. gr., 2. tölulið, segir, að taka skuli til greina við útsvarsálagningu tekjur aðilja, þær er hann hafði síðastliðið ár. Með tekjum í útsvarslögum, telur hann, að átt sé við tekjur að frádregnum afskriftum í samræmi við fyrrgreind lagaákvæði.

Kröfur sínar reisir gerðarbeiðandi á því, að við útsvarsálagningu sé niðurjöfnunarnefnd óbundin af þeim reglum tekjuskattslaganna, sem mæli fyrir um það, að fyrning skuli dregin frá tekjum, áður en skattur sé á þær lagður. Því hafi niðurjöfnunarnefnd verið fullkomlega heimilt að leggja umrætt afskriftarútsvar á gerðarþola. Í reglum þeim, sem niðurjöfnunarnefnd hafði farið eftir við álagningu útsvaranna, segir svo m. a.: „Samkvæmt 4. gr. laga nr. 66/1945 um útsvör voru reglur laga um afskriftir eigna ekki taldar bindandi, og gjaldendum, sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, gert að greiða í útsvar 10% af afskriftum.“ Eftir þessari reglu hafi verið lagt afskriftaútsvar á gerðarþola sem aðra hliðstæða atvinnurekendur. Almennt sé viðurkennt, að heimilt sé að leggja á veltuútsvör, sem miðist við ákveðinn hundraðshluta af umsetningu án tillits til nettótekna, og því sé ekki minni ástæða til að heimila álagningu útsvara á afskriftir, sem a. m. k. á síðustu verðbólguárum hafi komið út sem bein skattfrjáls eignaaukning. Ef svo yrði litið á, að reglur skattalaga um afskriftir gildi einnig

um útsvör, heldur gerðarbeiðandi því fram, að Ríkisskattanefnd hafi endanlega úrskurðað um heildarútsvarsfjárhæð gerðarþola, þar á meðal með tilliti til afskriftanna, og því sé það ekki á valdi dómstóla að úrskurða um réttmæti útsvarsfjárhæðarinnar. Gerðarþoli hafi kært útsvar sitt 1957 til Ríkisskattanefndar, eingöngu að því er varðar þann hluta þess, sem lagður var á afskriftir, og nefndin hafi lækkað afskriftarútsvarið um kr. 40.000.00. Samkvæmt 24. gr. útsvarslaga sé úrskurður Ríkisskattanefndar fullnaðarúrskurður um útsvarsupphæð, en með vísan til a-liðs 28. gr. reglugerðar nr. 147/1955, sbr. a-lið 10. gr. laga nr. 46/1954, hafi Ríkisskattanefnd heimild til að úrskurða um frávik frá almennum reglum um fyrningarhundraðshlutann, að því er varðar ákvörðun tekna til skatts. Af tekjum gerðarþola, sem námu kr. 2.153.809.62 árið 1956, hafi kr. 991.942.32 verið varið í afskriftir. Á sama ári hafi kr. 337.509.97 verið varið til viðhalds eignanna. Gerðarbeiðandi kveður þessar stórkostlegu afskriftir samfara svona miklu viðhaldi veita gerðarþola möguleika á stórfelldri eignaaukningu, sem bæjarfélaginu beri skylda til að leggja útsvar á, ef efni og ástæður gjaldandans eigi að ráða um útsvarsfjárhæðina.

Í máli þessu er sem sagt um það deilt, hvort afskriftir geti verið útsvarsstofn, og á það ágreiningsefni undir úrskurð dómstóla.

Útsvarseftirstöðvar þær, kr. 60.000.00, sem hér er krafizt lögtaks fyrir, nema rösklega 6% af heildarafskriftum gerðarþola árið 1956. Í því, að þannig hefur verið lagt á afskriftir gerðarþola, virðist einungis felast það, að skattyfirvöld viðurkenni ekki, að afskriftir samkvæmt lögum nr. 46/1954 skuli skilyrðislaust teknar til greina við álagningu útsvara.

Í lögum um tekjuskatt og eignarskatt nr. 46/1954, sbr. reglugerð um sama efni nr. 147/1955, er kveðið á um það, að áður en skattur sé lagður á tekjur, skuli frá þeim draga eftir nánar tilgreindum reglum fyrningu eða afskrift þeirra eigna, sem notaðar eru við öflun teknanna. Lög um útsvör nr. 66/1945 hafa engin hliðstæð ákvæði að geyma. Í 4. gr. útsvarslaga segir, að útsvör skuli lögð á „eftir efnum og ástæðum". Enn fremur eru í tilvitnuðu ákvæði útsvarslaganna nokkrar leiðbeiningarreglur fyrir útsvarsyfirvöld við mat á „efnum og ástæðum". Samkvæmt þessu hafa útsvarsyfirvöld allfrjálsar hendur um álagningu útsvara. Að vísu virðist ráð fyrir því gert í lögum um sérstakar fyrningarafskriftir nr. 59/1946, að fyrning að vissu marki sé frádráttarbær, áður en útsvar er á lagt, sbr. 5. gr. þeirra laga.

Lög þessi verða ekki talin binda hendur útsvarsyfirvalda að þessu leyti.

Með vísan til framanritaðs lítur rétturinn svo á, að það sé háð mati skattyfirvalda, sbr. 4. gr. útsvarslaga, hverjar afskriftir leyfa eigi, áður en útsvar er á lagt.

Útsvar gerðarþola er ákveðið með sama hætti og útsvör annarra hliðstæðra gjaldenda í Hafnarfirði.

Þar sem skattyfirvöld hafa þannig ákveðið útsvar gerðarþola innan réttra valdmarka, og útsvarið verður ekki talið fjarstæðukennt, miðað við það, sem fram er komið um hag félagsins, ber að taka kröfur gerðarbeiðanda til greina og heimila framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Rétt þykir, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 1200.00 í málskostnað.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á að ná fram að ganga.

Gerðarþoli, Olíustöðin h/f, greiði gerðarbeiðanda, bæjarsjóði Hafnarfjarðar, kr. 1200.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. marz 1960.

Nr. 208/1959. **Ákæruvaldið** (Ólafur Þorgrímsson hrl.)
gegn
Ólafi Friðgeiri Ólafssyni
(Páll S. Pálsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jón Ásbjörnsson og prófessor Ármann Snævarr.

Umferðarlagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Vitnið Svanur Hvítaness Halldórsson hefur fyrir dómi 28. þ. m. gefið nánari skýrslu um málsatvik.

Ekki verður talið sannað, að ákærði hafi brotið gegn

ákvæðum 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 26/1958. Með vætti lögreglumannanna Arnþórs Ingólfssonar, Magnúsar Einarssonar, Páls Eiríkssonar og Tryggva Friðlaugssonar, vitnisins Svans H. Halldórssonar og niðurstöðu blóðrannsóknar þeirrar, er getur í héraðsdómi, er sannað, að ákærði hefur gerzt sekur um háttsemi, er varðar við önnur þau ákvæði laga, sem greind eru í ákæruskjali. Þykir mega staðfesta ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða og málskostnað. Hins vegar þykir ökuleyfissvipting hans hæfilega ákveðin eitt ár.

Þá ber ákærða og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 2000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Friðgeir Ólafsson, er sviptur ökuleyfi eitt ár. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ólafs Þorgrímssonar og Páls S. Pálssonar, kr. 2000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. júní 1959.

Ár 1959, laugardaginn 6. júní, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Ármanni Kristinssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 4732/1959: Ákæruvaldið gegn Ólafi Friðgeiri Ólafssyni, sem tekið var til dóms 28. maí s.l.

Málið er með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 6. apríl 1959, höfðað gegn ákærða, Ólafi Friðgeiri Ólafssyni forstjóra, Háteigsvegi 50, hér í bæ, fyrir að hafa aðfaranótt laugardagsins 14. febrúar s.l. ekið bifreiðinni R 195 frá Borgartúni 3 og áleiðis heim til sín að Háteigsvegi 50, þótt hann væri undir áhrifum áfengis, svo og fyrir að hafa ekið bifreiðinni upp á götuey á

mótum Skúlagötu og Höfðatúns umrætt sinn og loks fyrir að hafa ekki ökuskírteini sitt meðferðis við nefndan akstur.

Þykir þetta varða við 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr., áfengislaga nr. 58/1954 og 2. sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., 1. mgr. 37. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 2. sbr. 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga, svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 19. apríl 1911 að Seljalandi, Gufudalssveit, Barðastrandarsýslu. Sakavottorð hans hljóðar svo:

1946 20/12 Rvík. Sátt; 20 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1947 15/10 Rvík. Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1948 12/1 Rvík. Sátt; 20 kr. sekt fyrir brot gegn lögum nr. 18/1901.
1948 23/6 Rvík. Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
— 18/2 Rvík. Sátt; 500 kr. sekt fyrir brot gegn tilkynningu verðlagsstjóra nr. 25/1947, sbr. lög nr. 70/1947.
1949 20/2 Rvík. Sátt; 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1951 2/2 Rvík. Kærður fyrir ólöglegt bifreiðastæði. Fellt niður.
— 26/4 Rvík. Sátt; 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1953 27/11 Rvík. Kærður fyrir ólöglegt bifreiðastæði. Fellt niður.
1955 17/3 Rvík. Sátt; 50 kr. sekt fyrir brot á 28. gr. lögreglusamþykktar.
1955 6/7 Rvík. Sátt; 50 kr. sekt fyrir brot á 28. gr. lögreglusamþykktar.
1955 13/10 Rvík. Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

Laugardaginn 14. febrúar s.l., klukkan 0500, hringdi leigubifreiðarstjóri nokkur á lögreglustöðina í Reykjavík og tjáði lögreglunni, að hann teldi bifreiðarstjóra R 195 ölvaðan við akstur á Höfðatúni. Er lögreglumenn komu á vettvang, sat bifreiðin þversum á götuey við mót Höfðatúns og Skúlagötu. Báru lögreglumenn fyrir dómi, að ákærði hefði setið við stýri bifreiðarinnar. Hann hafði ekki ökuskírteini meðferðis. Lögreglumönnum láðist að huga að, hvort vél bifreiðarinnar væri heit, en hún var ekki í gangi. Hins vegar báru lögreglumenn, að ljóst hafi verið af hjólförum eftir bifreiðina, að henni hafði nýlega verið ekið upp á nefnda götuey, þar sem talsverð snjókoma hefði verið, en lítið sem ekkert fennt í sporin.

Ákærði var fluttur í slysavarðstofuna, þar sem læknir tók sýnishorn af blóði hans kl. 0510. Að sögn lögreglumanna reyndi

ákærði að leyna réttu nafni sínu og heimilisfangi, er læknirinn innti hann eftir því.

Loks var ákærði færður á lögreglustöðina, þar sem lögregluvarðstjóri yfirheyrði hann.

Að vætti varðstjórans fyrir dómi sem og annars lögreglumanns, er viðstaddur var yfirheyrsluna, játaði ákærði viðstöðulaust að hafa neytt áfengis að Borgartúni 3 og verið undir áhrifum þess, er hann ók þaðan bifreið sinni R 195, skömmu áður en hann var handtekinn.

Kváðu vitnin ákærða hafa sagzt vera á leið heim til sín að Háteigsvegi 50, en misst vald á bifreiðinni við fyrrnefnd gatnamót.

Aðspurður hafði ákærði neitað neyzlu víns, eftir að akstri lauk. Ákærði var laus látinn að yfirheyrslu lokinni, og lögreglan annaðist um, að kranabifreið losaði bifreið hans úr sjálfheldunni.

Er ákærði kom fyrir dóm, neitaði hann að hafa ekið bifreið sinni með áhrifum áfengis umrætt sinn. Hann kvaðst að vísu hafa ekið bifreiðinni R 195 frá Borgartúni 3 áleiðis heim til sín að Háteigsvegi 50 og sökum hálku misst vald á bifreiðinni með þeim afleiðingum, að hún festist á götuey á mótum Skúlagötu og Höfðatúns. Hins vegar taldi hann, að liðið hefði um klukkustund, frá því að sú slysni varð og þar til lögreglan kom á vettvang. Á þeim tíma kvaðst ákærði hafa gengið að Borgartúni 3, þar sem hann geymdi keðjur bifreiðarinnar. Hefði hann þá jafnframt drukkið mikið magn af koníaki, vínið svifið mjög fljótt á hann og hann komizt undir áhrif áfengis. Síðan sagðist ákærði hafa gengið aftur að bifreið sinni og verið að smeygja keðjunni ofan á afturhjól hennar, er lögreglu bar að. Ákærði neitaði því og fyrir dómi, að hann hefði viðurkennt við yfirheyrslu hjá lögregluvarðstjóra akstur bifreiðarinnar R 195 með áhrifum áfengis.

Leigubifreiðarstjóri sá, er tilkynnti lögreglu um akstur ákærða, var kvaddur fyrir dóm. Kvaðst vitni þetta hafa ekið bifreið sinni vestur Laugaveg og sveigt norður Höfðatún, er það veitti athygli bifreiðinni R 195, sem ekið var suður Höfðatún, spólaði í brekkunni á mótum Laugavegar og Höfðatúns, en var síðan ekið aftur á bak að grjóthrúgu, er var austanvert við Höfðatún. Sagðist vitnið hafa ekið alveg að bifreiðinni R 195 og séð, að ökumaður hennar var ölvaður. Fór vitnið þá þegar í nærliggjandi hús og hringdi á lögreglustöðina. Síðan fór vitnið aftur á vettvang. Fullyrti vitnið, að lögreglumenn hefðu komið, örskömmu eftir að vitnið hringdi, eða í mesta lagi um 10 mínútum síðar.

Öll þau vitni, er leidd voru í málinu, báru, að ákærði hefði

verið áberandi ölvaður. Reyndust vera í blóði hans reducerandi efni, er samsvara 1.93‰ af alkóhóli.

Þrátt fyrir neitun ákærða verður dómurinn að telja, að vitnaframburðir þeir, sem að framan hafa verið raktir, og niðurstaða blóðrannsóknar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, veiti nægar sannanir fyrir því, að ákærði hafi gerzt sekur um háttsemi þá, sem lýst er í ákæruskjali og þar er rétt færð til refsiákvæða.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 hæfilega ákveðin varðhald í 15 daga.

Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 2., sbr. 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða ökuréttindum í 18 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin hæfileg málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hrl., krónur 1500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Friðgeir Ólafsson, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 18 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hrl., kr. 1500.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. marz 1960.

Nr. 7/1960. **Ingolf Petersen f. h. Ingólfsbakaríis**
gegn
Agnari Gústafssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ingolf Petersen f. h. Ingólfsbakaríis, er eigi

sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 30. marz 1960.

Nr. 8/1960. **Ingolf Petersen f. h. Ingólfsbakaríis**
gegn
Sigurjóni Þórðarsyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ingolf Petersen f. h. Ingólfsbakaríis, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 30. marz 1960.

Nr. 9/1960. **Ingolf Petersen f. h. Kökugerðarinnar h. f.**
gegn
Guðmundi Guðmundssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ingolf Petersen f. h. Kökugerðarinnar h.f., er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Þriðjudaginn 5. apríl 1960.

Nr. 230/1959. **Aðalbjörg Sigríður Ásgeirsdóttir f. h. Birgis Þórs Helgasonar**
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Hólmfríði Löve (Gunnar Pálsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og Magnús Þ. Torfason prófessor.

Umboðsskortur. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu hefur Aðalbjörg Sigríður Ásgeirsdóttir, Skaftahlíð 36 í Reykjavík, áfrýjað til Hæstaréttar „fyrir hönd ófjárráða sonar síns Birgis" með stefnu, útgefinni 28. desember 1959, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. s. m. Hér fyrir dómi hefur komið fram, að nefndur Birgir Þór er fæddur 22. janúar 1939 og gekk í hjónaband 8. nóvember 1958. Var hann því fjárráða, er áfrýjunarstefna var út gefin, sbr. 4. gr. laga nr. 95/1947. Og þar sem ekki hefur verið sannað, að áfrýjandi Aðalbjörg Sigríður Ásgeirsdóttir hafi haft umboð frá Birgi til áfrýjunar málsins fyrir hönd hans, þegar áfrýjunarstefna var út gefin, ber að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Samkvæmt kröfu stefndu ber áfrýjanda Aðalbjörgu að greiða henni málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 1200.00.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Aðalbjörg Sigríður Ásgeirsdóttir, greiði stefndu, Hólmfríði Löve, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. júní 1959.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 18. þ. m., hefur Hólmfríður Löve, húsfreyja, Sigtúni 35, hér í borg, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 11. maí 1956, *aðallega* gegn Helga Gíslasyni bryta, Úthlíð 11, hér í borg, en *til vara* gegn honum vegna ófjárráða sonar hans Birgis, sama staðar, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 39.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 7. maí 1955 til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu bæði vegna sjálfs sín og sonar síns.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 26. október 1954, um kl. 3 síðdegis, varð sá atburður í svonefndum söluturni, sem staðsettur er á mótum Hverfisgötu og Kalkofnsvegar, að 15 ára gamall sonur stefnda, Birgir, sem þar var staddur ásamt félögum sínum, skaut af byssu. Er ekki fullljóst, hvers konar byssu hér var um að ræða né heldur, hverju skotið var úr henni, en af gögnum málsins er helzt að ráða, að það hafi verið táragassprengja. Stefnandi var við afgreiðslustörf í söluturninum, og skýrir hún svo frá atvikum, að skyndilega hafi heyrzt nokkuð hár hvellur, líkt og úr barnabyssu. Samtímis hafi gosið upp reykur, sem á svipstundu blindaði hana. Jafnframt hafi hana sviðið mjög í augun, og hafi hún alls ekki getað haldið þeim opnum. Viðskiptavinir, sem staddir voru í söluturninum, hafi farið út, en sjálf hafi hún orðið að vera kyrr til lokunartíma kl. 6 um kvöldið. Opnanlegur gluggi hafi enginn verið á turninum, og hafi óloftið af skotinu haldizt allan þann dag og hinn næsta og allan þann tíma hafi hana sviðið í augun.

Um 15 mínútum eftir þenna atburð átti lögregluþjónn leið framhjá söluturninum. Hafði lögreglan síðan upp á syni stefnda, og var hann fluttur á lögreglustöðina. Hafði hann þá í fórum sínum byssu og skot, og er þess getið í skýrslu lögreglunnar, að hún hafi tekið hvort tveggja í vörzlur sínar. Engin rannsókn virðist hafa farið fram á þessum hlutum, og kemur ekki fram í málinu, hvað um þá varð. Samkvæmt skýrslu piltsins var táragashylki í byssunni. Kveðst hann hafa keypt það í Þýzkalandi sumarið áður.

Piltur að nafni Benedikt Arason kveðst hafa komið inn í söluturninn umgetinn dag, um kl. 5.20. Kveðst hann þekkja stefnanda. Hafi hún fljótlega eftir komu hans tjáð honum, að þar inni hefði verið sprengd táragassprengja, en engin merki þess

hafi hann skynjað þá þegar. Er hann hafði dvalizt þarna um 15 mínútur, hafi þó farið að renna úr augum hans og hafi hann farið út. Eftir þetta hafi hann fundið til í augunum, og á öðrum degi hafi hann farið til Sveins Péturssonar augnlæknis. Á þriðja degi hafi hann fundið til í höfði vegna þessa og ekki getað unnið, en legið rúmfastur í tvo daga.

Stefnandi leitaði til Sveins Péturssonar augnlæknis daginn eftir umræddan atburð, en þá kveðst hún hafa verið svo slæm orðin í augunum, að hún hafi ekki getað unnið lengur.

Lagt hefur verið fram í málinu vottorð Sveins læknis Péturssonar, dags. 27. október 1954. Kveðst læknirinn þar hafa skoðað augu stefnanda þann sama dag. Kveður hann bæði augun hafa verið rauð og þrútin, og hafi stefnandi ekki getað haldið þeim opnum. Við skoðun hafi sézt, að hún var brennd á báðum augum.

Í vottorði sama læknis, dags. 7. apríl 1955, segir, að stefnandi hafi ekkert getað unnið, frá því fyrra vottorðið var gefið, vegna augnmeiðslanna og afleiðinga þeirra.

Hinn 13. nóvember 1958 kom læknirinn fyrir dóm og staðfesti vottorð sín. Skýrir hann þá svo frá, að bruninn á augum stefnanda, sem um getur í fyrra vottorðinu, hafi verið fyrsta stigs bruni og lýst sér í roðabólgu og rennsli, en jafnframt hafi fylgt mikil ljósfælni. Fljótt á litið hafi áverkinn á augunum líkzt fyrsta stigs bruna frá logsuðutækjum eða snjóbirtu, en bruni á augum, er hann hafi séð af þeim orsökum, hafi batnað á nokkrum dögum eða a. m. k. fljótlega. Slíku hafi aftur á móti ekki verið til að dreifa í þessu tilviki. Læknirinn kveður aldrei hafa verið um að ræða beina „infektion" í augum stefnanda, heldur hafi frekar virzt vera um einhvers konar eitrun að ræða, sem hann þó ekki geti sagt um, í hverju var fólgin. En hann hafi gert ráð fyrir, að atvik það, sem um ræðir, væri orsökin. Læknirinn kveður stefnanda hafa komið daglega til sín fram undir jól, að því er hann minnir. Úr því hafi hann látið hana fá meðöl heim með sér, en allt um það hafi hún komið á lækningastofu hans, er henni versnaði í augunum. Kveðst læknirinn telja, að útilokað hafi verið fyrir stefnanda að stunda vinnu, fyrst eftir að hún hlaut augnáverkana, eins og hún var á sig komin. Stefnandi hafi að eigin sögn reynt að vinna frá því um jól og fram til 7. apríl 1955, en þær tilraunir hafi jafnan endað þannig, að henni hafi versnað í augunum, enda hafi sömu sjúkdómseinkenni, sem áður var lýst, verið á augunum á því

tímabili. Kveðst læknirinn telja, að stefnandi hafi ekki haft heilsu til að stunda vinnu á þessu tímabili, eins og ástandi augnanna var þá háttað. Framburð sinn endar læknirinn á því, að hann hafi ekki fyrr haft augnsjúkling, er orðið hafi fyrir táragassprengju, hafi þá hér verið um táragassprengju að ræða, eins og hann kemst að orði.

Stefnandi reisir kröfur sínar á hendur aðalstefnda á því, að hann beri sem foreldri fébótaábyrgð á tjóni því, er Birgir sonur hans hafi valdið henni í umrætt sinn. Verði ekki á þetta fallizt, telur stefnandi auðsætt, að fébótaábyrgðin hljóti að falla á piltinn sjálfan, og beinir málssókninni því gegn honum til vara.

Aðalstefndi og varastefndi reisa sýknukröfuna báðir á því, að sönnur bresti fyrir því, að augnáverkar stefnanda hafi stafað af byssuskotinu í söluturninum, sem viðurkennt er, að átt hafi sér stað. Telja þeir, að táragassprenging geti ekki valdið slíkum meiðslum. Þessu til stuðnings er af hálfu stefndu lagt fram vottorð frá Úlfari Þórðarsyni augnlækni, er þannig hljóðar:

„Undirritaður læknir hefur verið spurður, af hr. Sigurgeir Sigurjónssyni, hvort mér væri kunnugt um slys af völdum táragass, og þá sérstaklega um afleiðingar þess fyrir augun. Þar eð mér var ókunnugt um þetta, spurðist ég fyrir um þessi atriði hjá próf. H. K. Muller, yfirlækni á augnspítala Háskólans í Bonn. Svar hans var á þá leið, eftir að hann hafði látið fara yfir það, sem skrifað hefur verið um þetta í fagrit, að: Ef táragasi er skotið beint inn í augun, þannig að byssunni er stefnt á augun, þá getur táragasskot valdið langvarandi bólgu í auganu, en þá meir fyrir áverka af sprengingunni en af áhrifum táragassins, eins ef táragasið springur í umhverfi manns á venjulegan hátt er ókunnugt um neinar skemmdir á auganu af þeim orsökum. Hef ég engu við þetta að bæta og tel þetta vera tæmandi svar við því, sem ég var spurður að."

Í öðru lagi reisir aðalstefndi sýknukröfuna á því, að það sé andstætt lögum, að foreldrar beri fébótaábyrgð á skaðaverkum barna sinna, nema um sé að ræða culpa hjá foreldrunum. Sjálfur hafi hann engan hlut átt að því, að sonur hans hafði umrædda hluti undir höndum, og bresti því alveg skilyrði fyrir fébótaábyrgð hans. Drengurinn hafi og verið orðinn 15 ára gamall, en á þeim aldri hafi börn öðlazt slíkan þroska, að þau hljóti sjálf að vera fullábyrg gerða sinna.

Aðalstefndi kom fyrir dóm í málinu hinn 28. apríl 1959 og synjaði þá eindregið fyrir, að honum hafi verið kunnugt um

tilvist umræddrar byssu í vörzlum Birgis sonar síns. Er ósannað gegn mótmælum hans, að hann hafi átt nokkurn hlut að því, að pilturinn hafði byssuna undir höndum eða að hann hafi um það vitað, og verður hann þegar af þeirri ástæðu ekki gerður ábyrgur fyrir tjóni stefnanda. Ber því að sýkna hann af kröfum hennar í málinu, en rétt þykir, að málskostnaður gagnvart honum falli niður.

Þegar það er virt, sem að framan er rakið um augnmeiðsli stefnanda, aðdraganda þeirra, sem ekki er vefengdur, að augnmeiðslin voru rannsökuð af sérfræðingi í augnsjúkdómum strax daginn eftir umræddan atburð, og að þá kom í ljós bruni á augunum, að sömu einkenni voru á augunum, frá því er stefnandi fyrst leitaði læknis og ávallt síðan, er hún gekk til hans að staðaldri, og að ekkert er fram komið um það, að stefnandi hafi orðið fyrir öðrum áverka á augunum á þessu tímabili eða verið haldin neins konar augnveiki, þá þykir ekki viðurhlutamikið að líta svo á, að augnmeiðslin megi rekja til byssuskotsins, er sonur aðalstefnda stóð að í umrætt sinn. Með skírskotun til þess ber að leggja á hann fébótaábyrgð á tjóni stefnanda, er af þessu leiddi.

Tjón sitt telur stefnandi nema þeirri fjárhæð, sem krafizt er í málinu, en fjárhæðina sundurliðar hún þannig, að kr. 24.000.00 eru fyrir atvinnutjón, en kr. 15.000.00 fyrir þjáningar og óþægindi.

Stefnandi er gift og á tvö börn, sem á þessum tíma voru 7 og 11 ára gömul. Hjónin höfðu söluturninn á leigu, og kveðst stefnandi hafa unnið þar við afgreiðslustörf allan daginn að öðru leyti en því, að eiginmaður hennar hafi leyst hana af hólmi í hádeginu. Jafnframt hafi hún sjálf hjálparlaust gegnt heimilisstörfum. Eftir að hún hlaut augnmeiðslin, hafi ekki verið um að ræða eiginlega vinnu frá hennar hendi, svo sem rakið hefur verið. Afleiðingin hafi orðið sú, að eiginmaður hennar hafi orðið að taka að sér afgreiðslustörfin í söluturninum og kaupa hafi orðið heimilisaðstoð. Jafnframt hafi svo komið að því, að þau hafi orðið að afsala sér leiguréttinum yfir söluturninum, sem ella hefði ekki orðið.

Stefnandi fær fjárhæð áætlaðs atvinnutjóns þannig fram, að hún gerir ráð fyrir, að hún hafi verið óvinnufær í 5½ mánuð. Kaup sitt við afgreiðslustörf í söluturninum reiknar hún kr. 3500.00 á mánuði, eða alls kr. 19.250.00 greint tímabil. Þá kveðst

stefnandi hafa greitt stúlku fyrir heimilisaðstoð kr. 800.00 á mánuði, eða alls kr. 4750.00.

Af hálfu stefnda er fjárhæð kröfunnar mótmælt sem allt of hárri. Er því mótmælt, að stefnandi hafi haft svo hátt kaup, sem hún reiknar með, og enn fremur, að hún hafi verið óvinnufær allan þann tíma, sem atvinnutjónið er miðað við.

Með hliðsjón af þeim upplýsingum, sem fyrir liggja um hagi stefnanda, meiðsli þau, er hún hlaut, og afleiðingar þeirra, þykja bætur til hennar hæfilega ákveðnar í einu lagi kr. 20.000.00. Verður varastefndi dæmdur til að greiða stefnanda þá fjárhæð ásamt málskostnaði, sem ákveðst kr. 3000.00.

Vaxtakröfunni er sérstaklega mótmælt, bæði upphafstíma vaxtanna og að dæmdir verði 7% vextir p. a.

Rétt þykir að dæma 6% ársvexti af dæmdri fjárhæð frá þeim tíma, sem krafizt er.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Helgi Gíslason, er sýkn í máli þessu af kröfum stefnanda, Hólmfríðar Löve, en málskostnaður, að því er hann varðar, falli niður.

Varastefndi, Helgi Gíslason vegna ófjárráða sonar síns Birgis, greiði stefnanda kr. 20.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. apríl 1955 til greiðsludags og kr. 3000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 5. apríl 1960.

Nr. 143/1957. **Vilhjálmur Þ. Gíslason**
(Cand. jur. Þór Vilhjálmsson skv. 5. gr. laga nr. 61/1942)
gegn
Þorsteini Egilsyni (Egill Sigurgeirsson hrl.)
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og Magnús Þ. Torfason prófessor.

Meiðyrðamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. september 1957. Hann krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 14. september 1957. Hann krefst þess, að ummæli þau, er í héraðsstefnu greinir, verði ómerkt, að aðaláfrýjanda verði dæmd refsing samkvæmt 235. gr. laga nr. 19/1940, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða hæfilega fjárhæð til birtingar dóms í máli þessu í opinberu blaði, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum miskabætur, kr. 10.000.00 eða lægri fjárhæð, ásamt 6% ársvöxtum frá 6. október 1955 til greiðsludags, og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Ummæli þau, sem mál þetta er risið af, kveður gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda hafa haft, er þeir voru einir í skrifstofu aðaláfrýjanda og áttu þar tal saman. Í máli þessu hefur aðaláfrýjandi ekki viðurkennt að hafa sagt orð þessi, og er ósannað, að svo hafi verið, enda eigi í ljós leitt, að hann hafi við þeim gengizt í umræðum á fundi þeim, sem í héraðsdómi er getið, eða með öðrum hætti. Ber þegar

af þessari ástæðu að dæma aðaláfrýjanda sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu, en eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Vilhjálmur Þ. Gíslason, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Þorsteins Egilsonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. júní 1957.

Mál þetta, sem var dómtekið 18. f. m., hefur Þorsteinn Egilson, Auðarstræti 15, hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 6. marz 1956, gegn Vilhjálmi Þ. Gíslason útvarpsstjóra, Starhaga 2, hér í bænum, og til vara gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þær, *að* dæmd verði dauð og ómerk ummæli, er hann kveður aðalstefnda hafa viðhaft í skrifstofu sinni hinn 6. október 1955, þau, að hann (aðalstefndi) vildi ekki hafa, að stefnandi væri að „læðupokast" og „ganga í annarra manna hirzlur" svo og ummælin: „Og nú spyr ég þig konkretrar spurningar, myndir þú gera þetta einnig, ef þú hefðir aðgang að skrifstofum útvarpsráðs og stjórnarráðsins?", *að* aðalstefndi verði dæmdur í þyngstu refsingu, sem lög leyfa, fyrir að hafa viðhaft þau, *að* aðalstefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda hæfilega fjárhæð til að kosta birtingu dóms í málinu í opinberu blaði, *að* aðalstefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 10.000.00 í miskabætur fyrir áðurnefndar móðganir og aðdróttanir, *að* aðalstefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 100.000.00 í skaðabætur fyrir það fjártjón, er aðalstefndi hafi valdið honum með því að hrekja hann úr opinberu starfi, *að* aðalstefndi verði dæmdur til þess að greiða 6% ársvexti af miskabótum og skaðabótum frá 6. október 1955 til greiðsludags og málskostnað að mati dómsins.

Þá krefst stefnandi þess, að varastefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, verði dæmdur til þess að greiða skaðabótakröfuna, kr. 100.000.00, með vöxtum og málskostnað eins og fyrr greinir, ef svo fer, að aðalstefndi verði sýknaður af greiðslu hennar.

Aðalstefndi hefur aðallega krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara stórfelldrar lækkunar á kröfum hans um miskabætur og skaðabætur.

Varastefndi hefur aðallega krafizt sýknu, en til vara stórfelldrar lækkunar.

Stefndu hafa báðir krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Stefnandi skýrir svo frá málavöxtum, að hann hafi um ellefu ára skeið starfað hjá Ríkisútvarpinu sem fulltrúi í aðalskrifstofu þess. Allan þann tíma hafi þeir Sigurður skrifstofustjóri Þórðarson starfað saman á skrifstofunni og átta fyrstu árin saman í herbergi, en nokkru eftir að aðalstefndi tók við embætti útvarpsstjóra, hafi stefnandi og Sigurður fengið hvor sitt herbergi og verið innangengt milli þeirra um skrifstofu útvarpsstjóra. Sigurður Þórðarson hafi fengið eins árs leyfi frá störfum í byrjun október 1955, en starfi hans þá verið skipt milli stefnanda og endurskoðanda útvarpsins. Enn fremur hafi verið ráðin stúlka og henni m. a. falið nokkuð af fyrra starfi stefnanda, sem hafi unnið áfram í sama herbergi sem fyrr, en vinnustaður stúlkunnar og endurskoðandans hafi verið herbergi það, er Sigurður skrifstofustjóri hafði unnið í áður. Hinn 5. október 1955 hafi stefnandi átt erindi í herbergi Sigurðar, enda raunar átt erindi þar alla daga. Hafi hann þá séð, að stúlka sú, er fyrr var frá sagt, var að skrifa erlent bréf fyrir stofnunina, en allan starfstíma stefnanda hjá útvarpinu hafi það verið aðalstarf hans að annast bréfaskriftirnar, innlendar og einkum erlendar, og hafi hann í upphafi verið til þess ráðinn. Á borði stúlkunnar hafi legið handrit að bréfi með rithönd aðalstefnda, en út undan handritinu hafi staðið bréf með bréfhaus Sameinuðu þjóðanna, og hafi hann því gert ráð fyrir, að hér væri um að ræða svar við bréfi frá Sameinuðu þjóðunum. Stefnandi kveðst ekki hafa gefið sig frekar að þessu í bili, og nokkru eftir að skrifstofunni var lokað þá um daginn, hafi hann brugðið sér út, en komið aftur, þegar klukkan var rúmlega hálf sex. Þá hafi staðið svo á, að ræstingakona útvarpsins hafi verið að gera hreint herbergi það, er stúlkan og endurskoðandinn unnu í, og stefnandi hafi farið þangað inn í því skyni að skoða samrit fyrrnefnds bréfs og athuga, hvernig stúlkunni hafi tekizt um frágang þess. Aðalstefndi hafi þá eigi verið farinn úr skrifstofu sinni og komið inn í herbergið og spurt stefnanda, hvað hann væri að gera. Stefnandi hafi sagzt vera að gá að bréfi og spurt jafnframt,

hvort bréf ættu ekki að venju að koma til sín og fara í bréfasafnið. Hafi aðalstefndi játað því, en sagt, að umrætt bréf hefði ekki verið sent. Fleira hafi ekki gerzt með aðiljum þá, en morguninn eftir, þegar stefnandi hafi fært aðalstefnda hans hluta af póstinum, hafi aðalstefndi spurt stefnanda á ný, hvað hann hefði verið að gera í herbergi skrifstofustjóra daginn áður. Stefnandi hafi sagzt þegar vera búinn að svara því, en aðalstefndi þá sagt, að hann vildi ekki hafa, að stefnandi væri að „læðupokast" og „ganga í annarra manna hirzlur". Enn fremur hafi aðalstefndi sagt: „Og nú spyr ég þig konkretrar spurningar, myndir þú gera þetta einnig, ef þú hefðir aðgang að skrifstofum útvarpsráðs og stjórnarráðsins?" Stefnandi hafi orðið mjög reiður við og kveðizt mundu svara ásökun aðalstefnda bréflega og með uppsögn. Hafi hann síðan gengið út úr skrifstofuherbergi aðalstefnda og ritað uppsagnarbréf, sem hann hafi afhent síðar sama dag. Ljósmynd af bréfi þessu hefur verið lögð fram í málinu (dskj. nr. 12), og er upphaf bréfsins á þessa leið:

„Eins og ég tjáði yður í dag, segi eg hérmeð upp starfi mínu hjá Ríkisútvarpinu, frá deginum í dag, 6. okt. 1955, að telja, með lögákveðnum, þriggja mánaða fyrirvara.

Ég tel ástæðulaust að rekja hér þær mörgu ástæður, sem liggja til þessarar ákvörðunar minnar, en varðandi síðasta árekstur okkar vil ég aðeins segja þetta:

Þér berið mér á brýn, að ég sé að „laumupokast" og „ganga í annarra manna hirzlur" .....

Morguninn eftir hafi aðiljar talazt við og aðalstefndi þá spurt, hvort stefnanda væri alvara með uppsögnina og stefnandi játað því. Aðalstefndi hafi þá sagt, að hann tæki ekki aftur orð sín, en hefði ekkert upp á stefnanda að klaga.

Hinn 8. s. m. skrifaði stefnandi ýtarlega greinargerð um þau atvik, er leiddu til uppsagnarinnar. Ljósmynd af því skjali er og lögð fram í málinu (dskj. nr. 13). Er þar fyrst skýrt frá því, að margháttuðum störfum Sigurðar Þórðarsonar skrifstofustjóra hafi verið skipt milli aðalstefnda, Guðmundar endurskoðanda Magnússonar og stefnanda, áður en Sigurður hóf ársleyfi sitt, og komið í hlut aðalstefnda „uppáskrift allra reikninga, áður en greiddir eru af gjaldkera". Allan starfstíma stefnanda, og þó einkum síðari árin, hafi annaðhvort skrifstofustjórinn eða stefnandi ávísað langflestum þeim reikningum, er bárust, en nú skyldi sú heimild falin aðalstefnda einum. Hins vegar hafi stefnandi ekki fengið formleg fyrirmæli frá aðalstefnda um þessi

breyttu viðhorf, og hafi hann því haldið áfram að ávísa reikningunum, en þeir strandað hjá gjaldkera, sem fengið hafi fyrirmæli um hina nýju verkaskiptingu. Hafi stefnandi talið þetta háttalag móðgun við sig og hafa komizt í óþægilega aðstöðu gagnvart innheimtumönnum reikninganna, sem látið hafi í ljós undrun og jafnvel vanþóknun, er áritun stefnanda hafi verið að engu höfð. Hann hafi því kvartað við aðalstefnda, sem hafi virzt skilja sjónarmið stefnanda og lofað að tala við gjaldkerann. Það hafi brugðizt og af því hafi skapazt nokkur kergja hjá stefnanda í garð aðalstefnda og sennilega gagnkvæmt, og segir stefnandi svo í greinargerðinni: „.... og skýrir það kannske áreksturinn, sem síðar varð, og er hin raunverulega ástæða fyrir uppsögn minni." Því næst er lýst þeim atvikum, sem þegar hafa verið rakin hér að framan, en greinargerðinni lýkur með þessum orðum: „.... og afhendi því stjórn félagsins málið. Eg tek þó skýrt fram, að í þessu máli læt ég mér ekki nægja minna en það, að útvarpsstjóri lýsi því yfir, að orð hans í minn garð hafi verið ómakleg."

Greinargerð þessi hafi verið stíluð til formanns starfsmannafélags Ríkisútvarpsins, en hann hafi afhent hana aðalstefnda til umsagnar og athugunar og óskað eftir skýrslu hans um málavöxtu. Formaðurinn hafi síðan þrisvar átt tal við aðalstefnda, er hafi hvorki tekið aftur orð sín né leitazt við að rökstyðja þau. Hafi þolinmæði stefnanda brostið, er liðnar voru þrjár vikur, frá því að greinargerð hans hafi verið komin í hendur aðalstefnda, og hafi stefnandi þá tilkynnt menntamálaráðuneytinu uppsögn sína. Hinn 7. nóvember 1955 hafi verið boðað til fundar í Starfsmannafélagi Ríkisútvarpsins og skyldi þar fjallað um tildrögin að uppsögn stefnanda. Á fundi þessum hafi báðir aðiljar flutt mál sitt, en síðan vikið af fundi. Í lok fundarins hafi verið samþykkt svohljóðandi ályktun:

„Fundur starfsmanna Ríkisútvarpsins, haldinn að tilhlutan Starfsmannafélags Ríkisútvarpsins 7. nóvember 1955, gerir eftirfarandi ályktun:

Hinn 6. október s.l. sagði fulltrúi útvarpsstjóra, Þorsteinn Egilson, upp starfi sínu vegna móðgandi framkomu útvarpsstjóra við hann. Að fenginni greinargerð Þorsteins Egilsonar og útvarpsstjóra, Vilhjálms Þ. Gíslasonar, og umsögn skrifstofustjóra Ríkisútvarpsins, Sigurðar Þórðarsonar, lýsir fundurinn yfir eftirfarandi:

Þau ummæli, sem útvarpsstjóri viðhafði við Þorstein Egilson

og urðu tilefni uppsagnar hans, telur fundurinn brigslyrði og ómaklega ásökun í garð þessa starfsmanns, sem gegnt hefur starfi sínu af fyllstu trúmennsku um ellefu ára skeið.

Fundurinn vítir harðlega slíka framkomu yfirmanns, álítur með öllu óviðunandi, að starfsmaður skuli þannig flæmdur úr starfi og telur, að með þessu sé skapað fordæmi, sem stefnt gæti atvinnuöryggi allra starfsmanna stofnunarinnar í háska."

Stefnandi hafði látið af störfum hjá Ríkisútvarpinu hinn 1. nóvember 1955, en fékk greitt kaup þar til áramóta 1955—1956. Hinn 10. desember 1955 hóf hann vinnu hjá verzlunarfyrirtæki einu hér í bænum og starfaði þar, þegar hann höfðaði mál þetta. Í nóvember s.l. fékk stefnandi tryggingarfræðing til að reikna út fjárhagstjón það, er „ætla má, að hann bíði við að flytjast úr starfi því, sem hann gegndi hjá Ríkisútvarpinu, í starf það, er hann gegnir nú ...." Heildarniðurstaða útreikninga þessara er kr. 134.761.00, og greinist sú fjárhæð í mismun á kaupi, kr. 39.932.00, lenging vinnutíma, kr. 52.719.00, missi hlunninda, kr. 7509.00, og mismun á verðmæti lífeyrisréttinda, kr. 34.601.00. Er fjárhæð skaðabótakröfu stefnanda m. a. rökstudd með þessum útreikningum.

Í greinargerð lögmanns stefndu eru kröfur þeirra rökstuddar með því, að aðalstefndi hafi ekki bakað stefnanda tjón né miska og því sé ekki um bótaskyldu að ræða. Sýknukröfurnar eru nánar rökstuddar með því, að ekki sé sannað, hvaða orðaskipti fóru milli aðilja, og jafnframt er því mótmælt, að þau hafi verið á þann veg, sem stefnandi hefur skýrt frá þeim. Bent er á það, er í ljós kemur af framanrituðu, að ekki ber saman um orðalag í uppsagnarbréfi stefnanda (dskj. nr. 12), þar sem segir „laumupokast", og í stefnu, þar sem segir „læðupokast". Þá er og fullyrt, að aðalstefndi hafi ekki gert annað en það, sem honum var skylt sem yfirmanni stofnunarinnar, þ. e. að leiðbeina starfsmanni um það, hvert væri starfssvið hans. Samkvæmt þessu er talið, að kröfur stefnanda um refsingu og ómerkingu ummælanna hafi ekki við rök að styðjast.

Kröfu stefnanda um miskabætur er fyrst og fremst mótmælt af þeirri ástæðu, sem fyrr var getið, þeirri að ekki sé sannað, að aðalstefndi hafi viðhaft nokkur þau ummæli, er til þess voru fallin að baka stefnanda miska.

Enn fremur er talið, að krafa stefnanda hafi ekki við rök að styðjast, þótt hin tilvitnuðu ummæli væru rétt eftir höfð, þar eð hér sé um tveggja manna tal að ræða og aðalstefndi hafi

engar ráðstafanir gert til að koma ummælunum á framfæri við aðra, en aðgerðir stefnanda í þá átt fái á engan hátt skapað honum rétt til bóta.

Loks hefur því verið eindregið andmælt, að stefnandi fái reist nokkra bótakröfu á hendur aðalstefnda eða varastefnda á því, að hann hafi verið hrakinn úr starfi. Bent er á það, að stefnandi sagði sjálfur upp starfinu, og jafnframt vefengt, að orðaskipti þau, sem mál þetta snýst um, geti réttlætt þá athöfn, þannig að jafna megi til þess, að stefnanda hafi verið vikið úr stöðu í merkingu 11. gr. laga nr. 38 frá 1945.

Aðiljaskýrsla aðalstefnda hefur verið lögð fram í málinu (dskj. nr. 14). Segir þar aðallega þetta um fund aðilja að morgni 6. október 1955: „Morguninn eftir kom Þorsteinn Egilson inn til mín, sagðist hann mundu segja af sér starfi sínu. Ræddumst við síðan stuttlega við, en enginn þjóstur var í því. Ég skýrði honum frá því, sem hann vissi reyndar áður, hver væri verkaskipting í skrifstofunni eftir orlof skrifstofustjórans og aðkomu nýrra starfsmanna og fann að því, að hann hefði farið í bréfamöppur, sem honum hafði ekki verið falið að fjalla um. Ekki var einu orði að honum sveigt um neina óheiðarlega meðferð í þessu, enda telur hann það ekki sjálfur .... Ég minnist þess ekki, að hafa haft þau orð, sem Þorsteinn Egilson hefur eftir mér, en ekki get ég eftir á rakið viðtalið orði til orðs, þótt ég muni vel efni þess .... Ég fullyrði, að ég hefi engum hnjóðsyrðum að Þorsteini Egilson vikið ....“

Einnig hefur verið lagt fram í málinu vottorð fimm manna, er sátu fund þann, er fyrr var sagt frá. Segir m. a. í þessu vottorði: „.... Samkvæmt skýrslu fulltrúans, er hann las upp á fundinum, hafði útvarpsstjóri haft við hann þau orð, að hann hafi verið að „læðupokast“ og „ganga í annarra manna hirzlur“ í skrifstofu skrifstofustjóra útvarpsins og viðhaft önnur móðgandi ummæli. Við undirritaðir, er sóttum umræddan fund og hlýddum á málflutning beggja aðilja og á annan framburð, er snertir málið, lýsum yfir eftirfarandi: 1) Við teljum ótvírætt, að útvarpsstjóri hafi viðhaft hin tilfærðu móðgandi ummæli, enda mótmælti hann því ekki ....“

Stefnandi og aðalstefndi hafa báðir komið fyrir dóm svo og fundarmennirnir fimm, sem fyrr getur. Stefnandi hefur ítrekað og staðfest allt það, sem hann hefur haldið fram um málavöxtu, og vitnin fimm hafa staðfest vottorð sitt og rökstutt efni þess nánar. Aðalstefndi hefur staðfest aðiljaskýrslu sína, en eigi

mótmælt, frekar en fyrr var greint, staðhæfingum stefnanda um það, hvernig orð hafi fallið í viðtali þeirra. Eins og málum er háttað, þykir því rétt að leggja skýrslu stefnanda um þetta til grundvallar. Ummæli aðalstefnda, eins og þau eru rakin þar, varða við 235. gr. laga nr. 19 frá 1940, og ber að ómerkja þau og refsa aðalstefnda fyrir þau. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 600 króna sekt í ríkissjóð, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan aðfararfrests í máli þessu. Þá ber og að taka til greina kröfu stefnanda um kostnað af birtingu dóms í málinu, og ber að dæma aðalstefnda til að greiða stefnanda kr. 150.00 í því skyni.

Að því er miskabætur varðar, ber að hafa hliðsjón af því, að ummælin voru, að því er virðist, bundin við eitt sérstakt atvik, að stefnandi einn varð áheyrnar að þeim, og að ekki er upp komið, að aðalstefndi hafi nokkuð aðhafzt til þess að koma þeim til vitundar annarra manna. Eigi að síður þykja ummælin þannig vaxin, að stefnandi eigi rétt á miskabótum, og þegar allt framanritað er virt, þykja miskabætur til stefnanda hæfilega ákveðnar kr. 1000.00, og ber að dæma aðalstefnda til greiðslu þeirrar fjárhæðar ásamt 6% ársvöxtum frá 6. október 1955 til greiðsludags.

Þess var fyrr getið, að stefnandi sagði sjálfur upp stöðu sinni, og koma ákvæði 11. gr. laga nr. 38 frá 1954 því ekki til álita. Ekki verður fallizt á þá staðhæfingu stefnanda, að ummælum aðalstefnda megi jafna til þess, að hann hafi með þeim flæmt stefnanda úr starfinu. Stefnandi hefur því eigi leitt nægrök að skaðabótakröfu sinni, og ber að sýkna aðalstefnda af henni. Hins vegar þykir rétt, eftir þessum málalokum, að dæma aðalstefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 1500.00.

Hér að framan var því lýst, að stefnanda hefur ekki skapazt réttur til skaðabóta fyrir brottför hans úr fulltrúastarfinu, og ber því að sýkna varastefnda af öllum kröfum stefnanda, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður gagnvart honum.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Nokkur dráttur hefur orðið á dómsuppsögn, og stafar hann af annríki dómara við önnur dómstörf hans svo og því, að málið er heldur viðamikið.

Dómsorð:

Framangreind ummæli eru ómerk. Aðalstefndi, Vilhjálm-

ur Þ. Gíslason, greiði kr. 600.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan aðfararfrests í máli þessu.

Aðalstefndi greiði stefnanda, Þorsteini Egilson, kr. 1000.00 í miskabætur með 6% ársvöxtum frá 6. október 1955 til greiðsludags, kr. 150.00 til þess að kosta birtingu dóms þessa og kr. 1500.00 í málskostnað.

Varastefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu, en málskostnaður falli niður gagnvart honum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. apríl 1960.

Nr. 77/1959. **Hörður Ólafsson** (sjálfur)
gegn
tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs
(Hermann Jónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og Magnús Þ. Torfason prófessor.

Lögtaksmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur með stefnu 4. maí 1959 skotið til Hæstaréttar lögtaksgerð fógetaréttar Reykjavíkur, er framkvæmd var hinn 16. apríl 1959. Krefst hann þess, að lögtaksgerðin verði felld úr gildi, að því er varðar þinggjald frá árinu 1955, að eftirstöðvum kr. 14.295.00. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hin áfrýjaða lögtaksgerð verði staðfest. Hann krefst þess og aðallega, að áfrýjanda verði

dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Hinn 21. nóvember 1956 fór fram lögtaksgerð hjá áfrýjanda til tryggingar þinggjöldum hans frá árinu 1955. Með því að gerðin reyndist árangurslaus að nokkru, var henni frestað. Með bréfi stefnda til borgarfógetans í Reykjavík, dags. 16. apríl 1959, var þess óskað, að lögtaksgerðin frá 21. nóvember 1956 yrði endurupptekin. Hinn 16. apríl 1959 var framkvæmd lögtaksgerð hjá áfrýjanda, að honum fjarverandi, og þá lögtaki tekin bifreið hans, R 94, til tryggingar þinggjöldum hans frá árinu 1958, kr. 6389.00, og frá árinu 1955, kr. 14.295.00. Kveðst áfrýjandi ekki hafa uppi nein mótmæli gegn lögtaksgerðinni, að því er varðar þinggjöld hans árið 1958, en að öðru leyti telur hann lögtaksgerðina ólöglega.

Með því að lögtaksgerð þeirri, sem frestað var hinn 21. nóvember 1956, var ekki haldið áfram með hæfilegum hraða, var lögtaksréttur fyrir eftirstöðvum þinggjaldanna frá 1955 fallinn niður hinn 16. apríl 1959 samkvæmt fyrirmælum 2. gr. lögtakslaga nr. 29/1885, sbr. lög nr. 87/1947. Ber því að taka til greina kröfu áfrýjanda um ómerkingu lögtaksgerðarinnar að því leyti.

Eftir þessari niðurstöðu ber stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 2500.00.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða lögtaksgerð er felld úr gildi, að því er varðar eftirstöðvar þinggjalda frá árinu 1955, kr. 14.295.00, og dráttarvexti af þeirri fjárhæð.

Stefndi, tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, Herði Ólafssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Lögtaksgerð fógetadóms Reykjavíkur 16. apríl 1959.

Ár 1959, fimmtudaginn 16. apríl, kl. 16.30, var fógetaréttur Reykjavíkur settur í Arnarhvoli og haldinn af fulltrúa borgar-

fógeta Hafþóri Guðmundssyni með undirrituðum vottum. Fyrir var tekið:

Að halda áfram lögtaki, er byrjað var í gær að beiðni tollstjórans í Reykjavík hjá Herði Ólafssyni, Álfheimum 56, fyrir:

Þinggjaldi nr. 12996/1958 ..... kr. 6.389.00
Þinggjaldi nr. 12603/1955 ..... — 14.295.00

Samtals kr. 20.684.00

auk dráttarvaxta og kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

..... Gerðarþoli mætir ekki, en af hans hálfu mætir að tilhlutan fógeta Sigmar Valdimarsson, og skoraði fógeti á mætta að greiða umkrafin gjöld, en hann kveðst ekki greiða þau fyrir gerðarþola.

..... Var því næst skrifuð upp bifreiðin R 94 og fallið frá virðingu. Lýsti fógeti yfir lögtaki í téðri bifreið til tryggingar framangreindum sköttum, dráttarvöxtum og kostnaði öllum, að áskildum betra rétti þriðja manns.

Miðvikudaginn 6. apríl 1960.

Nr. 64/1960. **Arnljótur Ólafsson Pétursson**
gegn
valdstjórninni og Ólafi Jónssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og Magnús Þ. Torfason prófessor.

Kærumál. Vitnaskylda.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 31. f. m., sem barst Hæstarétti 1. þ. m., hefur kærandi skotið hinum kærða úrskurði til dómsins samkvæmt heimild í 6. tl. 172. gr. laga nr. 27/1951. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, vitninu Ólafi Jónssyni dæmt skylt að nafngreina heimildarmann þann,

er í málinu getur, svo og að honum verði dæmdur kærumálskostnaður.

Hæstarétti hafa ekki borizt kröfur eða greinargerð frá fyrirsvari valdstjórnarinnar né Ólafi Jónssyni.

Vitneskju þá, sem kærandi krefst, að fulltrúi lögreglustjóra, Ólafur Jónsson, láti í té í vætti fyrir dómi, fékk fulltrúinn í starfi sínu sem trúnaðarmál í sambandi við eftirgrennslan ætlaðra brota. Eðli máls samkvæmt er hér um efni að ræða, sem leynt á að fara, enda þjóðfélagslegir hagsmunir því að baki. Samkvæmt 2. mgr. 93. gr. laga nr. 27/1951 verður fulltrúinn ekki krafinn vættis um slíkt efni, nema ráðherra leyfi. Leyfi dómsmálaráðherra liggur ekki fyrir, og ber því að svo vöxnu máli að synja þess, að nefnds vættis sé leitað.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Vitnið Ólafur Jónsson verður ekki krafið vitnisburðar um framangreint atriði.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 31. marz 1960.

Ár 1960, fimmtudaginn 31. marz, var úrskurður þessi kveðinn upp í dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Ármanni Kristinssyni.

Hinn 27. þ. m. var í sakadómi Reykjavíkur kveðinn upp úrskurður, þar sem lögreglu var heimiluð áfengisleit í leigubifreiðinni R 2501. Ökumaður bifreiðarinnar, Arnljótur Ólafsson Pétursson, Holti, Seltjarnarnesi, kærði úrskurð þenna til Hæstaréttar. Óskaði hann jafnframt eftir frekari rannsókn í sakadómi varðandi nefnt kærumál. Krafðist lögmaður kæranda, Sigurgeir Sigurjónsson hrl., þess á dómþingi í gær, að vitninu Ólafi Jónssyni, fulltrúa lögreglustjórans í Reykjavík, yrði úrskurðað skylt að nafngreina bifreiðarstjóra þann á Borgarbílstöðinni, er vitnið bar í þinghaldi 27. marz s.l., að hafi gefið því í skyn, að á stöðinni væri almennt stunduð ólögleg vínsala. Vitnið kvaðst að vísu vita nafn bifreiðarstjórans, en taldi sér hvorki rétt né skylt að láta það uppskátt, þar sem slíkt samrýmdist ekki almennum hagsmunum löggæzl-

unnar, og einnig hefði vitnið heitið ökumanninum að fara leynt með nafn hans. Áður hafði vitnið í þinghaldi 27. þ. m. lýst yfir því, að það hefði fengið nefndar upplýsingar í starfa sínum sem fulltrúi lögreglustjóra.

Dóminum er ljós nauðsyn ríkrar vitnaskyldu í meðferð opinberra mála og að ákvæði um frávik hennar lúti þröngri lögskýringu.

Hins vegar væru í veði stórfelldir þjóðfélagslegir hagsmunir, gætu borgarar ekki í trúnaði veitt löggæzlu vitneskju til varnar lögbrotum eða við rannsókn þeirra, án þess að eiga á hættu að baka sjálfum sér óhagræði.

Dómurinn verður að telja síðargreinda hagsmuni svo veigamikla, að þrátt fyrir vöntun á brýnu lagaákvæði, er taki til tilviks þess, er hér er til úrskurðar, hljóti að leiða af eðli laga nr. 27 frá 1951 og þeirri meginreglu, sem fram kemur í 93. gr. þeirra, að vitnið Ólafur Jónsson, fulltrúi lögreglustjórans í Reykjavík, verði ekki skyldaður til að nafngreina heimildarmann sinn, enda ekki séð, að sú nafngjöf geti haft úrslitagildi í áðurnefndu kærumáli. Breytir engu um, enda kærumálinu óviðkomandi, þótt segja megi, að vitnið hafi þegar verulega sérgreint heimildarmann sinn.

Því úrskurðast:

Vitninu Ólafi Jónssyni er óskylt að nafngreina áðurgreindan heimildarmann sinn.

Mánudaginn 25. apríl 1960.

Nr. 204/1959. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)
gegn
Kristjáni Ásgeirssyni (Haukur Jónsson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og Magnús Þ. Torfason prófessor.

Árekstur bifreiða. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar, að því er það varðar hann, með stefnu 13. nóvember 1959, að fengnu áfrýjunarleyfi 11. s. m. Krefst hann *aðallega* sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar, en *til vara*, að dæmd fjárhæð verði lækkuð og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði felldur niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Aðiljar máls þessa eru sammála um, að bifreiðin VL 72 hafi hinn 10. júlí 1956, er atvik máls þessa gerðust, verið í eigu aðilja, sem taldist til „liðs Bandaríkjanna" samkvæmt 1. gr. viðbætis við lög nr. 110/1951. Eftir gögnum málsins verður og við það að miða, að nefnd bifreið hafi þá ekki verið tryggð hjá neinu tryggingarfélagi samkvæmt 1. mgr. 36. gr. laga nr. 23/1941, sbr. 1. gr. laga nr. 7/1952, en á þeim tíma voru lagaákvæði þessi í gildi. Er því lýst af hálfu áfrýjanda, að varnarliðið hafi ekki tryggt bifreiðar, sem merktar eru einkennisstöfunum VL, hjá tryggingarfélögum samkvæmt greindum lagaboðum, heldur haft þær í sjálfstryggingu.

Hinn erlendi aðili fékk Sameinuðum verktökum bifreiðina til sjálfstæðra umráða og afnota. Bar þeim að vátryggja hana, þar sem þeir tóku við henni úr höndum erlends aðilja, sem eigi vátryggir bifreiðar sínar. Og þar sem varnarliðið

lét bifreið sína úr umsjá sinni í hendur íslenzks aðilja án þess að ganga tryggilega frá því, að hún væri vátryggð lögum samkvæmt, er áfrýjandi ábyrgur samkvæmt 2. tl. 12. gr. áðurnefndra laga nr. 110/1951 fyrir þeim greiðslum, sem á vátryggingarfélag hefðu fallið, ef bifreiðin hefði verið tryggð eftir 1. mgr. 36. gr. laga nr. 23/1941.

Samkvæmt framansögðu og þar sem ekki verður talið, að bætur til handa stefnda hafi verið of hátt ákveðnar í héraði, ber að staðfesta héraðsdóminn, að því leyti sem honum hefur verið áfrýjað. Eftir þessari niðurstöðu þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 4500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, að því leyti sem honum hefur verið áfrýjað.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda, Kristjáni Ásgeirssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 4500.00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. júní 1959.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Kristján Ásgeirsson bifreiðarstjóri, Þórshöfn, höfðað á bæjarþinginu með utanréttarstefnu, dags. 24. júní 1958, gegn Sameinuðum verktökum, hér í borg, og fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs. Eru kröfur stefnanda *aðallega* þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða honum skaðabætur, að fjárhæð kr. 51.880.70 ásamt 6% ársvöxtum frá 4. september 1956 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu eftir mati dómsins, en *til vara*, að þeim verði gert að greiða lægri fjárhæð eftir mati dómarans ásamt vöxtum og málskostnaði, eins og í aðalkröfunni greinir.

Báðir stefndu hafa krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómarans.

Málsatvik eru þessi:

Að morgni 10. júlí 1956 varð bifreiðaárekstur á Heiðarfjalli í Norður-Þingeyjarsýslu. Rákust þar saman vörubifreiðin Þ 264, eign stefnanda, og dráttarbifreiðin VL 72, eign varnarliðs Bandaríkjanna.

Stefnandi, sem sjálfur ók bifreið sinni í umrætt sinn, skýrir

svo frá, að hann hafi verið á leið upp Heiðarfjall með malarfarm á bifreiðinni. Er hann var staddur í brekku neðan til í fjallinu, hafi hann séð VL 72 koma niður fjallið. Kveður hann hraða bifreiðar sinnar þá hafa verið um 15—20 km miðað við klukkustund. Hann kveðst hafa vikið eins utarlega á vinstri vegbrún og honum var unnt, en um leið og VL 72 var ekið fram hjá, hafi hann fundið, að þungt högg kom á bifreið hans, og hafi framendi bifreiðarinnar um leið kastazt inn á veginn. Við athugun hafi komið í ljós, að hægri afturhjól bifreiðanna höfðu slegizt saman og hjólfelgurnar krækzt hvor í aðra.

Ökumaður varnarliðsbifreiðarinnar, Trausti Björnsson, kveðst hafa verið á leið niður í sandgryfju við fjallsræturnar í umrætt sinn, og hafi ökuhraði bifreiðarinnar verið 24—32 km miðað við klukkustund. Er hann ók framhjá bifreið stefnanda, hafi hann talið, að hann væri í nægilegri fjarlægð frá henni, en reyndin hafi orðið önnur, því að hægri afturhjól bifreiðanna hafi rekizt saman. Við árekstur inn hafi bifreið sú, er hann ók, snúizt þvert á veginum, og hafi hann ekki árætt að beita hemlum af ótta við, að bifreiðinni hvolfdi þá. Er bifreiðin var komin fremst á vegbrúnina, sem stefnandi ók eftir, hafi hann hemlað, en bifreiðin hafi runnið áfram niður af vegbrúninni og numið staðar í stórgrýti þar fyrir neðan.

Nokkru eftir árekstur inn komu tveir lögregluþjónar frá Þórshöfn á vettvang. Í skýrslu, sem annar þeirra hefur skráð, segir á þessa leið um atvik að árekstrinum:

„.... Aðalorsök árekstursins virðist vera sú, að VL 72 hefur komið á talsverðri ferð niður brekkuna. VL 72 er mjög létt að aftan og mun hafa slegizt til á veginum, um leið og bifreiðarnar mættust. Þ 264 var það utarlega á vegarkanti, að eigi varð tæpara farið, án þess að eiga á hættu, að kanturinn myndi springa, en hann er 4 metra hár á þessum stað ....“

Í skýrslu lögregluþjónsins er getið skemmda á bifreiðunum við árekstur inn. Segir þar um skemmdir á bifreið stefnanda, að afturfelgur hægra megin hafi verið stórskemmdar, fjaðrir og fjaðrahengsli hafi verið brotin og skemmd beggja megin, afturöxull hafi verið boginn og stórskemmdur, grind hafi verið skekkt og drifskaft skemmt.

Því er yfirlýst af báðum stefndu, að ekki sé vefengt, að ökumaður VL 72 hafi einn átt sök á árekstrinum.

Kröfur sínar á hendur Sameinuðum verktökum reisir stefnandi á því, að maður sá, er í umrætt sinn ók bifreiðinni VL 72,

hafi verið starfsmaður þeirra og einn valdið árekstrinum með ógætilegum akstri. Beri þeir því fébótaábyrgð á tjóni því, sem af árekstrinum hlauzt.

Kröfum sínum beinir stefnandi að fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs, „þar sem ríkissjóður ber að minnsta kosti að nokkru leyti ábyrgð á bótaskyldum verknaði varnarliðsins og tjóni, sem hlýzt af veru þess hér", eins og komizt er að orði í greinargerð hans.

Sameinaðir verktakar reisa sýknukröfu sína á því, að þeir hafi ekki átt bifreiðina VL 72, heldur varnarliðið. Á hinn bóginn hafi þeim verið látin bifreiðin í té samkvæmt verksamningi milli þeirra og hinna bandarísku verktaka Hamilton Smith Beck Companies, sem á þeim tíma sáu um mannvirkjagerð á vegum varnarliðsins hér á landi. Umráð þeirra yfir bifreiðinni hafi eingöngu verið bundin við framkvæmd á verkefni því, sem þeir tókust á hendur samkvæmt greindum samningi, þ. e. byggingu ratsjárstöðvar á Heiðarfjalli. Hér hafi því ekki verið um það að ræða, að Sameinaðir verktakar væru umráðamaður bifreiðarinnar í merkingu 1. mgr. 35. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, en af því leiði, að eigandaábyrgð varnarliðsins á bifreiðinni hafi verið fyrir hendi, þegar árekstur inn varð, sem málið fjallar um. Sýknukröfu sinni til frekari rökstuðnings benti þessi stefndi á það við munnlegan flutning málsins, að umrædd bifreið hafi, þrátt fyrir umráð þeirra yfir henni, eftir sem áður borið skrásetningarmerki varnarliðsins og eigi verið vátryggð fremur en aðrar bifreiðar þess hér á landi.

Stefndi ríkissjóður reisir sýknukröfu sína á því, að hann sé ekki réttur aðili þessa máls sökum þess, að bifreið sú, sem um ræðir, hafi verið lánuð Sameinuðum verktökum í sambandi við framkvæmdir þeirra á Heiðarfjalli og starfsmaður þeirra hafi ekið bifreiðinni á þeirra vegum, er umræddur árekstur varð. Þeir hafi því á þessum tíma borið ábyrgð á bifreiðinni og fébótaskyldu tjóni, sem af notkun hennar hlauzt. Þessi stefndi vefengir aftur á móti ekki, að hann komi í stað eiganda bifreiðarinnar um ábyrgð á henni, ef ekki yrði fallizt á þau sjónarmið hans, að eigandaábyrgðin hefði færzt yfir á meðstefnda.

Maður sá, sem ók VL 72, var starfsmaður stefnda Sameinaðra verktaka og ók bifreiðinni á þeirra vegum við framkvæmdir, sem þeir höfðu tekizt á hendur og sáu um. Eins og áður var getið, er ágreiningslaust, að maður þessi hafi einn valdið árekstrinum með gálauslegum akstri. Ber því þessi stefndi sem atvinnu-

rekandi fébótaábyrgð gagnvart stefnanda á tjóni hans af völdum árekstrarins.

Bifreiðin VL 72 var eign varnarliðsins, en látin Sameinuðum verktökum í té samkvæmt áðurgreindum verksamningi til framkvæmdar á þargreindu verki í þágu varnarliðsins. Bifreiðin bar skrásetningarmerki varnarliðsbifreiða og var ekki, fremur en aðrar slíkar bifreiðar hér á landi, tryggð hinni lögboðnu ábyrgðartryggingu, sbr. lög nr. 23/1941, 36. gr., nú lög nr. 26/1958, 70. gr. Að svo vöxnu máli verður eigi talið, að eigandaábyrgð á bifreiðinni samkvæmt 35. gr. laga nr. 23/1941, er giltu á þessum tíma, hafi færzt yfir á Sameinaða verktaka þrátt fyrir umráð þeirra yfir bifreiðinni, en af því leiðir, að ríkissjóður, sem kemur hér í stað bifreiðareigandans, ber einnig fébótaábyrgð gagnvart stefnanda á tjóni hans.

Samkvæmt þessu verða stefndu dæmdir in solidum til greiðslu þess tjóns, sem stefnandi telst hafa beðið af völdum árekstrarins.

Stefnandi sundurliðar fjárhæð kröfu sinnar þannig:

1.	Viðgerðarkostnaður	kr. 21.880.70
2.	Afnotamissir	— 15.000.00
3.	Verðrýrnun á bifreiðinni	— 15.000.00
		Kr. 51.880.70

Um 1.

Kröfuliður þessi sætir ekki mótmælum og verður tekinn til greina óbreyttur.

Um 2.

Báðir stefndu hafa mótmælt þessum kröfulið sem of háum.

Fjárhæð þessa kröfuliðs fær stefnandi þannig fram, að hann miðar við, að viðgerð á bifreiðinni eftir áreksturinn hafi tekið 2—3 vikur, og gerir ráð fyrir, að brutto-tekjur af akstri vörubifreiðar á því tímabili, miðað við ótakmarkaða atvinnu, eins og hann telur sig hafa átt kost á, hafi numið kr. 15.000.00. Hefur stefnandi lagt fram til stuðnings þessum kröfulið gögn um brutto-tekjur af akstri annarrar vörubifreiðar, Þ 65, á tímabilinu 7.—27. júlí 1956, og nema þær alls kr. 10.643.00.

Engar upplýsingar liggja fyrir í málinu um það, hverjar tekjur stefnandi hafði af akstri bifreiðar sinnar, áður en umrætt tjón varð á henni, og ekki heldur, hverjar þær tekjur voru, eftir að viðgerð á bifreiðinni lauk. Af gögnum málsins virðist mega

ráða, að viðgerðin hafi tekið rétt rúman hálfan mánuð. Þegar það er haft í huga og þess gætt, að hér var um vöruflutningabifreið að ræða, sem stefnandi notaði til leiguaksturs, þá þykir hæfilegt að meta tjón hans vegna afnotamissis kr. 4500.00.

Um 3.

Báðir stefndu hafa mótmælt því, að þessi kröfuliður eigi nokkurn rétt á sér.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að bifreiðin sé ekki jafngóð eftir áreksturinn þrátt fyrir viðgerð þá, sem framkvæmd var á henni. Grind bifreiðarinnar hafi skekkzt svo, að ekki varð við gert, bifreiðin sé „slæm í stýri" og sé þar af leiðandi um meira slit á því að ræða en ella, og „kast" sé á hjólum, sem hafi í för með sér óeðlilega mikið slit á hjólbörðum. Af þessu leiði, að viðhald bifreiðarinnar verði miklu meira en ella og ending hennar jafnframt minni. Áætlar stefnandi tjón sitt af þessum sökum nema þeirri fjárhæð, sem hér er krafizt.

Stefnandi hefur engar sönnur leitt að því, að tjón það, er á bifreið hans varð við áreksturinn, hafi ekki verið að fullu bætt með viðgerð þeirri, sem framkvæmd var og krafizt er greiðslu á undir 1. lið hér að framan. Er því ekki unnt, gegn mótmælum stefndu, að taka þenna síðasta lið kröfunnar til greina að neinu leyti.

Samkvæmt því, er að framan greinir, telst tjón stefnanda af völdum árekstrarins nema alls kr. 26.380.70 (kr. 21.880.70 + kr. 4500.00). Verða stefndu dæmdir in solidum til greiðslu þeirrar fjárhæðar ásamt vöxtum, eins og krafizt er, og málskostnaði, sem ákveðst kr. 3000.00.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Stefndu, Sameinaðir verktakar og fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs, greiði in solidum stefnanda, Kristjáni Ásgeirssyni, kr. 26.380.70 ásamt 6% ársvöxtum frá 4. september 1956 til greiðsludags og kr. 3000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 25. apríl 1960.

Nr. 72/1959. **H/f Júpiter** (Páll Á. Tryggvason hrl.)
gegn
borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs
(Tómas Jónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og Magnús Þ. Torfason prófessor.

Um skyldu atvinnurekenda samkvæmt 29. gr. útsvarslaga nr. 66/1945.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Grímsson, fulltrúi borgarfógeta í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar 27. apríl 1959 og krafizt þess, að synjað verði um framgang lögtaks að öllu, en til vara að nokkru, og að stefnda verði dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Með atvinnurekstri sínum og ráðningu starfsmanna, er kaup hljóta, til hans hefur áfrýjandi gengizt undir kvöð samkvæmt 29. gr. laga nr. 66/1945 um útsvör að halda eftir af kaupi starfsmanna upp í útsvarsskuldir og skila sveitarstjórn því, sem þannig er haldið eftir, og felst hvorki í nefndri 29. gr. né öðrum réttarreglum heimild, er veiti áfrýjanda rétt til ómakslauna af hinu innheimta útsvari. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 4000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, h/f Júpiter, greiði stefnda, borgarstjóran-

um í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, málskostnað í Hæstarétti, kr. 4000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 6. apríl 1959.

Efni þessa máls er það, að hinn 4. febrúar s.l. sendi félag gerðarþola og h.f. Marz skrifstofu borgarstjórans í Reykjavík þrjá lista um fé, sem haldið hafði verið eftir af kaupi starfsfólks félaganna upp í útsvar til bæjarsjóðs Reykjavíkur, þar á meðal lista yfir skipverja á b/v Úranusi, og nam fé það, sem haldið hafði verið eftir af kaupi þeirra, kr. 20.200.00. Jafnframt tilkynntu nefnd félög, að þau héldu eftir „sem ómakslaunum" vegna innheimtunnar 2% af innheimtri útsvarsfjárhæð. Vantar þannig 2%, eða kr. 404.00, á það, að h.f. Júpiter, eigandi b/v Úranusar, hafi staðið bæjargjaldkera Reykjavíkur skil á umræddum útsvarsgreiðslum, kr. 20.200.00, sem félagið hafði haldið eftir samkvæmt framsendum lista.

Gerðarbeiðandi leit svo á, að gerðarþola væri eigi heimilt að reikna sér framangreinda innheimtuþóknun og þá ekki að halda eftir af framangreindri útsvarsfjárhæð þeim kr. 404.00, sem hér ræðir um, enda tók bæjargjaldkerinn við greiðslunni, kr. 20.200.00 ÷ kr. 404.00, með fyrirvara. Af þessum ástæðum hefur borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs krafizt þess, að lögtak verði látið fara fram í eignum gerðarþola til tryggingar framangreindri útsvarskröfu, kr. 404.00, ásamt dráttarvöxtum og kostnaði, sbr. b-lið 29. gr. útsvarslaganna nr. 66/1945.

Hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda, auk greinargerðar, lagt fram í málinu afrit bréfa frá félagi gerðarþola þessu viðvíkjandi, dags. 22. janúar, 2. febrúar og 4. febrúar 1959, svo og af tilvitnuðum lista og enn fremur afrit af bréfi borgarstjóra til félags gerðarþola, dags. 28. janúar s.l.

Umboðsmaður gerðarþola hefur mótmælt útsvarskröfu gerðarbeiðanda og gert þær kröfur í málinu, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar.

Mótmæli sín og kröfur reisir umboðsmaður gerðarþola á því, að enda þótt hann viðurkenni skyldu kaupgreiðenda samkvæmt ákvæðum 29. gr. útsvarslaganna til þess að halda eftir af kaupi starfsmanna sinna upp í útsvarsskuldir, þá líti hann svo á, að kaupgreiðendur séu ekki skyldir að inna slíka þjónustu af hendi fyrir bæjar- eða sveitarfélög án endurgjalds, og hefur hann í því efni vísað til 67. gr. stjórnarskrárinnar og jafnframt bent

á það, að í útsvarslögunum sé hvergi að finna nein ákvæði um það, að atvinnurekendum beri að inna af hendi fyrrnefnda þjónustu án þess að ætla sér gjald fyrir. Störf þessi ásamt öðrum af svipuðu tagi séu enda orðin mjög umsvifamikil hjá stórum fyrirtækjum eins og gerðarþola, sem hafi fjölda manna í þjónustu sinni. Hafi og gerðarþoli orðið að bæta við sig starfsliði vegna vinnu við opinber gjöld og annað slíkt. Það sé því ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, er gerðarþoli geri kröfu til þess, að honum sé bættur beinn kostnaður af því aukna starfi, sem þessi þjónusta hafi í för með sér. Beri því að synja um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur í greinargerð sinni rakið tildrög þessa máls og við munnlegan flutning þess, meðal annars með tilvísun til bréfs borgarstjórans til félags gerðarþola, dags. 28. janúar s.l., sem fyrir liggur í málinu, mótmælt framangreindum kröfum og sjónarmiði gerðarþola. Hefur hann haldið því fram, að af ákvæðum 29. greinar útsvarslaganna, þar sem kaupgreiðendum er gert að skyldu að halda eftir af kaupi starfsmanna sinna upp í útsvarsskuldir, sé það ljóst, að fjárhæðir þær, sem þannig sé haldið eftir, séu geymslufé í vörzlum kaupgreiðenda, sem þeim beri að standa skil á að fullu til bæjargjaldkera, enda segi í i-lið nefndrar lagagreinar, að kaupgreiðandi skuli „skila sveitarstjórn því, sem þannig er haldið eftir. . . .“ Af orðalagi þessu verði ekki annað ráðið en að kaupgreiðendur eigi að skila öllu því, sem haldið er eftir, án nokkurs frádráttar, og bendi það ótvírætt til þess, að löggjafinn hafi ekki ætlazt til, að kaupgreiðendur reiknuðu sér þóknun fyrir þetta starf. Hins vegar, ef vafi kynni að leika á þessu, þá væri þó fullvíst, að kaupgreiðendur gætu ekki einhliða og að eigin geðþótta ákveðið sér þóknun og haldið henni eftir af því geymslufé, sem þeim væri trúað fyrir. Beri því að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar.

Aðiljar hafa lagt atriðið undir úrskurð réttarins.

Það er enginn ágreiningur með aðiljum í máli þessu um það, að kaupgreiðendum sé samkvæmt ákvæðum 29. gr. útsvarslaganna skylt að halda eftir af kaupi starfsmanna sinna upp í útsvarsskuldir eftir þeim reglum, sem þar eru gefnar. Hins vegar greinir aðilja á um það, hvort kaupgreiðendum sé heimilt að reikna sér þóknun fyrir þá þjónustu eða ekki. Umboðsmaður gerðarþola hefur, sem að framan greinir, haldið því fram, að kaupgreiðendum beri eigi skylda til að inna slíka þjónustu af

hendi án endurgjalds, enda væri með því verið að leggja kaupgreiðendum á herðar beinan kostnað og skerða með því eign þeirra, en það fari í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar. Auk þess séu engin ákvæði um það í lögum, að kaupgreiðendum beri að inna slíka þjónustu af hendi án endurgjalds. Hins vegar væru þessi innheimtustörf orðin það umsvifamikil hjá gerðarþola, að hann hafi orðið að auka starfslið sitt af þeim ástæðum, og væri því sjálfsagt og eðlilegt, að hann reiknaði sér þóknun til þess að mæta þeim kostnaði, sem af þessu starfi leiddi.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur hins vegar, sem áður segir, haldið því fram, að af ákvæðum 29. gr. útsvarslaganna sé það ljóst, að fjárhæðir þær, sem kaupgreiðendum sé gert skylt að halda eftir af kaupi starfsmanna sinna upp í útsvör, sé geymslufé, sem kaupgreiðendum beri að standa skil á að fullu til bæjargjaldkera, enda sé það í samræmi við orðalag i-liðs nefndrar lagagreinar. Verði og ekki annað ráðið af orðalagi þessa liðs lagagreinarinnar en að löggjafinn hafi ætlazt til, að kaupgreiðendur inntu starf þetta af höndum án endurgjalds.

Það er að vísu rétt, sem umboðsmaður gerðarþola hefur haldið fram, að það eru hvergi positív ákvæði um það í útsvarslögunum, að kaupgreiðendum beri að inna af hendi endurgjaldslaust það innheimtustarf, sem þeim er falið með 29. gr. nefndra laga, né heldur um það, að þeim sé bannað að krefja hið opinbera um greiðslu á þeim kostnaði, sem starf þetta hefur í för með sér. Engu að síður getur rétturinn eigi fallizt á það sjónarmið umboðsmanns gerðarþola, að af þögn löggjafans um þetta atriði verði með réttu dregin sú ályktun, að kaupgreiðendum sé heimilt að reikna sér þóknun fyrir þetta starf, jafnvel þótt verulegt megi teljast. Fremur lítur rétturinn svo á, að sennilegt megi telja, að ef löggjafinn hefði ætlazt til þess, að kaupgreiðendum bæri þóknun fyrir þessi skyldustörf, þá hefði það verið tekið fram beinum orðum í 29. gr. útsvarslaganna, sem um þessa skyldu kaupgreiðenda fjallar, enda verður rétturinn að fallast á þá skoðun umboðsmanns gerðarbeiðanda, að af tilvitnuðu orðalagi 29. gr. margnefndra laga megi með nokkrum rétti ráða það, að löggjafinn hafi eigi ætlazt til þess, að kaupgreiðendum bæri þóknun fyrir þessi störf. Verður rétturinn því að líta svo á, að gerðarþola hafi eigi verið heimilt að ákveða sér og halda eftir sem þóknun til sín fjárhæð þeirri, sem um er að ræða í máli þessu, og að af þeirri ástæðu verði að leyfa framgang hinnar umbeðnu lög-

taksgerðar. Og jafnvel þó að svo væri á litið, að eðlilegt og sanngjarnt væri, að kaupgreiðendur fengju þóknun fyrir þessi margnefndu innheimtustörf, þá leiðir af því, að engin lagaákvæði eru til um það, hversu ákveða ætti þá þóknun, að það hlyti að vera samningsatriði hverju sinni. Nú er það ljóst af því, sem fram hefur komið í máli þessu, að gerðarþoli hefur eigi talið ástæðu til að leita samninga um þetta atriði við gerðarbeiðanda, heldur einhliða ákveðið sér þóknun fyrir þetta starf sitt. Slíkt telur rétturinn, að ekki fái staðizt gegn mótmælum gerðarbeiðanda. Einnig af þessari ástæðu getur rétturinn eigi tekið synjunarkröfu gerðarþola til greina.

Samkvæmt framanskráðu þykir því verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Mánudaginn 2. maí 1960.

Nr. 75/1958. **Trausti Jónsson og Hraðfrystihús Keflavíkur h/f** (Gústaf A. Sveinsson hrl.) gegn **Karli Karlssyni** (Gunnar Jónsson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og Magnús Þ. Torfason prófessor.

Skaðabótakrafa út af riftun skiprúmssamnings.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur, sem nú eru sagðir sameigendur v/b Sæfara, KE 52, hafa með stefnu 24. nóvember 1958 skotið máli þessu til Hæstaréttar, að því leyti sem það varðar þá. Þeir gera þær dómkröfur, að sjóveðréttur stefnda í greindu skipi verði felldur niður og að stefnda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum áfrýjenda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi þeirra eftir mati dómsins.

Fram er komið í málinu, að Guðmundi Ibsenssyni, sem ráðinn hafði verið skipstjóri v/b Sæfara, KE 52, á vetrarvertíð 1956, var af forráðamönnum skipsins falið að ráða áhöfn þess, og hefur Guðmundur vottað, að hann hafi ráðið stefnda háseta þá vertíð. Eins og í héraðsdómi greinir, kom v/b Sæfari frá Svíþjóð til Keflavíkur 30. marz 1956. Daginn eftir skráðist stefndi úr skiprúmi, enda leitaði áfrýjandi Trausti Jónsson, sem um þær mundir var að festa kaup á skipinu, eigi eftir því við stefnda, að hann yrði á skipinu áfram. Samkvæmt þessu og forsendum héraðsdóms að öðru leyti öðlaðist stefndi á hendur útgerð skipsins rétt til fébóta, sem tryggðar voru með sjóveðrétti í skipinu samkvæmt 236. gr. laga nr. 56/1914. Eftir gögnum málsins þykja bætur til handa stefnda eigi of hátt ákveðnar í héraðsdómi. Á ákvæði héraðsdóms um sjóveðrétt því að standa óhaggað og stefndi að vera sýkn af kröfum áfrýjenda.

Eftir þessum úrslitum eiga áfrýjendur að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Karl Karlsson, á að vera sýkn af kröfum áfrýjenda, Trausta Jónssonar og Hraðfrystihúss Keflavíkur h/f.

Áfrýjendur greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 16. október 1958.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. þ. m., höfðaði Karl Karlsson, Laugateigi 5 í Reykjavík, fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 4. október 1956, á hendur Oddi Helgasyni f. h. Fiskveiðihlutafélagsins Viðey, hér í bæ, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 20.532.19 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júní 1956 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Þá hefur stefnandi krafizt viðurkenningar á sjóveðrétti í v/b Sæfara, KE 52, til tryggingar dæmdum fjárhæðum. Hefur hann

stefnt Trausta Jónssyni, Keflavík, núverandi eiganda skipsins, til réttargæzlu að því leyti.

Stefndu hafa *aðallega* krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins, en *til vara* lækkunar á kröfum stefnanda, og þá í hæsta lagi kr. 15.978.50.

Stefnandi lýsir málavöxtum þannig, að fyrir áramótin 1955—1956 hafi hann verið ráðinn af Guðmundi Ibsen til að vera háseti á v/b Sæfara, KE 52, yfir vetrarvertíðina 1956. Hafi Guðmundur Ibsen verið ráðinn til þess að vera skipstjóri skipsins. Um þetta leyti hafi skipið verið í Svíþjóð, þar sem það var til ýmissa endurbóta, en fullyrt hafi verið, að skipið yrði tilbúið til að hefja veiðar strax í byrjun vertíðar. Þetta hafi þó dregizt, og hafi þeir skipverjarnir ekki verið sendir utan til þess að sækja skipið fyrr en hinn 16. febrúar 1956. Enn hafi þó orðið dráttur á því, að skipið yrði tilbúið. Hafi þeir ekki getað lagt af stað til Íslands fyrr en 25. marz, og hafi þeir komið til Keflavíkur hinn 30. s. m. Er til landsins hafi verið komið, hafi hið stefnda fiskveiðihlutafélag verið búið að selja skipið Trausta Jónssyni, réttargæzlustefnda. Hafi því ekkert orðið úr því, að skipið hæfi róðra, enda hafi hinn nýi eigandi þess leigt það til Vestmannaeyja, þar sem ný skipshöfn hafi tekið við því.

Byggir stefnandi kröfu sína á því, að hann hafi verið ráðinn á skipið yfir vetrarvertíðina 1956. Hafi stefnandi mátt treysta því, að útgerð skipsins yrði yfir alla vertíðina, svo sem ákveðið hafi verið við ráðningu. Það hafi því verið vegna vanefnda hins stefnda fiskveiðihlutafélags, að stefnandi hafi misst af vetrarvertíðinni. Stefnandi hafi orðið fyrir miklu fjárhagstjóni vegna þessara vanefnda, og beri hið stefnda fiskveiðihlutafélag fébótaábyrgð á því tjóni, sem stefnandi hafi orðið fyrir af þeim sökum.

Stefndu byggðu sýknukröfu sína á því í upphafi, að stefnandi hafi eigi verið ráðinn til annars en að sækja skipið til Svíþjóðar. Hafi stefnandi fengið greitt fyrir það sérstaklega, og eigi hann því eigi frekari kröfu á hendur stefndu. Í annan stað byggðu stefndu sýknukröfu sína á því, að er skipið hafi komið til Keflavíkur, hafi hinn nýi eigandi þess, réttargæzlustefndi, boðið stefnanda eins og öðrum skipverjum að vera áfram á skipinu, það sem eftir væri vertíðarinnar. Því boði hafi stefnandi hafnað, og hafi hann því firrt sig rétti til að krefjast skaðabóta úr hendi hins stefnda hlutafélags. Síðar var því eigi mótmælt af hálfu stefndu, að Sigurjón Sigurðsson sem prókúruhafi hins stefnda fiskveiðihlutafélags hafi ráðið Guðmund Ibsen til að vera skip-

stjóra á v/b Sæfara yfir vetrarvertíðina og að honum hafi verið falið að ráða skipshöfn á skipið.

Við hinn munnlega málflutning lét lögmaður stefndu að því liggja, að vísa ætti máli þessu frá dómi ex officio, þar sem Fiskveiðihlutafélaginu Drangey hafi eigi verið stefnt í máli þessu, en það hafi á þeim tíma, er hér um ræðir, verið sameigandi að v/b Sæfara með Fiskveiðihlutafélaginu Viðey. Af gögnum málsins er ljóst, að samskipti skipshafnar v/b Sæfara voru eingöngu við Fiskveiðihlutafélagið Viðey. Eru því eigi efnisrök til að vísa málinu frá dómi af framangreindum ástæðum.

Fyrir dómi hefur Guðmundur Ibsen borið, að Sigurjón Sigurðsson hafi ráðið hann til skipstjórnar v/b Sæfara yfir vetrarvertíðina 1956. Hafi hann strax fyrir áramótin ráðið skipshöfn á skipið, þar á meðal stefnanda, og hafi ráðningin verið til allrar vetrarvertíðarinnar. Guðmundur Ibsen kvað hinn nýja eiganda, réttargæzlustefnda, eigi hafa boðið skipshöfninni að vera áfram á skipinu, eftir að komið hafi verið til landsins.

Trausti Jónsson, réttargæzlustefndi, hefur komið fyrir dóm og borið um atvik að boði sínu um það, að skipshöfn skipsins yrði á því, það sem eftir væri vertíðar. Hann kveðst hafa boðið Guðmundi Ibsen skipstjórn, en öðrum skipverjum hafi hann ekki boðið skiprúm, enda hafi Guðmundur hafnað skipstjórninni.

Af staðhæfingum stefnanda, sem einnig eru studdar framburði Guðmundar Ibsens, þykir ljóst, að stefnandi hafi verið ráðinn háseti á skipinu yfir vetrarvertíðina 1956, enda er því ómótmælt af stefndu, að tilætlunin hafi verið sú, að skipið hæfi veiðar í byrjun vertíðarinnar. Og þar sem ósannað er, að stefnanda hafi verið boðið skiprúm á skipinu, eftir að komið var til landsins, ber hið stefnda fiskveiðihlutafélag fébótaábyrgð gagnvart stefnanda á því tjóni, sem hann kann að hafa orðið fyrir vegna vanefnda félagsins á ráðningarsamningnum. Verður því sýknukrafa stefndu ekki tekin til greina.

Fjárkröfu sína í málinu miðar stefnandi við það, hver hásetahlutur sinn hefði orðið yfir alla vertíðina. Miðar hann við útgerð tveggja skipa, sem gerð voru út frá Keflavík, svo sem til stóð með v/b Sæfara. Annað þeirra skipa hafi verið í hærra lagi þeirra skipa, og hafi hásetahlutur þar verið kr. 29.705.40, en hitt, sem hafi verið fyrir neðan meðallag, hafi verið með hásetahlut kr. 16.506.05. Tekur stefnandi meðaltal þessara tveggja skipa og reiknar hásetahlut sinn kr. 23.000.00

að viðbættum aukahlut sjómanns kr. 4.600.00 kr. 27.600.00
Af þeirri fjárhæð hefur stefnandi fengið greitt
hjá hinu stefnda hlutafélagi ..... — 7.067.81

Mismunurinn, kr. 20.532.19

er því krafa hans í málinu.

Varakröfu sína í málinu styðja stefndu þeim rökum, að stefnandi miði við of háan aflahlut. Miðað við útgerð sex skipa frá Keflavík, sem stefndu hafa aflað upplýsinga um og fyrir liggja í málinu, hefur hásetahlutur að meðaltali verið kr. 18.446.31. Stefnandi hafi því hæst orðið fyrir tjóni, sem nemi kr. 15.978.50. Þar að auki megi gera ráð fyrir, að stefnandi hafi unnið fyrir einhverjum launum á tímabilinu frá 30. marz og til loka vertíðar 11. maí 1956, og beri einnig að taka tillit til þess við ákvörðun bóta til stefnanda.

Nákvæm skýrsla liggur ekki fyrir um afla þeirra skipa, sem gerð voru út frá Keflavík á vetrarvertíðinni 1956, en þau voru alls um 40. Með tilliti til þess, sem að framan er rakið um aflahlut á þeim skipum, sem upplýsingar liggja fyrir um, og annars þess, sem máli þykir skipta, þykja bætur til stefnanda hæfilega ákveðnar kr. 12.000.00. Verður Fiskveiðahlutafélagið Viðey því dæmt til að greiða stefnanda þá fjárhæð ásamt vöxtum frá 1. júní 1956, eins og krafizt er.

Þá ber að viðurkenna sjóveðrétt stefnanda í v/b Sæfara, KE 52, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Eftir þessari niðurstöðu ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1500.00.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum Jónasi Jónassyni og Pétri Björnssyni, skipstjórum.

Dómsorð:

Stefndi, Fiskveiðihlutafélagið Viðey, greiði stefnanda, Karli Karlssyni, kr. 12.000.00 með 6% ársvöxtum frá 1. júní 1956 til greiðsludags og kr. 1500.00 í málskostnað, og á stefnandi sjóveðrétt í v/b Sæfara, KE 52, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 5. maí 1960.

Nr. 11/1960. **Kristján Bjarnason, eigandi Norður-Hvols**
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
eigendum Péturseyjar I og II, Valla og Nikhóls, þeim Sigurjóni Árnasyni, Elíasi Guðmundssyni, Þórði Guðmundssyni og Herði Þorsteinssyni (Egill Sigurgeirsson hrl.)
og
landbúnaðarráðherra vegna ríkisjarðanna Fells, Holts, Keldudals og Álftagrófar
(Sveinbjörn Dagfinnsson hrl.)
og
eigendum Suður-Hvols, þeim Arnþrúði Guðjónsdóttur, Guðmundi Eyjólfssyni og Sigurði Eyjólfssyni (Egill Sigurgeirsson hrl).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Magnús Þ. Torfason.

Landamerkjamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. janúar 1960 og fengið gjafsókn hér fyrir dómi. Eru kröfur hans þessar:

Aðallega, að landamerki milli Hvols og aðliggjandi jarða að vestan og norðan verði ákveðin úr tveimur vörðum í Hvolsmóa við sjó, punkti D á uppdrætti Þórhalls Jónssonar, dómskipaðs mælingamanns, í stefnu á Kristínarklett austan í Fellsfjalli, allt þar til „hesteyra" af Mávadrangi ber undan Skeiðflatarhlíð, punktur A_1 á uppdrættinum. Þaðan í beina stefnu á Reyðarfoss í Dalaheiði, þar til sú lína sker framhald austurmerkjagirðingar Hvolslands á Hafursáraurum, þ. e. í punkti E á nefndum uppdrætti.

Til vara, að ákveðin verði sömu mörk að vestan og áður

voru greind, en síðan úr punktinum A_1 beina stefnu í vörðu á Hafursáraurum, 133 metra norðan punktsins B á uppdrættinum.

Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi úr hendi stefndu in solidum, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Í Hæstarétti hafa verið lögð fram nokkur ný gögn. Þá hafa og dómendur Hæstaréttar farið á vettvang og kynnt sér staðhætti.

Í landamerkjalýsingu Péturseyjar frá 1. apríl 1888 segir svo um landamerki milli Péturseyjar og Hvols: „Tvær vörður fram við sjó, sem beri hvor í aðra, og svo til fjalls, þar til sjáist hvassasta af brúninni af Hrosshömrum bera austan við Kristínarklett austan í Fellsfjalli, en þá nær landamarkið ekki lengra til fjalls en að sjáist (um) sem? hesteyra af Máfadrang vestan undan Skeiðflatarhlíðinni".

Í landamerkjalýsingu Hvols frá 1. júní 1921 er eftirfarandi tekið fram um landamerki milli Hvols og Péturseyjar og Hvols og Holts:

„Fjörumark, þegar hesteyra af Hrosshömrum ber austan undan Fellsfjalli að ofan Kristínarkletti, og eru vörður tvær reistar vestast á Hvolsmóa, sem eru í þeirri beinu stefnu. Landamark hið sama eftir Hafursáraurum alla leið upp í hornmark milli Hvols og Holts og Péturseyjar og Fells, sem er á Hafursáraurum, þar sem hesteyra af Máfadrang ber undan Skeiðflatarhlíðinni og Reyðarfoss er opinn undan Leynimýrarkórum (á miðju sundi)".

Áfrýjandi heldur því fram, að ákveða beri vesturmörkin samkvæmt framanskráðum landamerkjalýsingum þannig, að dregin sé bein lína um vörðurnar í Hvolsmóa og svo áfram sama stefna á Kristínarklett, unz komið sé að punktinum A_1 á uppdrættinum, þar sem hesteyra af Mávadrang sézt undan Skeiðflatarhlíðinni.

Eftir þessari kröfugerð mundi punkturinn A_1 mynda norðvesturhornmark Hvolsjarða. En samkvæmt sömu landa-

merkjalýsingum ákveðst það hornmark af þremur miðum, þ. e. þar sem hesteyra af Mávadrang ber undan Skeiðflatarhlíðinni, Reyðarfoss er opinn undan Leynimýrarkórum á miðju sundi og þar sem hvassasta af brúninni af Hrosshömrum sést bera austan við Kristínarklett. Punkturinn A_1 samræmist aðeins einu af þessum miðum, þ. e. Mávadrangslínunni. Hins vegar eiga öll þessi mið við um punktinn C á uppdrættinum. Eftir staðháttum var nauðsynlegt, að norðvesturhornmarkið væri skýrt ákvarðað, enda sést þar ekki til marka í Hvolsmóa. Og þar sem miðin þrjú eiga öll við um punktinn C, þykir bera að staðfesta hann sem norðvesturhornmark Hvolsjarða og þá jafnframt markalínuna C-D á uppdrættinum.

Samkvæmt landamerkjalýsingu Hvols frá 1. júní 1921 var norðausturhornmark Hvols hornvarða á óvefengdri austurmarkalínu Hvolsjarða með þessum miðum: „Frá vörðu þessari er að sjá Reyðarfoss opinn undan brekkubrúninni og íbúðarhús Guðmundar í Pétursey laust framundan Eyjarhól". Þessi mið eiga meðal annars við um punktinn B á uppdrættinum, sem héraðsdómur taldi rétt hornmark á þessum stað. Áfrýjandi telur punktinn E rétt hornmark, en þar sker lína frá punktinum A_1 í stefnu á Reyðarfoss austurmarkalínu Hvolsjarða. Til vara heldur hann því fram, að vörðubrot nokkru fyrir norðan punktinn B hafi verið hin upphaflega hornvarða, en að því eru þó engar sönnur leiddar. Með skírskotun til raka héraðsdóms þykir mega fallast á ákvörðun hans um hornmark þetta og þá jafnframt um markalínuna B-C á uppdrættinum.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður. Málflutningslaun talsmanns áfrýjanda, kr. 15.000.00, greiðist úr ríkissjóði. Hinir stefndu Sigurjón Árnason, Elías Guðmundsson, Þórður Guðmundsson og Hörður Þorsteinsson hafa fengið gjafvörn hér fyrir dómi. Málflutningslaun talsmanns þeirra, sem ákveðst kr. 15.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Málflutningslaun hinna skipuðu talsmanna, Sigurðar Ólasonar og Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanna, kr. 15.000.00 til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur merkjadóms Skaftafellssýslu 19. desember 1959.

Ár 1959, laugardaginn 19. desember, var í merkjadómi Skaftafellssýslu í landamerkjamálinu nr. 1/1958: Eigandi Norður-Hvols, Kristján Bjarnason, gegn eigendum Péturseyjarjarðanna: Péturseyjar I og II, Valla og Nikhóls, þeim Sigurjóni Árnasyni, Elíasi Guðmundssyni, Þórði Guðmundssyni og Herði Þorsteinssyni, landbúnaðarráðherra vegna ríkisjarðanna Fells, Holts, Keldudals og Álftagrófar og eigendum Suður-Hvols, þeim Arnþrúði Guðjónsdóttur og Guðmundi og Sigurði Eyjólfssonum, kveðinn upp svohljóðandi dómur:

Mál þetta, sem tekið var til dóms 14. f. m., er að ósk eiganda Norður-Hvols tekið upp ex officio samkvæmt lögum um landamerki nr. 41 frá 1919. Er málið risið út af ágreiningi um landamerki milli eiganda Norður-Hvols annars vegar og eigenda allra þeirra jarða, sem nefndar eru í heiti málsins, hins vegar. Auk þeirra Péturseyjarjarða, sem þegar hafa verið nefndar, telst jörðin Eyjarhólar til þeirra, en eigandi hennar, Þorlákur Björnsson, er ekki aðili að máli þessu að öðru leyti en því, að hann hefur stutt síðar greindar kröfur eiganda Norður-Hvols, að því er varðar landamerki milli Péturseyjarjarða og Hvolsjarðanna.

Áður en lengra er haldið, þykir rétt að gera grein fyrir afstöðu jarða þeirra innbyrðis, er hér koma við sögu. Vestan að landi Hvolsjarða liggur óskipt land allra (fimm) Péturseyjarjarðanna. Land Fells snertir land Hvolsjarða í norðvesturhornpunkti þess. Norðan að landi Hvolsjarða liggja lönd Holts, Keldudals og Álftagrófar. Lönd jarðanna Brekkna og Ása, sem er nýbýli úr landi Brekkna, snerta land Hvolsjarða í norðausturhornpunkti þess. Nyrzt að landi Hvolsjarða að austan liggur land jarðarinnar Steigar.

Eigandi Norður-Hvols hefur krafizt þess *aðallega*, að landamerki Hvolsjarða (Norður- og Suður-Hvols) verði ákveðin, svo sem sýnt er á uppdrætti á dskj. nr. 2, þ. e.: Að vestan úr tveim vörðum í Hvolsmóa frá punkti D í punkt A (nánar tiltekið punkt A_2) og að norðan úr þeim hornpunkti í punkt E. *Til vara* krefst hann þess, að vesturlínan verði ákveðin, svo sem nú var sagt, en norðurlínan markist af punktunum A—B á uppdrættinum. Loks hefur hann krafizt málskostnaðar í málinu úr hendi allra gagnaðilja sinna.

Allir gagnaðiljar eiganda Norður-Hvols hafa mótmælt framangreindum kröfum hans. Krefjast þeir þess, að landamerki Hvolsjarða að vestan verði ákveðin eftir línunni milli punktanna D og C á fyrrnefndum uppdrætti og norðurmörkin eftir línunni C—B á sama uppdrætti. Þá krefjast þeir allir málskostnaðar úr hendi eiganda Norður-Hvols.

Það athugast, að enginn ágreiningur er milli eigenda Hvolsjarða og eigenda Péturseyjarjarða um landamerki milli jarðanna frá vörðunum í Hvolsmóa (punkti D) og til sjávar. Þá er ekki heldur ágreiningur um landamerki Hvolsjarðanna að austan, og að sunnan liggja þær að sjó.

Hér á eftir verða nú teknar upp orðrétt eftir endurritum úr landamerkjabók Skaftafellssýslu þær merkjalýsingar hlutaðeigandi jarða, sem ætla má, að máli skipti um ágreining þann, sem hér liggur fyrir til úrlausnar.

1. Lands- og fjörumerki milli jarðanna Péturseyjar og Hvols frá 1. apríl 1888:

„Tvær vörður fram við sjó, sem beri hvor í aðra, og svo til fjalls, þar til sjáist hvassasta af brúninni af Hrosshömrum bera austan við Kristínarklett austan í Fellsfjalli, en þá nær landmerkið ekki lengra til fjalls en að sjáist (um) sem? hesteyra af Máfadrang vestan undan Skeiðflatarhlíðinni."

2. Landamerki milli Péturseyjar og Fells frá sama degi:

„Úr vörðu, sem er á aurunum framan við Klifandiárgilkjaft (sem er sama varða, sem er á landamerki milli Eystri-Sólheima og Fells), úr nefndri vörðu sjáist (um) sem? hesteyra af Máfadrang vestur undan Skeiðflatarhlíðinni og úr sömu vörðu sama sjónhending á Máfadrang, þar til kemur hornmarkið milli Hvols og Péturseyjar."

3. Landamörk milli Hvols og Péturseyjar og Hvols og Holts, lýst 1. júní 1921:

„Fjörumark, þegar hesteyra af Hrosshömrum ber austan undan

Fellsfjalli að ofan Kristínarkletti, og eru vörður tvær reistar vestast á Hvolsmóa, sem eru í þeirri beinu stefnu. Landmark hið sama, eftir Hafursáraurum alla leið upp í hornmark milli Hvols og Holts og Péturseyjar og Fells, sem er á Hafursáraurum, þar sem hesteyra af Máfadrang ber undan Skeiðflatarhlíðinni og Reyðarfoss er opinn undan Leynimýrarkórum (á miðju sundi). Úr þessu hornmarki er bein lína milli Holts og Hvols í áðurnefnda hornvörðu (hér nefnd síðar) milli Hvols og Steigar."

4. Landamörk milli Hvols og Hryggja, Ketilsstaða og Steigar, lýst 1. júní 1921:

„Er garður alla leið frá Hryggjarkvíslaraurum móts við Götuhrygg og upp að Heimrikvíslaraur, þar sem horn af Máfadrang ber yfir miðjan Múla vestan við Geitarfjall. Þaðan bein lína eftir Heimrikvíslaraur, sjónhending á Grófarbæinn og í hornvörðu, sem er í markalínu Holts og Hvols og er hornmark milli Steigar og Hvols og Steigar og Brekknajarða. Frá vörðu þessari er að sjá Reyðarfoss opinn undan brekkubrúninni og íbúðarhús Guðmundar í Pétursey laust framundan Eyjarhól."

5. Landamerkjaskrá Steigar frá 20. des. 1921:

„... Þaðan beina línu í stefnu á húsið í Álftagróf allt upp að vörðu langt upp á aurunum, þar sem saman koma mörk milli Hvols og Holts og Brekkna ..."

6. Landamerki milli Brekkna og Áss annars vegar og Holts, Keldudals og Álftagrófar hins vegar:

„Ár 1956, sunnudaginn 30. september, vorum við undirritaðir ásamt hreppstjóra Dyrhólahrepps staddir inn á Hafursáraurum til þess að athuga og ná samkomulagi um mörk milli Brekkna og Áss annars vegar og Álftagrófar, Keldudals og Holts hins vegar.

Samkomulag varð, að láta markið vera úr norðausturhorni Hvolsgirðingar austur í aurinn í beina stefnu á Reyðarfoss í Dalaheiði, og eru vörður austur aurinn á þessari stefnu allt að hreppamörkum."

Hornvarða sú, sem um getur í merkjalýsingunum undir 3.—5. tölulið hér að framan, er nú ekki lengur til, en augljóst er, að hún hefur verið viðurkennt hornmark milli Hvolsjarða, Holts, Brekknajarða og Steigar.

Einn eigenda Suður-Hvols, Guðmundur Eyjólfsson, hefur komið fyrir dóm. Kveður hann, að vörðulína hafi verið á merkjum Hvols að norðan, og segist hafa þetta eftir föður sínum, en hann undirritaði landamerkjalýsinguna frá 1921. Síðar hafi verið girt á vörðulínunni og norðausturhorn girðingarinnar ákveðið þannig,

að miðað hafi verið frá þekktu merki við garðsenda við Heimrikvíslaraur í Álftagrófarbæinn og hornpunktur ákveðinn, þar sem sú lína hafi skorið vörðulínuna. Þá telur Guðmundur, að framlengja eigi norðurgirðingarlínuna í vestur, unz sú lína sker línuna „hesteyra af Mávadrang undan Skeiðflatarhlíðinni“ og „Reyðarfoss opinn undan Leynimýrarkórum“ (á miðju sundi). Skurðpunkt þessara tveggja lína telur hann norðvesturhornmark Hvols og vesturmörkin beina línu frá þessu hornmarki í vörðurnar tvær í Hvolsmóa.

Ásgeir Pálsson, hreppstjóri í Dyrhólahreppi og umboðsmaður ríkisjarðanna Fells, Holts, Keldudals, Álftagrófar, Brekknatorfunnar allrar og Ketilsstaða, hefur borið það sem vitni, að hann telji umrædda norðurgirðingu Hvols vera í réttum mörkum, og með því að framlengja hana í vestur, þar til hún sker línuna „hesteyra af Mávadrang undan Skeiðflatarhlíðinni“, fáist norðurlína, svo og að skurðpunktur þessara tveggja lína sé réttur hornpunktur Hvolslands að norðvestan. Vitnið telur þessi mörk hafa gilt svo lengi, sem það muni og hafi heyrt um, eða um 50 ára skeið. Vitni þetta var viðstatt, er samkomulagið, sem rakið er undir 6. tölulið hér að framan, var gert. Kveður það, að enginn ágreiningur hafi verið um hornmarkið, sem var norðausturhorn Hvolsgirðingarinnar, heldur í hvaða stefnu austurlínan frá hornmarkinu hafi átt að vera.

Óskar Jóhannesson, bóndi að Ási, Kjartan Guðmundsson, bóndi að Brekkum II, og Halldór Jóhannesson, bóndi að Brekkum III, hafa allir komið fyrir dóm. Eru þeir sammála um, að land Hvols og Brekknajarða komi hvergi saman nema í hornpunkti, og að sá hornpunktur sé norðausturhorn Hvolsgirðingarinnar.

Tómas Lárusson, bóndi í Álftagróf, hefur komið fyrir dóm. Hann, sem er 53 ára að aldri, kveðst vera fæddur þar og hafa alið þar allan aldur sinn. Hann telur, að umrædd Hvolsgirðing sé í réttum mörkum, enda hafi hún verið sett eftir vörðum, sem enn sjáist að nokkru leyti uppi á aurunum, en sjálf hornvarðan sjáist nú ekki.

Allir ábúendur Péturseyjarjarða hafa komið fyrir dóm.

Hörður Þorsteinsson, bóndi í Nikhól, kveðst vera fæddur og uppalinn í Holti og því hafa aðallega kynnt sér mörk milli Holts og Hvols. Hann kveður föður sinn, Þorstein Einarsson, sem bjó í Holti, hafa sagt sér, að vörður, sem voru á sömu slóðum og Hvolsgirðingin er nú, væru hin réttu mörk milli Holts og Hvols. Hann kveðst ekki geta svarað því, hvort önnur hvor línan, sem

mörkuð er á dskj. nr. 2 sem merki milli Péturseyjarjarða og Hvols (D—A, D—C) sé hin rétta landamerkjalína.

Sigurjón Árnason, bóndi í Pétursey, sem er 67 ára að aldri og hefur átt þar heima alla sína ævi, nema þrjú ár, skýrir svo frá, að hann viti ekki til, að nokkurn tímann hafi orðið ágreiningur um mörk milli Hvols og Péturseyjar fyrr en þá nú. Hann telur vörðurnar tvær neðst í Hvolsmóa rétt fjörumörk, en um línurnar frá þeim til norðurs (línurnar D—A og D—C á uppdrættinum á dskj. nr. 2), kveðst hann ekki þora að fullyrða. Hann segir vörðu hafa verið á aurunum, þar sem hesteyra af Mávadrang ber undan Skeiðflatarhlíðinni og Reyðarfoss ber undan Leynimýrarkórum á miðju sundi. Um miðið á Kristínarklett kveðst hann ekki eins viss. Umræddra vörðu kveður hann nú horfna.

Elías Guðmundsson, bóndi í Pétursey, sem er 59 ára að aldri og hefur átt þar heima alla sína tíð, kveður landamerkjalýsinguna frá 1921 gilda um mörkin milli Hvols og Péturseyjarjarða. Hann kveður vörðurnar tvær á Hvolsmóa vera rétt fjörumörk og segist hafa álitið, að lína frá þeim á Kristínarklett væru hin réttu mörk milli jarðanna. Hann telur línuna „hesteyra af Mávadrang ber undan Skeiðflatarhlíðinni“ vafalausa, og geti þar ekki skeikað neinu verulegu, en um línuna „Reyðarfoss í miðju sundi“ kveðst hann ekki geta sagt.

Þórður Guðmundsson, bóndi á Völlum, segist vera mjög ókunnugur mörkunum, en telur landamerkjalýsinguna frá 1921 gilda um þau. Hann kveðst muna eftir vörðunum í Hvolsmóa og að þær hafi verið taldar fjörumörkin. Þá kveðst hann hafa heyrt, að lína frá vörðum þessum á Kristínarklett réði mörkum milli Hvols og Péturseyjar, en getur þess jafnframt, að hann sé línu þessari ókunnugur og viti varla, hvar Kristínarklettur sé. Enn segist hann hafa heyrt, að línurnar „hesteyra af Mávadrang ber undan Skeiðflatarhlíðinni“ og línan „Reyðarfoss er opinn undan Leynimýrarkórum á miðju sundi“ ættu að vera hornmark, þar sem þær skærust, en ekki kveðst hann vita um vörðu á þeim stað.

Þorlákur Björnsson, bóndi í Eyjarhólum, sem hefur búið þar í rúmlega þrjá áratugi, kveðst þekkja vörðurnar í Hvolsmóa sem fjörumark. Hann telur landamerkin milli Hvols og Péturseyjarjarða vera framlengingu fjörumarksins í Kristínarklett. Ekki kveðst hann þekkja línuna „hesteyra af Mávadrang ber undan Skeiðflatarhlíðinni“, en hafa heyrt um hana. Línuna í

„Reyðarfoss opinn undan Leynimýrarkórum á miðju sundi“ telur hann ógreinilega, þar sem Reyðarfoss virðist vera í miðju sundi, þó að menn færi sig töluvert til.

Eigandi og ábúandi Norður-Hvols, Kristján Bjarnason, hefur einnig komið fyrir dóm. Hann kveður alltaf hafa verið ágreining um norðausturhornmark Hvolsjarða og hann sé enn fyrir hendi frá sinni hlið, þrátt fyrir samkomulagið frá 30. september 1956, en í því hafi hann ekki tekið þátt. Hann viðurkennir að hafa tekið þátt í að setja upp áður umrædda norðurgirðingu Hvols, en hún hafi ekki verið sérstaklega hugsuð sem mörk frá hans hlið. Heldur hann því fram, að þarna hafi verið um mæðiveikigirðingu að ræða. Kristján telur hin einu réttu mörk milli Hvols og Péturseyjarjarða vera beina línu í gegnum vörðurnar tvær í Hvolsmóa á Kristínarklett og Hrosshamra, og þar, sem þessi lína skeri Mávadrangslínuna, sé hornmarkið milli Hvols, Péturseyjar og Fells. Merki Hvols að norðan telur hann vera beina línu frá nefndu hornmarki í Reyðarfoss.

Í málinu hafa verið lögð fram nokkur vottorð varðandi umrædd landamerki.

Einar Þorsteinsson vottar, að hann sé fæddur í Holti árið 1928 og hafi alizt þar upp til 13 ára aldurs. Þá hafi foreldrar hans flutt á aðra jörð, en nytjað Holtið áfram, og hafi því tengsl hans við þá jörð haldizt. Faðir hans hafi verið fæddur og uppalinn í Holti og búið þar mestan hluta búskapar síns. Faðir hans og eldri bræður hafi sagt honum svo til marka milli Holts og Grófarlands annars vegar og Hvolsjarða hins vegar: „Vesturhorn er hesteyra af Mávadrang undan Skeiðflatarhlíðinni og þaðan bein lína að sjá í opinn Reyðarfoss, þar sem hann ber á miðju sundi milli Litla-Höfða og Leynimýrarkóra. Í þessari línu voru markavörður.“

Sæmundur Þorsteinsson vottar, að hann sé fæddur í Holti og hafi dvalizt þar að mestu leyti til 20 ára aldurs. Um landamerki milli Hvolsjarða annars vegar og Holts og Grófar hins vegar hafi honum verið sagt svo: „Vesturhorn er hesteyra af Mávadrang undan Skeiðflatarhlíðinni, er var vörðuð lína í norðaustur.“

Þorsteinn Bjarnason, sem er fæddur árið 1879, vottar, að hann hafi átt heima á Hvoli, frá því að hann var drengur fram til 18 ára aldurs og síðar aftur, frá því hann var 20 ára og þar til hann var 26 ára. Muni hann vel eftir vörðum norðaustur aurana norðan Hvolslands á þessu árabili, og ágreining hafi hann

aldrei heyrt nefndan í sambandi við þessar markvörður, þegar hann var á Hvoli.

Kjartan Guðmundsson vottar, að hann hafi átt heima á Hvoli frá árinu 1915 til 1930. Á þessum 15 árum hafi vörðulínunni milli Hvolslands annars vegar og Álftagrófar og Holts hins vegar verið fylgt sem landamörkum og honum sagt þannig til marka.

Eyjólfur Högnason vottar, að hann hafi frá því að hann var 15 ára gamall átt heima á Hvoli í rúm 50 ár. Frá því hann kom að Hvoli hafi vörður verið á mörkum milli Hvols annars vegar og Holts og Álftagrófar hins vegar norðaustur aurana.

Séra Sveinbjörn Högnason vottar, að hann hafi átt heima á Hvoli frá 8 til 26 ára aldurs og dvalizt þar oftast á þessu tímabili, er hann hafi ekki verið í skóla. Mörg sumur hafi hann verið látinn annast flugfýlaleit í landi Hvols, m. a. um skeið með Kristjáni Bjarnasyni, núverandi bónda á Norður-Hvoli. Minnist hann þess ekki að hafa þá nokkru sinni heyrt, að önnur mörk væru þar að ofanverðu um Hvolsland en vörður, sem þar hafi verið þá og legið til landnorðurs á aurunum. Yfir þau mörk hafi ekki verið talið heimilt að fara.

Vottorðum allra framangreindra manna hefur af hálfu eigenda Norður-Hvols verið mótmælt sem röngum, en ekki sem óstaðfestum.

Til skýringar punktum þeim á uppdrættinum á dómskj. nr. 2, sem nefndir hafa verið hér að framan, og síðar verður einnig vísað til, þykir rétt að lýsa uppdrættinum nokkuð.

Um vörðurnar tvær í Hvolsmóa eru dregnar tvær línur til norðurs frá syðri vörðunni (punkti D), önnur með stefnu á Kristínarklett, en hin með stefnu á Hrosshamra. Liggja línur þessar svo að segja alveg samhliða, en Kristínarklettslínan er aðeins austar. Þar sem línan: „hesteyra af Mávadrang ber undan Skeiðflatarhlíðinni“ sker línur þessar, er skurðpunktur austari línunnar auðkenndur A_1, en skurðpunktur vestari línunnar A_2. Fjarlægðin milli línanna á þessum stað er eftir uppdrættinum 4,40 metrar. Frá punkti A_1 er síðan dregin lína í norðausturhorn oftnefndrar Hvolsgirðingar, og er sá punktur auðkenndur B á uppdrættinum. Til suðvesturs frá þeim punkti er svo dregin lína, er fyrst fylgir Hvolsgirðingunni, og þegar girðingunni sleppir, er línan framlengd, þar til línan: „hesteyra af Mávadrang ber undan Skeiðflatarhlíðinni“ sker hana. Er sá skurðpunktur auðkenndur C. Milli punktanna C og D er síðan dregin brotin lína.

Í málinu liggja fyrir vottorð tveggja manna þess efnis, að

girðing, sem á sínum tíma var sett upp í Hvolslandi vegna mæðiveikivarna, hafi öll verið sunnan þjóðvegarins, en hann liggur yfir Hvolsland langt fyrir sunnan norðurmörk þess. Vottorðum þessum hefur ekki verið mótmælt sem óstaðfestum, og þykir sýnt, að umrædd norðurgirðing Hvols hafi ekki verið sett upp vegna mæðiveikivarna, svo sem eigandi Norður-Hvols heldur fram.

Með skýrslum kunnugra manna um staðháttu, gefnum fyrir dómi, og eftir landamerkjalýsingum þykir nægilega í ljós leitt, að norðausturhorn margnefndrar Hvolsgirðingar sé rétt norðausturhornmark Hvolsjarða (punktur B). Þá verður og að teljast nægilega sannað með skýrslum, gefnum fyrir dómi, og vottorðum, að vörðulína hafi verið á norðurmörkum Hvolslands svo og að oftnefnd girðing, sem liggur til suðvesturs frá nefndu hornmarki, hafi verið sett niður í vörðulínuna.

Þegar dómendur gengu á merki ásamt lögmönnum aðilja og nokkrum aðiljanna, gengu þeir úr skugga um, að frá nefndu hornmarki sést Reyðarfoss opinn og bæjarhúsin í Pétursey laus fram undan Eyjarhól, sbr. merkjalýsinguna undir tölulið 4. Farið var nokkuð fram með girðingunni, og sáust tvö eða þrjú vörðubrot í girðingarlínunni, en vegna þess að snjóföl var, sást ekki eins vel til verksummerkja á jörð og ákjósanlegt hefði verið. Þá miðuðu dómendur stefnu girðingarlínunnar til norðausturs, og var stefna hennar nálægt því að vera á Reyðarfoss í miðju sundi, sbr. merkjalýsinguna undir tölulið 3, þ. e. milli Litla-Höfða og Búrfells, en þó aðeins norðan við fossinn, en það frávik er svo lítið, eða eftir því sem fram hefur komið 0°11′, að það verður ekki talið skipta máli.

Samkvæmt því sem hér að framan er rakið, verða þá norðurmörk Hvolsjarða talin vera frá norðausturhorni margnefndrar Hvolsgirðingar, þ. e. punkti B, til suðvesturs eftir girðingunni og síðan, er girðingunni sleppir, við beina línu í framhaldi af henni í sömu átt, þar til komið er að hornmarki því, er nú verður greint.

Hornmark það, varða á aurunum framan við Klifandiárgilkjaft, sem getið er um í landamerkjalýsingunni undir 2. tölulið hér að framan, og víðar í gögnum málsins, er ekki lengur til. Hins vegar er víða í landamerkjalýsingunum talað um sama miðið á hornmark þetta, þ. e. þegar hesteyra af Mávadrang ber undan Skeiðflatarhlíðinni. Þykir því einsýnt að ákveða norðvesturhornmark Hvolsjarða á þeim stað, þar sem lína, tekin eftir miði þessu, sker fyrrgreinda norðurlínu, enda er miðið

greinilegt og óumdeilt. Er staður þessi merktur C á uppdrættinum á dskj. nr. 2. Verða því norðurmörk Hvolsjarða við línuna, sem dregin er milli punkta B og C á uppdrættinum. Af ákvörðun norðvesturhornmarks Hvolsjarða á þessum stað leiðir, að vesturmörk lands þeirra teljast vera við beina línu, sem dregin er frá hornmarkinu (punkti C) í syðri vörðuna í Hvolsmóa (punkt D), enda virðast og þau mörk geta komið heim við landamerkjalýsinguna undir 3. tölulið hér að framan. Um vesturmörk Hvolsjarða frá nefndri vörðu (punkti D) til sjávar er, svo sem áður er komið fram, enginn ágreiningur.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Jón Kjartansson, sýslumaður í Skaftafellssýslu, hefur kveðið upp dóm þenna ásamt samdómendunum Birni Björnssyni, sýslumanni í Rangárvallasýslu, og Ísleifi Árnasyni, fulltrúa borgardómara í Reykjavík.

Dómsorð:

Norðurmörk Hvolsjarða teljast vera frá norðausturhorni Hvolsgirðingar eftir girðingunni til suðvesturs og síðan í beinu áframhaldi girðingarlínunnar í sömu átt, þar til lína eftir miðinu: „hesteyra af Mávadrang ber undan Skeiðflatarhlíðinni“ sker línu þessa, þ. e. við línu milli punktanna B og C á uppdrættinum á dómskj. nr. 2.

Vesturmörk Hvolsjarða teljast vera við beina línu frá norðvesturhornmarkinu í syðri vörðuna á Hvolsmóa, þ. e. við línuna milli punktanna C og D á nefndum uppdrætti.

Vesturmörkin frá vörðunum í Hvolsmóa til sjávar eru ágreiningslaus.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 6. maí 1960.

Nr. 28/1960. **Barnavinafélagið Sumargjöf,**
Samband íslenzkra kristniboðsfélaga,
Blindrafélag Íslands og
Sigríður Davíðsdóttir (Árni Guðjónsson hdl.)
gegn
skiptaráðandanum í Reykjavík (enginn)
og
Snorra Jónassyni (Sigurður Baldursson hdl.)
og
Björgu Halldórsdóttur og
Valgerði Halldórsdóttur
(Hallgrímur Dalberg hdl.)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Erfðamál.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfógeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. marz 1960. Þeir hafa fengið gjafsóknarleyfi 5. apríl 1960. Gera þeir þessar dómkröfur:

Að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur.

Að arfleiðsluskrá Sigþrúðar heitinnar Sölvadóttur, Úthlíð 16, Reykjavík, dags. 28. júlí 1958, verði gild metin ásamt erfðabréfi, sem arfleiðsluskránni fylgir, og verði skiptum á dánarbúi hennar hagað samkvæmt bréfum þessum.

Að stefnda Snorra Jónassyni og gagnáfrýjendum, Björgu og Valgerði Halldórsdætrum, verði dæmt að greiða aðaláfrýjendum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, og *að* skipuðum talsmanni aðaláfrýjenda fyrir Hæstarétti verði dæmd málssóknarlaun eftir mati dómsins, hvernig sem málið fer.

Stefndi Snorri Jónasson krefst þess, að hinn áfrýjaði úr-

skurður verði staðfestur og aðaláfrýjendum og gagnáfrýjendum verði dæmt in solidum að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjendur, Björg Halldórsdóttir og Valgerður Halldórsdóttir, hafa gagnáfrýjað málinu með stefnu, dags. 12. marz 1960, og krafizt þess, að þær verði dæmdar einkaerfingjar að eignum dánarbús Sigþrúðar Sölvadóttur og þeim dæmdur málskostnaður fyrir skiptarétti og Hæstarétti in solidum úr hendi stefnda Snorra Jónassonar og aðaláfrýjenda.

Stefndi skiptaráðandinn í Reykjavík hefur eigi komið fyrir Hæstarétt, þótt honum væri löglega stefnt.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða úrskurðar hafa vitnapróf verið háð í málinu.

Sigþrúður heitin Sölvadóttir var fædd 14. marz 1909. Hún giftist 19. ágúst 1950 stefnda Snorra Jónassyni. Þau skildu að borði og sæng 16. ágúst 1954 og fullum lögskilnaði 17. desember 1957. Stefndi Snorri kvæntist að nýju 20. ágúst 1958. Sölvi Halldórsson, faðir Sigþrúðar heitinnar, andaðist 1. janúar 1959, en Sigþrúður andaðist 9. marz 1959.

Tvær erfðaskrár Sigþrúðar heitinnar Sölvadóttur koma hér til álita:

1. Erfðaskrá, dags. 24. september 1955, er staðfest var af notario publico í Reykjavík sama dag. Frumrit erfðaskrár þessarar hefur eigi komið í leitir og eigi heldur erfðabréf um lausa muni, er hún vísar til, en sjá má af endurriti erfðaskrárinnar úr notarialbók, að hún hefur verið í lögmætum búningi.

2. Að Sigþrúði andaðri fannst í hirzlum hennar erfðaskrá, sem hún er talin sjálf hafa handritað og dagsett er 28. júlí 1958. Erfðaskrá þessi er á þremur lausum blöðum, tölusettum 1—3, og er allt meginefni sjálfrar arfleiðslunnar á blöðum nr. 1 og nr. 2, en á blaði nr. 3 er undirritun Sigþrúðar undir skrána. Þar hefur hún og ritað ákvæði um, að erfðaskráin 24. september 1955 sé úr gildi felld. Tveir menn hafa á blaði nr. 3 ritað undir yfirlýsingu, dags.

26. ágúst 1958, og svo aðra yfirlýsingu á ótölusettu blaði, dags. sama dag, sem vottar að erfðaskránni.

Erfðaskrá þessari fylgdi erfðabréf, óvottfest, ritað af Sigþrúði heitinni og dagsett 26. júlí 1958 um ráðstöfun á ýmsum lausum munum hennar.

Með áritun sinni á erfðaskrána frá 28. júlí 1958 felldi Sigþrúður heitin berum orðum úr gildi hina lögmætu erfðaskrá frá 24. september 1955. Erfðaskrána frá 28. júlí 1958 verður að meta ógilda, þar sem meginefni hennar er ritað á tvö óundirrituð og óvottfest laus blöð, auk þess sem vottun á þriðja lausa blaðinu er eigi í samræmi við ákvæði 25. og 26. gr. erfðalaga nr. 42/1949. Eins og nefndum arfleiðslugerningum er háttað, verður eigi talið, að erfðaskráin frá 24. september 1955 taki aftur gildi við það, að erfðaskráin frá 28. júlí 1958 er ógild metin, enda eigi vitað um hinztu afstöðu Sigþrúðar heitinnar til flestra þeirra, sem arf áttu að taka samkvæmt erfðaskránni frá 24. september 1955. Þau ein arfleiðsluatriði erfðaskrárinnar frá 24. september 1955 þykir því mega láta haldast, sem Sigþrúður heitin vildi standa við, er hún gerði erfðaskrána frá 28. júlí 1958 og erfðabréfið 26. júlí s. á.

Með tilvísun til þess, sem rakið var, teljast eftirtaldir erfðagerningar gildir:

I.	Til Heiðingjatrúboðsins í Ethiopíu (Sambands íslenzkra kristniboðsfélaga) með þeim skilyrðum, sem segir í ákvæði 2 a í erfðaskránni 24. september 1955	kr.	100.000.00
II.	Til Rannveigar Þorsteinsdóttur, Drápuhlíð 41	—	10.000.00
III.	Til hjóna, er leigðu hjá Sigþrúði, er hún féll frá	—	15.000.00
IV.	Til útfarar Sigþrúðar og til að gera kringum leiði hennar og móður hennar ...	—	10.000.00
V.	Stefndi Snorri Jónasson hlýtur matar- og kaffistell, silfurborðbúnað og aðra silfurmuni og svo öll glös og kristal.		

VI. Lilja Bjarnadóttir, Vesturvallagötu 12, hlýtur saumaborðið.

Allar aðrar skírar eignir dánarbús Sigþrúðar heitinnar Sölvadóttur falla í hlut lögerfingja hennar, Bjargar Halldórsdóttur og Valgerðar Halldórsdóttur.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður, en dæma ber skipuðum málflytjanda aðaláfrýjenda fyrir Hæstarétti málssóknarlaun úr ríkissjóði, kr. 22.000.00.

Dómsorð:

Arfleiðsluskrá Sigþrúðar heitinnar Sölvadóttur frá 28. júlí 1958 er ógild.

Ákvæði erfðaskrár Sigþrúðar heitinnar frá 24. september 1955 eru gild, að því er tekur til eigna þeirra, sem greinir í I—VI að framan.

Allar aðrar skírar eignir dánarbús Sigþrúðar heitinnar Sölvadóttur skulu falla í hlut lögerfingja hennar, gagnáfrýjenda, Bjargar Halldórsdóttur og Valgerðar Halldórsdóttur.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Málflutningslaun skipaðs málflytjanda aðaláfrýjenda fyrir Hæstarétti, Árna Guðjónssonar héraðsdómslögmanns, kr. 22.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 24. febrúar 1960.

Þann 9. marz 1959 andaðist hér í bænum frú Sigþrúður Sölvadóttir, þá til heimilis að Úthlíð 16, hér í bænum. Uppskrift á eignum búsins fór fram 17. apríl 1959, og var þá ákveðið að gefa út innköllun til erfingja og skuldheimtumanna, og var sú innköllun gefin út 21. apríl 1959 og birt síðast í Lögbirtingablaðinu 9. maí sama ár.

Ágreiningur kom þegar í ljós um það, hverjir væru erfingjar í búi þessu, og hefur hér í skiptaréttinum verið rekið sérstakt mál út af þeim ágreiningi, og var hann lagður undir úrskurð skiptaréttarins að loknum munnlegum málflutningi, sem fram fór 8. þ. m.

Fram hefur komið, að lögerfingjar hinnar látnu eru föðursystur hennar, Björg Halldórsdóttir, Snorragötu 7, og Valgerður Halldórsdóttir, Hafnargötu 10, báðar búsettar á Siglufirði. Einnig hefur verið lagt fram í máli þessu sem réttarskj. nr. 13 svofellt endurrit úr notarialbók Reykjavíkur, dags. 24. desember 1955:

„Ár 1955, laugardaginn 24. september, var ég undirritaður fulltrúi notarii publici í Reykjavík til staðar í skrifstofu hans í húsinu nr. 4 við Tjarnargötu, hér í bæ. Kom þar og þá fyrir mig Sigþrúður Sölvadóttir, til heimilis Úthlíð 16, hér í bæ, og sannaði á sér deili. Lagði hún fram og undirritaði í viðurvist minni og notarialvottanna arfleiðsluskrá, sem dags. er í dag. Gerði hún það af fúsum og frjálsum vilja og með fullu ráði og kvað skrána hafa vilja sinn að geyma.

Venjulegt vottorð var ritað á skrána, og verður hún innfærð hér á eftir.

Notarialvottar voru þær Dýrleif Árnadóttir og Hebba Herbertsdóttir, sem báðar starfa hér við embættið.

Gjörðinni lokið.

Jónas Thoroddsen ftr.

Notarialvottar:

H. Herbertsdóttir

D. Árnadóttir.

Ég undirrituð Sigþrúður Sölvadóttir, Úthlíð 16, Reykjavík, geri hér með svofellda

arfleiðsluskrá:

1. Íbúðarhæð mín, önnur hæð í húsinu Úthlíð 16, Reykjavík, skal að mér látinni seld við því verði, sem fyrir hæðina fæst á þeim tíma. Geri ég hér ráð fyrir, að söluverðið verði kr. 390.000.00.
2. Söluverð íbúðarinnar samkv. framansögðu skal skiptast þannig:
   a. Heiðingjatrúboðið í Ethiophíu (Samband íslenzkra kristniboðsfélaga) fái ..... kr. 100.000.00
   Fjárhæð þessi verði greidd með skuldabréfi, er greiðist upp á 5 árum, með kr. 20.000.00 á ári. Fjárhæðin verði geymd í lánastofnun og ávöxtuð með beztu kjörum. Vaxtatekjurnar verði jafnframt eign heiðingjatrúboðsins og greiðist eftir samkomulagi við forráðamenn þess.
   b. Trúboðið í Grænlandi (Filadelfía, Erik Eriksson) fái ..... — 50.000.00

c. Snorri Jónasson, Öldugötu 9, Rvík, fái .. kr. 50.000.00
d. Sölvi Halldórsson, Úthlíð 16 ..... — 50.000.00
e. Lilja Bjarnadóttir, Vesturv.g. 12, Rvík, fái — 25.000.00
f. Bergþóra Jónsdóttir, Nökkvavogi 4, fái .. — 25.000.00
g. Rannveig Þorsteinsdóttir, Drápuhlíð 41, Rvík, fái ..... — 25.000.00
h. Hjón þau, sem leigja á hæðinni hjá mér þegar ég fell frá ..... — 15.000.00
i. Blindravinafélag Íslands ..... — 10.000.00
j. Soffía Davíðsdóttir, Túngötu 2, Rvík 10.000.00
k. Guðrún og Ásta Jónsdætur, Þverholti 18 — 10.000.00
l. Fyrir útför minni og til þess að gera í kringum leiði mitt og móður minnar .... — 10.000.00
m. Sölulaun og annar kostnaður er áætlað .. — 10.000.00

Samtals kr. 390.000.00

Seljist hæðin fyrir hærra verð en hér er gert ráð fyrir, skal Snorri Jónasson fá allt að kr. 50.000.00 í viðbót við það, sem áður er getið, og Blindravinafélag Íslands það, sem umfram er kr. 50.000.00. Verði söluverðið lægra en hér er gert ráð fyrir, lækka framangreindar upphæðir hlutfallslega.

Fel ég hér með Rannveigu Þorsteinsdóttur, lögfræðingi, að selja hæðina og ganga frá skuldabréfi heiðingjatrúboðsins og útborgunum til þess. Einnig er henni falið í samráði við Bergþóru Jónsdóttur, Nökkvavogi 4, að sjá um jarðarför mína og ganga frá leiði mínu og móður minnar.

3. Aðrar eignir mínar skiptast þannig:
   a. Snorri Jónasson fái matar- og kaffistell, silfurborðbúnað og aðra silfurmuni, einnig öll glös og kristal.
   b. Ásta Brynjólfsdóttir, Úthlíð 16, fái borðstofuhúsgögnin og gólfábreiðuna, sem fylgir þeim, og litlu frönsku kommóðuna.
   c. Lilja Bjarnadóttir, Vesturvallagötu 12, fái grænu stólana og saumaborðið.
   d. Bergþóra Jónsdóttir, Nökkvavogi 4, fái stóru kommóðuna, damaskstólinn og sófaborðið.
   e. Um það, sem ekki er talið hér upp, vísast til erfðabréfs, dags. 20. ágúst 1955, sem er í vörzlum Bergþóru Jónsdóttur, Nökkvavogi 4, Reykjavík, og ef eitthvað er, sem ekki er nefnt hér eða í greindu erfðabréfi, fellur það til Bergþóru.

Arfleiðsluskrá þessa undirrita ég í viðurvist notarii publici í Reykjavík, og skal hún færð inn í notarialbókina. Eftirrit úr bókinni skal vera jafngilt frumriti arfleiðsluskrárinnar.

Reykjavík, 24/9 — september (sic) 1955.

Sigþrúður Sölvadóttir (sign)".

Loks hefur komið fram í máli þessu svofelld arfleiðsluskrá hinnar látnu, dags. 28. júlí 1958, ásamt erfðabréfi hennar, dags. 26. s. mán., framlögð sem réttarskj. nr. 5 og 6:

„Ég undirrituð Sigþrúður Sölvadóttir, Úthlíð 16, Reykjavík, geri svofellda

Arfleiðsluskrá:

1. Íbúðarhæð mín, önnur hæð í húsinu Úthlíð 16, Rvík, verði að mér látinni seld við því verði, sem fyrir hana fæst á þeim tíma, geri hér ráð fyrir 500.000.00 þúsund (sic) króna söluverði. Fólkið, sem leigir á hæðinni, fái árs frest til að útvega sér pláss, ef þess þarf.
2. Söluverð íbúðarinnar samkvæmt framansögðu skal skiptast þannig:
   a. Barnavinafélagið „Sumargjöf", Rvík, fái .. kr. 200.000.00
   b. Heiðingjatrúboðið í Ethiophiu, samband ísl. kristniboðsfél. fái ..... — 100.000.00

   Samtals kr. 300.000.00

   c. Sölvi Halldórsson, Úthlíð 16, fái skuldabréf útgefið Halldóri Sveinssyni, Öldugötu 9, nú að upphæð um ..... — 100.000.00
   Verði eitthvað eftir af því, þegar hann fellur frá, þá fái Blindrafélag Íslands það. Faðir minn fái einnig ..... — 25.000.00
   af söluverði hæðarinnar og þegar búið yrði að greiða skatta af bílnum 30.000.00 þá það, sem hann seldist fyrir. Gildir sama um það, ef hann þarf þess ekki, þá Blindrafél.
   d. Rannveig Þorsteinsdóttir, Drápuhlíð 41 .. — 10.000.00
   e. Hjón þau, sem leigja hjá mér, er ég fell frá (konan veitir aðstoð) ..... — 30.000.00

f. Fyrir útförinni og gera kring um leiði mitt og móður minnar (sami reitur) ..... — 20.000.00
g. Sölulaun og annar kostnaður 15.000.00

1000.000.00 (sic)

Samtals kr. 4000.000.00 (sic)

(á spássíu: Skuld 2 skuldabréf 1000.000. (sic)).

Seljist hæðin fyrir hærra verð en gert er ráð fyrir, hækki framangreindar upphæðir hlutfallslega.

Verði söluverðið lægra, þá lækka þær hlutfallslega.

Fel ég hér með Rannveigu Þorsteinsd. lögfr. að selja hæðina og ganga frá þessu.

Einnig er henni falið í samráði við frú Sigríði Davíðsdóttur, Rauðalæk 39, Reykjavík, að sjá um útför mína og ganga frá leiði mínu og móður minnar, sem er í sama grafreit í Fossvogi.

Viðvíkjandi innbúi og öðrum eignum vísast til erfðabréfs, dags. 26. júlí 1958, sem er í vörzlu frú Sigríðar Davíðsdóttur, Rauðalæk 39, Rvík.

Reykjavík, 28. júlí 1958.

Sigþrúður Sölvadóttir, Úthlíð 16, Rvík.

Arfleiðsluskrá, dags. 24/9 1955, fellur hér með úr gildi.

Ár 1958, þriðjudaginn 26. ágúst, vorum við undirritaðir beðnir að koma í Úthlíð 16, hér í bæ, til Sigþrúðar Sölvadóttur, til að undirrita arfleiðsluskrá þessa, sem ég Sigþrúður Sölvad., Úthlíð 16, geri af fúsum og frjálsum vilja og með fullu ráði, og hefur skráin vilja minn að geyma.

Vottar:

Gunnlaugur Jónsson,

Jón Einarsson.

Rvík, 26/8 1958.

Ég undirrituð, Sigþrúður Sölvadóttir, Úthlíð 16, hefi beðið hr. Jón Einarsson, Grænuhlíð, Kringlumýrarbl. 13, Rvík, vinnur núna hjá Heildsölu, og hr. Gunnlaug Jónsson, Úthlíð 16, vinnur við byggingarvinnu, að vera vitundarvotta undir arfleiðsluskrá, sem ég var að gera og skrifa þeir nöfn sín hér undir því til sönnunar.

Rvík, 26/8 1958.

Gunnlaugur Jónsson

Jón Einarsson.

Erfðabréf.

1) Jónas Jakobsson og frú, Brekkugötu 15, Akureyri:
Gólfteppið stofunni, riksuguna (sic), veggteppið, litlu dökkbrúnu kommóðuna, rúmfataskápinn, saumavélina, litla dívaninn, 4 sett rúmföt, gúmídínuna (sic).

2) Lilja Bjarnadóttir, Vesturvallagötu 12, og dætur:
2 matardúkar, 2 misl. kaffidúkar, útsaumuðu dúkarnir (hvíta bojinu) öll hanklæði (sic) og viskustykki, alla sloppa, hillurnar og dótið sem er á henni, saumaborðið og það, sem er á því, hún og dætur hennar öll undirföt og náttkjóla og allt í litlu skúffunni, festar, men, eyrnalokka, hringa o. fl. (nema krossinn og hvítu festina), hárþurrkuna, báða brúnu púðana. (Á spássiu: Sími 16777).

3) Ásta Jónasdóttir, Þverholti 18 L, Krossinn, litlu skúffu.
Guðrún Jónasdóttir, Þverholti 18 L, hvítu fimmföldu festina og þær saman Kriststyttuna. Sími 23776.

4) Sigríður Davíðsdóttir, Rauðalæk 39:
Gráa pelsinn, 2 kjóla, rauðu plussgardínurnar og storesana, 2 matardúka, 1 kaffidúk misl. og fallega útsaumaða löberinn, prjónuðu dúkana til ½ við Soffíu D. Borðstofuhúsgögnin, allar snirtivörur (sic) til ½ við Soffíu og allt dótið í glugganum, veggljós í holinu.

5) Soffía Davíðsdóttir, Mjóstræti 8:
ceipinn, grænu gardínurnar, litla útsaumaða kaffidúkinn (hvíta), 2 misl. kaffidúka, svefnsófann og stólinn, sem fylgir honum, báðar blómamyndirnar, ljósakrónuna, perlusaumuðu selskafstöskuna (sic).

6) Sigríður Bjarnadóttir, Langholtsveg 202:
Gula frakkann, brúna pelsinn, draktina, 2 kjóla, 2 skó, 1 tösku, standlampann, veggljósin stofunni, gula vestið og öll ósaumuðu efnin, 2 hatta, 2 hanska (Á spássíu: Sími 33438).

7) Bergþóra Jónsdóttir, Nökkvavogi 4:
Herðasláið heklaða, stærri borðlampann, rauða púðann, nælonblússuna, kristallsöskubakkann, litla silfurbakkann og rauða vasann. Úrið mitt, 2 skó, 2 hanzka, 2 hatta. (Á spássíu: Sími 34209).

8) Margrét Jónsdóttir, Ránargötu 4:
Minni borðlampann, stóra málverkið, hnallinn, frönsku kommóðuna (marmaraplötu), stóra, útsaumaða kaffidúkinn (hvíta). Bergsveinn maður hennar myndina af manni með blysið. (Á spássíu: sími 24112).

9) Sölvi Halldórsson, Úthlíð 16:
Báða grænu plussstólana, gólfteppið holinu, 2 sett rúmföt, útvarpið og myndir, ef hann vill þær.
10) Snorri Jónasson, Öldugötu 9:
Allt silfurtauið í skúffum og líka í skápum, allan krystal og öll glös, matar- og kaffistell, útsaumuðu rósina, sem er innpökkuð í skápnum. Vinsamlegast pakkið þessu í kassa og skrifið utan á þá og sendið bíl með þá á Öldugötu 9. Hægt að hringja hina alla búið taka það til og láta þá sækja það nema Jónas, verður líklega að pakka því í kassa og senda það norður.
11) Jóhanna Aðalsteinsdóttir, Úthlíð 16:
Stóru kommóðuna, vöflujárnið, sófaborðið, þvottavélina, kaffikönnuna, straujárnið, 2 potta, 2 kökuform.

Það sem eftir er og ekki er nefnt hér gangi til Sigríðar Davíðsdóttur.

Rvk. 26/7 1958.

Sigþrúður Sölvadóttir, Úthlíð 16."

Af þeim aðiljum, sem eru nefndir sem arfþegar í rskj. 5, hafa þessir látið mæta í málinu: Barnavinafélagið Sumargjöf, Samband íslenzkra kristniboðsfélaga, Blindrafélag Íslands og Sigríður Davíðsdóttir. Þær kröfur eru gerðar af þeirra hálfu, að arfleiðsluskrá, dagsett 28. júlí 1958, verði ásamt erfðabréfi, dagsettu 26. sama mán., metin gild og eignum dánarbúsins ráðstafað í samræmi við þar greind ákvæði. Þess er og krafizt af hálfu þessara aðilja, að Snorra Jónassyni, Björgu Halldórsdóttur og Valgerði Halldórsdóttur verði in solidum gert að greiða þeim málskostnað.

Þá hefur Snorri Jónasson, Öldugötu 9, látið mæta í máli þessu. Hann hefur gert þær réttarkröfur, að arfleiðsluskrá, undirrituð í viðurvist notarii publici 24. september 1955, verði metin gild og að farið verði með eignir búsins í samræmi við ákvæði hennar. Hann krefst þess, að Barnavinafélaginu Sumargjöf, Sambandi íslenzkra kristniboðsfélaga, Blindrafélagi Íslands, Sigríði Davíðsdóttur, Björgu Halldórsdóttur og Valgerði Halldórsdóttur verði in solidum gert að greiða sér málskostnað.

Loks hafa þær Björg Halldórsdóttir, Snorragötu 7, Siglufirði, og Valgerður Halldórsdóttir, Hafnargötu 10, Siglufirði, en þær eru föðursystur arfleifanda, látið mæta í máli þessu. Þær krefjast þess aðallega, að úrskurðað verði, að erfðaskrá, dagsett 24. september 1955, og erfðaskrá, dagsett 28. júlí 1958, ásamt erfðabréfi, verði báðar metnar ógildar, og verði þeim því úrskurð-

aðar eignir búsins sem lögerfingjum, en til vara krefjast þær þess, að verði önnur hvor skráin metin gild, þá verði allar eignir búsins, sem þar er ekki sérstaklega ráðstafað, látnar renna til þeirra systranna. Loks krefjast þær þess, að þeim verði úrskurðaður málskostnaður úr höndum Barnavinafélagsins Sumargjafar, Blindrafélags Íslands, Sambands íslenzkra kristniboðsfélaga og Snorra Jónassonar in solidum.

Fyrstnefndir aðiljar, Barnavinafélagið Sumargjöf, Samband íslenzkra kristniboðsfélaga, Blindrafélag Íslands og Sigríður Davíðsdóttir gera svo látandi grein fyrir kröfum sínum:

Erfðaskrá sú, sem Sigþrúður Sölvadóttir undirritaði 28. júlí 1958, er gild í alla staði. Það hefur ekki verið vefengt, að hún hafi undirritað skrána sjálf og gert það af fúsum og frjálsum vilja. Það sé og fullvíst, að efni skrárinnar hafi verið vilji hennar. Hinn 26. ágúst 1958 hafi vottarnir Gunnlaugur Jónsson, Úthlíð 16, og Jón Einarsson, Grænuhlíð, Kringlumýrarbletti 13, undirritað þá yfirlýsingu Sigþrúðar, að hún hafi beðið þá að vera vitundarvotta að arfleiðsluskrá, sem hún hafi verið að gera, og að hún hafi gert skrána af fúsum og frjálsum vilja og með fullu ráði og að skráin hafi vilja hennar að geyma. Er því haldið fram, að með þessu sé fullnægt formsatriðum þeim, sem erfðalög ætlast til, sbr. III. kafla laganna. Í 24. gr. laganna sé það talið fullnægjandi, að arfleiðsluskrá sé skrifleg, að hún sé undirrituð af arfleifanda sjálfum og að arfleifandi hafi viðurkennt efni hennar fyrir tveimur vottum. Í 25. gr. séu um þetta nánari ákvæði, og við samanburð á þeim og tilhögun undirskrifta vottanna verði ekki annað séð en að áritun votta á arfleiðsluskrá Sigþrúðar Sölvadóttur hafi fullnægt skilyrðum þeim, sem þar séu sett. Í lok þeirrar greinar segir enn fremur, að yfirlýsing votta samkvæmt þeirri grein skuli metin sem gild sönnun, nema sérstök atvik bendi til hins gagnstæða, og slík atvik séu hér ekki til staðar. Þannig sé ljóst, að þessi síðari arfleiðsluskrá Sigþrúðar sé góð og gild í alla staði og að hin fyrri skrá hennar sé þannig úr gildi fallin, enda sé sú viljayfirlýsing hennar skýr og berum orðum skráð í síðari skránni.

Snorri Jónasson heldur því fram, að arfleiðsluskráin á rskj. 5 og erfðabréfið á rskj. 6 séu algerlega ógild og ekkert ákvæði þeirra að neinu hafandi. Því er haldið fram af hans hálfu, að þar eð það sé almenn regla laga, að eignir skuli renna til ættingja við andlát eiganda þeirra, og frávik frá þeirri reglu séu undantekningarákvæði, séu gerðar strangar formkröfur um arf-

leiðsluskrá, sem fylgja verði út í æsar, ef skráin eigi að hafa gildi. Þessi stefna komi hvarvetna fram í erfðalögum, er um arfleiðsluskrár sé fjallað.

Er fyrst bent á 19. grein erfðalaga. Þar sé það skilyrði sett, til þess að heimilt teljist að ráðstafa eignum með arfleiðsluskrá, að arfleifandi sé svo andlega heill, að ætla megi hann færan til að ráðstafa eignum sínum af nokkurri skynsemi. Sönnun fyrir þessu andlega hæfi megi tryggja með því að undirrita skrána í viðurvist notarii publici, enda sé sú leið allajafna farin. Þannig hafi og Sigþrúður Sölvadóttir farið að, er hún gerði arfleiðsluskrá sína hinn 24. september 1955, og sé skrá þessi fullgildur erfðagerningur að öllu leyti.

Á það er bent, að III. kafli erfðalaga setji strangar reglur um arfleiðslugerninga, bæði að því er varðar andlegt heilbrigði arfleifanda og hæfni votta, ef arfleiðsluskrá er ekki undirrituð í viðurvist notarii publici. Beri hér að líta á ákvæði 24.—27. gr. erfðalaga. Vottarnir skuli vera þekktir að samvizkusemi og hvorki andlega sljóir né truflaðir, og skráin megi á engan hátt snerta persónulega hagsmuni þeirra. Þeir skuli samtímis undirrita sérstakt vottorð á skránni, þar sem þess sé getið, að þeir hafi sérstaklega verið kvaddir til að votta undirskrift arfleifanda og að hann hafi, vitandi vits og með fullu ráði, undirritað skrána að þeim báðum viðstöddum og lýst því yfir, að efni hennar væri vilji sinn. Enn fremur skuli vottar geta þess, að þeim hafi verið vitanlegt, að um arfleiðsluskrá væri að ræða. Yfirlýsing skuli vera dagsett og þess getið, hvar undirskriftirnar fóru fram.

Nú er því haldið fram, að vottarnir og arfleifandi hafi svo mjög vanrækt þessi formskilyrði, að ekki fari hjá því, að síðari arfleiðsluskráin og erfðabréfið, sem séu vitanlega hvort öðru nátengd, séu algerlega ógild plögg og að engu hafandi. Bent er á það, að svo virðist sem arfleifandi hafi ritað undir erfðabréfið hinn 26. júlí 1958 og sjálfa arfleiðsluskrána hinn 28. sama mánaðar, en vottarnir hafi ritað vottorð sitt á skrána fyrst hinn 26. ágúst sama árs. Ekki sé þess heldur getið í vottorðinu, að þeir hafi sérstaklega athugað, hvort arfleifandi væri með fullu ráði að ráðstafa eignum sínum, og ekki heldur, að þeir hafi samtímis undirritað vottorðið. Allur frágangur á vottorði þessara manna virðist gefa til kynna, að þeir hafi ekki uppfyllt þau skilyrði, sem almennt verði að gera til votta að arfleiðsluskrá.

Af öllu þessu leiði, að skrá þessi og erfðabréf séu að engu haf-

andi. Afturköllun sú á fyrri arfleiðsluskránni, sem hin síðari tekur fram berum orðum, hljóti að miðast við það, að hún tæki gildi. Þar sem ekkert hafi komið fram í málinu, er til þess bendi, að arfleifandi hafi ætlazt til þess, að lögerfingjar hennar hlytu arf eftir hana, ef hin síðari skrá yrði metin ógild, þá verði ekki annað fyrir hendi en að líta svo á, að afturköllunin sé fallin úr gildi.

Af hálfu þeirra Bjargar og Valgerðar Halldórsdætra er því haldið fram, að arfleiðsluskrá, sem undirrituð var og staðfest notarialiter hinn 24. september 1955, hafi, er hún var gerð og þannig frá gengin, verið góð og gild að öllu leyti. Nú hafi arfleifandi gert nýja arfleiðsluskrá sumarið 1958, rskj. 5, og erfðabréf, rskj. 6, og gert þar allt aðra ráðstöfun eigna sinna og lýst þar yfir vilja sínum að afturkalla hina fyrri skrá. Með tilvísun til raka þeirra, sem fram hafa komið af hálfu Snorra Jónassonar og lýst er hér að framan, er því nú haldið fram, að ekki komi til mála að ráðstafa eignum dánarbúsins samkvæmt ákvæðum hinnar síðari arfleiðsluskrár og erfðabréfs. Arfleifandi og vottar, sem þar hafi skráð nöfn sín, hafi svo mjög vanrækt að sinna hinum ströngu formkröfum, sem lög gera til undirritunar arfleiðsluskrár fyrir vottum. Aftur á móti beri á það að líta, að afturköllun arfleiðsluskrár sé engan veginn formbundin að lögum, þótt undirskrift hennar sé það svo mjög, og því er nú haldið fram, að afturköllun sé gild í þessu falli.

Þannig er ljóst, að eftir hvorugri skránni verði farið um ráðstöfun eigna dánarbúsins. Af því leiði, að eignirnar hljóti að falla í hlut þeirra systra, sem þá standi einar til arfs samkvæmt ákvæðum laga um frændsemiserfðir.

Vottar að arfleiðsluskránni á rskj. 5, þeir Gunnlaugur Jónsson verkamaður, Laugavegi 92, og Jón Einarsson, Seljalandsvegi 13, hafa mætt hér í réttinum. Hafa þeir kannazt við undirskriftir sínar undir arfleiðsluskrána á rskj. 5.

Gunnlaugur Jónsson skýrir svo frá, að hann hafi kannazt við Sigþrúði Sölvadóttur, en ekki þekkt hana sérstaklega, en hann hafi komið nokkrum sinnum í húsið, þar sem hún bjó, til þess að heimsækja fólk, sem þar átti heima. Hafi Sigþrúður komið til hans, þar sem hann bjó, og beðið hann að skrifa undir arfleiðsluskrá heima hjá henni. Kveðst Gunnlaugur ekki muna, hvar hann bjó þá, þó líklega í Úthlíð 16. Þetta hafi átt sér stað rétt fyrir hádegi, og kveðst hann svo hafa farið til Sigþrúðar, er hann fór til vinnu sinnar eftir hádegismat, og þá skrifað

undir arfleiðsluskrána, og hafi þau Sigþrúður og hann þá verið ein inni, þar sem undirskriftin fór fram. Sigþrúður hafi sagt sér, að um arfleiðsluskrá væri að ræða, og segist Gunnlaugur hafa litið yfir skjalið, en ekki kynnt sér efni þess nánar og muni nú ekki, hvað í því stóð. Ekki kveðst Gunnlaugur muna, hvort Sigþrúður undirritaði skjalið, meðan hann var þar viðstaddur. Gunnlaugur kveðst hafa mætt manni, sem hann ekki þekkti, er hann var á leið frá undirskriftinni, og hafi sá verið á leið inn til Sigþrúðar, en hún hafi áður getið þess, að hún ætti von á öðrum votti. Kveðst Gunnlaugur ekki hafa séð mann þenna skrifa undir, enda á hraðri ferð til vinnu sinnar. Gunnlaugur kveðst ekki hafa skrifað yfirlýsingu þá, sem hann undirritaði. Hann getur þess, að sér hafi virzt Sigþrúður vera heil heilsu andlega séð.

Jón Einarsson kveðst hafa litið yfir skjal það, sem hann skrifaði undir, og hafa séð, að um arfleiðsluskrá var að ræða, sbr. yfirskrift skjalsins. Hann segir, að viðstaddur undirskrift sína hafi verið maður, sem hann heldur, að hafi heitið Gunnar, en hann kveðst ekki hafa verið honum kunnugur. Þessi maður hafi setið inni, er hann kom á vettvang, en farið svo skömmu síðar. Þó heldur Jón sig hafa verið búinn að skrifa undir, er þessi maður fór. Ekki kveðst Jón muna, hvort þessi maður hafi undirritað skrána, meðan Jón hafði þar viðdvöl. Þá skýrir Jón svo frá, að hann hafi þekkt Sigþrúði og að hún hafi hringt til hans og beðið hann um að koma þenna dag kl. 1 til þess að vera þar vottur, því að þá yrði annar maður þar viðstaddur.

Eins og að framan getur, segir í arfleiðsluskrá, dagsettri 24. september 1955, 3. lið e, að erfðabréf, dagsett 20. ágúst 1955 sé í vörzlum Bergþóru Jónsdóttur. Hefur nefnd Bergþóra Jónsdóttir, Nökkvavogi 4, mætt í réttinum sem vitni. Hún hefur skýrt svo frá, að erfðabréf þetta hafi verið í sínum fórum um tíma, en Sigþrúður hafi komið til sín sumarið 1958, sennilega í ágústmánuði, og fengið bréf þetta afhent, og um leið hafi Sigþrúður látið þess getið, að hún væri að hugsa um að breyta efni þessa bréfs og teldi rétt, að góðgerðafélög nytu eignanna, t. d. Sumargjöf og Blindrafélagið eða Blindravinafélagið. Kveðst Bergþóra síðan ekkert vita um afdrif bréfs þessa. Þessi framburður Bergþóru Jónsdóttur var tekinn gildur sem staðfestur væri, en mótmælt sem röngum og vilhöllum af hálfu Snorra Jónassonar.

Svo sem fram kemur hér að framan, er hin meinta arfleiðsluskrá hinnar látnu frá 28. júlí 1958 svo og erfðabréf hennar frá

26. júlí sama ár undirritað af henni, en hins vegar er við vottun hennar engan veginn fylgt reglum erfðalaga. Hún er ekki gerð eða viðurkennd fyrir notario publico, en hins vegar virðast vera tilkvaddir 2 vottar tæpum mánuði síðar en þessi arfleiðsluskrá er undirrituð. Vottar þessir fylgja í engu ákvæðum 25. og 26. gr. erfðalaga, og framburður þeirra hér í réttinum bendir naumast til, að þeir uppfylli skilyrði 27. gr. um votthæfni.

Að þessu athuguðu þykir ekki fært að taka skjal þetta til greina sem arfleiðsluskrá.

Það liggur fyrir í máli þessu, að hin látna hefur gert arfleiðsluskrá þann 24. september 1955, staðfesta sama dag af notario publico í Reykjavík. Frumrit þeirrar arfleiðsluskrár hefur ekki fundizt meðal eftirlátinna muna hennar, en hins vegar hefur verið lagt fram staðfest endurrit af henni úr notarialbókinni.

Eigi verður annað séð en að sú skrá hafi verið í lögformlegum búningi, þegar hún var gerð, enda hefur því gagnstæða ekki verið haldið fram í máli þessu, en hins vegar er fullyrt, að hin látna hafi afturkallað hana með áritun á síðari arfleiðsluskrá meðal annars.

Ekkert hefur komið fram í máli þessu um það, að hin látna hafi ætlað að fella arfleiðsluskrá þessa úr gildi til hagsbóta fyrir lögerfingja sína. Þykir því réttara að líta svo á, að yfirlýsing þessi, sem skráð er óundirrituð á sama blað og síðari ráðstöfun hennar er gerð, sé markleysa um leið og sú ráðstöfun er metin ógild.

Verður því að telja, að arfleiðsluskrá hinnar látnu frá 24. september 1955 sé í gildi og beri að skipta eignum þeim, sem þar eru tilgreindar, samkvæmt ákvæðum hennar, enda hljóti lögerfingjar hinnar látnu þær eignir, sem þar eru ekki sérstaklega tilnefndar.

Rétt þykir, að málskostnaður í máli þessu falli niður.

Því úrskurðast:

Meint arfleiðsluskrá Sigþrúðar Sölvadóttur frá 28. júlí 1958 skal teljast ógild.

Arfleiðsluskrá hennar frá 24. september 1955 er metin gild, og verður eignum hennar, sem þar eru tilgreindar, skipt samkvæmt ákvæðum hennar. Eignir búsins skulu að öðru leyti falla til lögerfingja hennar, Bjargar Halldórsdóttur og Valgerðar Halldórsdóttur.

Málskostnaður falli niður.

Laugardaginn 14. maí 1960.

Nr. 14/1960. **Ákæruvaldið** (Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Erlendi Einarssyni,
Agli Thorarensen,
Einari Ólafssyni,
Helga Péturssyni,
Hjalta Pálssyni og
Stefáni Björnssyni
(Guðmundur Ásmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ákæra um óréttmæta verzlunarhætti. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Ákæruskjal dómsmálaráðherra, dags. 25. maí 1959, greinir engin tímamörk athafna þeirra, sem ákærðu er sök á gefin í máli þessu, og er það andstætt ákvæðum 2. tl. 2. mgr. 115. gr. laga nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála. Vegna þessa ágalla þykir ákæruskjalið eigi verða lagt til grundvallar dómi um efni máls. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa ákærunni frá sjó- og verzlunardóminum.

Sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, og laun verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 16.000.00.

Þá eru á héraðsdómi þessir annmarkar:

1. Ákærðu eru samkvæmt ákæruskjali m. a. sóttir til refsingar „fyrir að auðkenna smjör," sem Osta- og smjörsalan s/f „sér um pökkun, geymslu og dreifingu á og talið er fyrsta flokks, með orðinu „gæðasmjör", þótt engar opinberar reglur séu til um mat á smjöri". Héraðsdómur hefur látið ódæmt þetta ákæruatriði, en þess í stað tekið til úrlausnar, hvort smjör á vegum greinds fyrirtækis væri þeim kostum búið, að því hæfði vöruheitið „gæðasmjör".

2. Í forsendum héraðsdóms er lýst athugunum, sem framkvæmdar höfðu verið á sýnishornum smjörs frá byrjun

aprílmánaðar 1959 til loka októbermánaðar s. á. Eru niðurstöður þessara athugana síðan metnar ákærðu til refsingar, án þess að greint sé á milli sakaratriða, sem rannsökuð höfðu verið, er ákæruskjal var gefið út, og hins vegar atvika, sem eftir þann tíma gerðust og ákæran gat því ekki tekið til.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er ákæru í málinu vísað frá héraðsdómi.

Sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun sækjanda fyrir Hæstarétti, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00, og laun verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ásmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 16.000.00.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 3. desember 1959.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 16. f. m., er af hálfu ákæruvaldsins höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 25. maí s. l., á hendur eftirtöldum stjórnarmeðlimum Osta- og smjörsölunnar s.f. í Reykjavík: Erlendi Einarssyni forstjóra, Selvogsgrunni 27, hér í bæ, Agli Thorarensen kaupfélagsstjóra, Selfossi, Einari Ólafssyni, bónda að Lækjarhvammi við Suðurlandsbraut, hér í bæ, Helga Péturssyni framkvæmdastjóra, Smáragötu 11, hér í bæ, Hjalta Pálssyni framkvæmdastjóra, Ægissíðu 74, hér í bæ, og Stefáni Björnssyni forstjóra, Grænuhlíð 7, hér í bæ, fyrir að auðkenna smjör, sem greint fyrirtæki sér um pökkun, geymslu og dreifingu á og talið er fyrsta flokks, með orðinu „gæðasmjör", þótt engar opinberar reglur séu til um mat á smjöri, svo og fyrir að pakka öllu slíku smjöri inn í sams konar umbúðir, án þess að getið sé um framleiðanda smjörsins, sem greindu fyrirtæki berst frá ýmsum mjólkurbúum og smjörsamlögum, þannig að ekki verður séð af umbúðum smjörs þessa, hver framleiðandinn raunverulega er, en auk orðsins „gæðasmjör" stendur á umbúðum smjörsins nafn fyrirtækisins Osta- og smjörsalan s.f.

Eru ákærðu kærðir til refsingar eftir 1. mgr., a- og b-liðum, sbr. 2. mgr. 1. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 84/1933 um varnir gegn

óréttmætum verzlunarháttum, sbr. 1. mgr. 9. gr., sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 32/1933 um tilbúning og verzlun með smjörlíki o. fl. analogice. Þá er þess krafizt, að hinir ákærðu verði dæmdir til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Enginn hinna ákærðu hefur, svo að kunnugt sé, sætt kærum eða refsingum, sem áhrif gætu haft við ákvörðun refsingar í máli þessu.

Tildrög máls þessa eru þau, að í byrjun þessa árs kom hér á markaðinn smjör, sem pakkað var í umbúðir, merktar Osta- og smjörsölunni s.f., án þess að framleiðanda væri getið, og selt undir nafninu „gæðasmjör". Að kröfu Neytendasamtakanna, er töldu, að með söluaðferð þessari væri brotið gegn lögum um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum, var málið rannsakað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur.

Samkvæmt framburði allra hinna ákærðu fyrir dómi var nafngiftin „gæðasmjör" svo og gerð umbúðanna ákveðin á stjórnarfundi Osta- og smjörsölunnar s.f. Þá hafa ákærðu, svo og framkvæmdastjóri fyrirtækisins, Sigurður Benediktsson, borið efnislega samhljóða um eftirfarandi: *að* starfsemi Osta- og smjörsölunnar sé fólgin í pökkun smjörsins, geymslu þess og dreifingu, svo og framkvæmd gæðamats og leiðbeiningu um vöruvöndun, *að* vöruheitið „gæðasmjör" hafi verið valið til að gefa til kynna, að um 1. flokks vöru væri að ræða, sbr. t. d. orðið „prima", *að* stjórn Osta- og smjörsölunnar s.f. hafi engar reglur sett um gæðamat á smjöri, en hins vegar starfi við fyrirtækið norskur sérfræðingur, sem sjái um framkvæmd matsins, *að* óþarft sé að geta framleiðslustaðar smjörsins á umbúðunum, þar sem ætlunin hafi verið að setja á markaðinn „standard"-vöru, auk þess sem sparnaður fylgi þessu fyrirkomulagi í dreifingarkostnaði, vörurýrnun og jafnvel hilluplássi í verzlunum.

Jakob Vikse mjólkurfræðingur, sem haft hefur umsjón með gæðamatinu, hefur gefið skýrslu fyrir dómi um framgang þess. Segir hann smjörið dæmt eftir útliti, þéttleika og lykt og bragði. Í framkvæmd séu smjörinu gefnar einkunnir fyrir hvert þessara atriða eftir einkunnarstiganum 6 til 14, og sé vara, sem nær 9,5 stigum, 2. flokks smjör. Hljóti því að koma til greina nokkur gæðamunur á vöru, sem þó telst til sama flokks. Eina efnagreiningin, sem framkvæmd er reglulega við gæðamatið, er að mæld er vatnsprósenta smjörsins. Aðrar efnarannsóknir, t. d. um gerlagróður, eru því aðeins framkvæmdar, að sérstakt tilefni gefist til. Þá skýrði Vikse frá því, að við framkvæmd gæða-

matsins hefði hann fylgt sömu reglum og hafðar eru við mat á útflutningssmjöri í Noregi, enda kvaðst hann engin bein fyrirmæli hafa fengið frá stjórn Osta- og smjörsölunnar s.f. varðandi framkvæmd matsins.

Iðnaðardeild Atvinnudeildar Háskóla Íslands hefur framkvæmt bæði gerla- og efnarannsóknir á sýnishornum úr „gæðasmjörs"-flokki. Verður nú vikið að niðurstöðum þeirra rannsókna.

Frá byrjun aprílmánaðar til októberloka þessa árs voru gerðar gerlarannsóknir á alls 35 sýnishornum, sem tekin voru hjá Osta- og smjörsölunni s.f. Athugasemdir eru gerðar um útlit tveggja sýnishorna, telst annað aðeins sæmilegt að útliti, en hitt gallað vegna hárs, sem í því var. Um gerð sýnishornanna, er fundið að fjórum þeirra. Tvö þeirra teljast lin, eitt mjög lint og eitt sæmilegt. Þá eru gerðar athugasemdir um bragð sýnishornanna. Nítján þeirra teljast hafa gott bragð, sex sæmilegt og fjögur gallað. Eitt sýnishornanna er sagt hafa mjög dauft bragð, annað vera bragðlaust, hið þriðja vera gott, en salt, hið fjórða salt, hið fimmta er sagt vera ofurlítið rammt og hið sjötta hafa flóningarbragð. Þá er tekin fram katalase (gerlagróður) sýnishornanna. Hafa 29 þeirra katalase 0, prófun á katalase eins þeirra eyðilagðist, en 5 hafa katalase 1, 4, 5, 10 og 22. Að áliti þess, er rannsóknirnar framkvæmdi, dr. Sigurðar Pétursson, teljast 13 sýnishornanna góð vara, 15 þeirra sæmileg vara og 7 þeirra gölluð vara.

Af ofangreindum sýnishornum voru 25 jafnframt send til efnagreiningar. Ekki gefur efnagreiningin sjálf tilefni til athugasemda, utan þess, að vatnsprósenta eins sýnishornanna reyndist vera um 16.5. Um 3 sýnishornanna taka prófendur fram, að bragð hafi reynzt óaðfinnanlegt, en þó hafi orðið vart mismunandi seltu. Um 7 sýnishornanna er sagt, að niðurstöður rannsóknarinnar gefi ekki tilefni til athugasemda, og um 11 þeirra er athugasemdum algerlega sleppt. Um eitt sýnishorn er sagt, að bragð sé gott, annað er sagt sæmilegt, hið þriðja salt, en ekki ferskt, og hið fjórða er sagt ekki ferskt.

Auk rannsókna á þeim sýnishornum, er nú var greint frá og tekin voru í Osta- og smjörsölunni s.f., hefur farið fram rannsókn á nokkrum öðrum sýnishornum af „gæðasmjöri", sem sett hafði verið í verzlanir. Í febrúarmánuði s.l., eða skömmu eftir að Osta- og smjörsalan s.f. tók til starfa, voru að tilhlutan borgarlæknis tekin 4 sýnishorn úr verzlunum hér í Reykjavík og þau send til rannsóknar. Niðurstöður gerlarannsókna eru þær,

að 3 sýnishornanna teljast óaðfinnanleg að bragði og útliti, en hið fjórða er sagt flekkótt, hnoðað saman úr tveim smjörtegundum, en bragð óaðfinnanlegt. Katalase sýnishornanna var 0, tvisvar 4 og 9. Telur gerlafræðingurinn tvö sýnishornanna gölluð, en tvö þeirra góða vöru. Niðurstöður efnarannsóknanna á þessum sömu sýnishornum veita ekki tilefni til athugasemda, en þó er tekið fram, að nokkur bragðmunur hafi verið á smjörtegundum í síðast talda sýnishorninu. Við sömu rannsóknir var einnig athugað sýnishorn, sem keypt hafði verið í verzlun, en kaupandi síðan afhent heilbrigðiseftirlitinu. Við gerlarannsókn er sýnishorninu lýst sem flekkóttu, hnoðuðu saman úr rauðgulu smjöri og öðru hvítara að lit. Hafi hnoðunin verið mjög illa af hendi leyst, svo að smjörið var í lögum, sem flettust í sundur, þegar stykkið var brotið. Bragð hafi verið sæmilegt, en hvíta smjörið þó ekki alveg laust við keim, sem minnt hafi á þráa. Sýnishornið hafði katalase 10 og er við gerlarannsóknina talin slæm vara. Við efnarannsókn er tekið fram, að sýnishorn þetta hafi haft nokkuð hærri sýru en þau önnur sýnishorn, er rannsökuð voru. Greinilegur munur hafi þó ekki fundizt á bragði.

Í febrúarmánuði er einnig efnarannsakað „gæðasmjör", sem keypt hafði verið í verzlun, en skilað aftur degi síðar. Við rannsóknina gaf kaupmaðurinn þær upplýsingar, að smjörið hefði verið geymt við 0° hita. Niðurstaðan er sú, að sýrutala smjörsins er há, enda smjörið súrt á bragðið og af þeim sökum talið gallað.

Þá var í aprílmánuði rannsakað smjör, er keypt hafði verið í verzlun hér í bæ, en síðan afhent Neytendasamtökunum. Við gerlarannsókn segir, að smjörstykkið hafi verið samsett úr tveim tegundum, mislitum og mishörðum, báðum með bragðgöllum og háum katalase-tölum, 6 og 17, enda verði varan talin slæm. Við efnarannsókn er athugasemdum sleppt.

Vegna kvörtunar voru á vegum heilbrigðiseftirlitsins enn tekin 3 sýnishorn af smjöri í verzlun hér í bæ í ágústmánuði s.l. Við gerlarannsókn er útlit, gerð og bragð tveggja sýnishornanna talið gott, og er annað þeirra með katalase 0, en hitt ½, enda eru hvoru tveggja sýnishornin talin góð vara. Þriðja sýnishornið er talið gott að gerð og hefur katalase 0, en hins vegar er því lýst svo illa pökkuðu, að smjörið var bert á bletti. Þá er það sýnishorn sagt mjög bragðvont og talið ósöluhæf vara. Við efnarannsókn er síðasttalda sýnishornið talið nokkuð salt á bragðið.

Sigurður Pétursson gerlafræðingur hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að þegar annars sé ekki getið í niðurstöðum rannsókna um bragð, sé með athugasemdunum „sæmilegt", „gallað" eða „slæmt" átt annað tveggja við, að svonefnt „fjósabragð" eða biturt bragð hafi fundizt af smjörinu. Skýrði Sigurður svo frá, að fyrrnefnda bragðið hafi verið algengasti bragðgallinn, er af smjörinu hafi fundizt, en það sé óhreint bragð, sem kemur af mjólkurafurðum, sem geymdar hafa verið lengi, án þess þó, að þær hafi súrnað, og myndast bragðið af klofningi eggjahvítuefna af völdum gerla. Þegar smjörsýnishorn hafi hins vegar hlotið bragðeinkunnina „gott", kvaðst gerlafræðingurinn hafa talið bragðið óaðfinnanlegt, enda kvaðst hann í dómum sínum hafa notað lýsingarorðið sem hástig og einungis metið þá vöru „góða", sem talin var óaðfinnanleg við allar þær prófanir, sem gerðar voru á sýnishorninu. Hins vegar hafi hann flokkað þá vöru sem „sæmilega", sem hann hafi ekki verið ánægður með að öllu leyti, en þó talið söluhæfa.

Þá skýrir Sigurður svo frá, að bragðprófanir hafi hann sjálfur framkvæmt ásamt einum til tveim, og í stöku tilfellum þrem, aðstoðarstúlkum, og hafi yfirleitt verið samkomulag milli hans og stúlknanna um bragðmatið, en aldrei kveðst hann hafa gert athugasemdir um bragðgalla, nema hann hafi jafnframt fundið þá sjálfur.

Sigurður Pétursson kveðst hafa starfað við gerlarannsóknir síðan 1935, og hafi starf hans alla tíð síðan m. a. verið fólgið í bragðprófunum á mjólkurafurðum, og m. a. hafi hann um 10 ára skeið tekið til bragðprófunar allt skyr og allan rjóma, sem Mjólkursamsalan framleiddi og tók á móti.

Þá kvað Sigurður það álit sitt, byggt á niðurstöðum rannsóknanna, að mjög hafi verið fjarri lagi, að „gæðasmjörið" hafi verið „standardiseruð" vara, þótt mikið hafi færzt í þá átt, eftir því sem á árið hefur liðið.

Jóhann Jakobsson, forstöðumaður Iðnaðardeildar Atvinnudeildar Háskóla Íslands, hefur skýrt svo frá, að það hafi verið að beiðni starfsmanna við embætti borgarlæknis, að bragðprófanna var í fyrstu getið í niðurstöðum efnarannsókna á smjörsýnishornum, en þar sem síðar var frá þessari beiðni fallið, var athugasemdum sleppt við síðustu rannsóknir, enda hafi prófendur oft verið ósammála um dóm sinn á bragð, þegar veikur keimur fannst af smjörinu. Þegar bragðprófanir voru hins vegar framkvæmdar, voru þær venjulega lagðar undir mat 4 til 5 starfs-

manna, og taldi Jóhann sennilegast, að þegar annars er ekki sérstaklega getið eða athugasemdum sleppt í niðurstöðum rannsókna, hafi bragðið ekki verið talið aðfinnsluvert að dómi prófenda. Samkvæmt framansögðu á þetta þó ekki við um rannsóknir, dags. 7.9. og 24.10. s.l.

Að sögn Jóhanns Jakobssonar er reynsla starfsmanna efnarannsóknarstofunnar í bragðprófunum á mjólkurafurðum ekki mikil, enda sé það fremur undantekning, að rannsóknarstofunni berist slíkar afurðir til efnagreiningar, og lítið hafi borizt af smjöri fyrr en á þessu ári.

Niðurstöður rannsókna sýna, að veruleg brögð hafa verið að því, að smjör, er selt hefur verið sem „gæðasmjör", hefur ekki uppfyllt þær kröfur, sem gera verður til vöru, verðugrar þess heitis. Brostið hefur á, að eiginleikar vörunnar hafi verið þeir, sem nafngift hennar undirstrikar sérstaklega. Þykir því sá verknaður ákærðu að auðkenna vöruna með orðinu „gæðasmjör", sem hinir ákærðu hafa viðurkennt að hafa valið vörunni til að gefa til kynna, að um 1. flokks vöru væri að ræða, refsiverður samkvæmt a-lið 1. gr. laga nr. 84/1933. Rannsókn málsins hefur á hinn bóginn eigi leitt í ljós, að vöruheitið hafi verið auglýst á þann veg, að jafnframt beri að heimfæra verknað ákærðu undir 2. gr. sömu laga.

Sá verknaður ákærðu að pakka öllu „gæðasmjöri" í samskonar umbúðir, án þess að framleiðanda sé getið, verður eigi talinn varða við 1. gr. fyrrnefndra laga, enda þykja umbúðir þessar hvorki gefa villandi upplýsingar um framleiðslustað vörunnar eða tilbúning hennar. Almenn skylda til að geta framleiðanda á vöruumbúðum er ekki lögboðin, og skilyrði til sakfellingar með lögjöfnun frá ákvæðum 9. gr. laga nr. 32/1933 bresta um tilvik það, sem til úrlausnar er í máli þessu. Ber því að sýkna ákærðu af þessum þætti ákærunnar.

Þar sem ákæruskjal greinir eigi 3. mgr. 1. gr. laga nr. 84/1933, koma þau ákvæði eigi til álita hér.

Refsing hvers hinna ákærðu samkvæmt framansögðu þykir hæfilega ákveðin sektargreiðsla til ríkissjóðs, kr. 1000.00, og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá ber að dæma ákærðu in solidum til greiðslu sakarkostnaðar, málsvarnarlauna til skipaðs verjanda þeirra, Guðmundar Ásmundssonar hrl., kr. 8000.00.

Jón G. Tómasson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna

ásamt meðdómsmönnunum Sigurgeir Sigurjónssyni hæstaréttarlögmanni og Lofti Loftssyni efnaverkfræðing.

Dómsorð:

Ákærðu, Erlendur Einarsson, Egill Thorarensen, Einar Ólafsson, Helgi Pétursson, Hjalti Pálsson og Stefán Björnsson, greiði hver um sig 1000.00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn kostnað sakarinnar, málsvarnarlaun til skipaðs verjanda þeirra, Guðmundar Ásmundssonar hrl., kr. 8000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði samdómsmannsins Lofts Loftssonar.

Ég undirritaður er samþykkur framanskráðu að öðru leyti en því, að ég tel, að með þeirri háttsemi sinni að láta pakka öllu smjöri í sams konar umbúðir, án þess að framleiðanda sé getið, hafi ákærðu jafnframt gerzt brotlegir við b-lið 1. gr. laga nr. 84/1933, enda tel ég, að þar sem smjör frá hinum ýmsu framleiðendum hljóti jafnan að vera nokkuð misjafnt að gæðum, m. a. vegna mismunandi framleiðsluhátta, gefi umbúðir „gæðasmjörsins" ranglega til kynna, að öll varan sé framleidd á sama hátt.

Álit mitt byggi ég á því, að rannsóknir á „gæðasmjöri" hafa leitt í ljós verulegan gæðamun á þessu smjöri. Jafnframt hefur lýsing á gæðaflokkum Osta- og smjörsölunnar s.f. leitt í ljós, að um verulegan gæðamun getur verið að ræða á smjöri, sem metið er til 1. flokks, enda hefur reynslan orðið sú, að um 90% af mjólkurbússmjöri Osta- og smjörsölunnar s.f. hefur verið flokkað sem „gæðasmjör". Allt þetta smjör er framleitt í 9 mjólkurbúum víðsvegar um landið. Að mínu áliti er smjör, sem framleitt er í sama búi, yfirleitt svipað að gæðum, enda framleiðslu smjörsins yfirleitt eins háttað í sama búi og meðferð hráefnisins svipuð. Eins er það álit mitt, að hin mismunandi gæði „gæðasmjörsins" stafi fyrst og fremst af ólíku smjöri úr hinum ýmsu búum, sérstaklega þar sem lítið þarf út af að bera við tilbúning smjörsins eða við meðferð hráefnisins, svo að smjörið verði ekki eins.

Þá er það og mitt álit, að það sé fyrir almenningsheill, að nafn eða merki smjörframleiðanda sé getið á umbúðum, svo að

neytandinn geti tekið þátt í gæðamati smjörsins og haft áhrif á vöruvöndun framleiðandans með kaupum sínum, enda hafa bæði Neytendasamtökin og Kaupmannasamtök Íslands samþykkt áskoranir þess efnis.

Ég er samþykkur dómsniðurstöðu meiri hluta dómenda.

Mánudaginn 16. maí 1960.

Nr. 68/1960. **Haraldur Ágústsson**
gegn
Hallgrími Magnússyni og
Herði Kristinssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur með kæru 17. marz þ. á. og hingað kominni 7. apríl þ. á. skotið til Hæstaréttar frávísunardómi bæjarþings Reykjavíkur, sem upp var kveðinn 10. marz þ. á. í máli, sem varnaraðili Hallgrímur Magnússon sækir á hendur varnaraðilja Herði Kristinssyni, en sóknaraðili höfðaði í héraði meðalgöngusök í máli þessu.

Í greinargerð, dags. 3. maí 1960, krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði frávísunardómur verði felldur úr gildi og að varnaraðiljum verði gert að greiða honum kærumálskostnað.

Í greinargerðum, dags. 6. og 7. maí 1960, krefjast varnaraðiljar staðfestingar hins kærða dóms og að sóknaraðilja verði dæmt að greiða þeim, hvorum um sig, kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Sóknaraðilja ber að greiða varnaraðiljum kærumálskostnað, kr. 800.00 til hvors þeirra.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Haraldur Ágústsson, greiði varnaraðiljum, Hallgrími Magnússyni og Herði Kristinssyni, kærumálskostnað, kr. 800.00 til hvors þeirra, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. marz 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. f. m., hefur Hallgrímur Magnússon, Grund við Fjallhaga, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun, gegn Herði Kristinssyni, Meðalholti 7, hér í bænum, til greiðslu á skuld, að fjárhæð kr. 31.878.81, auk 6% ársvaxta frá sáttakærudegi, 16. júní 1958, til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans.

Þá hefur stefnandi stefnt Haraldi Ágústssyni, Rauðalæk 22, hér í bæ, til réttargæzlu í málinu.

Aðalstefndi hefur gert þær dómkröfur, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða kr. 49.431.18, að frádregnu söluandvirði tækja þeirra, sem eru í sameign hans, stefnanda og réttargæzlustefnda, og að frádreginni leigu af þessum tækjum. Aðalstefndi áskilur sér rétt til þess að setja fram ákveðna peningakröfu fyrir nefndum frádrætti á síðara stigi málsins.

Stefnandi kveður málavexti þessa:

Á árunum 1955, 1956 og 1957 sá stefnandi um byggingu húsanna nr. 4—10 við Skaftahlíð ásamt stefnda og réttargæzlustefnda. Var svo um samið milli þeirra, að þeir skiptu á milli sín umsjónarlaunum við bygginguna, þannig að hver þeirra fengi þriðja hluta þeirra, þrátt fyrir það þótt stefnandi væri talinn fyrir verkinu. Samkvæmt byggingarreikningi, sem gerður var af Byggingarsamvinnufélagi starfsmanna ríkisstofnana, er byggði greind hús, hefur félagið greitt í umsjónarlaun við bygginguna kr. 103.377.01 og á eftir ógreiddar kr. 1259.44. Nema umsjónarlaunin því alls kr. 104.636.45. Af þessari fjárhæð kveður stefnandi sér bera ⅓ hluta, eða kr. 34.878.81, en samkvæmt framangreindum reikningi hafi hann aðeins fengið greiddar kr. 11.500.00 upp í sinn hluta umsjónarlaunanna. Samkvæmt sama reikningi hefur stefndi fengið greiddar kr. 68.895.47 af umsjónarlaununum og réttargæzlustefndi kr. 21.299.58. Samkvæmt þessu kveðst stefnandi enn eiga eftir að fá kr. 23.378.81 af umsjónarlaununum, sem stefnda Herði beri að greiða. Þá lagði stefnandi

kr. 8500.00 í sameiginlegan sjóð þeirra aðiljanna, og er sá sjóður í vörzlu stefnda Harðar. Stefnandi kveður sjóð þenna hafa átt að standa óskertan og krefst nú, að stefndi Hörður endurgreiði sér framlag sitt, þar sem félagsskap þeirra um byggingu sé nú lokið. Stefnandi kveður hluta af framangreindum umsjónarlaunum hafa verið greiddan með ýmsum áhöldum, sem séu í vörzlum stefnda og réttargæzlustefnda, og kveðst geta fallizt á, að áhöld þessi verði seld til lúkningar á uppgjöri, ef nauðsyn krefur.

Með stefnu, útgefinni 25. nóvember 1958, höfðaði réttargæzlustefndi meðalgöngusök í málinu. Gerir meðalgöngustefnandi þær dómkröfur, að aðalstefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 13.579.23 sem sinn hluta af umsjónarlaunum, kr. 42.286.19 sem sinn hluta af eftirstöðvum af greiðslu samkvæmt uppmælingu og kr. 5000.00, er meðalgöngustefnandi greiddi í sameiginlegan sjóð þeirra aðiljanna, eða samtals kr. 65.365.42 með 6% ársvöxtum frá 25. nóvember 1958 til greiðsludags. Þá krefst meðalgöngustefnandi þess, að sér verði dæmdur málskostnaður að mati dómarans.

Aðalstefndi hefur krafizt sýknu af kröfum meðalgöngustefnanda í meðalgöngusök. Jafnframt hefur hann krafizt málskostnaðar úr hendi meðalgöngustefnanda.

Aðalstefnandi hefur krafizt þess í greinargerð sinni í meðalgöngusök, að meðalgöngusökinni verði vísað frá dómi, að því er hann varðar.

Meðalgöngustefnandi reisir kröfur sínar í meðalgöngusök á því, að samkvæmt reikningum Byggingarsamvinnufélags starfsmanna ríkisstofnana hafi umsjónarlaun við greindar byggingarframkvæmdir numið kr. 104.636.45 og hagnaður af uppmælingu kr. 110.649.17. Af umsjónarlaunum, sem skiptast eigi í þrjá jafna hluta, eigi hann að fá kr. 34.878.81, að frádregnum kr. 21.299.58, sem hann hafi fengið greiddar í peningum og með byggingarefni með samþykki aðalstefnanda og aðalstefnda. Þá eigi hann að fá 45% af eftirstöðvum af hagnaði af uppmælingu, þar sem hann hafi unnið 45% af þeim samanlagða vinnustundafjölda, sem þeir aðiljarnir hafi unnið við bygginguna, og nemi sú fjárhæð kr. 50.898.61, en frá þeirri fjárhæð eigi að dragast kr. 4612.42, sem meðalgöngustefnandi hefur þegar fengið greiddar af fjárhæð þessari. Þá gerir meðalgöngustefnandi að lokum kröfu til þess að fá endurgreitt tillag sitt í sameiginlegan sjóð þeirra aðiljanna, sem stofnaður hafi verið til tryggingar fyrstu

útborgun á kaupi starfsmanna þeirra, sem þeir aðiljarnir réðu til verksins. Kveður meðalgöngustefnandi tillag sitt til sjóðs þessa hafa numið kr. 5500.00. Meðalgöngustefnandi kveður þá ákvörðun hafa verið tekna, er verkið var hafið, að keyptar skyldu vélar til nota við framkvæmdirnar og andvirði þeirra greitt af umsjónarlaunum. Voru þannig keyptar blokkþvingur (fimm stálbúkkar), hulsubor og rafmagnssmergelskífa. Kveður meðalgöngustefnandi áhöld þessi vera hjá sér og kveður sig einu skipta, hvort verkfæri þessi verði metin til peninga og hann síðan taki þau, eða þau seld á opinberu uppboði og andvirðinu skipt milli aðiljanna eftir réttum hlutföllum.

Hinn 19. þ. m. fór fram munnlegur málflutningur um framkomna frávísunarkröfu varðandi meðalgöngusök.

Af hálfu aðalstefnanda var þess þá krafizt, að meðalgöngusök yrði vísað frá dómi, að því er varðar kröfu um eftirstöðvar af greiðslu samkvæmt uppmælingu. Jafnframt var þess krafizt, að við endanlega ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til þessa þáttar málsins.

Af hálfu aðalstefnda var tekið undir frávísunarkröfu aðalstefnanda.

Af hálfu meðalgöngustefnanda var þess krafizt, að frávísunarkröfunni verði hrundið og tillit verði tekið til þessa þáttar málsins við endanlega ákvörðun málskostnaðar.

Aðalstefnandi reisir frávísunarkröfu sína á því, að krafa meðalgöngustefnanda um eftirstöðvar af greiðslu samkvæmt uppmælingu sé önnur en krafa sú, sem aðalstefnandi hafi gert í aðalsök. Kröfur þessar séu hvor síns eðlis, og með kröfu sinni um eftirstöðvar af greiðslu samkvæmt uppmælingu hafi meðalgöngustefnandi dregið inn í málið atriði, sem ekki skipti neinu máli um úrlausn dómkröfu aðalsakar.

Af hálfu meðalgöngustefnanda er því haldið fram, að í máli þessu sé verið að gera út um viðskipti aðiljanna út af greindum byggingaframkvæmdum. Í aðalsök og meðalsök sé fjallað um kröfur út af sömu viðskiptum, og verði því dómur um greiðslu samkvæmt uppmælingu í máli þessu bindandi fyrir aðalstefnanda.

Það er að vísu ljóst, að kröfur stefnenda í aðalsök og meðalgöngusök eru runnar af sömu skiptum aðiljanna og úrlausn þeirra skiptir máli fyrir þá alla. Þegar á hinn bóginn er á það litið, að kröfur um umsjónarlaun, greiðslu samkvæmt uppmælingu og framlag til sameiginlegs sjóðs eru allar sérgreindar,

þá þykir aðalstefnandi eigi þurfa að hlíta því, að meðalgöngustefnandi geti í meðalgöngusök krafizt úrlausnar um aðrar kröfur en þær, sem aðalstefnandi hefur þegar haft uppi í málinu. Þykir því bera að vísa kröfu meðalgöngustefnanda um eftirstöðvar af greiðslu samkvæmt uppmælingu frá dómi.

Ákvörðun um málskostnað í þessum þætti málsins bíður, þar til efnisdómur gengur í málinu.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Framangreindri kröfu meðalgöngustefnanda um eftirstöðvar af greiðslu samkvæmt uppmælingum er vísað frá.

Mánudaginn 16. maí 1960.

Nr. 164/1959. **Jón Andrésson** (Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Guðjóni Ólafssyni
(Sveinbjörn Dagfinnsson hrl.).
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Jarðarleiga. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. september 1959. Eru dómkröfur hans þessar:

A. *Aðallega,* að gagnáfrýjanda verði með dómi byggt út af jörðinni Stóra-Hofi I í Gnúpverjahreppi, en *til vara,* verði útbygging ekki dæmd, að ógilt verði orðin: „á erfðaábúð samkvæmt lögum um erfðaábúð" í yfirlýsingu, dags. 2. janúar 1939, sem aðaláfrýjandi gaf gagnáfrýjanda.

B. Að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða aðaláfrýjanda kr. 4200.00 auk 6% ársvaxta af hverju 600 króna árlegu eftirgjaldi frá 1. júní hvers fardagaárs, þ. e. áranna 1953—1959, til greiðsludags.

C. Að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 25. janúar 1960, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. desember 1959. Hann hefur fengið gjafvörn fyrir Hæstarétti. Krefst hann sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Gagnáfrýjandi var árið 1931 orðinn ábúandi á allri jörðinni Stóra-Hofi I. Um ábúðarkjör hans þá fór því eftir ákvæðum ábúðarlaga nr. 1/1884, og þar sem byggingarbréf var eigi gert um ábúðina, öðlaðist gagnáfrýjandi lífstíðarábúð á jörðinni samkvæmt 2. gr. nefndra laga. Umsamið árlegt eftirgjald var 200 krónur frá því í fardögum 1931, og hefur gagnáfrýjandi greitt það eftirgjald síðan.

Samkvæmt gögnum málsins voru byggingar á Stóra-Hofi I orðnar úr sér gengnar á árinu 1938 og brýn þörf á endurbyggingu þeirra, sérstaklega íbúðarhúss. Ekki náðist samkomulag með málsaðiljum um fjárframlög til nýrra bygginga. Hugðust þeir þá leysa þenna vanda með því að afla hagkvæms láns og styrks til húsbygginga, sem þeir, er jarðir höfðu á erfðaábúð, áttu kost á að njóta. Leiddi þetta til þess, að aðaláfrýjandi gaf gagnáfrýjanda 2. janúar 1939 svohljóðandi yfirlýsingu: „Ég undirritaður lýsi því hér með yfir, að ég leigi herra Guðjóni Ólafssyni bónda eignarjörð mína Stóra-Hof I á erfðaábúð samkvæmt lögum um erfðaábúð". Eftir þetta fékk gagnáfrýjandi í sjálfs sín nafni lán og styrk, sem hann notaði til byggingar íbúðarhúss á jörðinni, en auk þess hefur hann hýst jörðina að öðru leyti og framkvæmt þar miklar jarðabætur.

Aðilja greinir á um skilning á efni framangreindrar yfirlýsingar. Aðaláfrýjandi telur, að hún hafi einungis átt að veita gagnáfrýjanda aðstöðu til öflunar láns og styrks til húsbyggingar á jörðinni. Gagnáfrýjandi heldur því hins vegar fram, að með yfirlýsingunni hafi honum verið veitt, eftir því sem við átti, ábúðarkjör samkvæmt lögum nr. 8/1936 um erfðaábúð og óðalsrétt.

Ákvæði um erfðaábúð í lögum nr. 8/1936 tóku einungis til byggingar á þjóðjörðum og öðrum jörðum í eigu almennings. Veita þau erfðaleiguhöfum á slíkum jörðum að ýmsu leyti rýmri rétt en leiguliðar á jörðum í einkaeign njóta samkvæmt ábúðarlögum. Þó að lögin séu þannig ekki miðuð við byggingu jarða í einkaeign, þykir samt mega telja, að einstaklingar geti samið svo sín á milli, að um byggingarkjör fari í höfuðatriðum eftir sams konar reglum og lögin um erfðaábúð hafa að geyma. Um lögskipti aðilja máls þess, sem hér liggur fyrir, þykir því eiga að fara eftir ákvæðum nefndra laga nr. 8/1936, en þó með þeim takmörkunum, að ákvæðin geti átt við um skipti aðilja, að þau brjóti ekki í bága við ófrávíkjanleg fyrirmæli ábúðarlaga og að aðiljar hafi ekki sjálfir með samningi frá þeim vikið. Að öðru leyti verður að telja, að ákvæði ábúðarlaga gildi áfram um réttarsamband þeirra.

Þrátt fyrir hina almennu yfirlýsingu um ábúðina létu aðiljar jarðarafgjaldið ekki fara eftir reglum 2. gr. laga um erfðaábúð, heldur var það látið haldast óbreytt frá því, sem áður hafði verið um samið, þó að það væri samkvæmt málflutningi aðilja að miklum mun hærra en nefnd 2. gr. sagði til um. Verður því að telja, að ákvæði 2. gr. taki ekki til lögskipta þeirra, heldur fari um það efni eftir ákvæðum ábúðarlaga. Með yfirlýsingunni frá 2. janúar 1939 var gerð svo veigamikil breyting á ábúðarkjörum gagnáfrýjanda, að telja má nýja byggingu hafa farið fram í merkingu 54. gr. ábúðarlaga nr. 87/1933, sem þá voru í gildi. Komu því ákvæði þeirra laga til framkvæmdar um jarðarafgjaldið, þar á meðal ákvæði 36. gr. laganna, sem leyfir með tilteknum skilyrðum hækkun á jarðarafgjaldi. Samkvæmt beiðni aðaláfrýjanda fór fram mat úttektarmanna á jarðarafgjaldinu hinn 11. desember 1951, og var það metið kr. 800.00 á ári. Hefur því mati ekki verið hnekkt með yfirmati, og þykir aðaláfrýjandi eiga rétt til þess jarðarafgjalds. Ber því að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um greiðslu úr hendi gagnáfrýjanda til aðaláfrýjanda á kr. 4200.00 með vöxtum, eins og þar greinir. Þar sem aðaláfrýjandi gaf ekki út byggingarbréf, og réttar-

afstaða aðilja eftir útgáfu yfirlýsingarinnar frá 2. janúar 1939 var mjög óglögg, má einnig fallast á það með héraðsdómara, að greiðsludráttur gagnáfrýjanda verði ekki metinn honum til útbyggingarsakar.

Samkvæmt framansögðu verða kröfur aðaláfrýjanda um útbyggingu og ógildingu áðurgreindra orða í yfirlýsingunni frá 2. janúar 1939 ekki teknar til greina. Eftir atvikum þykir málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti eiga að falla niður. Laun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðast samtals kr. 10.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Guðjón Ólafsson, greiði aðaláfrýjanda, Jóni Andréssyni, kr. 4200.00 með 6% ársvöxtum frá 28. apríl 1959 til greiðsludags. Að öðru leyti á gagnáfrýjandi að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður. Málflutningslaun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Sveinbjörns Dagfinnssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Árna Tryggvasonar hæstaréttardómara.

Um lýsingu á kröfum aðilja og málavöxtum vísa ég til dóms meiri hluta Hæstaréttar.

Málsaðilja greinir á um skilning á efni yfirlýsingarinnar frá 2. janúar 1939. Aðaláfrýjandi telur, að hún hafi einungis átt að veita gagnáfrýjanda aðstöðu til öflunar láns og styrks til húsbygginga á jörðinni. Gagnáfrýjandi heldur því hins vegar fram, að með yfirlýsingunni hafi honum

verið veitt, eftir því sem við átti, ábúðarkjör samkvæmt lögum nr. 8/1936 um erfðaábúð og óðalsrétt.

Ákvæði um erfðaábúð í lögum nr. 8/1936 tóku að vísu einungis til jarða, sem voru í eign almennings, en eigi verður talið, að ákvæði laganna séu þess eðlis, að einstaklingar geti eigi samið sín á milli um að hlíta sams konar reglum um ábúð jarða, með þeirri breytingu, að þar sem getið er fyrirsvarsmanns ríkissjóðs í lögunum komi jarðeigandi eða fyrirsvarsmaður hans. Eigi hefur verið í ljós leitt neitt það um atvik að samningu framangreindrar yfirlýsingar né um aðstöðu aðilja, er valdið geti ógildi hennar. Ber því að hrinda kröfu aðaláfrýjanda um ógildingu yfirlýsingarinnar.

Kröfu sína um útbyggingu gagnáfrýjanda og fjárgreiðslu úr hendi hans byggir aðaláfrýjandi á því mati úttektarmanna 11. desember 1951, sem lýst er í héraðsdómi, en gagnáfrýjandi hefur neitað að greiða eftirgjald í samræmi við það mat. Þá synjun sína rökstyður gagnáfrýjandi með skírskotun til 4. gr. laga nr. 8/1936 og 38. gr. núgildandi laga um erfðaábúð og óðalsrétt nr. 116/1943.

Eins og greinir í lýsingu á málavöxtum, hefur gagnáfrýjandi frá því á árinu 1931 greitt eftirgjald, kr. 200.00 á ári, sem aðiljar sömdu þá um. Það eftirgjald var eftir málflutningi aðilja hærra, er framangreind yfirlýsing frá 2. janúar 1939 var gefin, en kveðið var á um í 1. málsgr. 2. gr. laga nr. 8/1936. Verður að telja, að aðiljum hafi verið heimilt að semja svo.

Í 4. gr. laga nr. 8/1936 var kveðið svo á, að eftirgjald skyldi ekki hækka, meðan sama ætt héldi jörðinni. Þegar við tæki ný ætt, skyldi fram fara á jörðinni nýtt mat, og skyldi sá, er við tók, greiða eftirgjald eftir hana, miðað við það mat, en að öðru leyti í samræmi við ákvæði 2. gr. laganna. Með setningu nýrra laga um þetta efni, nr. 116/1943, var ákvæðinu um þessi efni breytt í svohljóðandi mynd, 38. gr., sem er ein málsgrein, eins og áður: „Meðan sama ætt heldur jörðinni, skal afgjaldið ekki hækka. Þegar við jörð tekur ný ætt, skal afgjaldið miðast við þá-

gildandi fasteignamat á landi, húsum og mannvirkjum, er landeigandi á. Þó getur hvor aðili krafizt millimats fasteignamatsnefndar, ef liðin eru 3 ár eða meira frá því að síðasta fasteignamat fór fram". Verður að telja, að ákvæði síðasta málsliðs greinarinnar taki einnig til upphafsákvæðis hennar. Í málinu hefur ekkert komið fram um, að réttarframkvæmd hafi verið með öðrum hætti.

Eins og rakið hefur verið að framan, verður að telja, að málsaðiljar hafi löglega samizt undir að hlíta ákvæðum laga um erfðaábúð um ábúð Stóra-Hofs I, eftir því sem við átti og öðruvísi var ekki sérstaklega frá vikið. Þótt aðiljar hafi með framangreindum hætti vikið frá ákvæðum 2. gr. laga nr. 8/1936, sbr. 34. gr. laga nr. 116/1943, um hæð eftirgjalds, verður að telja, að þeir hafi gengizt undir að hlíta öðrum ákvæðum erfðaábúðarlaga, er lúta að eftirgjaldi, enda óeðlilegt, að ábúðarhafi, sem nýtur sérstæðra hlunninda samkvæmt þessari skipan, greiði svo nokkru nemi lægra eftirgjald en kveðið var á í 2. gr. laga nr. 8/1936, sbr. 34. gr. laga nr. 116/1943. Auðsætt er hins vegar, að mat það, er aðaláfrýjandi lét úttektarmenn framkvæma 11. desember 1951 með skírskotun til 36. gr. ábúðarlaga nr. 8/1951, er eigi byggt á þeim sjónarmiðum, sem greinir í framangreindum ákvæðum erfðaábúðarlaga. Er því eigi á fullnægjandi hátt í ljós leitt, að gagnáfrýjandi hafi innt af hendi of lágt eftirgjald. Krafa aðaláfrýjanda um útbyggingu, byggð á vanskilum um greiðslu eftirgjalds, svo og fjárkrafa hans samkvæmt B-lið dómkrafna verða því eigi teknar til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda fyrir héraðsdómi og Hæstarétti ákveðast kr. 10.000.00.

Dómsorð mitt verður því þannig:

Gagnáfrýjandi, Guðjón Ólafsson, á að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Jóns Andréssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda fyrir

héraðsdómi og Hæstarétti, Sveinbjörns Dagfinnssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Sératkvæði
Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Gagnáfrýjandi varð leiguliði aðaláfrýjanda og föður hans á Stóra-Hofi I 1931. Um ábúðina giltu ákvæði laga nr. 1/1884, og öðlaðist gagnáfrýjandi samkvæmt 2. gr. þeirra lífstíðarábúð á jörðinni. Aðiljar urðu ásáttir um, að gagnáfrýjandi skyldi greiða eftir jörðina í landsskuld kr. 200.00 á ári. Gerði aðaláfrýjandi eigi athugasemdir við þær greiðslur á annan tug ára. Gagnáfrýjandi hugðist brátt reisa ný hús á jörðinni í stað hinna hrörlegu húsa, er voru þar, og hefja ræktunarframkvæmdir. Þar sem 10. gr. laga nr. 1/1884 veitti honum litla réttarvernd um hús, er hann vildi byggja þar, sneri hann sér til aðaláfrýjanda og æskti þess, að þeir skipuðu lögskiptum sínum. Málaleitun þessi leiddi til þess, að aðaláfrýjandi gaf hinn 2. janúar 1939 út svofellda yfirlýsingu: „Ég undirritaður lýsi hér með yfir, að ég leigi hr. Guðjóni Ólafssyni bónda eignarjörð mína Stóra-Hof I á erfðaábúð samkvæmt lögum um erfðaábúð.

Minna-Hofi, 2. janúar 1939.

Jón Andrésson."

Gagnáfrýjandi lét þinglýsa yfirlýsingu þessari. Hann hófst nú handa um byggingar og ræktun á jörðinni í mjög stórum stíl í trausti þess, að yfirlýsingin væri í gildi.

Aðaláfrýjandi telur gagnáfrýjanda hafa unnið til útbyggingar af Stóra-Hofi I. Hann telur og, að sig beri að leysa með dómi undan eftirtöldum orðum á téðu skjali: „á erfðaábúð samkvæmt lögum um erfðaábúð".

Aðaláfrýjanda var rétt samkvæmt meginreglum um samningsfrelsi og frjálsa ráðstöfun manna á eignum sínum að selja jörð sína á erfðaleigu. Að vísu segir í 9. gr. laga nr. 87/1933 og 9. gr. laga nr. 8/1951, að jarðir skuli byggja ævilangt, en eðli máls samkvæmt tekur ákvæði þetta til venjulegra leiguliðaafnota, en skýtur eigi loku fyrir erfðaleigu, sem skapar aðiljum allt önnur réttindi og allt aðrar

skyldur en venjuleg ábúð. Þá er aðiljar gerðu samning sinn 2. janúar 1939, voru í gildi lög nr. 8/1936 um erfðaábúð og óðalsrétt. Lög þessi, og nú lög nr. 116/1943, taka einungis til jarða í almannaeigu og geta því eigi gilt sem sett lög milli aðilja, en telja verður, að aðiljum hafi verið heimilt að gera meginreglur I. og III. kafla og svo 25. gr. laga nr. 8/1936 að samningsákvæðum sín á milli, þótt fáein ákvæði þeirra eigi ekki alls kostar við lögskipti aðilja. Með þeim hætti öðlaðist erfðaleiguhafi tryggingu fyrir ábúð sinni og sinna ættmanna á jörðinni gegn bundnu, lágu eftirgjaldi, en aðaláfrýjandi, jarðeigandi, losnaði m. a. við þá væntanlegu hýsingarskyldu, sem á hann hefði fallið. Eigi verður séð, að erfðaleigusamningurinn sé haldinn neinum þeim annmörkum, að hann beri að fella úr gildi samkvæmt 7. gr. laga nr. 73/1933 né 32. gr. laga nr. 7/1936. Niðurfall erfðaleigusamningsins myndi setja húsabætur og framkvæmdir gagnáfrýjanda á jörðinni, sem hann hafði gert í trausti á erfðaleigusamninginn, undir 10. gr. og önnur ákvæði laga nr. 1/1884, sbr. 13. gr. laga nr. 87/1933 og 13. gr. laga nr. 8/1951, en slík niðurstaða væri óeðlileg.

Eftir 2. gr. laga nr. 8/1936 skal afgjald af jörðum þeim, sem lögin taka til, vera 3% af fasteignamatsverði landsins og jarðarhúsa, en með verði jarðarhúsa telst hér það álag, sem kann að fylgja jörð, er ábúð hefst, og kúgildi með verðlagsskrárverði. Eftir gerð erfðaleigusamningsins frá 2. janúar 1939 greiddi gagnáfrýjandi sömu fjárhæð og áður eftir jörðina Stóra-Hof I, þótt eftirgjaldið væri eftir málflutningi aðilja nokkru hærra en í 2. gr. laga nr. 8/1936 segir. Í 4. gr. sömu laga er svo kveðið á: „Meðan sama ætt heldur jörðinni, skal afgjaldið eigi hækka“. Undir þetta skýlausa ákvæði gekkst aðaláfrýjandi sem samningsákvæði. Nefnt ákvæði er tekið upp í 38. gr. laga nr. 116/1943, sem leyst hafa af hólmi lög nr. 8/1936. Í 38. gr. segir orðrétt: „Meðan sama ætt heldur jörðinni, skal afgjaldið eigi hækka“. Þetta ákvæði er svo skýlaust, að það verður eigi skilið nema á einn veg, enda verið framkvæmt af stjórnvöldum landsins eftir orðanna hljóðan. Lokaákvæði 38. gr. um, að hvor

aðili geti krafizt millimats fasteignamatsnefndar, ef liðin eru 3 ár eða meira frá síðasta fasteignamati, eiga einungis við, er ný ætt tekur við jörð, og þannig hefur ákvæðið verið framkvæmt.

Viðskipti aðilja máls þessa lutu upphaflega lögum nr. 1/1884. Hinn 2. janúar 1939 gerðu þeir ákvæði erfðaábúðarlaga að gildum samningsákvæðum sín á milli. Erfðaleigubréfið var allt annars eðlis, veitti aðiljum allt önnur réttindi og skapaði þeim allt aðrar skyldur en venjulegt byggingarbréf um leiguliðaafnot samkvæmt 54. gr. laga nr. 87/1933. Erfðaleigubréfið flutti lögskipti aðilja eigi undir ákvæði laga nr. 87/1933, heldur útilokaði það aðaláfrýjanda frá því að krefjast endurmats á leigu samkvæmt 36. gr. síðastnefndra laga og gagnáfrýjanda frá því að krefja aðaláfrýjanda um nauðsynleg bæjarhús og peningshús á jörðinni samkvæmt 11. gr. þeirra laga, sbr. 9. gr. laga nr. 8/1936 og 45. gr. laga nr. 116/1943.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, eru meginákvæði I. og III. kafla og 25. gr. laga nr. 8/1936, sbr. nú lög nr. 116/1943, gild samningsákvæði með aðiljum, og þar sem eigi er í ljós leitt, að gagnáfrýjandi hafi vanefnt þessi samningsákvæði, ber að taka kröfu hans um sýknu í málinu til greina.

Rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður. Laun talsmanns gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 10.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Guðjón Ólafsson, á að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Jóns Andréssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Laun talsmanns gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Sveinbjörns Dagfinnssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 1. ágúst 1959.

Ár 1959, laugardaginn 1. ágúst, var í aukadómþingi Árnes-

sýslu, sem haldið var í skrifstofu embættisins á Selfossi af hinum reglulega dómara, Páli Hallgrímssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 36/1958: Jón Andrésson gegn Guðjóni Ólafssyni, en málið var þingfest hinn 14. nóvember 1958 og dómtekið eftir endurtekinn munnlegan málflutning hinn 16. júlí 1959.

Mál þetta hefur stefnandinn, Jón Andrésson, Bergþórugötu 16 A, Reykjavík, eigandi jarðarinnar Stóra-Hofs I í Gnúpverjahreppi, höfðað með stefnu, útgefinni 29. október 1958, á hendur stefnda, Guðjóni Ólafssyni, bónda á Stóra-Hofi. Krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til þess að víkja af jörðinni Stóra-Hofi I ásamt Skammbeinsstöðum í sama hreppi og til þess að greiða málskostnað að mati dómsins. Með framhaldsstefnu, dagsettri 31. marz 1959, gerir stefnandi þá varakröfu, nái aðalkrafan ekki fram að ganga, að dómurinn meti ógild orðin „á erfðaábúð samkvæmt lögum um erfðaábúð" í yfirlýsingu stefnanda frá 2. janúar 1939 (dómskjal nr. 21), en öll yfirlýsingin er á þessa leið: „Ég undirritaður lýsi því hér með yfir, að ég leigi herra Guðjóni Ólafssyni bónda eignarjörð mína Stóra-Hof I á erfðaábúð samkvæmt lögum um erfðaábúð." Jafnframt gerir stefnandi þá sérstöku kröfu í framhaldsstefnunni, að stefndi verði dæmdur til að greiða vangoldið eftirgjald fyrir fardagaárin 1952—1959, samtals kr. 4200.00, auk 6% ársvaxta frá hinum árlegu gjalddögum til greiðsludags, svo og málskostnað í framhaldssökinni eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og tildæmds málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál, en stefndi hefur með bréfi dómsmálaráðherra, dagsettu 11. desember 1958, fengið gjafvörn í málinu.

Leitað var sátta í málinu, en árangurslaust.

Tildrög málsins eru þessi: Stefndi hóf búskap á hálflendu Stóra-Hofs vorið 1928, en eigandi hálflendunnar var þá Sigfús Sigurðsson, sem jafnframt var mótbýlismaður hans á Stóra-Hofi. Svo virðist, að ábýli stefnda, en eign Sigfúsar, hafi verið selt nauðungarsölu vorið 1931. Jafnframt sagði Sigfús lausri ábúð sinni á öðrum hluta jarðarinnar. Stefndi sleppti ábúð hálflendunnar, þegar hún var seld. Þá, eða frá fardögum 1931, fékk stefndi leigðan fjórðung jarðarinnar hjá Andrési Illugasyni, Minna-Hofi, föður stefnanda. Um sömu mundir keypti stefnandi þann fjórðung jarðarinnar, sem átt hafði Þorsteinn Jóns-

son frá Húsatóftum, en áður hafði stefndi fengið ábúð þess jarðarhluta.

Samdist svo með stefnda og þeim feðgum, Andrési Illugasyni og stefnanda, að stefndi skyldi greiða 200 krónur á ári fyrir þeirra hálflendu frá fardögum 1931, og hélzt það athugasemdalaust af beggja hálfu á annan áratug. Þessi hálflenda jarðarinnar, sem stefndi býr enn á, er nú nefnd Stóra-Hof I. Eftir nokkurra ára búskap á jörðinni leitaði stefndi eftir framlögum frá jarðeigendum til byggingar íbúðarhúsa, enda voru híbýli jarðarinnar þá orðin ónothæf að dómi héraðslæknis. Áskilnaður varð með stefnda og jarðeigendum um fyrirhugaða byggingu og framlög jarðeigenda. Frásagnir aðiljanna um ágreiningsefnið eru ósamhljóða. Stefnandi kveðst hafa talið fyrirhugaða byggingu stefnda ófullnægjandi, en stefndi segir, að stefnandi hafi talið bygginguna of stóra og of dýra fyrir jörðina. Efni þetta verður að teljast óupplýst, en áskilnaði aðiljanna virðist hafa lokið um sinn með útgáfu yfirlýsingar stefnanda hinn 2. janúar 1939, en hún er tilfærð hér að framan. Eftir það byggði stefndi íbúðarhús á jörðinni án fjárframlaga frá jarðeigendum. Stefndi telur, að stefnandi hafi vitandi vits og með samþykki föður síns og meðeiganda látið sér í té erfðaábúð á jörðinni í því skyni að firra þá skyldu til endurbyggingar á jörðinni. Stefnandi segir hins vegar, að með útgáfu skjalsins hafi fyrir sér vakað það eitt að skapa stefnda möguleika til þess að veðsetja jörðina fyrir húsbyggingarkostnaði, og hafi stefnda mátt vera það ljóst af viðræðum þeirra á sínum tíma um málið. Andrés Illugason andaðist 1946, og virðist stefnandi þá hafa orðið einkaeigandi Stóra-Hofs I. Hann brá búi vorið 1948 og fluttist síðan til Reykjavíkur.

Stefnandi sagði stefnda með símskeyti 31. maí 1949 upp ábúð á Stóra-Hofi I og endurtók það með bréfi í október 1949, frá fardögum 1950 að telja. Einnig ritaði hann stefnda um sama efni hinn 10. marz 1950 og lét liggja að framlengingu ábúðarinnar gegn sanngjarnri hækkun afgjaldsins. Þá ritaði hann stefnda 15. maí 1951, rökstuddi ástæður sínar til þess að krefjast hækkunar á eftirgjaldi, en lét jafnframt til vara fylgja uppsögn ábúðar, er hann studdi með því, að hann ætlaði að taka jörðina sjálfur til ábúðar og að um vanskil jarðarafgjalds væri að ræða. Með bréfi 6. júlí 1951 sneri stefnandi sér til úttektarmanna Gnúpverjahrepps og óskaði mats eftir ábúðarlögum á leigumála jarðarinn-

ar og hækkunar eftirgjalds vegna breytingar á verðlagi. Úttektarmenn rituðu matsgerð hinn 11. desember 1951 og töldu hæfilegt eftirgjald, með tilliti til verðbreytinga, kr. 800.00. Enn ritaði stefnandi stefnda 20. desember 1952 og krafðist þess, að hann viki af Stóra-Hofi I í fardögum 1953 vegna vanskila afgjalda, og að síðustu 2. október 1958 um sama efni, en í framhaldi af því bréfi er mál þetta höfðað.

Stefndi hefur jafnan hafnað kröfum stefnanda, neitað heimild hans til þess að hækka eftirgjaldið með vísun til þess, að um erfðaábúð væri að ræða, og af sömu ástæðu talið þar að lútandi matsgerð úttektarmanna Gnúpverjahrepps löglausa.

Stefnandi byggir kröfu sína um, að stefndi verði látinn víkja af jörðinni, 1) á langvarandi vanskilum hans á löglegri hækkun eftirgjalds, 2) á því, að stefndi hafi látið land undan jörðinni, 3) á því, að stefndi hafi beitt þrásetu í skjóli rangrar og óheiðarlegrar túlkunar á yfirlýsingu stefnanda frá 1939 og 4) á því, að hann þurfi sjálfur jörðina til ábúðar.

Varakröfu sína í framhaldsstefnu um ógildingu niðurlags yfirlýsingarinnar frá 1939 byggir stefnandi á því, að henni hafi ekki verið ætlað að breyta í neinu því réttarsambandi, sem áður var milli aðiljanna, heldur aðeins að veita stefnda heimild til þess að veðsetja jörðina vegna byggingarkostnaðar, og beri því með lögjöfnun frá 31. gr. laga nr. 7 frá 1936 að fella umrædd orð yfirlýsingarinnar úr gildi.

Kröfu sína um hækkun eftirgjalds fyrir fardagaárin 1952—1959 byggir stefnandi á mati úttektarmanna Gnúpverjahrepps, sem hann telur löglegt að öllu leyti.

Stefndi reisir kröfu sína um algera sýknu í fyrsta lagi á því, að hann hafi erfðaleigu á jörðinni, en samkvæmt lögum um erfðaábúð megi ekki hækka leigu jarðar, á meðan sama ætt sitji hana. Enn fremur hafnar hann öðrum útbyggingarsökum stefnanda sem órökstuddum og röngum.

Dómurinn getur ekki fallizt á kröfu stefnanda um, að stefndi verði dæmdur til þess að víkja af Stóra-Hofi I ásamt Skammbeinsstöðum. Skilningur hans á gildi yfirlýsinga stefnanda frá 2. janúar 1939 og ákvæði 38. gr. laga um erfðaábúð frá 1943, sem er samhljóða ákvæði 4. gr. laga nr. 8 frá 1936, verður ekki metinn honum til útbyggingarsakar. Engar líkur eru leiddar að því, að stefndi hafi látið land ganga undan jörðinni, og ekki verður annað séð en að stefndi hafi þegar 1931 fengið lífstíðarábúð, sem

eigandi gat ekki riftað, þótt hann vildi taka jörðina til sjálfsábúðar.

Ekki verða heldur taldar leiddar líkur að því, að stefndi hafi á sínum tíma vitað eða mátt vita, að yfirlýsing stefnanda frá 1939 hafi að formi eða efni verið öðruvísi en stefnandi ætlaðist til. Verður því einnig að hafna kröfu stefnanda um ógildingu orðanna „á erfðaábúð samkvæmt lögum um erfðaábúð" í umræddri yfirlýsingu.

Krafa stefnanda um hækkun eftirgjalds jarðarinnar í samræmi við mat úttektarmanna Gnúpverjahrepps, frá fardögum 1952 að telja, verður tekin til greina. Matið er heimilt samkvæmt ábúðarlögum, verður að teljast sanngjarnt gagnvart stefnda, miðað við verðfall peninga í ábúðartíma hans, og raunar ekki andstætt tilgangi 38. greinar erfðaábúðarlaganna. Stefndi fékk vitneskju um matið, en ekki er upplýst, með hverjum hætti það gerðist. Hann hirti ekki um að hnekkja því með yfirmati eða málssókn, enda hafði hann ástæðu til að ætla, að stefnandi mundi sjálfur fylgja því eftir til yfirmats. Eftir atvikum þykir rétt að ákveða vaxtagreiðslu af hinum vangoldnu eftirgjöldum frá þingfestingardegi kröfunnar.

Eftir þessum málalokum þykir hæfilegt að tildæma stefnanda í málskostnað kr. 2000.00, sem greiðist af almannafé. Málsvarnarlaun hdl. Sveinbjörns Dagfinnssonar, skipaðs talsmanns gjafvarnarhafa, eru ákveðin kr. 1200.00.

Dómsorð:

Kröfu stefnanda, Jóns Andréssonar, um að stefndi, Guðjón Ólafsson, verði dæmdur til þess að víkja af jörðinni Stóra-Hofi I ásamt Skammbeinsstöðum, er synjað.

Kröfu stefnanda um, að tilgreind orð í yfirlýsingu hans frá 2. janúar 1939 verði metin ógild, er synjað.

Stefndi, Guðjón Ólafsson, greiði stefnanda, Jóni Andréssyni, vangoldið eftirgjald fyrir fardagaárin 1952—1959, kr. 4200.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 28. apríl 1959 til greiðsludags, innan 15 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður, að upphæð kr. 2000.00, greiðist stefnanda af almannafé. Málsvarnarlaun skipaðs talsmanns stefnda, Sveinbjörns Dagfinnssonar héraðsdómslögmanns, eru ákveðin kr. 1200.00.

Mánudaginn 23. maí 1960.

Nr. 17/1957. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Þórólfur Ólafsson hrl.)
gegn
Halldóri Ásgrímssyni
(Árni Halldórsson hdl. skv. 5. gr. laga nr. 61/1942).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og Einar Arnalds borgardómari.

Ákvörðun tekjuskatts.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. janúar 1957, að fengnu áfrýjunarleyfi s. d., og krafizt þess, *að* dæmt verði lögtak á hendur stefnda fyrir ógreiddum skatti, að fjárhæð kr. 1448.00 ásamt kostnaði af lögtaki og uppboðssölu, ef til kemur, og *að* stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Ágreiningslaust er í málinu, að stefndi hafi staðið skil á þeim kr. 468.00, sem fógeti úrskurðaði lögtak fyrir. Er því einungis krafizt í Hæstarétti lögtaks til tryggingar þeim kr. 1448.00, sem fógeti synjaði að framkvæma lögtak fyrir.

Áfrýjandi á jörðina Leiðarhöfn I í Vopnafirði. Hefur hann oftast selt hluta af jörð þessari á leigu, en nytjað sjálfur hluta hennar og notað afurðirnar sem búsílag. Skattárin 1950 og 1951 varð tap á þessum landbúnaði. Tap þetta telur áfrýjandi sér heimilt að draga frá tekjum sínum nefnd skattár, áður en skattur er á þær lagður, en Ríkisskattanefnd kveður slíkan frádrátt óheimilan.

Það er meginregla skattalaga, að tekjur, sem skattþegn aflar með atvinnurekstri eða á annan hátt, eru lagðar saman og tekjuskattur síðan reiknaður af þeim sem einni heild. Samræmi leiðir til þess, að halli, sem verður á einhverri

grein í atvinnurekstri skattþegns, sé dreginn frá heildartekjum hans, nema sett lög mæli öðruvísi. En slíku lagaboði er hér eigi til að dreifa. Með skírskotun til þessa og forsendna fógetaúrskurðarins á stefndi kröfu til þess, að tap hans á landbúnaði skattárin 1950 og 1951 sé dregið frá tekjum hans nefnd ár, áður en skattur er á þær lagður. Ber því að synja um framgang lögtaksgerðar.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 3500.00.

Dómsorð:

Lögtak það, sem krafizt er, á eigi fram að fara.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda, Halldóri Ásgrímssyni, kr. 3500.00, málskostnað fyrir Hæstarétti.

Úrskurður fógetadóms Norður-Múlasýslu 9. ágúst 1956.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar í dag, hefur gerðarbeiðandi, innheimtumaður ríkisins í Norður-Múlasýslu, krafizt lögtaks fyrir tekjuskatti og tekjuskattsviðauka gerðarþola, Halldórs Ásgrímssonar, kaupfélagsstjóra í Vopnafirði, fyrir gjaldárin 1951 og 1952, samtals kr. 1916.00, sem er hækkun Ríkisskattanefndar á álögðum sköttum gerðarþola fyrir þessi ár, vegna þess að nefndin heimilaði ekki frádrátt á halla á landbúnaði gerðarþola frá brúttótekjum hans til skatts. Auk þess krafðist gerðarbeiðandi greiðslu kostnaðar við lögtakið og eftirfarandi uppboðssölu, ef til kæmi. Úrskurður Ríkisskattanefndar gekk í máli þessu 11. nóvember 1952, en 10. september 1952 hafði nefndin tilkynnt gerðarþola, að hún teldi tap á landbúnaði hans ekki frádráttarbært til skatts, þar sem um aukastarf væri að ræða.

Auk þess varð breyting á frádrætti vegna heimilis- og þingstarfa. Ríkisskattanefnd gerði því þessar breytingar á sköttum gerðarþola:

Tekjur:

Ár	Skv. framtali	v/breytts heimilis- frádráttar og þingstarfa	v/niðurfellds búskapartaps	Alls kr.
1950	39.923.00	3.320.00	4.288.00	47.531.00
1951	52.278.00	÷ 100.00	4.337.00	56.515.00

Skattskyldar tekjur:

Ár	Skv. framtali	Með lækkun heimilisfrádr. o. fl.	Með viðbót búskapartaps
1950	9.300.00	10.300.00	11.550.00
1950	11.050.00	11.000.00	12.100.00

Tekjuskattur:

Ár	Skv. framtali	Með breytingu heimilisfrádr. o. fl.	Með breytingu búskapartaps
1951	1.632.00	1.987.00	2.476.00
1952	2.723.00	2.699.00	3.219.00

Tekjuskattsviðauki:

1951	108.00	255.00	467.00
1952	*456.00*	*446.00*	*673.00*
Skattar alls kr.	4.919.00	5.387.00	6.835.00

Gerðarþoli hefur greitt kr. 4919.00 af sköttum þessum, en mótmælir greiðslu mismunarins á álagningu Ríkisskattanefndar og álagningu samkvæmt framtali, kr. 1916.00. Hann gerir þær réttarkröfur, að hið umkrafða lögtak nái ekki fram að ganga og að honum verði úrskurðaður málskostnaður.

Ekki virðist ágreiningur um það, að breyting Ríkisskattanefndar með tilliti til of- og vantalins kostnaðar við heimilishald og þingstörf sé réttmæt. Rétturinn fellst einnig á það. Ljóst er því, að gerðarþola ber að greiða kr. 468.00, sem er mismunur á greiddum sköttum og hækkun, sem leiðir af lækkuðum frádrætti vegna heimilishalds.

Til athugunar kemur þá sú hækkun skattanna, sem stafar af niðurfellingu búskapartapsins og nemur kr. 1448.00. Fyrir þessum fjárhæðum var byrjað lögtak fyrir rétti þessum 12. febrúar 1954, og gekk þann dag úrskurður í málinu. Hinn 26. marz s. á. tilkynnti gerðarþoli, að hann áfrýjaði úrskurðinum, og þ. 8. desember 1954 gekk dómur Hæstaréttar í málinu. Samkvæmt ákvæðum hans vék hinn reglulegi fógeti, Erlendur Björnsson sýslumaður, sæti í málinu. Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 23. apríl 1955 var Axel Tulinius, bæjarfógeti í Neskaupstað, skipaður til þess að fara með málið og úrskurða það sem setufógeti í Norður-Múlasýslu, og hefur hann kveðið upp úrskurð þenna.

Dráttur í málinu stafar af önnum setufógeta í eigin embætti, svo og óhagstæðum samgöngum milli Seyðisfjarðar og Neskaupstaðar s.l. vetur.

Gerðarþoli sendi Ríkisskattanefnd umsögn um málið, dags. 10/11 1952, og virðist hún hafa legið fyrir, þegar Ríkisskattanefnd kvað upp úrskurð sinn, því í honum er tekið tillit til athugasemdar um kostnað við þingsetu, enda þótt nefndin taki fram í upphafi úrskurðarins, að gjaldandi hafi ekki svarað henni. Í umsögn sinni, sem liggur fyrir í réttinum, leggur gerðarþoli áherzlu á, að sér hafi verið nauðsynlegt að framleiða mjólk til heimilisþarfa, vegna þess að engin mjólk var fáanleg til kaups í Vopnafirði. Í greinargerð í málinu, sem lögð var fram 12/2 1954, er einnig vikið að þessu atriði, en jafnframt þó tekið fram, að það skipti ekki meginmáli, því að tilgangur atvinnurekstrar hafi engin áhrif á skattskyldu af tekjum af honum.

Í greinargerð, sem nú er lögð fram í fógetarétti, segir gerðarþoli, að úrskurður Ríkisskattanefndar þess efnis, að ekki skuli tekið tillit til taps á búskap til frádráttar skatttekjum, hafi ekki stoð í lögum, jafnvel þótt um aukastarf sé að ræða.

Skulu nú athuguð lagaákvæði um þetta efni. Þau er að finna í 7. gr. og 10. gr. laga nr. 6/1935 um tekju- og eignarskatt og í reglugerð samkvæmt þeim lögum, nr. 133/1936. Í 7. gr. laga nr. 6/1935 er landbúnaður talinn fyrstur sem tekjustofn í hópi ýmiss konar atvinnurekstrar. Í 10. gr. sömu laga er sagt, að frá tekjum skuli draga „reksturskostnað", og sem skýringu á honum „þau gjöld, sem á árinu ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við." Í 2. mgr. b-liðar sömu lagagreinar er heimilað að flytja tap, sem orðið hefur á atvinnurekstri, milli ára um tvenn áramót og draga frá skattskyldum tekjum, unz það er að fullu greitt. Þessi regla virðist vera sett til þess að tryggja frádrátt tapsins til skatts síðar, enda þótt engar tekjur séu til að mæta tapinu á sama ári.

Það er alkunna, að þessi ár, sem hér um ræðir, varð mikið tap á landbúnaði á Austurlandi vegna árferðis. Þær ráðstafanir, sem tapinu ollu, voru einmitt til þess að „tryggja tekjurnar og halda þeim við", þ. e. fóðurbætiskaup til þess að halda lífi í skepnunum.

Um það, hvort um aðalatvinnu eða aukastarfsemi er að ræða, má taka það til greina, að erfitt er oft að gera greinarmun á slíku, t. d. hafa flestir bændur tekjur af öðrum atvikum en hreinum búskap, t. d. vegavinnu og öðrum launuðum störfum. Gæti hæglega farið svo, að bóndi hefði eitt ár tap af búrekstri sínum, en nettótekjur vegna launastarfa utan heimilis, einkum ef grasbrestur eða óþurrkar yrðu.

Ekki verður talið, að búskapur til öflunar búsafurða, sem aðallega fara til neyzlu á heimili húseiganda, verði talin skemmtun, heldur verður að líta á hann sem atvinnurekstur í tekjuöflunarskyni. Tekjur í fríðu eru samkvæmt skattalögum taldar með öðrum skattskyldum tekjum.

Samkvæmt 22. gr. reglugerðar nr. 133/1936 skal telja allar búsafurðir til tekna á sama verði, hvort sem þær eru seldar eða hafðar til heimilisnota, og eru gefnar ákveðnar reglur um, hvernig beri að meta þær. Ekki liggja fyrir í máli þessu efnislegar athugasemdir við framtöl gerðarþola, og verður því að telja, að þau séu fullnægjandi að því leyti.

Rétturinn gerir ráð fyrir, að helzta ákvæðið, sem Ríkisskattanefnd styðst við um setningu reglna um framtöl, sé að finna í 2. tl. 54. gr. reglugerðar nr. 133/1936 um eftirlit með störfum lægri skattaálagningaraðilja og samræmingu í framtölum. Þó er þar berum orðum fram tekið, að nefndin geti „af eigin hvötum rannsakað og úrskurðað um hvert það atriði, er varðar framkvæmd skattalaganna og reglugerðar þessarar". Enda leiðir það af 77. gr. stjórnarskrárinnar, að Ríkisskattanefnd getur ekki í starfi sínu farið út fyrir ákvæði laga eða reglugerða, sem settar eru samkvæmt þeim lögum. Þegar Ríkisskattanefnd setur þær reglur, að tap á tilteknum atvinnurekstri skuli ekki mega dragast frá tekjum atvinnurekenda, enda þótt hann stundi þann atvinnurekstur sem aukastarf, verður því að telja, að hún fari út fyrir lögin og hafi því ekki stoð undir slíka reglu í lögum.

Af því, sem að framan var sagt, leiðir, að Ríkisskattanefnd hafi ekki verið heimilt að hækka skattskyldar tekjur gerðarþola skattárin 1950 og 1951 um framtalið tap á landbúnaði þessi ár. Krafan um framgang lögtaksins verður því ekki tekin til greina að þessu leyti.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Niðurlagsorð:

Hið umbeðna lögtak nái fram að ganga, að því er varðar kr. 468.00.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 23. maí 1960.

Nr. 86/1960. **Fjóla Kristjánsdóttir**
gegn
valdstjórninni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Vitnaskylda. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Í sakadómi Suður-Múlasýslu hinn 6. maí 1960 ákvað héraðsdómarinn, Valtýr Guðmundsson sýslumannsfulltrúi, að krefja sóknaraðilja gegn andmælum hennar vættis í opinberu máli. Samkvæmt heimild í 6. tl. 172. gr. laga nr. 27/1951 lýsti sóknaraðili þegar kæru þessarar ákvörðunar til Hæstaréttar, og bárust dóminum skjöl málsins hinn 16. þ. m. Krefst sóknaraðili þess, að greind ákvörðun héraðsdómara verði úr gildi felld og að henni verði dæmdur kærumálskostnaður úr ríkissjóði.

Af hálfu valdstjórnar hafa eigi komið fram kröfur né greinargerð í málinu.

Héraðsdómara bar samkvæmt 2. mgr. 103. gr. laga nr. 27/1951 að kveða á um vitnaskyldu sóknaraðilja með úrskurði, sem byggður væri á skýrum og glöggum forsendum, sbr. 164. gr. sömu laga. En þar sem forsendur af hendi dómara eru engar fyrir hinni kærðu dómsathöfn, verður hún ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Kærumálskostnaður sóknaraðilja, kr. 800.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hin kærða dómsathöfn á að vera ómerk, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Kærumálskostnaður sóknaraðilja, Fjólu Kristjánsdóttur, kr. 800.00, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður sakadóms Suður-Múlasýslu 6. maí 1960.

Heimilt er að spyrja frú Fjólu Kristjánsdóttur sem vitni hér í dóminum um atriði, sem skeðu á heimili hennar varðandi veru Arnþórs Þórólfsssonar í Læknishúsinu eftir 7. október s.l.

Mánudaginn 23. maí 1960.

Nr. 3/1957. **Guðmundur og Sigurður Eyjólfssynir og Arnþrúður Guðjónsdóttir f. h. dánarbús Eyjólfs Guðmundssonar**
(Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn
Kristjáni Bjarnasyni (Sigurður Ólason hrl.)
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og Ármann Snævarr prófessor.

Landskiptamál.

Dómur Hæstaréttar

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. janúar 1957 og fengið gjafsókn hér fyrir dómi. Krefjast þeir þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og að þeir verði sýknaðir af kröfum gagnáfrýjanda í málinu. Svo krefjast þeir og málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, og að skipuðum talsmanni þeirra verði dæmd málflutningslaun úr ríkissjóði bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 9. janúar 1957, og hefur hann einnig fengið gjafsókn fyrir Hæstarétti. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að niðurstöðu til og að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða in solidum málskostnað fyrir

Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Einnig krefst hann þess, að skipuðum talsmanni hans fyrir Hæstarétti verði dæmd málflutningslaun úr ríkissjóði.

Hinn 19. júní 1957 var í Hæstarétti kveðinn upp úrskurður í máli þessu um öflun framhaldsgagna. Af því tilefni var hlutazt til um, að dómkvaddur kunnáttumaður gerði uppdrátt af landi Hvolsjarða, sem sýndi merki jarðanna samkvæmt landamerkjaskrám og önnur þau atriði, sem greinir í 1. tölulið úrskurðarins. Á dómþingi 1. og 2. apríl 1958 var uppdrátturinn lagður fyrir eigendur og aðra fyrirsvarsmenn Hvolsjarða og aðliggjandi jarða. Kom þá og síðar í ljós, að gagnáfrýjanda greindi á við fyrirsvarsmenn sumra jarðanna um landamerki. Merkjadómur Skaftafellssýslu tók ágreining þenna til meðferðar, og gekk dómur í því máli í héraði 19. desember 1959 og í Hæstarétti 5. maí 1960. Var mál það, sem hér liggur fyrir, látið bíða þess, að fullnaðardómur gengi í landamerkjamálinu.

Hinn 19. apríl 1958 komu yfirlandskiptamenn fyrir dóm og gerðu grein fyrir afstöðu sinni til þeirra atriða, sem um ræðir í 3. tölulið fyrrnefnds úrskurðar Hæstaréttar. Eru þeir á einu máli um, að krossskipting sú á landinu, sem gerð var við yfirlandskiptin, hafi verið nauðsynleg til að koma í veg fyrir, að ágangur af Klifandi mæddi allur á annarri jörðinni. Með því að láta báðar jarðirnar fá land að ánni, hafi áhættunni af ágangi hennar verið jafnað á þær. Í öðru lagi hafa flestir þeirra lýst það skoðun sína, að þar sem landgæði jarðarinnar séu að mun meiri á austurhluta hennar, hafi verið á því mikil vandkvæði eða jafnvel ógerningur að skipta henni þannig, að í hlut annars aðiljans kæmi samfellt land að vestanverðu, en hins að austanverðu. Hættu á spjöllum af sandfoki kveða yfirlandskiptamenn vera með öllum suðurhluta Hvolslands, og þar sem Hvoll I (Suður-Hvoll) hafi hlotið þar meira land, sé sandfokshættan þar þeim mun meiri. Við yfirlandskiptin hafi verið tekið tillit bæði til hættu af sandfoki og ágangs Klifandi á landið.

Í málflutningi af hálfu gagnáfrýjanda hefur verið að því fundið, að yfirlandskiptamenn muni ekki hafa gert sér fulla grein fyrir vesturmörkum Hvolslands, enda muni spilda úr landi Péturseyjarjarða niður við Hvolsmóa hafa verið tekin undir skiptin. Í héraðsdómi er einnig að því vikið, að ekki sjáist af gögnum málsins, að yfirlandskiptamenn hafi gengið úr skugga um, hver væru landamerki jarðarinnar að vestan. Eftir uppsögu héraðsdóms hefur formaður yfirlandskiptanefndar lýst því fyrir dómi, að við yfirlandskiptin hafi vesturmörkin verið miðuð við línu gegnum tvö vörðubrot syðst og vestast í Hvolsmóa og lína þessi framlengd til norðurs. Gróið land Péturseyjar vestan þessarar línu hafi verið dregið frá gróinni landstærð, sem reiknuð hafi verið út í einu lagi. Þegar athuguð er niðurstaða fyrrgreinds landamerkjamáls um vesturmörk Hvolslands, þá er auðsætt, að lína sú, sem yfirlandskiptamenn miðuðu við, víkur á þessu svæði, þ. e. niður í Hvolsmóa, svo lítið frá réttri landamerkjalínu, að sá munur getur engin áhrif haft á heildarskiptin.

Í málflutningi gagnáfrýjanda hefur verið bent á það, að í sambandi við ágang af ánni Klifandi hafi yfirlandskiptamenn ekki tekið tillit til þess, að stofnaður hafi verið af rikssjóðsframlagi Jarðabótasjóður Hvolsjarða, en hlutverk hans sé að vinna upp með endurbótum á Hvolsjörðum það, sem eyðast kynni vegna landbrots af ánni Klifandi. Telur héraðsdómur það og vera galla á yfirlandskiptagerðinni, að þar skuli ekki vera að þessu vikið. Sjóður þessi var á sínum tíma lagður undir stjórn Búnaðarfélags Dyrhólahrepps, og gilda um úthlutun á honum sérstakar reglur, dags. í nóvember 1947. Voru því ekki rök til að taka sjóðinn undir skiptin.

Að því er varðar svonefnda krossskiptingu landsins, hafa yfirlandskiptamenn með framanskráðri umsögn sinni fært veigamikil rök að því, að sanngjörn skipting landsins milli aðilja hefði trauðla náðst með öðrum hætti. Þykir þessi skiptatilhögun því ekki út af fyrir sig eiga að valda riftun á yfirlandskiptagerðinni. Þá má og með skírskotun til for-

sendna hins áfrýjaða dóms fallast á það álit héraðsdómenda, að ekki séu fram komin rök fyrir því, að aðiljum hafi verið mismunað, miðað við landgæði og aðstöðu til búrekstrar. Verður skiptunum því ekki heldur hnekkt af þeirri ástæðu.

Í yfirlandskiptagerðinni er þess getið, að skiptin taki ekki til Heimrikvíslar og ógróins lands í sandgræðslugirðingu. Þá ber yfirlandskiptagerðin það og með sér, að skiptin taka ekki til alls lands jarðarinnar að vestan og norðvestan. Gagnáfrýjandi hefur gagnrýnt þessa framkvæmd á yfirlandskiptunum og krafizt, að landskiptin verði látin taka til þessara óskiptu svæða.

Yfirlandskiptamenn virðast ekki hafa talið rétt að skipta öðru en grónu landi í sandgræðslugirðingunni. Klifandiaurana kveða þeir sig hafa talið einskis nýtt land og því ekki tekið þá með til skipta. Þá hafa þeir og lýst því, að þeir hafi talið aðiljum hagkvæmara að hafa Heimrikvísl óskipta vegna umferðar og þar sem hún einnig nýttist þannig betur til skjóls og aðgangs að vatni fyrir búpening.

Þar sem bein krafa hefur komið fram um skiptingu á nefndum svæðum og þau verða ekki undanskilin skiptum samkvæmt ákvæðum landskiptalaga nr. 46/1941, sbr. einkum 3. og 13. gr. þeirra, þá ber að framkvæma skiptingu þeirra. Ákveða má þó aðiljum umferðarrétt, eftir því sem nauðsyn þykir til bera. Með því að óvíst er, hvort unnt sé að framkvæma hagkvæm og réttlát skipti á svæðum þessum án þess að hagga að einhverju leyti þegar framkvæmdum skiptum, þá verður ekki hjá því komizt að fella yfirlandskiptagerðina frá 10. maí 1952 úr gildi og leggja fyrir yfirlandskiptamenn að taka skiptin upp að nýju samkvæmt því, sem að framan var rakið.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Málflutningslaun skipaðra talsmanna aðilja í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðast samtals kr. 40.000.00 til hvors þeirra, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Landskiptagerð yfirlandskiptanefndar frá 10. maí 1952 á landi Hvols í Dyrhólahreppi er úr gildi felld, og ber yfirlandskiptamönnum að framkvæma skiptin samkvæmt því, er að framan greinir.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Málflutningslaun skipaðra talsmanna aðilja í héraði og fyrir Hæstarétti, Sigurðar Ólasonar og Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanna, kr. 40.000.00 til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur aukaþings Skaftafellssýslu 10. október 1956.

Ár 1956, miðvikudaginn 10. október, var í aukadómþingi Skaftafellssýslu, sem haldið var á skrifstofu bæjarfógetans í Kópavogi af Sigurgeiri Jónssyni, dómara samkvæmt umboðsskrá, og Zophoníasi Pálssyni og Rögnvaldi Guðjónssyni meðdómsmönnum, kveðinn upp dómur í aukadómþingsmálinu Kristján Bjarnason, eigandi og ábúandi Hvols II, gegn Guðmundi og Sigurði Eyjólfssonum, ábúendum Hvols I, og Arnþrúði Guðjónsdóttur f. h. dánarbús Eyjólfs Guðmundssonar.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 4. þ. m., er höfðað fyrir aukadómþingi Skaftafellssýslu með stefnu, útgefinni 6. maí 1955, af Kristjáni Bjarnasyni, bónda að Hvoli II (Norður-Hvoli) í Dyrhólahreppi, gegn Guðmundi og Sigurði Eyjólfssonum, ábúendum Hvols I, og Arnþrúði Guðjónsdóttur f. h. dánarbús Eyjólfs Guðmundssonar, eiganda Hvols I. Stefnandi hefur með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 19. apríl 1955, fengið gjafsókn í málinu, og stefndu hafa með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 16. júní 1955, fengið gjafvörn í því.

Kröfur stefnanda eru þær, að hrundið verði með dómi yfirlandskiptagerð milli jarðanna Hvols I og Hvols II frá 10. maí 1952, og að stefndu verði dæmd in solidum til að greiða honum málskostnað, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Til vara hefur hann krafizt þess, að landskiptum verði rift að nokkru leyti, þannig að bætt verði við landsúthlutun til hans.

Stefndu kröfðust þess *aðallega*, að málinu yrði vísað frá dómi, en *til vara*, að þau yrðu sýknuð af öllum kröfum stefnanda og

að stefnandi yrði, hvernig sem málið fer, dæmdur til að greiða þeim málskostnað að mati dómsins, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál. Lögmenn beggja aðilja hafa krafizt talsmannslauna þeim til handa, hvernig sem málið færi. Frávísunarkröfu stefndu var hrundið með úrskurði, uppkveðnum 3. apríl s.l., en þeim úrskurði var skotið til Hæstaréttar og hann þar staðfestur hinn 14. maí s.l.

Málavextir eru þeir, að í september 1952 fóru fram skipti á landi Hvols í Dyrhólahreppi í Vestur-Skaftafellssýslu, sem var óskipt sameign stefnanda og Eyjólfs heitins Guðmundssonar. Landskiptum þessum var skotið til yfirlandskiptamanna, sem framkvæmdu yfirlandskipti með yfirlandskiptagerð, dagsettri 10. maí 1952. Stefnandi, sem ekki vildi una yfirlandskiptum og krefst riftunar á þeim, byggir riftunarkröfu sína á því, að skipti þessu séu, jafnvel þótt þau kynnu að vera lögleg að ytra formi, að efni til svo misheppnuð og í sumum atriðum jafnvel fráleit, að ekki verði við unað, þar eð þau halli stórlega á Hvol II í öllu tilliti. Ætla megi, að yfirlandskiptin hafi að nokkru verið byggð á röngum eða misskildum forsendum og án nægilega undirbyggðs grundvallar. Kveðst hann vegna hinna misheppnuðu og ranglátu yfirlandskipta hafa beðið mikið afhroð, þar sem land það, sem honum hafi verið úthlutað, sé miklu minna, en þó einkum miklu lélegra land en land Hvols I, kostnaðarsamara til ræktunar og nytja, og öll aðstaða til búrekstrar þar stórum verri. Hafi hann af þessum sökum orðið að draga stórum saman búrekstur og fækka búpeningi, og séu jafnvel horfur á, að hann neyðist til að hætta búskap, ef hann fái ekki einhverja leiðréttingu þessara mála. Þessu öllu til staðfestingar hefur stefnandi m. a. bent á álitsgerð tveggja dómkvaddra manna, Sturlu Friðrikssonar magisters og Ágústs Böðvarssonar landmælingamanns (dskj. nr. 3, sbr. dskj. nr. 4), sem hann telur sanna, að yfirlandskiptin séu ranglát og sér mjög óhagkvæm að efni til. Hann telur heyfeng af þeim hluta landsins, sem hann fékk í sinn hlut við yfirlandskiptin, bæði minni og verri en heyfeng af landi stefndu samkvæmt yfirlandskiptunum. Með skírskotun til útreikninga hinna dómkvöddu skoðunarmanna kveður hann aðeins 39 hundraðshluta gróðurlendis á sínum jarðarhluta vera innan 1500 metra fjarlægðar frá bæ, en 71 hundraðshluti gróðurlendis hins jarðarhlutans sé innan 1500 metra fjarlægðar frá þeim bæ. Einnig bendir hann á, að ranglæti og lögleysa sé í yfirlandskiptagerðinni að skylda sig til

að flytja endurgjaldslaust hús, sem hann átti á landi því, sem kom í hlut stefndu samkvæmt yfirlandskiptagerð. Þá kveður hann skiptin sums staðar ófullkomin, svo sem um Heimrikvísl og sandgræðsluland. Hann telur yfirlandskiptamenn hafa brotið 10. gr. laga nr. 46/1941 með því að skipta landinu í fjóra eða jafnvel fimm aðskilda hluta, og það svo óhönduglega, að hann komist ekki á norðvestur hluta lands síns að vetrarlagi nema með því að fara yfir land stefndu. Sömu grein telur hann brotna með því að hafa verulegan hluta markanna með bognum línum. Ekki kveður hann við yfirlandskiptin hafa verið tekið neitt tillit til hættu jarðarhlutanna af vatnságangi. Með varakröfu sinni krefst stefnandi viðbótar við land sitt á kostnað stefndu í túni og heimatæku þurrlendi, þannig að fullur jöfnuður náist.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því, að yfirlandskiptin séu lögleg að ytra formi, enda sé það beinlínis viðurkennt í stefnu, og að efnislega séu þau lögleg og rétt, og sé í þeim alls ekki hallað á stefnanda eða að minnsta kosti ekki verulega á hann hallað. Ekki sé vefengt, að yfirlandskiptamenn hafi verið óvilhallir og til þess hæfir að framkvæma yfirlandskiptin, og ekki hafi því verið haldið fram, að yfirlandskiptamenn hafi ekki farið heiðarlega og löglega að við skiptin. Álitsgerð þeirra Ágústs og Sturlu mótmæla þau sem rangri og þýðingarlausri fyrir málið og óbindandi fyrir þau, enda hafi þeim ekki verið tilkynnt um skoðunina og því ekki gefinn kostur á að koma að upplýsingum. Kveða stefndu alla útreikninga í álitsgerðinni samkvæmt skiptingu í gróðursvæði ómerkta af álitsgefendum sjálfum, þar sem þeir viðurkenni, að ekki sé unnt að draga afmarkaða línu milli gróðursvæða, þar sem jaðrar gróðursvæðanna séu ógreinilegir, og skörp mörk ekki til, en oft sé blandaður gróður á stórum svæðum og verði ávallt matsatriði, hvernig flokka skuli. Þá sé og viðurkennt, að mælingar allar hafi verið gerðar án mælitækja. Stefndu kveða 10. gr. landskiptalaganna ekki brotna með yfirlandskiptunum, þar sem land stefnanda sé aðeins í tveimur hlutum, en land þeirra í þremur hlutum, og hafi stefnandi því eigi ástæðu til umkvartana af þessu efni. Um fjarlægð hinna ýmsu landtegunda frá bæjum segja þau, að útilokað sé að skipta landinu nema í eintómum skákum þannig, að hvor hluti fái jafnmikið af hverri tegund gróðurlendis í sömu fjarlægð frá bæ, enda hafi stefnandi fengið meira af slægjum út frá túni sínu, en þau aftur meira af nærtækum kúahögum, og hallist þar ekki á. Um heymagn af landi hvors aðilja um sig

segja stefndu, að það fari meira eftir áburðarmagni en landgæðum og sanni því heyfengsskýrslur ekkert um gæði lands þess, sem heyið er fengið á. Um flutning húsa stefnanda samkvæmt yfirlandskiptagerð segja stefndu, að upplýst sé, að þau hafi við yfirlandskiptin verið dæmd ónýt að öllu öðru en þaki, og hafi stefnanda því verið gert að flytja það á brott af landi því, sem stefndu fengu við yfirlandskiptin. Niðurstaða röksemda stefndu er sú, að þótt litið yrði svo á, að dómstólar gætu hrundið yfirlandskiptum, þá væri ekki um slíkt að ræða, nema sannað væri fullkominni sönnun, að þau væru verulega röng, en í málinu hafi engin sönnun þess komið fram, enda sé fullyrðing stefnanda þar um með öllu röng. Kveða þau land sitt samkvæmt yfirlandskiptagerðinni bæði rýrara en land stefnanda og auk þess liggi það undir meira ágangi. Þrátt fyrir þessa skoðun á landgæðum kveðast stefndu vilja forðast kostnað þann og fyrirhöfn, sem nýjum landskiptum fylgi, enda séu ný landskipti nú að þeirra áliti með öllu óframkvæmanleg.

Samkvæmt yfirlandskiptagerðinni um Hvol frá 10. maí 1952 er land það, sem tekið er til skipta, 715,68 hektarar að flatarmáli. Heimrikvísl og ógróið land í sandgræðslugirðingu er ekki talið með í þeim útreikningi. Öllu landi í sandgræðslu virðist þó skipt, en Heimrikvísl er að mestu óskipt, eins og síðar greinir. Flatarmál þess lands í sandgræðslugirðingu, sem gróður er talinn í, er talið 55,08 hektarar, flatarmál aurlendis með gróðri er talið 141,64 hektarar, en stærð túna, beitilands og slægna 518,96 hektarar. Landsstærð er alls talin 715,68 hektarar. Þessu landi var skipt þannig, að Hvoll I fékk í sinn hluta 43,9 hektara gróins lands í sandgræðslu, 71,01 hektara í aurlendi og 245,04 hektara í túni, beitilandi og slægjum, eða alls 395,95 hektara. Hvoll II fékk 11,18 hektara af grónu landi í sandgræðslu, 70,63 hektara af aurlendi og 273,92 hektara af túni, beitilandi og slægjum, eða samtals 355,73 hektara. Landinu var skipt eftir markalínum þeim, sem færðar hafa verið inn á dskj. nr. 4. Fær Hvoll I heimatún vestan markalínu í túni, Hvolseyjar og Miðeyjar sunnan markalínu og Heimamýri (Hvolsmýri) norðan markalínu. Einnig land ofan þjóðvegar austan markalínu, sem dregin er þar frá norðri til suðurs. Hvoll II fær heimatún austan markalínu í túni, Heimamýri (Hvolsmýri) sunnan markalínu, Hvolseyjar og Miðeyjar norðan markalínu að þjóðvegi og land ofan þjóðvegar vestan markalínu.

Í yfirlandskiptagerðinni er ákveðið, að farvegur Heimrikvísl-

ar frá þjóðvegi suður að heimreið að Hvoli II skuli vera óskipt land, „þar sem skiptanefnd lítur svo á, að ógerningur sé að halda þar uppi girðingu vegna staðhátta. Þó er landeigendum heimilt að girða eftir kvíslarfarveginum, og skal þá miður aur ráða. Aldrei má þó girða svo í Heimrikvísl, að landeigendur hafi ekki greiðan aðgang hver að sínu landi".

Þá eru sérákvæði í yfirlandskiptagerðinni um:

1. Kostnað við uppsetningu, færslu og viðhald girðinga meðfram þjóðvegi.
2. Afnotarétt Hvols II að fjöruvegi, sem liggur í gegnum land Hvols I.
3. Eignaskipti eða flutning fjárhúsa og hlöðu í Benshólma. Er þar ákveðið, ef samningur um eignaskipti takist ekki, skuli ábúandi Hvols II taka það úr húsunum, er hann telur hagkvæmt fyrir sig, og hafa lokið því ekki síðar en 1. desember 1952.
4. Að sameiginleg fjárrétt falli undir Hvol I, en fjárhústóft Hvols I falli undir Hvol II.
5. Að reki og önnur hlunnindi skuli vera sameign, svo sem verið hafi.
6. Endurskipti vegna eyðingar lands af ágangi vatns og sands svo og vegna lands, sem grær upp.

Í framangreindri álitsgerð hinna dómkvöddu skoðunarmanna Ágústs Böðvarssonar og Sturlu Friðrikssonar er fundið að því, að uppdráttur sá, sem farið var eftir við skiptin á Hvoli, hafi ekki verið fullnægjandi, þar sem hann geri ekki aðra greiningu landtegunda en milli aurs, sands og annars lands. Sama máli kveða þeir gegna um greinargerð yfirlandskiptamanna, að hún greini ekki heldur milli túns, góðra engja og annars sérstaklega verðmæts lands. Skipta þeir landinu eftir tegundum í níu flokka. Telja þeir tún Hvols I samkvæmt yfirlandskiptunum vera 16,2 hektara, en Hvols II 13,44, nýrækt Hvols I 1,0 hektara, en Hvols II enga, valllendi Hvols I 26,6 hektara, en Hvols II 23,6 hektara, móa Hvols I 88,5 hektara, en Hvols II 75,8 hektara, rýrari móa Hvols I 92,4 hektara, en Hvols II 51,6 hektara, jaðar Hvols I 20,9 hektara, en Hvols II 56,7 hektara, mýri Hvols I 43,4 hektara, en Hvols II 64 hektara og aurlendi Hvols I 71,01 hektara, en Hvols II 70,63 hektara. Tún jarðarhlutanna fyrir yfirlandskiptin telja þeir hafa verið 14,54 hektara hjá Hvoli I, en 15,10 hektara hjá Hvoli II.

Með því að draga hringi með 1500 metra geisla frá hvor-

um bæ telja þeir sig komast að raun um, að mikill sé mismunur á aðstöðu til nýtingar landsins, sérstaklega hvað snertir kúahaga, þar sem þeir telja, að Hvoll I hafi 71 hundraðshluta af sínu gróðurlendi innan hringsins, en Hvoll II aðeins 39 hundraðshluta.

Niðurstaða álitsgerðar þeirra er:

1. Skipting túna ójöfn (1—2).
2. Mismunandi aðstaða til ræktunar og annarar nytjunar vegna mismunandi fjarlægðar og landtegunda (3).
3. Ekki komi fram í skiptagerð, hvort land undir sýsluvegi og þjóðvegi sé tekið af óskiptu landi (4).
4. Óákveðin mörk um skiptingu sandgræðslu (5).
5. Óréttmæt ákvæði um fjárhús og hlöðu og flutning á þeim (6).
6. Bent er á til athugunar, hvort eigendur telji sér ekki hagkvæmara að skipta Heimrikvísl, þar sem grundvöllur fyrir umferðarrétti um kvíslina sé fallinn burt með flutningi sýsluvegar.

Þá láta þeir þess getið varðandi greiningu lands í gróðursvæði, að ekki sé unnt að draga afmarkaða línu milli þeirra, þar sem jaðrar svæðanna séu ógreinilegir og skörp mörk ekki til. Sé oft blandaður gróður á stórum svæðum, og verði ávallt matsatriði, hvernig flokka skuli. Í niðurlagi álitsgerðar sinnar skilgreina þeir frekar hinar ýmsu tegundir gróðursvæða og lýsa helztu gróðureinkennum á þeim. Álitsgerðin er dagsett í Reykjavík hinn 10. marz 1955.

Svo sem að framan er greint, mótmæla stefndu álitsgerð þeirra Ágústs og Sturlu sem rangri og þýðingarlausri fyrir málið og óbindandi fyrir þau, þar sem þeim hafi ekki verið tilkynnt um skoðunina. Þá mótmæla þau, að hallað hafi verið á stefnanda við yfirlandskiptin, og algerlega ósannað í málinu, þrátt fyrir álitsgerðina, að hve miklu leyti skoðunarmenn telji hallað á stefnanda og hvort verulega sé á hann hallað. Sé álitsgerðin einnig af þeim sökum markleysa og þýðingarlaus fyrir málið, enda komi það hvergi fram í henni, að yfirlandskiptin séu fráleit og að þau halli stórlega á Hvol II í öllu tilliti, svo sem segi í stefnu. Við vitnaleiðslu í sambandi við skoðunargerðina kom í ljós, að skoðunarmennirnir tilkynntu aðiljum munnlega um hana, um leið og hún hófst. Jafnframt kom í ljós, að mælingar skoðunarmannanna voru framkvæmdar með því að stíga vegalengdirnar, og innfærslur á uppdrátt Ásgeirs L. Jónssonar, sem þeir telja réttan, gerðan fríhendis jafnóðum. Lýsti Ágúst því

yfir, að nákvæmari mælingar hafi verið óþarfar, þar sem erfitt sé að greina nákvæmlega milli gróðurflokka, svo sem fram komi í álitsgerð þeirra.

Áreið fór fram dagana 17. og 18. f. m. Var allt land beggja jarðarhluta samkvæmt yfirlandskiptagerðinni skoðað, og þykir rétt að benda á eftirtalin atriði:

1. Við skoðun á heimatúnum kom í ljós, að tún beggja jarðarhluta eru mismunandi að gæðum. Syðsti hluti túnanna er mjög sendinn og liggur undir sandágangi. Einnig gætir votlendis á stöku stöðum í túnum beggja jarðarhluta, þó meiri í hluta Hvols I. Þýfi er á litlum bletti í túni Hvols II. Ekki verður talið, að á hallist verulega milli jarðarhlutanna um hina votlendu bletti í heimatúnum, þótt þeir séu aðeins meiri í túni Hvols I, eins og að framan greinir, en jarðvegur er mun rýrari í miklum hluta heimatúns Hvols I, þar sem hann er mjög sendinn. Miklu stærra svæði af heimatúni Hvols I liggur undir sandágangi en af heimatúni Hvols II. Eigi verður talið, að svo mjög hallist á um skipti heimatúna sem álitsgerð þeirra Ágústs og Sturlu gefa til kynna. Telja hinir sérfróðu meðdómsmenn, að láta muni nærri, að gæðamunur heimatúna vegi á móti stærðarmun þeirra.
2. Nýrækt í Benshólma.
   Samkvæmt framburði grasafræðingsins Sturlu Friðrikssonar var nýræktarbletturinn í Benshólma í lélegri rækt, er skoðun fór fram, og sást þar ekki erlent sáðgresi. Við skoðun dómenda, er áreið fór fram, þótti bera þar töluvert á votlendisgróðri, og telja hinir sérfróðu meðdómsmenn blett þenna sízt betri en ýmsa aðra slægjubletti í Hvolseyjum og Miðeyjum, sem ekki eru skilgreindir sem tún í álitsgerðinni.
3. Skipting annars lands.
   Í yfirlandskiptagerðinni er tún, beitiland og slægjur hvors jarðarhluta talið saman. Af því fær Hvoll I samtals 273,92 hektara. Aurlendi skiptist nokkuð jafnt, en Hvoll I fær af grónu landi í sandgræðslu 55,08 hektara á móti 11,18 hekturum, sem Hvoll II fær. Í álitsgerðinni á dskj. nr. 3 er land það, sem flokkað er í yfirlandskiptagerðinni sem tún, beitiland og slægjur, flokkað í 7 flokka, og er gróið land í sandgræðslu talið þar með (sem mói). Enda þótt skipting landsins í gróðursvæði í álitsgerðinni sé ónákvæm, þar sem erfitt er að greina mörk gróðursvæða og mælingar óná-

kvæmar, þá veitir hún og gróðurkortið á dskj. nr. 4 óneitanlega nokkurt yfirlit um gróðurfarið á landinu. Við athugun landsins var höfð hliðsjón af álitsgerðinni og gróðurkortinu og gerður samanburður á því og landinu sjálfu, og kom þá í ljós, að nokkurs misræmis gætti milli korts og lands, ekki hvað sízt í norðvesturhluta þess.

Athugun dómenda á vettvangi með hliðsjón af framangreindum gögnum sýnir, að við skipti á beitilandi og slægjum, að meðtöldu grónu landi í sandgræðslu, hallast ekki verulega á milli jarðarhlutanna um valllendi og betri móa. Af rýrari móa hefur Hvoll I fengið mun meira, um 40 hektara samkvæmt álitsgerðinni. Athugun á vettvangi leiddi í ljós, að það er sízt oftalið. Af jaðri hefur Hvoll II fengið mun meira land en Hvoll I og sömuleiðis mun meira af mýri. Enda þótt alltaf sé nokkurt matsatriði, hvort betur sé fallið til beitar og ræktunar mýri og jaðar annars vegar og rýrari mói hins vegar, er það augljóst, að sá rýrari mói, sem hér um ræðir, getur með engu móti talizt betra, eða a. m. k. svo mikið betra land en jaðar og mýri, að af þeim sökum halli á Hvol II. Ekki verður fallizt á þá skoðun stefnanda, sem byggist á áliti skoðunarmanna, að nauðsynlegt sé að færa inn á skiptakort gróðurfarslýsingu, enda er hlutverk landskiptamanna að meta landið eftir gróðurfari, jarðvegi, legu og öðrum aðstæðum, eftir að þeir hafa sjálfir skoðað landið.

Eins og framan er getið, telur stefnandi með vísan til álits skoðunarmanna, að aðstaða Hvols II sé ekki jöfn aðstöðu Hvols I, sérstaklega hvað snertir kúahaga. Telur hann æskilegt, að kúahagar séu ekki lengra en 1500 metra frá hvorum bæ um sig. Hafa skoðunarmennirnir dregið hringi umhverfis bæina með þessari fjarlægð sem radius. Telja þeir, að 71 hundraðshluti af gróðurlendi Hvols I (um 200 hektarar) sé innan þessarar fjarlægðar. Af því sé um 67 hektarar rýrari mói, um 67 hektarar betri mói og um 22 hektarar mýri. Hins vegar sé aðeins 39 hundraðshlutar af gróðurlendi Hvols II (um 112 hektarar) innan þessarar sömu fjarlægðar. Af því telja þeir 19 hektara rýrari móa, 5 hektara betri móa, en um 54 hektara mýri. Telja þeir, að hallað sé á Hvol II í þessu efni. Aðspurðir í vitnaleiðslu, hvað þeir telji kúahaga, telur Sturla það vera betri móa, valllendi og jaðar, en Ágúst telur það jafnan matsatriði, hvað af hinum ýmsu tegundum lands megi telja kúahaga, og telur sig ekki geta sagt, hve mikið af landi því, sem innan hringanna er, séu kúahagar. Í framburði Sturlu kemur óbeinlínis fram, að rýrari mói geti ekki talizt til kúahaga

að hans dómi. Sé rýrari mói ekki reiknaður með, koma í hlut Hvols II samkvæmt útreikningum skoðunarmanna 93 hektarar af gróðurlendi innan hringsins, en í hlut Hvols I 133 hektarar. Er því um allmikinn stærðarmun að ræða. Hins vegar er það álit hinna sérfróðu meðdómsmanna, að meginið af þeim móa syðst í Miðeyjum og Hvolseyjum, sem á gróðurkorti skoðunarmanna er flokkað sem betri mói, geti ekki nema að litlu leyti talizt nothæfir kúahagar. Ljóst má telja, að hægt sé að draga hringi í ýmsum fjarlægðum frá bæjunum og fá þannig ýmis konar skiptingu lands í gróðursvæði innan þeirra, mismunandi hagkvæma hverum aðilja, eftir því frá hvaða sjónarhóli er litið.

Þykir því, þegar á allt er litið, ekki um neinn verulegan mun að ræða á aðstöðu Hvols I og Hvols II, hvað snertir kúahaga.

Eftir athugun á landkostum jarðanna og öllum aðstæðum, er það samróma álit hinna sérfróðu meðdómsmanna, að heildarniðurstaða samanburðar á landgæðum og aðstöðu til búrekstrar á báðum jarðarhlutunum samkvæmt yfirlandskiptagerðinni sé sú, að ekki halli svo á stefnanda í neinum verulegum atriðum, að rifting landskipta verði á því byggð.

Kemur þá til athugunar, hvort nokkrir þeir gallar séu að öðru leyti á landskiptunum, að varða beri ógildingu þeirra.

Svo sem greint er frá hér að framan, eru báðir bakkar Heimrikvíslar farvegarins hafðir sem landamerki milli jarðarhlutanna samkvæmt yfirlandskiptagerðinni, en farvegurinn sjálfur látinn vera óskipt land. Eru þau landamerki allt frá þjóðvegi og suður undir heimreið að Hvoli II. Er það um 2.4 kílómetra vegalengd. Breidd farvegarins er mjög mismunandi, allt frá 40 metrum upp í 180 metra, og bakkarnir beggja megin í ótal bugðum alla þessa vegalengd. Í yfirlandskiptagerðinni segir, að þessi hluti Heimrikvíslar skuli vera óskipt land, „þar sem skiptanefnd lítur svo á, að ógerningur sé að halda þar uppi girðingu vegna staðhátta. Þó er landeigendum heimilt að girða eftir kvíslarfarveginum, og skal þá miður aur ráða. Aldrei má þó girða svo í Heimrikvísl, að landeigendur hafi ekki greiðan aðgang hver að sínu landi.“ Ákvæði þessi gera það að verkum, að landeigendur verða annaðhvort að girða hvor sinn bakka farvegarins eða girða í miðjum aur. Hvor leiðin sem farin er gerir óhjákvæmilegt, að markagirðing á þessum mörkum verði í ótal hlykkjum. Er það samróma álit hinna sérfróðu meðdómsmanna, að enga nauðsyn hafi borið til að láta þenna forna og þurra vatnsfarveg ráða mörkum, og verður því að telja, að ákvörðun landamerkja á þenna hátt

sé ekki í samræmi við 2. mgr. 10. gr. landskiptalaganna. Mun láta nærri, að þessi mörk við farveginn séu helmingur sameiginlegra marka milli jarðarhlutanna, og er þá miðað við báða bakka.

Ákvæði yfirlandskiptagerðarinnar um heimild til girðingar eftir miðjum aur og ákvæðið um, að aldrei megi girða svo í Heimrikvísl, að landeigendur hafi ekki greiðan aðgang hvor að sínu landi, verða vart talin samrýmanleg. Ef markagirðingin þvert yfir landið ætti að skera girðingu eftir miðjum aur, þyrfti a. m. k. 3 hlið á girðingarnar við skurðarpunktinn til að hægt væri að komast milli landshlutanna. Sú aðstæða mundi að vísu ekki hindra mannaferðir þar um, en mundi gera rekstur búfjár þar mjög erfiðan. Vafasamt má telja, hvort heimilt er, eftir orðalagi yfirlandskiptagerðar, að girða þvert yfir aurinn. Yrði það ekki talið heimilt, er ákvæðið um heimild til girðingar í miðjum aur þýðingarlaust, þar sem opið yrði á lönd beggja aðilja, ef markagirðingar þeirra þvert yfir landið ættu að enda á bökkum Heimrikvíslar. Til að fyrirbyggja það yrði því einnig að girða báða bakka. Ágreiningur hefur þegar skapazt af ákvæði þessu.

Auk þess að ákvæðið um landamerki á bökkum farvegs Heimrikvíslar er andstætt 2. mgr. 10. gr. landskiptalaganna, þykir það og ákvæðin um heimild til girðingar í farveginum óhentug, óeðlileg og báðum aðiljum mjög óhagkvæm, og verður heldur eigi komið auga á neinar ástæður, er réttlæti þetta fyrirkomulag.

Með yfirlandskiptagerðinni er landi jarðarinnar neðan (sunnan) þjóðvegar skipt með krossskiptingu, þannig að Hvoll I fær suðvesturhlutann og norðausturhlutann, en Hvoll II fær suðausturhlutann og norðvesturhlutann. Fyrir ofan þjóðveg er landinu skipt í tvo hluta með beinni línu, þannig að hluti Hvols I er að austanverðu, en hluti Hvols II að vestanverðu. Engar ástæður eða röksemdir eru tilgreindar í yfirlandskiptagerðinni fyrir áðurgreindri krossskiptingu neðan þjóðvegar.

Slík skipting, sem auk þess að vera gagnstæð ákvæði 1. mgr. 10. gr. landskiptalaganna, er í fyllsta máta óeðlileg og báðum aðiljum óhagkvæm. Erfiðleikum þeim, sem krossskiptingin skapar ábúendum beggja jarðarhluta, hefur að nokkru verið lýst að framan í sambandi við ákvæði yfirlandskiptanna um girðingar í farveginum. Með aukinni ræktun landsins eykst umferðarþörfin að sjálfsögðu milli landshlutanna, og því tilfinnanlegra verður óhagræði vegna skiptanna, eftir því sem frá líður og bú væntanlega stækka.

Rekstur búfjár af syðri hlutum jarðanna á hina nyrðri og öfugt hlýtur að verða miklum erfiðleikum bundinn, hvort sem girt er á bökkum Heimrikvíslar eða í miðjum aur. Er ein afleiðing krossskiptingarinnar og girðingarákvæða þeirra, sem henni eru samfara, sú, að alltaf þarf að reka búfé um 2 hlið til þess að því verði komið milli landshluta hvors ábúanda um sig neðan þjóðvegar. Með þessum hætti á landskiptum beinist öll umferð milli jarðarhlutanna á einn ákveðinn blett í Heimrikvíslarfarveginum, en þar eru aðstæður þannig, að ófærð getur auðveldlega skapazt að vetri til vegna snjóa og kraps, en farvegurinn er á þessum stað einna þrengstur og nokkuð djúpur. Þykir augljóst, að þarna geti orðið algert samgöngubann, og séu þá eigi aðrar leiðir tiltækar en að fara margra kílómetra krók eftir sýsluvegi og þjóðvegi eða fara yfir land hins jarðarhlutans. Önnur afleiðing krossskiptanna er sú, að mörk milli jarðarhlutanna lengjast að mun umfram það, sem nauðsynlegt væri, miðað við skipti í tvo samfellda hluta.

Kemur þá til álita, hvort skipting jarðarinnar í samræmi við ákvæði 1. mgr. 10. gr. landskiptalaganna sé gerleg, þannig að samræmi verði milli heildarlandstærðar og landgæða beggja jarðarhlutanna.

Heimatún og aðalbyggingar beggja jarðarhlutanna eru syðst í landinu austan miðju. Austasti hluti jarðarinnar (Heimamýri, Hvolsmýri) er að mestum hluta mýrlendi. Syðsti hluti Hvolseyja (vestast) og Miðeyja er mólendi. Miðbik Hvolseyja og Miðeyja er votlent, en bakkar þurrlendir, mestmegnis móar og valllendi. Um miðbik Miðeyja er mikið af sléttum túngæfum slægjum. Nyrzti hluti Hvolseyja og Miðeyja sunnan þjóðvegar er að meirihluta til votlent ásamt nokkru af móum og valllendi. Land ofan þjóðvegar er að mestu leyti móar og jaðar, ásamt lítt grónum aurum. Ber þess að geta, að nyrðri hluti Hvolseyja er mun votlendari en gróðurfarsmerkingar á dskj. nr. 4 gefa til kynna.

Aðalregla landskiptalaganna um framkvæmd landskipta felst í 10. gr. þeirra. Kemur og beinlínis fram í upphafi 3. gr. sömu laga, að ekki er til þess ætlazt, að skipti hljóti að vera jöfn að stærðum, heldur eigi stærð og landgæði að metast saman, þannig að rýrara land skuli jafnast með stærra flatarmáli og öfugt.

Athugun dómenda á vettvangi, með hliðsjón af yfirlandskiptagerðinni sjálfri og álitsgerðinni á dskj. nr. 3, þykir hafa leitt í ljós, að eigi sé fært að skipta landinu þannig milli beggja aðilja, að hvor um sig fái nákvæmlega jafnmikið af sams konar gróður-

lendi, nema með skákaskiptingu. Hafi krossskiptingin haft þann tilgang, hefur hann ekki náðst með henni nema að litlu leyti. Telja verður aðalannmarka þess, að landinu verði skipt í samhengi út frá heimatúnum aðilja, þann, að austurhluti landsins er mestmegnis mýrlendi, en neðsti hluti Hvolseyja og Miðeyja þurrir móar. Með krossskiptingunni hefur ekki tekizt að jafna þann mun mólendis og mýrlendis, sem landshættir syðst á jörðinni óhjákvæmilega hafa í för með sér. Þykir ljóst, að landkostir á ofanverðri jörðinni neðan þjóðvegar séu svo breytilegir, að unnt muni að ná allgóðum jöfnuði milli beggja jarðarhluta, hvað snertir einstaka gróðurflokka, að undanskildum þeim mismun, sem er á landi austur og vestur af túnum bæjanna, en slíkur munur hlýtur að verða í öllum skiptum nema skákaskiptum. Þykir því sýnilegt, að möguleikar séu fyrir samfelldri skiptingu landsins neðan þjóðvegar, án þess að meira misræmis gæti milli einstakra landtegunda en nú er samkvæmt krossskiptum yfirlandskiptanna. Krossskiptin geta því eigi talizt ná þeim tilgangi að jafna áðurgreint misræmi, enda nær krossskiptingin ekki til þess lands, sem er grundvöllur misræmisins, mólendisins að suð-vestanverðu.

Rétt þykir í þessu sambandi að geta þess samróma álits meðdómsmannanna, að vegna framtíðarnotkunar landsins verði að gæta þess að skapa ekki óhagræði það, sem krossskipting hefur í för með sér, þótt hún kynni að veita nokkru meiri jöfnuð milli hinna einstöku gróðursvæða. Beri þess að gæta, að allur efri hluti landsins neðan þjóðvegar sé í aðalatriðum með líka jarðvegseiginleika og raunverulegt verðmæti því svipað við framtíðarrækt-un. Er það eindregið álit meðdómsmannanna, að skammsýn sjónarmið eða stundarhagsmunir, ef til vill ímyndaðir, verði að víkja fyrir skynsamlegri úrlausn, sem miðist við framtíðarhagsmuni beggja aðilja eða þeirra, sem við eiga að taka.

Samkvæmt framangreindu og með hliðsjón af upphafsákvæði 3. gr. landskiptalaganna þykir mega slá því föstu, að bútun landsins í fleiri hluta samkvæmt yfirlandskiptagerðinni með þeim óheppilegu afleiðingum, sem að framan er lýst, sé með öllu þarflaus og brjóti því í bága við grundvallarákvæði landskiptalaganna um framkvæmd landskipta.

Með hinni krókóttu og óheppilegu landamerkjalínu við Heimrikvíslarfarveg og krossskiptingu landsins, sem hvorttveggja er með öllu þarflaust, er ákvæði yfirlandskiptanna í beinni andstöðu við 1. og 2. mgr. 10. gr. landskiptalaga nr. 46/1941.

Nokkur fleiri atriði þykja athugunarverð í sambandi við framkvæmd yfirlandskiptanna og yfirlandskiptagerðina.

1. Hvorki í landskiptagerð eða yfirlandskiptagerð er gerð nein grein fyrir, hvaða jarðamat hafi verið lagt til grundvallar við skiptin né að nokkur skilríki hafi verið lögð fram um eignarhlutföll. Sýnilega er gengið út frá helmingaskiptum. Með framlagningu veðbókarvottorðanna á dskj. nr. 78 og 79 verður ljóst, að veðmálabækur bera það ekki með sér, að helmingaskipti séu eða eigi að vera. Við flutning málsins var út frá því gengið af umboðsmönnum beggja aðilja, að helmingaskipti hefðu verið á landinu að öðru leyti en ræktun. Mun því engin deila hafa verið um þetta atriði. Ástæða hefði þó verið til að geta sérstaklega um þetta atriði við landskipti eða yfirlandskipti, þar sem veðmálabækur sýndu ekki þau eignarhlutföll, sem skipti síðan eru byggð á.

2. Ekki er þess getið í landskiptagerð eða yfirlandskiptagerð, hvort mörk Hvolsjarða annars vegar og aðliggjandi jarða hins vegar séu eða hafi verið ágreiningslaus, né heldur, hvort Hvolsland sé eða hafi verið með löglegum landamerkjum aðgreint frá landi nærliggjandi jarða, sbr. 9. gr. laga nr. 46/1941. Samkvæmt vottorði sýslumanns Skaftafellssýslu á dskj. nr. 82 hefur verið ágreiningur um landamerki Hvols, þ. e. staðsetningu hornmarks milli Brekknajarða, Steigar og Hvols, en hornmark þetta kveður hann einnig vera hliðarmark fyrir Álftagrófarlandi. Með símskeyti frá sýslumanni Skaftafellssýslu á dskj. nr. 83 er því lýst yfir, að ágreiningur þessi hafi nú verið jafnaður. Stefnandi máls þessa neitar því, að ágreiningurinn sé jafnaður, þar sem hann hafi aldrei samþykkt eða undirskrifað neitt um það. Hvort sem sá ágreiningur er nú úr sögunni eða ekki, er ljóst af vottorði sýslumanns Skaftafellssýslu á dskj. nr. 82, að ágreiningur hafi verið um mörk Hvols og aðliggjandi jarða. Hefur bæði landskiptamönnum og yfirlandskiptamönnum því láðst að rannsaka það atriði, svo sem 9. gr. laga nr. 46/1941 býður.

Samkvæmt landamerkjalýsingu Hvols á dskj. nr. 80 er ljóst, að mörk Hvolsjarða að vestanverðu (við Pétursey) eru í beinni línu, eða a. m. k. að mestu í beinni línu. Á landskiptakortinu á dskj. nr. 85 eru engin slík mörk færð inn að vestan, og sama er að segja um gróðurkortið á dskj. nr. 4. Á kortum þessum eru ekki aðrar línur dregnar að vestanverðu en þær, sem marka aura Klifandi ásamt nokkrum girðingum, en engin þeirra lína getur fallið saman við línu þá, sem dskj. nr. 80 fjallar um sem vestur-

mörk Hvols. Það kemur því alls ekki fram af skjölum málsins, að landskiptamenn eða yfirlandskiptamenn hafi gengið úr skugga um, hver væri landamerki jarðarinnar að vestan, og bendir samanburður á dskj. nr. 4 og nr. 85 annars vegar og dskj. nr. 80 hins vegar til þess, að landskiptamönnum hafi ekki verið vesturmörk jarðarinnar fyllilega ljós.

3. Ekki er þess getið í landskiptagerð eða yfirlandskiptagerð, að leitað hafi verið upplýsinga um réttindi þau og skyldur, er sameignarlandinu fylgja, eða nokkrum hluta þess. Var þó ærið tilefni þess, þar sem stefnandi hélt því fram í greinargerð sinni í sambandi við landskiptin (fylgiskjal með dskj. nr. 76), að sameignarlandinu fylgi 50 þúsund króna sjóður, sem Alþingi hafi veitt Hvolsjörðum til varnaraðgerða gegn ágangi Hafursár. Samkvæmt vottorði sýslumanns Skaftafellssýslu á dskj. nr. 81 hefur hann skipt þessu fé í september 1950 eftir ósk beggja ábúenda Hvols, Eyjólfs Guðmundssonar og Kristjáns Bjarnasonar, að því er sýslumaður telur í vottorði sínu. Stefnandi máls þessa kveðst aldrei hafa samþykkt þau skipti, enda mótmælt skiptum fjárins fyrr en í sambandi við landskipti. Í máli þessu hefur ekki verið gerð krafa um ógildingu á skiptum sjóðs þessa, og verður því engin afstaða tekin til, hvort þau hafi verið í samræmi við skipulagsskrá sjóðsins eða ákvæði fjárlaga. Hins vegar verður að telja það mjög stórfelldan galla á yfirlandskiptagerðinni, að ekki skuli þar vera vikið að svo stóru atriði sem fimmtíu þúsund króna sjóði, sem jörð þeirri tilheyrir, sem skipta á, eða a. m. k. gæti komið til með að tilheyra.

4. Í yfirlandskiptagerðinni er öllu landi í sandgræðslu skipt, en aðeins nokkur hluti þess talinn með í tölulegum útreikningum.

Með vísan til þess, sem að framan hefur verið rakið, þykir af þeim ástæðum bera að fella úr gildi yfirlandskiptin á Hvoli frá 10. maí 1952.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður, en greiða ber úr ríkissjóði málflutningslaun talsmanns stefnanda, Sigurðar E. Ólasonar hrl., og talsmanns stefndu, Egils Sigurgeirssonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin með hliðsjón af ferðakostnaði og dagpeningum kr. 12.000.00 til hvors.

Dómsorð:

Yfirlandskipti á landi jarðarinnar Hvols í Dyrhólahreppi í Vestur-Skaftafellssýslu frá 10. maí 1952 eru úr gildi felld.

Málskostnaður fellur niður, en ríkissjóður greiði málflutningslaun talsmanns stefnanda, Sigurðar E. Ólasonar hrl., og talsmanns stefndu, Egils Sigurgeirssonar hrl., kr. 12.000.00 til hvors.

Miðvikudaginn 25. maí 1960.

Nr. 9/1959. **Kjartan Ingimarsson og Ingimar Ingimarsson**
(Sveinbjörn Dagfinnsson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Árekstur bifreiða. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. janúar 1959. Krefjast þeir þess, að stefnda verði dæmt að greiða þeim kr. 51.423.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 19. janúar 1956 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Stjórnandi varnarliðsbifreiðar þeirrar, er í málinu greinir, ók bifreið sinni keðjulausri á hálum vegi eftir áætlunarbifreið áfrýjenda, er nálgaðist biðskýli fyrir slíkar bifreiðar, og hafði áætlunarbifreiðin stöðvazt þar, þegar varnarliðsbifreiðinni var ekið aftan á hana. Verður að telja, að stjórnandi varnarliðsbifreiðarinnar hafi ekið svo hratt og á annan hátt svo mjög gálauslega, miðað við aðstæður, að eigi séu efni til annars en að leggja alla fébótaábyrgð vegna árekstrarins á stefnda, enda þótt stöðvunarljós bifreiðar áfrýjenda kunni að hafa verið hulin snjó, er þetta gerðist.

Tjón það, er áfrýjendur krefjast bóta fyrir, þykir hæfi-

lega metið kr. 25.000.00, og ber stefnda að greiða þá fjárhæð ásamt vöxtum, eins og krafizt er, svo og kr. 8000.00 í málskostnað fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði áfrýjendum, Kjartani og Ingimar Ingimarssonum, kr. 25.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 19. janúar 1956 til greiðsludags svo og kr. 8000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. október 1958.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 17. þ. m., hefur Kjartan Ingimarsson bifreiðarstjóri, hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 19. marz 1957, gegn fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 91.105.00 auk 7% ársvaxta frá 19. janúar 1956 til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati dómarans. Í þinghaldi hinn 10. f. m. gekk bróðir stefnanda, Ingimar, inn í málið, og reka þeir það nú í sameiningu, en bræðurnir eiga óskipta aðild að kröfu þeirri, sem uppi er höfð í málinu. Af hálfu stefnda var fallizt á breytingu þessa á rekstri málsins. Í þessu sama þinghaldi var fjárhæð stefnukröfunnar lækkuð í kr. 65.965.99, en stefnukröfunum haldið fram óbreyttum að öðru leyti. Jafnframt var gerð varakrafa þess efnis, að stefndi yrði dæmdur til greiðslu einhverrar lægri fjárhæðar eftir mati dómsins. Við munnlegan flutning málsins hinn 17. þ. m. lækkuðu stefnendur fjárhæð aðalkröfu sinnar enn, nú í kr. 51.423.00.

Í greinargerð stefnda í málinu er aðallega krafizt sýknu, en til vara stórlegrar lækkunar á fjárhæð stefnukröfunnar. Í báðum tilvikum er þar krafizt málskostnaðar eftir mati dómarans. Við munnlegan flutning málsins féll stefndi frá aðalkröfu sinni, en hélt fast við varakröfuna.

Tildrög málsins eru þau, að kl. 09.17 fimmtudaginn 19. janúar 1956 ók varnarliðsbifreiðin VL 2677, sem er stór vöruflutningabifreið, aftan á bifreiðina R 8338 á Keflavíkurflugvelli, með þeim afleiðingum, að miklar skemmdir urðu á síðarnefndu bifreiðinni aftanverðri og nokkrir farþegar, sem sátu aftan til í

henni, slösuðust. Bifreið þessi er stór farþegaflutningabifreið, eign stefnenda, og var á þessum tíma í reglubundnum áætlunarferðum milli flugvallarins og Keflavíkur. Var hún fullskipuð farþegum í umrætt sinn.

Ökumaður R 8338, Arnar Sigurðsson, skýrir svo frá, að hann hafi verið að aka fjórðu áætlunarferðina umræddan dag, er áreksturinn varð. Hafi hann lagt af stað í ferð þessa frá Keflavík kl. 0900. Hann hafi tekið farþega í bifreiðina á auðkenndum viðkomustöðum hennar á leiðinni til flugvallarins. Er upp á flugvöllinn kom, hafi bifreiðin verið fullskipuð farþegum. Fyrsti viðkomustaðurinn þar hafi verið við afgreiðslu Aðalstöðvarinnar gegnt Flugvallarhótelinu. Þaðan hafi verið ekið suður götu þá, er Brunnland nefnist. Kveðst bifreiðarstjórinn ekki hafa ekið á mikilli ferð, enda sé skammt á milli viðkomustaða á þessum slóðum, en auk þess þurfi að aka þvert yfir flugbraut, þar sem vænta megi þess, að nema þurfi staðar vegna flugumferðar. Er hann var að aka yfir flugbraut þessa, hafi einhver farþeganna hringt bjöllu til merkis um, að hann hygðist fara úr bifreiðinni á næsta viðkomustað. Hafi hann því verið búinn að draga mikið úr hraða bifreiðarinnar, áður en hann stöðvaði hana alveg á þessum viðkomustað, er verið hafi við skúr með áletruninni „Bus Stop". Er bifreiðin var orðin alveg hreyfingarlaus og vinstri framhurð hennar hafði verið opnuð, hafi hann skyndilega fundið, að þungt högg kom á bifreiðina aftanverða, svo að hún rann áfram nokkurn spöl. Við höggið hafi hann kippzt til í sæti sínu og heyrt um leið óp úr afturhluta bifreiðarinnar. Er þetta varð, hafi vinstri fótur hans verið á tengsli bifreiðarinnar, en hægri fótinn hafi hann verið búinn að fjarlægja af fóthemilsfetlinum. Bifreiðarstjórinn kveður snjó hafa verið á götunni, þar sem áreksturinn varð, en þó hafi ekki verið mjög hált. Fullbjart hafi verið orðið á þessum tíma. Bifreiðarstjórinn kveður innbyggt ljósker hafa verið á hvoru afturhorni R 8338, og kvikni á þeim rautt ljós, þegar hemlað sé. Snjólag hafi verið aftan á bifreiðinni, en eigi gat hann sagt um, hvort ljósker þessi hafi verið hulin snjó. Enn fremur hafi verið rauð ljósker efst á hvoru afturhorni bifreiðarinnar, og hafi ljós verið tendruð á þeim. Bifreiðarstjórinn kveður sýnilegar skemmdir á R 8338 eftir áreksturinn hafa verið þær, að afturgafl á yfirbyggingu bifreiðarinnar hafi verið gerónýtur, svo og hafi brotnað og ónýtzt nokkuð af báðum hliðum yfirbyggingarinnar aftan til, og sæti fyrir níu farþega aftast í bifreiðinni eyðilagzt.

Ökumaður varnarliðsbifreiðarinnar, William Edward Peyton, skýrir svo frá, að hann hafi í umrætt sinn verið að aka særðum manni til sjúkrahúss flugvallarins. Er hann ók inn á svonefndan Meeksveg, aðalveginn frá flugvallarhliðinu, hafi hann orðið var við bifreið stefnenda framundan. Er hann var kominn inn á Brunnland, hafi hann komið auga á vörubifreið framundan, hlaðna timbri. Hafi timbur fallið af bifreið þessari og nokkuð af því lent á akbrautinni. Hafi hann orðið að sveigja bifreiðinni framhjá hindrun þessari. Er hér var komið, hafi bifreið stefnenda enn verið næsta bifreið á undan og nú í um 5—10 feta fjarlægð. Afturhluti þeirrar bifreiðar hafi verið þakinn ís og snjó, og hafi hann því ekki vitað, hvort bifreiðin hafði numið staðar eða var enn á ferð. Er hann var að tengja vél bifreiðar sinnar úr fjórða ganghraða í þriðja, hafi farþeginn, sem með honum var í bifreiðinni, sagt honum að vara sig, Hafi hann þá samstundis stigið á fóthemilsfetilinn, en hemlarnir hafi ekki virkað vegna ísingar á götunni. Hafi bifreiðin því runnið áfram og skollið aftan á áætlunarbifreiðina. Bifreiðarstjórinn kveður hraða bifreiðar sinnar hafa verið 10—15 mílur, miðað við klukkustund, áður en áreksturinn varð. Hann kveðst hafa vitað, að viðkomustaður áætlunarvagna varnarliðsins var á þeim slóðum, þar sem áreksturinn varð, en á hinn bóginn hafi honum verið ókunnugt um, að þar var einnig viðkomustaður íslenzkra áætlunarvagna.

Vitnið Tyrfingur Hafsteinn Sigurðsson kveðst hafa staðið rétt utan vegarins skammt frá árekstursstaðnum og því séð greinilega, er áreksturinn varð. Bifreið stefnenda hafi ekki virzt vera á mikilli ferð, er hana bar þarna að, og hún hafi numið staðar á hinum auðkennda viðkomustað. Rétt í sama mund kveðst vitnið hafa orðið vart við varnarliðsbifreiðina. Gizkar það á, að hún hafi þá verið í um 50 metra fjarlægð frá bifreið stefnenda. Bifreið þessari hafi verið ekið á allmiklum hraða, en ekki treystir vitnið sér til að gizka á, hver hraðinn var. Það kveðst hafa heyrt hljóð frá varnarliðsbifreiðinni, líkast því, að stjórnandi hennar hefði stigið á benzíngjöfina, en ekki kveðst vitnið vita, hvort bifreiðarstjórinn hafi verið að tengja vél bifreiðarinnar í annan ganghraða eða auka hraða hennar. Það hafi svo engum togum skipt, að rétt í þann mund, er það heyrði umgetið hljóð, hafi varnarliðsbifreiðin rekizt aftan á bifreið stefnenda. Vitnið kveðst ekki hafa séð þess merki, að ekill varnarliðsbifreiðarinnar gerði nokkra tilraun til þess að sveigja bifreið sinni á annan hvorn veginn til þess að koma í veg fyrir árekstur, en það telji, að þess hefði verið kostur,

sakir þess hve langt var á milli bifreiðanna, er bifreið stefnenda var stöðvuð. Vitnið kveður örskamman tíma hafa liðið, frá því að það fyrst veitti varnarliðsbifreiðinni athygli, unz árekstur-inn varð. Það kveður bifreið stefnenda hafa runnið áfram nokk-urn spöl eftir árekstur inn.

Vitnið Billy Joe McAvoy var farþegi í varnarliðsbifreiðinni og sat við hlið bifreiðarstjórans. Kveður það bifreiðarstjórann hafa tengt vél bifreiðarinnar í lægra ganghraðastig, er hann sveigði fram hjá timburhrúgu þeirri á veginum, er áður getur. Hafi hraði bifreiðarinnar þá verið 10—12 mílur miðað við klukkustund. Er bifreiðinni var sveigt aftur inn á réttan vegar-helming, hafi það komið auga á bifreið stefnenda framundan. Hafi sú bifreið numið staðar. Er um 25 yardar voru á milli bifreiðanna, hafi varnarliðsbifreiðinni verið hemlað, en eftir það hafi hún runnið áfram 10—12 yarda. Vél bifreiðarinnar hafi verið búið að tengja í lægra ganghraðastig, rétt áður en árek-sturinn varð. Vitnið kveður afturenda R 8338 hafa verið alþak-inn snjó og ís, þannig að hemlaljós og stefnuljós bifreiðarinnar hafi verið hulin. Vitnið kveður veður hafa verið gott, en færi hafi verið varasamt vegna ísingar og snævis á götunni. Er vitn-ið var sérstaklega innt eftir orsök árekstrarins, svaraði það því til, að aðgæzluleysi ökumanns varnarliðsbifreiðarinnar væri þar að vissu marki um að kenna.

Vitnið Edward Gilbert kveðst hafa verið sjónarvottur að á-rekstrinum. Kveðst það hafa verið að vinnu sinni við veginn gegnt árekstrarstaðnum. Það kveðst hafa séð bifreið stefnenda, er hana bar þarna að, og hafi hún numið staðar á umgetnum viðkomustað. Litlu síðar hafi varnarliðsbifreiðin rekizt aftan á hana. Vitnið kveður báðar bifreiðarnar hafa verið á svipuð-um hraða, um 10—15 km, miðað við klukkustund, og um það bil 30—40 fet hafi verið á milli þeirra. Kveðst vitnið hafa hugsað með sér, áður en árekstur inn varð, að ef til vill myndi varnarliðsbifreiðin rekast á bifreið stefnenda. Kveður það þá bifreið hafa verið stöðvaða allsnöggt. Varðandi orsakir árekstr-arins tekur vitnið fram, að mjög hafi verið hált á akbrautinni og varnarliðsbifreiðin keðjulaus. Þá hafi bifreið stefnenda ver-ið þakin snjó að aftanverðu, svo að stöðvunarljós hennar hafi ekki sézt.

Vitnið Warren Alton Page kveðst hafa verið sjónarvottur að árekstrinum. Hafi það staðið utan vegar gegnt árekstrarstaðn-um. Það kveðst fyrst hafa veitt bifreið stefnenda athygli, er

henni var ekið yfir flugbraut þá, er áður getur. Um það leyti hafi það og séð til ferða varnarliðsbifreiðarinnar. Hafi þá verið um 30—40 fet á milli bifreiðanna. Gizkar vitnið á, að ökuhraði varnarliðsbifreiðarinnar hafi verið um 15 mílur, miðað við klukkustund, og það kveðst telja, að bifreið stefnenda hafi ekki verið ekið á miklum hraða. Kveðst það telja, að búið hafi verið að draga úr hraða hennar, nokkru áður en áreksturinn varð, og það haldi, að búið hafi verið að stöðva hana alveg, er varnarliðsbifreiðin skall á henni. Vitnið kvaðst hafa veitt því athygli, að varnarliðsbifreiðinni var hemlað, áður en áreksturinn varð. Hafi bifreiðin þá verið í um 10 feta fjarlægð frá bifreið stefnenda. Þrátt fyrir þetta hafi svo virzt, að bifreiðin rynni áfram með sama hraða, unz hún rakst á hina bifreiðina. Vitnið kveður afturgafl R 8338 hafa verið þakinn snjó, svo að stöðvunarljós hennar hafi ekki sézt.

Vitnið Kristín Guðbjörg Jónsdóttir var farþegi í bifreið stefnenda í umrætt sinn. Sat vitnið í aftasta sæti bifreiðarinnar. Vitnið kveður bifreiðina hafa verið stöðvaða á umgetnum viðkomustað, þar sem áreksturinn varð, í því skyni að hleypa þar út farþega. Kveðst vitnið halda, að farþeginn hafi verið að fara út um vagndyrnar, þegar áreksturinn varð.

Vitnið Einar Ingimundarson lögregluþjónn kom á vettvang, rétt eftir að áreksturinn hafði átt sér stað. Kveður vitnið snjó hafa verið á veginum og hálku, „greinilegt keðjufæri". Bifreið stefnenda hafi haft snjókeðjur á afturhjólum, en varnarliðsbifreiðin hafi verið keðjulaus. Vitnið kveður spjöld hafa verið beggja megin vegarins, þar sem áreksturinn varð, með áletruninni „Bus Stop".

Vitnið Albert Albertsson lögregluvarðstjóri kveðst hafa komið á vettvang um 10 mínútum eftir áreksturinn. Kveður það öllum vitnum, er það átti þar tal við um tildrög árekstrarins, hafa borið saman um, að varnarliðsbifreiðin hafi verið á allmikilli ferð, er áreksturinn varð, og að bifreið stefnenda hafi þá staðið kyrr á réttum vegarhelmingi. Vitnið kveður bifreið stefnenda hafa haft snjókeðjur á hjólum, en varnarliðsbifreiðin ekki.

Frekari vitnaframburðir en nú hafa verið raktir, er máli geti skipt um tildrög að árekstrinum, liggja ekki fyrir í málinu.

Samkvæmt glöggum uppdrætti lögreglunnar af árekstrarstaðnum hafa báðar bifreiðarnar verið yzt á réttum helmingi ak-

brautarinnar, er áreksturinn varð. Hefur uppdráttur þessi ekki verið vefengdur.

Samkvæmt vottorði læknis, er til var kvaddur eftir árekstur, slösuðust meira eða minna sex af farþegunum, er voru í bifreið stefnenda. Voru það allt konur, sem setið höfðu aftast í bifreiðinni, utan ein, sem mun hafa verið í þann veginn að stíga út úr henni, er áreksturinn varð.

Í málinu liggja ekki fyrir upplýsingar um aðgerðir af hálfu ákæruvaldsins af tilefni slyss þessa.

Kröfur sínar í málinu reisa stefnendur á því, að sök stjórnanda varnarliðsbifreiðarinnar á margnefndum árekstri sé alger og tvímælalaus. Beri því stefndi, sem komi hér í stað eiganda bifreiðarinnar, fulla fébótaábyrgð á öllu því tjóni, er stefnendur hafi beðið af völdum árekstrarins. Skírskota stefnendur í þessu efni til 35. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og 2. tl. 12. gr. fylgiskjals með lögum nr. 110/1951.

Stefndi vefengir ekki fébótaábyrgð sína á tjóni stefnenda af völdum árekstrarins, að því leyti sem ökumanni varnarliðsbifreiðarinnar kunni að verða gefin sök á honum. En kröfu sína í málinu reisir hann öðrum þræði á því, að stefnendur verði að nokkru að bera þetta tjón sitt sjálfir. Færir hann fram þessu til rökstuðnings þau atriði, er nú skal greina. Í fyrsta lagi hafi engar áletranir verið aftan á bifreið stefnenda, er gæfu til kynna, að um strætisvagn væri að ræða. Í öðru lagi hafi ökumanni varnarliðsbifreiðarinnar verið ókunnugt um, að umræddur viðkomustaður væri notaður af íslenzkum áætlunarvögnum. Í þriðja lagi hafi afturhluti R 8338 verið alþakinn snjólagi, þannig að stöðvunarljós bifreiðarinnar hafi verið hulin, og eigi verði séð, að ökumaður bifreiðarinnar hafi gefið nokkur merki, er gæfu til kynna, að hann hygðist stöðva bifreiðina, svo sem honum þó hafi borið skylda til.

Af skýrslu ökumanns varnarliðsbifreiðarinnar og öðru því, sem fram er komið í málinu um tildrög árekstrarins, er ljóst, að þeirri bifreið hefur verið ekið óhæfilega nálægt bifreið stefnenda, eins og aðstæðum var hér háttað, og einnig að öðru leyti án nægrar aðgæzlu. Var þó rík ástæða til fyllstu varúðar af hendi ökumanns varnarliðsbifreiðarinnar, þar sem hálka var á akbrautinni, bifreið hans keðjulaus, en bifreiðin, sem á undan fór, áætlunarvagn, sem átti skammt ófarið að greinilega auðkenndum viðkomustað slíkra bifreiða, þar sem gera mátti ráð

fyrir, að numið yrði staðar, eins og raun varð á. Varð bifreiðarstjóri varnarliðsbifreiðarinnar með þessum gálausa akstri að verulegu leyti valdur að árekstrinum. Á hinn bóginn þykir nægilega sannað með framburðum vitna, að stöðvunarljósin aftan á bifreið stefnenda hafi verið hulin snjó, og verður á það fallizt með stefnda, að þar hafi verið um vanrækslu að ræða, sem líkur eru til, að átt hafi þátt í því, hvernig hér tókst til, þar sem ætla verður, að ljós þessi hefðu skerpt athygli ökumanns varnarliðsbifreiðarinnar á hættu þeirri, sem framundan var.

Með hliðsjón af atvikum þykir rétt að líta svo á, að ökumaður varnarliðsbifreiðarinnar hafi átt sök á árekstrinum að 4/5 hlutum. Ber stefndi, sem eins og áður greinir kemur hér í stað bifreiðareigandans, fébótaábyrgð að þeim hluta á tjóni stefnenda af völdum árekstrarins.

Bótakrafa sú, er stefnendur hafa uppi í málinu, kr. 51.423.00, er fyrir tjón, er þeir telja sig hafa beðið við það að hafa ekki afnot umræddrar bifreiðar sinnar, frá því hún varð fyrir tjóni því, er um ræðir, hinn 19. janúar 1956, og þar til viðgerð á bifreiðinni lauk hinn 24. febrúar s. á. Eins og áður getur, notuðu stefnendur bifreið þessa til farþegaflutninga á vegum varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli og víðar. Kveðast þeir hafa fengið fyrir þessa þjónustu kr. 90.149.18 mánaðarlega. Meðan umrædd bifreið var á verkstæði til viðgerðar eftir áreksturinn, tóku stefnendur á leigu aðra bifreið í hennar stað til þess að geta haldið áfram umsömdum mannflutningum. Samkvæmt reikningi, sem fram hefur verið lagður, urðu þeir að greiða í leigu fyrir bifreið þessa kr. 91.105.00. Telja þeir tjón sitt það, er hér ræðir um, nema þeirri fjárhæð að frádregnum kr. 39.682.00, er þeim hafi sparazt, meðan þeirra eigin bifreið var ekki í notkun. Nemur mismunurinn kr. 51.423.00, þeirri fjárhæð, sem krafizt er greiðslu á í málinu.

Stefndi hefur mótmælt fjárhæð þeirri, sem krafizt er vegna afnotamissis bifreiðarinnar, sem hreinni fjarstæðu. Á hinn bóginn vefengir hann ekki, að bifreiðin hafi verið ónothæf í 37 daga eftir áreksturinn.

Með hliðsjón af gögnum málsins og öðrum þeim atriðum, sem hér skipta máli, þykir tjón stefnenda vegna afnotamissis bifreiðarinnar umgetinn tíma hæfilega metið kr. 22.000.00.

Úrslit málsins verða þá þau, að stefndi verður dæmdur til

að greiða stefnendum 4/5 þeirrar fjárhæðar, kr. 17.760.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 19. janúar 1956 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnendum málskostnað. Þykir hann hæfilega ákveðinn eftir atvikum kr. 2200.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs, greiði stefnendum, Kjartani og Ingimar Ingimarssonum, kr. 17.760.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 19. janúar 1956 til greiðsludags og kr. 2200.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 27. maí 1960.

Nr. 30/1960. **Ákæruvaldið** (Ragnar Jónsson hrl.)
gegn
Hermanni Sigurðssyni (Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ölvun við akstur bifreiðar. Rangur framburður.

Dómur Hæstaréttar.

Þorgeir Þorsteinsson, fulltrúi lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Af ástæðum þeim, sem tilgreindar eru í dóminum, ber að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu að svipta ákærða leyfi til að aka bifreið ævilangt.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1800.00 til hvors.

Það er aðfinnsluvert við málsmeðferð í héraði, að vitni hafa ekki verið heitfest samkvæmt 100. gr. laga nr. 21/1951.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að ákærði er sviptur leyfi til að aka bifreið ævilangt.

Ákærði, Hermann Sigurðsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Jónssonar og Sigurðar Ólasonar, kr. 1800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Keflavíkurflugvallar 11. nóvember 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 24. september síðastliðinn, er höfðað með ákæruskjali, útgefnu í varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins 2. marz 1959, gegn Hermanni Sigurðssyni blikksmið, Kalmanstjörn í Hafnahreppi, fyrir að hafa gerzt sekur um hegningar-, áfengis- og umferðarlagabrot samkvæmt 1. mgr. 142. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga, 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga, og til vara samkvæmt 2. mgr. sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga, með því að hafa, í fyrsta lagi, sunnudaginn 17. ágúst 1958, um kl. 02.10, ekið bifreiðinni R 4415 eftir vegum á Keflavíkurflugvelli með áfengisáhrifum, og í öðru lagi, mánudaginn 18. ágúst fengið Jón Halldór Borgarsson, Jaðri í Hafnahreppi, til að bera rangt fyrir rétti, að hann, Jón, hafi ekið bifreið ákærða, R 4415, frá flugvallarhliðinu heim til ákærða sunnudagskvöldið 16. ágúst 1958.

Ákærist því nefndur Hermann Sigurðsson til þess að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 142. gr. almennra hegningarlaga, 45. gr. áfengislaga og 80. gr. umferðarlaga, til sviptingar kosningarréttar og kjörgengis samkvæmt 68. gr. hegningarlaga, ökuleyfissviptingar samkvæmt 24. gr. áfengislaga og 81. gr. umferðarlaga, svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 4. ágúst 1959, ákærist hann fyrir ölvun við akstur bifreiðar samkvæmt 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga og 2. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga.

Þykir ákærði hafa orðið brotlegur við téð lagaákvæði klukkan

rúmlega 02, aðfaranótt sunnudagsins 17. ágúst 1958, með því að aka bifreiðinni R 4415 frá aðalhliði Keflavíkurflugvallar og heim til sín að Kalmanstjörn í Höfnum, þó hann væri undir áhrifum áfengis.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 2. sbr. 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga, svo og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 27. maí 1923 í Reykjavík, og hefur sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

Í Reykjavík:

1940 14/5 Áminning fyrir ógætilegar hjólreiðar.
1941 29/4 Sátt, 5 kr. sekt fyrir ljósleysi reiðhjóls.
1944 29/8 Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 108. gr. almennra hegningarlaga.
1945 5/4 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ökuhraða.
1946 7/6 Sátt, 30 kr. sekt fyrir brot á lögreglusamþykkt Reykjavíkur.
1954 13/7 Kærður fyrir ölvun. Fellt niður.

Í Hafnarfirði:

1955 8/10 Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 73/1952.

Á Keflavíkurflugvelli:

1955 27/10 Sátt, 600 kr. sekt fyrir tolllagabrot.
1957 14/1 Sátt, 400 kr. sekt fyrir tolllagabrot.
1959 16/1 Sátt, 100 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 17. ágúst 1958, laust eftir miðnætti, hringdi ákærði til lögreglunnar í aðalhliði Keflavíkurflugvallar, en hann var þá staddur í svonefndu „Contractors"-hverfi á flugvallarsvæðinu, og bað lögregluna um, að hann yrði sóttur og að honum væri ekið heim til sín í bifreið sinni, þar eð hann væri með áhrifum áfengis. Varð lögreglan strax við beiðni ákærða, og sóttu lögreglumenn hann og bifreið hans, R 4415, og óku honum til aðalhliðs flugvallarins. Er þangað kom, var þar mikið um að vera, og reyndist lögreglumönnunum ekki kleift að halda áfram för sinni með ákærða að sinni. Varðstjóri tjáði því ákærða, að hann skyldi bíða í aðalhliðinu, þar til um hægðist, en þá yrði honum strax ekið heim. Leið nú alllöng stund, meðan lögreglumenn á verði voru að sinna aðkallandi skyldustörfum, og af þeim sökum var aðeins einn íslenzkur lögreglumaður á verði í aðalhliðinu um tíma.

Um kl. 0210 vék hann sér úr varðskúr aðalhliðsins, þar sem ákærði dvaldist, og yfir í skálabyggingu handan götunnar. Hafði lögreglumaðurinn þar skamma viðdvöl, en er hann kom út í varðskúrinn aftur, var ákærði horfinn þaðan, en lögreglumaðurinn sá á eftir bifreið hans, þar sem henni var ekið brott áleiðis eftir veginum suður í Hafnir. Lögreglumaðurinn hafði enga bifreið tiltæka til að veita bifreið ákærða eftirför samstundis, en strax og lögreglubifreið kom til aðalhliðsins, var brugðið við skjótt og ekið heim til ákærða í Höfnum, en bifreið hans stóð þá mannlaus fyrir utan heimili hans. Lögreglumenn kvöddu þar dyra, en urðu frá að hverfa, þar eð enginn anzaði kvaðningu þeirra.

Þar eð Kristján Pétursson lögregluvarðstjóri, er var fyrir lögregluvaktinni í umrætt skipti, taldi, að ákærði hefði tvímælalaust verið undir áhrifum áfengis, kærði hann framangreint atferli ákærða til lögreglustjóra, og hófst réttarrannsókn í máli þessu mánudaginn 18. ágúst 1958.

Fyrir rétti þann dag skýrði ákærði svo frá, að er tíminn leið, án þess að lögreglumenn sinntu því að aka honum heim úr aðalhliðinu, hafi honum tekið að leiðast biðin og hafi hann því ákveðið að hringja í leigubifreið til að aka sér heim.

Er hann hafði tekið þessa ákvörðun, segir hann, að Jón Borgarsson úr Höfnum hafi komið til aðalhliðsins í leigubifreið á leið heim til sín, og hafi hann þá beðið greindan Jón að aka sér heim í bifreið sinni, þ. e. ákærða. Ákærði kvaðst ekki hafa látið lögregluna vita um brottför sína úr aðalhliðinu, þar eð enginn lögreglumaður hafi þá verið þar til staðar, eins og að framan getur. Hann segir, að Jón hafi síðan ekið sem leið liggur heim til ákærða, skilið bifreiðina þar eftir og haldið síðan gangandi heim til sín.

Greindur Jón Borgarsson mætti síðan fyrir rétti sama dag og staðfesti framburð ákærða hér að lútandi að öllu leyti. Hann færðist þó undan að vinna eið eða drengskaparheit að framburði sínum.

Enn fremur kom fyrir rétt Þórarinn Brynjólfsson leigubifreiðarstjóri. Hann skýrði svo frá, að hann hefði umrætt kvöld tekið upp í bifreið sína í Keflavík mann nokkurn, sem hafði beðið vitnið að aka sér til Hafna. Er þeir komu á móts við aðalhlið flugvallarins, hafi maður þessi beðið vitnið að stanza og jafnframt tjáð vitninu, að hann hefði komið auga á bifreið kunningja síns í aðalhliðinu. Maður þessi greiddi síðan ökugjaldið og yfirgaf leigu-

bifreiðina. Vitnið vissi engin deili á manni þessum, en segir, að er hér var komið, hafi klukkan verið milli 0130 og 0230.

Hinn 21. ágúst 1958 gaf Jón Borgarsson skýrslu til Kristjáns Péturssonar lögregluvarðstjóra, þar sem hann skýrði svo frá, að framburður hans fyrir rétti hinn 18. sama mánaðar hafi verið markleysa ein. Var greindur Jón nú kvaddur fyrir rétt á ný hinn 22. sama mánaðar, og skýrði hann þá svo frá, að er hann hafi komið til vinnu sinnar á Keflavíkurflugvelli mánudaginn 18. ágúst, hafi ákærði skýrt honum frá vandræðum þeim, sem hann hefði ratað í aðfaranótt undanfarandi sunnudags, og hafi þeir farið að ræða um, hvernig helzt væri hægt að bjarga ákærða út úr þeim ógöngum.

Hafi þeir orðið ásáttir um, að Jón skyldi bera fyrir rétti, eins og fram kom í fyrri framburði hans og ákærða. Hins vegar tók Jón fram, að ákærði hafi ekki sérlega talið sig á að gefa hina röngu réttarskýrslu, heldur hafi þeir rætt þetta saman, og hafi hann, Jón, viljað gera sitt til að hjálpa ákærða út úr vandræðum hans, enda hafi hann ekki gert sér grein fyrir, hve alvarlegt spor hann væri að stíga með hinum ranga framburði sínum. Hið rétta í máli þessu sagði Jón vera, að hann hafi dvalizt heima hjá sér, frá því kl. ca 20 á laugardagskvöldi þann 16. ágúst og þar til fram á næsta dag.

Ákærði var nú kvaddur fyrir rétt á ný og kynntur seinni framburður Jóns Borgarssonar, sem ákærði staðfesti sem réttan.

Skýrði ákærði nú svo frá, að hann hefði sjálfur ekið bifreið sinni frá aðalhliði flugvallarins og heim til sín í umrætt skipti. Hann kvaðst hafa verið ölvaður greint laugardagskvöld, en ekki bragðað áfengi eftir kl. 2130. Kveðst hann hafa verið orðinn „edrú“ um kl. 02, er hann hóf aksturinn, og ekki kveðst hann að heldur hafa verið timbraður við greindan akstur, heldur miklu fremur þreyttur eftir erfiða vinnuviku.

Ákærði kvað sér hafa verið kunnugt samkvæmt frásögn marg-nefnds Jóns Borgarssonar, að hann hygðist ætla að breyta framburði sínum hér að lútandi í rétta átt.

Vitnið Earl Calvin Hahn herlögreglumaður var á verði í aðalhliðinu umrædda nótt. Það kveðst hafa séð, er ákærði steig upp í bifreið sína og ók af stað áleiðis suður Hafnaveg. Vitnið kveður ákærða hafa verið með greinilegum áfengisáhrifum, er hann yfirgaf aðalhliðið, hann hafi verið reikull í spori, þvöglumæltur og sterka áfengislykt hafi lagt frá vitum hans. Vitnið Marvin

Dennis Feil herlögreglumaður var og á verði í aðalhliðinu í umrætt skipti. Það segir, að ákærði hafi verið með áberandi áfengisáhrifum, er lögreglan kom með hann til aðalhliðsins umrætt kvöld, og að slík áhrif hafi verið greinileg í fari hans, í þann mund er hann ók af stað úr aðalhliðinu í bifreið sinni. Vitnið lýsir ummerkjum áfengisáhrifa ákærða þannig, að hann hafi verið óstyrkur í hreyfingum, augu hans hafi verið vot og rauð og að sterka áfengislykt hafi lagt frá vitum hans. Bæði framangreind vitni bera, að komið hafi verið með ákærða til aðalhliðsins milli kl. 00 og 0030 umrædda nótt.

Vitnið Lárus Kristján Pétursson lögregluvarðstjóri var á verði í aðalhliðinu, er ákærði yfirgaf það í umrætt skipti. Vitnið segir, að ákærði hafi verið áberandi drukkinn, um það bil sem hann yfirgaf aðalhliðið í umrætt skipti. Hann hafi verið reikull í spori, ör í fasi, þvöglumæltur, augu hans hafi verið blóðskotin og megna áfengislykt hafi lagt frá vitum hans.

Gunnar Albertsson lögreglumaður, er flutti ákærða til aðalhliðsins, hefur borið, að kveikjulyklar að bifreið ákærða muni hafa staðið í kveikjulásnum, meðan bifreiðin var geymd í aðalhliðinu.

Með ákæruskjali, útgefnu í varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins hinn 2. marz 1959, var mál höfðað gegn Jóni Borgarssyni fyrir brot gegn 1. mgr. 152. gr. almennra hegningarlaga. Var honum skipaður verjandi samkvæmt ósk hans, og leitaði verjandinn til ráðuneytisins um að fá ákæru frestað gegn skjólstæðingi hans. Féllst ráðuneytið á þá málaleitan. Með bréfi ráðuneytisins, dags. 5. maí 1959, var dómaranum tilkynnt, að ákæru gegn Jóni Borgarssyni fyrir framangreint brot hafi verið frestað í 2 ár, frá 18. ágúst 1958 að telja.

Af því sem nú er rakið, með eigin framburði ákærða og framburði Jóns Borgarssonar og stutt af öðrum gögnum málsins telur rétturinn fullsannað, að ákærði hafi mánudaginn 18. ágúst 1958 stuðlað að því, að Jón Borgarsson, Jaðri í Hafnahreppi, bæri rangt fyrir sakadómi Keflavíkurflugvallar, á þá leið, að nefndur Jón hefði ekið bifreið ákærða, R 4415, frá aðalhliði Keflavíkurflugvallar og að Kalmanstjörn í Hafnahreppi aðfaranótt sunnudagsins 17. ágúst 1958.

Telur rétturinn, að enda þótt nefndur Jón hafi af sjálfsdáðum tekið hinn ranga framburð sinn aftur, hafi hlutdeildarbrot ákærða í hinum ranga framburði verið fullframið, og hafi hann með

greindu atferli sínu gerzt brotlegur við 1. mgr. 142. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga.

Með framburði vitnanna Lárusar Kristjáns Péturssonar, Earls Calvins Hahn og Marvins Dennis Feil og þrátt fyrir staðhæfingu ákærða, að hann hafi ekki fundið til áfengisáhrifa við akstur bifreiðarinnar R 4415 frá aðalhliði Keflavíkurflugvallar og til Kalmanstjarnar í Hafnahreppi aðfaranótt 17. ágúst 1958, og stutt af hegðun ákærða við rannsókn máls þessa, telur rétturinn framkomnar nægar sannanir fyrir því, að ákærði hafi verið með áfengisáhrifum við framangreindan akstur og með því hafi hann gerzt brotlegur við 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga.

Þykir refsing ákærða samkvæmt 1. mgr. 142. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga, 45. gr. áfengislaga og 80. gr. umferðarlaga og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga, eftir atvikum hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði. Þá ber samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga að svipta ákærða kosningarrétti og og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Samkvæmt 1. mgr. almennra hegningarlaga, 24. gr. áfengislaga og 81. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða ökuréttindum í 10 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Þá ber ákærða að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, er þykja hæfilega ákveðin kr. 3000.00.

Dráttur sá, er orðið hefur á rekstri máls þessa, stafar af því, að dómari sá, er um það fjallaði í byrjun, var erlendis um alllangt skeið, eftir að mál var höfðað, og enn fremur, að málið var sent dómsmálaráðuneytinu til fyrirsagnar, eftir að málshöfðun utanríkisráðuneytisins hófst, sem gaf út framhaldsákæruskjal hinn 4. ágúst s.l.

Enn fremur hefur dráttur orðið á dómsuppkvaðningu vegna mikilla anna dómarans.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Hermann Sigurðsson, sæti fangelsi í 4 mánuði.

Hann skal frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Frá sama tíma skal hann sviptur ökuréttindum í 10 mánuði.

Hann skal greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hrl., kr. 3000.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 27. maí 1960.

Nr. 74/1960. **Ákæruvaldið** (Jón N. Sigurðsson hrl.)
gegn
Guðmundi Karlssyni (Gústaf Ólafsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ölvun við akstur bifreiðar.

Dómur Hæstaréttar.

Brot ákærða er í héraðsdómi rétt fært til refsiákvæða. Þykir refsing honum til handa hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga. Að öðru leyti ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Karlsson, sæti varðhaldi 10 daga. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sviptingu réttinda og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Jóns N. Sigurðssonar og Gústafs Ólafssonar, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Ísafjarðar 23. febrúar 1960.

Ár 1960, þriðjudaginn 23. febrúar, var í sakadómi Ísafjarðar, sem haldinn var í bæjarfógetaskrifstofunni af Jóh. Gunnari Ólafs-

syni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í máli þessu, sem tekið var til dóms 16. febrúar s.l.

Mál þetta er höfðað af ákæruvaldsins hálfu gegn Guðmundi Karlssyni vélstjóra, til heimilis að Fjarðarstræti 13, Ísafirði, með ákæruskjali, útgefnu 12. janúar 1960, fyrir að hafa aðfaranótt sunnudagsins 27. desember s.l. um kl. 4.30 undir áhrifum áfengis ekið bifreiðinni Í 575 frá Fjarðarstræti 13 og niður á hafnaruppfyllingu. Brot þetta telst varða við 2. og 4. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 20. marz 1932 í Aðalvík, og hefur ekki, svo að kunnugt sé, sætt refsingu eða ákæru.

Málavextir eru þessir samkvæmt vætti Jóns Kristjánssonar lögregluþjóns:

Sunnudaginn 27. desember s.l. var vitnið á eftirlitsferð og sá þá bifreiðina Í 575 aka niður Aðalstræti og niður að hafnaruppfyllingu.

Vitnið hafði grun um, að eigandi bifreiðarinnar, ákærði í máli þessu, væri undir áhrifum áfengis, því að hann vissi, að ákærði hafði verið á dansleik um kvöldið og var hann þá undir áhrifum áfengis.

Vitnið, sem var í bifreiðinni Í 405, ók fram fyrir bifreið ákærða, og stöðvaði hann þá strax bifreið sína. Bað vitnið ákærða að koma með á lögregluvarðstofuna, og gerði hann það. Héraðslæknir tók síðan blóðsýnishorn úr ákærða, og var það sent til rannsóknar.

Vitninu virtist ákærði lítillega með vínáhrifum, og lagði vínlykt frá vitum hans. Hreyfingar ákærða virtust eðlilegar. Vitnið hefur staðfest þenna vitnisburð sinn með eiði.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið bifreið sinni aðfaranótt sunnudagsins 27. desember um kl. 4.30 heiman frá sér niður að hafnaruppfyllingu. Um nóttina var gestur heima hjá ákærða, og neyttu þeir lítillega áfengis, en ákærði drakk aðallega enskan bjór. Þá hefur ákærði viðurkennt að hafa lítillega fundið til áfengisáhrifa, þegar hann ók bifreið sinni, eins og áður greinir.

Ákærði kvaðst hafa talið öruggt, að engin bílaumferð væri í bænum svo síðla nætur, og af þeirri ástæðu ók hann bílnum.

Í blóðsýnishorninu fundust reducerandi efni, er samsvara 1,53‰ af alkóhóli.

Telja verður sannað með játningu ákærða og vitnisburðinum og niðurstöðu blóðrannsóknarinnar, að ákærði hafi í umrætt skipti ekið bifreið sinni undir áfengisáhrifum. Hefur ákærði þannig brotið þau ákvæði umferðarlaga og áfengislaga, er ákæra greinir.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 2. og 4. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga hæfilega ákveðin 800 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 6 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins. Ákærði skal samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga sviptur ökuleyfi bifreiðarstjóra í 1 ár frá birtingu dóms þessa, og frestar áfrýjun dómsins ekki áhrifum hans að þessu leyti.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Karlsson, skal greiða 800 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 6 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuleyfi bifreiðarstjóra í 1 ár frá birtingu dómsins, og frestar áfrýjun hans ekki áhrifum dómsins að því leyti.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar. Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 30. maí 1960.

Nr. 41/1960. **Ingolf Petersen**
gegn
Jóni N. Sigurðssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ingolf Petersen, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 30. maí 1960.

Nr. 42/1960. **Ingolf Petersen**
gegn
tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ingolf Petersen, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 30. maí 1960.

Nr. 43/1960. **Ingolf Petersen**
gegn
Ólafi Ásgeirssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ingolf Petersen, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 30. maí 1960.

Nr. 44/1960. **Ingolf Petersen**
gegn
Áka Jakobssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ingolf Petersen, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 30. maí 1960.

Nr. 45/1960. **Ingolf Petersen**
gegn
Sigurgeir Sigurjónssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ingolf Petersen, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 30. maí 1960.

Nr. 46/1946. **Ingolf Petersen**
gegn
Kristjáni Ragnarssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ingolf Petersen, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 30. maí 1960.

Nr. 47/1960. **Ingolf Petersen**
gegn
Flugmo h.f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ingolf Petersen, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 30. maí 1960.

Nr. 48/1960. **Ingolf Petersen**
gegn
Helga Ásgeirssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ingolf Petersen, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 30. maí 1960.

Nr. 49/1960. **Ingolf Petersen**
gegn
Guðmundi Jónssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ingolf Petersen, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 30. maí 1960.

Nr. 50/1960. **Ingolf Petersen**
gegn
Lárusi Árnasyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ingolf Petersen, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 30. maí 1960.

Nr. 51/1960. **Ingolf Petersen**
gegn
Helga Ásgeirssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ingolf Petersen, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 30. maí 1960.

Nr. 52/1960. **Ingolf Petersen**
gegn
Helga Ásgeirssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ingolf Petersen, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 30. maí 1960.

Nr. 53/1960. **Ingolf Petersen**
gegn
Hönnu Kristjánsdóttur.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ingolf Petersen, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 30. maí 1960.

Nr. 54/1960. **Ingolf Petersen**
gegn
Svövu Ágústsdóttur.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ingolf Petersen, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 30. maí 1960.

Nr. 55/1960. **Ingolf Petersen**
gegn
Hjördísi Davíðsdóttur.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ingolf Petersen, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 1. júní 1960.

Nr. 184/1959. **Dagbjartur Geir Guðmundsson**
(Gunnar Þorsteinsson hrl.)
gegn
Markúsi B. Þorgeirssyni
(Kristinn Gunnarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vinnulaunakrafa. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. október 1959 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að ómerkingarkröfunni verði hrundið og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Í héraði var lögð fram skipshafnarskrá v/b Nönnu, GK 504, staðfest af bæjarfógetanum í Hafnarfirði 27. febrúar 1958. Sýnir hún, að stefndi hefur þann dag ráðizt í skip-

rúm á v/b Nönnu, og skyldu um ráðningu hans gilda „Vestmannaeyjakjör". Í máli þessu sækir stefndi áfrýjanda meðal annars um eftirstöðvar af andvirði aflahlutar frá greindri vertíð. Eru aðiljar ósammála um verðlagningu á fiski þeim, sem kom í hlut stefnda. Var því nauðsynlegt vegna fyrirmæla skipshafnarskrár um ráðningarkjör, að aflað væri vitneskju um verð það, sem hásetum á vélbátum var goldið í Vestmannaeyjum fyrir afla sinn á vetrarvertíð 1958, en um það hafa ekki komið fram gögn í héraði.

Áfrýjandi hefur haldið því fram, að stefndi hafi án gildra ástæðna gengið úr skiprúmi hinn 12. apríl 1958. Af þeim sökum telur hann sig hafa öðlazt skaðabótakröfu á hendur stefnda, að fjárhæð kr. 6000.00, sem koma eigi til skuldajafnaðar við kröfu stefnda. Skaðabótakrafa þessi er vanreifuð.

Þar sem upplýsingar brast um atriði, sem máli skiptu, hefði héraðsdómi verið rétt samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936 að veita aðiljum kost á að skýra málið og afla framhaldsgagna eða vísa málinu frá dómi, ef hann taldi það réttara. Í stað þess er málið dæmt án fullnægjandi málflutnings, og er greinargerð um málsatvik í forsendum hins áfrýjaða dóms mjög áfátt og rökstuðningur fyrir niðurstöðum ófullkominn. Brýtur það í bága við ákvæði 193. gr. laga nr. 85/1936. Af framangreindum ástæðum verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Hafnarfjarðar 25. júlí 1959.

Ár 1959, laugardag 25. júlí, var í sjó- og verzlunardómi Hafn-

arfjarðar af fulltrúa bæjarfógeta Kristni Ólafssyni sem dómsformanni og meðdómsmönnum Sigurði Guðnasyni skipstjóra og Guðmundi Sigurjónssyni skipstjóra uppkveðinn dómur í framangreindu máli, sem dómtekið var 13. þ. m.

Mál þetta er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Hafnarfjarðar með stefnu, útgefinni 3. júní 1958, af Markúsi Þorgeirssyni sjómanni, Hafnarfirði, gegn Dagbjarti Geir Guðmundssyni, Kölduknn 16, hér í bæ, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 10.066.83 auk 6% ársvaxta frá 10. apríl 1958 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Þá er og krafizt, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í v/b Nönnu, GK 504, til tryggingar stefnukröfum.

Við munnlegan flutning málsins breytti stefnandi kröfum sínum þannig, að hann krafðist greiðslu á kr. 10.066.83, að frádregnum kr. 2918.80 greitt í peningum og fæði, og er dómkrafa þá kr. 7148.03 auk 6% ársvaxta frá 10. apríl 1958 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu stefnda var aðallega krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og til vara kr. 6000.00 til skuldajafnaðar á dómkröfu stefnanda vegna brotthlaups úr skiprúmi.

Málavextir eru þessir:

Þann 5. marz 1958 réðst stefnandi sem háseti á v/b Nönnu, GK 504, eign stefnda, sem var á handfæraveiðum til 9. apríl s. á., og nam aflahlutur hans, að því er stefnandi upplýsir, kr. 13.857.03. Auk þessa telur stefnandi sig hafa unnið að standsetningu og undirbúningi bátsins fyrir vertíð, og eigi hann inni kaup fyrir það, kr. 2709.80. Upp í þetta hefur stefnandi fengið kr. 6500.00, og verða þá eftirstöðvar kr. 10.066.80, eins og stefnukrafa er, en hér frá dregst vegna fæðis og úttektar kr. 2918.80, og er þá endanleg dómkrafa stefnanda kr. 7148.03.

Í málinu hefur orðið ágreiningur um það, hvaða verð skuli reikna á fiskinn. Stefnandi hefur krafizt að fá það verð, sem á sama tíma hefur verið greitt á Reykjanesi og Snæfellsnesi, og lagt fram upplýsingar um það. Þykir, eins og á stendur, rétt að miða við það.

Þá hefur stefndi haldið fram, að stefnandi hafi hlaupið fyrirvaralaust úr skiprúmi og skaðað útgerðina um stórfé, þar sem hætta varð róðrum. Ekki liggja fyrir fullnægjandi sönnur í þessu efni, og verður það því ekki tekið til greina.

Þá hefur verið mótmælt vinnu stefnandans, hann hafi ekki

unnið svo lengi sem hann telur. Hefur verið lögð fram sundurliðun yfir vinnu þessa, og verður það að telja fullægjandi gegn almennum mótmælum stefnda.

Með vísun til framanritaðs ber því að taka til greina kröfur stefnanda, eins og þær eru við munnlegan flutning málsins, og ber einnig að taka til greina kröfu hans um staðfestingu sjóveðréttar í v/b Nönnu, GK 504, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

Málskostnaður þykir hæfilega metinn kr. 1600.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Dagbjartur Geir Guðmundsson, greiði stefnandanum, Markúsi Þorgeirssyni, kr. 7148.03 auk 6% ársvaxta frá 10. apríl 1958 til greiðsludags og kr. 1600.00 í málskostnað, allt innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þá hefur stefnandinn sjóveðrétt í v/b Nönnu, GK 504, fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Föstudaginn 3. júní 1960.

Nr. 26/1960. **Bergljót Pálsdóttir Ólafsson**
gegn
Gylfa Þ. Gíslasyni, Tómasi Guðmundssyni og Vilhjálmi S. Vilhjálmssyni persónulega og fyrir hönd Menningar- og fræðslusambands alþýðu og Ragnari Jónssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Höfundaréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 10. febrúar 1960 og hingað kominni 25. s. m. hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar frávísunardómi, sem upp var kveðinn í bæjarþingi Reykjavíkur 5. febrúar 1960 í máli sóknaraðilja gegn varnaraðiljum. Ákveðinn var munnlegur flutningur á kærumáli þessu, og fór hann fram 1. júní 1960.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði dómur verði felldur úr gildi og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju. Svo krefst hún þess og, að varnaraðiljum Gylfa Þ. Gíslasyni, Tómasi Guðmundssyni og Vilhjálmi S. Vilhjálmssyni, aðallega in solidum persónulega, en til vara f. h. Menningar- og fræðslusambands alþýðu, og til þrautavara Ragnari Jónssyni persónulega verði dæmt að greiða kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðiljar krefjast staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Þegar bókin „Ljóð" eftir Pál Ólafsson kom út hinn 23. september 1955, var höfundaréttur að skáldskap hans samkvæmt gögnum málsins í óskiptri sameign sóknaraðilja og bróður hennar, Björns P. Kalmans, að hálfu hjá hvorum þessara aðilja. Björn P. Kalman lézt hinn 12. janúar 1956, og gekk þá réttur sá, sem honum kann að hafa borið vegna greindrar útgáfu, að erfðum til barna hans. Sóknaraðili taldi bókina „Ljóð" hafa verið gefna út án heimildar frá henni. Höfðaði hún mál með héraðsstefnu, dags. 23. febrúar 1956, á hendur varnaraðiljunum Gylfa Þ. Gíslasyni, Tómasi Guðmundssyni og Vilhjálmi S. Vilhjálmssyni, stjórnarmönnum Menningar- og fræðslusambands alþýðu, og krafðist þess, að þeim yrði dæmd refsing og gert að greiða in solidum fébætur til sóknaraðilja og enn fremur, að upplag bókarinnar yrði gert upptækt. Máli þessu var vísað frá héraðsdómi hinn 13. maí 1958. Höfðaði sóknaraðili síðan mál það, sem hér liggur fyrir, með héraðsstefnu, dags. 24. júní 1958, gegn varnaraðiljunum Gylfa, Tómasi og Vilhjálmi persónulega og einnig til vara fyrir hönd Menningar- og fræðslusambands alþýðu og svo til þrautavara gegn Ragnari Jónssyni forstjóra. Gerir hún í málinu kröfur um refsingu, upptöku bókarupplags og fébætur sér til handa, eftir því sem nánar er rakið í hinum kærða frávísunardómi.

Telja verður, að hver sameigandi að höfundarétti hafi samkvæmt 17. og 18. sbr. 20. gr. laga nr. 13/1905 sjálf-

stæða heimild til að átelja í dómsmáli meint brot á rétti hans, sbr. og um refsikröfuna 2. mgr. 26. gr. laga nr. 19/1940, enda er fébótakrafa út af hinu meinta broti skiptanleg og sóknaraðili sækir varnaraðilja ekki um heildarbætur, heldur aðeins það, sem hún telur eiga að koma í sinn hlut. Samkvæmt þessu á sóknaraðili rétt til að fá efnisdóm um kröfur sínar, og standa ákvæði 46. gr. laga nr. 85/1936 því ekki í vegi. Ber því að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma varnaraðilja til að greiða in solidum sóknaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 4000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er felldur úr gildi, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Varnaraðiljar, Gylfi Þ. Gíslason, Tómas Guðmundsson og Vilhjálmur S. Vilhjálmsson persónulega og fyrir hönd Menningar- og fræðslusambands alþýðu og Ragnar Jónsson, greiði in solidum sóknaraðilja, Bergljótu Pálsdóttur Ólafsson, kærumálskostnað, kr. 4000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. febrúar 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. f. m., hefur Bergljót P. Ólafsson, Vesterbrogade 64 í Kaupmannahöfn, höfðað fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu, birtri 24. júní 1958, á hendur Gylfa Þ. Gíslasyni, Aragötu 11, Tómasi Guðmundssyni, Vesturbrún 12, og Vilhjálmi S. Vilhjálmssyni, Brávallagötu 50, öllum í Reykjavík, aðallega, en til vara gegn Ragnari Jónssyni, Reynimel 49 í Reykjavík.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, *að* stefndu verði dæmdir í þyngstu refsingu, er lög standa til, *að* upplag bókarinnar LJÓÐ eftir Pál Ólafsson, sem út kom á vegum Helgafells og Menningar- og fræðslusambands alþýðu í september 1955, verði gert upptækt, og *að* aðalstefndu persónulega in solidum aðal-

lega, en til vara fyrir hönd Menningar- og fræðslusambands alþýðu og til þrautavara stefnda Ragnari Jónssyni persónulega verði dæmt að greiða stefnanda fébætur, að fjárhæð kr. 3750.00, með 6% ársvöxtum frá 30. september 1955 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndu hafa aðallega krafizt sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans, en til vara að aðalstefndu verði sýknaðir af kröfum stefnanda, en varastefndi verði einungis dæmdur til að greiða lágar fébætur og að málskostnaður falli niður.

Við munnlegan flutning málsins féll stefnandi frá kröfu sinni um upptöku á þeim hluta framangreindrar bókar, sem gefinn er út á nafni Helgafells.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að hinn 23. september 1955 hafi komið út hér á landi bókin LJÓÐ eftir Pál Ólafsson, og hafi útgefandi verið Menningar- og fræðslusamband alþýðu og Helgafell að einhverju leyti. Stefnandi, sem er nú ein lifandi barna Páls skálds Ólafssonar, kveðst aldrei hafa gefið Menningar- og fræðslusambandi alþýðu heimild til að gefa út ljóð föður síns. Páll Ólafsson hafi andazt hinn 23. desember 1905, og hafi því vantað þrjá mánuði á 50 ára tímabil frá láti hans, er umrædd bók hafi komið út.

Telur stefnandi aðalstefndu, sem eru í stjórn Menningar- og fræðslusambands alþýðu, með bókaútgáfu þessari hafa brotið gegn ákvæðum laga um rithöfundarétt og prentrétt nr. 13/1905, og byggir stefnandi kröfur sínar á ákvæðum 17., 18. og 20. gr. þeirra laga. Er bótakrafa stefnanda í málinu miðuð við mat tveggja dómkvaddra manna á tjóni hans vegna bókaútgáfu þessarar. Krafa stefnanda, að því er varðar varastefnda, er á því byggð, að varastefndi hafi skýrt frá því, að hann reki bókaútgáfu Menningar- og fræðslusambands alþýðu fyrir eigin reikning. Ef aðalstefndu af þeim sökum verða ekki taldir bera ábyrgð á umræddri bókaútgáfu, þá beri að leggja alla ábyrgð á varastefnda.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því, að stefnandi sé þegar búinn að fá greitt fyrir útgáfurétt að umræddri bók að sínu leyti. Varastefndi, Ragnar Jónsson, hafi fyrir allmörgum árum samið um útgáfurétt að ljóðum Páls Ólafssonar, prentuðum og óprentuðum, við þálifandi son skáldsins, Björn Kalman. Hafi það samkomulag verið á þann veg, að Ragnar Jónsson greiddi kr. 15.000.00, er skiptast skyldu á milli Björns Kalmans og stefnanda. Hafi

stefnandi samþykkt samkomulag þetta og hafi fengið greiddar kr. 7500.00 frá varastefnda. Ragnar Jónsson hafi því haft fullan rétt til útgáfu ljóðabókarinnar. Enginn fyrirvari hafi um það verið í samkomulagi aðilja, að ljóðin mættu ekki koma út á vegum fleiri útgáfufyrirtækja. Og þar sem Ragnar Jónsson hafi á hendi bókaútgáfu Menningar- og fræðslusambands alþýðu fyrir eigin reikning, þá sé raunverulega um að ræða persónulega útgáfu hans.

Stefnandi hefur viðurkennt, að framangreint samkomulag hafi átt sér stað um útgáfurétt til Ragnars Jónssonar og að hann hafi fengið greiddar kr. 7500.00 fyrir þann útgáfurétt að sínu leyti. Hins vegar sé útgáfa Menningar- og fræðslusambands alþýðu sjálfstæð útgáfa, en sambandið hafi enga heimild haft til útgáfu ljóðanna.

Það kemur fram í gögnum málsins, að börn Páls skálds Ólafssonar voru tvö, Björn heitinn Kalman og stefnandi. Eigi er í ljós leitt, að öðru hvoru þeirra hafi með erfðagerningi sérstaklega verið fenginn í hendur eignarréttur að ritum skáldsins. Hefur höfundaréttur því verið sameign þeirra. Björn Kalman er látinn, en alkunna er, að hann á skylduerfingja á lífi. Eigi er heldur í ljós leitt, að Björn Kalman hafi ráðstafað eignarrétti að sínu leyti með erfðagerningi. Verður því eigi annað séð en að allir erfingjar Páls Ólafssonar eigi óskiptan eignarrétt að ritum hans, sbr. 6. gr. laga 13 frá 1905. Eiga því allir erfingjarnir óskipta sakaraðild að málshöfðun vegna höfundaréttar að ritum Páls Ólafssonar. Stefnandi hefur einn höfðað mál þetta, án þess að fyrir liggi umboð annarra erfingja til málshöfðunar, að því er réttindi þeirra varðar. Ber af þeim sökum að vísa frá dómi kröfum málsins, að því er varðar upptöku á upplagi umræddrar bókar og bætur fyrir ólögmæta meðferð á höfundarétti, sbr. 46. gr. einkamálalaganna nr. 85 frá 1936. Að því er varðar kröfur stefnanda um refsingu, þá þykir sú krafa vera svo tengd öðrum kröfum málsins, að rétt þykir, að um hana verði fjallað jafnframt þeim kröfum. Þykir því einnig bera að vísa þeirri kröfu frá dómi.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómendunum Ragnari Jónssyni hrl., bókaútgefanda, og Sigurði Grímssyni skáldi.

Dómsorð:
Máli þessu er sjálfkrafa vísað frá dómi.
Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 3. júní 1960.

Nr. 59/1960. **Arnljótur Ólafsson Pétursson**
gegn
valdstjórninni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Úrskurður rannsóknardómara um leit í bifreið.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur með heimild í 1. tl. 172. gr. laga nr. 27/1951 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 28. marz 1960, er barst dóminum hinn 29. s. m. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurður héraðsdóms verði úr gildi felldur.

Af hálfu valdstjórnar hafa eigi komið fram kröfur né greinargerð.

Framhaldspróf hafa verið háð í málinu, eftir að það var kært til Hæstaréttar. Kom þá fyrir dóm og bar vætti Sigurður Einar Steindórsson, sem getið er í úrskurði héraðsdóms. Kvaðst Sigurður Einar ekki minnast þess, að hann hefði í samtali við fulltrúa lögreglustjórans í Reykjavík sveigt að ákveðnum mönnum eða Borgarbílastöðinni um áfengissölu.

Leit sú í bifreiðinni R 2501, sem kveðið er á um í úrskurði héraðsdóms, var tvímælalaust heimil, sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 58/1954. Á úrskurðurinn því að vera óraskaður.

Dómsorð:
Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 27. marz 1960.

Ár 1960, sunnudaginn 27. marz, klukkan 0225, var úrskurður þessi kveðinn upp á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Ármanni Kristinssyni.

Lögreglan í Reykjavík hefur óskað eftir að framkvæma leit að áfengi í bifreiðinni R 2501, er Arnljótur Ólafsson Pétursson ekur sem leigubifreið frá Borgarbílastöðinni í Reykjavík. Nefndur Arnljótur hefur neitað, að í bifreiðinni væri leitað nema að gengnum dómsúrskurði.

Ólafur Jónsson, fulltrúi lögreglustjórans í Reykjavík, hefur fyrir dómi skýrt svo frá, að lögreglunni hafi þráfaldlega borizt kærur þess efnis, að bifreiðarstjórar á Borgarbílastöðinni stunduðu áfengissölu í bifreiðum sínum, og lögreglunni legið á hálsi fyrir afskiptaleysi gagnvart ökumönnunum. Meðal kærenda er forstöðumaður einnar bifreiðastöðvar hér í borg, Sigurður Steindórsson, er tjáði vitninu Ólafi Jónssyni, að tveir starfsmenn hans hafi sagt starfi lausu, þar sem þeim bauðst á Borgarbílastöðinni „hlutdeild í ágóða af ólöglegri vínsölu frá stöðinni", eins og nefndur maður að sögn vitnisins komst að orði. Einnig hefur bifreiðarstjóri af Borgarbílastöðinni gefið vitninu sem fulltrúa lögreglustjóra í skyn, að á stöðinni væri almennt stundað ólögmæt vínsala. Dómarinn telur ekki nægja ástæðu til að raska næturró greindra manna og kveðja þá vættis í málinu. En lögreglustjórinn í Reykjavík, Sigurjón Sigurðsson, staðhæfði í símtali við dómarann fyrr í nótt, að til lögreglunnar hefðu borizt fjöldi kvartana vegna meintrar ólöglegrar vínsölu ökumanna frá Borgarbílastöðinni.

Af þessum orsökum svo og vegna þess, að leigubifreiðarstjóri einn á Borgarbílastöðinni var í gærkvöldi staðinn að því að afhenda 16 ára pilti áfengi, segist vitnið Ólafur hafa gefið lögreglumönnum skipun um að framkvæma áfengisleit í bifreiðum stöðvarinnar. Kveður vitnið vín hafa fundizt í flestum bifreiðunum og allmikið magn í sumum þeirra. Einn ökumanna, er leitað var hjá, Skarphéðinn Magnús Pálsson, Vesturbrún 14, Reykjavík, reyndist vera með fjórar heilflöskur af áfengi, er vitnið Ólafur telur ætlaðar til ólöglegrar sölu. Nefndur Skarphéðinn Magnús er skráður eigandi annarrar leigubifreiðar, R 2501, sem ekið er frá Borgarbílastöðinni. Komu lögreglumenn að bifreið þessari á stæði stöðvarinnar, en ökumaður hennar, Arnljót-

ur Ólafsson Pétursson, neitaði að sögn vitnisins Ólafs um leyfi til vínleitar í bifreiðinni.

Svo sem málum er háttað og að framan hefur verið lýst þykir rétt með hliðsjón af 48. gr. laga nr. 27/1951 og 19. sbr. 42. gr. laga nr. 58/1954 að verða við ósk lögreglunnar og heimila henni leit að áfengi í nefndri leigubifreið.

Því úrskurðast:

Lögreglunni í Reykjavík er heimilt að gera leit að áfengi í leigubifreiðinni R 2501.

Miðvikudaginn 8. júní 1960.

Nr. 122/1959. **Hörður Ólafsson** (sjálfur)
gegn
Ragnari Blöndal h/f og Gunnari Hall
(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. júlí 1959 og krafizt þess, að stefndu verði dæmt að greiða honum in solidum kr. 45.905.60 með 7% ársvöxtum frá 23. febrúar 1955 til greiðsludags, ½% þeirrar fjárhæðar í þóknun og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu hafa krafizt þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Við einkaskuldaskil á búi Ragnars Blöndals h/f árið 1955 voru samkvæmt skýrslum máls þessa greiddar almennar kröfur, að fjárhæð kr. 10.207.798.73, með 60% af nafnverði auk innheimtulauna, þ. e. með ..... kr. 6.348.974.81
Með fullu nafnverði voru greiddar:

1. Forgangskröfur ..... kr. 791.284.48
2. Almennar kröfur, þar með dómskuldir — 3.732.097.80

Af kröfum þeim, sem getur undir nr. 2, greiddi Nærfatagerðin Lilla h/f, sem stjórnað er af stefnda Gunnari Hall og konu hans ..... — 1.272.357.09

og frú Ilse Blöndal, stjórnarformaður Ragnars Blöndals h/f ..... — 200.000.00

Áfrýjandi setti það skilyrði fyrir 40% eftirgjöf af kröfum sínum, „að a l l i r kreditorar samþykki" slíka eftirgjöf. Þar sem þessu skilyrði er eigi fullnægt, ber að dæma stefndu in solidum til að greiða honum eftirstöðvar krafna hans, kr. 45.905.60 með 7% ársvöxtum frá 23. febrúar 1955 til greiðsludags, ⅓% þeirrar fjárhæðar í þóknun og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 5000.00.

Áfrýjandi hefur krafizt þess, að umboðsmaður stefndu, Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður, verði dæmdur til greiðslu fésektar fyrir vísvitandi rangan málflutning. Eigi eru efni til að taka kröfu þessa til greina.

Dómsorð:

Stefndu, Ragnar Blöndal h/f og Gunnar Hall, greiði áfrýjanda, Herði Ólafssyni, in solidum kr. 45.905.60 ásamt 7% ársvöxtum frá 23. febrúar 1955 til greiðsludags, ⅓% þeirrar fjárhæðar í þóknun og kr. 5000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. júní 1959.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 29. f. m., hefur Hörður Ólafsson héraðsdómslögmaður, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 21. apríl 1958, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun fyrir sáttanefnd, gegn firmanu Ragnari Blöndal h.f., Austurstræti 10, og Gunnari Hall kaupmanni, Víðimel 64, hér í Reykjavík, til greiðslu in solidum á skuld, að fjárhæð kr. 37.524.48 með 7% ársvöxtum frá 23. febrúar 1955

til greiðsludags, ⅓% fjárhæðarinnar í þóknun og málskostnaði að skaðlausu eftir mati réttarins.

Við hinn munnlega flutning málsins hækkaði stefnandi með samþykki umboðsmanns stefnda kröfu sína í kr. 45.905.60. Krafðist hann jafnframt 7% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 23. febrúar 1955 til greiðsludags, ⅓% í þóknun auk málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati réttarins.

Málavextir eru þessir:

Stefndi Ragnar Blöndal h.f. rak á sínum tíma verzlun í Austurstræti 10 hér í bæ. Stefndi Gunnar Hall, sem var meðeigandi í hlutafélaginu, hafði með höndum framkvæmdastjórn þess. Á árinu 1954 skorti fyrirtækið mjög rekstrarfé. Leitaði stefndi Gunnar þá eftir lánsfé utan lánastofnana. Komst hann í samband við stefnanda, sem keypti allmikið af víxlum af honum. Voru víxlar þessir útgefnir af stefnda Gunnari, en samþykktir af stefnda Ragnari Blöndal h.f. Um áramótin 1954—1955 var svo komið fjárhag fyrirtækisins, að ákveðið var að hætta verzlunarrekstrinum. Um áramótin tók Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður að sér að rannsaka hag fyrirtækisins. Rétt fyrir áramótin fór fram vörutalning, og meðan á henni stóð, kannaði hæstaréttarlögmaðurinn eftir föngum, hverjar væru skuldir fyrirtækisins. Leiddi athugun hans í ljós, að skuldir fyrirtækisins voru mjög miklar. Taldi hæstaréttarlögmaðurinn, að með því að skuldheimtumenn fyrirtækisins gæfu eftir 40% af skuldakröfum sínum, gæti fyrirtækið greitt hinn hlutann. Fyrstu dagana í janúar lét hann því útbúa skjal með svofelldri yfirskrift:

„Við undirritaðir skuldheimtumenn Ragnars H. Blöndal h.f. og Gunnars Hall, kaupm. í Reykjavík, samþykkjum hér með að gefa fullnaðarkvittanir fyrir skuldum okkar gegn greiðslu á 60% — sextíu af hundraði — af höfuðstól skuldarinnar."

Á skjal þetta rituðu um 30 kröfuhafar eða umboðsmenn þeirra, þar á meðal stefnandi. Hefur ljósmynd af skjalinu verið lögð fram í málinu. Sést þar, að þeir, sem undir skjalið rituðu, hafa lýst þar skuldakröfum að nafnverði um 3.700.000.00, flestir án athugasemda. Stefnandi skrifaði á skjalið: „Hörður Ólafsson gegn greiðslu fyrir 31/1/55 og gegn því, að *allir* kreditorar samþykki, v/innh. 234.000.00."

Var hér um að ræða 10 víxla, samtals að fjárhæð kr. 234.-

528.00, sem allir voru útgefnir af stefnda Gunnari og samþykktir af stefnda Ragnari Blöndal h.f.

Hinn 2. marz 1955 greiddi fyrrnefndur hæstaréttarlögmaður stefnanda kr. 140.716.80, sem var 60% af nafnverði víxlanna, og afhenti stefnandi hæstaréttarlögmanninum víxlana 10 í staðinn. Kveður stefnandi þetta hafa verið gert til efnda á loforði hans um 40% eftirgjöfina. Eru stefnandi og hæstaréttarlögmaðurinn á einu máli um það, að afhendingar þessar hafi farið fram, án þess að nokkrar sérstakar yfirlýsingar, munnlegar eða skriflegar, hafi átt sér stað í því sambandi og hvorugur hafi gefið kvittun fyrir móttöku þess, sem afhent var.

Með ákæruskjali, dagsettu 29. nóvember 1957, var ákveðið að höfða opinbert mál á hendur stefnanda vegna víxilafskipta hans við stefndu. Gekk dómur í héraði hinn 19. júní 1958 og í Hæstarétti 17. apríl 1959. Urðu úrslit málsins þau, að talið var samkvæmt vaxtareikningum löggilts endurskoðanda, að stefnandi hefði áskilið sér í vexti af víxillánum kr. 47.905.60 umfram lögleyfða 8% ársvexti, og eins og saksókn var háttað, þótti bera að leggja vaxtareikninga þessa til grundvallar, enda var þá talið, að eigi væri á stefnanda hallað. Var stefnanda gert að greiða kr. 191.625.00 í sekt til ríkissjóðs samkvæmt ákvæðum laga nr. 73/1933.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að skilmáli sá eða skilyrði, er hann setti fram við loforð sitt um 40% eftirgjöf af nafnverði víxlanna, hafi verið þverbrotið og sé það nú orðið „notoriskt". Þannig hafi hlutafélagið og Gunnar Hall greitt bæjarsjóði Reykjavíkur allar útsvarsskuldir sínar. Auk þess hafi Högni Jónsson hdl. fengið kröfu sína greidda að fullu, en krafa sú hafi verið dæmd í Hæstarétti 2. nóvember 1955. Telur stefnandi sig þannig óbundinn af loforði sínu um eftirgjöfina. Til vara hefur stefnandi byggt kröfur sínar á 74. gr. víxillaganna. Upphæð dómkröfunnar finnur stefnandi þannig út, að hann dregur kr. 140.716.80 frá nafnverði víxlanna, kr. 234.528.00, og fær þá út 40% eftirgjöfina, kr. 93.811.20. Frá þeirri fjárhæð dregur hann oftekna vexti samkvæmt áðurnefndum hæstaréttardómi, kr. 47.905.60, og fær þá út dómkröfuna, kr. 45.905.60.

Við hinn munnlega málflutning voru kröfur stefndu studdar þessum rökum: Í fyrsta lagi, að allir almennir kröfuhafar, sem vitað var um, hafi samþykkt 40% eftirgjöf af kröfum sínum, áður en skuldaskilin fóru fram, og er það staðhæft af hálfu stefndu,

að kröfuhöfum þessum hafi ekki á nokkurn hátt verið mismunað. Hins vegar er það viðurkennt af þeirra hálfu, að forgangsskuldir eins og útsvör, vinnulaun og aðrar slíkar hafi verið greiddar, enda hafi ekki komið til mála að leita eftir afslætti á þeim. Að því er varðar kröfu Högna Jónssonar, hafa stefndu á það bent, að opinber innköllun hafi ekki átt sér stað. Stefnanda, sem var um þetta kunnugt, mátti því vera ljóst, að ekki var hægt að staðreyna nákvæmlega eða endanlega allar almennar kröfur. Með greiðslu forgangskrafna og 60% af almennum kröfum hafi öllum eignum fyrirtækisins verið ráðstafað. Til þess að skuldaskilin gætu farið þannig fram, hafi tiltekinn aðili tekið að sér ábyrgð á greiðslu krafna þeirra, sem ekki var vitað um við skuldaskilin. Hafi aðili þessi því greitt kröfu Högna Jónssonar auk tveggja annarra dómskulda, er fram komu eftir skuldaskilin. Í öðru lagi telja stefndu, að fyrirvarar stefnanda hafi fallið niður, þegar hann tók við greiðslu þann 2. marz 1955. Er stefnandi tók við greiðslunni, hafi það skilyrði, að greiðsla færi fram fyrir 31. janúar, að sjálfsögðu niður fallið. Stefnandi hafi hins vegar ekki gert neina athugasemd eða ítrekun á síðari fyrirvaranum, þ. e. að allir kreditorar samþykktu, er hann tók við greiðslunni. Með því að taka þannig fyrirvaralaust við greiðslunni, telja stefndu alveg tvímælalaust, að stefnandi hafi einnig fallið frá þessum fyrirvara sínum. Í þriðja lagi hafa stefndu haldið því fram, að réttur stefnanda sé fallinn niður fyrir vangeymslu. Stefnandi hafi hvorki endurnýjað fyrirvara sinn né gert reka að heimtu kröfu þeirrar, er hann telur sig nú eiga, fyrr en liðin voru full þrjú ár frá því að endanlegt uppgjör fór fram. Telja stefndu þetta sjónarmið styðjast við meginreglur samningalaganna og lausafjárkaupalaganna, og einnig hafa þeir í þessu sambandi bent á dóm Hæstaréttar í málinu nr. 4/1956, sem kveðinn var upp 11. febrúar 1957. Auk þess sé á það að líta, að stefnandi hafi látið líða meir en ár, frá því að dómur gekk í Hæstarétti í máli Högna Jónssonar, þar til hann hófst handa um málsókn þessa. Í þessu sambandi hafa stefndu á það bent, að fjármálamaður eins og stefnandi, sem er lögfræðingur og þar að auki átti hagsmuna að gæta við fjármálauppgjör Ragnars Blöndals h.f., hafi verið mæta vel um það kunnugt, hvernig það fór fram, enda hafi það almennt ekki vakið svo litla eftirtekt. Af þessu öllu sé ljóst, að um svo verulegt aðgerðarleysi hafi verið að ræða hjá stefnanda, að hann

hafi með því glatað öllum rétti, hafi hann átt nokkra kröfu á hendur stefndu, sem að sjálfsögðu sé mótmælt með öllu.

Að lokum hafa stefndu ex tuto bent á það, að með uppgjöri því, sem gert var, hafi stefnandi borið meir úr býtum en ef búin hefðu verið tekin til gjaldþrotaskipta, og eigi þetta sjónarmið því einnig að leiða til sýknu þeirra.

Við munnlegan flutning málsins mótmælti stefnandi þeirri staðhæfingu umboðsmanns stefndu (við hinn munnlega flutning), að almennum kröfuhöfum, sem eins stóð á um og stefnanda og vitað var um, er uppgjöf fór fram, hafi ekki verið mismunað við uppgjörið.

Á stefnanda hvílir sönnunarbyrðin um það, að stefndu hafi mismunað kröfuhöfum sínum við umrætt uppgjör. Eins og málatilbúnaði stefnanda er háttað, þykir staðhæfing þessi ekki of seint fram komin.

Stefnandi hélt því einnig fram, að hann hafi fyrst hinn 16. apríl 1958 fengið vitneskju um það, að kröfuhöfum stefndu hafi verið mismunað við uppgjörið. Af hans hálfu sé því ekki um aðgerðarleysi að ræða. Þá hefur hann einnig haldið því fram, að ástæðulaust hafi verið fyrir hann að endurnýja fyrirvara sinn, þegar hann tók við greiðslu. Að lokum hefur stefnandi lagt áherzlu á það, að við undirskrift áðurgreinds skjals hafi hann í fyrirvara sínum undirstrikað orðið allir, og telur, að með því hafi hann átt við alla kröfuhafa, bæði forgangskröfuhafa og almenna kröfuhafa.

Fyrirvari stefnanda um, að allir kreditorar samþykktu, verður vart skilinn á annan hátt en þann, að þar sé átt við almenna kröfuhafa, þar sem stefnandi mátti ætla, að búin ættu eignir til þess að fullnægja forgangskröfuhöfum. Stefnandi hefur ekki sannað, að almennir kröfuhafar hafi fengið meira en 60% af skuldum sínum greiddar við uppgjör. Þegar þetta er virt svo og það, að stefnandi tók við greiðslu án þess að endurnýja eða ítreka á nokkurn hátt fyrri fyrirvara sína, og höfð er hliðsjón af samskiptum aðilja að öðru leyti, þá verður að telja, að stefnandi geti ekki nú endurkrafið stefndu um þann hluta eftirgjafarinnar, sem ekki eru ólöglega teknir vextir. Verður krafa stefnanda því ekki á þessu byggð.

Eins og áður greinir, hefur stefnandi til vara byggt kröfur sínar í máli þessu á 74. gr. víxillaganna. Hafði stefnandi þessa málsástæðu strax uppi í sáttakæru. Af hálfu aðilja hefur at-

riði þetta þó hvorki verið reifað í greinargerðum né í hinum munnlega málflutningi. Með hliðsjón af því, sem áður hefur verið rakið hér að framan, þykja ekki rök liggja að því, að stefnandi geti byggt rétt á ákvæði þessu.

Úrslit málsins verða þá þau, að sýkna ber stefndu af öllum kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri kostnað sinn af málinu.

Bjarni K. Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, Ragnar Blöndal h.f. og Gunnar Hall, eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda, Harðar Ólafssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 13. júní 1960.

Nr. 92/1960. **Magnús Andrésson**
gegn
The Bank of Nova Scotia og Bjarna Guðmundssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson og Lárus Jóhannesson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Ólafur Jóhannesson.

Kærumál. Heitfesting löggilts skjalaþýðara.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 11. f. m., er barst dóminum hinn 25. s. m. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurður héraðsdóms verði felldur úr gildi og að honum verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja The Bank of Nova Scotia eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili The Bank of Nova Scotia krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Frá varnaraðilja Bjarna Guðmundssyni hafa eigi borizt kröfur né greinargerð.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður sóknaraðilja dæmt að greiða varnaraðilja The Bank of Nova Scotia kærumálskostnað, kr. 800.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Magnús Andrésson, greiði varnaraðilja The Bank of Nova Scotia kærumálskostnað, kr. 800.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 11. maí 1960.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar í dag um heimild skjalaþýðara til að staðfesta framburð fyrir dómi, var höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, sem birt var 12. og 19. ágúst 1959. Þar stefnir Guðjón Steingrímsson hdl. f. h. The Bank of Nova Scotia, Trois Riviéres, Quebeque, Kanada, þeim Magnúsi Andréssyni, Ásvallagötu 69 í Reykjavík, og Georg Östlund, Garðavegi 1 í Keflavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð 1192.00 kanadiskir dalir auk vaxta og kostnaðar. Skuldin er til komin vegna viðskipta fyrirtækisins Andrjesson Manufacturing Company, sem skrásett er í Kanada. Telur stefnandi, að hinir stefndu hafi með sérstöku ábyrgðarskjali tekizt á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuldinni.

Af hálfu stefnda Magnúsar er aðallega krafizt frávísunar, til vara sýknu, til þrautavara, að stefnda Magnúsi verði gert að greiða Can. $ 588.55 án vaxta og málskostnaðar, og til ýtrustu vara, að hann verði dæmdur til að greiða Can. $ 1177.09 í óskiptri ábyrgð með stefnda Östlund. Þá er krafizt málskostnaðar.

Af hálfu stefnda Östlunds er krafizt frávísunar, en til vara sýknu. Þá er krafizt málskostnaðar.

Í máli þessu hefur stefnandi lagt fram skjal það, sem áður er um getið, og hann kveður ábyrgðarskjal, sem stefndu hafi undirritað og þar með tekizt á hendur sjálfsskuldarábyrgð á skuldinni, sem stefnt er til greiðslu á.

Af hálfu stefnda Magnúsar hefur því „að svo stöddu" verið mótmælt, að skjal þetta sé þess eðlis, að stefndu hafi tekizt á hendur sjálfskuldarábyrgð.

Á bæjarþingi hinn 3. desember 1959 var lögð fram þýðing, gerð af Bjarna Guðmundssyni, löggiltum skjalaþýðara, á skjali þessu. Með þýðingunni er svohljóðandi vottorð:

„Þýðing þessi er efnislega rétt, en nokkuð stytt, án þess þó að sleppt hafi verið nokkru, sem máli skiptir.

Reykjavík, 24. nóvember 1958.

Bjarni Guðmundsson"
(með eigin hendi).

Í greinargerð, sem lögð var fram af hálfu stefnda Magnúsar, var þýðingunni mótmælt sem röngu og óstaðfestu utanréttarskjali. Fyrrgreint vottorð var talið sýna, að skjalið væri markleysa, enda stæði hvergi, að það væri þýðing á dskj. 3. Margt væri rangt þýtt, ef svo væri, og tiltekur Magnús Thorlacius hrl., sem greinargerðina ritaði, þessi atriði t. d., að því er í greinargerðinni segir: „Liabilities", segir lögmaðurinn, að þýtt sé ábyrgðir, en kveður það merkja skuldir. Þá spyr hann, hvað „báðir saman og hvor um sig" og „samfelld trygging" merki, og þessi orð „Undirritaðir (ef fleiri eru en einn) bera alla ábyrgð samkvæmt bréfi þessu sameiginlega og hver (hvor) í sínu lagi". Þá telur lögmaðurinn orðið „guarantee" rangþýtt með tryggingarbréf.

Af hálfu stefnda Östlund var því haldið fram í greinargerð, að ekki væri unnt að taka afstöðu til dskj. 3 vegna þess, hvernig þýðingin á dskj. 44 væri úr garði gerð. Lögmaður stefnda Magnúsar gerði og í greinargerð sinni athugasemd þess efnis, að eftirrit af dskj. 3, sem stefnandi hefði afhent sér, væri rangt.

Á bæjarþingi 17. marz s.l. var lögð fram (dskj. 62) ný þýðing sama skjalaþýðara á dskj. 3. Aftan við þýðinguna er skráð þetta vottorð:

„Það vottast hér með, að framanritað er rétt þýðing af prentuðu og vélrituðu skjali, er fylgir henni.

Reykjavík, 15. júní 1959.

Bjarni Guðmundsson"
(með eigin hendi).

Á þinginu var bókað eftir lögmanni stefnanda, að líta bæri á dskj. 62 sem hina réttu þýðingu á dskj. 3.

Á þessu þingi kom skjalaþýðarinn fyrir dóm. Honum voru

sýnd dskj. 3 og 62, og kvaðst hann hafa gert þýðinguna á dskj. 62, sem væri rétt þýðing á dskj. 3. Skjalaþýðarinn vísaði til vottorðanna, sem áður eru rakin, um muninn á dskj. 44 og 62.

Að gefnu tilefni frá lögmanni stefnda Magnúsar var farið yfir þýðinguna á dskj. 62 að nokkru leyti á þinginu.

Þá kom fram, að á dskj. 62 var þýtt efni, sem ekki var á dskj. 3. Virtist skjalaþýðaranum, að hann hefði gert þýðingu sína eftir skjali samhljóða því, sem lögmaður stefnda Magnúsar hafði í höndum, og hafi fengið frá lögmanni stefnanda. Dómskjal 3 er að mestu leyti prentað, en nokkur atriði eru þó skráð með ritvél, og undir skjalið hafa stefndu ritað nöfn sín svo og vottur. Skjalaþýðarinn og lögmaður stefnda Magnúsar virðast hafa fengið í hendur prentuð eyðublöð, sem ekki voru með öllu samhljóða um hinn prentaða texta og dskj. 3.

Á bæjarþinginu 17. marz óskaði lögmaður stefnda Magnúsar eftir því, að mismunur á dskj. 44 og 62 yrði færður til bókar, en dómari hafnaði því.

Þá lýsti lögmaðurinn því yfir, að þýðingarnar á báðum þessum dómskjölum væru bersýnilega rangar. Var honum gefinn kostur á að rökstyðja þessa fullyrðingu, og kom þá þetta fram:

Lögmaðurinn taldi með sama hætti og í greinargerð sinni, að „liabilities" væri rangþýtt. Skjalaþýðarinn kvaðst standa við þýðingu sína, og hið sama gerði hann varðandi nokkur önnur atriði.

Að gefnu tilefni frá lögmanninum tók skjalaþýðarinn að öðru leyti fram:

Í málsgrein á dskj. 3, sem hefst á orðunum: „If the customer is . . .", ræðir um, að réttur bankans taki til allra skulda, sem viðskiptamenn eða menn á þeirra vegum efni til, eins og nánar segir í skjalinu „notwithstanding any irregularity, defect or informality". Skjalaþýðarinn kvað þessi orð vanta í þýðinguna.

Varðandi sömu athugasemd og áður greinir um „báðir saman og hvor um sig", sagði skjalaþýðarinn, að hún væri rétt, en e. t. v. hefði mátt segja in solidum.

Á dskj. 3 stendur í upphafi málsgreinar: „This guarantee shall not be discharged or affected by the death of the undersigned or any of them (if more than one) . . ." Skjalaþýðarinn kvað orðin „or affected" ekki þýdd á dskj. 62.

Framburði skjalaþýðarans var mótmælt sem röngum og óstaðfestum af lögmanni stefnda Magnúsar. Skjalaþýðarinn kvaðst

ekki viðbúinn að segja, hvort það, að orð vantaði í þýðinguna á dskj. 62, stafaði af mistökum við þýðingu eða hreinritun, og óskaði að fá tækifæri til að þýða þau og færa síðan til bókar. Var málinu frestað.

Á bæjarþingi 24. marz var enn lögð fram þýðing. Í lok skjalsins (dskj. 63) er þetta vottorð skráð:

„Það vottast hér með, að framanritað er rétt þýðing af prentuðu og vélrituðu skjali með ofangreindum undirskriftum og dagsetningu, áritað nr. 3, lagt fram í bæjarþingi Reykjavíkur 10/9 1959.

Reykjavík, 22. marz 1960.

Bjarni Guðmundsson"
(með eigin hendi).

Hinn 3. maí kom skjalaþýðarinn fyrir dóm. Dskj. 63 var sýnt honum, og kannaðist hann við undirskrift sína. Dómarinn las í heyranda hljóði á þinginu dskj. 3, en skjalaþýðarinn las jafnóðum í heyranda hljóði þýðingu sína á dskj. 63.

Lögmaður stefnda Magnúsar mótmælti ýmsum atriðum í þýðingunni. Í flestum tilvikum kvað skjalaþýðarinn þýðinguna rétta. Þó kvað hann í nokkrum tilvikum þýðinguna þannig, að hún væri efnislega rétt, en mega vera með öðrum hætti og þá stundum fleiri orðum, og einnig kvað hann réttara að breyta nokkrum atriðum. Þykir ekki ástæða til að rekja þessi tilvik, enda eru þau rædd á skjali, sem undirritað er af skjalaþýðaranum og lagt var fram á bæjarþingi í dag.

Í upphafi segir í skjali þessu (dskj. 64):

„Í framhaldi af vætti mínu í bæjarþingi 3. þ. m. í málinu nr. 648/1958 vil ég leyfa mér að leggja fram yfirlit um þau atriði í þýðingu minni (fskj. 63), sem ágreiningur hefur verið gerður um eða tvímælis kunna að orka. Hef ég farið vandlega yfir þýðinguna aftur með aðstoð fróðra manna í því skyni að prófa öll vafaatriði. Eru hér því upptalin nokkur fleiri atriði en þau, sem ágreiningur hefur verið gerður um.

Svo sem öllum er ljóst, er næsta ógerlegt að þýða svo af einu máli á annað, að ekki sé með góðum vilja hægt að benda á ýmislegt, sem betur mætti fara eða leggja mætti út á annan veg. Fer þar að sjálfsögðu sumt að rökum, annað að sérvizku."

Skjalaþýðarinn ræðir um 28 atriði, og virðist ástæða til að taka þessi upp hér:

„1. Skjalið er kallað tryggingarbréf í þýðingunni. Nákvæmara gæti verið að kalla það tryggingu eða ábyrgð."

„7. Orðið „balance" er þýtt með „skuld á reikningi". Balance (mismunur) kemur ýmist fram sem skuld eða inneign á reikningi, og getur tæplega misskilizt."

„10. Orðin „perfecting or taking advantage of" eru lögð út „ganga að" og í bókun bætt við „eða hagnýta sér"."

„13. Orðið „negotiable", sem á við „securities", er lagt út „gjaldgeng (verðbréf)". Þetta orðasamband mun venjulega vera „viðskiptabréf" á íslenzku . . ."

„14. Orðið „liabilities" er þýtt „skuldbindingar".

„17. Orðin „after satisfaction of the ultimate balance due to the Bank" eru þýdd „eftir að öllum kröfum bankans er fullnægt". Hér mætti til frekari nákvæmni segja „eftir að lokið er endanlegri skuld við bankann".

„25. Orðin „all debts and liabilities" eru þýdd „allar skuldir". Hér vantar „og skuldbindingar".

„28. Orðið „any" er þýtt „einhvers konar", en réttara væri „hvers konar" . . ."

Skjalaþýðarinn kom enn fyrir dóm í dag og kvað þýðinguna á dskj. 63 með skýringum og breytingum á dskj. 64 gerða eftir beztu þekkingu og samvizku. Hann kvaðst og eftir eigin þekkingu geta borið um, að rétt séu þau atriði, sem hann hefur þýtt, eftir að hafa ráðfært sig við aðra.

Lögmaður stefnda, Magnús Thorlacius, mótmælti því, að skjalaþýðarinn fengi að staðfesta framburð sinn, þar sem þýðingar hans hefðu sýnt, að hann hefði reynzt sjálfum sér ósamkvæmur og lokaþýðing hans væri röng. Lögmaður stefnanda ítrekaði kröfu sína um staðfestingu.

Dómarinn fær ekki séð, að þýðingin sé þannig úr garði gerð, að skjalaþýðaranum verði synjað um að fá að staðfesta vætti sitt vegna þess, að þýðingin sé röng.

Skjalaþýðarinn hefur ekki gætt fullrar nákvæmni, þegar hann gerði úr garði skjöl þau, sem merkt eru 62 og 63. Þær breytingar, sem hann hefur gert á þýðingu sinni, frá því að hann undirritaði dskj. 62, eru þó ekki stórvægilegar, og verður ekki séð, að þær hafi úrslitaáhrif í máli þessu. Ber því að gefa honum kost á að staðfesta framburð sinn varðandi þýðingu sína á dómskjali nr. 3.

Þór Vilhjálmsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Ályktarorð:

Bjarna Guðmundssyni, löggiltum skjalaþýðara, er heimilt að staðfesta framburð sinn varðandi þýðingu á dómskjali 3 í málinu nr. 648/1959.

Mánudaginn 13. júní 1960.

Nr. 58/1960. **Ákæruvaldið** (Áki Jakobsson hrl.)
gegn
Magnúsi Sigurjónssyni Magnússyni
(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Þjófnaður. Áfengislagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Theódór S. Georgsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Magnús Sigurjónsson Magnússon, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæsta-

réttarlögmannanna Áka Jakobssonar og Guðmundar Péturssonar, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 20. nóvember 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. þ. mán., er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæruskjali, útgefnu 30. október s.l., af dómsmálaráðherra gegn Magnúsi Sigurjónssyni Magnússyni, Kárabragga við Sjómannasund, Vestmannaeyjum. „Ákærði er ákærður fyrir 1) að stela í byrjun september s.l. í Kaupfélagi Vestmannaeyja rafmagnsrakvél, 2) að kaupa af skipverja á þýzka hafrannsóknarskipinu „Gauss" 4. september s.l. 8 flöskur af ólöglega aðfluttu áfengi, 3) að fást við bruggun áfengis á s.l. sumri", en brot þessi teljast varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 6. gr. og 7. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Ákærist því framangreindur Magnús Sigurjónsson Magnússon til að sæta refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 35. gr. og 36. gr. áfengislaga nr. 58/1954, til sviptingar réttinda samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaga, til upptöku bruggáhalda og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 18. ágúst 1926 á Ísafirði og hefur sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1947 21/3 Reykjavík. Dómur: 15 daga varðhald og sviptur ökuskírteini í 6 mánuði fyrir áfengis- og bifreiðalagabrot.

1946 16/10 Reykjavík. Kærður af Tryggva Þorsteinssyni fyrir hótelsvik. Lokið 11/3 1948 með því, að kærður greiddi kröfuna.

1949 19/5 Reykjavík. Dómur aukaréttar: 60 daga fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hgl.

1949 8/9 Reykjavík. Dómur: 3 mán. fangelsi, skilorðsb. í 2 ár, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 247. gr. hgl. Dómur frá 10/5 1949 felldur niður.

— 4/7 Árness. Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1950 27/5 Reykjavík. Dómur: 10 mán. fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. gr. hgl., áfengislaga og laga nr. 30/1941.

1951 26/10 Reykjavík. Dómur: 5 mán. fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. gr. hgl.
1953 19/1 Reykjavík. Sátt: 300 kr. sekt fyrir tolllagabrot.
1956 3/11 Dómur: 1 árs fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot á 155., 244., 247. og 248. gr. hgl.
1957 25/1 Reykjavík. Dómur: 3 mán. fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot á 244. gr. hgl.
1959 28/7 Vestm.e. Dómur: 3 mán. fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot á 244. gr. hgl.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 5. september s.l. var gerð húsleit heima hjá ákærða vegna grunar um, að hann væri valdur að peningaþjófnaði í verzlun hér. Við leit þessa fannst ný rafmagnsrakvél falin undir dýnu í rúmi ákærða.

Ákærði, sem undanfarið hafði unnið nokkuð í vörugeymslu Kaupfélags Vestmannaeyja, kveðst hafa tekið rakvél þessa með sér heim úr Kaupfélaginu, en segist ekki hafa ætlað að slá eign sinni á rakvélina. Ákærði skýrði svo frá, að einn af starfsmönnum verzlunarinnar hefði lánað honum rakvélina, en hann hvarf frá þeim framburði, er viðkomandi neitaði þessari staðhæfingu ákærða.

Rétturinn telur nægilega sannað, þrátt fyrir neitun ákærða, að ætlun hans með töku rakvélarinnar hafi verið að slá eign sinni á hana, og hafi hann með því atferli gerzt brotlegur við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa farið um borð í þýzka hafrannsóknarskipið „Gauss" föstudaginn 4. september s.l., er skipið lá hér í höfninni, og keypti ákærði þar 8 flöskur af áfengi af einum skipverjanum. Greiddi ákærði 200 kr. fyrir hverja flösku. Áfengi þetta var allt ólöglega aðflutt.

Ákærði hefur með þessu atferli sínu gerzt brotlegur við 6. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

III.

Við húsleit, sem framkvæmd var heima hjá ákærða í Kárabragga við Sjómannasund, fundust bruggtæki og kútur, sem notaður hefur verið undir brugg. Voru tæki þessi í læstu herbergi. Við suðu áfengisins hefur verið notaður brúsi, sem hita

mátti með rafmagni. Í brúsanum var vökvi, og var sýnishorn af vökvanum sent í efnagreiningu. Niðurstaða efnagreiningarinnar var sú, að sýnishornið reyndist ekki innihalda mælanlegt magn af alkóhóli.

Ákærði hefur viðurkennt að eiga bruggtæki þessi, og kveðst hann hafa útbúið þau sjálfur. Hefur ákærði viðurkennt að hafa bruggað áfengi með tækjunum, en þó ekki í stórum stíl.

Ákærði hefur með atferli því, sem hér hefur verið lýst, gerzt brotlegur við 7. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

IV.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 35. gr. og 36. gr. áfengislaga nr. 54/1958, sbr. 77. gr. almennra hegningarlaga, hæfilega ákveðin 1 mán. fangelsi.

Þá greiði ákærði 6000 kr. sekt til Menningarsjóðs, og komi 25 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dómsins.

Þá ber að gera upptæk samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga bruggtæki þau og ílát, sem fundust í hirzlum ákærða, og skal andvirði þeirra renna til ríkissjóðs.

Þá ber og að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Magnús Sigurjónsson Magnússon, sæti fangelsi í 1 mánuð.

Ákærði greiði 6000 kr. sekt til Menningarsjóðs, og komi 25 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dómsins.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Bruggtæki þau og ílát, er fundust heima hjá ákærða, skulu gerð upptæk og andvirði þeirra renna til ríkissjóðs.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 13. júní 1960.

Nr. 126/1958. **Ákæruvaldið** (Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)
gegn
John William Meadows (Ágúst Fjeldsted hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fiskveiðibrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Friðrik V. Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, framkvæmt athugun á mælingum gæzluflugvélarinnar Ránar 13. apríl 1958 og markað á sjóuppdrátt staði togarans eftir þeim mælingum.

Reyndist staður togarans kl. 1924 um 0.9 sm innan fiskveiðimarkanna, kl. 1925 um 0.7 sm og kl. 1932 um 0.9 sm.

Ákærði hefur játað að hafa verið að veiðum með stjórnborðsvörpu togarans á þeim tíma, er mælingarnar voru gerðar.

Ákærði hefur því gerzt sekur við 1. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 82/1952.

Refsing ákærða þykir með tilliti til þess, að 1724.21 pappírskrónur jafngilda nú 100 gullkrónum samkvæmt vottorði Landsbanka Íslands, hæfilega ákveðin kr. 230.000.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 8 mánaða varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra og málskostnað í héraði, eiga að vera óröskuð.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 8000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, John William Meadows, greiði kr. 230.000.00 sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi 8 mánaða varð-

hald í stað sektarinnar, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra og málskostnað í héraði staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sigurgeirs Sigurjónssonar og Ágústs Fjeldsteds, kr. 8000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. apríl 1958.

Ár 1958, þriðjudaginn 15. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á Fríkirkjuvegi 11, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1616/1958: Ákæruvaldið gegn John William Meadows, sem tekið var til dóms sama dag.

Ákærður er John William Meadows, skipstjóri á brezka togaranum Northern Pride, GY 169, til heimilis í 23 Braemar Road, Cleethorpes, Lincolnshire, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 82 8. desember 1952 um breytingu á þeim lögum, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum togara vestur af Vestmannaeyjum síðdegis sunnudaginn 13. þ. m. innan markalínu þeirrar, sem ákveðin er í 1. gr. reglugerðar nr. 21 19. marz 1952, sbr. lög nr. 44/1948, og lög nr. 82/1952.

Ákærist hann til að sæta refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 81/1952, upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 11. júlí 1934 í Grimsby, og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu fyrr hér á landi, svo að kunnugt sé.

Samkvæmt skýrslu Guðmundar Kjærnested, skipstjóra í þjónustu landhelgisgæzlunnar, eru málavextir þessir:

Sunnudaginn 13. þ. m. var gæzluflugvélin Rán á eftirlitsflugi fyrir vestan Þrídranga á austurleið.

Kl. 1904 var flogið í miðinu: Einidrang bar í N-brún á Hellis-

ey, fjarlægð í Einidrang um 10 sjóm. Um leið mældust nokkrir togarar um 45° á stb. í fjarlægð 3.5 til 4.0 sjóm.

Þar eð sýnt þótti, að hér mundi vera um fiskveiðibrot að ræða, var þegar farið að þeim togaranum, sem virtist vera grynnst, og gerðar á honum staðarákvarðanir. Er þeim var lokið, var þegar haldið að þeim næsta, sem reyndist vera Northern Pride, GY 169, og var hann með stb. vörpu úti og togaði VNV-læga stefnu.

Kl. 1924 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun yfir togaranum:

Þrídranga-viti
Einidrangur ▽ > 13° 52′
Geirfuglasker (miðjan) > 27° 12′

Um leið sást, að Einidrang bar í hæðina upp af Stakkavík. Gefur þetta stað togarans um 0.9 sjóm. fyrir innan fiskveiðitakmörkin.

Kl. 1927 er settur út belgur í kjölvatn togarans rétt við hann.

Kl. 1929 var gerð önnur staðarákvörðun yfir togaranum, sem togaði í V eða VNV-læga stefnu:

Þrídrangar ▽
Einidrangur ▽ > 13° 19′
Geirfuglasker (miðjan) > 26° 18′

Gefur þetta stað togarans um 0.6 sjóm. fyrir innan fiskveiðitakmörkin.

Kl. 1932 var gerð staðarákvörðun yfir belgnum, sem settur var út kl. 1927:

Þrídrangar ▽
Einidrangur ▽ > 13° 54′
Geirfuglasker (miðjan) > 27° 00′

Gefur þetta stað belgsins um 0.8 sjóm. fyrir innan fiskveiðitakmörkin.

Er þess getið, að togarinn GY 169 togaði rétt aftan við GY 344, Loyal, þegar hann var að hífa inn vörpuna, en hann var á eftirfarandi stað kl. 1916:

Þrídrangar ▽
Einidrangur ▽ > 14° 09′
Geirfuglasker (miðjan) > 28° 04′

Gefur það stað togarans um 0.9 sjóm. fyrir innan fiskveiðitakmörkin.

Um kl. 1930 var skotið að skipinu stöðvunarmerki, þar eð sýnt þótti, að skipið væri að fiska fyrir innan fiskveiðitakmörkin á þessum slóðum, en það bar ekki árangur.

Kl. 1959 og síðan af og til var skipið kallað upp í talstöð, en líka án árangurs.

Var þá beðið eftir komu v/s Alberts, en hann átti þá skammt eftir ófarið að togaranum.

Kl. 2043 kom v/s Albert að togaranum, þar sem hann var að ljúka við að taka inn vörpuna.

Var nú óskað eftir því, að v/s Albert færi með togarann til Reykjavíkur til frekari rannsóknar.

Þar sem veður fór nú óðum versnandi, fór flugvélin áleiðis til Reykjavíkur kl. um 2133.

Veður kl. 1900: V-kaldi, skýjað, skyggni um 20 sjóm.

Hornamælingar gerðu Guðmundur Kjærnested skipstjóri og Þröstur Sigtryggsson stýrimaður, hvor með sínum sextant, sem þeir lásu báðir af, en loftskeytamaðurinn, Garðar Ingi Jónsson, gerði ratsjárathuganir. Flugstjórinn, Guðjón Benedikt Jónsson, gaf merki um, hvenær flugvélin var beint uppi yfir togaranum og belgnum. Flughraði við mælingar var um 100 sjómílur á klukkustund, og flughæð yfir togaranum 400—500 fet, en yfir belgnum 200—300 fet. Allir hafa þessir menn staðfest sem vitni og með eiði mælingarnar og að skilyrði til mælinganna hafi verið góð, mælistaðir greinilegir. Loftskeytamaðurinn og stýrimaðurinn köstuðu út belgnum. Sáu stýrimaðurinn og skipstjórinn hann á sjónum, 5—6 skipslengdum aftan við togarann, og flugstjórinn sá hann einnig á sjónum, skammt aftur undan togaranum, í næsta aðflugi að togaranum, eftir að belgnum var kastað út. Í belgnum var trolltvinnastjóri (rúlla) og á honum akker, ca 5 kg að þyngd.

Skýrsla Jóns Jónssonar, skipstjóra á v/s Albert, er á þessa leið:

Sunnudaginn 13. þ. m. var v/s Albert við gæzlu á netasvæði Vestmannaeyjabáta. Kl. 1921 kallaði flugvél landhelgisgæzlunnar, „TF-RÁN“, er var stödd vestur af Einidrang við mælingar á skipum við meintar ólöglegar fiskveiðar. Var þegar haldið flugvélinni til aðstoðar.

Kl. 2000 var staður varðskipsins: Þrídrangur $\neq$ Einidrang $\neq$ Geirfuglaskersvita 80° 32′. Var þaðan haldið í áttina að flugvélinni, sem sveimaði yfir togaranum. Kl. 2023 skaut flugvélin grænu

blysi yfir togaranum Northern Pride, GY 169, sem reyndist vera í 3.8 sjómílna fjarlægð frá varðskipinu.

Var þá haldið að togaranum, sem togaði SV-læga stefnu. Kl. 2035 var sett upp stöðvunarmerki. Kl. 2043 stöðvað við hliðina á togaranum Northern Pride, GY 169, sem var að ljúka við að taka inn stb. vörpu sína. Kallað var yfir til skipstjóra togarans, að varðskipið mundi senda bát yfir til þeirra. Setti þá togarinn á fulla ferð í SV-læga stefnu. Hóf þá varðskipið tafarlaust eftirför og skaut tveimur lausum skotum að togaranum. Kl. 2050 gaf togarinn merki með eimflautu sinni, að hann næmi staðar. Setti varðskipið þá út bát og sendi menn yfir í togarann, og var skipstjóra togarans tilkynnt, að hann væri tekinn fyrir meint fiskveiðibrot samkvæmt mælingum gæzluflugvélarinnar. Enn fremur var skipstjóra togarans tilkynnt, að hann yrði að fylgja varðskipinu til Reykjavíkur, þar sem mál hans yrði tekið til frekari rannsóknar.

Kl. 2112 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun: Þrídrangar í r/v 084°, fjarlægð 11.9 sjómílur. Álsey, fjarlægð 12.0 sjómílur, sem gefur stað togarans um 1.2 sjómílu utan fiskveiðitakmarkanna. Samkvæmt beiðni skipstjóra togarans var beðið, meðan hann gerði sjóklárt. Kl. 2235 var haldið af stað með togarann til Reykjavíkur. II. stýrimaður v/s Alberts ásamt einum háseta voru hafðir á verði í togaranum. Kl. 1010 hinn 4. þ. m. var komið með togarann á ytri höfnina í Reykjavík.

Veður: SV hvassviðri, talsverður sjór, él.

Þessa skýrslu hefur skipstjórinn á varðskipinu staðfest með eiði, og hefur ákærði enga athugasemd gert við hana.

Ákærði viðurkennir að hafa verið að botnvörpuveiðum, þegar flugvélina bar að, og hefur lýst því yfir, að hann geri eigi athugasemdir við annað í skýrslu landhelgisgæzlunnar en staðarákvarðanirnar. Heldur hann því fram, að þær séu rangar, og kveðst sannfærður um að hafa verið utan fiskveiðitakmarkanna. Fyrr á sunnudaginn kveðst hann hafa verið á veiðum dýpra, en hafa fært sig í áttina til lands undir rökkrið, vegna þess að fiskur grynni á sér á þeim tíma dags. Var hann kominn á þessar slóðir, um þremur klukkustundum áður en flugvélina bar að. Þegar hann kastaði, kveðst hann hafa mælt fjarlægðir til Einidrangs og Geirfuglaskers og hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að hann væri 12½ sjómílu NNV af skerinu. Frá þessum stað togaði hann síðan NVaN ½ N — lítið eitt breytilega þó — samfleytt, þar til flugvélin kom yfir skipið, og var þetta því fyrsta togið á þess-

um slóðum. Kveðst hann, meðan á toginu stóð, hafa fylgzt með því í ratsjánni, að hann væri utan fiskveiðitakmarkanna. Engum belg sá hann kastað úr flugvélinni, en sá þaðan kastað ljósmerki. Þá nam hann staðar og gerði staðarmælingu með ratsjánni. Var þá fjarlægðin í Geirfuglasker 18 sjómílur, en í Einidrang 11.2 sjómílur. Hefur hann merkt þenna stað aðeins utan fiskveiðitakmarkanna á korti sínu. Hann var einn um mælingar sínar. Heldur hann því fram gagnstætt gæzlumönnunum í flugvélinni, að þegar flugvélin kom, hafi skyggni verið svo slæmt, að stundum hafi eyjarnar ekki sézt, en þess á milli grillt í þær. Ástæðuna til þess, að ákærði reyndi að komast undan varðskipinu, segir ákærði hafa verið þá, að hann hafi talið, að varðskipsmenn hefðu engan rétt til að fara um borð í togarann og hann sjálfur væri í sínum rétti.

Undir rannsókn málsins voru dómkvaddir tveir kunnáttumenn til að athuga ratsjár flugvélarinnar og togarans. Reyndust ratsjár flugvélarinnar og annað tæki togarans vera í mjög góðu lagi, og kveðst ákærði einmitt hafa notað það tæki.

Með mælingum landhelgisgæzlumanna í flugvélinni telur dómurinn sannað gegn staðhæfingu ákærða, að hann hafi í umrætt skipti verið á þeim stöðum, sem mælingar gæzlumannanna sýndu, og að botnvörpuveiðum var hann, svo sem viðurkennt er.

Varðar þessi verknaður við þau lagaákvæði, sem talin eru í ákæru. Samkvæmt þeim refsiákvæðum, sem þar eru talin og áður eru rakin, og með tilliti til stærðar togarans, 620.43 brúttó rúmlestir, og núverandi gullgildis íslenzkrar krónu, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 74.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Auk þess skulu allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Northern Pride, GY 169, vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, hrl. Ágústs Fjeldsteds, kr. 2000.00.

Dóm þenna kvað upp Valdimar Stefánsson sakadómari og meðdómendurnir Jónas Jónasson og Pétur Björnsson, skipstjórar.

Dómsorð:

Ákærði, John William Meadows, greiði 74.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mán-

uði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Northern Pride, GY 169, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, hrl. Ágústs Fjeldsteds, kr. 2000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 15. júní 1960.

Nr. 157/1959. **Kristinn Sigurðsson** (Jón S. Hjaltason hdl.)
gegn
stjórnarmönnum Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum, þeim Jóhanni Sigfússyni, Sighvati Bjarnasyni, Jónasi Jónssyni, Haraldi Hannessyni og Guðjóni Jónssyni, fyrir hönd Vinnslustöðvarinnar (Gunnar Möller hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og Magnús Þ. Torfason prófessor.

Félagsréttindi.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógeta í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. september 1959, að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s. m. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og að viðurkenndur verði réttur hans sem sameiganda annarra félagsmanna í félaginu Vinnslustöðinni hinn 17. desember 1959 að öllum eignum félagsins, föstum og lausum. Svo krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu fyrir hönd félagsins.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og máls-

kostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið lögð fram ýmis ný gögn í máli þessu og vitni verið leidd. Meðal annars hefur komið fram, að stofnað hefur verið í Vestmannaeyjum hlutafélag, sem ber nafnið Vinnslustöðin h/f. Samkvæmt tilkynningu til hlutafélagaskrár, dags. 31. desember 1959, eru samþykktir félagsins dagsettar 18. sama mán. og tilgangur félagsins meðal annars sá „að yfirtaka eignir og rekstur Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum, svo og allar skuldir og skuldbindingar samkvæmt ársreikningum félagsins pr. 31. desember 1958".

Árið 1946 var stofnað í Vestmannaeyjum félag með nafninu „Vinnslu- og sölumiðstöð fiskframleiðenda". Setti það sér félagslög í 19 greinum, og verða hér á eftir rakin nokkur atriði þeirra.

Í 1. gr. segir, að félagið sé samlagsfélag, og í sömu grein og 11. gr. eru ákvæði um, að ábyrgð félagsmanna takmarkist við inneign þeirra í sjóðum félagsins.

Samkvæmt 2. gr. og 3. sbr. 13. gr. er markmið félagsins og starfsemi vinnsla og sala fisks og fiskafurða. Tekur það einkum til fiskframleiðslu félagsmanna, en félaginu er og heimilt að taka til vinnslu eða sölu fisk frá öðrum en félagsmönnum. Vegna þessarar starfsemi er félaginu ætlað að eignast hús, vélar og nauðsynleg tæki. Er meðal annars ráðgert, að félagið komi sér upp fullkominni hraðfrystistöð með nýtízku vélabúnaði.

Í 3. gr. segir, að félagsmenn geti orðið allir útgerðarmenn og eigendur fiskiskipa í Vestmannaeyjum, sem hafa yfir fiski að ráða, sem félagið tekur til vinnslu eða sölu. Stjórn félagsins sker úr um inntökubeiðnir, en úrskurðum hennar má skjóta til félagsfundar. Þá er ákveðið í 4. gr., að félagsmönnum sé skylt að afhenda félaginu alla fiskframleiðslu sína, sem lögð er á land í Vestmannaeyjum, að undantekinni lifur.

Um fjárframlög félagsmanna til félagsins eru ákvæði í 11. og 12. gr. Hver félagsmaður skal leggja fram sem stofn-

tillag kr. 150.00 fyrir hverja brúttó smálest af bátaeign sinni. Af stofnframlögum skulu reiknast vextir, 5% á ári, og færast árlega á sérreikning hvers félagsmanns. Þá skal allur hagnaður af starfsemi félagsins, þegar félagsmönnum hefur verið reiknað fiskinnlag með gangverði og allur rekstrarkostnaður greiddur, skiptast þannig, að 50% skulu leggjast í **sameignarsjóð** og 50% í **séreignarsjóði** félagsmanna eftir verðmæti innlagsins.

Samkvæmt 15. gr. má ákveða á aðalfundi í félaginu að greiða félagsmönnum út séreignarsjóði sína, ef hagur félagsins leyfir.

Um atkvæðisrétt félagsmanna ræðir í 9. gr. Hefur hver félagsmaður eitt atkvæði fyrir hverjar fullar 500 krónur af stofntillagi. Þó má enginn félagsmaður fara með meira en 15% af samanlögðu atkvæðamagni félagsins.

Samkvæmt 5. gr. kjósa félagsmenn félagsstjórn, sem skipuð skal 5 mönnum. Er stjórnin sóknaraðili og varnar í öllum málum félagsins. Í 6.—8. gr. og 10. gr. ræðir nánar um störf félagsstjórnar, ráðningu framkvæmdastjóra, félagsfundi, reikningshald o. fl.

Félagsmönnum er heimilt að segja sig úr félaginu. Samkvæmt 16. gr. skal úrsögn vera skrifleg og komin í hendur félagsstjórnar fyrir 1. október það ár, sem hún fer fram.

Um rétt félagsmanna við úrgöngu úr félaginu segir svo í 14. gr.:

„Gangi félagsmaður úr félaginu, skal gera reikning hans upp, svo fljótt sem auðið er. Eigi á hann kröfu á neinni útborgun af inneign sinni, fyrr en gert er út um þær skuldbindingar, sem hann hefur tekið á sig sameiginlega við aðra félagsmenn. Félagið greiðir aðeins þann hluta eignar félagsmanna í séreignarsjóði, sem er í vörzlu þess í handbæru fé eða verðbréfum, sem félagið getur látið af hendi. Hafi félagsmaður selt bát sinn og gengið úr félaginu, er honum heimilt að selja kaupanda bátsins sinn hluta í sjóðum félagsins. Notfæri hann sér ekki þá heimild, er félaginu skylt að greiða að lágmarki innlánsvexti banka af þeim inneignum hans, sem ekki hafa verið greiddar út, samanber að

ofan. Útborgun úr sameignarsjóði fer aðeins fram 1) við andlát félagsmanns; 2) við brottflutning; 3) við brottrekstur úr félaginu; 4) verði félagsmaður gjaldþrota. Hlut sinn í sameignarsjóði má félagsmaður aldrei veðsetja og hlut sinn í séreignarsjóði því aðeins, að félagsstjórn samþykki".

Samkvæmt 18. gr. má slíta félaginu, ef það er samþykkt á aðalfundi með ⅔ hlutum samanlagðs atkvæðamagns í félaginu. Um félagsslitin segir svo nánar í 19. gr.:

„Verði félaginu slitið, skal gera reikninga þess upp að fullu og gera sérstaklega upp sameiginlegar skuldbindingar félagsmanna, áður en endanleg reikningsskil eru gerð. Eignum félagsins skal ráðstafa til sölu af skilanefnd, sem að öðru leyti framkvæmir reikningsskilin, og nettó andvirði eignanna skal skiptast á milli félagsmanna í réttu hlutfalli við bókaðar eignir þeirra hjá félaginu."

Á aðalfundi félagsins hinn 17. desember 1953 voru meðal annars samþykktar þær breytingar á félagslögunum, sem hér verða greindar:

Nafni félagsins var breytt, og skyldi það framvegis heita Vinnslustöðin.

Atkvæðisrétti í félaginu var breytt þannig. að fyrir hverjar 1000 krónur af stofntillagi hafi félagsmaður eitt atkvæði, og fyrir hverjar kr. 10.000.00, sem hann hefur lagt inn afla fyrir hjá félaginu á reikningsárinu, hafi hann eitt atkvæði. Enginn félagsmaður skal þó hafa rétt til að fara með meira en 10% „af mættu atkvæðamagni félagsins".

Ákvæðum 12. gr. um framlög í sameignarsjóð og séreignarsjóði var breytt þannig, að stjórnin skuli gera „tillögur um tillegg í sjóði hjá félaginu, og skal upphæðin samþykkjast af aðalfundi hverju sinni. Þó skal skipting til sjóðanna vera bundin þannig, að til sameignarsjóðs fari ¼ hl. og til séreignarsjóðs ¾ hl., hvort tveggja af heildarupphæð þeirri, sem samþykkt kann að vera".

Fyrstu þrír málsliðir 14. gr. eru látnir haldast óbreyttir, en eftir það breytist greinin þannig:

„.... Hafi félagsmaður selt bát sinn og gengið úr félag-

inu, er honum heimilt að selja kaupanda bátsins sinn hlut í séreignarsjóði hjá félaginu. Notfæri hann sér ekki þá heimild, er félaginu skylt að greiða að lágmarki innlánsvexti banka af þeim inneignum hans, sem ekki hafa verið greiddar út, samanber að ofan. Hlut sinn í séreignarsjóði má félagsmaður því aðeins veðsetja, að félagsstjórn samþykki það".

Ákvæði 19. gr. um félagsslit voru látin haldast óbreytt.

Á aðalfundi félagsins árið 1957 var samþykkt, að félagsmönnum skyldu greiddir út séreignarsjóðir þeirra samkvæmt 15. gr. félagslaganna. Það er og ágreiningslaust í málinu, að rekstur félagsins hafi gengið að óskum, og að það hafi verið búið að koma sér upp miklum eignum, er ákveðið var í árslok 1959, að áðurgreint hlutafélag tæki við eignum þess og skuldum. Var þá jafnframt ákveðið, að félagsmenn í Vinnslustöðinni ættu kost á að fá hlutabréf í hinu nýja félagi, er svöruðu til hinna afhentu eigna, eftir tilteknum reglum.

Í flutningi máls þessa hefur verið nokkuð að því vikið, hvort ákvæði félagslaganna um ábyrgð félagsmanna út á við hafi verið gild að lögum, en eins og kröfugerð er háttað, kemur það ekki til úrlausnar í máli þessu.

Áfrýjandi er talinn hafa gengið í umrætt félag árið 1949. Var hann þá sameigandi að v/b Gullveigu, VE 331. Eftir það var afli bátsins lagður inn til félagsins fram til vors 1955, er áfrýjandi og sameigandi hans hættu útgerð bátsins. Félaginu var greitt stofnframlag, eins og áskilið var í 11. gr. félagslaganna, og framlög samkvæmt ákvæðum 12. gr. félagslaganna voru lögð í sameignarsjóð og séreignarsjóð. Þó að áfrýjandi væri ekki einn eigandi að bátnum, þykir samt unnt að leggja efnisdóm á kröfur hans í máli þessu, eins og þeim er háttað.

Með skjali, dags. 9. júní 1955, veðsetti áfrýjandi Útvegsbanka Íslands h/f í Vestmannaeyjum stofnsjóð sinn og séreignarsjóð hjá Vinnslustöðinni, sem myndazt hefðu vegna útgerðar v/b Gullveigar, og með áritun á sama skjal, dags. 1. desember 1955, heimilaði áfrýjandi bankanum að taka

við greindum sjóðseignum. Þó kveðst áfrýjandi áskilja sér rétt til frekari krafna, ef upphæð sú, sem greidd verður, sé ekki í samræmi við þær sjóðseignir eða eignarhluta, sem hann telji sig eiga í fyrirtækinu.

Vinnslustöðin greiddi síðan og bauðst til að greiða áfrýjanda stofnframlag og séreignarsjóð, svo sem nánar greinir í héraðsdómi. Telja stefndu, að þar sem áfrýjandi var hættur útgerð og gerði kröfu til framangreindra fjárhæða og tók við þeim, þá hafi hann þar með gengið úr félaginu. Hafi félagið með greiðslum þessum staðið áfrýjanda full skil á þeim félagseignum, sem félagsmaður eigi rétt til að fá við úrgöngu úr félaginu samkvæmt 14. gr. félagslaganna.

Það er ljóst, að eins og gerð félagsins, markmiði og starfsemi var háttað, urðu félagsmenn, sem lögðu fram fjárframlög til þess, þar á meðal áfrýjandi, sameigendur í tilteknum hlutföllum að eignum þess, eins og þær voru á hverjum tíma. Eru og ákvæði 19. gr. félagslaganna um skiptingu eignanna við félagsslit í samræmi við þetta. Til þess að talið yrði, að félagsmaður fyrirgerði þessum áunna eignarrétti með því að hætta útgerð eða segja sig úr félaginu, þyrftu að vera fyrir hendi skýlaus fyrirmæli um það í félagslögunum, sem félagsmaður hefði samið sig undir. Ákvæði 14. gr. félagslaganna eru óglögg og verða ekki með vissu skýrð þannig, að áfrýjandi hafi með því að undirgangast ákvæði þeirrar greinar samið af sér rétt til meiri hlutdeildar í eignum félagsins en þeirra fjárhæða, sem félagið hefur greitt eða boðizt til að greiða honum. Hins vegar þykir mega ráða af breytingu þeirri, sem gerð var á nefndri 14. gr. árið 1953, að félagsmenn hafi ekki átt rétt til að fá eignarhlut sinn í félaginu afhentan fyrr en við félagsslit, að séreignarsjóði undanskildum. Þó að áfrýjandi hafi ávísað stofnsjóðsframlagi sínu og félagið hafi innt það af höndum, þá leiðir þegar af því, að áfrýjandi gerði í ávísunarskjalinu fyrirvara um frekari greiðslu, að hann hefur ekki glatað rétti sínum með viðtöku þeirrar fjárhæðar.

Samkvæmt framansögðu má á það fallast, að áfrýjandi hafi átt rétt til hlutdeildar í eignum félagsins, er hann höfð-

aði mál þetta í héraði hinn 22. nóvember 1957. Og þar sem stefndu hafa ekki staðið honum skil á eignarhluta hans síðan, ber samkvæmt kröfu hans að viðurkenna rétt hans til hlutdeildar í eignum Vinnslustöðvarinnar hinn 17. desember 1959.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndu fyrir hönd Vinnslustöðvarinnar greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Réttur áfrýjanda, Kristins Sigurðssonar, til hlutdeildar í eignum Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum hinn 17. desember 1959 er viðurkenndur.

Stefndu, Jóhann Sigfússon, Sighvatur Bjarnason, Jónas Jónsson, Haraldur Hannesson og Guðjón Jónsson, greiði fyrir hönd Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 10.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 12. apríl 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 14. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja, að undangenginni árangurslausri sáttaumleitan, af Kristni Sigurðssyni, Urðaveg 38, Vestmannaeyjum, með stefnu, útgefinni 22. nóvember 1957, birtri 25. nóvember s. á., á hendur stjórn Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum fyrir hönd félagsins, þeim Jóhanni Sigfússyni framkvæmdastjóra, Sólhlíð 8, Sighvati Bjarnasyni útgerðarmanni, Kirkjuveg 49, Jónasi Jónssyni útgerðarmanni, Urðarveg 16, Haraldi Hannessyni skipstjóra, Urðaveg 16, og Guðjóni Jónssyni útgerðarmanni, Hlíðardal, öllum í Vestmannaeyjum.

Stefnandi gerir þær réttarkröfur, að stefnda verði dæmt til þess að viðurkenna hann sameiganda annarra félagsmanna í Vinnslustöðinni að öllum eignum félagsins, föstum og lausum, svo og rekstri Vinnslustöðvarinnar, svo lengi sem sameignarhluti hans er ekki greiddur honum að fullu, enn fremur verði stefnda dæmt til þess að greiða honum fullan málskostnað að skaðlausu eftir mati réttarins.

Mætt var í málinu af hálfu hins stefnda félags og krafizt algerrar sýknunar af öllum kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til að greiða hæfilegan málskostnað eftir mati réttarins.

Stefnandi kveðst hafa gerzt félagsmaður í Vinnslustöðinni árið 1949. Var hann þá eigandi að hluta af v/b Gullveigu, VE 331, og gerði bátinn út ásamt meðeigendum sínum. Greidd voru til félagsins tilskilin stofntillög, miðað við brúttó smálestatölu bátsins, og námu þau kr. 5850.00. Næstu árin hélt hann áfram útgerð bátsins með sameigendum sínum, og var aflinn lagður upp hjá Vinnslustöðinni, eins og félagslögin ætluðust til. Vorið 1955 hætti stefnandi útgerð, og síðar var báturinn seldur á uppboði og þar næst strikaður út úr skipaskrá.

Er stefnandi hætti og báturinn var lagður upp vorið 1955, var útgerðin í skuld við Útvegsbankann í Vestmannaeyjum, og í júní sama ár veðsetti stefnandi bankanum stofnsjóð og séreignarsjóð sinn hjá Vinnslustöðinni, er myndazt hafði vegna útgerðar bátsins. Ekki leitaði hann áður samþykkis félagsstjórnarinnar, en þó er veðsetning sjóðanna óheimil eftir félagslögum, nema samþykki stjórnarinnar sé fengið. Hinn 12. nóvember 1956 veitti stefnandi svo bankanum heimild til að veita móttöku sameignarhlut sínum hjá Vinnslustöðinni vegna séreignarsjóðs og síðar hafði hann fengið kr. 13.338.00 vegna stofntillaga. Jafnframt var honum sagt, að ekki myndi vera að vænta neinna greiðslna nema úr þessum sjóðum fyrirtækisins. Hinn 3. apríl 1957 ritaði stefnandi Vinnslustöðinni og kvaðst telja, að greiðslur hennar til bankans væru allsendis ófullnægjandi. Kvaðst hann líta svo á, að hann hafi rétt til sameignarhluta úr öllum eignum félagsins, og þar sem fullnægjandi greiðsla hefði ekki verið innt af hendi, væri hann enn fullgildur sameignarmaður annarra félagsmanna í Vinnslustöðinni að öllum eignum hennar og rekstri hennar. Að lokum tók hann fram, að þar sem hann væri hættur útgerð, væri ætlun sín að fá sameignarhlut sinn greiddan út úr félaginu og að sjálfsögðu úr öllum eignum þess. Kvaðst hann krefjast þess að fá nú þegar viðurkenningu félagsins á fullum rétti sínum sem sameiganda í félaginu.

Vinnslustöðin svaraði með bréfi, dags. 13. apríl 1957. Kvað hún útgerð Gullveigar hafa átt inni kr. 54.997.96 um áramótin 1954 og 1955 vegna stofntillaga og séreignarsjóðs, og hefðu kr. 47.431.19 þegar verið fullgreiddar honum og bankanum, en eftirstöðvarnar, kr. 7566.77, myndu verða greiddar, hvenær sem óskað yrði. Jafnframt var fram tekið, að útreikningur til séreignar-

sjóðs fyrir árið 1955 færi ekki fram fyrr en seinna á árinu, og kynni því innstæða bátsins að hækka frá því, sem nú væri. Um frekari greiðslur væri ekki að ræða, því að óheimilt væri samkvæmt félagslögum að greiða brottviknum félagsmönnum hluta úr sameignarsjóði, heldur ættu þeir aðeins með vissum skilyrðum rétt til að fá greiddan séreignarsjóð sinn og stofntillög.

Virðist svo ekki hafa farið fleira á milli aðilja um sinn, en í lok ársins 1957 höfðaði stefnandi mál þetta og gerði þær kröfur, sem fyrr segir.

Kröfur aðiljanna í málinu eru reistar á sömu rökum og sjónarmiðum og fram koma í bréfum þeirra frá 3. og 13. apríl 1957.

Eins og fyrr segir, hætti stefnandi skiptum við félagið á árinu 1955 og ráðstafaði síðan sjóðseignum bátsins í félaginu. Í sambandi við þessar ráðstafanir hafa stofntillögin verið greidd út og séreignarsjóður að mestu leyti. Með þessu hefur réttarstaða stefnanda breytzt gagnvart félaginu, bæði að því er varðar réttindi og skyldur. Um áframhaldandi „sameign" hans með öðrum félagsmönnum að öllum eignum og rekstri Vinnslustöðvarinnar virðist því ekki geta verið að ræða, og þegar af þeirri ástæðu þykir bera að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndu, Jóhann Sigfússon, Sighvatur Bjarnason, Jónas Jónsson, Haraldur Hannesson og Guðjón Jónsson, f. h. Vinnslustöðvarinnar eiga að vera sýknir að kröfum stefnandans, Kristins Sigurðssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 15. júní 1960.

Nr. 213/1959. **Helga Þórðardóttir** (Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Hirti Jónassyni (Gústaf A. Sveinsson hrl.)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skiptamál.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfógeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. desember 1959. Hún krefst þess, að allar eignir bús hennar og gagnáfrýjanda samkvæmt uppskrift falli í hennar hlut og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða henni málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem áfrýjað hefur málinu með stefnu 8. janúar 1960, krefst þess, að úrskurður héraðsdómara, að undanskildu ákvæði hans um málskostnað, verði staðfestur og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Úrskurður skiptadóms Reykjavíkur 3. nóvember 1959.

Sóknaraðili máls þessa, Helga Þórðardóttir, Hjarðarhaga 32, hefur gert þær réttarkröfur, að allar eignir í búi hennar og varnaraðilja, Hjartar Jónassonar, Ljósvallagötu 14, verði látnar falla í hennar hlut við skipti búsins. Þá hefur hún og krafizt þess, að varnaraðilja verði gert að greiða sér málskostnað.

Varnaraðili hefur krafizt þess, að eignum búsins verði skipt til helminga milli sín og sóknaraðilja. Hann hefur krafizt þess, að sóknaraðilja verði gert að greiða sér málskostnað.

Mál þetta var lagt undir úrskurð skiptaréttarins að loknum munnlegum flutningi, er fram fór hinn 20. þ. mán.

Aðiljar máls þessa, Helga Þórðardóttir og Hjörtur Jónasson, gengu í hjónaband hinn 17. september 1955. Þau mæta á skrifstofu borgardómarans í Reykjavík hinn 27. september 1958 og eru þar sammála um að óska skilnaðar að borði og sæng, en taka fram, að samkomulag sé ekki um skiptingu eigna, og muni þeim skipt opinberum skiptum. Sjá hér rskj. nr. 22. Leyfisbréf til skilnaðar að borði og sæng mun hafa verið gefið út hinn 22. október 1958.

Sóknaraðili ritar skiptaráðandanum í Reykjavík hinn 29. september 1958 og fer þess á leit, að uppskrift fari fram á eignum búsins. Kveðst hún ætlast til þess, að búinu verði skipt opinberum skiptum, en getur þess um leið, að hún telji sig eiga allar eignir þess. Uppskrift fer síðan fram á búinu dagana 3., 11., 13. og 23. október 1958 og 6. nóvember 1958. Við uppskriftina komu fram húseignin Ljósvallagata 14, að fasteignamati kr. 208 þúsund krónur, hluti erfðafestulands í Fossvogi, þriggja herbergja íbúð að Hjarðarhaga 32 og hluti lóðar við Skipholt, innbú, að matsverðmæti 32—33 þúsund, svo og peningar, víxlar og önnur verðbréf.

Málsútlistun sóknaraðilja er á þessa leið:

Varnaraðili dvaldist við nám í Þýzkalandi sumarið 1958. Hinn 31. júlí ritar hann sóknaraðilja bréf, sem lagt hefur verið fram í réttinum sem rskj. 4. Meðal annars skýrir hann svo frá í bréfinu, að hann hafi fellt hug til stúlku einnar þýzkrar, og þykir hér verða að tilfæra nokkur þeirra orða, sem hann viðhefur í bréfinu og að þessu lúta: „Niðurstaða mín er sú, að við ættum að skilja. Nú spyr ég þig og bið þig: Viltu gefa mig lausan? ... Eitt skaltu vita, Helga. Ég sækist ekki eftir eignunum þínum, mig tekur það aðeins sárt, ef ég hefi orðið þess valdandi, að gamla Þingholtsstræti 1 var selt, og ég vildi gjarnan hjálpa þér áfram með hitt, ef ég er einhvers megnugur."

Umboðsmaður sóknaraðilja ritar varnaraðilja bréf hinn 8. ágúst 1958 í tilefni nýnefnds bréfs á rskj. nr. 4. Fer hann þar nokkrum orðum um hjónaskilnað almennt og sendir um leið uppkast að skilnaðarskilmálum, sem hann biður varnaraðilja að undirrita, ef hann geti á þá fallizt, og endursenda sér. Þetta bréf hefur verið

lagt fram í málinu sem rskj. 5, en uppkast að skilmálunum sem rskj. nr. 6. Erindi þetta ítrekar umboðsmaður sóknaraðilja með bréfi sínu 4. september 1958, sjá rskj. nr. 7, og tekur þar að auki fram, að verði eigi sætzt á málið, hljóti opinber skipti fram að fara, og horfi slíkt til kostnaðar fyrir aðilja báða, en þó muni engar eignir falla í hlut varnaraðilja, með því að hann hafi afsalað sér þeim. Varnaraðili ritar umboðsmanni sóknaraðilja hinn 9. september, sjá rskj. nr. 8. Segist hann væntanlegur heim um mánaðamót september-október og fer þess á leit, að ekkert verði aðhafzt í málum þessum, fyrr en svo verði, og kveðst raunar líta svo á, að fyrr verði engar ákvarðanir löglega teknar.

Sóknaraðili kveðst nú líta svo á, að varnaraðili hafi í bréfi sínu á rskj. 4 afsalað sér öllu tilkalli til eigna þeirra, sem eru í búi aðiljanna. Einnig vísar hún til þess, að í bréfi sínu á rskj. 8 hreyfi varnaraðili engum athugasemdum við þeirri staðhæfingu, er fram kemur í bréfi umboðsmanns hennar á rskj. 7, að varnaraðili hafi þegar afsalað sér hvers konar tilkalli til eignanna. Þá bendir hún á það, að varnaraðili hafi verið eignalaus, er þau gengu í hjónaband, sbr. vottorð skattanefndar Sauðaneshrepps á rskj. 11, og ekki hafi hann heldur unnið fyrir heimilinu, meðan hjónabandið stóð. Telur hún eignir búsins allar annaðhvort erfðafé sitt eða tilkomnar fyrir það, og bendir á í því sambandi, að hún hafi erft kr. 640.802.26 eftir móður sína, sem látizt hafi 11. maí 1956.

Varnaraðili byggir kröfur sínar á því, að engir samningar né heldur eðli málsins standi til annars en þess, að fullkomin sameign verði talin um allar þær eignir, sem í búinu eru. Skipti engu máli, hvernig þær eignir séu til komnar, en að öðru leyti mótmælir hann þeirri staðhæfingu sóknaraðilja, að eignir búsins séu annað tveggja erfðafé hennar eða tilkomnar fyrir það erfðafé. Þá mótmælir hann því, að hann hafi gefið sóknaraðilja eftir sinn hluta búsins. Komi alls ekki til orða að leggja slíkan skilning í einkabréf, sem ritað hafi verið í hugsunarleysi og viðkvæmni og að auki undir áhrifum áfengis. Þá tekur varnaraðili fram, að hann hafi ekki fengið bréf umboðsmanns sóknaraðilja á rskj. 7, fyrr en hann hafi verið búinn að senda frá sér bréfið á rskj. 8, og þannig sé ekki um að ræða, að hann hafi með þögn sinni viðurkennt þær staðhæfingar bréfsins á rskj. 7, að hann hafi gefið sóknaraðilja eftir sinn búshluta.

Varnaraðili telur fjárframlög sín til búskapar þeirra sóknaraðilja hafa numið að minnsta kosti kr. 50 þúsundum, auk þess

sem hann við og við hafi unnið sér inn samhliða guðfræðinámi sínu. Að auki kveðst hann hafa unnið við húseignina Hjarðarhaga 32, útvegað lán til kaupa á húseigninni Ljósvallagötu 14 og haft umsjá með eignunum.

Sóknaraðili hefur viðurkennt, að varnaraðili hafi lagt fram milli 30—40 þúsund krónur í peningum fyrir utan vinnu hans við Hjarðarhaga 32, en vefengir, að hann hafi lagt fram frekari fjárhæðir.

Svo sem fram er komið í máli þessu, stofnuðu aðiljar þess til hjúskapar 17. september 1955. Kaupmála hafa þau ekki gert, og eru því þær eignir, sem þau kunna að hafa komið með í búið, hjúskapareign hvors um sig. Hið sama gildir um erfðafé konunnar, enda ekki vitað, að arfláti hafi látið svo um mælt, að arfur sá, er hún hlyti, skyldi verða séreign hennar. Krafa sóknaraðilja í máli þessu byggist því einvörðungu á því, að varnaraðili hafi einkum með orðum sínum í bréfinu á réttarskjali nr. 4, sem tilfærð eru hér að framan, afsalað sér öllu tilkalli til eigna þeirra, sem eru í búi aðiljanna.

Á þessa skoðun getur rétturinn ekki fallizt. Hin tilfærðu orð og síðari athafnir varnaraðilja þurfa á engan hátt að skoðast sem afsal hans á búshelmingi hans úr búi aðiljanna, og verður krafa sóknaraðilja í máli þessu því ekki tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í máli þessu falli niður.

Því úrskurðast:

Krafa sóknaraðilja, Helgu Þórðardóttur, á hendur varnaraðilja, Hirti Jónassyni, verður ekki tekin til greina.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 20. júní 1960.

Nr. 77/1960. **Ákæruvaldið** (Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Jóni Gíslasyni (Páll Ásgeir Tryggvason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Umferðarlagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eins og í héraðsdómi greinir, kvaðst ákærði hafa gengið til fiskverkunarstöðvar sinnar, eftir að vitnið Elín Þórhallsdóttir átti orðaskipti við hann heima við íbúðarhús hans aðfaranótt 3. maí 1959. Með því að vitnin Sigurður Lárus Eiríksson og Guðmundur Finnbogason, sem ákærði hitti á fiskverkunarstöðinni, höfðu ekki heitfest framburð sinn í málinu, áður en héraðsdómur gekk, voru þau kvödd að nýju fyrir dóm hinn 14. þ. m. Kvaðst þá vitnið Sigurður Lárus fullyrða, að það hefði ekki séð áfengisáhrif á ákærða í umrætt sinn, og vitnið Guðmundur kvaðst alls ekki hafa getað merkt, að ákærði hefði neytt áfengis. Staðfestu síðan bæði þessi vitni framburð sinn í málinu með eiði.

Þar sem vætti vitna um það, hvort ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis aðfaranótt 3. maí 1959, ber ekki saman, og athugun vitnanna Elínar og Reynis á ástandi ákærða virðist hafa verið fremur lausleg, þá þykja ekki nægar sönnur að því leiddar, að ákærði hafi í umrætt skipti gerzt sekur um akstur bifreiðar undir áhrifum áfengis. Ber því að sýkna hann af því ákæruatriði. Hins vegar ber með skírskotun til forsendna héraðsdóms að staðfesta þá úrlausn héraðsdómara, að ákærði hafi með ógætilegum akstri gerzt sekur við 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 26/1958. Þykir refsing hans samkvæmt 1. og 2. mgr. 80. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með

talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 2000.00 til hvors.

Það athugast, að í héraðsdómi er það haft eftir vitninu Elínu, að vitnið Reynir hafi tjáð henni, að ekki þýddi að tala við ákærða, þar eð hann virtist ofurölvi, en samkvæmt prófun málsins var það Elín, sem mælti þessum eða svipuðum orðum til Reynis, en hún ein átti orðaskipti við ákærða.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Gíslason, greiði kr. 1000.00 sekt í ríkissjóð, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Magnúsar Thorlacius og Páls Ásgeirs Tryggvasonar, kr. 2000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 11. febrúar 1960.

Ár 1960, fimmtudaginn 11. febrúar, var í sakadómi Hafnarfjarðar, sem haldinn var í skrifstofu embættisins af Gunnari Sæmundssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 38/1960: Ákæruvaldið gegn Jóni Gíslasyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. þ. m., er með ákæruskjali dómsmálaráðuneytisins, dags. 29. maí 1959, höfðað gegn Jóni Gíslasyni útgerðarmanni, Merkurgötu 2, Hafnarfirði, fyrir að hafa nokkru fyrir klukkan 0100 aðfaranótt sunnudagsins 3. maí s.l. með áhrifum áfengis ekið bifreiðinni G 1433 frá Reykjavík til Hafnarfjarðar og óvarlega nokkru fyrir norðan Hafnarfjörð, er hann ók yfir á hægri vegarhelming frá sér séð, þannig að litlu munaði, að árekstur yrði milli bifreiðarinnar G 1433 og bifreiðarinnar R 8218, sem var ekið áleiðis til Reykjavíkur.

Brot ákærða teljast varða við 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuleyfis samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 1. og 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga, svo og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 17. september 1897 í Hafnarfirði, og hefur sætt eftirtöldum kærum og refsingum, svo að kunnugt sé:

Í Reykjavík:

1947 30/9 Sátt: 75 kr. sekt fyrir ökuhraða.

Í Hafnarfirði:

1955 11/3 Kærður fyrir ólöglegt bifreiðarstæði. Fellt niður.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt sunnudagsins 3. maí 1959, um kl. 0050, kom á lögreglustöðina í Hafnarfirði Elín Þórhallsdóttir og kærði yfir manni, er hún kvað hafa verið við bifreiðarakstur mjög mikið undir áhrifum áfengis. Bauðst hún til að vísa á mann þenna, er væri úr Hafnarfirði.

Elín ók í umrætt skipti bifreiðinni R 8218, og var eiginmaður hennar, Reynir Jónasson, með henni í bifreiðinni.

Þrír lögregluþjónar fóru að sinna þessu, fylgdist einn með þeim hjónum í R 8218, en tveir fylgdu á eftir í lögreglubifreið. Ók Elín að bifreiðastæði vörubílastöðvarinnar, en þar kvað hún mann þenna hafa staðnæmzt, og greindi þar frá, að maðurinn væri ákærði í máli þessu. Hvorki var ákærði né bifreið hans sjáanleg þarna, og vildi þá lögregluvarðstjóri taka skýrslu af Elínu og eiginmanni hennar, áður en frekar væri aðhafzt, en Elín neitaði að gefa skýrslu og krafðist þess, að leit væri gerð að ákærða heima hjá honum. Varðstjóri vildi ekki hefjast handa um slíkt án samráðs við fulltrúa bæjarfógeta. Eftir að náð hafði verið sambandi við fulltrúann, varð að ráði að fara heim til ákærða, ná tali af honum og fá hann til að fylgjast með lögreglumönnunum til læknis, svo að unnt væri að taka honum blóð til alkóhólrannsóknar.

Heima hjá ákærða hittu lögreglumennirnir son ákærða, Jón Jónsson. Kvað hann föður sinn ókominn heim, en heimilaði, að hans væri leitað í húsinu. Ekki fannst ákærði við leit þessa, en bifreið hans fannst í bifreiðageymslu hans.

Ákærði kom hér fyrir réttinn mánudaginn 4. maí s.l. Þann sama dag komu einnig fyrir réttinn sem vitni þau hjónin Elín og Reynir, sem áður eru nefnd. Greindi þau mjög á, ákærða annars vegar og vitnin hins vegar, og verða framburðir þeirra því raktir lítillega, hver um sig.

Ákærði kvaðst hafa verið að koma úr Reykjavík og hafa ekið með venjulegum hraða og eðlilega. Kvaðst hann hafa mætt mörgum bílum á leiðinni, en ekki orðið þess var, að við árekstri hefði legið við neinn þeirra. Ákærði neitaði algerlega að hafa verið undir áhrifum áfengis við aksturinn. Ekki vildi hann skýra frá, hvar hann hefði verið í Reykjavík, en kvaðst hvergi hafa verið í hófi eða samsæti, þar sem vín hefði verið haft um hönd. Ákærði taldi sig hafa verið þungan í höfði og stafi það af því, að hann hafi of háan blóðþrýsting, en annars vel fyrir kallaður.

Er ákærði var að setja bifreið sína inn í bílskúr sinn, kvað hann konu hafa komið til sín og sagt, að hann hefði verið rétt búinn að aka á sig. Kvaðst ákærði hafa sagt henni, að hann hefði ekki komið við bíl hennar, og hefði þeim ekki farið fleira í milli.

Eftir þetta kvaðst ákærði hafa gengið upp Norðurbrúna og upp á Hraun, þar sem verið var að taka á móti fiski, er bátar hans voru að landa. Þarna kvaðst hann hafa setið lengi í vigtarhúsinu hjá Sigurði Lárusi, er mætt hefur sem vitni í máli þessu, en síðan haldið heim. Heima hjá sér kvaðst ákærði hafa frétt, að lögreglan hefði verið að leita hans, en kvaðst hafa talið það mega bíða næsta dags að hafa samband við hana.

Vitnið Elín Þórhallsdóttir kvaðst umrædda nótt hafa verið á heimleið úr Hafnarfirði ásamt eiginmanni sínum, hefðu þau verið að koma af kvikmyndasýningu. Er þau voru rétt komin fram hjá þremur hvítum bröggum vinstra megin vegarins, þegar ekið er til norðurs, kvað hún þau hafa mætt bifreið. Vitnið ók þarna bifreið þeirra hjóna, R 8218, og sat maður hennar í framsæti bifreiðarinnar við hlið hennar. Er bifreið sú, er á móti kom, nálgaðist R 8218, kvað vitnið fyrrnefndri bifreið hafa verið sveigt yfir á hægri vegarhelming. Kvaðst vitnið hafa orðið að aka út fyrir malbikið til að forðast bifreið þessa, en það hefði þó eigi nægt til að forða árekstri, ef ökumaður bifreiðar þessarar hefði ekki á síðustu stundu sveigt aftur til vinstri. Kvað vitnið sér hafa brugðið við þetta, en þó snúið við og veitt hinni bifreiðinni, sem hafi verið ekið mjög hægt, eftirför. Vitnið kvað bifreið þessari hafa verið ekið mjög skrykkjótt og að minnsta kosti tvisvar sinnum yfir á öfugan vegarhelming. Bifreið þessa kvað vitnið svo hafa verið stöðvaða við hús eitt hér í Hafnarfirði, og hafi það verið G 1433, bifreið ákærða í máli þessu. Kvaðst vitnið þá hafa stigið út úr bifreið sinni og gengið til ákærða, er hafi verið búinn að opna hurð bifreiðar sinnar og verið að reyna að komast út, en gengið erfiðlega. Vitnið kvaðst hafa yrt á ákærða,

en hnussað hafi í honum og hún ekki skilið, hvað hann sagði. Vitnið kvaðst hafa fundið af honum mikla vínlykt, og hafi maður sinn, er kom að í þessu, sagt, að ekki þýddi að tala við ákærða, þar eð hann virtist ofurölvi. Er þau hjón voru aftur komin inn í bifreið sína, kvað vitnið ákærða hafa gengið fram fyrir þá bifreið, eins og til að athuga skrásetningarmerki hennar. Kvað vitnið hann hafa verið mjög óstöðugan á fótum. Eftir þetta ók vitnið til lögreglustöðvarinnar og tilkynnti um atburðinn.

Vitnið Reynir Jónasson hefur skýrt frá atvikum mjög á sama veg og kona hans. Við samprófun héldu bæði ákærði og vitnin fast við framburði sína.

Vitnið Reynir og Elín hafa bæði staðfest framburði sína með eiði.

Í skriflegri vörn hefur skipaður verjandi ákærða mótmælt framburði þessara vitna meðal annars á þeim forsendum, að sakir hinna nánu tengsla verði þau ekki talin fullgild vitni, hvort um sig. Ekki verður séð, að þessi fullyrðing lögmannsins styðjist við nokkur lagarök.

Í októbermánuði síðastliðnum fór svo fram framhaldsrannsókn í máli þessu. Komu þá fyrir dóm sem vitni þeir Sigurður Lárus Eiríksson og Guðmundur Finnbogason, er báðir munu hafa hitt ákærða að máli umrædda nótt.

Vitnið Sigurður Lárus kvað ákærða hafa innt sig eftir því nokkrum dögum eftir umræddan atburð, hvort hann minnist þess, að hann hefði komið til vitnisins þessa nótt, þar sem vitnið var við vinnu sína í fiskverkunarstöð ákærða. Vitnið kvaðst hafa minnzt þessa, og hafi þá ákærði spurt sig, hvort hann hefði séð á sér vín. Þeirri spurningu kvaðst vitnið hafa svarað neitandi, enda hafi það engin áfengisáhrif séð á ákærða þessa nótt né endranær, er hann kom þarna. Ekki kvaðst vitnið heldur hafa fundið vínþef af ákærða, en kvaðst ekki hafa haft neina ástæðu til að veita þessu sérstaka athygli.

Vitnið Guðmundur Finnbogason kvað ákærða hafa fyrir venju að koma á hverju kvöldi eða nóttu í fiskverkunarstöðina, þegar verið sé að taka á móti fiski úr bátum hans.

Eftir fyrstu helgina í maí kvað vitnið ákærða hafa spurt sig, hvort hann hefði séð á sér áfengisáhrif, er hann kom í fiskverkunarstöðina þá um helgina. Vitnið kvaðst hafa svarað þessu neitandi, enda hafi hann hvorki í þetta skipti né önnur séð áfengisáhrif á ákærða, er hann hafi komið þarna. Vitnið kvaðst

hafa talað við ákærða í umrætt skipti, en ekki hugsað sérstaklega út í það, hvort hann væri undir áfengisáhrifum.

Ljóst er, að hvorugt þessara vitna veitti því sérstaka athygli í umrætt skipti, hvort ákærði væri undir áhrifum áfengis, enda höfðu þau enga sérstaka ástæðu til þess. Auk þess var þessu fyrst hreyft við vitnin nokkru eftir umrædda nótt, og þau komu ekki fyrir rétt fyrr en fimm mánuðum eftir greindan atburð. Þykir því vætti þeirra ekki sanna annað en að ákærði hafi ekki verið mjög ölvaður í umrætt skipti.

Það er nægilega sannað með vætti tveggja eiðfestra vitna, þrátt fyrir neitun ákærða, að ákærði ók bifreið sinni frá Reykjavík til Hafnarfjarðar, þótt hann væri undir áhrifum áfengis og væri ekki fær um að stjórna henni örugglega. Telst þetta atferli varða við 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Með því í umrætt skipti að aka yfir á hægri vegarhelming, þannig að nærri lá árekstri við bifreið, er kom á móti, hefur ákærði brotið 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 45. gr. umferðarlaga. Þykir refsing ákærða samkvæmt 45. gr. áfengislaga og 1. og 2. mgr. 80. gr. umferðarlaga hæfilega ákveðin kr. 2000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Svipta ber ákærða ökuleyfi samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 1. og 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga, og þykir sviptingin hæfilega ákveðin í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans hér fyrir dómi, Páls Ásgeirs Tryggvasonar hrl., kr. 1500.00.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Jón Gíslason, greiði 2000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Hann er frá birtingu dóms þessa sviptur ökuleyfi í 6 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Ásgeirs Tryggvasonar hrl., kr. 1500.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 20. júní 1960.

Nr. 183/1959. **Dagbjartur Geir Guðmundsson**
(Gunnar Þorsteinsson hrl.)
gegn
Garðari Ólasyni (Kristinn Gunnarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vinnulaunakrafa. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. október 1959 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að ómerkingarkröfunni verði hrundið og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Í héraði var lögð fram skipshafnarskrá v/b Nönnu, GK 504, staðfest af bæjarfógetanum í Hafnarfirði 27. febrúar 1958. Sýnir hún, að stefndi hefur þann dag ráðizt í skiprúm á v/b Nönnu, og skyldu um ráðningu hans gilda „Vestmannaeyjakjör". Í máli þessu sækir stefndi áfrýjanda meðal annars um eftirstöðvar af andvirði aflahlutar frá greindri vertíð. Eru aðiljar ósammála um verðlagningu á fiski þeim, sem kom í hlut stefnda. Var því nauðsynlegt vegna fyrirmæla skipshafnarskrár um ráðningarkjör, að aflað væri vitneskju um verð það, sem hásetum á vélbátum var goldið í Vestmannaeyjum fyrir afla sinn á vetrarvertíð 1958, en um það hafa ekki komið fram gögn í héraði.

Áfrýjandi hefur haldið því fram, að stefndi hafi án gildra ástæðna gengið úr skiprúmi hinn 12. apríl 1958. Af þeim sökum telur hann sig hafa öðlazt skaðabótakröfu á hendur stefnda. Skaðabótakrafa þessi er vanreifuð.

Þar sem upplýsingar brast um atriði, sem máli skiptu, hefði héraðsdómi verið rétt samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936 að veita aðiljum kost á að skýra málið og afla fram-

haldsgagna eða vísa málinu frá dómi, ef hann taldi það réttara. Í stað þess er málið dæmt án fullnægjandi málflutnings, og er greinargerð um málsatvik í forsendum hins áfrýjaða dóms mjög áfátt og rökstuðningur fyrir niðurstöðum ófullkominn. Brýtur það í bága við ákvæði 193. gr. laga nr. 85/1936. Af framangreindum ástæðum verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Hafnarfjarðar 25. júlí 1959.

Ár 1959, laugardaginn 25. júlí, var í sjó- og verzlunardómi Hafnarfjarðar af fulltrúa bæjarfógeta Kristni Ólafssyni sem dómsformanni og meðdómsmönnunum Sigurði Guðnasyni skipstjóra og Guðmundi Sigurjónssyni skipstjóra uppkveðinn dómur í framangreindu máli, sem dómtekið var 13. þ. m.

Mál þetta er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Hafnarfjarðar með stefnu, útgefinni 3. júní 1958, af Garðari Ólasyni sjómanni, Hafnarfirði, gegn Dagbjarti Geir Guðmundssyni, Köldukinn 16, hér, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 10.907.69 auk 6% ársvaxta frá 21. marz 1958 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Þá er og krafizt viðurkenningar á sjóveði í v/b Nönnu, GK 504, til tryggingar stefnukröfunni.

Við munnlegan flutning málsins breytti stefnandi kröfum sínum þannig, að hann krefst greiðslu á kr. 10.907.69, en hér frá dregst fæði, kr. 1279.20, peningar, kr. 4700.00, önglar, kr. 100.00, eða samtals kr. 6079.20, og verður því endanleg dómkrafa kr. 4828.49 auk 6% ársvaxta frá 21. marz 1958 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu stefnda er krafizt sýknu og til vara stórlegrar lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður falli niður.

Málavextir eru þeir, að þann 5. marz s.l. réðist stefnandi sem háseti á v/b Nönnu, GK 504, til handfæraveiða, og nam aflahlutur samkvæmt stefnukröfunni kr. 9476.69. Auk þess vann stefnandi að standsetningu bátsins og að undirbúningi fyrir vertíðina, og reiknar hann sér fyrir það kr. 1431.00 samkvæmt framlögðum sundurliðuðum reikningi.

Í málinu hefur orðið nokkur ágreiningur um það, hvaða verði skuli reikna fiskinn, en stefnandi hefur lagt til grundvallar sama verð og greitt hefur verið á Reykjanesi og Snæfellsnesi. Liggja í málinu óvefengdar upplýsingar um það, og féllst rétturinn á, að eftir ástæðum sé réttmætt að reikna það verð. Þá verður og að teljast nægilega rökstudd krafa stefnanda um kaup fyrir vinnu samkvæmt sundurliðuðum reikningi, þrátt fyrir almenn mótmæli stefnda um færri vinnudaga. Verða því kröfur stefnanda teknar til greina, eins og þær liggja endanlega fyrir.

Málskostnaður þykir hæfilega metinn kr. 1100.00.

Þá ber að taka til greina kröfu stefnanda um viðurkenningu á sjóveðrétti í v/b Nönnu, GK 504, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Dagbjartur Geir Guðmundsson, greiði stefnandanum, Garðari Ólasyni, kr. 4828.49 auk 6% ársvaxta frá 21. marz 1958 til greiðsludags og kr. 1100.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 20. júní 1960.

Nr. 185/1959. **Dagbjartur Geir Guðmundsson**
(Gunnar Þorsteinsson hrl.)
gegn
Hannesi Berg (Kristinn Gunnarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vinnulaunakrafa. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. október 1959 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að ómerkingarkröfunni verði hrundið og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Í héraði var lögð fram skipshafnarskrá v/b Nönnu, GK 504, staðfest af bæjarfógetanum í Hafnarfirði 27. febrúar 1958. Sýnir hún, að stefndi hefur þann dag ráðizt í skiprúm á v/b Nönnu, og skyldu um ráðningu hans gilda „Vestmannaeyjakjör". Í máli þessu sækir stefndi áfrýjanda meðal annars um eftirstöðvar af andvirði aflahlutar frá greindri vertíð. Eru aðiljar ósammála um verðlagningu á fiski þeim, sem kom í hlut stefnda. Var því nauðsynlegt vegna fyrirmæla skipshafnarskrár um ráðningarkjör, að aflað væri vitneskju um verð það, sem hásetum á vélbátum var goldið í Vestmannaeyjum fyrir afla sinn á vetrarvertíð 1958, en um það hafa ekki komið fram gögn í héraði.

Áfrýjandi hefur haldið því fram, að stefndi hafi án gildra ástæðna gengið úr skiprúmi hinn 12. apríl 1958. Af þeim sökum telur hann sig hafa öðlazt skaðabótakröfu á hendur stefnda. Skaðabótakrafa þessi er vanreifuð.

Þar sem upplýsingar brast um atriði, sem máli skiptu, hefði héraðsdómi verið rétt samkvæmt 120. gr. laga nr.

85/1936 að veita aðiljum kost á að skýra málið og afla framhaldsgagna eða vísa málinu frá dómi, ef hann taldi það réttara. Í stað þess er málið dæmt án fullnægjandi málflutnings, og er greinargerð um málsatvik í forsendum hins áfrýjaða dóms mjög áfátt og rökstuðningur fyrir niðurstöðum ófullkominn. Brýtur það í bága við ákvæði 193. gr. laga nr. 85/1936. Af framangreindum ástæðum verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Hafnarfjarðar 25. júlí 1959.

Ár 1959, laugardaginn 25. júlí, var í sjó- og verzlunardómi Hafnarfjarðar af fulltrúa bæjarfógeta Kristni Ólafssyni sem dómsformanni og meðdómsmönnunum Sigurði Guðnasyni skipstjóra og Guðmundi Sigurjónssyni skipstjóra uppkveðinn dómur í framangreindu máli, sem dómtekið var 13. þ. m.

Mál þetta er höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 13. júní 1958, af Hannesi Berg, sjómanni í Hafnarfirði, gegn Dagbjarti Geir Guðmundssyni, Köldukinn 16, hér, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 17.277.70 auk 6% ársvaxta frá 10. apríl 1958 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins breytti stefnandi kröfum sínum þannig, að frá stefnukröfunni skyldu dragast greiddir peningar og úttekt, kr. 7435.00, og fæði, kr. 1918.80, alls kr. 9453.80 (sic), og verður þá endanleg dómkrafa kr. 6392.90 (sic) auk 6% ársvaxta frá 10. apríl 1958 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu stefnda er aðallega krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara stórlegrar lækkunar á kröfunum og að málskostnaður falli niður.

Málavextir eru þeir, að þann 5. marz s.l. réðst stefnandi há-

seti á v/b Nönnu, GK 504, frá Hafnarfirði til handfæraveiða, og telur stefnandi, að aflahlutur hans hafi numið til 9. apríl s.l. kr. 15.946.75, en auk þess hafi hann unnið að standsetningu bátsins og undirbúningi hans fyrir vetrarvertíðina og kaup hans hafi numið fyrir það verk kr. 1431.00.

Í málinu er ágreiningur milli aðilja um það, hvaða verð skuli leggja til grundvallar við útreikning aflahlutar. Hefur stefnandi viljað miða við sama verð og greitt hefur verið á Reykjanesi og Snæfellsnesi, og féllst dómurinn á það.

Þá hefur stefndi haldið fram, að stefnandi hafi unnið færri daga en hann reiknar sér. Stefnandi hefur lagt fram sundurliðaðan reikning fyrir vinnu, og verður það að teljast fullnægjandi upplýsingar gegn almennum mótmælum stefnda.

Þá hefur stefndi haldið fram, að stefnandi hafi hlaupið úr skiprúmi fyrirvaralaust, stoppað með því reksturinn og valdið stefnanda miklu fétjóni á þann hátt.

Stefnandi hefur mótmælt að hafa bakað stefnda tjón með því að hlaupa úr skiprúmi, og þar sem stefndi ekki hefur lagt fram fullnægjandi gögn fyrir því, verða þær bótakröfur ekki teknar til greina.

Með vísun til framanritaðs ber því að taka kröfur stefnanda til greina, eins og þær liggja fyrir í munnlegum flutningi hans.

Málskostnaður þykir hæfilega metinn kr. 1500.00.

Þá ber og að viðurkenna sjóveðrétt í v/b Nönnu, GK 504, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Dagbjartur Geir Guðmundsson, greiði stefnandanum, Hannesi Berg, kr. 6392.00 auk 6% ársvaxta frá 10. apríl 1958 til greiðsludags og málskostnað með kr. 1500.00, allt innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 20. júní 1960.

Nr. 186/1959. **Dagbjartur Geir Guðmundsson**
(Gunnar Þorsteinsson hrl.)
gegn
Birni Jónssyni (Kristinn Gunnarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vinnulaunakrafa. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. október 1959 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að ómerkingarkröfunni verði hrundið og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Í héraði var lögð fram skipshafnarskrá v/b Nönnu, GK 504, staðfest af bæjarfógetanum í Hafnarfirði 27. febrúar 1958. Sýnir hún, að stefndi hefur þann dag ráðizt í skiprúm á v/b Nönnu, og skyldu um ráðningu hans gilda „Vestmannaeyjakjör". Í máli þessu sækir stefndi áfrýjanda meðal annars um eftirstöðvar af andvirði aflahlutar frá greindri vertíð. Eru aðiljar ósammála um verðlagningu á fiski þeim, sem kom í hlut stefnda. Var því nauðsynlegt vegna fyrirmæla skipshafnarskrár um ráðningarkjör, að aflað væri vitneskju um verð það, sem hásetum á vélbátum var goldið í Vestmannaeyjum fyrir afla sinn á vetrarvertíð 1958, en um það hafa ekki komið fram gögn í héraði.

Áfrýjandi hefur haldið því fram, að stefndi hafi án gildra ástæðna gengið úr skiprúmi hinn 12. apríl 1958. Af þeim sökum telur hann sig hafa öðlazt skaðabótakröfu á hendur stefnda, að fjárhæð kr. 6000.00, sem koma eigi til skuldajafnaðar við kröfu stefnda. Skaðabótakrafa þessi er vanreifuð.

Þar sem upplýsingar brast um atriði, sem máli skiptu,

hefði héraðsdómi verið rétt samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936 að veita aðiljum kost á að skýra málið og afla framhaldsgagna eða vísa málinu frá dómi, ef hann taldi það réttara. Í stað þess er málið dæmt án fullnægjandi málflutnings, og er greinargerð um málsatvik í forsendum hins áfrýjaða dóms mjög áfátt og rökstuðningur fyrir niðurstöðum ófullkominn. Brýtur það í bága við ákvæði 193. gr. laga nr. 85/1936. Af framangreindum ástæðum verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Hafnarfjarðar 25. júlí 1959.

Ár 1959, laugardaginn 25. júlí, var í sjó- og verzlunardómi Hafnarfjarðar af fulltrúa bæjarfógeta Kristni Ólafssyni sem dómsformanni og meðdómsmönnunum Sigurði Guðnasyni skipstjóra og Guðmundi Sigurjónssyni skipstjóra uppkveðinn dómur í framangreindu máli, sem dómtekið var 13. þ. m.

Mál þetta er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi kaupstaðarins með stefnu, útgefinni 3. júní s.l., af Birni Jónssyni sjómanni, Hafnarfirði, gegn Dagbjarti Geir Guðmundssyni, Köldukinn 16, hér, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 17.305.40 auk 6% ársvaxta frá 10. apríl 1958 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins breytti stefnandi kröfum sínum þannig, að hann krefst greiðslu á kr. 11.594.62, en hér frá dregst útborgun í peningum, kr. 5000.00, og fæði, kr. 1918.80, og önglar, kr. 100.00, eða alls kr. 7018.80, og verður því endanleg dómkrafa kr. 4.575.82 auk 6% ársvaxta frá 10. apríl 1958 til greiðsludags og málskostnaður að skaðlausu, svo og að viðurkenndur verði sjóveðréttur í v/b Nönnu, GK 504, til tryggingar dómkröfunni.

Af hálfu stefnda er aðallega krafizt sýknu og til vara, að dómkrafa stefnanda verði stórlega lækkuð og málskostnaður látinn niður falla.

Málavextir eru þeir, að þann 5. marz 1958 réðst stefnandi sem háseti á vélbátinn Nönnu, GK 504, til handfæraveiða, og er umstefnd skuld verðmæti þess hlutar af afla, sem stefnandi telur sig eiga inni til 9. apríl, en þá fór hann af bátnum.

Í málinu hefur orðið ágreiningur um, hvernig reikna skyldi verðmæti aflans. Hefur stefnandi miðað við verð það, sem greitt hefur verið á Reykjanesi og Snæfellsnesi, og liggja fyrir í málinu upplýsingar um það. Féllst rétturinn á eftir öllum aðstæðum að leggja þetta verðlag til grundvallar, enda ekki samið um annað eða að telja megi aðra reglu réttmætari í því efni.

Þá hefur stefndi haldið fram, að stefnandi hafi hlaupið fyrirvaralaust úr skiprúmi og skaðað með því útgerðina mikið um það leyti, sem aflahrota stóð yfir, og áætlar það 6000 kr., sem komi til frádráttar.

Ekki verður fallizt á gegn mótmælum stefnanda að taka þessa kröfu til greina, enda eru engin gögn lögð fram fyrir því í málinu.

Með vísun til framanritaðs verða kröfur stefnanda teknar til greina, eins og þær liggja fyrir við munnlegan flutning málsins.

Málskostnaður þykir hæfilega metinn kr. 1100.00.

Þá ber og að staðfesta sjóveðrétt fyrir tildæmdum fjárhæðum í v/b Nönnu, GK 504.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Guðbjartur Geir Guðmundsson, greiði stefnandanum, Birni Jónssyni, kr 4575.82 auk 6% ársvaxta frá 10. apríl 1958 til greiðsludags og kr. 1100.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 20. júní 1960.

Nr. 187/1959. **Dagbjartur Geir Guðmundsson**
(Gunnar Þorsteinsson hrl.)
gegn
Þorgeiri Sigurðssyni
(Kristinn Gunnarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vinnulaunakrafa. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. október 1959 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að ómerkingarkröfunni verði hrundið og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Í héraði var lögð fram skipshafnarskrá v/b Nönnu, GK 504, staðfest af bæjarfógetanum í Hafnarfirði 27. febrúar 1958. Sýnir hún, að stefndi hefur þann dag ráðizt í skiprúm á v/b Nönnu, og skyldu um ráðningu hans gilda „Vestmannaeyjakjör". Í máli þessu sækir stefndi áfrýjanda meðal annars um eftirstöðvar af andvirði aflahlutar frá greindri vertíð. Eru aðiljar ósammála um verðlagningu á fiski þeim, sem kom í hlut stefnda. Var því nauðsynlegt vegna fyrirmæla skipshafnarskrár um ráðningarkjör, að aflað væri vitneskju um verð það, sem hásetum á vélbátum var goldið í Vestmannaeyjum fyrir afla sinn á vetrarvertíð 1958, en um það hafa ekki komið fram gögn í héraði.

Áfrýjandi hefur haldið því fram, að stefndi hafi án gildra ástæðna gengið úr skiprúmi hinn 12. apríl 1958. Af þeim sökum telur hann sig hafa öðlazt skaðabótakröfu á hendur stefnda. Skaðabótakrafa þessi er vanreifuð.

Þar sem upplýsingar brast um atriði, sem máli skiptu, hefði héraðsdómi verið rétt samkvæmt 120. gr. laga nr.

85/1936 að veita aðiljum kost á að skýra málið og afla framhaldsgagna eða vísa málinu frá dómi, ef hann taldi það réttara. Í stað þess er málið dæmt án fullnægjandi málflutnings, og er greinargerð um málsatvik í forsendum hins áfrýjaða dóms mjög áfátt og rökstuðningur fyrir niðurstöðum ófullkominn. Brýtur það í bága við ákvæði 193. gr. laga nr. 85/1936. Af framangreindum ástæðum verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Hafnarfjarðar 25. júlí 1959.

Ár 1959, laugardaginn 25. júlí, var í sjó- og verzlunardómi Hafnarfjarðar af fulltrúa bæjarfógeta Kristni Ólafssyni sem dómsformanni og meðdómsmönnunum Sigurði Guðnasyni skipstjóra og Guðmundi Sigurjónssyni skipstjóra uppkveðinn dómur í framangreindu máli, sem dómtekið var 13. þ. m.

Mál þetta er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Hafnarfjarðar með stefnu, útgefinni 3. júní 1958, af Þorgeiri Sigurðssyni, Hafnarfirði, gegn Dagbjarti Geir Guðmundssyni, Köldukinn 16, hér í bæ, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 10.342.67 auk 6% ársvaxta frá 10. apríl 1958 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning máls þessa breytti stefnandi kröfum sínum þannig, að hann krafðist hækkunar á aflahlut um kr. 1312.84, eða að stefnukrafa hækkaði í kr. 11.655.51, en frá því skyldi draga úttekt o. fl., kr. 6138.35, og fæði, kr. 1918.80, eða alls kr. 8057.15, en eftir verða kr. 3598.36, sem er endanleg dómkrafa stefnanda í málinu auk vaxta og kostnaðar sem í stefnu, svo og einnig, að staðfestur verði sjóveðréttur í v/b Nönnu, GK 504, fyrir þeim upphæðum.

Af hálfu stefnda var mótmælt kröfum stefnanda þannig, að þær verði lækkaðar sem svarar mismun verðs á þorski, sem

reiknaður er á kr. 1.28, og ufsa, kr. 0.92, og málskostnaður látinn falla niður.

Málavextir eru þeir, að þann 5. marz 1958 var Þorgeir Sigurðsson, stefnandi þessa máls, ráðinn háseti á vélbátinn Nönnu, GK 504, sem er eign stefnda. Var báturinn síðan á handfæraveiðum til 9. apríl sama árs. Er stefnukrafan ógreiddur aflahlutur stefnanda auk vinnu, sem hann telur sig hafa látið í té við standsetningu og undirbúning bátsins fyrir vertíðina samkvæmt sundurliðuðum reikningi, kr. 1590.40.

Ágreiningur er milli aðilja, hvað reikna skuli verð fisksins. Stefnandi hefur upplýst, að á Reykjanesi og Snæfellsnesi hefur verið greitt það verð, sem hann leggur til grundvallar, og þykir því mega fallast á það. Ekki hefur stefndi heldur viljað fallast á, að stefnandi hafi unnið svo marga daga, sem hann tilfærir, en stefnandi hefur með sundurliðuðum reikningi upplýst það nægilega gegn almennum mótmælum stefnda. Verða því kröfur stefnanda, eins og þær eru við munnlegan flutning málsins, teknar til greina. Málskostnaður þykir hæfilega metinn kr. 1300.00.

Þá ber og að viðurkenna sjóveðrétt stefnanda fyrir tildæmdum fjárhæðum í v/b Nönnu, GK 504.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Guðbjartur Geir Guðmundsson, greiði stefnandanum, Þorgeiri Sigurðssyni, kr. 3598.36 auk 6% ársvaxta frá 10. apríl 1958 til greiðsludags og kr. 1300.00 í málskostnað, allt innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. júní 1960.

Nr. 62/1960. **Ingolf Petersen og Málfríður Jónsdóttir**
gegn
Gústaf Ólafssyni og til réttargæzlu uppboðshaldaranum í Reykjavík.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Ingolf Petersen og Málfríður Jónsdóttir, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 22. júní 1960.

Nr. 63/1960. **Ingolf Petersen og Málfríður Jónsdóttir**
gegn
uppboðshaldaranum í Reykjavík og til réttargæzlu Gústaf Ólafssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Ingolf Petersen og Málfríður Jónsdóttir, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 22. júní 1960.

Nr. 67/1960. **Ingolf Petersen og Málfríður Jónsdóttir**
gegn
Gústaf Ólafssyni f. h. Einars Kristjánssonar og til réttargæzlu uppboðshaldaranum í Reykjavík.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Ingolf Petersen og Málfríður Jónsdóttir, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 22. júní 1960.

Nr. 71/1960. **Ingimar Jónsson**
gegn
Einari Stefánssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ingimar Jónsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 22. júní 1960.

Nr. 80/1960. **Birgir Helgason**
gegn
Hólmfríði Löve.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Birgir Helgason, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Fimmtudaginn 23. júní 1960.

Nr. 66/1960. **Ingolf Petersen og Málfríður Jónsdóttir**
(Ingolf Petersen)
gegn
Einari Kristjánssyni
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Úrskurður um frestbeiðni.

Úrskurður Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa með stefnu 8. apríl 1960 skotið til Hæstaréttar uppboðsgerð, er fram fór 2. s. m. á ¼ húseignarinnar Ingólfsstræti 12 í Reykjavík, og krafizt þess, að uppboðið verði fellt úr gildi.

Gagnáfrýjandi hefur með stefnu 22. apríl 1960 áfrýjað til staðfestingar hinni sömu uppboðsgerð og svo undanfarandi uppboðsgerð á sömu eign, er fram fór 26. marz 1960.

Þá hafa aðaláfrýjendur skotið nefndri uppboðsgerð, er fram fór 26. marz, til Hæstaréttar með stefnu 30. maí 1960 og krafizt, að sú uppboðsgerð verði einnig felld úr gildi.

Uppboðshaldaranum, Kristjáni Kristjánssyni borgarfógeta, hefur verið stefnt til réttargæzlu, og hefur dómþing verið sótt af hans hálfu.

Er málið var tekið fyrir í Hæstarétti í dag, æsktu aðaláfrýjendur frests til næstkomandi septembermánaðar, en af hálfu gagnáfrýjanda er frestveitingu mótmælt.

Nauðungaruppboð það, sem hér ræðir um, fór fram samkvæmt kröfu margra fjárnámshafa. Átti gagnáfrýjandi hið eina boð, sem í eignina kom og var boð hans samþykkt. Aðaláfrýjendur skutu ýmsum fjárnámsgerðanna til Hæstaréttar, en í öllum þeim málum hafa gengið útivistardómar.

Með því að aðaláfrýjendur hafa ekki fært fram nein haldbær rök fyrir frestbeiðni sinni, verður frestur ekki veittur gegn andmælum gagnáfrýjanda.

Ályktarorð:

Frestur sá, sem um er beðið, verður ekki veittur.

Föstudaginn 24. júní 1960.

Nr. 97/1960. **Jón Lundberg**
gegn
Þorleifi Jónassyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Framlagning dómsgagna.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur með kæru 3. júní 1960 skotið til Hæstaréttí úrskurði bæjarþings Neskaupstaðar, er upp var kveðinn sama dag í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja, en með úrskurði þessum var hrundið andmælum sóknaraðilja gegn framlagningu dómsgagna. Barst Hæstarétti kæran 10. þ. m. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og að honum verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og að sóknaraðilja verði gert að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðilja ber að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, er ákveðst kr. 800.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Jón Lundberg, greiði varnaraðilja, Þorleifi Jónassyni, kærumálskostnað, kr. 800.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Neskaupstaðar 3. júní 1960.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar í gærdag, er af stefnanda, Jóni Lundberg rafvirkja, Melagötu 1, Neskaupstað, höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 24. nóvember s.l., gegn Þorleifi Jónassyni skipstjóra, Dagsbrún, Neskaupstað, til heimtu skaðabóta fyrir básúnu, sem skemmdist við það, að bifreið stefnda var ekið yfir hana þann 6 júní s.l. Til réttargæzlu er stefnt Rögnvaldi Sigurjónssyni, umboðsmanni Samvinnutrygginga hér í bæ, Hafnarbraut 2 A.

Málavextir eru þeir, að ekki hefur orðið samkomulag um bætur til stefnanda fyrir skemmdir, sem urðu á umræddu hljóðfæri, er bifreið stefnda, N 102, var ekið yfir það við íþróttavöllinn í Neskaupstað síðdegis síðasta sjómannadag, 6. júní 1959.

Krafizt er kr. 16.075.00 auk 7% ársvaxta frá sáttakærudegi til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt reikningi, svo og lögveðs í bifreiðinni N 102 til tryggingar dæmdum kröfum.

Af stefnda hálfu hafa verið gerðar kröfur til sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans og til vara til lækkunar á stefnukröfum.

Málið var tekið til málflutnings í þinghaldi 31. marz s.l., og var ákveðinn skriflegur málflutningur. Umboðsmaður stefnanda lagði þá þegar fram sókn, og fékk stefndi frest til að leggja fram vörn til 22. apríl s.l. Þann dag var umboðsmaður stefnanda forfallaður, og vegna þess, að dómarinn þurfti að fara

úr bænum, var frestur í málinu ákveðinn til 12. maí s.l. Þá fórst bæjarþing fyrir, vegna þess að dómarinn var ókominn heim vegna tafar. Málið var svo tekið fyrir þann 19. maí, og fór þá umboðsmaður stefnda enn fram á viku frest, þar eð ný gögn voru væntanleg í málinu. Var fresti þessum mótmælt af hálfu stefnanda og úrskurðar krafizt. Dómarinn tók sér frest til að kveða úrskurðinn upp. Nú vildi svo til, að næsti bæjarþingsdagur var helgidagur (uppstigningardagur 26. maí), en dómari þurfti enn mánudaginn 23. maí að fara skyndilega til Reykjavíkur, og kom hann næsta laugardag, 28. maí. Vegna þessara tafa var sá úrskurður ekki kveðinn upp fyrr en í gærdag. Var þá synjað um frekari frest til framlagningar frumvarnar, en umboðsmaður stefnda hafði þá frumvörn sína tilbúna ásamt 3 öðrum málsskjölum og lagði þau fram í bæjarþinginu. Dómari tók við þeim og þingmerkti nr. 26—29.

Með tilliti til niðurstöðu úrskurðarins mótmælti umboðsmaður stefnanda því, að frumvörn yrði lögð fram í málinu né heldur ný gögn. Eftir framlagningu nefndra skjala ítrekaði hann mótmæli sín gegn því, að þau verði tekin inn í málið, og krafðist úrskurðar um það atriði.

Í úrskurði, dags. í gærdag, er fjallað um heimild stefnda til að fá frest til að leggja fram frumvörn í málinu. Taldi dómarinn rétt að synja um slíkan frest. Atvikin höguðu því svo, að þegar úrskurðurinn var kveðinn upp, var umboðsmaður stefnda reiðubúinn til að leggja fram frumvörn sína. Með tilliti til þeirrar meginreglu einkamálalaga, að aðiljum er báðum jafnheimilt að tala máli sínu, þykir rétt að heimila umboðsmanni stefnda að leggja fram frumvörn sína, þar sem ekki þurfti að fresta málinu til þess frekar en orðið var.

Varðandi framlagningu gagna á dskj. nr. 28 og 29 er þetta að segja: Dómari hafði í þinghaldi 3. marz bent umboðsmanni stefnda á, að honum væri ráðlegt að afla mats á verðmæti hins skemmda hlutar, þar sem hann væri í vörzlu umbjóðanda hans. Umboðsmaður stefnda virtist ekki hafa sinnt þessu þegar í stað, ef til vill talið sönnunarbyrði þessa atviks hvíla á stefnanda, en gengst síðar fyrir því, að slík matsgerð var framkvæmd af dómkvöddum mönnum í Reykjavík. Sú matsgerð og reikningur um kostnað af henni eru á dskj. nr. 28 og 29. Eins og nú sagði, hefur dómari bent á gagnsemi slíkrar matsgerðar til þess að sannreyna tjón stefnanda. Þegar nú slík matsgerð liggur fyrir, þótt síðar sé en æskilegt hefði verið, þykir dóminum rétt að

leyfa, að hún sé lögð fram í málinu. Því til stuðnings er m. a. ákvæði 110. gr. laga nr. 85/1936, 3. málsliður, en þar er heimilað að veita frest til að afla nýrra gagna, eftir að öflun þeirra hefur verið talið lokið og eftir að sókn og vörn er byrjuð, ef einhver atriði í þeim veita tilefni til þess.

Það er ekki einu sinni þörf á fresti til að koma gögnum þessum að í máli þessu nú.

Er augljóst af framansögðu, að ærið tilefni er til þess, að gögn þessi liggi fyrir í málinu.

Úrskurð þenna kvað upp Axel V. Tulinius bæjarfógeti.

Niðurlagsorð:

Kröfu umboðsmanns stefnanda um, að framlagning dómskjala nr. 26—29 í máli þessu verði ekki leyfð, er hafnað.

Föstudaginn 24. júní 1960.

Nr. 101/1960. **Jóhann Helgason**
gegn
Alvari Óskarssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur með kæru 27. maí þ. á. og hingað kominni 15. þ. m. kært til Hæstaréttar málskostnaðarákvæði dóms bæjarþings Reykjavíkur, er upp var kveðinn 21. maí þ. á. í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja.

Sóknaraðili krefst þess, að málskostnaðarákvæði héraðsdóms verði hrundið og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði eða til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst þess, að málskostnaðarákvæði héraðsdómsins verði staðfest og að sóknaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Eftir málavöxtum ber að staðfesta úrlausn héraðsdóms um málskostnað. Sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 800.00.

Dómsorð:

Hið kærða málskostnaðarákvæði héraðsdóms á að vera óraskað.

Sóknaraðili, Jóhann Helgason, greiði varnaraðilja, Alvari Óskarssyni, kærumálskostnað, kr. 800.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. maí 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. f. m., hefur Alvar Óskarsson, Laufholti við Breiðholtsveg hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 2. október 1958, gegn Jóhanni Helgasyni, Litlu-Strönd, Rangárvallahreppi, til greiðslu eftirstöðva veðskuldabréfs, kr. 10.100.00, ásamt 7% ársvöxtum af kr. 15.500.00 frá 28. júní 1958 til 23. júlí s. á., af kr. 12.500.00 frá þeim degi til 22. ágúst s. á., af kr. 11.100.00 frá þeim degi til 6. september s. á. og af kr. 10.100.00 frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnað að skaðlausu, þar með talinn löghaldskostnaður. Þá hefur stefnandi krafizt staðfestingar á löghaldi, er hann hinn 26. september 1958 lét leggja á bifreiðina R 4135.

Í greinargerð stefnda er þess krafizt, að hann verði algerlega sýknaður og að löghald það, sem fram hefur farið, verði fellt niður, svo og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins var dómkröfum aðiljanna breytt. Af hálfu stefnanda var þess nú krafizt, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 2600.00 með 7% ársvöxtum af kr. 15.500.00 frá 28. júní 1958 til 23. júlí s. á., af kr. 12.500.00 frá þeim degi til 22. ágúst s. á., af kr. 11.100.00 frá þeim degi til 6. september s. á., af kr. 10.100.00 frá þeim degi til 30. s. m., af kr. 8600.00 frá þeim degi til 1. nóvember s. á., af kr. 5600.00 frá þeim degi til 5. janúar 1959, af kr. 4100.00 frá þeim degi til 2. febrúar s. á. og af kr. 2600.00 frá þeim degi til greiðsludags. Auk þess var krafizt staðfestingar löghalds og málskostnaðar sem fyrr.

Af hálfu stefnda voru þær dómkröfur nú gerðar aðallega, að stefndi verði sýknaður gegn greiðslu á kr. 2600.00 vaxtalaust, en til vara, að hann verði sýknaður gegn greiðslu á sömu fjárhæð og vöxtum, eins og krafizt er nú. Í báðum tilvikum var þess krafizt, að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu.

Stefnandi kveður hina umstefndu skuld vera samkvæmt veðskuldabréfi, útgefnu af stefnda hinn 28. júní 1958, tryggðu með 1. veðrétti í bifreiðinni R 4135. Hann kveður stefnda hafa látið hjá líða að greiða afborganir á réttum gjalddögum, aðeins greitt hluta af tilskildum afborgunum og enga vexti, auk þess sem hann hafi ekki húftryggt hina veðsettu bifreið. Af þessum sökum kveður stefnandi skuldina alla í gjalddaga fallna samkvæmt ákvæðum veðskuldabréfsins sjálfs.

Af hálfu stefnda er tildrögum málsins lýst þannig, að stefnandi hafi afsalað stefnda bifreiðinni R 4135 með afsali, dags. 30. apríl 1958. Kaupverðið hafi verið greitt með peningum og veðskuldabréfi, að fjárhæð kr. 15.500.00, dagsettu sama dag. Stefndi kveður eitthvað hafa staðið á því, að veðskuldabréfinu yrði þinglýst, og hafi hann því fyrir beiðni stefnanda undirritað annað veðskuldabréf, þ. e. veðskuldabréf það, sem kröfur stefnanda eru reistar á. Stefndi kveðst ekki hafa vitað annað en að veðskuldabréf þetta kæmi algerlega í stað hins fyrra og væri með sama efni, og hafi hann því ekki athugað hið síðara veðskuldabréf sérstaklega. Hafi síðar komið í ljós við samanburð bréfanna, að hið síðarnefnda veðskuldabréf er annars efnis en hið fyrra. Í hinu fyrra bréfi hafi meðal annars ekki verið gert ráð fyrir, að stefndi greiddi neina vexti af skuldinni.

Stefndi reisir kröfur sínar í fyrsta lagi á því, að stefnandi hafi tekið við greiðslum upp í veðskuldabréfið og gefið kvittanir fyrir þeim fyrirvaralaust, og hafi hann aldrei látið þess getið, að það skipti hann máli að fá greiðslurnar á nákvæmlega réttum gjalddögum. Þá er því haldið fram af stefnda, að vexti hafi hann eigi greitt sökum þess, að eigi hafi verið gert ráð fyrir því í hinu fyrra veðskuldabréfi, og hafi hann því verið í góðri trú um þetta atriði.

Þá er því haldið fram af stefnda, að hann hafi ekki vitað, að það skipti stefnanda máli, að hin veðsetta bifreið væri húftryggð, og hafi stefnandi aldrei gert honum aðvart um það. Auk þess hafi stefnandi sjálfur getað húftryggt bifreiðina á kostnað stefnda samkvæmt ákvæðum veðskuldabréfsins.

Samkvæmt ákvæðum veðskuldabréfs þess, sem stefndi undirritaði hinn 28. júní 1958 og er grundvöllur dómkrafna stefnanda, skyldi stefndi greiða 7% ársvexti af skuldinni, eins og hún væri á hverjum tíma, og skyldu þeir greiðast eftir á um leið og afborganir. Gegn eindregnum andmælum af hálfu stefnanda hefur stefndi ekki fært að því sönnur, að vaxtaákvæði þetta skyldi ekki koma til framkvæmda gagnvart honum.

Greiðslu veðskuldabréfsins skyldi haga þannig, að hinn 1. júlí skyldi stefndi greiða kr. 3000.00 og síðan kr. 1500.00 mánaðarlega, hinn fyrsta dag hvers mánaðar sjö næstu mánuðina, og að lokum kr. 2000.00 hinn 1. marz 1959. Samkvæmt áritunum á sjálft veðskuldabréfið greiddi stefndi kr. 3000.00 hinn 23. júlí 1958, kr. 1400.00 hinn 22. ágúst s. á. og hinn 6. september s. á. kr. 1000.00. Ekki greiddi stefndi vexti af fjárhæðinni. Með lögbaldsgerð, sem hófst hinn 19. september 1958 og haldið var áfram hinn 26. s. m., lagði stefnandi löghald á bifreiðina R 4135 til tryggingar kröfum sínum, þ. e. eftirstöðvum höfuðstóls skuldabréfsins, kr. 10.100.00, ásamt 7% ársvöxtum frá 28. júní 1958 til greiðsludags og alls kostnaðar.

Er löghaldið var lagt á, voru vanskil stefnda á greiðslum þau, að enn vantaði kr. 600.00 upp á, að hann hefði að fullu greitt afborganir þær, sem þá voru á fallnar, og eigi hafði hann heldur greitt vexti samkvæmt ákvæðum veðskuldabréfsins. Þá hafði stefndi eigi húftryggt hina veðsettu bifreið. Hinn 22. september sendi stefndi stefnanda kr. 600.00 með póstávísun, og hefur stefndi síðan sent stefnanda með póstávísun fjárhæðir afborgana þeirra, sem féllu í gjalddaga 1. október, 1. nóvember, 1. desember 1958 og 1. janúar og 1. febrúar 1959. Hefur stefnandi veitt fjárhæðum þessum móttöku, nema þeim kr. 600.00, sem stefndi sendi hinn 22. september 1958. Þá hefur stefndi eigi greitt síðustu afborgun veðskuldabréfsins, kr. 2000.00, sem greiðast skyldi 1. marz 1959.

Þegar virt eru vanskil stefnda á greiðslum afborgana og vaxta samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins, þá verður að telja, að þau hafi verið það veruleg, að stefnanda hafi verið heimilt að krefja stefnda þegar um eftirstöðvar skuldarinnar.

Samkvæmt þessu ber að dæma stefnda til að greiða eftirstöðvar skuldarinnar, kr. 2600.00, ásamt vöxtum eins og krafizt er. Þá þykir og bera að staðfesta framangreint löghald fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Eftir þessum úrslitum málsins þykir bera að dæma stefnda til

að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 3700.00, þar með talinn löghaldskostnaður.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Jóhann Helgason, greiði stefnanda, Alvari Óskarssyni, kr. 2600.00 með 7% ársvöxtum af kr. 15.500.00 frá 28. júní 1958 til 23. júlí s. á., af kr. 12.500.00 frá þeim degi til 22. ágúst s. á., af kr. 11.100.00 frá þeim degi til 6. september s. á., af kr. 10.100.00 frá þeim degi til 30. s. m., af kr 8600.00 frá þeim degi til 1. nóvember s. á. af kr. 5600.00 frá þeim degi til 5. janúar 1959, af kr. 4100.00 frá þeim degi til 2. febrúar s. á. og af kr. 2600.00 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 3700.00 í málskostnað.

Framangreint löghald staðfestist fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 24. júní 1960.

Nr. 61/1958. **Ákæruvaldið** (Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn
Bjarna Ingimarssyni
(Páll Ásgeir Tryggvason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ákæra um fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn 10. maí 1958 dómkvaddi sakadómarinn í Reykjavík þá Jónas Sigurðsson og Ingólf Þórðarson, sem eru báðir kennarar í siglingafræði við Stýrimannaskólann í Reykjavík, til að framkvæma sérfræðilega rannsókn um málið að beiðni verjanda ákærða.

Hinir dómkvöddu menn hafa markað staði togara ákærða

samkvæmt mælingum varðskipsins á danskan sjóuppdrátt nr. 33 með hliðsjón af amerísku landkorti, sem gert hefur verið eftir loftmyndum.

Í fyrsta lagi hafa þeir markað staðina án þess að gera ráð fyrir skekkjum í miðunum og fjarlægðum, er fundnar voru með ratsjá varðskipsins. Samkvæmt því reyndist staður togarans 0.13 sm innan fiskveiðimarkanna kl. 0404 og 0.04 sm fyrir utan fiskveiðimörkin kl. 0413.

Í öðru lagi hafa þeir markað staði togarans á annað eintak af sama sjóuppdrætti og reiknað með — 1° miðunarskekkju, sem kunnáttumenn, dómkvaddir 9. apríl 1958, höfðu fundið á ratsjá varðskipsins, en engri fjarlægðarskekkju. Reyndist þá staður togarans 0.06 sm innan fiskveiðimarkanna kl. 0404 og 0.16 sm fyrir utan fiskveiðimörkin kl. 0413.

Í þriðja lagi hafa hinir dómkvöddu menn markað staði togarans á þriðja eintak af sama sjóuppdrætti með tilvísun til athugana, sem gerðar voru í sambandi við hæstaréttarmál, dæmt 7. október 1957, þannig, að reiknað er með ± 2% fjarlægðarskekkju og ± 2½° miðunarskekkju. Koma þá fram á uppdrættinum staðarhyrningar fyrir togarann, og gat staður togarans kl. 0404 samkvæmt því verið frá 0.7 sm innan fiskveiðimarka og til 0.38 sm utan marka, en staður togarans kl. 0413 gat verið frá 0.5 sm innan fiskveiðimarka til 0.53 sm utan þeirra.

Friðrik V. Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, hefur samkvæmt beiðni sækjanda máls þessa markað á tvo danska sjóuppdrætti, nr. 31 og nr. 33, staði togara ákærða samkvæmt mælingum varðskipsins, í fyrsta lagi án þess að gera ráð fyrir skekkjum í miðunum og fjarlægðum, fundnum með ratsjánni. Reyndist þá staður togarans um 0.2 sm innan fiskveiðimarkanna á uppdrætti nr. 31 kl. 0404 og tæplega 0.3 sm innan sömu marka á uppdrætti nr. 33 á sama tíma, en staður togarans kl. 0413 reyndist alveg um fiskveiðimörkin á uppdrætti nr. 31 og um 0.16 sm innan markanna á uppdrætti nr. 33 á sama tíma.

Í öðru lagi hefur skólastjórinn markað staði togarans á sömu uppdrætti þannig, að gert er ráð fyrir — 1° miðunar-

skekkju og 3.75% fjarlægðarskekkju, sem fundin er sem meðaltal af tveimur fjarlægðarskekkjum samkvæmt mælingum þriggja kunnáttumanna, sem dómkvaddir voru hinn 9. apríl 1958. Samkvæmt því reyndist staður togarans um 0.3—0.4 sm utan fiskveiðimarkanna á uppdrætti nr. 31 kl. 0404 og um 0.2 sm utan markanna á uppdrætti nr. 33 á sama tíma, en staður togarans kl. 0413 reyndist um 0.5 sm utan fiskveiðimarkanna á uppdrætti nr. 31 og um 0.35 sm utan markanna á uppdrætti nr. 33 á sama tíma.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, eru eigi leiddar sönnur að því, að ákærði hafi gerzt sekur um fiskveiðar innan fiskveiðimarkanna, og ber því að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma á hendur ríkissjóði allan kostnað af sökinni, þar með talin laun sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, og laun verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Bjarni Ingimarsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun sækjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Egils Sigurgeirssonar, kr. 10.000.00, og laun verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Páls Ásgeirs Tryggvasonar, kr. 15.000.00.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. apríl 1958.

Ár 1958, föstudaginn 11. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á Fríkirkjuvegi 11, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1605/1958: Ákæruvaldið gegn Bjarna Ingimarssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Ákærður er Bjarni Ingimarsson, skipstjóri á b/v Neptúnusi, RE 361, til heimilis á Ægissíðu 72, hér í bæ, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920

um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 82 8. desember 1952 um breytingu á þeim lögum, með því að hafa verið á botnvörpuveiðum á nefndum togara aðfaranótt 9. apríl 1958 úti af Herdísarvík innan markalínu þeirrar, sem ákveðin er í 1. gr. reglugerðar nr. 21 19. marz 1952, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 82/1952.

Ákærist hann til að sæta refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 81/1952, upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 22. maí 1909 í Fremri-Hnífsdal í Eyrarhreppi. Hinn 11. apríl 1946 var hann með dómsátt sektaður um 20 krónur fyrir ólöglegt bifreiðastæði og hinn 29. desember 1948 var hann einnig með dómsátt sektaður um 500 kr. fyrir brot gegn reglugerð nr. 134/1945. Að öðru leyti hefur hann eigi, svo að kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu.

Samkvæmt skýrslu Þórarins Björnssonar, skipstjóra á varðskipinu Ægi, eru málavextir þessir:

Aðfaranótt 9. þ. m. var varðskipið statt úti af Selvogi. Kl. 0404 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun með ratsjá og gíróáttavita: Selvogsviti réttvísandi 013 gr., fjarlægð 2.6 sjómílur. Miðaðist þá togarinn Neptúnus, RE 361, í réttvísandi 259 gr., fjarlægð 6.2 sjómílur. Gefur þessi mæling stað togarans 0.37 sjóm. innan fiskveiðitakmarkanna. Siglt var í áttina að togaranum, og kl. 0413 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun: Selvogsviti réttvísandi 036½ gr., fjarlægð 3.7 sjómílur. Togarinn miðaðist þá réttvísandi 259½ gr., fjarlægð 5.1 sjómílur. Gefur þessi mæling stað togarans um 0.19 sjóm. innan fiskveiðitakmarkanna.

Kl. 0419 sneri togarinn út um, en áður hafði hann haldið NV-læga stefnu, og sást alltaf aftan á hann frá varðskipinu, þangað til hann sneri. Kl. 0441 kom varðskipið að togaranum, og var dufl sett út við afturenda hans. Verið var þá að innbyrða stjórnborðsvörpu togarans. Sáust á báðum vörpuhlerum netatægjur, og einn fiskur hékk í hvorum hlera. Netadufl var í vörpunni, en losnaði, þegar hún var tekin inn. Ákærði var sóttur yfir í togarann og honum tilkynnt, að hann hefði mælzt fyrir innan fiskveiðitakmörkin. Kvaðst ákærði hafa verið sofandi, en stýrimaðurinn hefði verið að toga. Var stýrimaðurinn þá sóttur og honum bent á staðarákvarðanir varðskipsins. Eigi viðurkenndi hann að hafa verið innan fiskveiðitakmarkanna, kvaðst hafa togað með línunni. Beðið var birtingar með að mæla stað duflsins, en mæling

þess staðar með gíróáttavita og sextant var: Geitahlíðarfjall miðaðist réttvísandi 343½ gr., hornið í Geitafelli 58 gr. 10 mínútur, dýpi 110 metrar. Gefur mælingin stað duflsins um 0.55 sjóm. utan fiskveiðitakmarkanna. Ákærða var tilkynnt, að farið yrði með hann til hafnar til rannsóknar í máli hans, hann og stýrimaður fluttir yfir í togarann, og kl. 0704 var duflið tekið upp og haldið til Reykjavíkur.

Veður var SA-andvari, sjór 1, gott skyggni.

Fyrstu mælinguna gerðu skipherra og II. og III. stýrimaður varðskipsins, en hinar gerðu þeir sömu ásamt I. stýrimanni.

Mælingar hafa stýrimenn varðskipsins staðfest, en III. stýrimaður skýrði svo frá, að við tvær síðari mælingarnar hafi hann haft það hlutverk að skrifa mælinguna. Allir hafa stýrimennirnir auk skipherra staðfest skýrslur sínar með eiði.

Ákærði skýrði svo frá, að um kl. 0130 í fyrrinótt hafi togarinn verið úti á Hrauni, sem kallað er, og hafi hann (ákærði) þá farið að sofa, en áður hafi hann lagt fyrir I. stýrimann, Hjalta Gíslason, að sigla á þær slóðir, sem togarinn var tekinn á, og toga þar, en gæta þess, að fara ekki inn fyrir fiskveiðitakmarkalínuna. Eigi hefur ákærði bent á þann stað, sem togarinn var á kl. 0130, heldur nokkurt svæði, sem hann hafi þá verið á. Hann markaði þá stefnu, sem sigla skyldi, en man eigi, hver hún var. Lét hann svo stýrimanninn um áframhaldið og gekk til hvílu.

Stýrimaðurinn hefur staðfest, að þessi skýrsla ákærða sé rétt varðandi sig. Segir hann togarann hafa verið staddan fyrir utan Hraun, þegar ákærði gekk til hvílu, og hafi engin staðarákvörðun verið gerð þar. Stýrimaður kveðst hafa siglt að fyrirmælum ákærða með um 10 sjómílna hraða á klukkustund norður í svokallaða Selvogsfor, kastað þar vörpunni um kl. 0250 í VNV, en haldið síðan, þegar byrjað var að toga, í NV a V í 25 mínútur. Breytti þá um stefnu í VNV og kveðst munu hafa togað í þá stefnu í 48 mínútur. Varð þess þá var, að kominn var harður botn, og tók stýrimaður þá stýrið hart í bak til þess að komast hjá — ef unnt væri — að festa vörpuna. Meðan skipið var að snúast, festist varpan, og var þá snúið við og hún andæfð upp. Segir stýrimaður þá hafa verið úti 275 faðma togvírs, og er það staðfest af II. stýrimanni og háseta. Strax og varpan losnaði úr botni, var hún dregin upp, og voru þá netadruslur á vörpuhlerunum. Þegar verið var að innbyrða fiskinn úr vörpunni, sá stýrimaður varðskipið sigla framan við togarann, nálægt honum.

Höfðu varðskipsmenn, sem settu í þessum svifum út dufl við togarann, samband við togarann, og var kærði þá vakinn, og kom hann þá upp. Stýrimaðurinn skýrir svo frá, að þegar hann kastaði vörpunni, hafi hann tekið ratsjármælingu á Selvogsvita, og hafi fjarlægðin verið 6.0 sjómílur og stefna frá vitanum að skipinu SV ½ V. Eftir 25 mínútna togið, sem áður var nefnt, gerði hann aðra ratsjármælingu í landið vestan til við Herdísarvík, austan Seljabótar, og var fjarlægðin rúmlega 6.2 sjómílur, en eigi veit hann, hver stefnan var á þennan mælistað. Honum þótti skipið hafa borizt nær landi en hann ætlaðist til, og þess vegna breytti hann um stefnuna, eins og áður segir. Eftir það kveðst hann hafa fylgzt með landinu í ratsjánni, meðan togað var, og virtist skipið vera yfir hálfa sjómílu utan fiskveiðitakmarkalínunnar. Meiru en þessu munaði þó, þegar stefnunni var breytt, en eftir það nálgaðist skipið landið nokkuð. Við þessar fjarlægðarathuganir var stýrimaður einn, og eru þær því eigi studdar neinum vitnum, en í leiðarbók togarans er þess getið, að kl. 02.50, þegar kastað var, hafi fjarlægðin verið 6.0 sjómílur SV ½ V frá Selvogsvita. Þar, sem vörpunni var kastað, var, að sögn stýrimanns, 70 faðma dýpi, en var síðan í toginu nokkuð breytilegt. Var fyrst í stað 70 faðmar, en síðan grynnti hægt og þar, sem duflið var sett út, var dýpið 62 faðmar.

Í rannsókn málsins hefur af ákærða hálfu verið lögð áherzla á, að þegar hann og stýrimaður togarans komu yfir í varðskipið um nóttina, hafi einhver yfirmanna þar bent þeim á merktan stað á vinnukorti varðskipsins og sagt þeim, að það væri staður duflsins, allmiklu nær landi en mælingin, sem gerð var, eftir að birti, sýndi. Skipherra varðskipsins kveðst eigi hafa bent á slíkan stað, en II. stýrimaður varðskipsins man eftir einhverju bráðabirgðakroti á kortinu og að ákærði og stýrimaður togarans sáu kortið með því á. Heldur skipherra því fram, að meðan dimmt var, hafi eigi verið unnt að mæla með öryggi stað duflsins, vegna þess að viðhlítandi mælistaður á landi hafi ekki náðst. Verður eigi séð, að þetta atriði geti neinu valdið um úrslit máls þessa. Mæling duflsstaðarins, sem gerð var, eftir að birti, er óvefengd, og mælingarnar kl. 0404 og 0413 voru gerðar á allt öðrum stöðum og eru óháðar mælingunni á stað duflsins. Annars er það um stað duflsins að segja, að hann virðist samkvæmt mælingunum vera nokkru nær landi en 0.55 sjóm.

Dómurinn kvaddi þrjá kunnáttumenn til að athuga ratsjár

beggja skipanna og gíróáttavita varðskipsins, einkum mælihæfni þeirra, og komust þeir að þeirri niðurstöðu að ástand tækjanna í báðum skipunum, væri í mjög góðu lagi.

Dómurinn telur, að þar sem mælitæki varðskipsins eru í góðu ástandi og ekkert hefur komið fram, sem rýri gildi staðarmælinga varðskipsforingjanna, verði að byggja á þeim mælingum og telja sannað, að togarinn hafi verið á þeim stöðum, sem mælingarnar sýna, og að botnvörpuveiðum, svo sem viðurkennt er. Varðar þessi verknaður við þau lagaákvæði, sem talin eru í ákæru. Að vísu er fram komið, að ákærði hafi verið sofandi, þegar brotið var framið, en eigi getur það leyst hann undan refsiábyrgð á því.

Samkvæmt þeim refsiákvæðum, sem í ákæru eru talin og áður eru rakin, og með tilliti til stærðar togarans, 684 brúttó rúmlestir, og núverandi gullgildis íslenzkrar krónu, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 74.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Auk þess skulu allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Neptúnusar, RE 361, vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dóm þenna kveða upp Valdimar Stefánsson sakadómari og meðdómendurnir Jónas Jónasson og Pétur Björnsson, skipstjórar.

Dómsorð:

Ákærði, Bjarni Ingimarsson, greiði 74.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Neptúnusar, RE 361, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 24. júní 1960.

Nr. 50/1958. **Ákæruvaldið** (Baldvin Jónsson hrl.)
gegn
Ernest Johnson (Lárus Fjeldsted hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ákæra um fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Framhaldspróf hafa verið háð í málinu eftir uppsögu héraðsdóms.

I.

Samkvæmt skýrslu Sigurðar Árnasonar skipstjóra, sem rakin er í héraðsdómi, var gæzluflugvélin Rán miðvikudaginn 20. nóvember 1957 á gæzluflugi við vesturströnd Íslands. Í skýrslu þessari er frá því skýrt, að um kl. 1707 nefndan dag hafi flugvélin verið stödd undan Bjargtöngum. Hafi þá verið „flogið þétt inn með Látrabjargi að sunnanverðu í stefnu á Skor", en er þangað voru ófarnar um 8 sm, hafi verið haldið í áttina til Reykjavíkur. Þá segir í skýrslunni, að um kl. 1710 hafi úr flugvélinni sézt togari skammt til hægri, miðað við stefnu flugvélarinnar. Í útdrætti úr leiðarbók hennar, sem lagður hefur verið fram í málinu, er hins vegar talið, að togari þessi hafi sézt kl. 1716. Því næst er í skýrslu skipstjórans frá því greint, að kl. 1718 hafi yfir togaranum verið gerð staðarákvörðun með miðun og mælingu fjarlægðar til Skorar, er miðaðist (Söðull SV: E) r/v 028° í 13 sm fjarlægð. Um kl. 1721 og um kl. 1727 var togarinn lýstur upp, og kom þá í ljós, að hann var að veiðum með stjórnborðsvörpu í sjó. Kl. 1736 var staðarákvörðun aftur framkvæmd yfir togaranum. Miðaðist þá Skor (Söðull SV: E) r/v 031° í 12.5 sm fjarlægð. Kl. 1745 var togaranum gefið stöðvunarmerki og ljósdufli varpað við hlið hans. Eftir að talsamband hafði verið haft við togarann, sem reyndist vera skip ákærða, var honum frá gæzluflugvélinni sent skeyti og lagt fyrir hann að halda til Reykjavíkur, þar sem hann hefði verið að veiðum í landhelgi. Kl. 1808 svaraði ákærði með

skeyti þess efnis, að skip hans væri statt 12.5 sm NE ¾E út af „Stalberg“ (off Stalberg) og mundi sigla til Reykjavíkur. Eigi virðist af hendi gæzlumanna hafa verið gerð athugasemd við þessa staðsetningu ákærða. Nokkru síðar sendu stjórnarmenn gæzluflugvélarinnar brezku eftirlitsskipi skeyti, þar sem skýrt er frá staðarákvörðun dufls þess, sem sett hafði verið út, og er sú staðarákvörðun byggð á miðun og mælingu fjarlægðar til „Staalberg“ (The position of buoy dropped Staalberg magnetic course 60 degrees distant 12 pnt 5 miles). Síðar er „Staalberg“ breytt í „Stálfjall“ með skeyti gæzluflugvélarinnar til eftirlitsskipsins. Þá hefur verið lagður fram útdráttur úr skeytabók varðstöðvar Landhelgisgæzlunnar 20. nóvember 1957, þar sem m. a. segir: „Frá TF Rán kl. 1710: Höfum mælt togara tæpar 7 mls innan línu út af Skor. Höfum lýst tog. upp“. Í nefndum útdrætti er og greint skeyti frá Landhelgisgæzlunni til brezka eftirlitsskipsins kl. 1820, þar sem skýrt er frá því, að gæzluflugvél hafi komið að brezkum togara að veiðum 6 mílur innan fiskveiðimarka undan Skor.

II.

Eins og ljóst er af því, sem rakið er hér að framan, gætir ósamræmis og missagna í skýrslum málsins.

Í skýrslu Sigurðar skipstjóra Árnasonar er flugvélin talin hafa farið á þremur mínútum leið sína frá Bjargtöngum, þar til togarinn sást, en slíkt er óhugsandi, miðað við hraða flugvélarinnar og stað togarans samkvæmt staðarákvörðun gæzlumanna. Við framhaldspróf málsins hefur Sigurður skipstjóri lýst því, að hann hafi skrifað tímamörk í skýrslu sinni eftir leiðarbók flugvélarinnar, sem hann telur rétta að þessu leyti. Hljóti því að vera um að tefla misritun í skýrslunni. Erling R. E. Magnússon stýrimaður, sem færði leiðarbók flugvélarinnar, kveðst hafa ritað greint tímamark, þegar tilkynnt var símleiðis, að togari væri í augsýn. Sigurður skipstjóri segist ekki hafa haft aðstöðu til að fylgjast með skráningu í leiðarbók, en gerir ráð fyrir, að hann hafi samkvæmt venju með nokkru millibili litið eftir því, að rétt væri í

hana skráð. Kristján Júlíusson, loftskeytamaður í varðstöð Landhelgisgæzlunnar, hefur komið fyrir dóm og skýrt frá því, að tímamark skeytis gæzluflugvélarinnar í skeytabók varðstöðvarinnar kl. 1710, sem áður er getið, sé ekki nákvæmt. Kveður hann skeyti „þurfi ekki að vera færð í bókina, jafnskjótt og þau berast. Færslur geti dregizt vegna anna við aðrar skeytasendingar". Samkvæmt þessu ætti skeyti þetta að hafa borizt varðstofu Landhelgisgæzlunnar eigi síðar en þar er bókað, þ. e. kl. 1710, enda þótt í því sé sagt frá staðarákvörðun yfir togara ákærða, en samkvæmt skýrslum málsins var engin slík staðarákvörðun gerð fyrr en kl. 1718. Er ljóst, að tímamörk, sem lýst hefur verið, eru ósamrýmanleg og fá ekki staðizt.

Fram er komið í málinu, að erlendir sjómenn nota orðin „Staalberg" og „Staalbjerg" um Bjargtanga eða Látrabjarg, og kveðst ákærði hafa ákveðið stað togara síns með miðun í Bjargtangavita, en Bjargtanga kalli hann Stalberg, og kemur það heim við sjóuppdrátt þann, sem hann hefur lagt fram í málinu. Sigurður Árnason skipstjóri kvaðst, er atburðir þessir gerðust, aldrei hafa heyrt, að heitið Stalberg væri notað eins og að framan greinir, og hafi honum því eigi dottið í hug, að ákærði legði slíka merkingu í greint heiti í skeyti sínu. Hann hafi hins vegar álitið, að ákærði ætti við Stálfjall, og eigi vitað „annað en að Stálfjall og Skor væri eitt og hið sama". Á sjóuppdráttum eru kennileiti þessi þó merkt greinilega hvort í sínu lagi. „Staalbjerg" er og sem kennileiti merkt á dönskum sjóuppdráttum yzt á Bjargtöngum. Allt þetta átti siglingafróðum löggæzlumönnum að vera kunnugt, en misskilningur í skiptum þeirra og ákærða um þessi efni var til þess fallinn að villa um fyrir ákærða um sakargiftir og valda því, að ráðstafanir væru eigi þegar gerðar til tryggingar ótvíræðum sönnunargögnum um sakarefni.

Samkvæmt því, sem nú hefur greint verið, eru slíkir annmarkar á sakargögnum, er flutt hafa verið fram í refsimáli þessu, að varhugavert þykir að meta þau ákærða til áfellis, enda þótt miklar líkur verði að telja fyrir sök hans.

Ber því að dæma ákærða sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 8000.00, og laun verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Ernest Johnson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun sækjanda fyrir Hæstarétti, Baldvins Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8000.00, og laun verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Lárusar Fjeldsteds hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 23. nóvember 1957.

Ár 1957, laugardaginn 23. nóvember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á Fríkirkjuvegi 11, kveðinn upp dómur í málinu nr. 5387/1957: Ákæruvaldið gegn Ernest Johnson, sem tekið var til dóms sama dag.

Ákærður er Ernest Johnson, skipstjóri á brezka togaranum Loch Seaforth, H 293, til heimilis í 48 Cholmley Street í Hull á Englandi, fyrir að hafa gerzt sekur um brot gegn fiskveiðilöggjöfinni samkvæmt 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, með því að hafa verið á botnvörpuveiðum á nefndum togara síðdegis miðvikudaginn 20. nóvember 1957 á Breiðafirði innan markalínu þeirrar, sem ákveðin er í reglugerð nr. 21/1952, 1. gr., sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 81/1952.

Er þess krafizt, að ákærði sæti refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. lög nr. 5/1951, til að sæta upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 14. október 1912 í Hessle á Englandi, og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu hér á landi, svo að kunnugt sé.

Miðvikudaginn 20. þ. m. var gæzluflugvélin Rán á eftirlitsferð við vesturströnd landsins. Ferðinni stjórnaði Sigurður Þorkell Árnason, skipstjóri í þjónustu landhelgisgæzlunnar, og er eiðfest skýrsla hans um málsatvik sú, sem nú verður rakin.

Um kl. 1707 var flugvélin stödd undan Bjargtöngum, og var flogið þétt inn með Látrabjargi að sunnanverðu í stefnu á Skor. Þegar ófarin var 8 sjómílna vegalengd að Skor, var flugstefnu breytt suður í því skyni að halda til Reykjavíkur. Mjög skjótlega eftir að stefnunni hafði verið breytt, eða um kl. 1710, var tekið eftir togara, sem reyndist vera Loch Seaforth, H 293, skammt til hægri við stefnu flugvélarinnar, og hélt hann í misvísandi NNA-læga stefnu. Kl. 1718 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun yfir togaranum:

Skor (Söðull SV:E) miðast r/v 028°. Um leið mælist ratsjárfjarlægð í Skor 13.0 sjómílur. Gefur þessi mæling stað togarans um 7.0 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna á þessum slóðum.

Um kl. 1721 var gert aðflug að togaranum og hann lýstur upp með ljóskastara flugvélarinnar. Sáust þá greinilega togvírarnir og að hann var að toga með stjórnborðsvörpu. Um kl. 1727 var togarinn aftur lýstur upp, og sáust togvírarnir þá aftur greinilega.

Kl. 1736 var staðarákvörðunin endurtekin yfir togaranum, en hún var: Skor (Söðull SV:E) miðast r/v 031° og um leið mælist ratsjárfjarlægð á Skor 12.5 sjómílur. Gefur þessi mæling stað togarans um 7.0 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna á þessum slóðum.

Um kl. 1745 var skotið stöðvunarmerki að togaranum og um leið var kastað út ljósdufli við hlið hans. Skömmu síðar var skotið þremur stöðvunarskotum að togaranum og um leið kallað á hann með ljósmerkjum. Svaraði hann skömmu síðar, og var hann þá beðinn að hafa loftskeytasamband við flugvélina, sem hann gerði.

Á meðan á þessu stóð hafði togarinn snúizt hægt á bakborða og hélt nú sem næst m/v 330°.

Í samráði við forstjóra landhelgisgæzlunnar var ákærða sent eftirfarandi skeyti: „You have been seen fishing inside the limits and we request you to set your course to Reykjavík at once. Coast Guard."

Kl. 1808 fékk flugvélin svofellt skeyti frá ákærða: „Our position now is 12.5 miles NE3/4E off Stalberg, your message is received and proceeding to Reykjavík. Master."

Kl. 1828 hefur togarinn innbyrt vörpuna og heldur síðan suður yfir Breiðafjörð.

Nokkru síðar barst flugvélinni tilkynning frá landhelgisgæzl-

unni um, að varðskipið Albert mundi koma til móts við togarann og taka við gæzlu hans.

Var síðan flogið yfir togaranum til 0005 hinn 21. þ. m. Þá var hann út af Dritvíkurtöngum, og hafði v/s Albert þá lýst hann upp og tilkynnt flugvélinni, að hann bæri einkennisstafina H 293. Tók varðskipið þá við gæzlu togarans, en flugvélin hélt til Reykjavíkur.

Veður var SSV, 2—3 vindstig, éljagangur, skyggni sæmilegt milli élja.

Af skýrslu skipstjóra og stýrimanna varðskipsins kemur fram, að það mætti togaranum kl. 2352 6.7 sjómílur í r/v 192° frá Dritvíkurtöngum og að gæzluflugvélin sveimaði yfir togaranum, meðan varðskipið lýsti upp og las nafn og númer hans. Það fylgdi síðan togaranum til Reykjavíkur, og var komið þangað á ytri höfnina kl. 0710 hinn 21. þ. m.

Ákærði hefur viðurkennt, að togarinn hafi verið að veiðum með stjórnborðsvörpu, þegar flugvélin kom að honum, og í öllum meginatriðum staðfest skýrslu þeirra, sem í flugvélinni voru, um afskipti þeirra af togaranum, svo sem merkjagjafir og skeytaskipti. Einnig staðfestir hann skýrslu varðskipsins að öllu leyti um afskipti þess af togaranum. Hins vegar mótmælir hann staðarákvörðun gæzluflugvélarinnar og heldur því fram, að staður togarans hafi verið alllangt utan fiskveiðitakmarkanna.

Þeir, sem í flugvélinni voru, hafa staðfest skýrslu Sigurðar Þorkels Árnasonar skipstjóra, eftir því sem þeir, hver og einn, hafa getað um borið. Í báðum staðarmælingunum lásu skipstjórinn og loftskeytamaðurinn, Garðar Ingi Jónsson, af ratsjánni fjarlægðina í Skor, og flugstjórinn, Guðjón Jónsson, og stýrimennirnir Erling Roald Ellingsen Magnússon og Sveinbjörn Finnsson lásu í báðum staðarmælingunum af áttavitanum flugstefnuna. Auk þeirra las skipstjórinn stefnuna af áttavitanum í fyrri mælingunni. Hafa öll þessi vitni borið og eiðfest, að fjarlægðir og stefnur í báðum mælingunum yfir togaranum hafi verið þær, sem áður eru raktar. Milli þeirra tveggja staðarákvarðana, sem nefndar hafa verið, kveðst loftskeytamaðurinn hafa gert staðarákvörðun í aðflugi að togaranum, og hafi hún verið í samræmi við fyrstu staðarákvörðunina. Flugstjórinn hefur upplýst, að þegar verið var að athuga um togarann, hafi flughæðin verið um 1500 fet og flughraðinn 100—110 sjómílur, miðað við klukkustund. Myrkur var þá komið, en meðan á mælingunum stóð, var hreint veður og bjartviðri, en annars gekk þarna á með éljum.

Þegar mælingarnar voru gerðar með aðflugi að Skor, telur flugstjórinn sig hafa séð Bjargtangavitann í um 60° á vinstri hönd. Loftskeytamaðurinn hefur tekið fram, að í fyrsta aðfluginu, kl. 1718, rétt áður en sjálf mælingin var gerð, hafi hann séð á sjónskífu ratsjárinnar á 40 sjómílna kvarðanum Skor beint framundan og strandlengjuna til vinstri, sem endaði í Látrabjargi, sem hann hafði áður margoft skoðað í svipuðum aðstæðum til að glöggva sig á staðháttum þarna.

Um siglingastefnu togarans af vettvangi suður yfir Breiðafjörð hafa fjögur vitni úr flugvélinni borið, og ber þeim mjög saman. Sigurður skipstjóri segir hana hafa verið sem næst 200° misvísandi. Guðjón flugstjóri heldur því fram, að hún hafi verið 190°—200° misvísandi, en þó vestlægari fyrst í stað. Ásgeir, aðstoðarflugmaður, segir hana hafa verið 195°—200° misvísandi, en Erling, stýrimaður, segir hana hafa verið 198°—200° misvísandi.

Ákærði skýrir svo frá, að kl. 1000 um morguninn hafi hann verið að veiðum úti af Patreksfirði, en haldið þaðan vegna aflaleysis suður á bóginn og sett út fiskidufl kl. 1410. Var þá bjart af degi, og sá ákærði, sem kveðst vera kunnugur á þessum fiskislóðum, vitabygginguna á Bjargtöngum og Skorarfjöll. Út frá þessu dufli togaði hann síðan eitt tog og var nýbyrjaður á öðru, þegar flugvélina bar að. Eigi kveðst hann hafa togað landmegin við dufl þetta. Koma flugvélarinnar og ljósduflið, sem hún kastaði mjög nálægt togaranum, gáfu ákærða tilefni til staðarákvörðunar, sem hann gerði ásamt stýrimanninum William Garner. Hann mældi með ratsjá togarans fjarlægðina til Bjargtangavitans, og var hún 12½ sjómíla. Af seguláttavita togarans sá hann stefnuna á vitann, og var hún NAaA½ A. Sást vitaljósið greinilega, þegar mælingin var gerð. Var togarinn þá 4 sjómílur NWaN af fiskiduflinu. Af mælingunni réð ákærði, að hann væri talsvert utan fiskveiðitakmarkanna, 10 sjómílum utar en landhelgisgæzlumönnunum mældist. Hann hefur merkt staði togarans og duflsins á sjókort sitt, og eru báðir staðirnir alllangt utan takmarkalínunnar. Þar sem togarinn var, þegar flugvélin kom að honum, var 38 faðma dýpi að sögn ákærða. Hann kveðst hafa lokið við að innbyrða vörpuna kl. 1840 og hafa lagt af stað til hafnar kl. 1920, og hefur vélstjóri togarans borið, að lagt hafi verið af stað til hafnar kl. 1922 ½. Þetta er ekki í fullu samræmi við skýrslu Sigurðar skipstjóra, sem heldur því fram, að togarinn hafi verið lagður af stað til hafnar kl. 1828, en þar sem einni stund munaði á klukkum flugvélarinnar og togarans, er mismunurinn óveru-

legur. Stefnu togarans frá brottfararstað að Malarrifi segir ákærði hafa verið m/v S, og þegar skipið var þvert af Malarrifi, hafi fjarlægðin þangað verið 6½ sjómíla. Ákærði hefur getið þess, að hann telji það fjarstæðu, að hann hafi talið það Bjargtanga, sem í raun og veru var Skor.

Eiðfest skýrsla stýrimanns togarans er mjög í samræmi við skýrslu ákærða um staðarmælinguna, brottfarartímann til hafnar og siglingastefnuna suður undir Snæfellsnes, en þegar þangað kom, gekk stýrimaður til náða.

Ákærði hefur haldið því fram, að fiskidufl sitt, sem hafi verið með ljósmerki og ratsjármerki (radar reflector), muni ekki færast úr stað, nema miklir stormar gangi. Hefur duflsins og verið leitað í sambandi við mál þetta. Fyrst leitaði brezka eftirlitsskipið Bramble að því að morgni 21. þ. m. á því svæði, sem gæzluflugvélin taldi togarann hafa verið á, án árangurs. Í gær leitaði varðskipið Óðinn á því svæði, sem ákærði telur sig hafa verið á, og einnig á hinu svæðinu, en án árangurs.

Að tilhlutan dómsins hafa tveir kunnáttumenn um ratsjár, þeir Friðrik A. Jónsson útvarpsvirkjameistari, Garðastræti 11, og Ríkharður Sigmundsson rafvirkjameistari, Miklubraut 50, athugað ratsjár gæzluflugvélarinnar og togarans og komizt að raun um, að þær séu báðar í góðu lagi.

Af því, sem nú hefur verið rakið, er ljóst, að ákærði var að botnvörpuveiðum, þegar gæzluflugvélin kom að honum. Einnig telst sannað með eiðfestum skýrslum landhelgisgæzlumannanna í flugvélinni, að togarinn hafi, þegar þetta gerðist, verið um 7 sjómílur innan fiskveiðitakmarkalínunnar, sem ákveðin er í 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948 og nr. 82/1952. Fær skýrsla ákærða og stýrimanns togarans að áliti dómsins eigi hnekkt þessu. Ber í þessu sambandi, auk sjálfra mælinga landhelgisgæzlumannanna, mjög á það að líta, að flugvélin hafði flogið inn með Látrabjargi að sunnanverðu um miðja vegu til Skorar, þegar hún beygði í suðlæga stefnu, en rétt eftir að hún beygði, sást togarinn í nánd til hægri. Á þessu væri enginn möguleiki, ef togarinn hefði verið á þeim slóðum, sem ákærði heldur fram, að verið hafi.

Með botnvörpuveiðum innan fiskveiðitakmarkanna hefur ákærði gerzt brotlegur við þau lagaákvæði, sem í ákæru eru talin. Samkvæmt þeim refsiákvæðum, sem þar eru talin og áður eru rakin, og með tilliti til stærðar togarans, 579.38 brúttó smálestir, og núverandi gullgildis íslenzkrar krónu þykir refsing

ákærða hæfilega ákveðin 74.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Auk þess skulu allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Loch Seafort, H 293, vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun talsmanns síns, hrl. Lárusar Fjeldsteds, kr. 1500.00.

Dóm þenna kveða upp Valdimar Stefánsson sakadómari og meðdómendurnir Jónas Jónasson og Pétur Björnsson, skipstjórar.

Dómsorð:

Ákærði, Ernest Johnson, greiði kr. 74.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Loch Seaforth, H 293, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun talsmanns síns, hrl. Lárusar Fjeldsteds, kr. 1500.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 24. júní 1960.

Nr. 116/1959. **X** (Jón N. Sigurðsson hrl.)
gegn
Y (Egill Sigurgeirsson hrl.)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Barnsfaðernismál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. júní 1959. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, að úrslit málsins verði látin velta á synjunareiði hans. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi, sem fengið hefur gjafvörn hér fyrir dómi, hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 18. ágúst 1959. Krefst hún þess aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur faðir meybarns þess, er hún ól 25. ágúst 1958, og dæmt skylt að greiða meðlag með barninu frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs, barnsfararkostnað og styrk fyrir og eftir barnsburð svo og tryggingariðgjald hennar fyrir árið 1958. Til vara krefst gagnáfrýjandi þess, að úrslit málsins verði látin velta á fyllingareiði hennar. Þá krefst hún og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál, þar á meðal málsvarnarlauna til handa talsmanni sínum.

Auk þess sem í héraðsdómi greinir um frásagnir aðilja um samfarir í októbermánuði 1957 skýrði gagnáfrýjandi frá því fyrir dómi, áður en héraðsdómur gekk, að málsaðiljar hefðu einnig haft samfarir í nóvember og desember 1957 svo og í janúar 1958. Þessu hefur aðaláfrýjandi hins vegar neitað.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa framhaldspróf verið háð í málinu. Hafa þau leitt í ljós, að aðaláfrýjandi hefur allt fram á þetta ár haldið áfram að láta gagnáfrýjanda í té greiðslur, svo og að framhald hefur verið á kunningsskap

málsaðilja. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms, ber að staðfesta hann að öðru en því, að eiðsfrestur ákveðst tveir mánuðir frá birtingu dóms þessa.

Gjafvarnarkostnaður hér fyrir dómi greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun talsmanns gagnáfrýjanda, kr. 2500.00, en að öðru leyti á hvor aðilja að bera kostnað sinn af áfrýjun málsins.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til eiðvinningar er tveir mánuðir frá birtingu dóms þessa.

Gjafvarnarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun talsmanns gagnáfrýjanda, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2500.00, en að öðru leyti fellur málskostnaður í Hæstarétti niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 28. maí 1959.

Ár 1959, fimmtudaginn 28. maí, var í bæjarþingi Hafnarfjarðar, sem haldinn var í skrifstofu embættisins af Þorgeiri Þorsteinssyni, fulltrúa bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í barnsfaðernismálinu nr. 1/1959: Y gegn X, sem dómtekið var 14. þ. m.

Hinn 25. ágúst 1958 ól ógift stúlka, Y, Múlakampi 12, Reykjavík, lifandi meybarn, er hún lýsti X, Skúlaskeiði 42, hér í bæ, föður að, en hann hefur ekki viljað kannast við faðernið. Hefur kærandi því höfðað mál þetta gegn honum og krafizt þess, að hann verði dæmdur faðir að barninu og skyldaður til að greiða samkvæmt yfirvaldsúrskurði meðlag með því frá fæðingu til fullnaðs 16 ára aldurs þess.

Upplýst er samkvæmt framburðum aðilja, að þau kynntust fyrst í febrúar 1957, og í marz eða apríl sama ár tóku þau að hafa holdleg mök saman og héldu þeim áfram fram eftir árinu.

Í byrjun októbermánaðar 1957 fluttist kærandi í íbúð, sem

hún á að Holtsgötu 10, hér í bæ, og hélt hún þar til út þann mánuð.

Kveður kærandi, að þau hafi haft samfarir þó nokkrum sinnum í íbúð þessari á greindum tíma án þess að viðhafa nokkrar ráðstafanir til að hindra getnað, þær síðustu seinni part mánaðarins, 2—3 dögum eftir að hún hafði síðast á klæðum fyrir barnsburðinn, sem bar upp á 21. eða 22. október. Telur kærandi, að við síðast greindar samfarir þeirra sé barn þetta getið.

Kærði hefur hins vegar borið, að hann hafi einungis tvisvar haft samfarir við kæranda í íbúð hennar að Holtsgötu 10, og hafi þær átt sér stað 3. og 6. október. Kveðst hann vita þessar dagsetningar vegna þess, að hann hafi skrifað þær hjá sér í vasabók sína sér til minnis, en þá kveðst hann hafa verið farinn að gruna, að fleiri karlmenn væru í spilinu, og því ritað til tryggingar því, að ekki færi milli mála, hvenær síðustu samfarir þeirra áttu sér stað. Kærði hefur aðspurður ekki getað bent á nokkurn annan mann, er líklegt væri, að hefði haft samfarir við kæranda á getnaðartímanum, og ekkert hefur upplýstst frekar í þá átt, svo og hefur kærandi staðfastlega haldið því fram, að hún hafi ekki átt mök við aðra karlmenn en kærða á getnaðartíma barnsins. Af framangreindum ástæðum kveðst kærði því hafa slitið öllu sambandi við kæranda í byrjun októbermánaðar 1957 og því aldrei haft samfarir við hana eftir 6. október 1957, er hann telur, að sé fyrir hugsanlegan getnaðartíma barnsins, og því hljóti einhver annar að eiga hér hlut að máli.

Kærandi hefur hins vegar haldið því fram, að hún hafi flutzt í margnefnda íbúð í samráði við kærða, þar sem meining þeirra hafi verið sú að taka þar upp sambúð, en síðan hafi kærði svo færzt undan því án þess að tilgreina nokkra ástæðu til þess.

Kærði hefur eindregið mótmælt síðastgreindum framburði kæranda og tekið fram í því sambandi, að er hér var komið sögu, hafi hann verið farinn að gruna kæranda um mök við aðra karlmenn, eins og fyrr getur, og því hafi hann ákveðið að slíta öllu sambandi við hana. Upplýst er, að kærði hefur afhent kæranda nokkra peningaupphæð bæði fyrir og eftir barnsburð, og hefur kærandi haldið því fram, að hér hafi verið um styrk til hennar að ræða vegna barnsburðarins. Kærði hefur hins vegar haldið því fram, að sakir slæmra heimilisástæðna hjá kæranda, svo sem þeim að bróðir hennar lá þungt haldinn á sjúkrahúsi og þurfti á kostnaðarsamri læknishjálp að halda, hafi hann að beiðni kæranda stundum vikið að henni smá-fjár-

upphæðum án þess þó að ætlast til endurgreiðslu að óbreyttum efnahagsástæðum kæranda og fjölskyldu hennar.

Blóðflokkarannsókn var framkvæmd á málsaðiljum og barninu af Rannsóknarstofu Háskólans, og var árangur þessi:

	Aðalfl.	Undirfl.	C D E c.
Kærandi	O	N	+ + — —
Barnið	O	MN	+ + + +
Kærði	O	MN	— + + +

Samkvæmt þessari niðurstöðu verður kærði ekki útilokaður frá faðerni barnsins.

Héraðslæknirinn í Hafnarfirði hefur lagt fram umsögn sína um getnaðartíma barnsins, en þar segir svo:

„Ég hefi athugað málsskjöl í barnsfaðernismálinu" Y gegn X. „Þar segir, að" Y „hafi haft síðast á klæðum fyrir barnsburðinn 21. eða 22. október 1957. Hún elur barn sitt, fullburða að talið er, 25. ágúst 1958, eða 308 dögum eftir að hún síðast hefur haft á klæðum, þ. e. 28 dögum lengri tíma en meðal meðgöngutími er talinn vera, en útilokað er það ekki, að barnið sé komið undir síðari hluta októbermánaðar 1957.

Líklegasti getnaðartími barnsins er að mínu áliti í nóvembermánuði 1957, en þó er ekki útilokað, að það sé komið undir í byrjun desembermánaðar 1957."

Við fæðingu reyndist hið umrædda barn 3300 gr. að þyngd og 50 cm að lengd.

Af því, sem nú er rakið, er ljóst, að málsúrslit verða að vera komin undir eiði annars hvors málsaðilja.

Kærði hefur haldið því fram, að hann hafi ekki haft samfarir við kæranda á hugsanlegum getnaðartíma barnsins og byggir sýknukröfu sína á því. Hins vegar lítur rétturinn svo á, að þrátt fyrir framburð hans í þá átt og með skírskotun til þess, að ekki hefur komið fram, að aðrir menn hafi haft holdleg mök við kæranda á getnaðartíma barnsins, svo og hins stöðuga og alllanga sambands, er hélzt á milli málsaðilja, verði að telja, að kærandi hafi fremur líkurnar með sér og beri henni því eiðsheimildin.

Verða málsúrslit því þau samkvæmt 213. gr. laga nr. 85/1936, að vinni kærandi á löglegu varnarþingi sínu eið að því innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, að hún hafi ekki á tímabilinu frá 15. október 1957 til 15. desember sama árs haft holdlegt samræði við annan karlmann en kærða, X, skuli kærði teljast faðir að barni því, sem hún ól hinn 25. ágúst 1958 og greiða með því meðlag frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess

og fæðingarstyrk og tryggingariðgjald hennar fyrir árið 1958 lögum samkvæmt. Þá skal kærði greiða útlagðan kostnað, er embættið hefur haft af máli þessu, kr. 715.00.

Verði kæranda eiðsfall, skal kærði vera sýkn af kröfum hennar, og greiði hún honum þá kr. 500.00 í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Vinni kærandi, Y, innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa eið að því á lögmæltu varnarþingi sínu, að hún hafi á tímabilinu frá 15. október 1957 til 15. desember 1957 ekki haft holdlegt samræði við annan karlmann en kærða, X, skal kærði teljast faðir að meybarni því, er kærandi ól hinn 25. ágúst 1958 og greiða með því samkvæmt yfirvaldsúrskurði meðlag frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs, fæðingarstyrk til kæranda og tryggingariðgjald hennar fyrir árið 1958. Þá skal hann og greiða í ríkissjóð kr. 715.00, sem er útlagður kostnaður embættisins hér vegna máls þessa.

Verði kæranda eiðfall, skal kærði vera sýkn af kröfum hennar, og greiði hún honum þá kr. 500.00 í málskostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 24. júní 1960.

Nr. 66/1960. **Ingolf Petersen og**
Málfríður Jónsdóttir (Ingolf Petersen)
gegn
Einari Kristjánssyni
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Uppboðsgerðum áfrýjað.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa með stefnu 8. apríl 1960 skotið til Hæstaréttar uppboðsgerð, er fram fór 2. s. m. á ¼ hluta

húseignarinnar Ingólfsstræti 12 í Reykjavík, og krafizt þess, að uppboðið verði fellt úr gildi.

Gagnáfrýjandi hefur með stefnu 22. apríl 1960 áfrýjað til staðfestingar hinni sömu uppboðsgerð og svo undanfarandi uppboðsgerð á sömu eign, sem fram fór 26. marz 1960.

Þá hafa aðaláfrýjendur skotið nefndri uppboðsgerð, er fram fór 26. marz, til Hæstaréttar með stefnu 30. maí 1960 og krafizt þess, að sú uppboðsgerð verði einnig felld úr gildi.

Uppboðshaldaranum, Kristjáni Kristjánssyni borgarfógeta, hefur verið stefnt til réttargæzlu, og hefur dómþing verið sótt af hans hálfu.

Nauðungaruppboð það, sem hér ræðir um, fór fram samkvæmt kröfu margra fjárnámshafa. Átti gagnáfrýjandi hið eina boð, sem í eignina kom, og var boð hans samþykkt. Aðaláfrýjendur skutu ýmsum fjárnámsgerðanna til Hæstaréttar, en í öllum þeim málum hafa gengið útivistardómar.

Aðaláfrýjendur reisa kröfu sína um ógildingu uppboðanna á því, að þau hafi á uppboðsþingi lagt fram áfrýjunarstefnur, að því er varðaði sumar fjárnámsgerðirnar, en boðizt til að greiða aðrar kröfur, sem á húseigninni hvildu. Gegn andmælum gagnáfrýjanda og hins stefnda uppboðshaldara hafa aðaláfrýjendur þó ekki fært fram rök fyrir því, að þau hafi á uppboðsþingunum gert eða boðið fram nein slík skil á kröfum þeim, sem voru grundvöllur uppboðsins, að skylt hafi verið að fresta framkvæmd uppboðanna. Ber því að taka til greina kröfu gagnáfrýjanda um staðfestingu hinna áfrýjuðu uppboðsgerða. Svo ber og samkvæmt kröfu gagnáfrýjanda að dæma aðaláfrýjendur til að greiða honum málskostnað í Hæstarétti, sem ákveðst kr. 5000.00.

Dómsorð:

Hinar áfrýjuðu uppboðsgerðir eiga að vera óraskaðar.

Aðaláfrýjendur, Ingolf Petersen og Málfríður Jónsdóttir, greiði gagnáfrýjanda, Einari Kristjánssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Uppboðsgerð uppboðsréttar Reykjavíkur 26. marz 1960.

Ár 1960, laugardaginn 26. marz, var uppboðsréttur Reykjavíkur settur að Ingólfsstræti 12 og haldinn af borgarfógeta Kristjáni Kristjánssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: að halda áfram nauðungaruppboði á ¼ Ingólfsstrætis 12, hér í bæ, eign Málfríðar Jónsdóttur . . .

Í réttinum er mættur Gústaf Ólafsson hrl. fyrir sjálfan sig og Guðjón Hólm hdl. og lýsir því yfir, að boð þau, er hann kunni að gera í eignina, geri hann fyrir Einar Kristjánsson stórkaupmann . . .

Þessi boð komu í eignina: Kr. 380.000.00 Gústaf Ólafsson. Fleiri boð komu ekki í eignina.

Ingolf Petersen, sem einnig var mættur, óskaði eftir, að fram færi annað og síðasta uppboð á eigninni. . . . Ákveðið var, að uppboð það færi fram laugardag 2. apríl n.k. kl. 2½ e. h.

Uppboðsgerð uppboðsréttar Reykjavíkur 2. apríl 1960.

Ár 1960, laugardaginn 2. apríl, var uppboðsréttur Reykjavíkur settur í Ingólfsstræti 12 og haldinn af borgarfógeta Kristjáni Kristjánssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: að halda annað og síðasta nauðungaruppboð á ¼ hl. eignarinnar Ingólfsstrætis 12, hér í bænum, en nauðungaruppboð fór fram á eigninni þann 26. f. mán., og er þetta annað og síðasta nauðungaruppboð samkvæmt kröfu Ingolfs Petersens, eiginmanns þingl. eiganda eignarinnar . . .

Í réttinum er mættur Gústaf Ólafsson hrl. fyrir sig og Guðjón Hólm hdl. Þá er einnig mættur í réttinum Ingolf Petersen . . .

Uppboðshaldari lýsti því yfir, að áður hefði komið kr. 380.000.00 boð í eignina.

Ekkert boð kom í eignina nú.

Uppboðshaldari tók sér 14 daga frest til að athuga um boðið.

Er uppboðinu þar með lokið.

Föstudaginn 24. júní 1960.

Nr. 207/1959. **Árni Árnason**
gegn
Jónu G. Stefánsdóttur.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Árni Árnason, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 24. júní 1960.

Nr. 56/1960. **Jóna G. Stefánsdóttir**
gegn
Árna Árnasyni

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og Magnús Þ. Torfason prófessor.

Dómi og fjárnámsgerð áfrýjað til staðfestingar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur með stefnu 28. marz 1960, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag, skotið til Hæstaréttar dómi bæjarþings Reykjavíkur, er upp var kveðinn 26. ágúst 1959, og fjárnámsgerð, er fram fór 14. október 1959. Krefst hann þess, að nefndur dómur verði staðfestur og svo fjárnámsgerðin, að því er varðar fjárnám í húseigninni Sogavegi 32 í Reykjavík. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi hefur ekki komið fyrir dóm við fyrirtöku máls þessa, og er honum þó löglega stefnt. Hefur málið því ver-

ið flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. laga nr. 112/1935 og er dæmt eftir framlögðum skjölum.

Með því að engir þeir gallar eru á hinum áfrýjuðu dómsathöfnum, er standi í vegi fyrir kröfum áfrýjanda, ber að taka þær til greina.

Stefndi hafði áfrýjað greindum dómsathöfnum með stefnu 25. nóvember 1959, en ekki framfylgt þeirri stefnu. Hefur hann með þessum hætti gefið áfrýjanda ástæðu til málskotsins, og verður því að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 9000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður og svo fjárnámsgerðin, að því leyti sem henni er áfrýjað.

Stefndi, Árni Árnason, greiði áfrýjanda, Jónu G. Stefánsdóttur, málskostnað í Hæstarétti, kr. 9000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. ágúst 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Jóna G. Stefánsdóttir, Sogavegi 32, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 19. júlí 1956, gegn Árna Árnasyni, Barðavogi 44, hér í bænum.

Málavextir eru þessir:

Með kaupsamningi, dags. 7. nóvember 1955, seldi stefndi stefnanda húseignina nr. 32 við Sogaveg ásamt tilheyrandi leigulóðarréttindum. Samkvæmt ákvæðum samningsins tók stefndi að sér á sinn kostnað, að ljúka innanhússmálningu á báðum hæðum hússins, dúkleggja það, sem eftir var, ganga frá dyraumbúnaði og setja í hurðir þar, sem því var ekki lokið, útbúa baðherbergi með setubaðkeri í miðherbergi í austurhlið efri hæðar, setja handrið á stiga og að öðru leyti að ljúka við að fullgera húsið að innan að öllu leyti. Húsið skyldi afhent í því ástandi að utan, sem það þá var í og kaupandi var sagður hafa kynnt sér, en tekið fram, að smíði þess væri ekki að öllu leyti lokið að utan. Að öðru en því, sem hér er talið, var eignin seld í því ástandi, sem hún var þá í og kaupandi var sagður hafa kynnt

sér. Kaupverð hins selda var ákveðið kr. 400.000.00 og skyldi greiðast þannig: Stefnandi greiddi kr. 150.000.00 við undirskrift samningsins, kr. 50.000.00 skyldi hann greiða hinn 1. febrúar 1956, stefnandi tók að sér að greiða veðskuldir, er hvíldu á I.—IV. veðrétti í hinu selda, samtals að fjárhæð kr. 170.000.00, en eftirstöðvar kaupverðsins, kr. 30.000.00, skyldi stefnandi greiða með árlegum afborgunum á næstu tíu árum auk 7% ársvaxta. Hin selda eign skyldi öll vera laus til afnota hinn 1. febrúar 1956. Afsal skyldi gefið út þann dag, er kaupandi hefði fullnægt skuldbindingum sínum. Þá var einnig tekið fram í samningnum, að stefnandi fengi afnot neðri hæðar hússins hinn 18. nóvember 1955. Stefnandi flutti nú í neðri hæð hússins ásamt fjölskyldu sinni hinn 19. nóvember. Er stefnandi hafði búið í húsinu um tveggja vikna skeið, kvartaði hún við stefnda og lögfræðing þann, sem gengið hafði frá kaupunum, um mikinn kulda og raka í húsinu. Taldi hún þetta ekki geta eingöngu stafað af því, að húsið væri nýtt og ófullgert. Stefnandi óskaði nú eftir, að kaupin gengju til baka, og gaf viku frest til þess, að frá því yrði gengið. Við þessu fékk stefnandi það svar, að stefndi hvorki vildi né gæti orðið við þessari ósk.

Húsið nr. 32 við Sogaveg er tvær hæðir og ris, útveggir hlaðnir úr svonefndum Arco-holsteini (L-steini), múrhúðað að utan og með þaki úr timbri klæddu pappa og bárujárni. Á neðri hæð eru tvö íbúðarherbergi, eldhús, anddyri, innri forstofa og þvottahús, þar sem staðsett er olíukynt miðstöð. Á efri hæð eru þrjú íbúðarherbergi, herbergi ætlað til nota sem baðherbergi, stigahús og innri forstofa. Einnig eru á efri hæðinni geymsla ag svalir. Grunnflötur hússins er um 57.31 m, og rúmmál þess er um 366.69 m.

Hinn 20. febrúar 1956 fékk stefnandi dómkvadda matsmenn til að meta, hvað kosta myndi að ljúka við og endurbæta múrverk í húsinu, ljúka dúklagningu og tréverki, ljúka við að ganga frá efsta lofti hússins, eins og venja er í svona húsum, hvað kosta mundi handrið úr málmi svo og hvað gera þyrfti fleira til þess, að húsið yrði talið fullgert að öllu leyti, og hve mikið það myndi kosta.

Niðurstaða matsmannanna, þeirra Einars Kristjánssonar húsasmíðameistara og Einars Jóhannssonar múrarameistara, varð sú, að kosta mundi kr. 11.120.00 að framkvæma atriði þessi.

Hinn 20. febrúar 1956 fékk stefnandi dómkvadda matsmenn til að meta, hvað kosta mundi að fullmála húsið. Í matsgerð

matsmanna, þeirra Jóns E. Ágústssonar og Ottó Guðmundssonar, málarameistara, segir meðal annars svo:

„Við athugun kom í ljós, að um frágang á málun hússins er ýmsu ábótavant. Einnig kom fram við samanburð við þá matsmennina hr. Einar Kristjánsson og hr. Einar Jóhannsson, að vegna viðgerða á hurðaumgjörðum mundi þurfa að endurmála þær allar ásamt veggjum, sem þær snerta. Einnig kom í ljós, að þar sem frágangi í múrverki er ábótavant í ytri og innri forstofu, væri heppilegra að endurbæta með spörtlun í stað pússningar."

Var það álit matsmannanna, að kostnaður við endurmálun vegna viðgerða og úrbóta mundi nema kr. 6693.22.

Hinn 8. marz 1956 fékk stefnandi dómkvadda matsmenn til að meta ýmis atriði varðandi miðstöðvarkerfi hússins og fleira. Í matsgerð matsmannanna, þeirra Óskars Smith og Sighvats Einarssonar, pípulagningarmeistara, segir meðal annars svo:

„Það mun þurfa að taka 4 ofna, sem standa við útveggi, frá og einangra á bak við þá . . . Við hjuggum á 2 stöðum í útvegg og skoðuðum leiðslur þar, og voru þær óeinangraðar. En þar sem leiðslurnar liggja djúpt í veggjum, er mjög kostnaðarsamt að einangra þær. Bætur vegna þessa galla treystum við okkur ekki til að meta. Við metum hins vegar einangrun á hitaleiðslum, þar sem hægt er að komast að þeim í ketilhúsi og á háalofti, á kr. 1940.00 — eitt þúsund níu hundruð og fjörutíu krónur, — þar með talið efni og vinna."

Var það álit matsmannanna, að framkvæma þyrfti ýmsar breytingar og endurbætur á miðstöðvarkerfi og vatnskerfi hússins, og mundi heildarkostnaður við þetta nema kr. 19.049.00.

Stefnandi lét nú framkvæma rannsókn á byggingarsteini þeim, sem notaður hafði verið við byggingu hússins. Í niðurstöðum Atvinnudeildar Háskólans, sem framkvæmdi rannsókn þessa, segir svo:

„Sýnishornin, sem bárust, voru tveir steinar, annar úr sandsteypu, en hinn úr léttsteypu (gjall og vikur), og eru þeir sýndir í vegghleðslu á meðf. rissmynd.

Þyngd sandsteinsins reyndist 12.52 kg, en gjallsteinsins 5.60 kg. Samsvarandi rúmþyngdir steinanna reyndust 1.62 og 0.72, og steypurúmþyngdir 2.06 og 0.95. Hliðstæðar varmaleiðslutölur (20°C) fyrir steypurnar voru áætlaðar 1.1 og 0.15.

Hlaðinn veggur úr þessum steinum er, eins og meðf. rissmynd

sýnir, mjög miseinangraður. Meðal kólnunartala þessa veggjar reynist, eftir reikningsaðferðum BABS (sænska Byggnadsstyrelsens Anvisningar till Byggnadsstadgan 1960), vera 1.29. Frávik frá þessari meðaltölu eru þó mikil. Þannig er kólnunartala hluta B (sjá rissmynd) 1.82, en hluta D aðeins 0.58.

Í byggingarsamþykkt fyrir Reykjavík eru gerðar þær kröfur, að kólnunartala útveggja skuli eigi vera hærri en 1.0, og sést af framanskráðu, að umrædd vegghleðsla fullnægir ekki þessu atriði byggingarsamþykktarinnar.

Burðarþol sandsteinsins reyndist 60 kg/cm^2, en gjallsteinsins aðeins 9.6 kg/cm^2.

Hinn 1. apríl 1958 fékk stefnandi dómkvadda matsmenn til að meta, hvert hefði verið eðlilegt söluverð hússins, miðað við nóvembermánuð 1955.

Í sambandi við mat þetta kynntu matsmennirnir, þeir Einar Sveinsson múrarameistari og Tómas Vigfússon húsasmíðameistari, sér hinar fyrri matsgerðir. Varð niðurstaða matsmannanna sú, að eðlilegt söluverð hússins í nóvembermánuði 1955 hefði verið kr. 320.000.00, og þá miðað við það, að bætt yrði úr því, sem hin fyrri möt höfðu mælt fyrir um.

Stefnandi hefur höfðað mál þetta, eins og að framan greinir, og gert eftirfarandi dómkröfur:

Að stefndi verði dæmdur til að þola, að kaupunum á húseigninni nr. 32 við Sogaveg frá 7. nóvember 1955 verði riftað með dómi í máli þessu.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 310.700.00 auk 6% ársvaxta af kr. 150.000.00 frá 7. nóvember 1955 til 27. júní 1956, af kr. 190.700.00 frá þeim degi til 13. júlí 1956 og af kr. 310.700.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, þar á meðal mats- og rannsóknarkostnað við húsið nr. 32 við Sogaveg.

Að stefndi verði dæmdur til að þola staðfestingu á löghaldi, er hinn 13. júlí 1956 var lagt á húsið nr. 32 við Sogaveg.

Við munnlegan flutning málsins voru þær dómkröfur gerðar af hálfu stefnanda til vara, að stefnanda verði dæmdur afsláttur, að fjárhæð kr. 116.862.22, af söluverði framangreinds húss, að stefndi verði dæmdur til að endurgreiða stefnanda kr. 6862.22 með 6% ársvöxtum frá 7. nóvember 1955 til greiðsludags, svo og dæmdur til að greiða málskostnað að mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda gegn greiðslu á kr. 11.758.00. Þá hefur stefndi og krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Við munnlegan flutning málsins var greiðslutilboð stefnda lækkað í kr. 11.379.00.

Með sakaukastefnu, útgefinni 24. janúar 1958, höfðaði stefnandi sakaukamál á hendur borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs Reykjavíkur og Haraldi Sigurðssyni múrarameistara, Njálsgötu 80, hér í bænum. Hinn 4. marz var sakaukamálið hafið að kröfu umboðsmanns stefnanda.

Stefnandi reisir riftunarkröfu sína á því, að fram sé komið, að umrætt hús sé haldið verulegum leyndum göllum, sem stefndi beri ábyrgð á, auk þess hafi stefndi vanefnt að fullgera húsið að innan, eins og ákveðið hafi verið í kaupsamningi aðiljanna frá 7. nóvember 1955.

Er því haldið fram af stefnanda, að stefndi hafi fullyrt, að húsið væri byggt úr byggingarsteini, sem framleiddur væri í Silfurtúni við Hafnarfjörð, en það kveður stefnandi viðurkenndan byggingarstein. Í ljós hafi komið, að umrætt hús sé byggt úr steini, sem byggingarnefnd Reykjavíkur hafi neitað að viðurkenna sem byggingarefni hér í bænum, þar sem rannsókn sýni, að einangrunargildi steinsins sé langt undir lágmarksákvæðum byggingarsamþykktar Reykjavíkur, og einnig, að burðarþol gjallsteins þess, sem notaður sé, sé ófullnægjandi. Þá sé einnig fram komið, að miðstöðvarrör hússins liggi óeinangruð í holrúmi byggingarsteinsins í veggjum hússins, frágangur á rafmagnstöflu hússins sé ólöglegur og stórhættulegur, og algerlega hafi verið vanrækt að setja einangrun bak við miðstöðvarofna, sem standa við útveggi.

Riftunarkrafa stefnanda er og studd þeim rökum, að stefnda hafi hlotið að vera kunnugt um greinda galla á húsinu, þótt hann hafi fullyrt, að húsið væri fyrsta flokks að gæðum. Þá hafi byggingarfulltrúinn í Reykjavík eftirlit með öllum byggingarframkvæmdum í bænum og eigi hann að sjá um, að þær fullnægi lágmarkskröfum byggingarsamþykktar Reykjavíkur. Sé honum óheimilt að slaka á lágmarksákvæðum hennar. Menn hljóti því almennt að geta keypt hús í trausti þess, að þau fullnægi greindum lágmarksákvæðum. Hljóti því að vera heimilt að rifta kaupum á húsinu, sem ekki er byggt í samræmi við byggingarsamþykktina, þótt ekki komi annað til.

Stefndi hefur skýrt svo frá, að hann hafi keypt umrædda húseign af Óskari nokkrum Guðlaugssyni í júnímánuði 1955. Hann kveður húsið þá hafa verið tilbúið fyrir múrverk og trévinnu, miðstöð hafi verið komin í það og búið að leggja rafmagnsrör, en ódregið í þau. Stefndi kveður Óskar hafa tjáð sér, að húsið væri byggt úr svonefndum L-steini og að sá byggingarsteinn hefði fullkomið burðarþol og einangrunargildi. Einnig kveður stefndi Óskar hafa tjáð sér, að góð einangrun væri undir öllum gluggum hússins.

Þá kveður stefndi múrara hússins, Harald Sigurðsson, hafa tjáð sér, að bak við alla miðstöðvarofna við útveggi væri sérstaklega góð einangrun. Stefndi kveðst síðan hafa flutzt í húsið í septembermánuði sama ár og búið á efri hæð þess, en haft afnot af eldhúsi á neðri hæð.

Er því haldið fram af hálfu stefnda, að hann hafi ekki vitað annað en húsið væri byggt úr löglegu byggingarefni. Er því mótmælt af hálfu stefnda, að hann hafi tjáð stefnanda, að steinn sá, sem notaður var við byggingu hússins, væri framleiddur í Silfurtúni við Hafnarfjörð. Þá er því og mótmælt af hálfu stefnda, að húsið sé gallað vegna þess, að það sé byggt úr greindum steini, auk þess sem kólnunartala hans valdi því, að húsið sé af þeim sökum ekki eins vel úr garði gert og hús yfirleitt í hverfi því, sem húsið stendur í. Varðandi burðarþol steinsins er því haldið fram af hálfu stefnda, að allir innveggir á neðri hæð hússins séu steyptir, gólf steypt og efri hæðin þiljuð með timbri og múrhúðuð. Af hálfu stefnda er því mótmælt, að nokkur raki hafi verið í húsinu, en hafi hann verið, sé þar eingöngu um að kenna lélegri kyndingu stefnanda.

Varðandi það atriði, að miðstöðvarrör liggi óeinangruð í holsteininum milli sandsteins og vikursteins, er því haldið fram af hálfu stefnda, að búið hafi verið að leggja miðstöðvarlagnir í húsið, er hann keypti það. Honum hafi því algerlega verið ókunnugt um, að nokkuð væri athugavert við þær. Hann hafi þó látið skipta um miðstöðvarketil, og hafi ekki annað komið fram eftir það en að miðstöðin væri í lagi. Er því mótmælt af hálfu stefnda, að hér sé um galla að ræða, en verði litið svo á, þá er því haldið fram, að þetta sé ekki stefnda að kenna og beri hann því enga ábyrgð á þessu.

Varðandi það atriði, að frágangur rafmagnstöflu sé óforsvaranlegur, er því haldið fram af hálfu stefnda, að allar rafmagns-

leiðslur í húsinu séu lagðar af sérfróðum mönnum. Stefndi hafi hvergi komið þar nærri og sé hann því með öllu ábyrgðarlaus, ef um einhver mistök sé þar að ræða.

Varðandi það atriði, að óeinangrað sé bak við miðstöðarofna við útveggi, er því haldið fram af hálfu stefnda, að honum hafi verið tjáð af múrarameistara þeim, sem var ábyrgur fyrir byggingu hússins, að einangrun væri á þessum stöðum.

Af hálfu stefnda hefur því eindregið verið mótmælt, að hann eða umboðsmenn hans hafi haft í frammi nokkrar blekkingar í sambandi við sölu hússins.

Varðandi þá riftunarástæðu, að hann hafi vanrækt að fullgera húsið að innan, eins og tilskilið hafi verið í kaupsamningi aðiljanna, er það að vísu viðurkennt af hálfu stefnda, að hann hafi ekki lokið við þetta á tilskildum tíma. Því er á hinn bóginn haldið fram af hans hálfu, að hann hafi boðizt til að greiða það, sem á vantaði, samkvæmt reikningi, og sé því ekki um neinar vanefndir að ræða af hans hálfu. Kveðst stefndi enn reiðubúinn til að standa við þetta greiðslutilboð sitt. Hefur stefndi sundurliðað greiðslutilboð sitt þannig:

1.	Handrið á stiga með plastlista	kr. 3400.00
2.	Gólfdúkur á bað	— 431.00
3.	Einangrun á efsta lofti	— 1645.00
4.	Endurbætur á gólfdúk á tveimur herbergjum á 2. hæð sökum vatnsrennslis	— 862.00
5.	Taka úr rúður í útidyrahurð og leggja þær í kítti	— 120.00
6.	Baðvatnsgeymir ásamt nauðsynlegum leiðslum	— 2900.00
7.	Baðker, kr. 1160.00, ásamt blöndunartækjum kr. 501.00, svo og vinna við uppsetningu	— 2400.00
		Alls kr. 11.758.00

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefndi fjárhæð 4. tl. í kr. 483.00 og þar með greiðslutilboð sitt niður í kr. 11.379.00.

Þá hefur því verið haldið fram af hálfu stefnda, að eftir að stefnanda varð kunnugt um gerð steins þess, sem húsið er hlaðið úr, og eftir að framangreindar matsgerðir hafi verið komnar fram, þá hafi stefnandi greitt fyrirvaralaust afborganir og vaxtagreiðslur af skuldum þeim, sem hún hafði tekið að sér samkvæmt kaupsamningi aðiljanna. Með því að inna greiðslur þessar af hendi, hafi stefnandi firrt sig öllum rétti til að gera kröfur um riftun, skaðabætur eða annað á hendur stefnda.

Það er komið fram í málinu, að stefnandi greiddi hinn 27.

júní 1956 tvær greiðslur afborgana og vaxta af skuldum, er hvíldu á fasteigninni og sem stefnandi hafði tekið að sér að greiða samkvæmt kaupsamningi aðiljanna. Í kvittunum fyrir greiðslum þessum er tekið fram, að stefnandi hafi innt greiðslurnar af hendi vegna stefnda. Það er komið fram af hálfu stefnda, að áður en stefnandi innti greiðslurnar af hendi, hafi því verið lýst yfir af hálfu stefnda, að hann myndi ekki inna þessar greiðslur af hendi.

Það verður að telja, að stefnanda hafi verið rétt að inna greiðslur þessar af hendi og varna því, að vanskil yrðu á þeim. Að þessu athuguðu þykir þessi varnarástæða stefnda ekki koma til álita.

Við munnlegan flutning málsins var lagt fram samkomulag, sem umboðsmenn aðiljanna höfðu undirritað fyrir þeirra hönd hinn 22. október 1956, svohljóðandi:

„1. Að leigja húseignina Sogavegur 32 fyrir ca kr.
á mánuði (sic) eða aðra upphæð eftir nánara samtal okkar.

2. Leigutaki skal skuldbundinn til að víkja úr húsinu með 1 mánaðar fyrirvara, miðað við mánaðamót, ef húsið skyldi seljast eða dómur er kominn, sem báðir aðiljar sætta sig við.

3. Húsaleigan skal greidd mánaðarlega inn á sparisjóðsbók, og verður innstæðan afhent þeim málsaðilja, sem fær húsið Sogavegur 32 skv. dómi eða samkomulagi.

4. Á meðan framangreint mál stendur yfir, skal óheimilt að gera nokkrar breytingar eða endurbætur á húsinu án samráðs við undirritaða."

Í þessu sambandi var því haldið fram af hálfu stefnda, að eftir að samkomulag þetta var gert, hafi stefnandi búið í húsinu án þess að greiða nokkra húsaleigu fyrir þá dvöl. Stefnandi hafi því þann tíma dvalizt í húsinu sem eigandi þess, en ekki leigjandi. Hafi stefnandi með þessu firrt sig rétti til skaðabóta og hvers konar greiðslna úr hendi stefnda. Þrátt fyrir þetta er af hálfu stefnda haldið fast við greiðslutilboð hans.

Varðandi þessa varnarástæðu stefnda er því haldið fram af hálfu stefnanda, að greint samkomulag hafi ekki átt að gilda, ef annarhvor aðiljanna byggi sjálfur í húsinu. Er því jafnframt haldið fram af hálfu stefnanda, að hún hafi þegar greitt, auk þess sem rakið hefur verið hér að framan, meira en sem nemur leigu fyrir þessi afnot hennar af húsinu.

Það verður eigi fallizt á þá varnarástæðu stefnda, að stefnandi hafi með þessari dvöl sinni í húsinu firrt sig neinum rétti

varðandi kröfur þær, sem fjallað er um í máli þessu. Á hinn bóginn þá hefur af hálfu stefnda engin ákveðin krafa verið gerð á hendur stefnanda um húsaleigu vegna þessarar dvalar. Verður því engin afstaða tekin til þess atriðis í málinu.

Verður nú athugað það, sem fram er komið um byggingu umræddds húss.

Vitnið Óskar Guðlaugsson, sem seldi stefnda umrædda húseign, hefur skýrt svo frá, að það hafi sjálft unnið mikið að smíði hússins auk aðstoðarmanna, sem verið hafi óiðnlærðir. Það kveðst sjálft hafa grafið fyrir veggjum á venjulegan hátt og jafnað síðan húsgrunninn með venjulegri steypumöl. Þar ofan á kveðst það hafa sett 20—25 cm þykkt lag af rauðamöl og steypt síðan plötu hússins ofan á þetta undirlag. Vitnið kveðst hafa keypt hleðslusteina þá, sem notaðir hafi verið við byggingu hússins, hjá Gunnari nokkrum Guðmundssyni. Kveðst það síðan sjálft hafa hlaðið steinunum, en kveður Harald Sigurðsson múrarameistara hafa múrhúðað húsið að utan og innan og hlaðið milliveggi. Auk þess kveður það Harald hafa verið við og haft á hendi umsjón, þegar verið var að steypa. Vitnið kveður vegginn milli þvottahúss og gangs 1. hæðar vera steyptan svo og vegginn milli eldhúss og anddyris og áframhald þess veggs. Yfir þeim þrem hurðum, sem á vegg þessum eru, kveður vitnið vera steypta bita, styrkta með járnum. Á milli eldhúss og stofu kveður vitnið vera steyptan loftbita, en kveður bitann steyptan á útvegginn, án þess að hann hvíli á sérstakri burðarsúlu. Vegginn milli þessara herbergja kveður vitnið hlaðinn. Þá kveður vitnið vegg milli gangs og stofu vera steyptan, svo og stiga. Ekki kveður vitnið neinar steyptar súlur vera í útveggjum hússins. Vitnið kveðst sjálft hafa tekið ákvörðun um einangrun bak við ofna, og kveðst hafa fyllt sem nemur holrúminu milli hleðslusteinanna með vikri og bruna ásamt sementi. Lag þetta kveður vitnið hafa verið um 12—15 cm á þykkt og kveður einangrað á þenna hátt alls staðar, þar sem ofnar standa við útveggi. Vitnið kveðst sjálft hafa lagt miðstöð í húsið án leiðbeiningar pípulagningarmanna. Kveðst það einnig sjálft hafa ákveðið að breyta staðsetningu miðstöðvarofna frá því, sem ákveðið hafi verið á teikningu, og setja ofnana undir glugga.

Vitnið Haraldur Sigurðsson, sem hafði yfirumsjón með múrvinnu við umrætt hús, hefur skýrt svo frá, að það hafi unnið í grennd við húsið og komið oft að því, á meðan unnið var að byggingu þess. Sjálft kveðst það hafa múrhúðað húsið að utan

og innan. Er Óskar Guðlaugsson skýrði vitninu frá því, að hann ætlaði að byggja húsið úr svonefndum L-steini, kveðst vitnið hafa bent honum á, að hyggilegra væri að nota efni, sem reynsla væri fengin fyrir. Kveðst vitnið þá ekkert hafa þekkt til þessa byggingarsteins, en kveður Óskar hafa tjáð sér, að þegar hafi verið reist hús hér í bænum úr þessum steini. Ekki kveðst vitnið hafa kynnt sér, hvort byggingarsteinn þessi hefði hlotið viðurkenningu byggingaryfirvalda. Það kveður trúnaðarmenn byggingarfulltrúa, þá Arinbjörn Þorkelsson og Kjartan Ólafsson, sem haft hafi eftirlit á svæði þessu, ekki hafa hreyft neinum athugasemdum við notkun steinsins. Telur vitnið menn þessa hafa haft fullt eftirlit með húsinu.

Í málinu hefur verið lagt fram bréf byggingarfulltrúans í Reykjavík, svohljóðandi:

Við athugun, sem fram hefur farið á húseigninni nr. 32 við Sogaveg, hefur komið í ljós, að útveggir eru hlaðnir úr svokölluðum Arco holsteini með veggþykkt 31 cm.

Þann 13. júní 1953 barst byggingarnefnd Reykjavíkur bréf frá hr. Gunnari Guðmundssyni, Nökkvavogi 42, þar sem hann fer fram á að fá steininn viðurkenndan sem byggingarefni í smáhús. Á fundi byggingarnefndar þann 25. júní s. á. var beiðninni frestað vegna ófullnægjandi rannsóknar á steininum, samanber rannsókn Atvinnudeildar Háskólans nr. 50/671 frá 29. júní 1950. Arco holsteinninn hefur aldrei fengið viðurkenningu byggingarnefndar sem nothæft byggingarefni í Reykjavík, en nefndin gaf þó leyfi til að byggt yrði eitt hús, Nökkvavogur 42, sem tilraunahús, þó með einangrun útveggja.

Með tilvísun til niðurstöðu rannsóknar Atvinnudeildar Háskólans frá 6. apríl þ. á. viðvíkjandi húseigninni nr. 32 við Sogaveg, sem er tvílyft hús og, sem áður er getið, er byggt af Arco holsteini, getur byggingarfulltrúi ekki fallizt á, að steinninn uppfylli kröfur byggingarsamþykktar Reykjavíkur.

Að endingu skal þess getið, að þegar smáíbúðahverfið í Sogamýrinni var byggt, var vegna tilslakana á kröfum byggingarsamþykktarinnar í þessu hverfi fenginn sérstakur eftirlitsmaður byggjendum til leiðbeininga."

Vitnið Kjartan Theodór Sigurðsson arkitekt, starfsmaður byggingarfulltrúans í Reykjavík, sem hefur haft með mál þetta að gera af hálfu byggingarfulltrúa, hefur skýrt svo frá, að Arinbjörn Þorkelsson hafi verið skipaður sérstakur eftirlitsmaður með byggingum í hinu svonefnda smáíbúðahverfi. Vitnið kveður eftirlits-

menn byggingarfulltrúans fylgjast með því, úr hvaða efni hús séu byggð. Vitnið kveður þess jafnan getið í umsóknum húsbyggjenda, úr hvaða efni byggja eigi, en umsóknir þessar séu lagðar fyrir byggingarnefnd til samþykktar. Starfsmenn byggingarfulltrúans fylgist síðan með því, hvort byggingarefni sé notað á réttan hátt í hverju einstöku tilviki. Vitnið kveður burðarþol Arco holsteinsins vera mjög lítið samkvæmt skýrslum Atvinnudeildar Háskóla Íslands. Er það álit vitnisins, enda kveður það það einnig vera álit byggingarnefndarinnar, að byggingarsteinn þessi uppfylli ekki kröfur byggingarsamþykktar Reykjavíkur um burðarþol og einangrun í húsum, sem eru ein hæð, og þá þeim mun síður í húsum, sem eru tvær hæðir. Kveður vitnið þá miðað við, að hinir hlöðnu veggir séu burðarveggir. Vitnið kveður byggingarnefndina yfirleitt ekki hafa leyft byggingu tveggja hæða húsa úr holsteini. Þá kveður vitnið það vera skyldu að leggja járnbita eða steypubita úr járnbentri steinsteypu yfir gluggaop í húsum, sem hlaðin eru úr holsteini.

Vitnið Arinbjörn Þorkelsson húsasmiður, sem var eftirlitsmaður við byggingu húsa í svonefndu smáíbúðahverfi, kveðst hafa hafið starf á árinu 1951 eða 1952 og starfað við það þar til í febrúar- eða marzmánuði árið 1954, en eftir það kveðst vitnið hafa tekið við almennum eftirlitsstörfum hér og þar um bæinn. Starf sitt kveður vitnið aðallega hafa verið fólgið í því að taka út botna, skolpræsi, járn í loftum og þök. Auk þess kveðst það hafa fylgzt með því, hvort hús voru byggð samkvæmt teikningum og í samræmi við byggingarsamþykkt Reykjavíkur. Þá kveður vitnið byggingarfulltrúann hafa lagt fyrir þá eftirlitsmennina að leiðbeina eigendum, ef þeir óskuðu þess. Vitnið kveður húsbyggjendum hafa verið veitt undanþága frá ákvæðum byggingarsamþykktarinnar varðandi gildleika sperra. Þá hafi einnig verið leyft að hlaða tveggja hæða hús úr vikurholsteini. Ekki kveðst vitnið muna eftir fleiri undanþágum frá ákvæðum byggingarsamþykktarinnar en þessum. Vitnið hefur ekki getað veitt neinar upplýsingar varðandi úttekt eða eftirlit hússins nr. 32 við Sogaveg.

Dómurinn hefur farið á vettvang og skoðað umrætt hús rækilega.

Það er fram komið, að byggingarnefnd Reykjavíkur hefur synjað um viðurkenningu á byggingarsteini þeim, sem húsið nr. 32 við Sogaveg er byggt úr, sem nothæfu byggingarefni hér í bænum. Var synjun þessi byggð á því, að rannsóknir sýndu, að steinn þessi fullnægði ekki ákvæðum byggingarsamþykktar Reykjavík-

ur um burðarþol og einangrunargildi, svo sem einnig kemur fram í niðurstöðum Atvinnudeildar Háskólans hér að framan. Verður því samkvæmt þessu að telja hús þetta þegar af þessum sökum haldið verulegum leyndum göllum.

Ekki er fram komið, hvernig það mátti verða, að húsið var byggt úr þessum byggingarsteini, og ekki verður talið í ljós leitt, að stefnda hafi verið gallar þessir kunnir. Hins vegar þykir vera um slíka galla að ræða, sem stefndi sem seljandi hússins beri ábyrgð á gagnvart stefnanda, enda verður ekki talið fram komið, að stefnanda hafi verið ljós gerð byggingarsteinsins og eiginleikar hans.

Samkvæmt þessu verður að telja, að húsið nr. 32 við Sogaveg sé haldið svo verulegum göllum, að heimila beri stefnanda þegar af þeim sökum að rifta kaupsamningi aðiljanna frá 7. nóvember 1955. Verður aðalkrafa stefnanda um riftun því tekin til greina.

Þá hefur stefnandi krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 310.700.00 með vöxtum eins og rakið hefur verið. Hefur stefnandi sundurliðað fjárhæð kröfu þessarar þannig:

1.	Peningar greiddir við undirskrift kaupsamnings aðiljanna hinn 7. nóv. 1955	kr. 150.000.00
2.	Peningar greiddir hinn 27. júní 1956 sem afborgun af skuldabréfum skv. tl. 3, a) og c) í kaupsamningi aðiljanna	— 40.700.00
3.	Skaðabætur	— 120.000.00
	Samtals	kr. 310.700.00

Um 1 og 2.

Fjárhæðir þessar hefur stefnandi innt af hendi samkvæmt ákvæðum kaupsamnings aðiljanna. Þar sem riftunarkrafa stefnanda hefur verið tekin til greina, ber að dæma stefnda til að endurgreiða stefnanda fjárhæðir þessar.

Um 3.

Varðandi lið þenna er því haldið fram af hálfu stefnanda, að hún eigi að vera jafnsett því, að hún hefði ekki fest kaup á umræddu húsi, þannig að hún eigi nú að hafa tækifæri til að kaupa sams konar hús ógallað. Er á það bent, að frá því að umrædd kaup urðu, hafi vísitala byggingarkostnaðar hækkað mikið, svo og söluverð húsa almennt.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að verð húsa í hverfi því, sem umrætt hús stendur í, svonefnt smáíbúðahverfi, sé mjög svipað og fyrr, og hafi ekki verið sýnt fram á, að stefnandi hafi orðið fyrir neinu tjóni.

Það er alkunna, að veruleg hækkun hefur orðið á byggingarkostnaði húsa og söluverði nýrra og nýlegra húsa hér í bænum, frá því er aðiljar gerðu samning sinn. Þykir því stefnandi eiga rétt á skaðabótum úr hendi stefnda af þessum sökum. Með tilliti til þess, sem komið er fram í málinu, þykja bætur þessar hæfilega ákveðnar kr. 80.000.00.

Verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda kr. 270.700.00 með 6% ársvöxtum af kr. 150.000.00 frá 7. nóvember 1955 til 27. júní 1956, af kr. 190.700.00 frá þeim degi til 13. júlí 1956 og af kr. 270.700.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Þá ber að staðfesta löghald það, sem stefnandi lét hinn 13. júlí 1956 leggja á eignina nr. 32 við Sogaveg.

Samkvæmt þessum úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 27.000.00, þar með talinn mats- og rannsóknarkostnaður, enda verður að telja, að stefnanda hafi verið rétt að láta framkvæma þessi möt og rannsókn.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum Magnúsi Vigfússyni húsasmíðameistara og Ögmundi Jónssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Framangreint löghald er staðfest.

Viðurkennd er krafa stefnanda, Jónu G. Stefánsdóttur, um riftun á kaupsamningi hennar og stefnda, Árna Árnasonar, dags. 7. nóvember 1955, um húsið nr. 32 við Sogaveg.

Stefndi greiði stefnanda kr. 270.700.00 með 6% ársvöxtum af kr. 150.000.00 frá 7. nóvember 1955 til 27. júní 1956, af kr. 190.700.00 frá þeim degi til 13. júlí 1956 og af kr. 270.700.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda kr. 27.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetadóms Reykjavíkur 14. október 1959.

Ár 1959, miðvikudaginn 14. október, var fógetaréttur Reykjavíkur settur í húsinu nr. 29 við Kirkjuteig og haldinn þar af

fulltrúa borgarfógeta Þorsteini Thorarensen ásamt undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A-495/1959, Jóna G. Stefánsdóttir gegn Árna Árnasyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 dóm bæjarþings Reykjavíkur nr. 1115/1956, birtan af stefnuvottum.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Árni Stefánsson hdl. og krefst fjárnáms fyrir skuld samkvæmt dóminum á rjskj. nr. 2. . . .

Gerðarþoli, sem á hér heima, er ekki mættur. Kona hans, Sigríður Sæmundsdóttir, er mætt. Hún kveðst ekki geta greitt skuldina . . . Hún neitar að benda á eignir til fjárnáms . . .

Var rétturinn fluttur að húsinu nr. 32 við Sogaveg. Þar mætir í réttinum að tilhlutan fógeta Karl Ólafsson bílstjóri, sem hér er staddur.

Fógeti lýsti yfir fjárnámi í húseigninni nr. 32 við Sogaveg. . . .

Miðvikudaginn 29. júní 1960.

Nr. 112/1960. **Sverrir Guðfinnur Karlsson**
gegn
valdstjórninni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og Magnús Þ. Torfason prófessor.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 22. þ. m. hefur kærandi samkvæmt 3. tölulið 172. gr. laga nr. 27/1951 skotið til Hæstaréttar úrskurði sakadóms Reykjavíkur, er upp var kveðinn sama dag. Barst Hæstarétti kæran 24. þ. m. Krefst kærandi þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur. Svo krefst og skipaður talsmaður kæranda málsvarnarlauna sér til handa.

Hvorki kröfur né greinargerð hafa borizt Hæstarétti frá fyrirsvari valdstjórnarinnar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Málflutningslaun skipaðs réttargæzlumanns kæranda, kr. 800.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Málflutningslaun skipaðs réttargæzlumanns kæranda, Jóhannesar Lárussonar héraðsdómslögmanns, kr. 800.00, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 22. júní 1960.

Ár 1960, miðvikudaginn 22. júní, var úrskurður þessi kveðinn upp á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg af Ármanni Kristinssyni.

Málavextir eru þeir, að Lully Matthíasson, Bergþórugötu 14, hér í borg, sakar son sinn Sverri Guðfinn Karlsson, til heimilis á sama stað, fæddan 1. marz 1935 í Reykjavík, um að hafa s.l. mánudagskvöld og aðfaranótt næsta þriðjudags lagt á sig hendur og á þann hátt með ofríki neytt hana til að láta af höndum við hann 200 krónur, er Sverrir Guðfinnur nýtti til áfengiskaupa. Einnig segir hún sökunaut hafa vafið pilsi um háls henni og hert að, þannig að henni lá við köfnun. Lully Matthíasson hefur fyrir dómi mjög eindregið óskað þess, að Sverrir Guðfinnur verði ekki laus látinn, þar sem hann sé geðveill og hvorki hún né aðrir óhultir fyrir árásum hans.

Sökunautur hefur í frumskýrslu fyrir dómi játað frásögn móður sinnar rétta, að því undanskildu, að hann hafi enga tilraun gert til að kyrkja hana með pilsinu.

Með vísan til 67. gr. laga nr. 27/1951 þykir verða að úrskurða sökunaut í gæzluvarðhald, fyrst um sinn í allt að 40 daga, og þá jafnframt skylda hann til að hlíta rannsókn á geðheilbrigði sinni.

Því úrskurðast:

Sökunautur, Sverrir Guðfinnur Karlsson, skal sæta gæzluvarðhaldi allt að 40 dögum og gangast undir rannsókn á geðheilbrigði sinni.

Föstudaginn 23. september 1960.

Nr. 136/1960. **Höfðaklettur h/f**
gegn
Kaupfélagi Húnvetninga.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísunarkrafa. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn kærði úrskurður er upp kveðinn af Guðbrandi Ísberg, settum sýslumanni Húnavatnssýslu, ásamt samdómendum Hermanni Þórarinssyni hreppstjóra og Ernst Berndsen hafnarstjóra.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. júní 1960, sem hingað barst 18. júlí s. á., og krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, málinu vísað frá héraðsdómi og varnaraðilja dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og kærumálskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðilja verði dæmt að greiða kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Í hinum kærða úrskurði greinir eigi aðilja málsins, og kröfum þeirra, málsatvikum og málsástæðum er þar eigi lýst nema að litlu leyti. Héraðsdómur hefur því eigi gætt fyrirmæla 2. mgr. 190. gr. og 4. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936. Vegna þessa megingalla á formhlið málsins þykir verða að ómerkja hinn kærða úrskurð og vísa málinu heim til úrskurðar af nýju, þótt málsgögn þau, er úrskurðinum fylgdu, bendi til þess, að hann sé að niðurstöðu til réttur.

Rétt þykir eftir atvikum, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera ómerkur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sjó- og verzlunardóms Húnavatnssýslu 20. júní 1960.

Verjandi máls þessa krefst þess, að því verði vísað frá dómi nú þegar. Bein rök fyrir þeirri kröfu eru nær engin flutt fram, en í þess stað vísað til hæstaréttardóms og til tilgreindra lagagreina, án þess að greina á hvern hátt þær heimildir hleypa stoðum undir frávísunarkröfu hans, eins og málið nú liggur fyrir. Hins vegar virðist það verða að vera lágmarkskrafa til málflytjanda, að hann reyni að rökstyðja beinum orðum kröfur sínar, þær er hann ætlast til, að teknar verði til greina. Frávísun á þessu stigi málsins getur því eigi komið til greina.

Því úrskurðast:

Kröfu verjanda í máli þessu um frávísun þess nú þegar ber ekki að taka til greina.

Föstudaginn 23. september 1960.

Nr. 137/1960. **Höfðaklettur h/f**
gegn
Kaupfélagi Skagstrendinga.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísunarkrafa. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn kærði úrskurður er upp kveðinn af Guðbrandi Ísberg, settum sýslumanni Húnavatnssýslu, ásamt samdómendum Hermanni Þórarinssyni hreppstjóra og Ernst Berndsen hafnarstjóra.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. júní 1960, sem hingað barst 18. júlí s. á., og krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, málinu vísað frá héraðsdómi og varnaraðilja dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og kærumálskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði

staðfestur og sóknaraðilja verði dæmt að greiða kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Í hinum kærða úrskurði greinir eigi aðilja málsins, og kröfum þeirra, málsatvikum og málsástæðum er þar eigi lýst nema að litlu leyti. Héraðsdómur hefur því eigi gætt fyrirmæla 2. mgr. 190. gr. og 4. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936. Vegna þessa megingalla á formhlið málsins þykir verða að ómerkja hinn kærða úrskurð og vísa málinu heim til úrskurðar af nýju, þótt málsgögn þau, er úrskurðinum fylgdu, bendi til þess, að hann sé að niðurstöðu til réttur.

Rétt þykir eftir atvikum, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera ómerkur.
Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sjó- og verzlunardóms Húnavatnssýslu 20. júní 1960.

Verjandi máls þessa krefst þess, að því verði vísað frá dómi nú þegar. Bein rök fyrir þeirri kröfu eru nær engin flutt fram, en í þess stað vísað til hæstaréttardóms og til tilgreindra lagagreina, án þess að greina á hvern hátt þær heimildir hleypa stoðum undir frávísunarkröfu hans, eins og málið nú liggur fyrir. Hins vegar virðist það verða að vera lágmarkskrafa til málflytjanda, að hann reyni að rökstyðja beinum orðum kröfur sínar, þær er hann ætlast til, að teknar verði til greina. Frávísun á þessu stigi málsins getur því eigi komið til greina.

Því úrskurðast:

Kröfu verjanda í máli þessu um frávísun þess nú þegar ber ekki að taka til greina.

Föstudaginn 23. september 1960.

Nr. 154/1960. **Hraðfrystihús Gerðabátanna h/f**
gegn
Axel Jónssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frestbeiðni synjað.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn kærði úrskurður var upp kveðinn hinn 1. júlí 1960 og var birtur sóknaraðilja hinn 5. s. m. Sóknaraðili kærði úrskurðinn með bréfi til bæjarfógetans í Hafnarfirði, dags. 11. s. m., og barst bæjarfógetanum bréfið 12. s. m. Hæstarétti barst kæran 1. september s.l.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, hinn umbeðni frestur veittur og varnaraðilja dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og að sóknaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 6000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Hraðfrystihús Gerðabátanna h/f, greiði varnaraðilja, Axel Jónssyni, kr. 6000.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður aukadómþings Gullbringu- og Kjósarsýslu 1. júlí 1960.

Ár 1960, föstudaginn 1. júlí, var á aukadómþingi Gullbringu- og Kjósarsýslu af Jóhanni Þórðarsyni, fulltrúa sýslumanns, kveðinn upp úrskurður í framangreindu máli, sem tekið var til úrskurðar 28. júní s.l.

Mál þetta hefur Axel Jónsson bifreiðarstjóri, Gerðum, Garðahreppi, höfðað með stefnu, útgefinni 12. maí s.l., gegn Hraðfrystihúsi Gerðabátanna h/f, Garðahreppi, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 314.621.36, auk 6% ársvaxta frá 1. janúar 1956 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefnandi hefur með stefnu í framhaldssök, útgefinni 7. júní 1960, krafizt 10% ársvaxta af stefnukröfum frá 22. febrúar 1960 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnandi telur fjárhæð þá, sem hann krefst, vera til orðna vegna vinnu hjá hinu stefnda félagi um alllangt árabil sem bifreiðarstjóri. Hafi inneign sín um s.l. áramót numið kr. 314.621.36.

Formaður félagsstjórnar hins stefnda hefur viðurkennt, að réttarskjal nr. 3 í máli þessu sé útbúið af sér og sé það rétt endurrit úr bókum félagsins. Á þessu skjali byggir stefnandi kröfur sínar.

Mál þetta var þingfest 18. maí s.l. Kom þá fram af hendi stefnanda stefna, greinargerð og reikningsyfirlit. Stefndi fékk þá frest til að rita greinargerð til 31. maí og síðan framhaldsfrest í sama skyni til 14. júní s.l., er greinargerð kom fram af stefnda hálfu. Stefnandi lagði þá fram stefnu í framhaldssök, greinargerð í framhaldssök og löghaldsakt, en löghald var gert í eignum hins stefnda fyrirtækis hinn 2. júní s.l. til tryggingar dómkröfunni.

Stefndi óskaði þá eftir fresti til 28. júní s.l., og var hann veittur. Skilaði stefndi þá greinargerð í framhaldssök. Óskaði stefndi þá eftir fresti til öflunar frekari gagna til 6. september n.k. Af hálfu stefnanda var fresti þessum mótmælt á þeim forsendum, að skuldin væri viðurkennd, enda hefði hið stefnda hlutafélag nú þegar fengið nægan frest til frekari gagnaöflunar.

Eins og að framan er rakið, skilaði stefndi þá fyrst greinargerð í málinu, eftir að búið var að veita frest til þess í fjórar vikur. Síðan fær hann frest til að skila greinargerð í framhaldssök, en greinargerð þessi er ekki annars efnis en vísað er til röksemda í greinargerð í aðalmálinu og ósk um frekari fresti. Formaður félagsstjórnar hins stefnda hlutafélags hefur fyrir fógetarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem háður var 2. júní s.l., kveðið reikningsyfirlitið á dskj. nr. 3 samið af sér sjálfum og rétt eftirrit úr bókum félagsins.

Jóni Kr. Gunnarssyni hlaut því að vera það ljóst, að hið stefnda hlutafélag var talið skulda stefnanda hina umstefndu skuld. Hníga því engin rök til þess að veita frekari frest gegn andmælum stefnanda, þar sem eigi verður séð, að þörf sé öflunar frekari gagna.

Því úrskurðast:
Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.

Föstudaginn 23. september 1960.

Nr. 155/1960. **Sigurjón Björnsson**
gegn
Halldóri Björnssyni og
Sveinbirni H. Pálssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 8. ágúst 1960, sem hingað barst 2. september s. á. Krefst hann þess, að málskostnaðarákvæði hins kærða dóms verði úr gildi fellt og kærðu verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir héraðsdómi samkvæmt gildandi gjaldskrá Lögmannafélags Íslands eða eftir mati Hæstaréttar og svo kærumálskostnað að mati Hæstaréttar.

Varnaraðiljar krefjast þess, að hið kærða málskostnaðarákvæði verði staðfest og þeim dæmdur kærumálskostnaður úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Héraðsdómari hefur metið þrjár gagnkröfur varnaraðilja til lækkunar málskostnaði þeim, sem hann dæmdi varnaraðilja til að greiða sóknaraðilja, enda þótt eðlilegra hefði verið að leggja sjálfstætt dóm á nefndar gagnkröfur. En þar sem málinu í heild hefur eigi verið áfrýjað, verður við þessa meðferð að sitja. Að þessu athuguðu þykir bera að staðfesta hið kærða málskostnaðarákvæði.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðiljum kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 4000.00.

Dómsorð:

Hið kærða málskostnaðarákvæði á að vera óraskað.

Sóknaraðili, Sigurjón Björnsson, greiði varnaraðiljum, Halldóri Björnssyni og Sveinbirni H. Pálssyni, kærumálskostnað, kr. 4000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. ágúst 1960.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, höfðaði Sigurjón Björnsson póstafgreiðslumaður, Flókagötu 58, hér í borg, fyrir bæjarþinginu með stefnu, sem birt var 11. júní 1959, gegn Halldóri Björnssyni og Sveinbirni H. Pálssyni, en þeir eru báðir byggingameistarar og báðir búsettir að Rauðalæk 3, hér í borg.

Í stefnu er þess krafizt, að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda in solidum kr. 158.800.00 auk 6% vaxta p. a. af kr. 80.000.00 frá 18. október 1958 til 25. maí 1959 og af kr. 158.000.00 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að mati dómsins. Í munnlegum málflutningi lækkaði lögmaður stefnanda kröfuna um kr. 12.808.41 í kr. 145.991.59.

Af hálfu stefndu er aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara er krafizt verulegrar lækkunar krafna og þess, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málavextir eru þessir: Með samningi, er gerður var 18. október 1958, keypti stefnandi af stefndu rishæð Rauðalækjar 3. Var hæðin þá fokheld orðin og nokkru betur. Kaupverðið var kr. 280.000.00. Af því greiddi stefnandi þegar kr. 80.000.00, kr. 130.000.00 skyldi hann borga eigi síðar en 15. janúar 1959, en eftirstöðvarnar, kr. 70.000.00, með jöfnum afborgunum á næstu þremur árum. Gjalddagar þeirrar skuldar skyldu vera 15. október ár hvert, hinn fyrsti árið 1959, og skyldi stefnandi svara 7% vöxtum p. a. af skuldinni frá og með 15. október 1958. Stefnandi hóf eftir þetta framkvæmdir í íbúðinni, sem miðuðu að því að fullgera hana.

Þegar að því kom, að stefnandi skyldi inna af hendi áður um getna 130.000.00 kr. greiðslu, var honum fjár vant. Varð ekki úr greiðslunni, og þar kom, að lögmaður stefndu ritaði stefnanda bréf og rifti kaupin á íbúðinni. Bréfið er dagsett 5. maí 1959. Bréfið er á þessa leið:

„Svo sem ég hef tilkynnt lögmanni yðar, Gunnari Þorsteins-

syni hrl., hafa þeir Sveinbjörn H. Pálsson og Halldór Björnsson, báðir að Rauðalæk 3, hér í bæ, falið mér að tilkynna yður, að þeir hafa ákveðið hér með að rifta kaupsamningi milli ykkar um rishæð hússins nr. 3 við Rauðalæk, dags. 18. október 1958, vegna vanefnda yðar.

Áskilja þeir sér allan rétt til þess síðar að bera fram skaðabótakröfu á hendur yður. Hafa þeir þegar tekið íbúðina í sína vörzlu og munu reyna að selja hana við fyrsta tækifæri.

Dómkvaddir hafa verið þeir Einar Sveinsson múrarameistari, Gnoðavogi 56, og Ragnar Finnsson múrarameistari, Flókagötu 43, til að meta til fjár endurbætur, sem þér hafið látið framkvæma á íbúðinni. Mun yður verða tilkynnt um, hvenær matið fer fram."

Matsgerðin er dagsett 25. maí 1959. Segir í niðurlagi hennar: „Samkvæmt ofangreindu metum við það, sem Sigurjón Björnsson hefur lagt til, efni og vinnu, í risíbúð nr. 3 við Rauðalæk, á kr. 77.800.00 ...."

Hinn 1. júní 1959 ritaði lögmaður stefnanda lögmanni stefndu bréf. Þar segir m. a.:

„Vegna ákvörðunar umbj. yðar um riftun á nefndum kaupsamningi, krefst umbj. m., að umbj. yðar endurgreiði mér vegna umbj. m. þær kr. 80.000.00, sem hann greiddi umbj. yðar upp í væntanlegt kaupverð þann 18. okt. s.l., ásamt 6% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 18. okt. 1958 til greiðsludags.

Enn fremur er krafizt, að umbj. yðar greiði mér vegna umbj. m. matsfjárhæðina (á endurbótunum) kr. 78.800.00, auk 6% vaxta frá 25/5 1959 til greiðsludags.

Hvorutveggja framangreindra fjárhæða, samtals kr. 158.800.00, auk vaxta samkvæmt framanskráðu, þurfa að koma í mínar hendur fyrir 6. þ. m."

Í bréfi þessu er matsfjárhæðin ranglega talin kr. 78.800.00, og kemur sú sama villa fram í lokakröfunni, sem gerð er í stefnu. Í hinum munnlega málflutningi var krafan lækkuð um kr. 1000.00 vegna þessa, og er sú fjárhæð hluti af fyrrnefndri lækkun (kr. 12.808.41), sem þá var gerð.

Ekki var orðið við þessari greiðsluáskorun, og var stefna í málinu birt 11. júní, sem fyrr segir.

Hinn 20. júní var gerður samningur um fyrrgreinda íbúð milli stefndu og Júlíusar Magnússonar, Framnesvegi 24 b. Virðist eignin hafa verið seld í sama ástandi og hún var, þegar stefnandi lét hana af höndum. Kaupverðið er samkvæmt samningnum kr.

350.000.00. Kaupandi greiddi þegar í peningum kr. 220.000.00, hinn 1. september 1959 skyldi hann borga kr. 50.000.00, en eftirstöðvarnar (kr. 80.000.00) skyldi hann greiða með árlegum afborgunum á 5 árum og svara 7% vöxtum p. a. af skuldinni.

Af hálfu stefndu var lögð fram greinargerð í máli þessu hinn 3. september 1959. Þar segir m. a.:

„Sýknukröfu sína byggja umbj. m. á eftirfarandi gagnkröfum, sem þeir telja sig eiga á hendur stefnanda vegna margnefndra íbúðarkaupa og eftirfarandi riftingar og krefjast þess að fá að skuldajafna þeim kröfum við kröfur stefnanda.

1.	Veðskuldir, sem hvíla á íbúðinni á I. og IV. veðrétti, að eftirstöðvum	kr.	99.778.73
2.	Vextir	—	5.100.00
3.	Lögfr.legur kostnaður vegna riftunar	—	14.364.00
4.	Matskostnaður	—	2.800.00
5.	Tap vegna óhagstæðari sölu	—	8.800.00
6.	Sölulaun á íbúðinni af kr. 350 þús.	—	7.000.00
7.	Hita- og rafmagnskostnaður	—	2.064.79
8.	Byggingarefni	—	3.735.75
9.	Bætur fyrir óþægindi og fyrirhöfn	—	20.000.00

Samtals kr. 163.643.32"

Aðiljar máls þessa eru sammála um, að stofnazt hafi krafa á hendur stefndu, að fjárhæð kr. 157.800.00, vegna viðskipta þeirra. Ágreiningurinn í málinu er vegna ofanskráðra gagnkrafna, og verða þær nú athugaðar nánar:

1. liður. Fram er komið í málinu, að stefnandi hefur fengið aflýst af skuldum þessum kr. 92.770.18, svo að eftir standa kr. 7008.60, er hvíla á 4. veðrétti, en jafnframt eru þeir sammála um, að eftirstöðvar veðskuldarinnar séu nú kr. 6007.87. Af hálfu stefnanda er viðurkennt, að þessi upphæð eigi að koma til frádráttar hinni upphaflegu stefnukröfu, enda er hluti þeirrar lækkunar, sem lögmaður stefnanda gerði á kröfunni í hinum munnlega málflutningi, til kominn vegna þessa. Af hálfu stefndu hefur því verið haldið fram, að taka beri tölulið þann, sem hér er til umræðu, til greina í máli þessu, þó að fyrrgreind aflýsing hafi farið fram, þar sem ekki hafi fengizt máð úr afsals- og veðmálabókum sú kvöð, sem til hafi komið vegna hinna aflýstu veðbanda, að eignin sé háð ákvæðum laga um byggingarsamvinnufélög. Stefndu í máli þessu hafa nú selt hæð þá að Rauðalæk 3, sem

mál þetta er af risið, og gera í 5. tölulið í kröfugerð sinni kröfu vegna mismunar á söluverðinu 18. október 1958 og 20. júní 1959. Tjón það, sem stefndu kunna að hafa orðið fyrir vegna kvaðar varðandi ákvæði laga um byggingarsamvinnufélög, hefur komið fram við söluna í júní, og verður því ekki um það að ræða að virða það í þessu sambandi. Samkvæmt þessu verður þessi liður tekinn til greina með kr. 6007.87, eins og stefndi gerði undir rekstri málsins.

2. liður. Af hálfu stefndu er þessi kröfuliður þannig rökstuddur af lögmanni þeirra: „M. a. urðu umbj. m. fyrir vaxtatapi af drætti á greiðslu á kr. 130.000.00 frá 15. janúar 1959 til 4. maí 1959, er riftun fór fram. Nemur vaxtatapið með 6% ársvöxtum kr. 2405.00. Umsamdir ársvextir af kr. 70.000.00 samkvæmt lið A-3 í kaupsamningnum á rskj. nr. 3 voru 7%, og ber stefnanda einnig að greiða umbj. m. þá vexti frá undirskrift kaupsamnings 18. október 1958 til 4. maí 1959, eða kr. 2695.00. Samtals nemur því vaxtatap umbj. m. kr. 5100.00". Vaxtakröfu þessari hefur af hálfu stefnanda verið mótmælt á þeim grundvelli, að stefndu hafi ekki gert áskilnað hér að lútandi, þegar rift var. Fallast verður á það með lögmanni stefndu, að sá áskilnaður, sem þá var gerður, og sem fyrr hefur komið fram í dómi þessum, taki til þessa kröfuliðar. Þar sem hann er byggður á sjónarmiðum varðandi bætur, sem rétt eru að íslenzkum lögum, og honum hefur ekki verið mótmælt reikningslega, verður hann tekinn til greina.

Tekin verður afstaða til 3. og 4. liðar, þegar ákvörðun um málskostnað verður tekin.

5. liður. Af stefnanda hálfu hefur þessum lið verið mótmælt á þeim grundvelli, að verð íbúðarinnar hafi verið hærra en upp er gefið í kaupsamningnum 20. júní 1959, svo og með þeim rökum, að kjör þau, sem stefndu komust að við þessi kaup og útborganir varða, hafi verið mun hagstæðari en kjör þau, sem um var samið við stefnanda. Af þessum sökum er því haldið fram af hálfu stefnanda, að stefndu hafi ekkert tjón beðið vegna riftunarinnar og hinnar nýju sölu. Þá er þessum tölulið og mótmælt á þeirri forsendu, að stefndu hafi hvorki leitað samráðs né samþykkis við stefnanda varðandi söluverðið 20. júní 1959.

Af hálfu stefndu er því mótmælt, að söluverðið 20. júní hafi verið hærra en í samningnum greinir, og þar sem stefnandi hefur eigi fært fram neinar sannanir þar að lútandi, verður sú málsástæða hans ekki tekin til greina.

Sú staðhæfing, að útborganir hafi verið stefndu hagstæðari,

þegar þeir seldu íbúðina síðara sinnið, fær bersýnilega ekki staðizt, og verður þessi málsástæða því ekki heldur tekin til greina.

Því er ómótmælt haldið fram af hálfu stefndu, að íbúðin hafi verið boðin fram til sölu á opinberum fasteignamarkaði eftir riftunina. Ekkert er fram komið um, að hún hafi verið seld fyrir lægra verð en vænta mátti. Með tilliti til þess svo og þess, að stefnanda var kunnugt um, að sölutilraunir stóðu yfir, og að hann hefði getað gert sérstakan áskilnað, ef hann vildi hafa þar afskipti af, verður málsástæða hans hér að lútandi ekki tekin til greina.

Samkvæmt þessu verður 5. töluliður í gagnkröfum stefndu tekinn til greina, en þó þannig, að hann lækkar í kr. 7800.00 í samræmi við leiðréttingu þá á samtölum umsamins kaupverðs og endurbóta, sem áður hefur verið gerð.

Til 6. liðs verður tekin afstaða, þegar ákvörðun um málskostnað verður tekin.

7. og 8. töluliðir hafa verið viðurkenndir af hálfu stefnanda, og eru þeir hluti af þeirri lækkun stefnukröfunnar, sem gerð var í hinum munnlega málflutningi. Ekki þykja efni til að taka til greina 9. tölulið.

Samkvæmt framanskráðu verða kr. 12.900.00 af gagnkröfum stefndu notaðar til skuldajafnaðar við kröfu stefnanda, eins og hún var fram sett í hinum munnlega málflutningi, og ber samkvæmt því að dæma stefndu til að greiða stefnanda kr. 133.091.59.

Ekki eru efni til að dæma stefnanda vexti nema frá birtingardegi stefnu. Verða honum dæmdir 6% vextir p. a. af fyrrgreindri upphæð frá 11. júní 1959 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnanda málskostnað. Við ákvörðun hans ber að taka tillit til þess til lækkunar, að vegna vanefnda hans þurftu stefndu að leggja í kostnað við riftun, nýja sölu og mat. Eftir öllum atvikum þykir bera að dæma stefndu til að greiða stefnanda í málskostnað kr. 2000.00.

Þór Vilhjálmsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, Halldór Björnsson og Sveinbjörn H. Pálsson, greiði in solidum stefnanda, Sigurjóni Björnssyni, kr. 133.091.59 með 6% vöxtum p. a. frá 11. júní 1959 til greiðsludags og kr. 2000.00 í málskostnað. Greiðslurnar fari fram innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 27. september 1960.

Nr. 138/1960. **Lárus Þ. Valdimarsson**
gegn
Kaupfélagi Skagstrendinga.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísunarkröfu synjað.

Dómur Hæstaréttar:

Hinn kærði úrskurður er upp kveðinn af Guðbrandi Ísberg, settum sýslumanni í Húnavatnssýslu, ásamt samdómendunum Hermanni Þórarinssyni hreppstjóra og Ernst Berndsen hafnarstjóra.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 5. júlí 1960, sem hingað barst 18. s. m., og krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, málinu vísað frá héraðsdómi og varnaraðilja dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Mál þetta hefur verið höfðað á réttu varnarþingi, og eigi varðar það frávísun, þótt það sé rekið fyrir sjó- og verzlunardómi. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 1800.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Lárus Þ. Valdimarsson, greiði varnaraðilja, Kaupfélagi Skagstrendinga, kr. 1800.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður sjó- og verzlunardóms Húnavatnssýslu 4. júlí 1960.

Í máli þessu, sem er höfðað af Kaupfélagi Skagstrendinga í

Höfðakaupstað (Skagaströnd) gegn Lárusi Þ. Valdimarssyni, stjórnarformanni og framkvæmdastjóra h. f. Höfðakletts í Höfðakaupstað, til greiðslu vöruúttektar í verzlun kaupfélagsins í Höfðakaupstað á árunum 1957—1959, að upphæð kr. 7838.75, hefur umboðsmaður stefnda, hdl. Guðlaugur Einarsson, Reykjavík, krafizt frávísunar málsins nú þegar, en til vara, að umbjóðandi hans verði sýknaður af kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

Frávísunarkrafan er samkvæmt framlagðri greinargerð byggð á neðangreindum forsendum:

1. Að stefndi sé búsettur á Rifi á Snæfellsnesi, og sé honum stefnt til að mæta á röngu varnarþingi.
2. Að málið hafi verið þingfest í sjó- og verzlunardómi, en átt hefði að sækja það á aukadómþingi.

Að 1. Málið er verzlunarskuldarmál, en skuldin stofnuð í Höfðakaupstað og málið þingfest þar, en síðan flutt til Blönduóss. Stefnan virðist hafa verið löglega birt á heimili stefnda samkvæmt áritun stefnuvotta og þingfesting málsins heimil í Höfðakaupstað samkvæmt 1. mgr. 82. gr. laga nr. 85/1936.

Að 2. Það er rétt, að mál þetta, sem stefnt var fyrir aukadómþing Húnavatnssýslu, var af vangá tekið fyrir í sjó- og verzlunardómi samhliða 2 öðrum málum á hendur Höfðakletti h.f., en stefndur er fyrirsvarsmaður þess hlutafélags og mætti sjálfur í öllum málunum. Krafðist hann frávísunar í málunum á hendur Höfðakletti h.f., en í þessu máli gerði hann ekki annað við þingfestingu þess en að biðja um mánaðarfrest til þess að skila greinargerð, og var honum úrskurðaður hálfs mánaðar frestur. Þegar svo málið kom fyrir á ný á Blönduósi, var leitað samþykkis aðilja að flytja málið á milli þinga, þ. e. taka það nú fyrir á aukadómþingi og þingmerkja framlögð skjöl að nýju í samræmi við það, en því var mótmælt af umboðsmanni stefnda, sem heimtaði, að það yrði flutt áfram fyrir sjó- og verzlunardómi. Verður að líta svo á, að umboðsmaður stefnda hafi með þeirri framkomu sinni samþykkt flutning málsins fyrir sjó- og verzlunardómi. Þau ummæli umboðsmanns stefnda í greinargerð hans, að umbjóðandi hans eigi stefnanda enga skuld að gjalda, gætu og bent til þess, að hann telji, að skuldin sé ekki hans skuld, heldur þá væntanlega Höfðakletts h.f., og ætti málið þá að flytjast fyrir sjó- og verzlunardómi.

Flutningur máls þessa hefur farið fram með sama hætti sem verið hefði, ef það hefði verið flutt fyrir aukadómþingi Húna-

vatnssýslu, að því einu fráskildu, að meðdómsmenn áttu þátt í að úrskurða stefnda umbeðinn frest. Verður því ekki séð, að þau mistök, sem urðu við þingfestingu málsins af hendi dómsins, hafi á nokkurn hátt haft áhrif á málstað eða málflutningsaðstöðu umboðsmanns stefnda, að það réttlæti kröfu hans um frávísun.

Því úrskurðast:

Kröfu umboðsmanns stefnda í máli þessu, hdl. Guðlaugs Einarssonar, um frávísun þess, ber ekki að taka til greina.

Fimmtudaginn 29. september 1960.

Nr. 128/1959. **G. Helgason & Melsted h/f** (Sveinn Snorrason hdl.)
gegn
E. O. Umez Eronini (Jón Bjarnason hrl.)
og gagnsök.

Dómendur:
Hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Lausafjárkaup. Skaðabóta- og endurgreiðslukröfur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. júlí 1959, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. s. m. og gert þær dómkröfur, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum £ 3434-1-5 með 6% ársvöxtum frá 4. marz 1955 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. janúar 1960, áfrýjað málinu með stefnu 10. febrúar s. á. og krafizt þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum £ 3056-6-3 með 6% ársvöxtum frá 12. marz 1953 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, gerðu aðiljar í febrúar 1953 með sér samning þess efnis, að aðaláfrýjandi skyldi selja gagnáfrýjanda tiltekið magn af skreið, sem afhenda átti frá því í júní til desember 1953. Skyldi gagnáfrýjandi setja fyrirfram tryggingarfé, 15% af umsömdu söluverði. Hefði það átt að nema £ 10.003-10-0. Í framkvæmd setti hann einungis £ 7000-0-0. Samningur þessi var eigi efndur eftir efni sínu, heldur veitti aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda tilslökun á tilslökun ofan um efndatíma samningsins og féllst jafnvel á lækkun á kaupverði gegn því, að gagnáfrýjandi setti bankatryggingu og efndi samninginn að öðru af sinni hendi. Eru þessi skipti aðilja öll skilmerkilega greind í héraðsdómi. Síðast á árinu 1953 og á árinu 1954 tjáði aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda margsinnis í bréfum, að vanefndir gagnáfrýjanda myndu leiða til þess, að aðaláfrýjandi yrði að selja hina umsömdu skreið, sem gagnáfrýjandi eigi hefði veitt viðtöku og greitt, fyrir reikning gagnáfrýjanda, og í bréfi 19. júlí 1954 tilkynnti hann gagnáfrýjanda, að sá hluti skreiðarinnar, sem óafhentur var, hefði verið seldur öðrum.

Með framkomu sinni sýndi aðaláfrýjandi, að hann vildi, svo lengi sem hann taldi sér fært, halda kaupunum upp á kaupanda, að vísu með skilorðsbundnum tilslökunum. Hefur hann því eigi fyrirgert rétti sínum til skaðabóta vegna vanefnda gagnáfrýjanda.

Skaðabótakröfu sína sundurliðar aðaláfrýjandi þannig:

1. Seldir gagnáfrýjanda samkvæmt samningi 4800 pakkar af bolþorski. Teknir af gagnáfrýjanda 1636 pakkar, vanteknir 3164 pakkar, 45 kg hver, þ. e. alls 142.380 kg á £ 250-0-0 hver 1000 kg cif Port Harcourt ..	£ 35.595-0-0
2. Seldir 1200 pakkar af ráskornum ufsa. Teknir af gagnáfrýjanda 200 pakkar. Vanteknir 1000 pakkar, 45 kg hver, þ. e. alls 45000 kg á £ 235-0-0 hver 1000 kg cif Port Harcourt	£ 10.575-0-0
	£ 46.170-0-0

Frá þessari fjárhæð dregur aðaláfrýjandi:

1. Andvirði 3164 pakka af bolþorski, hver pakki 45 kg, þ. e. alls 142.380 kg á markaðsverði 1954 £ 195-0-0 hver 1000 kg fob.	£ 27.764-2-0	
2. Andvirði 1000 pakka af ráskornum ufsa, hver pakki 45 kg, þ. e. alls 45.000 kg á markaðsverði 1954 £ 190-0-0 hver 1000 kg fob	£ 8.550-0-0	
3. Flutningskostnaður á 4164 pökkum, hver 45.6 kg, frá Íslandi til Port Harcourt, alls 189.878 kg, 325/— d hver 1000 kg	£ 3.085-10-4	
4. Vátryggingariðgjöld 7% af £ 40.000-0-0	£ 280-0-0	£ 39.679-12-4

Krafa aðaláfrýjanda £ 6.490- 7-8

I. Krafa aðaláfrýjanda á hendur gagnáfrýjanda vegna vanefnda á kaupum á bolfiski.

Svo sem sagt var, var þorskur sá, sem gagnáfrýjandi hafði eigi tekið og greitt, seldur, að því er ætla má, eigi síðar en í júní 1954, eftir að aðaláfrýjandi hafði tjáð gagnáfrýjanda, að til slíkrar sölu fyrir hans reikning kynni að koma. Samkvæmt vottorði Viðskiptadeildar Utanríkismálaráðuneytisins 21. desember 1957 var lágmarksverð á framleiðslu ársins 1953 af bolþorski, sem seldur var fyrri hluta árs 1954 til Afríku, £ 210-0-0 hver 1000 kg fob Reykjavík. Þykir verða að leggja þetta verð til grundvallar, þá er ákveðnar eru skaðabætur handa aðaláfrýjanda, enda fór salan á hinni vanteknu skreið þannig fram, að gagnáfrýjandi er eigi bundinn af því söluverði, er aðaláfrýjandi greinir.

Umsamið söluverð á vanteknum bolþorski, 142.380 kg ..... £ 35.595-0- 0

Til frádráttar kemur:

1. Andvirði nefnds magns, miðað við £ 210-0-0 hver 1000 kg	£ 29.899-16-0		
2. Sparaður flutningskostnaður á nefndu magni	£ 2.344-10-6		
3. Spöruð vátryggingariðgjöld	£ 215-17-4	£ 32.460-3-10	
		Mismunur	£ 3.134-16-2

II. Krafa vegna ráskorins ufsa.

Í málinu liggja eigi fyrir gögn um markaðsverð fyrri hluta árs 1954 á ufsa, framleiddum á árinu 1953. Samkvæmt þessu og þar sem gagnáfrýjandi er eigi bundinn af söluverði því, sem aðaláfrýjandi telur sig hafa fengið fyrir ufsann, ber að sýkna gagnáfrýjanda af þessari kröfu.

Gagnáfrýjanda ber að greiða aðaláfrýjanda samkvæmt I að framan	£ 3.134-16-2
Þar frá dragast eftirstöðvar tryggingarfjárins, sem aðaláfrýjandi hefur tekið undir sjálfum sér	£ 3.056- 6-3
Mismuninn	£ 78-9-11

ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, E. O. Umez Eronini, greiði aðaláfrýjanda, G. Helgason & Melsted h/f, £ 78-9-11 ásamt 6% ársvöxtum frá 4. marz 1955 til greiðsludags og kr. 20.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 4. apríl 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. f. m., hefur E. O. Umez Eronini, Port Harcourt, Nigeriu, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi

Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 16. apríl 1956, gegn G. Helgasyni & Melsted h.f., umboðs-og heildverzlun, hér í bæ, til endurgreiðslu á £3056-6-3 með 6% ársvöxtum frá 12. marz 1953 til greiðsludags auk málskostnaðar.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og jafnframt málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins.

Stefnandi kveður hina umstefndu fjárhæð vera eftirstöðvar af £7000-0-0, er hann hafi látið greiða til Landsbanka Íslands hinn 12. marz 1953 sem geymslufé vegna væntanlegra viðskipta aðiljanna, sem ekki fóru fram.

Með stefnu, útgefinni 8. marz 1957, höfðaði stefndi gagnsök í málinu. Gerði hann þær dómkröfur í gagnsök, að gagnstefndi yrði dæmdur til að greiða skaðabætur, að fjárhæð £3434-1-5 ásamt 6% ársvöxtum frá 4. marz 1955 til greiðsludags svo og málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands eða að mati dómsins.

Gagnstefndi hefur krafizt þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnstefnanda og að honum verði jafnframt tildæmdur málskostnaður í gagnsök úr hendi gagnstefnanda.

Hina umstefndu fjárhæð í gagnsök kveður gagnstefnandi vera skaðabætur, efndabætur, vegna vanefnda gagnstefnda á samningi aðiljanna frá 10. febrúar 1953 um skreiðarkaup, að frádregnum eftirstöðvum af fyrirframgreiðslu (tryggingarfé) gagnstefnda.

Eftir því sem mál þetta horfir við, þykir rétt að taka aðalsök og gagnsök til úrlausnar í einu lagi, og verða málavextir nú raktir.

Með bréfi, dags. 22. janúar 1953, leitaði aðalstefnandi eftir kaupum á 6000 pökkum skreiðar af ákveðnum tegundum og stærðum hjá gagnstefnanda. Óskaði aðalstefnandi eftir verðtilboðum gagnstefnanda fyrir framleiðslu næstu vertíðar, sem hann taldi hefjast í júní eða júlí þ. á. Í bréfi þessu tók aðalstefnandi fram meðal annars, að hann væri reiðubúinn að bjóða 15% af heildarverðmætinu sem geymslufé og greiða síðan mismuninn á andvirði hverrar sendingar tuttugu dögum fyrir afskipun. Að undangengnum nokkrum frekari bréfaskiptum aðiljanna var gerður skriflegur samningur milli þeirra um kaup aðalstefnanda á skreið hjá gagnstefnanda. Meginefni samnings þessa var það, að gagnstefnandi seldi aðalstefnanda 6000 pakka af blandaðri Afríkuskreið, þ. e. 2400 pakka af bolþorski 30/55 cm, 2400 pakka af bolþorski 50/70 cm og 1200 pakka af ráskornum ufsa 50/70 cm. Skyldu pakkarnir vírbundnir og pakkað í striga og hver þeirra

innihalda 45 kg nettó. Mánaðarlega skyldi afskipað 1000 pökkum, þ. e. 400 pökkum af hvorum stærðarflokki bolþorsks og 200 knippum af ufsa, í fyrsta sinni júní/júlí 1953 og síðan sama magn í ágúst, september, október, nóvember og desember 1953. Verðið var ákveðið £ 250-0-0 fyrir hver 1000 kg af bolþorski og £ 235-0-0 fyrir hver 1000 kg af ráskornum ufsa, hvort tveggja miðað cif Port Harcourt. Greiðslur voru ákveðnar þannig, að 15% af heildarverðmæti skreiðarinnar £ 66.690-0-0, þ. e. £ 10.003-10-0, skyldi greiðast Landsbanka Íslands fyrir lok febrúarmánaðar 1953, en „eftirstöðvar hverrar sendingar" greiðast tuttugu dögum áður en afskipun færi fram með staðfestum og óafturkallanlegum bankaábyrgðum, sem stofna skyldi hjá Landsbanka Íslands. Framangreindan samning undirritaði gagnstefnandi hinn 10. febrúar 1953, en aðalstefnandi mun hafa undirritað samninginn nokkru seinna og endursent hann gagnstefnanda hinn 28. febrúar s. á. Með bréfi, dags. 28. febrúar, tilkynnti aðalstefnandi gagnstefnanda, að hann hefði þann dag sent honum £ 7000-0-0 og myndi innan fárra daga senda eftirstöðvar geymslufjárins. Hinn 6. marz tjáði gagnstefnandi aðalstefnanda, að hann hefði enn eigi fengið greind £ 7000-0-0 og benti jafnframt á, að einnig vantaði £ 3000-0-0 til þess, að fullnægt væri samningsákvæðinu um geymslufé. Hinn 12. marz bárust gagnstefnanda svo umrædd £ 7000-0-0 frá Landsbanka Íslands, og tilkynnti hann aðalstefnanda það daginn eftir. Kvað gagnstefnandi sér þá jafnframt skiljast, að aðalstefnandi væri að gera ráðstafanir til að senda fjárhæð þá, sem á vantaði, þ. e. £ 3000-0-0. Með bréfi, dags. 16. marz, fór aðalstefnandi fram á, að hið umsamda verð yrði lækkað. Gagnstefnandi svaraði þessum tilmælum með bréfi, dags. 23. marz, þar sem hann tjáði aðalstefnanda, að eigi væri unnt að lækka verðið á þeim 6000 pökkum af skreið, sem þegar hefðu verið seldir aðalstefnanda. Jafnframt tók gagnstefnandi fram, að ef aðalstefnandi féllist á að opna bankaábyrgð að fullu fyrir tveimur fyrstu sendingunum, er hvor næmi 1000 pökkum, en síðan yrðu £ 1750-0-0 dregin frá geymslufénu fyrir hverja af þeim fjórum sendingum, sem eftir yrðu, þá væri eigi nauðsynlegt, að aðalstefnandi greiddi í viðbót sem geymslufé £ 3000-0-0. Hinn 7. maí tjáði gagnstefnandi aðalstefnanda, að hann gerði ráð fyrir, að fyrsta sendingin yrði tilbúin til afskipunar síðast í júní eða jafnvel fyrr. Þá kvað gagnstefnandi cif verðmæti sendingarinnar nema £ 11.115-0-0. Lagði gagnstefnandi til, að aðalstefnandi opnaði bankaábyrgð fyrir verðmæti allrar þessarar sendingar, þar sem geymslufé það, sem

aðalstefnandi hefði greitt, næmi aðeins £ 7000-0-0 í stað £ 10.000-0, eins og ákveðið hefði verið í samningi þeirra aðiljanna. Við næstu fimm sendingar gæti aðalstefnandi síðan dregið £ 1400-0-0 frá geymslufénu fyrir hverja sendingu, og þyrfti hann þá aðeins að opna bankaábyrgð fyrir £ 9715-0-0 hverju sinni. Eftir móttöku þessa bréfs gagnstefnanda ritaði aðalstefnandi honum bréf hinn 16. maí, en tók þar ekki afstöðu til þessara tillagna hans. Í framhaldi af þessu ritaði aðalstefnandi gagnstefnanda svo bréf hinn 26. maí. Kom aðalstefnandi nú fram með þá tillögu, að þeir 1000 pakkar skreiðar, sem senda ætti honum í ágústmánuði, yrðu seldir öðrum kaupendum og að þeir aðiljarnir skiptu síðan á milli sín ágóðanum af viðskiptum þessum. Ekki náðist samkomulag um þetta með þeim aðiljunum. Hinn 26. maí tjáði gagnstefnandi aðalstefnanda, að hann byggist við að fyrsta sendingin af fiski til aðalstefnanda, 1000 pakkar, yrðu tilbúnir til útskipunar í lok júnímánaðar eða jafnvel í þriðju viku mánaðarins. Ítrekaði hann jafnframt þau tilmæli sín frá 7. maí, að aðalstefnandi opnaði þegar bankaábyrgð fyrir greiðslunni, til þess að sendingin tefðist ekki, þar sem enginn fiskur yrði sendur, fyrr en slík ábyrgð hefði verið opnuð í banka hér. Í bréfi, dags. 3. júní, ítrekaði gagnstefnandi enn þessi tilmæli sín til aðalstefnanda. Bréfaskipti aðiljanna héldu nú áfram, og síðari hluta júlímánaðar varð að samkomulagi með þeim, eins og fram kemur í bréfum þeirra frá 23. og 30. þ. m., að gagnstefnandi sendi aðalstefnanda 660 pakka skreiðar, 560 pakka af bolþorski 30/55 cm og 50/70 cm og 100 pakka af ráskornum ufsa 50/70 cm. Skreið þessi var síðan send héðan hinn 6. ágúst. Nam cif verðmæti þeirrar sendingar £ 7357-10-0 og var greitt þannig, að aðalstefnandi sendi gagnstefnanda £ 6115-0-0, en £ 1242-10-0 voru dregin frá geymslufé hans. Við útskipun glataðist einn pakki af ráskornum ufsa. Voru bætur fyrir hann, £ 11-12-8, færðar aðalstefnanda til tekna á reikningi hans hjá gagnstefnanda. Hinn 30. júlí tjáði gagnstefnandi aðalstefnanda, að næstu 1000 pakkarnir væru tilbúnir til sendingar og væri hægt að senda þá um tveimur vikum eftir að gagnstefnanda bærist bankaábyrgð þar að lútandi. Ítrekaði gagnstefnandi þetta með bréfum, dags. 8. og 26. ágúst, og með símskeyti hinn 3. september. Með bréfi, dags. 3. september, tjáði aðalstefnandi gagnstefnanda, að hann væri að gera ráðstafanir til að fá aðilja í Englandi til að opna bankaábyrgð fyrir 500 pökkum af skreið í þriðju viku septembermánaðar og síðan fyrir sama magni eða meir í október, en eftir það

kynni magnið að aukast. Kvað aðalstefnandi nauðsynlegt að gæta varúðar vegna minni eftirspurnar og mikillar lækkunar á verði. Gagnstefnandi tjáði aðalstefnanda með bréfi, dags. 10. september, að hann samþykkti að minnka mánaðarlegar sendingar í 500 pakka, en skýrði honum jafnframt frá, að þar sem mikill dráttur hefði orðið á móttöku skreiðarinnar, þá treysti hann því, að fyrsta bankaábyrgðin yrði opnuð mjög fljótlega. Með bréfi, dags. 16. september, tjáði aðalstefnandi gagnstefnanda, að hann ætti í nokkrum örðugleikum. Hann ætti von á 3000 pökkum af fiski frá ýmsum aðiljum þá í mánuðinum og kvað erfitt að fá geymslu fyrir það magn. Einnig kvað hann nokkurn tíma mundu líða, þar til hann hefði selt þann fisk og losað um peninga sína. Bað hann því gagnstefnanda að sýna þolinmæði. Um miðjan október mundi hann svo senda pantanir fyrir 1000 pökkum eða fleiri hverju sinni. Gagnstefnandi svaraði tilmælum þessum með bréfi, dags. 24. september. Kvaðst hann skilja örðugleika aðalstefnanda og vilja gera sitt ýtrasta til að hjálpa honum. Á hinn bóginn hlyti aðalstefnandi að skilja, að það væri erfitt að geyma fiskinn svo langan tíma. Kvaðst gagnstefnandi treysta aðalstefnanda til að taka 1000 pakka eigi síðar en um miðjan október, og þyrfti greiðsla eða bankaábyrgð að hafa borizt hingað í byrjun október. Hinn 23. september tjáði aðalstefnandi gagnstefnanda í símskeyti, að söluverð á skreið hefði fallið og væri ástandið mjög alvarlegt. Óskaði hann eftir, að verðið á skreiðinni yrði lækkað um 20/- fyrir hvern pakka. Gagnstefnandi kvaðst mundu leita fyrir sér um það, hvort ríkisstjórnin mundi geta veitt einhverja aðstoð. Gagnstefnandi tók jafnframt fram, að verð það, sem aðalstefnandi hefði greitt fyrir skreiðina, væri þó nokkuð lægra en verð það, sem aðrir kaupendur greiddu. Einnig kvaðst gagnstefnandi vænta þess, að aðalstefnandi opnaði bankaábyrgð fyrir 1000 knippum, eins og hann hefði lofað. Sem svar við tilmælum aðalstefnanda um lækkað verð, tjáði gagnstefnandi honum hinn 20. október, að hann væri reiðubúinn til að lækka verð skreiðarinnar þannig, að verðið á bolþorski yrði £ 11-0-0 fyrir hvern pakka og á ráskornum ufsa £ 10-10-0 fyrir hvern pakka. Kvað gagnstefnandi lækkun þessa aðeins taka til þeirra 5340 knippa, sem enn hefðu eigi verið send. Einnig kvað hann lækkunina vera háða því, að aðalstefnandi opnaði bankaábyrgð fyrir minnst 1000 pökkum fyrir miðjan nóvembermánuð og síðan mánaðarlega fyrir svipuðu magni, þannig að afskipunum samkvæmt sölusamningi aðiljanna yrði lokið í apríl 1954. Hinn 13. nóvember ritaði aðal-

stefnandi gagnstefnanda bréf og fór fram á frekari verðlækkun en gagnstefnandi hafði boðið, þannig að verðið yrði ekki hærra en sem hér segir, fyrir bolþorsk 30/50 cm £ 10-0-0, fyrir bolþorsk 50/70 cm £ 9-10-0 og fyrir ráskorinn ufsa £ 9-0-0. Skyldi lækkun þessi einnig ná til magns þess, sem þegar hafði verið sent. Einnig fór aðalstefnandi fram á, að gagnstefnandi og framleiðendur skreiðarinnar bæru hluta af því tjóni, sem hann hefði orðið fyrir vegna fyrstu sendingarinnar og hann kvað nema £ 824-0-0. Hinn 23. nóvember tjáði gagnstefnandi aðalstefnanda, að hann gæti ekki veitt frekari verðlækkun en hann hefði þegar boðið. Kvaðst gagnstefnandi vænta þess, að aðalstefnandi stofnaði ábyrgð og sendi greiðslu fyrir minnst 1000 pökkum, þannig að hægt yrði að senda þá fyrir miðjan desember. Einnig kvað gagnstefnandi greiðslur hafa dregizt svo hjá aðalstefnanda, að hann vænti nú skjótra aðgerða, því annars kynni hann að neyðast til að selja öðrum fiskinn fyrir reikning aðalstefnanda. Gæti það valdið aðalstefnanda talsverðu tjóni. Hinn 4. des. fór aðalstefnandi enn fram á lækkun á verði skreiðarinnar, þannig að verð á þorski yrði £ 10-15-0 og ufsa £ 10-5-0. Með bréfi, dags. 10. desember, samþykkti gagnstefnandi þessa verðlækkun á næstu 1000 pökkum að því tilskildu, að aðalstefnandi opnaði bankaábyrgð fyrir þeirri sendingu þegar í stað. Í bréfi þessu tók gagnstefnandi jafnframt fram, að það væri vafasamt, hversu lengi hann gæti haldið fiskinum. Framleiðendurnir hafi krafizt þess, að gagnstefnandi greiði fiskinn og taki hann og jafnframt greiði allan kostnað og taki á sig alla ábyrgð, sem orðið hafi af þessum drætti. Kvaðst gagnstefnandi verða að gera aðalstefnanda ábyrgan fyrir öllu þessu og kvaðst vilja gera honum ljóst, að vanefndir hans á samningi aðiljanna kunni að vera kostnaðarsamar. Bréfaskipti aðilja héldu nú áfram, en um mánaðamótin janúar og febrúar 1954 varð að samkomulagi með þeim, að gagnstefnandi sendi aðalstefnanda 500 pakka skreiðar, og nam heildarverðmæti sendingarinnar £ 5325-0-0. Fór greiðsla þeirrar fjárhæðar fram á þann hátt, að af hálfu aðalstefnanda voru greidd £ 4500-0-0 um Landsbanka Íslands, en £ 825-0-0 voru tekin af geymslufénu. Í þessari umræddu sendingu voru 100 pakkar af ráskornum ufsa 60 cm og stærri. Hinn 2. marz mótmælti aðalstefnandi því með símskeyti svo og með bréfi, dags. sama dag, að gagnstefnandi hefði sent ufsa af framangreindri stærð, þar sem það hefði ekki verið samþykkt af sér. Af hálfu gagnstefnanda var því haldið fram, að umrædd stærð af ufsa hefði verið samþykkt af aðilja þeim, sem opn-

að hafði bankaábyrgð af hálfu aðalstefnanda fyrir umræddri sendingu, að því er gagnstefnanda hefði skilizt. Aðalstefnandi mótmælti því, að umræddur aðili hefði nokkurt umboð til að breyta umsömdum stærðum á skreiðinni. Eigi að síður tók aðalstefnandi við ufsanum. Með bréfi, dags. 16. febrúar 1954, sendi aðalstefnandi gagnstefnanda yfirlit yfir viðskipti aðiljanna til þess tíma og taldi eftirstöðvar geymslufjárins samkvæmt því nema £ 5365-13-4. Reiknaði aðalstefnandi þar með, að gagnstefnandi veitti afslátt, er næmi £ 305-0-0 af andvirði fyrri sendingarinnar. Gagnstefnandi mótmælti þessu yfirliti aðalstefnanda og kvaðst aldrei hafa samþykkt að veita neinn afslátt af verði fyrri sendingarinnar. Kvað hann inneign aðalstefnanda á reikningi hans nema £ 4944-2-8. Í bréfi, dags. 26. febrúar 1954, kom aðalstefnandi fram með þau tilmæli, að viðskiptum aðiljanna um skreið af framleiðslu ársins 1953 yrði lokið með þeim hætti, að gagnstefnandi sendi 500 knippi og yrði andvirði þeirra greitt með eftirstöðvum geymslufjárins. Í svari sínu tók gagnstefnandi fram, að aðalstefnandi þyrfti að taka allt það magn, sem um hafði verið samið, 6000 pakka, vænti hann þess, að aðalstefnandi opnaði þegar bankaábyrgð. Af hálfu aðalstefnanda komu nú fram tillögur um lausn málsins, en ekki náðist samkomulag um þær. Hinn 13. apríl sendi gagnstefnandi aðalstefnanda símskeyti og tjáði honum, að til stæði að selja 4840 knippi af skreið hans fyrir hans reikning. Myndi það þýða, að aðalstefnandi missti geymslufé sitt. Skoraði gagnstefnandi á aðalstefnanda að opna bankaábyrgð fljótlega. Óskaði gagnstefnandi þess, að aðalstefnandi sendi svar sitt með símskeyti. Gagnstefnandi staðfesti efni símskeytis þessa með bréfi, dags. 17. apríl. Hinn 29. apríl ritaði gagnstefnandi aðalstefnanda bréf og ítrekaði efni síðastgreinds símskeytis, en þá hafði gagnstefnanda ekki borizt svar við því. Lagði hann nú fast að aðalstefnanda að opna bankaábyrgð fyrir öllu því magni, sem eftir væri af skreiðinni, eða fyrir 2000 pökkum þegar í stað og síðan fyrir afganginum innan tveggja eða þriggja vikna. Ekki kvaðst gagnstefnandi þó geta gefið neina tryggingu fyrir því að hægt yrði að halda fiskinum lengur. Hinn 8. maí tjáði gagnstefnandi aðalstefnanda, að enn væri hætta á, að hann kynni að neyðast til að selja það, sem eftir væri af skreiðinni, fyrir reikning aðalstefnanda, og þyrfti aðalstefnandi því að opna bankaábyrgð hið allra fyrsta fyrir því magni. Ekki kvaðst gagnstefnandi samt geta tryggt aðalstefnanda, að hann héldi fiskinum. Hinn 22. maí 1954 sendi gagnstefnandi aðalstefnanda enn 376

pakka af skreið, bolþorski. Nam cif verðmæti sendingarinnar £ 3854-0-0, og verð hvers pakka £ 10-5-0. Hinn 24. maí tjáði gagnstefnandi aðalstefnanda, að verð á skreið færi nú hækkandi, og væri ekki hægt að fá pakka af bolþorski á lægra verði en £ 10-10-0. Kvaðst gagnstefnandi mundu senda aðalstefnanda 560 pakka á £ 10-5-0 hvern pakka, ef opnuð yrði bankaábyrgð skjótlega, en eftir það yrði aðalstefnandi að greiða £ 10-10-0 eða meira fyrir hvern pakka. Í júnímánuði sendi gagnstefnandi aðalstefnanda 560 pakka af skreið, og voru £ 740-0-0 tekin af geymslufénu til greiðslu þeirra. Með bréfi, dags. 29. júní, óskaði aðalstefnandi eftir því, að gagnstefnandi sendi honum 1000 pakka af skreið (bolþorski), og skyldi verð hvers pakka vera £ 10-5-0. Kvað aðalstefnandi umboðsmann sinn í Englandi vera reiðubúinn til að opna bankaábyrgð fyrir £ 9000 af verðmæti sendingarinnar þegar í stað, en £ 1250 skyldu dregin frá geymslufénu. Í svarbréfi gagnstefnanda, dags. 9. júlí, er tekið fram, að verð á skreið hafi hækkað mikið síðustu dagana. Kveður gagnstefnandi hið nýja verð til aðalstefnanda nema £ 11-5-0, og kveðst hann bíða samþykkis aðalstefnanda á því. Með bréfi, dags. 10. júlí, ítrekaði gagnstefnandi framangreinda hækkun á verði skreiðarinnar, en kvaðst ekki geta ábyrgzt það verð, nema aðalstefnandi samþykki strax, þar sem verðið virtist fara hækkandi með hverjum degi. Jafnframt ítrekaði gagnstefnandi það, sem hann kvað hafa komið fram í bréfi sínu frá 24. maí s. á., að hann hefði aldrei ábyrgzt, að verðið á hverjum pakka yrði £ 10-5-0. Hinn 15. júlí varð að samkomulagi með aðiljum, að aðalstefnandi fengi 300 pakka af skreið, er sendir höfðu verið héðan hinn 7. s. m. og upphaflega áttu að fara til annars aðilja. Var umsamið verð hvers pakka £ 10-15-0, og heildarverðmæti farmsins £ 3225-0-0. Af þeirri fjárhæð voru £ 725-0-0 dregin frá geymslufénu, en £ 2500-0-0 voru greidd af aðalstefnanda og umboðsmanni hans í Englandi. Hinn 10. júlí hafði aðalstefnandi ritað gagnstefnanda bréf varðandi það, hversu mikið magn væri eftir af framleiðslu ársins 1953 af fiski þeim, sem hann hefði keypt. Taldi aðalstefnandi, að eftir væru 2000 pakkar af stærðinni 30/55 cm og 2000 pakkar af stærðinni 50/70. Sem svar við þessu bréfi tjáði gagnstefnandi aðalstefnanda með bréfi, dags. 19. júlí, að ekkert væri nú eftir af skreið af framleiðslu ársins 1953. Aðalstefnandi hefði ekki opnað bankaábyrgð fyrir 4000 pökkum á greindum tíma, og hefði fiskurinn því verið seldur öðrum. Kvað gagnstefnandi verð fyrir framleiðslu ársins 1954 fara hækkandi með degi hverjum og kvað

þá ekki vera hægt að fá bolþorsk á lægra verði en 225/0 hvern pakka cif Port Harcourt. Kvaðst gagnstefnandi fús til að senda 500 pakka af stærðinni 50/70 cm á því verði, ef aðalstefnandi svaraði strax. Gagnstefnandi tók fram í bréfi þessu, að hann gæti ekki lofað að senda meira magn við þessu verði og kvað aðalstefnanda verða að greiða hverju sinni það markaðsverð er ríkjandi væri, er gagnstefnandi hefði fengið bankaábyrgð fyrir hverri sendingu. Í bréfi gagnstefnanda, dags. 5. ágúst, ítrekaði hann, vegna misskilnings aðalstefnanda, að bolþorskur sá, sem seldur hafði verið aðalstefnanda, hefði verið seldur öðrum í júnímánuði þ. á., sennilega fyrir 195/— hver pakki, en verðið 225/— kvað gagnstefnandi taka til framleiðslu ársins 1954. Í þessu sama bréfi tjáði gagnstefnandi aðalstefnanda, að Samlag skreiðarframleiðenda hefði hótað málaferlum út af atvikum þessum, en þar til séð væri fyrir um, hvað gert yrði í málinu, yrði gagnstefnandi að loka reikningi aðalstefnanda og krefjast þess, að aðalstefnandi greiddi væntanlegar sendingar að fullu. Tók gagnstefnandi fram, að inneign aðalstefnanda næmi £ 3799-14-4. Eftir þetta fóru fram nokkur bréfaskipti milli aðiljanna um frekari viðskipti þeirra, m. a. á þeim grundvelli, að gagnstefnandi yrði einkaumboðsmaður aðalstefnanda, en ekki varð neitt af þeim. Hinn 7. september 1954 krafðist aðalstefnandi þess, að gagnstefnandi endurgreiddi eftirstöðvar geymslufjárins, £ 3799-14-4. Með bréfi, dags. 29. september, ítrekaði aðalstefnandi kröfu sína um endurgreiðslu fjárins, en krafðist að öðrum kosti, að gagnstefnandi sendi skreið fyrir andvirði fjárins og skyldi verð hennar miðast við verð það, er gilt hefði, er gagnstefnandi seldi skreið aðalstefnanda, eins og fram hefði komið í bréfi gagnstefnanda frá 25. maí 1954. Í svarbréfi gagnstefnanda, dags. 13. október, tjáði hann aðalstefnanda, að tilboð það, sem hann hefði gert aðalstefnanda í maímánuði, hefði verið háð því skilyrði, að aðalstefnandi opnaði strax bankaábyrgð fyrir öllu magninu, en þetta hefði hann ekki gert. Einnig tjáði hann aðalstefnanda, að enn væri ekki séð fyrir það, hvort hann, þ. e. gagnstefnandi, yrði neyddur til að greiða framleiðendum skreiðarinnar skaðabætur vegna þess, að hann hefði ekki tekið fiskinn á síðastliðnu ári. Þar til gengið hefði verið úr skugga um þetta, kvaðst hann óska að halda geymslufé aðalstefnanda sökum þess, að getuleysi hans til að taka fiskinn hefði stafað af því, að aðalstefnandi hefði ekki haldið samning þeirra aðiljanna. Enn héldu bréfaskipti aðiljanna áfram. Kom nú sú tillaga fram frá gagnstefnanda, að aðalstefnandi keypti 3000 pakka af úrgangs-

skreið á 180/— hvern pakka. Skyldi andvirði þessa magns greitt með eftirstöðvum geymslufjárins og auk þess opnaði aðalstefnandi bankaábyrgð til greiðslu mismunarins. Taldi gagnstefnandi þetta vera einu leiðina til þess, að aðalstefnandi fengi eftirstöðvar geymslufjárins. Ekki varð samkomulag um þessa lausn málsins, og með bréfi, dags. 1. desember, krafðist aðalstefnandi þess, að gagnstefnandi greiddi eftirstöðvar geymslufjárins. Hinn 8. marz 1955 sendi gagnstefnandi aðalstefnanda reikningsyfirlit yfir tjón það, sem hann kvaðst hafa orðið fyrir vegna vanefnda aðalstefnanda á samningi þeirra aðiljanna frá 10. febrúar 1953. Nam tjón gagnstefnanda samkvæmt yfirliti þessu £ 6490-7-8. Til frádráttar þessu tjóni kvaðst gagnstefnandi hafa fært eftirstöðvarnar af geymslufé aðalstefnanda, £ 3796-6-3. Mismun þessara fjárhæða kvaðst gagnstefndi afskrifa, að því tilskildu, að aðalstefnandi féllist á að ljúka málinu á þenna hátt. Ef aðalstefnandi á hinn bóginn tæki þá ákvörðun að lögsækja gagnstefnanda um greiðslu geymslufjárins, kvaðst gagnstefnandi mundu hefja málssókn til heimtu fullra bóta á tjóni sínu.

Aðalstefnandi reisir kröfur sínar í aðalsök á því, að ekki hafi verið farið eftir ákvæðum upphaflegs samnings aðiljanna, heldur hafi orðið þegjandi samkomulag með þeim að beita samningnum ekki í skiptum þeirra, og hafi samningurinn þar með fallið niður. Þetta samkomulag kveður aðalstefnandi hafa verið staðfest, er sonur hans hafi komið hingað til lands sumarið 1954. Þá er því haldið fram af hálfu aðalstefnanda, að umrædd £ 7000 hafi hann greitt til Landsbanka Íslands sem geymslufé vegna væntanlegra viðskipta aðiljanna, og hafi uppástungan um geymslufé þetta verið komin frá aðalstefnanda sjálfum. Í stað þess að láta fé þetta standa inni í bankanum, hafi fé þetta, sökum mistaka bankans, verið greitt gagnstefnanda. Eigi að síður hafi gagnstefnandi alltaf litið á fé þetta sem geymslufé og ekki talið sér heimilt að snerta það, nema samkvæmt skýlausum fyrirmælum aðalstefnanda.

Hina umstefndu fjárhæð í aðalsök kveður aðalstefnandi vera eftirstöðvar margnefnds geymslufjár að viðbættum skaðabótum fyrir einn pakka af skreið, sem féll í sjóinn, £ 11-12-8, er frá hafi verið dreginn hluti af andvirði hinnar sendu skreiðar, £ 3886-10-0, auk £ 68-16-5, sem greidd hafi verið syni hans, á meðan hann dvaldist hér á landi.

Gagnstefnandi reisir kröfur sínar í aðalsök á því, að aldrei hafi orðið neitt samkomulag um að fella niður samninga aðiljanna

frá 10. febrúar 1953. Hann hafi af fremsta megni reynt að hliðra til fyrir aðalstefnanda um afhendingu vörunnar, en allar tilslakanir hafi verið gerðar á þeim forsendum, að aðalstefnandi stæði við hin nýju loforð, er hann hefði gefið hverju sinni. Gagnstefnandi hafi oft varað aðalstefnanda við, að hann yrði skaðabótaskyldur, ef hann efndi ekki hinn upphaflega samning aðiljanna. Einnig hafi hann oft tilkynnt aðalstefnanda, að Samlag skreiðarframleiðenda, aðili sá, sem selt hafði gagnstefnanda umrædda skreið, hótaði að selja skreiðina fyrir hans reikning, og mundi gagnstefnandi þá neyðast til að gera aðalstefnanda ábyrgan fyrir tjóni því, sem hann, þ. e. gagnstefnandi, yrði fyrir vegna vanefnda aðalstefnanda. Varðandi umrætt geymslufé er því haldið fram af hálfu gagnstefnanda, að hann hafi gert ráð fyrir að fá peninga þessa í sínar hendur. Hann hafi og tjáð aðalstefnanda, að hann hefði tekið við umræddu fé frá Landsbanka Íslands. Hafi þessari meðferð fjárins aldrei verið mótmælt af hálfu aðalstefnanda.

Gagnstefnandi kveður bótakröfu sína í gagnsök vera í fullu samræmi við 30. gr. lausafjárkaupalaganna. Við útreikning fjárhæðar bótakröfunnar hefur hann lagt til grundvallar það skreiðarmagn, sem aðalstefnandi tók ekki, þ. e. 3164 pakka af bolþorski og 1000 pakka af ráskornum ufsa, og verð það, sem ákveðið var í samningi aðiljanna frá 10. febrúar 1953. Endanlegt söluverð skreiðarmagns þessa kveður gagnstefnandi hafa verið £ 195 fyrir hver 1000 kg af bolþorski og £ 190 fyrir sama magn af ráskornum ufsa, hvort tveggja fob. Við útreikning skaðabótanna kveðst gagnstefnandi hafa reiknað aðalstefnanda til tekna það, sem sparazt hafi á vátryggingu og flutningsgjöldum frá Íslandi til Nigeriu fyrir skreiðarmagn þetta. Frá fjárhæð skaðabótanna, £ 6490-7-8, kveðst gagnstefnandi hafa dregið eftirstöðvarnar af tryggingarfé (geymslufé) því, sem aðalstefnandi hafi sent á árinu 1953, þ. e. £ 3056-6-3.

Sýknukröfu sína í gagnsök styður aðalstefnandi þeim rökum, að gagnstefnandi hafi hvorki gert að halda kaupunum upp á hann né rifta þeim, heldur hafi, eins og áður er rakið, orðið samkomulag um að beita ekki ákvæðum samnings aðiljanna, og hafi hann því fallið niður. Þá er því mótmælt af hálfu aðalstefnanda, að gagnstefnandi hafi orðið fyrir nokkru tjóni í skiptum sínum við aðalstefnanda og jafnframt, að gagnstefnandi hafi orðið að greiða Samlagi skreiðarframleiðenda nokkrar skaðabætur vegna þessara skipta. Því er einnig haldið fram af hálfu aðalstefnanda, að hagn-

aður sá, sem gagnstefnandi hugðist hafa af viðskiptum aðiljanna, hafi verið svo óvenjulegur og svo bersýnilega ósanngjarn, að það eitt hefði átt að valda ógildi samnings aðiljanna.

Við munnlegan flutning málsins var af hálfu gagnstefnanda krafizt skuldajafnaðar á dómkröfu aðalstefnanda í aðalsök við bótakröfu gagnstefnanda í gagnsök, fari svo að dómurinn fallizt ekki á, að fé það, sem fjallað er um í aðalsök, sé tryggingarfé.

Eins og fram er komið, fékk gagnstefnandi afhent hjá Landsbanka Íslands þau £ 7000, sem aðalstefnandi greiddi sem geymslufé vegna hinna umsömdu viðskipta. Þegar virt er, að aðalstefnandi hreyfði engum athugasemdum við þessu og jafnframt höfð hliðsjón af fyrirkomulagi greiðslna vegna viðskipta aðiljanna, þá verður að telja, að gagnstefnanda hafi verið rétt og heimilt að taka við fé þessu frá bankanum og færa aðalstefnanda það til eignar á reikningi hans. Á hinn bóginn verður eigi talið, að gagnstefnandi hafi öðlazt sjálfstæðan rétt til að taka einhliða til sín sem sína eign eftirstöðvar fjár þessa.

Eins og fram kemur í bréfaskiptum aðiljanna, sem hér hafa verið rakin, kom fljótlega fram, að aðalstefnandi stóð ekki við ákvæði samnings aðiljanna frá 10. febrúar 1953. Gagnstefnandi veitti þá ýmsar tilslakanir varðandi fjárhæð geymslufjár, verð og greiðslutíma. Það kemur að vísu fram í bréfum gagnstefnanda, að hann hugðist halda kaupunum upp á aðalstefnanda, en engar ákveðnar ráðstafanir gerði hann í þá átt, og þegar öll sú skreiðarframleiðsla, sem aðiljarnir höfðu samið um, hafði verið seld öðrum í júnímánuði 1954, eins og fram er komið í málinu, þá tilkynnti gagnstefnandi aðalstefnanda ekkert um það, að nú mundi hann rifta kaupunum. Fóru eftir það fram bréfaskipti um frekari skreiðarsendingar, og hinn 15. júlí 1954 varð að samkomulagi, að aðalstefnandi fengi ákveðið magn af skreið, eins og rakið hefur verið. Það var ekki fyrr en með bréfi, dags. 19. júlí 1954, að gagnstefnandi skýrði aðalstefnanda frá endanlegri sölu skreiðarinnar. Í bréfi þessu kemur einnig fram, að gagnstefnandi var reiðubúinn til að halda áfram viðskiptum aðiljanna, en þá með skreið af framleiðslu ársins 1954 og fyrir væntanlega hækkandi verð. Ekki getur það þó talizt fyrr en með bréfi, dags. 8. marz 1955, sem fylgdi tjónútreikningi gagnstefnanda, að hann hafi gert aðalstefnanda fyllilega ljóst, að hann krefðist efndabóta á grundvelli samnings aðiljanna frá 10. febrúar 1953. Verður þó að telja, að gagnstefnanda hafi þegar í júlímánuði 1954 mátt vera ljós grundvöllur-

inn fyrir ákvörðun umræddra skaðabóta, eins og þær eru settar fram í máli þessu. Ekki verður séð, að neitt samkomulag hafi komizt á með aðiljum um að fella umræddan samning þeirra niður.

Þá er það fram komið í málinu, að Samlag skreiðarframleiðenda, þ. e. aðili sá, sem gagnstefnandi kveðst hafa fest kaup á skreið hjá til efnda á samningnum við aðalstefnanda, seldi skreið sína endanlega án afskipta gagnstefnanda og áður en hann (gagnstefnandi) hafði leyst til sín sérgreint magn af skreið til efnda á samningnum.

Af þessu, sem rakið hefur verið, og með hliðsjón af ákvæðum 31. og 32. gr. sbr. 30. gr. lausafjárkaupalaganna þykir leiða, að gagnstefnandi hafi firrt sig rétti til skaðabóta úr hendi aðalstefnanda vegna þessara viðskipta þeirra.

Af framangreindri niðurstöðu leiðir, að gagnstefnanda ber að skila eftirstöðvum þess fjár, sem aðalstefnandi greiddi upphaflega samkvæmt samningi aðiljanna. Þar sem fjárhæð eftirstöðvanna hefur ekki verið mótmælt tölulega, þá ber að dæma gagnstefnanda til að greiða hina umstefndu fjárhæð í aðalsök með 6% ársvöxtum, sem eftir atvikum þykir rétt að reikna frá birtingardegi stefnu, 17. apríl 1956. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í málinu í heild falli niður.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt samdómendunum dr. Jakob Sigurðssyni og Jóhanni Ólafssyni forstjóra.

Dómsorð:

Aðalstefndi, G. Helgason & Melsted h/f, greiði aðalstefnanda, E. O. Umez Eronini, £ 3056-6-3 með 6% ársvöxtum frá 17. apríl til greiðsludags.

Í gagnsök skal gagnstefndi vera sýkn af kröfum gagnstefnanda.

Málskostnaður í aðalsök og gagnsök falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði samdómandans dr. Jakobs Sigurðssonar.

Málavextir eru rétt raktir í framanrituðum dómi, og vísast til þeirra.

Krafa aðalstefnanda um endurgreiðslu fjárins byggist aðallega

á eftirfarandi staðhæfingum hans, sem hér verða athugaðar hver fyrir sig:

1. Aðalstefnandi segir hafa orðið „þegjandi samkomulag“ um það, að samningurinn hafi fallið niður, og virðist hann meðal annars þess vegna ekki telja sér hafa verið skylt að taka vöruna, eins og um hafi verið samið.

Með löngum og ýtarlegum bréfaviðskiptum milli málsaðilja yfir hér um bil tveggja ára tímabil næst öðru hvoru samkomulag um ýmsar breytingar á framkvæmd viðskiptanna, þar á meðal um skilyrðisbundnar verðlækkanir og breytingar á afgreiðslutíma. Því er hins vegar hvergi haldið fram af hálfu aðalstefnanda fyrr en í greinargerð hans, að samningurinn sé úr gildi fallinn. Þvert á móti kemur það skýrt fram, jafnvel eftir að um vanefndir var að ræða af hans hálfu, að hann telur sig eiga skreiðina samkvæmt samningnum og telur sig meðal annars eiga tilkall til hagnaðar af henni, ef gagnstefnandi seldi hana öðrum.

Ekki verður séð, að jafnframt hinum miklu og nákvæmu bréfaskrifum um viðskipti þessi geti hafa verið um nokkurt „þegjandi samkomulag“ að ræða, og alls ekki þess eðlis, að grundvöllur viðskiptanna, þ. e. samningurinn, sé úr gildi fallinn. Telst hann því allt til loka bindandi að öðru leyti en því, sem skýrt og afdráttarlaust samkomulag náðist milli aðilja um breytingar á honum.

2. Aðalstefnandi heldur því fram, að fé það, £ 7000-0-0, sem hann greiddi í upphafi, hafi verið „geymslufé“, sem átt hafi að liggja í Landsbanka Íslands, en af óheppilegum mistökum hafi þó verið greitt til gagnstefnanda. Þessi skoðun brýtur í bága við bréfaskrif aðalstefnanda, þar sem lýst er ánægju yfir því, að gagnstefnandi skyldi hafa fengið féð í sínar hendur. Ef fé þetta ber að skoða sem „geymslufé“ í þeirri merkingu, sem aðalstefnandi virðist leggja í orðið, og ef líta ber svo á, að það hafi ekki átt að fela í sér tryggingu fyrir gagnstefnanda, virðist greiðsla þess og skilyrði í samningnum þar að lútandi algerlega tilgangslaus.

Gagnstætt þessu verður að telja, að fé þetta sé sett til tryggingar því, að kaupandi standi við samning sinn, enda hafi hann fyrirgert rétti sínum til endurgreiðslu þess að meira eða minna leyti, ef hann vanefnir samninginn þannig, að seljandi bíði tjón af þeim vanefndum. Ef aðalstefnandi viðurkennir ekki þetta sjónarmið, svo sem raun ber vitni um, var við því að búast, að málið

kæmi til úrskurðar íslenzkra dómstóla, en þar til sá úrskurður félli, hlaut féð að renna til gagnstefnanda.

Það sjónarmið gagnstefnanda, að aðalstefnandi gæti tapað fénu vegna vanefnda hans á samningnum, kemur víða fram í bréfum gagnstefnanda, þar sem hann hvað eftir annað varar aðalstefnanda mjög ákveðið við þessum möguleika, og það meðal annars fljótlega eftir að alvarlegar vanefndir hófust. Aðalstefnandi mótmælir aldrei þessu sjónarmiði, fyrr en í algert óefni er komið, og virðist hann því sjálfur hafa reiknað með því framan af, að um tap á fé þessu gæti orðið að ræða, ef framkvæmd viðskiptanna brygðist af hans hálfu. Það er í fullu samræmi við þetta, að gagnstefnandi telur sig ekki hafa rétt til endanlegrar ráðstöfunar á fénu nema í samráði við aðalstefnanda, fyrr en útséð er um, hvort viðskiptin takast eða ekki, en þegar augljóst er, að ekki verði úr frekari viðskiptum innan ramma samningsins, er eðlilegt, að gagnstefnandi neiti endurgreiðslu og láti aðalstefnanda um það, hvort hann leiti meints réttar síns fyrir dómstólunum.

3. Aðalstefnandi telur, að vegna hinna ýmsu tilslakana af hálfu gagnstefnanda, að því er snertir verð, afgreiðslutíma o. s. frv., og vegna þess að gagnstefnandi tilkynnti ekki formlega riftun samningsins vegna vanefnda og krafðist skaðabóta, hafi hann fyrirgert þeim rétti, sem hann annars kynni að hafa haft samkvæmt samningnum.

Það er staðreynd, að aðalstefnandi vanefndi samninginn svo að segja frá byrjun, og enn fremur, að hann stóð ekki við atriði, sem skilorðsbundið samkomulag náðist um síðar, meðan enn var verið að reyna að halda viðskiptunum áfram. Þetta viðurkennir hann að vissu leyti, en ber því við, að fé hans sé bundið í öðrum viðskiptum, og hafi hann því ekki getað orðið aðnjótandi þess hagnaðar, sem hann annars hefði haft af verzlun þessari. Hann fer fram á ýmsar tilslakanir, fær sumar, en er synjað um aðrar. Full ástæða er til að ætla, að hin ýmsu frávik frá samningnum hafi verið samþykkt af hálfu gagnstefnanda á grundvelli þeirrar sannfæringar, sem telja verður réttmæta, að ef illa færi, hefði hann þó í sínum höndum tryggingarfé til bóta fyrir hugsanlegt tjón sitt, ef viðskiptin yrðu ekki leidd til farsælla lykta. Verður ekki séð, að hann hafi firrt sig rétti til fjár þessa með því að verða að nokkru við mjög eindregnum óskum og tilmælum aðalstefnanda um tilslakanir við hann, og með því að reyna að

halda viðskiptum áfram, nokkru eftir að hann hefði samkvæmt samningnum getað talið framkvæmd hans strandaða á vanefndum aðalstefnanda og krafizt skaðabóta. Gagnstætt sífelldum vanefndum aðalstefnanda á samningnum, og síðara samkomulagi aðilja um breytingar á honum, kemur þar hvarvetna fram, að gagnstefnandi er reiðubúinn til að standa við hann að fullu og öllu, veitir meira að segja ívilnanir langt umfram það, sem honum ber skylda til, að því er telja verður, í þeim tilgangi meðal annars, að gera aðalstefnanda fært að endurheimta fé sitt.

Varðandi bótakröfur gagnstefnanda umfram eftirstöðvar geymslufjárins verður hins vegar að ályktа, að hvorugur málsaðilja hafi nokkru sinni gert ráð fyrir, að til slíks gæti komið, enda aldrei á það minnzt, fyrr en með bréfi til aðalstefnanda 8. marz 1955.

Ef sá skilningur, sem hér er lagður til grundvallar, er réttur, að fé það, £ 7000-0-0, sem aðalstefnandi greiddi upphaflega, hafi verið lagt fram til að tryggja gagnstefnanda gegn hugsanlegu tjóni vegna samningsins, verður einnig að álíta, að ekki hafi verið gert ráð fyrir, að um frekari tryggingu eða skaðabætur honum til handa gæti orðið að ræða.

Hann lét það og viðgangast, að greidd upphæð fjár þessa var aðeins £ 7000-0-0 í stað £ 10.003-10-0, og verður að telja, að hann hafi talið sig nægilega tryggðan á þann hátt, og verður því bótakrafa hans umfram þetta ekki tekin til greina.

Af því, sem hér hefur verið rakið, tel ég, að sýkna beri aðalstefnda af kröfum aðalstefnanda í aðalsök og gagnstefnda af kröfum gagnstefnanda í gagnsök, svo og að málskostnaður í báðum sökum falli niður.

Dómsorð mitt hljóðar því svo:

Aðalstefndi, G. Helgason & Melsted h/f, skal vera sýkn af kröfum aðalstefnanda, E. O. Umez Eronini, í aðalsök.

Í gagnsök skal gagnstefndi vera sýkn af kröfum gagnstefnanda.

Málskostnaður í aðalsök og gagnsök falli niður.

Föstudaginn 30. september 1960.

Nr. 94/1960. **Gunnar Ásgeirsson**
gegn
Óskari Hansen.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Gunnar Ásgeirsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 30. september 1960.

Nr. 115/1960. **Árnason, Pálsson & Co. h/f**
gegn
Siggeiri Vilhjálmssyni h.f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Árnason, Pálsson & Co. h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 30. september 1960.

Nr. 119/1960. **Firmað J. B. Péturssonar blikksmiðja o. fl.**
gegn
Valdimar Oddssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Firmað J. B. Péturssonar blikksmiðja o. fl., er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 30. september 1960.

Nr. 156/1960. **Valdimar Oddsson**
gegn
J. B. Kristinssyni f. h. firmans J. B. Péturssonar blikksmiðja o. fl.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Valdimar Oddsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 3. október 1960.

Nr. 130/1959. **Samvinnufélagið Björg**
gegn
Ágúst Fjeldsted f. h. Peter Knud Petersen, Skeggja h/f og Njáli Gunnlaugssyni og Skeggi h/f
gegn
Samvinnufélaginu Björg, Ágúst Fjeldsted f. h. Peter Knud Petersen og Njáli Gunnlaugssyni.

Útivist. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Aðaláfrýjandi, Samvinnufélagið Björg, og gagnáfrýjandi, Skeggi h/f, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði hvor um sig 300.00 kr. útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði þeir in solidum stefnda Ágúst Fjeldsted f. h. Peter Knud Petersen, sem hefur sótt dómþing í málinu og krafizt ómaksbóta, kr. 2000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. október 1960.

Nr. 131/1959. **Samvinnufélagið Björg**

gegn

Ágúst Fjeldsted f. h. Thormand Thomsen, Skeggja h/f og Njáli Gunnlaugssyni og Skeggi h/f

gegn

Samvinnufélaginu Björg, Ágúst Fjeldsted f. h. Thormand Thomsen og Njáli Gunnlaugssyni.

Útivist. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Aðaláfrýjandi, Samvinnufélagið Björg, og gagnáfrýjandi, Skeggi h.f., er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði þeir in solidum stefnda Ágúst Fjeldsted f. h. Thormand Thomsen, sem hefur sótt dómþing í málinu og krafizt ómaksbóta, kr. 2000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. október 1960.

Nr. 132/1959. **Samvinnufélagið Björg**
gegn
Ágúst Fjeldsted f. h. Eyfinn Duurhus, Skeggja h.f. og Njáli Gunnlaugssyni og Skeggi h/f
gegn
Samvinnufélaginu Björg, Ágúst Fjeldsted f. h. Eyfinn Duurhus og Njáli Gunnlaugssyni.

Útivist. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Aðaláfrýjandi, Samvinnufélagið Björg, og gagnáfrýjandi, Skeggi h.f., er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði þeir in solidum stefnda Ágúst Fjeldsted f. h. Eyfinn Duurhus, sem hefur sótt dómþing í málinu og krafizt ómaksbóta, kr. 2000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. október 1960.

Nr. 133/1959. **Samvinnufélagið Björg**
gegn
Ágúst Fjeldsted f. h. Peter Hougaard, Skeggja h.f. og Njáli Gunnlaugssyni og Skeggi h/f
gegn
Samvinnufélaginu Björg, Ágúst Fjeldsted f. h. Hougaard og Njáli Gunnlaugssyni.

Útivist. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Aðaláfrýjandi, Samvinnufélagið Björg, og gagnáfrýjandi, Skeggi h/f, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði þeir in solidum stefnda Ágúst Fjeldsted f. h. Peter Hougaard, sem hefur sótt dómþing í málinu og krafizt ómaksbóta, kr. 2000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. október 1960.

Nr. 107/1960. **Bolli A. Ólafsson**
gegn
Samvinnufélagi rafvirkja.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísunarkrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 8. júní 1960, er barst dóminum 21. s. m. Krefst sókn-

araðili þess, að úrskurður héraðsdóms verði felldur úr gildi, að frávísunarkrafa hans í héraði verði tekin til greina og að varnaraðilja verði dæmt að greiða málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 1000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Bolli A. Ólafsson, greiði varnaraðilja, Samvinnufélagi rafvirkja, kærumálskostnað, kr. 1000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 3. júní 1960.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 30. f. m., hefur Samvinnufélag rafvirkja, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 30. janúar s.l., gegn Bolla A. Ólafssyni, Álfheimum 54, hér í borg, til greiðslu á kr. 20.000.00 með 7% ársvöxtum frá 28. janúar 1960 til greiðsludags, ½% fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 48.00 í stimpilgjald, kr. 116.00 í afsagnarkostnað og málskostnað að skaðlausu.

Stefnandi kveður hina umstefndu skuld vera samkvæmt víxli, að fjárhæð kr. 20.000.00, útgefnum af stefnanda 18. sept. 1958 og samþykktum af stefnda til greiðslu í Verzlunarsparisjóðnum, hér í borg. Gjalddaga hafi ekki verið getið á víxlinum, og hafi hann því verið gjaldkræfur við sýningu. Víxillinn, sem sé áritaður „Tryggingarvíxill", hafi verið sýndur til greiðslu á greiðslustaðnum þann 28. janúar s.l., og þar sem hann hafi ekki fengizt greiddur, hafi hann verið afsagður sama dag.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt þess, að máli þessu verði vísað frá dómi, en *til vara*, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá hefur stefndi krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda, hver sem úrslit málsins verða.

Munnlegur málflutningur fór fram um frávísunarkröfu stefnda

þann 30. f. m., og er það atriði nú hér til úrlausnar. Báðir aðiljar kröfðust málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að stefnandi hóf byggingu sambýlishúss við Álfheima, hér í borg, á árinu 1957. Mun stefndi hafa fengið keypta eina af íbúðum í húsi þessu. Um leið og stefndi fékk þinglýsta heimild fyrir íbúðinni, samþykkti hann fyrrgreindan víxil til tryggingar fyrir því, sem hann kynni að eiga vangreitt af verði því, sem hann átti að greiða fyrir hana, en það var þá ekki að fullu upp gert. Stefndi telur sig þegar hafa greitt það, sem honum hafi borið að greiða fyrir íbúðina, og sé stefnanda því óheimilt að innheimta víxilinn.

Við hinn munnlega málflutning studdi stefndi kröfu sína um frávísun þeim rökum, í fyrsta lagi, að málatilbúnaður stefnda væri svo ófullkominn, að um hreina vanreifun væri að ræða, sbr. 105. og 114. gr. laga nr. 85/1936, t. d. sé þess ekki getið í stefnu, hver hafi gefið víxilinn út fyrir hönd stefnanda, og þá hafi ekki verið eytt einu orði að því, hvaða þýðingu orðið „Tryggingarvíxill", sem skráð sé á víxilinn, hafi fyrir úrslit málsins. Í öðru lagi rökstuddi hann frávísunarkröfuna með því, að krafan, sem á bak við víxilinn kann að liggja, sé ekki dómtæk, sbr. 69. gr. laga nr. 85/1936, þar sem bókhald allt viðvíkjandi húsbyggingunni sé nú í endurskoðun samkvæmt samningi, sem gerður hafi verið milli aðiljanna. Víxillinn hafi verið afhentur sem trygging, en ekki greiðsla, og sé stefnanda því óheimilt að krefja samþykkjanda um greiðslu á víxlinum, fyrr en lögskipti þeirra séu komin á það stig, að krafan, sem víxillinn á að tryggja, sé viðurkennd eða fyrir henni liggi dómur. Í þriðja lagi megi á það benda, að víxillinn hafi verið bundinn skilyrði með árituninni „Tryggingarvíxill", sbr. 1. og 26. gr. víxillaganna, og njóti hann því ekki víxilréttar og hafi því borið að leggja málið til sátta fyrir sáttanefnd. Að lokum sé á það að líta, að stefnandi hafi ekki sýnt víxilinn innan ársfrestsins, sem tiltekinn sé í 34. gr. víxillaganna, og sé víxilréttur hans því fallinn niður fyrir vangeymslu.

Stefnandi, sem krefst þess, að frávísunarkröfunni verði hrundið, kveður stefnda skulda meir en andvirði víxilsins, og sé honum því heimilt að innheimta víxilinn. Hefur stefnandi mótmælt því, að stefndi fái að koma að öðrum vörnum í máli þessu en heimilaðar eru í 208. gr. laga nr. 85/1936. Þá heldur hann því fram, að málið sé nægjanlega reifað, víxilkrafan sé dómtæk, enda hafi víxilrétturinn ekki fallið niður gagnvart stefnda, þótt

víxillinn hafi ekki verið sýndur innan ársfrestsins, sem tiltekinn sé í 34. gr. víxillaganna.

Eigi verður fallizt á það með stefnda, að orðið „Tryggingarvíxill", sem skráð er á skjal það, sem stefnandi byggir kröfur sínar á, skilorðsbindi svo skjalið, að það fullnægi ekki af þeim sökum formskilyrðum víxla samkvæmt víxillögunum nr. 93/1933. Telja verður, að skjalið sé víxill í skilningi fyrrgreindra laga, og var stefnanda því ekki nauðsynlegt að leggja málið fyrir sáttanefnd, sbr. 10. tl. 5. gr. laga nr. 85/1936. Þrátt fyrir það, að aðiljar máls þessa hafa ekki að fullu gert upp skuldaskipti sín í sambandi við umrædda íbúð, þá þykir ekki eiga að vísa málinu frá dómi samkvæmt 69. gr. laga nr. 85/1936. Þessi skilningur byggist á 17. gr. víxillaganna. Telja verður, að málsreifan af hálfu stefnanda sé ekki svo ábótavant, að vísa eigi málinu frá dómi af þeim sökum. Sú vörn stefnda, að víxillinn hafi ekki verið sýndur til greiðslu á réttum tíma, er efnisvörn, og kemur hún því ekki til álita í þessum þætti málsins. Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður frávísunarkrafa stefnda ekki tekin til greina.

Afstaða til málskostnaðar í þessum þætti málsins verður tekin við efnisdóm í málinu.

Bjarni K. Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Hin framkomna frávísunarkrafa verður ekki tekin til greina.

Miðvikudaginn 5. október 1960.

Nr. 71/1959. **Bæjarútgerð Reykjavíkur**
(Tómas Jónsson hrl.)
gegn
Ágúst Fjeldsted f. h. Johannes Iversens
(Ágúst Fjeldsted hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabætur vegna riftunar á vinnusamningi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. apríl 1959. Krefst hann sýknu í málinu og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati Hæstaréttar, en til vara, að málskostnaður verði felldur niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda eftir mati dómsins.

Svo sem tekið er fram í hinum áfrýjaða dómi, komst á bindandi ráðningarsamningur milli áfrýjanda og stefnda um skipsrúm á togurum áfrýjanda frá því, að stefndi kom hingað til lands 8. apríl 1954 og þar til 30. júní s. á.

Þar sem áfrýjandi vefengdi í upphafi gildi þessa samnings, fyrirgerði stefndi ekki rétti sínum á hendur áfrýjanda, þótt hann biði ekki hér í Reykjavík og sleppti af skipsferð þeirri, er féll héðan til Færeyja að kvöldi hins 9. apríl 1954, til þess að sannreyna, hvort tálmanir þær, sem voru á því, að hann gæti hafið starf sitt hjá áfrýjanda, og lýst er í hinum áfrýjaða dómi, féllu niður.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Bæjarútgerð Reykjavíkur, greiði stefnda,

Ágúst Fjeldsted f. h. Johannes Iversens, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 20. febrúar 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. þ. m., hefur Ágúst Fjeldsted hæstaréttarlögmaður, hér í bæ, fyrir hönd Jóhannes Iversens, sjómanns í Færeyjum, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 2. apríl f. á., gegn Bæjarútgerð Reykjavíkur, hér í bænum, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 9327.54 auk 6% ársvaxta frá 30. júní 1954 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Í marzmánuði 1954 gekk erfiðlega fyrir stefndu að fá sjómenn á þá togara sína, sem gerðir voru út á saltfiskveiðar. Sneri annar framkvæmdastjóri stefndu sér af því tilefni til Ragnars Stefánssonar, starfsmanns Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda, og mæltist til þess, að hann reyndi að útvega stefndu togarasjómenn frá Færeyjum. Ragnar tók að sér að reyna þetta, og fyrir milligöngu hans komust á bindandi ráðningarsamningar milli 16 færeyskra sjómanna og stefndu um skiprúm á togurum hennar frá þeim tíma, er þeir kæmu hingað til lands, og til 30. júní 1954. Færeyingarnir komu síðan hingað til Reykjavíkur með m/s Dronning Alexandrine hinn 8. apríl 1954, og var stefnandi einn þeirra. Að kvöldi sama dags átti einn af togurum stefndu, Þorsteinn Ingólfsson, að fara á veiðar, og var til þess ætlazt, að Færeyingarnir færu á það skip. Þegar að því kom, var orðið ljóst, að íslenzkir sjómenn, sem staddir voru niður við höfn, beittu sér mjög gegn því, að Færeyingarnir yrðu skráðir á skipið. Jafnframt hafði Færeyingunum verið tilkynnt, að Sjómannafélag Reykjavíkur væri andvígt því, að þeir færu til starfa á togara frá Reykjavík. Leiddi þetta til þess, að þeir treystust ekki til að fara út í b/v Þorstein Ingólfsson gegn andstöðu íslenzkra stéttarbræðra sinna, enda óttuðust þeir og, að til ofbeldisaðgerða kynni að koma, ef þeir yrðu fluttir út í skipið undir lögregluvernd, en stefnda kveðst hafa boðið að láta þeim hana í té. Brottför togarans var nú frestað um sinn, og á meðan fóru fram viðræður milli sendiritara Danska sendiráðsins í

Reykjavík af hálfu Færeyinganna og fulltrúa stefndu um lausn málsins, en þær viðræður leiddu ekki til samkomulags.

Þegar stefnandi sá, hvað verða vildi, hélt hann heim til Færeyja aftur með m/s Dr. Alexandrine, er fór héðan að kvöldi hins 9. apríl, en hinir Færeyingarnir 15 biðu átekta. Þetta sama kvöld voru þeir síðan allir nema einn fluttir út í b/v Þorstein Ingólfsson, er þá lá hér á ytri höfninni, og skráðir hásetar á skipið, og hélt það síðan út til veiða. En þegar togari stefndu, Skúli Magnússon, kom af veiðum hinn 10. apríl, sögðu flestir hásetar skipsins upp skiprúmi. Hið sama gerðu einnig flestir hásetar á skipi stefndu, b/v Jóni Þorlákssyni, er það kom af veiðum að kvöldi hins 11. apríl. Þessum uppsögnum hásetanna fylgdu þau skilaboð til stefndu, að uppsagnirnar væru gerðar til þess að mótmæla því, að færeyskir sjómenn væru ráðnir á togara hennar. Var stefndu um það kunnugt, að Sjómannafélag Reykjavíkur hafði sent skeyti út í skip þessi, og telur stefnda, að afstaða Sjómannafélagsins hafi verið orsök þess, að hásetarnir sögðu upp. Stefndu þótti nú ekki annað sýnna en að íslenzkir sjómenn myndu þannig stöðva alla togara hennar og jafnvel alla aðra togara, sem gerðir voru út frá Reykjavík. Tók stefnda því það ráð að kalla b/v Þorstein Ingólfsson inn til Reykjavíkur, og kom skipið í höfn aðfaranótt þriðjudagsins 13. apríl. Þegar hingað kom, voru Færeyingarnir látnir víkja af skipinu, og varð síðar um daginn engin fyrirstaða á því, að hásetarnir á b/v Skúla Magnússyni og b/v Jóni Þorlákssyni létu skrá sig á skipin aftur.

Er séð varð, að ekki fékkst vinnufriður fyrir Færeyingana á togurum stefndu, og þar sem ekki náðist samkomulag við þá um, að þeir réðu sig á önnur skip, en það töldu þeir sér óskylt, héldu þeir með skipi heim til Færeyja hinn 17. apríl.

Af hálfu þessara 15 Færeyinga voru síðan fljótlega höfðuð hér fyrir dómi mál á hendur stefndu til greiðslu skaðabóta vegna vanefnda hennar á áðurgreindum ráðningarsamningum. Voru þrjú þessara mála dæmd í héraði, en þeim dómum öllum áfrýjaði stefnda til Hæstaréttar. Gekk í Hæstarétti dómur í einu af málunum, og var héraðsdómurinn staðfestur óbreyttur, en í honum höfðu stefnanda verið dæmdar skaðabætur úr hendi stefndu vegna samningsrofa hennar og fjárhæð bótanna miðuð við tekjur þær, sem hásetar á tilteknum togara stefndu, b/v Þorsteini Ingólfssyni, höfðu haft á ráðningartímanum, að frádregnum tekjum stefnanda í Færeyjum á tímabilinu svo og kostnaði,

sem stefnandi hafði sloppið við, með því að vera ekki á skipinu. Að hæstaréttardómnum gengnum voru hin tvö málin hafin í Hæstarétti, og gerði stefnda síðan upp bótakröfu Færeyinganna 15 á grundvelli hins staðfesta héraðsdóms.

Dómkröfur sínar í máli þessu reisir stefndi á sama grundvelli og hinir aðrir landar hans og miðar fjárhæð bótanna við grundvöll þann, sem lagður var í hinum staðfesta héraðsdómi.

Kröfu sína um sýknu reisir stefnda á því, að stefnandi hafi sjálfur vanhaldið ráðningarsamninginn við hana með því að fara aftur heim til Færeyja, áður en fullreynt var, hvort takast mætti að halda hinum færeysku sjómönnum í þjónustu hennar. Hann hafi þannig ekki gefið kost á vinnu sinni, svo sem honum hafi borið, og eigi hann því engan rétt til skaðabóta. Þá hafi því verið lýst yfir við stefnanda, að ef hann færi strax aftur til Færeyja, þá gerði hann það á eigin ábyrgð og kostnað, enda hafi hann sjálfur greitt fargjald sitt heim.

Svo sem áður segir, komst á bindandi ráðningarsamningur milli stefnanda og stefndu um skiprúm á togurum hennar, frá því hann kæmi hingað til lands og þar til 30. júní 1954. Er stefnandi var kominn hingað til Reykjavíkur 8. apríl 1954, var hann reiðubúinn að hefja þá þegar starf sitt hjá stefndu, en vegna óvinsamlegrar afstöðu reykvískra sjómanna varð ekki af því, að svo yrði. Þessi afstaða var enn fyrir hendi, er stefnandi hélt heimleiðis að kvöldi hins 9. apríl, og nokkrum dögum síðar kom berlega í ljós, eins og að framan er rakið, að stefndu var ekki unnt að standa við ráðningarsamningana við þá 15 Færeyinga, sem hér höfðu beðið átekta.

Þá kemur fram í málinu, að stefnda mun þegar við komu Færeyinganna hingað hafa vefengt, að bindandi ráðningarsamningar hafi verið komnir á við þá, en sú viðbára reyndist ekki hafa við rök að styðjast.

Að því athuguðu, sem hér að framan er sagt, þykir stefnandi ekki, eftir því sem á stóð, hafa vanefnt ráðningarsamninginn af sinni hálfu. Á hann þá, eins og málum er háttað, rétt til skaðabóta úr hendi stefndu, og þar sem hinni umstefndu fjárhæð hefur ekki verið andmælt, ber að taka dómkröfur stefnanda til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 1400.00.

Ísleifur Árnason, settur borgardómari, kvað upp dóm þenna ásamt samdómendunum Ragnari Jónssyni hæstaréttarlögmanni og Jónasi Jónassyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefnda, Bæjarútgerð Reykjavíkur, greiði stefnanda, Ágúst Fjeldsted f. h. Johannes Iversens, kr. 9327.54 með 6% ársvöxtum frá 30. júní 1954 til greiðsludags og kr. 1400.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. október 1960.

Nr. 38/1960. **Ákæruvaldið** (Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn
Stefáni Guðna Ásmundssyni
(Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir að dómur gekk í héraði, hefur Friðrik V. Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, markað á sjóuppdrátt stað v/b Reynis II, NK 47, samkvæmt mælingum gæzluflugvélarinnar Ránar hinn 25. ágúst 1959, kl. um 1547. Reyndist staður bátsins 3.7—3.8 sjómílur innan þeirra 4 sjómílna fiskveiðimarka, sem um ræðir í 1. gr. reglugerðar nr. 87/1958, og kemur það heim við staðarákvörðun löggæzlumanna í flugvélinni Rán.

Ákærði hefur með því að vera á dragnótaveiðum á nefndum stað gerzt sekur við ákvæði 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 87/1958, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 70/1958 og lög nr. 44/1948. Samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 87/1958 og 6. gr. reglugerðar nr. 70/1958 varðar þetta hann viðurlögum eftir 4. (áður 3.) gr. laga nr. 45/1937, sbr. lög nr. 83/1945 og lög nr. 31/1951.

Afli sá, sem var í v/b Reyni II, þegar ákærði var staðinn að ólöglegum veiðum hinn 25. ágúst 1959, hafði verið lagður á land og var ekki fyrir hendi sérgreindur, er réttarpróf hófust yfir ákærða í sakadómi Neskaupstaðar hinn

26. september 1959. Verður því að fella niður ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku afla. Hins vegar voru þá enn í bátnum veiðarfæri þau, sem notuð höfðu verið til hinna ólöglegu veiða. Í málflutningi fyrir Hæstarétti kom fram, að veiðarfærin voru aldrei tekin úr vörzlum ákærða, og samkvæmt vottorði héraðsdómara brunnu veiðarfærin hinn 25. nóvember 1959. Verður upptaka þeirra því ekki heldur dæmd.

Refsing ákærða þykir með tilliti til þess, að upptaka er ekki dæmd, og þess, að 1724.21 pappírskrónur jafngilda nú 100 gullkrónum samkvæmt vottorði Landsbanka Íslands, hæfilega ákveðin kr. 10.000.00 sekt til Fiskveiðasjóðs Íslands, og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað. Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 3000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Stefán Guðni Ásmundsson, greiði kr. 10.000.00 sekt til Fiskveiðasjóðs Íslands, og komi varðhald 30 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Guðmundar Péturssonar og Sigurðar Ólasonar, kr. 3000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Neskaupstaðar 16. október 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. september s.l., er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn ákærða, Stefáni Guðna Ásmunds-

syni skipstjóra, Neskaupstað, með ákæruskjali, útgefnu af dómsmálaráðherra 3. september s.l., fyrir að hafa þriðjudaginn 25. ágúst s.l. verið að ólöglegum dragnótaveiðum á v/b Reyni II, NK 47, út af Skaptárósvita, allt að 3.8 sjómílur innan 4 mílna markalínu samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952 um verndun fiskimiða umhverfis Ísland.

Brot þetta er talið varða við 1. gr., sbr. 4. gr., laga nr. 45/1937 um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi, sbr. 1. gr. laga nr. 26/1940 um breyting á þeim lögum og 1. gr. laga nr. 31/1951 um breyting á sömu lögum, svo og við 1. gr., sbr. 5. gr., reglugerðar nr. 21/1952 og 1. mgr. 3. gr., sbr. 6. gr., reglugerðar nr. 70/1958 um fiskiveiðilandhelgi Íslands, sbr. 1. gr., sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 87/1958 um viðauka við þá reglugerð,

Krafizt er, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar, svo og að afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, verði gerð upptæk samkvæmt 4. gr. laga nr. 45/1937, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1951.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 8. maí 1925 á Norðfirði, og hefur ekki, svo að vitað sé, sætt kæru né refsingu.

Málavextir eru þessir samkvæmt skýrslu landhelgisgæzlunnar:

Þriðjudaginn 25. ágúst s.l. var gæzluflugvélin TF Rán á eftirlitsflugi fyrir suðurströnd landsins. Kl. 1544 sást bátur grunsamlega nærri landi. Um kl. 1547 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun yfir vélbátnum Reyni II, NK 47:

Skaptárós í réttv. 310°, 1.7 sm í næsta land.

Áhöfn flugvélarinnar sá, að Reynir II var bersýnilega á dragnótaveiðum, og sáust tógin liggja þvert út frá stjórnborðshlið bátsins, og var hann að hífa inn. Sáust blaut tóg fyrir framan spil, og eins í bakborðsgangi. Flogið var yfir bátnum frá kl. 1547 til kl. 1620 og fylgzt vel með öllum athöfnum skipverja á tímabilinu. Kl. 1610 komu tveir hlerar í ljós, setti báturinn þá á ferð og beygði um leið til stjórnborða. Kl. 1612 stöðvaði báturinn ferð sína, og komu þá í ljós netakúlur og vængir dragnótarinnar. Kl. 1613 byrja skipverjar að draga netið á handafli á stjórnborðssíðu. Er báturinn var yfirgefinn kl. 1620, stóð pokinn beint niður með síðu bátsins, og skipverjar virtust hættir vinnu sinni. Ekkert samband var haft við bátinn.

Vitnið Þröstur Sigtryggsson, skipstjóri á gæzluflugvélinni, staðfesti skýrsluna. Ítrekar hann, að áhöfn flugvélarinnar hafi séð einkennisstafi bátsins, NK 47, mjög vel. Vitnið taldi, að megin-

hluti aflans hafi verið flatfiskur, og markar hann það af því, hvernig pokinn lá niður með bátshlið. Staðarmælingar voru gerðar af vitninu, loftskeytamanni og siglingafræðingi með ratsjá og áttavita. Minnsta fjarlægð frá bátnum til lands var 1.7 sjómílur, en það gefur stað bátsins um 3.8 sjómílur innan 4 mílna markalínunnar á þessum slóðum. Samband var ekki haft við bátsverja, þar sem vitnið vildi ekki kalla í talstöðina á bátabylgjunni, meðan eftirlitsferð var ekki lokið.

Vitnið Guðjón Benedikt Jónsson, flugmaður á gæzluflugvélinni, Rauðalæk 57, var við stjórn flugvélarinnar og gerði þess vegna ekki staðarmælingar. Hann sá einkennisstafi bátsins NK 47 og 4 skipverja. Hann skýrir frá því, að flogið var lágt yfir bátnum, allt niður í 200 fet. Hann staðfestir einnig skýrslu landhelgisgæzlunnar að því leyti, sem hann veit um.

Vitnið Garðar Ingi Jónsson, loftskeytamaður á gæzluflugvélinni, Hagamel 43, staðfestir skýrslu landhelgisgæzlunnar. Hann sá einkennisstafina NK 47 greinilega. Hann sá einnig togstrengi út af stjórnborðssíðu bátsins, þegar að var komið, og að skipverjar drógu tógin inn á vindu bátsins. Hann sá, er hlerar komu upp við bátshliðina, og síðan voðina. Vitnið skýrir frá því, að gæzluflugvélin sveimaði alllengi yfir bátnum, og voru þá gerðar staðarmælingar, en vitnið aðstoðaði við ratsjármælingar og staðhæfir, að fjarlægð vélarinnar til lands, þegar hún var beint yfir bátnum, hafi verið 1.7 sjómílur samkvæmt ratsjánni.

Vitnið Björn Jónsson, stýrimaður og flugmaður, Grenimel 40, var siglingafræðingur á gæzluflugvélinni í nefndri eftirlitsferð. Hann staðfestir skýrslu landhelgisgæzlunnar. Hann sá einkennisstafi bátsins NK 47 mjög greinilega. Hann sá einnig togstrengi þvert af stjórnborðssíðu og að þeir voru dregnir inn á togvindu bátsins. Síðar sá vitnið 2 hlera koma upp og sömuleiðis voðina með kúlum. Loks sá hann, er skipverjar drógu inn hluta voðarinnar, er sveimað hafði verið yfir bátnum í röskan hálftíma. Vitnið var við áttavitann, þegar staðarmælingar voru gerðar, en hafði ekki aðstöðu til að líta samtímis í ratsjána. Áttavitinn sýndi réttv. 310°, þegar vélin var beint yfir bátnum. Flogið var í stefnu á Skaptárósvita, og tilkynnti loftskeytamaður þá fjarlægðina 1.7 sjómílur. Vitnið setti stað bátsins út í kort ásamt Þresti Sigtryggssyni, eftir að gæzluförinni var lokið. Vitnið taldi vafalaust, að báturinn hafi verið að ólöglegum fiskveiðum innan fiskveiðitakmarkanna í umrætt sinn.

Ákærði, Stefán Guðni Ásmundsson, skipstjóri á v/b Reyni II, NK 47, kvað sér vera fullljóst, að hann hafi verið fyrir innan 4 mílna mörkin að dragnótaveiðum. Skip hans, Reynir II, NK 47, fór frá Vestmannaeyjum kl. 18—19 þann 24. ágúst s.l. Var haldið austur í Meðallandsbugt og komið þangað næsta morgun. Voru tekin 2 höl með dragnót bátsins, sem er venjuleg dragnót, búin litlum hlerum. Aflinn varð 150—180 kg af langlúru, 40—50 kg af rauðsprettu og 150—180 kg af ýsu. Þetta var ofan við „Hólinn" og því utan við 4 mílna mörkin. Næst var kippt og kastað nær landi og togað í 20—30 mínútur. Var báturinn staddur þar, sem flugvélin kom að honum, þegar dregið var inn. Aflinn í þessu togi var 100—120 kg stór rauðspretta, ca 30 kg ýsa og 50—70 kg langlúra. Skipverjar urðu varir við flugvélina og undruðust, að ekki skyldi haft samband við þá, enda þótt þeir stilltu talstöðina strax á kallbylgjuna. Vegna þessa taldi ákærði, að hann yrði ekki kærður fyrir fiskveiðibrot sitt. Þess vegna hélt hann veiðiferðinni áfram. Fór hann strax austur fyrir Ingólfshöfða og var þar að veiðum í 1 dag, og síðan 1 dag út af Stokksnesi. Síðan héldu þeir til Neskaupstaðar og lögðu aflann upp þar. Aflinn, eftir brottförina frá Skaptárósi, var 450 kg koli, 115 kg langlúra, 260 kg ýsa og 300 kg steinbítur, 1280 kg úrgangur. Kemur þetta heim við heildaraflamagn úr veiðiferðinni samkvæmt creditnótu frá Samvinnufélagi útgerðarmanna Neskaupstað, sem lögð er fram í dóminum. Ákærði hefur ekki óskað eftir, að sér yrði skipaður verjandi í máli þessu, en hann hefur bent á sér til málsbóta, að hann hefur enga tilraun gert til þess að skjóta sér undan ábyrgð af broti sínu. Hann hefur aldrei áður verið sakaður um fiskveiðibrot, og hann tók aðeins eitt tog innan markalínunnar. Hann benti einnig á, að veiðarfærin eru orðin verðlítil,, og fer þess á leit, að afli, veiddur eftir brotið í sömu veiðiferð, verði ekki gerður upptækur.

Af játningu ákærða og stutt af vitnisburðum vitna er sannað, að ákærði var að ólöglegum veiðum með dragnót á skipi sínu Reyni II, NK 47, 3.8 sjómílur innan 4 mílna markalínunnar samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952 um verndun fiskimiðanna umhverfis Ísland, út af Skaptárósvita, þriðjudaginn 25. ágúst 1959, kl. 15—1600, og veiddi þar 100—120 kg af stórri rauðsprettu, ca 30 kg af ýsu og 50—70 kg langlúru.

Með þessu athæfi sínu hefur ákærði gerzt brotlegur við 1. gr., sbr. 4. gr., laga nr. 45/1937 um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, sbr. 1. gr. laga nr. 26/1940 um breytingu á lögum nr. 45/

1937 og 1. gr. laga nr. 31/1951 um breytingu á lögum nr. 45/1937, svo og við 1. mgr. 3. gr., sbr. 6. gr., reglugerðar nr. 70/1958 um fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. 1. gr., sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 87/1958 um viðauka við reglugerð nr. 70/1958.

Ekki virðist ástæða til að heimfæra brotið undir reglugerð nr. 21/1952, þar sem hún var numin úr gildi með 7. gr. reglugerðar nr. 70/1958.

Eftir atvikum þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 5000.00 króna sekt til Fiskveiðisjóðs Íslands, og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Einnig ber að bera upptæk afla og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, v/b Reynis, NK 47, samkvæmt 4. gr. laga nr. 45/1937, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1951. Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dóm þenna kváðu upp Axel V. Tulinius bæjarfógeti og meðdómsmennirnir Ármann Eiríksson og Jón Ölvesson, skipstjórar.

Dómsorð:

Ákærði, Stefán Guðni Ásmundsson, greiði 5000.00 króna sekt til Fiskveiðisjóðs Íslands, og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Afli og veiðarfæri v/b Reynis II, NK 47, skulu ger upptæk, og rennur andvirðið til Fiskveiðisjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. október 1960.

Nr. 36/1959. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Jón Skaftason hdl.)
gegn
Mjólkursamsölunni
(Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Krafa um endurgreiðslu á söluskatti.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. febrúar 1959, krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Með setningu 3. gr. laga nr. 108/1954 var kveðið á um nýtt orðalag á 22. gr. laga nr. 100/1948. Í a-lið greinarinnar var fyrst mælt fyrir um 2% söluskatt af sölu eða afhendingu smásala, í b-lið var því næst kveðið á um 3% söluskatt af annarri sölu eða veltu og aftan við b-lið bætt nýju ákvæði svohljóðandi: „Af sölu bóksala á bókum í umboðssölu skal þó aðeins greiða skattinn af umboðsþóknun hans. Í öðrum umboðssöluviðskiptum skal smásali eða annar umboðssali greiða söluskatt af öllu heildarandvirði varanna frá sér". Í 2. tl. A-liðs 6. gr. reglugerðar nr. 168/1954 eru og sams konar ákvæði um þetta efni.

Samkvæmt þessum skýlausu ákvæðum verður stefndi að teljast hafa verið réttilega krafinn um söluskatt af þeim viðskiptum, sem rakin eru í héraðsdómi. Eigi getur það haggað þessari niðurstöðu um skyldu stefnda til greiðslu söluskattsins til áfrýjanda, þótt verðgæzlustjóri hafi ekki leyft stefnda að bæta söluskatti þessum við útsöluverð varanna. Ber því að sýkna áfrýjanda af endurgreiðslukröfu stefnda og dæma hann til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 4500.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Mjólkursamsölunnar, í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjanda kr. 4500.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. desember 1958.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. f. m., hefur Mjólkursamsalan í Reykjavík höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 28. október 1957, á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu á kr. 79.584.23 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1956 til greiðsludags og málskostnaði að mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málsatvik eru þau, að á árinu 1955 seldi stefnandi í verzlunum sínum brauð fyrir 6.689.189.76, þar af frá eigin brauðgerð fyrir kr. 3.561.433.00, en frá öðrum brauðgerðum fyrir kr. 3.127.756.40. Var stefnanda gert að greiða til ríkissjóðs 3% í söluskatt af heildarfjárhæðinni. Telur stefnandi, að skattlagning þessi hafi ekki við lög að styðjast og hafi sér eigi borið að greiða söluskatt af öðru en heildarandvirði þeirra brauða, er stefnandi seldi frá eigin brauðgerð, svo og umboðsþóknun þeirri, er stefnandi fékk fyrir sölu á brauðum frá öðrum brauðgerðum, en þau umboðslaun námu kr. 395.344.33. Telur stefnandi sig því hafa ofgreitt í söluskatt 2.9126% af kr. 2.732.412.07, og er það stefnufjárhæðin.

Kröfum sínum til stuðnings bendir stefnandi á, að hann hafi verið krafinn um 3% söluskatt af heildarumboðsverði brauðanna, þ. e. bæði framleiðsluverði og umboðslaunum. Framleiðendur brauðanna hafi einnig verið krafðir um 3% söluskatt af framleiðsluverðinu, og hafi því tvöfaldur söluskattur verið reiknaður af framleiðsluverðinu, en aðeins einfaldur af umboðslaununum. Jafnframt sé aðeins einfaldur söluskattur reiknaður af heildarverði þeirra brauða, er stefnandi seldi frá eigin brauðgerð.

Telur stefnandi, að óheimilt sé að taka söluskatt nema einu

sinni af sömu sölu, enda hafi verðgæzlustjóri bannað stefnanda að reikna söluskattinn nema einfaldan í verði vörunnar. Bendir stefnandi og á, að ef bæta ætti söluskatti við umboðssölu við söluverð brauðanna, svo sem heimilt sé þó samkvæmt ákvæðum laga, kæmi fram tvenns konar brauðverð, þar sem söluskattur af eigin framleiðslu stefnanda yrði aðeins reiknaður einfaldur.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að það sé í fullu samræmi við ákvæði laga nr. 108 frá 23. desember 1954 um framlengingu á gildi III. kafla laga nr. 100 frá 29. desember 1948 um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna að krefja umboðssala um söluskatt af heildarandvirði vörunnar frá umboðssala. Telur stefndi, að bann verðgæzlustjóra við að reikna hluta af söluskattinum með í útsöluverði brauðanna geti ekki breytt ótvíræðum ákvæðum laga um greiðsluskylduna, og hafi því endurgreiðslukrafa stefnanda ekki við rök að styðjast.

Í máli þessu er því eigi mótmælt, að um umboðssöluviðskipti hafi verið að ræða hjá stefnanda, og um fjárhæð stefnukröfunnar er eigi deilt. Hins vegar greinir aðilja á um, hvort í 22. gr. laga nr. 100 frá 1948, eins og greininni hefur nú verið breytt með 3. gr. laga nr. 108 frá 1954, felist heimild til að leggja söluskatt á heildarandvirði vöru frá umboðssala, þótt framleiðanda vörunnar hafi þegar verið gert að greiða söluskatt af framleiðsluverði hennar.

Ágreiningur um skilning á ákvæðum 22. gr. laga nr. 100 frá 1948 hefur fyrr sætt úrlausn dómstóls.

Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 1. júní 1951, var dæmt, að lög nr. 108 frá 1948 veittu ekki örugga heimild til að líta svo á, að söluskattur af bókum, sem seldar voru í umsýslusölu, skyldi greiðast tvisvar sinnum, og var bóksala, sem seldi bækur í umsýslusölu, því aðeins gert að greiða söluskatt af umsýslulaununum.

Í dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 23. marz 1953, var það talið algert skilyrði fyrir söluskattskyldu, að um sölu hafi verið að ræða. Í því máli kom fram, að stefnandi var aðeins umboðsmaður framleiðandans, sem var hinn raunverulegi seljandi vörunnar til neytenda. Hafði framleiðandanum þegar verið gert að greiða söluskatt af því verði, sem hann fékk fyrir vöruna. Var ekki talið, að afhending vörunnar til stefnanda yrði jafnað til sölu, og var því stefnanda aðeins gert að greiða söluskatt af umboðslaunum sínum. Dóm þenna staðfesti Hæstiréttur hinn 29. september 1954.

Frá því er framangreindir dómar gengu, hafa verið gerðar tvær breytingar á 22. gr. laga nr. 100 frá 1948, sem hér kunna að skipta máli. Með 3. gr. laga nr. 75 frá 17. desember 1953 var orðalagi 22. gr. laga nr. 100 frá 1948 breytt, og er upphaf greinarinnar nú svohljóðandi: „Af sölu og annarri veltu atvinnufyrirtækja og annarra skattskyldra aðilja skal greiða söluskatt sem hér segir:“ Síðan segir undir staflið b. „3% af annarri sölu eða veltu, þar með talin umboðssala, sala eða afhending, vinna og þjónusta ....“ Í 3. mgr. segir síðan: „Söluskattur vegna viðskipta miðast við heildarandvirði vöru án frádráttar nokkurs annars kostnaðar en söluskatts þess, er verið er að leggja á, greiða og halda eftir, og án tillits til þess, í hverju greiðsla er fólgin, og þótt um sé að ræða skipti gegn vöru eða þjónustu. Sé um að ræða skipti á vörum og þjónustu, afhendingu vara án endurgjalds, úttekt eiganda úr eigin fyrirtæki eða ef greitt er í vörum eða í þjónustu, skal miða við almennt gangverð í sams konar viðskiptum.“

Samkvæmt framansögðu virðist álagning söluskatts vera háð því skilyrði, að um viðskipti sé að tefla. Hin raunverulegu viðskipti í máli því, sem hér er til úrlausnar, fara fyrst fram, er neytandinn kaupir vöruna og framleiðandinn fær greitt framleiðsluverð hennar, en umboðsalinn þóknun sína. Fram að þeim tíma hefur varan aðeins verið flutt um set í dreifingarskyni. Verður ekki séð, að með þessum orðalagsbreytingum, sem gerðar voru á 22. gr. laga nr. 100 frá 1948 með 3. gr. laga nr. 75 frá 1953, felist neinar þær efnisbreytingar, sem breytt gætu fyrri skýringum dómstóla á greininni, enda verður að telja, að með afhendingu sé átt við afhendingu til eignar. Styðst þessi skoðun og við umræður, sem fram fóru á Alþingi, er lög nr. 75 frá 1953 voru sett.

Síðari breytingin, sem gerð hefur verið á 22. gr. laga nr. 100 frá 1948, komst á með 3. gr. laga nr. 108 frá 1954. Var þá bætt aftan við orð 22. gr. „Af sölu bóksala á bókum í umboðssölu skal þó aðeins greiða skattinn af umboðsþóknun hans“ orðunum: „Í öðrum umboðssöluviðskiptum skal smásali eða annar umboðssali greiða söluskatt af öllu heildarandvirði varanna frá sér.“ Telur stefndi, að með þessu sé fengin ótvíræð heimild til að leggja söluskatt á stefnanda af heildarandvirði brauðanna, og án tillits til þess, hvort framleiðanda þeirra hafi áður verið gert að greiða söluskatt af framleiðsluverðinu.

Í athugasemdum við frumvarp til laga nr. 108 frá 1954 segir,

að viðauki þessi sé til þess settur, „að smásalar greiði ekki í umboðssöluviðskiptum lægri söluskatt en þegar þeir selja vöru venjulegri sölu og þannig verði mishár skattur á vörurnar, eftir því hvaða söluaðferð er viðhöfð."

Það hefur komið fram í máli þessu, að stefnandi rak eigin brauðgerð og seldi eigin framleiðslu beint til neytenda frá verzlunum sínum. Var stefnanda gert að greiða 3% söluskatt af heildarandvirði þessara brauða. Jafnframt þessu tók stefnandi að sér að selja í umboðssölu brauð frá öðrum framleiðendum, sem þegar hafði verið gert að greiða 3% söluskatt af framleiðsluverði brauðanna. Er því ljóst, að ef orðum laganna er framfylgt og stefnanda gert að greiða 3% söluskatt af heildarandvirði þeirra brauða, er hann seldi í umboðssölu, leiðir það beint til þess, að mishár skattur leggst á sömu vöru, eftir því hvaða söluaðferð er viðhöfð. Þykir því verða að skýra umdeilt lagaákvæði með tilliti til þess, hver tilgangur löggjafans hafi verið við setningu ákvæðisins, þar sem orðalag þess virðist leiða til andstæðrar niðurstöðu.

Orð laganna gera að vísu ráð fyrir, að umboðssalinn skuli standa skil á söluskatti af heildarandvirði vörunnar. Í máli þessu hefur hins vegar framleiðandi vörunnar þegar greitt söluskatt af framleiðsluverði hennar. Virðist það eigi geta skipt máli fyrir stefnda, þótt þriðji maður, sem hefur hagsmuna að gæta sem raunverulegur seljandi vörunnar, greiði þenna hluta söluskattsins, en umboðssalinn aðeins þann hluta, sem leggst á umboðslaun hans. Hefur stefndi á þann hátt fengið greiddan söluskatt af heildarandvirði umboðssöluvörunnar.

Með vísan til framangreindra raka svo og tilvitnaðra dóma Hæstaréttar ber að taka kröfu stefnanda til greina, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Jón G. Tómasson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Mjólkursamsölunni, kr. 79.584.23 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1956 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 14. október 1960.

Nr. 29/1960. **Ákæruvaldið** (Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn
Tryggva Gunnarssyni
(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brot gegn 1. mgr. 142. gr. og 2. mgr. 200. gr. laga nr. 19/1940 og 44. gr. laga nr. 29/1947. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði var við sjómennsku í Vestmannaeyjum á vetrarvertíðinni 1957, þá á 26. aldursári. Komst hann þar í kynni við telpuna X, sem varð 14 ára 9. febrúar 1957. Eftir frásögn þeirra beggja fyrir dómi hafði telpan komið oftar en einu sinni í hús það, þar sem ákærði og fleiri sjómenn höfðu svefnstað, og kveður hún, að þá hafi komið fyrir, að ákærði hafi kysst hana. Að kvöldi hins 23. marz 1957 hitti ákærði telpuna á götu. Tók hann hana þá með sér heim í svefnstað sinn og hafði þar samfarir við hana, svo sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi. Samkvæmt framburði ákærða og telpunnar verður við það að miða, að þetta hafi verið fyrstu samfarir telpunnar. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms hefur ákærði gerzt brotlegur við 2. mgr. 200. gr. laga nr. 19/1940 og 1. mgr. 44. gr. laga nr. 29/1947.

Þá hefur ákærði með því að telja eitt vitni á að bera vísvitandi rangt fyrir dómi og gera tilraun til að koma öðru vitni til hins sama gerzt brotlegur við 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga og, að því er tilraunina varðar, sbr. einnig 1. mgr. 20. gr. laganna.

Þykir refsing ákærða með hliðsjón af 1. mgr. 77. gr. laga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og greiðslu sakarkostnaðar í héraði staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með

talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 3000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Tryggvi Gunnarsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sviptingu réttinda og greiðslu málskostnaðar í héraði staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, Egils Sigurgeirssonar og Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanna, kr. 3000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Árna Tryggvasonar og Jónatans Hallvarðssonar.

I.

Héraðsdómari lét undir höfuð leggjast að hlutast til um læknisskoðun á stúlkunni X, þegar er mál þetta kom upp hinn 23. marz 1957, og var slík skoðun eigi framkvæmd fyrr en 30. marz 1957. Einar læknir Guttormsson, sem þá skoðun framkvæmdi, hefur vottað, að meyjarhaft stúlkunnar hafi þá reynzt rofið, án þess að séð yrði, hvenær það hefði gerzt. Að svo vöxnu máli verður eigi í refsimáli við það miðað, að um fyrstu samfarir stúlkunnar hafi verið að tefla, enda verður í því efni ekkert örugglega ráðið af skýrslum hennar og ákærða.

Samkvæmt vætti föður stúlkunnar eftir uppsögu héraðsdóms var hún bráðþroska og stór eftir aldri, er atvik þau gerðust, sem mál þetta er af risið. Þegar litið er til afstöðu og viðbragða stúlkunnar í skiptum hennar og ákærða, sem lýst er í héraðsdómi, þá þykir eigi þrátt fyrir aldursmun aðilja öruggt að staðhæfa, að ákærði hafi með misbeitingu aðstöðu og yfirburða fengið stúlkuna til samfara eða á saknæman hátt leitt hana á siðferðilega glapstigu.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, ber að sýkna ákærða

af ákæru um brot gegn 2. mgr. 200. gr. laga nr. 19/1940 og 1. mgr. 44. gr. laga nr. 29/1947.

II.

Hlutdeild ákærða og tilraun ákærða til hlutdeildar í röngu vætti eru í héraðsdómi færð til réttra refsiákvæða. Þykir refsing ákærða fyrir það atferli hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og sakarkostnað ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Tryggvi Gunnarsson, sæti fangelsi 4 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Egils Sigurgeirssonar og Ólafs Þorgrímssonar, kr. 3000.00 til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 27. ágúst 1959.

Ár 1959, fimmtudaginn 27. ágúst, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Þórði Björnssyni, settum sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3764/1959: Ákæruvaldið gegn Tryggva Gunnarssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. hinn 27. ágúst 1957, er opinbert mál höfðað gegn Tryggva Gunnarssyni verkamanni, Vesturgötu 68, hér í bæ, fyrir að hafa gerzt brotlegur við 2. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940 og 44. gr. laga nr. 29 frá 1947 um vernd barna og ungmenna, með því að tæla stúlkuna X, til heimilis að H-veg, Vestmannaeyjum, fædda 9. febrúar 1943, til samfara við sig, laugardagskvöldið 23. marz s.l. í herbergi ákærða á Hásteinsvegi 55, Vestmannaeyjum.

Enn fremur er málið höfðað á hendur ákærða fyrir að hafa:

I. Talið vitnið Gunnlaug Viðar Guðjónsson verkamann, Kamp Knox B-3 í Reykjavík, á að skýra rangt frá málavöxtum fyrir sakadómi Vestmannaeyja 26. marz s.l., með því að segja í nefndum rétti sannleikanum ósamkvæmt og gegn betri vitund, að X hafi komið inn í hús það, sem ákærði og vitnið Gunnlaugur bjuggu í, 4—5 mínútum á undan lögreglunni, en þetta brot ákærða þykir varða við 1. mgr. 142. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr., almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940.

II. Gert tilraun til að telja vitnið Óla Jónsson verkamann, Vesturbraut 1, Hafnarfirði, á að skýra rangt frá málavöxtum fyrir sama rétti og með sama hætti og greinir í lið, merktum nr. I, hér að framan, sem telja verður tilraun til hlutdeildar í röngum framburði, og þykir brot þetta varða við 1. mgr. 142. gr., sbr. 20. gr. og 1. mgr. 22. gr., almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur hinn 20. júlí 1931 í Reykjavík, og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1949 19/5 Rv. Kærður fyrir reiðhjólaþjófnað. Afgreitt til barnaverndarnefndar.

1950 25/8 Rv. Dómur: 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga, sviptur kosningarrétti og kjörgengi.

1951 30/7 Rv. Sátt: 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

— 23/7 GK. Sátt: 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

— 28/7 GK. Kærður fyrir tolllagabrot. Fellt niður.

1953 15/4 Kv. Sátt: 150 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.

— 3/10 Rv. Sátt: 350 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.

— 24/4 GK. Dómur: Varðhald 20 daga fyrir brot á 218. gr. hegningarlaga og 1., 4. og 9. gr. lsþ. GK.

— 7/8 GK. Sátt: 300 kr. sekt fyrir tolllagabrot.

1954 22/10 Kv. Sátt 200 kr. sekt fyrir tolllagabrot.

1955 17/10 Kv. Sátt: 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1956 19/10 Kv. Sátt: 400 kr. sekt fyrir tolllagabrot.

1957 17/1 Rv. Dómur: 5 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

— 15/3 Kv. Dómur: 30 daga fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1957 15/5 Rv. Sátt: 200 kr. sekt, 500 kr. skaðabætur, fyrir ölvun og spellvirki.
— 28/11 Rv. Sátt: 200 kr. sekt fyrir ölvun.

Málavextir eru þessir:

I.

Ákærði kom til Vestmannaeyja hinn 27. janúar 1957 og fór að vinna í Vinnslustöðinni þar. Hann bjó í herbergi á Hásteinsvegi 55 með tveimur mönnum öðrum, en 11—12 menn aðrir bjuggu á sömu hæð.

Ákærði kveður, að ýmsar ungar telpur hafi vanið komur sínar í húsið til að tala við þá, sem þar bjuggu. Einn þeirra hafi átt hljóðfara (grammófón), sem þær hafi hlustað mikið á og þá dansað oft hver við aðra. Ákærði kveðst aldrei hafa orðið þess var, að nokkur hefði kynferðismök við telpurnar þarna. Honum hafi ekki geðjast að þessum heimsóknum þeirra og beðið þær, en án árangurs, um að hætta þeim og jafnframt hafi hann reynt að flytja burt í annað húsnæði.

Ákærði kveðst hafa fyrst séð telpuna X, sem fædd er hinn 9. febrúar 1943, á svonefndum Mjólkurbar í Vestmannaeyjum, en ekkert talað við hana í það skipti. Hann hafi séð hana aftur á þessum sama stað og orðið henni þá málkunnugur. Seinna hafi hún svo komið með kunningjastúlku sinni á Hásteinsveg 55, en þá ekkert frekar til að hitta hann en aðra íbúa hússins. Þá hafi hún komið til hans föstudagskvöldið 22. marz 1957, þar sem hann sat inni í Mjólkurbarnum, og hafi hann þá beðið hana um að fara í burtu frá honum, en þar eð hún hafi ekki orðið við því, hafi hann farið sjálfur út.

X kveðst hafa komið í heimsókn á Hásteinsveg 55, og kveður hún, að stúlkur þær, sem stundum hafi komið þangað, hafi spjallað við strákana þar og hlustað á hljómplötur. Ákærði hafi stundum kysst hana, þegar hún kom í húsið, en aðra karlmenn hafi hún ekki kysst þar.

II.

Laugardaginn 23. marz 1957 vann ákærði ekkert í Vinnslustöðinni. Eftir hádegi þann dag fór hann að neyta áfengis, og um kvöldið var hann orðinn töluvert ölvaður. Hann hitti þá fyrrgreinda telpu, X, ásamt piltinum Gunnlaugi Viðari Guðjónssyni verkamanni, Kamp Knox B-3, hér í þæ, þá 15 ára að aldri, skammt frá Samkomuhúsinu, þar sem þau höfðu verið á kvikmyndasýn-

ingu, sem X kveður, að hafi byrjað kl. 19. Að sýningunni lokinni, eitthvað fyrir kl. 21, ætlaði X að ganga með Gunnlaugi Viðari að Hásteinsvegi 55, þar sem hann bjó, en hún vissi, að þetta kvöld voru telpur þar í húsinu. Gengu þau síðan ásamt ákærða vestur Vestmannabraut að Hótel H.B. og töluðust við um stund. Gunnlaugur Viðar skrapp nú í burtu, og ætlaði X að bíða eftir honum á meðan. Bað ákærði hana þá um að koma með honum upp á Hásteinsveg 55, og gengu þau þangað.

Rétt fyrir kl. 22 hringdi M, H-veg, faðir X, á lögregluvarðstofuna og skýrði frá því, að ákærði myndi hafa farið með þessa dóttur hans heim til sín á Hásteinsveg 55, og bað um aðstoð lögreglunnar af því tilefni. Fóru lögreglumennirnir Jóhannes J. Albertz, Hásteinsvegi 37, og Sveinn Magnússon, Hvítingavegi 10, þangað ásamt M. Ljós var ekki í herbergi ákærða, og reyndist það vera læst, og var lykillinn í skránni að innanverðu. Sveinn gat séð inn í herbergið úr næsta herbergi í gegnum gat, sem var á þilinu milli þeirra, og sá þá, hvar ákærði var þar í rúmi nakinn að ofan og hafði risið upp á olnboga. Lögreglumennirnir knúðu á herbergisdyrnar, en enginn svaraði. Sögðu þeir þá, hverjir þeir væru og að þeir myndu sprengja upp hurðina, ef ekki yrði opnað. Liðu nokkrar mínútur, án þess að opnað væri. Fór Sveinn þá út og að glugga, sem var á herberginu, og sá þá, hvar X var komin með annan fótinn út um gluggann, en hún hætti við að fara út, þegar hún sá Svein. Fór hann þá aftur inn í húsið, og í sama bili voru herbergisdyr ákærða opnaðar og kom ákærði þaðan út ásamt greindri telpu. Var ákærði þá klæddur í skyrtu og buxur og telpan alklædd, en Jóhannes J. Albertz kveður, að hún hafi setið á rúminu og verið að hneppa að sér treyjunni, þegar ákærði opnaði hurðina. Sveinn Magnússon hefur sérstaklega tekið fram, að svolítil stund, og máske 5 mínútur, hafi liðið, frá því að þeir lögreglumennirnir knúðu á herbergisdyrnar, þar til ákærði opnaði þær.

Þriðjudaginn 26. marz hinn næsta á eftir hófst rannsókn málsins í sakadómi Vestmannaeyja. Framburðir ákærða og vitnisins X um það, hvað gerðist í herberginu í umrætt skipti, svo og framburðir annarra vitna, sem leidd hafa verið í málinu, hafa ekki verið alveg stöðugir eða samhljóða, og þykir því gleggst að greina frá framburði hvers þeirra sérstaklega.

Ákærði var þegar yfirheyrður hinn 26. marz, og var framburður hans þá þessi:

Hann kveðst hafa verið orðinn all-ölvaður, þegar hann og X

voru komin á Hásteinsveg 55. Hafi hann farið úr yfirfötum og lagzt upp í rúmið í herbergi sínu og sofnað, en dyrum herbergisins hafi hann hallað aftur. X og Gunnlaugur Viðar hafi verið fram á gangi, þegar hann fór að sofa. Um 15 mínútum síðar hafi hann vaknað við það, að verið var að berja á herbergishurðina, og hafi hún þá verið læst og X þá verið komin inn í herbergið. Hann hafi heyrt í bifreið úti fyrir og gert sér grein fyrir því, að þetta myndi vera lögreglan. X hafi talað um að koma sér út um gluggann, því að hún hafi haldið, að faðir hennar væri með lögreglunni, en hætt svo við að fara út um gluggann, er hún sá lögreglumann þar fyrir utan. Í sömu svifum kveðst ákærði hafa opnað dyr herbergisins. Ákærði neitaði því eindregið að hafa haft kynferðismök við X í þetta eða önnur skipti og kveðst aldrei hafa kysst hana. Þá neitaði hann því, að hún hefði farið úr fötum eða lagzt upp í rúm hjá honum. Taldi hann, að hún hefði orðið vör við, að lögreglan kom að húsinu, og viljað fela sig í herbergi hans og reyna að komast þar út.

Sama dag var vitnið Gunnlaugur Viðar Guðjónsson yfirheyrt, og bar þá eftirfarandi:

Vitnið kvað X hafa farið í burtu á gatnamótunum, og hafi það haldið, að hún hafi farið heim til sín. Vitnið hafi leitt ákærða, sem var talsvert ölvaður, heim til sín á Hásteinsveg 55. Hann hafi verið í vinnufötum, og hafi það hjálpað honum úr þeim og hann síðan farið að sofa í herbergi sínu. Hafi hann ætlað að leggja sig og láta renna af sér, áður en hann færi á dansleik um kvöldið. Ákærði hafi lokað dyrum herbergisins, en það hafi ekki heyrt hann aflæsa þeim. Um það bil hálfri klukkustund seinna hafi það komið aftur til hans, en þá hafi herbergisdyrnar verið læstar og enginn svarað, þegar það knúði á þær. Vitnið kveðst þá hafa farið inn í næsta herbergi og litið þaðan í gegnum gat á veggnum inn í herbergi ákærða, og hafi ákærði þá verið þar einn inni og sofandi. Eftir þetta hafi það farið inn í herbergi sitt og lagt sig þar og sofnað. Vitnið gizkar á, að það hafi sofið í um eina klukkustund, en rétt á eftir að það vaknaði, hafi það heyrt, að útidyr voru opnaðar og þekkt málróm X, en það hafi ekki séð hana. Telur vitnið, að hún hafi þá verið að koma inn í húsið. Síðan hafi vitnið heyrt, að barið var að dyrum hjá ákærða, og einni eða tveimur mínútum seinna hafi dyrnar verið opnaðar. Um það bil fimm mínútum seinna hafi lögreglan komið í húsið.

Vitnið Óli Jónsson verkamaður, Vesturbraut 1, Hafnarfirði, þá 17 ára að aldri, bar það sama dag, að umrætt laugardagskvöld hafi það verið eitt heima á Hásteinsvegi 55 af heimamönnum, en nokkrar stúlkur hafi verið hjá því í herbergi þess til að hlusta á hljóðfara (grammófón), sem það átti. Einhvern tíma fyrir kl. 21 hafi ákærði komið heim og litið í dyragætt herbergisins. Hafi hann boðið gott kvöld, og minnist vitnið þess ekki, að hann segði annað, og síðan hafi hann farið. Vitnið kveðst ekki hafa orðið vart við, að einhver væri með ákærða. Milli kl. 21 og 22 hafi Gunnlaugur Viðar Guðjónsson komið til þess og spurt það að því, hvort ákærði væri kominn heim. Það hafi þá sagt honum, að ákærði hefði komið heim, en væri áreiðanlega farinn út aftur, því að vitnið hafi ekki vitað annað. Hafi Gunnlaugur Viðar þá sagzt ætla að leggja sig og beðið það um að vekja sig, þegar ákærði kæmi. Vitnið minnir, að klukkan hafi verið 22.20 eða 22.25, þegar lögreglan kom í húsið, og þá hafi það fyrst vitað, að X var þar.

Eftir þenna framburð vitnisins Óla Jónssonar var vitnið Gunnlaugur Viðar Guðjónsson þegar yfirheyrt á ný. Breytti það nú framburði sínum og bar á þenna veg:

Vitnið kveðst hafa skilið við ákærða og X hjá hótel H. B., og hafi hann sagt því, að hún ætlaði að fylgja honum heim. Vitnið hafi síðan farið inn í Vinnslustöð til að hitta félaga sína þar, og hafi klukkan þá verið um 21. Um það bil 15 mínútum seinna hafi það komið heim til sín á Hásteinsveg 55 og ætlað þá inn til ákærða, en herbergi hans verið læst. Hafi hann þá kíkt inn um gat á veggnum inn í herbergið, og séð þá rétt á höfuð ákærða, þar sem hann lá, að því er virtist sofandi, í rúmi sínu og sneri til veggjar. Aðra hafi það ekki séð inni í herberginu, en það hafi ekki séð um allt herbergið og slökkt hafi verið í því. Það kveðst hafa barið að dyrum herbergisins og kallað, en ákærði hafi engu svarað. Vitnið kveður sig hafa grunað, að X væri inni í herberginu, þar sem ákærði var búinn að segja því, að hann ætlaði að láta hana fylgja sér heim. Það hafi síðan lagt sig og sofnað, en vaknað 4—5 mínútum áður en lögreglan kom í húsið. Jafnframt viðurkenndi vitnið nú, að ákærði hefði að kvöldi laugardagsins 23. marz og að morgni sunnudagsins 24. marz beðið það um að hjálpa honum úr þeirri klípu, sem hann væri kominn í, þar sem talið myndi verða, að hann hefði verið að eiga við X, en hann hafi neitað því við vitnið, að hafa gert það, og hefði hann verið sofandi allan tímann, sem

hún var inni í herberginu. Hafi hann beðið vitnið um að bera það, ef það yrði yfirheyrt, að það hefði heyrt X koma inn í húsið nokkrum mínútum á undan lögreglunni. Hitt, sem vitnið hefði ranglega borið, hafði það sagt frá eigin brjósti til að reyna að hjálpa ákærða.

Vitnið Óli Jónsson bætti því nú einnig við framburð sinn, að ákærði hefði, eftir að lögreglan var farin frá Hásteinsvegi 55 á laugardagskvöldið, beðið það að segja, ef hann yrði tekinn og það yfirheyrt í málinu, að X hefði komið í húsið 4 eða 5 mínútum á undan lögreglunni, en vitnið hafi neitað ákærða því.

Miðvikudaginn 27. marz voru ákærða gerðir kunnir framangreindir framburðir vitnanna Gunnlaugs Viðars Guðjónssonar og Óla Jónssonar og viðurkenndi hann þá, að hann hefði beðið vitni þessi um að bera það, ef þau yrðu kölluð fyrir, að X hefði komið inn í húsið 4—5 mínútum á undan lögreglunni. Kveðst hann hafa gert þetta einungis til þess að koma í veg fyrir, að X lenti í vandræðum. Þá viðurkenndi ákærði, að þau hefðu farið inn í herbergi hans, en hann hafi ekki læst dyrum þess, heldur hljóti X að hafa gert það. Þau hafi síðan talað saman í herberginu, en eftir nokkuð langan tíma hafi hann farið úr yfirfötunum og lagzt upp í rúm og sofnað, en X muni þá hafa setið á einhverjum stólnum. Loks taldi ákærði, að ekki hefði liðið meira en hálf klukkustund, frá því þau fóru inn í herbergið og þar til lögreglan kom á staðinn, og hafi hann ekki orðið var við, að bankað væri á herbergishurðina, fyrr en hún gerði það.

Fimmtudaginn 28. marz bar X vitni í málinu. Skýrði hún frá því, að ákærði hefði beðið hana um að koma inn í herbergi hans, og hafi þau bæði farið þangað inn. Ákærði hafi síðan aflæst hurð herbergisins. Hún kveðst hafa verið klædd í verkabuxur, peysu og úlpu yzt klæða, og hafi ákærði fært hana úr úlpunni. Hann hafi síðan beðið hana um að leggjast hjá honum upp í rúm, og hafi hún gert það. Hann hafi farið úr ytri fötum sínum, en hún man ekki, hvort það var áður eða eftir að hann fór upp í rúmið. Hann hafi síðan farið að kyssa hana og fært hana úr verkabuxunum og nærbuxunum og leitast eftir að hafa mök við hana. Hún hafi færzt undan því, en að lokum látið undan vilja hans og þau haft samfarir saman, en hún hafi ekki vitað, hvort ákærði notaði verju. Hún kveðst hafa verið uppi í rúminu hjá ákærða, þegar lögreglumenn komu á vettvang og börðu á dyrnar, en hún kveðst þá strax hafa

farið að klæða sig og verið komin í fötin, þegar ákærði opnaði hurðina. Hún kveðst hafa ætlað að fara út um gluggann á herberginu, en hætt við það, þar eð lögregluþjónn var fyrir utan gluggann. X kveður þetta hafa verið í fyrsta skipti, sem hún hafi haft mök við karlmann.

Næsta dag breytti ákærði framburði sínum á þenna veg:

Hann kveðst ekki muna, hvort hann aflæsti herberginu. Honum hafi allt í einu dottið í hug að hafa mök við X, og hafi þau lagzt upp í rúm hans. Hún hafi farið sjálf úr buxunum, en hann muni þó ekki, hvernig þetta gekk til í smáatriðum. Hann hafi svo komizt að því, þegar hann ætlaði að fara að hafa samfarir við hana, að hún var hrein mey, og hafi hann þá hætt við þetta áform sitt. Kveðst hann alls ekki hafa farið með getnaðarlim sinn inn í kynfæri hennar, þar sem hann hafi fundið strax, að hún var óspjölluð. Hann hafi síðan beðið hana um að fara og farið sjálfur að sofa, þar sem hann var bæði þreyttur og syfjaður, en hún hafi verið enn í rúmi hans, þegar hann vaknaði, er lögreglan kom. Hann kveðst hafa kysst hana einu sinni eða tvisvar í umrætt skipti.

Hinn 30. marz skoðaði Einar Guttormsson spítalalæknir X, og segir í vottorði hans sama dag m. a. þetta:

„Reyndist meyjarhaftið (hymen) rifið upp að rótum, svo að allar líkur benda til þess, að stúlkan sé ekki hrein mey (virgo intacta). Engin einkenni voru um áverka og því ekkert hægt að segja um, hvenær hún hefur misst meydóm sinn. Ekki var athugað, hvort stúlkan er gravid."

Vottorð þetta hefur læknirinn staðfest fyrir dómi.

Að þessum upplýsingum læknisins fengnum, voru bæði ákærði og vitnið X yfirheyrð nánar hinn 30. marz og hinn 1. apríl 1957.

Ákærði hélt fast við það, að hann hefði ekki haft samfarir við hana, og kveðst hafa hætt við áform sitt, þegar hann fann fyrirstöðu, að meyjarhaft hennar var órofið og að hún kvartaði um sársauka. Hafi hann ekki viljað eiga það á hættu, að henni færi að blæða, og hafi hann heldur ekki átt við hana lengur en eina mínútu eða svo, áður en hann hætti. Ákærði kveðst aldrei hafa spurt X um aldur, og hafi hann haldið, að hún væri 15 ára gömul.

Vitnið X taldi aðspurð, að ákærði hefði ekki farið með getnaðarlim sinn inn í kynfæri hennar og að hann hefði ekki rofið meyjarhaft hennar. Var henni bent á það, að læknisskoðun hefði

leitt í ljós, að haftið væri slitið, og kvað hún þá, að engum öðrum væri þar til að dreifa en ákærða, sem hlyti að hafa rofið það. Hún kveðst alltaf hafa verið þeirrar skoðunar, þrátt fyrir fyrri framburð sinn, að ákærði hefði ekki átt við hana fullkomnar samfarir og að hann hafi ekki farið með lim sinn inn fyrir haftið, og viti hún ekki, hvort hann hafi verið með liminn að því. Þetta hafi staðið yfir aðeins stutta stund, en þá hafi hann hætt án þess að segja hvers vegna. Það hafi verið þessi mök ákærða við hana, sem hún hafi átt við, þegar hún bar það fyrr í málinu, að hann hefði haft samfarir við hana. Hún kveðst hafa fundið til nokkurs sársauka, er hún var með ákærða, en heldur, að ekkert blóð hafi komið úr henni. Hún heldur, að honum hafi ekki orðið sáðfall. Hún hefur haldið fast við það, að hann hafi fært hana úr buxunum, og kveður það vera rangt hjá honum, að hann hafi beðið hana um að fara, eftir að hann hætti að eiga við hana. Þá telur hún, að hann hafi alls ekki verið undir áhrifum áfengis, og hafi hún ekki fundið vínlykt af honum. Að öðru leyti telur hún framburð ákærða vera réttan, þar á meðal að hann hafi hætt við samfarir, er hann fann, að meyjarhaftið var órofið.

Samkvæmt framansögðu þykir upplýst, að ákærði fór með getnaðarlim sinn það langt inn í kynfæri telpunnar X, að hann fann fyrirstöðu meyjarhafts og að hún kenndi nokkurs sársauka. Þá er sannað með fyrrgreindu læknisvottorði, að viku síðar var meyjarhaft telpunnar rofið, en hún kveður, að það hafi enginn annar gert en ákærði. Þykir því vera lögfull sönnun fram komin fyrir því, að ákærði hefur haft samræði í lagalegri merkingu þess orðs við telpuna. Enn fremur þykir með hliðsjón af hinum verulega aldursmun þeirra, en hann var þá á 26. ári, en hún aðeins nýlega 14 ára, svo og að öðru leyti með tilvísun til málavaxta, eins og þeir hafa verið raktir hér að framan, nægilega sannað, að hann hefur með yfirburðum aldurs og reynslu tælt hana til samræðisins.

Hefur ákærði með þessu atferli sínu gerzt brotlegur gegn 200. gr., 2. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og 44. gr., 1. mgr., laga nr. 29 9. apríl 1947 um vernd barna og ungmenna. Þá hefur ákærði, með því að telja vitnið Gunnlaug Viðar Guðjónsson á að bera vísvitandi rangt fyrir dómi um málsatvik, gerzt brotlegur gegn 142. gr., 1. mgr., sbr. 22. gr., 1. mgr., hegningarlaganna, og með því að gera tilraun til

að telja vitnið Óla Jónsson á að bera vísvitandi rangt fyrir dómi um málsatvik, brotið gegn 142. gr., 1. mgr., sbr. 20. gr., 1. mgr., og 22. gr., 1. mgr., sömu laga.

Þykir refsing ákærða með hliðsjón af 77. gr., 1. mgr., hegningarlaganna og með tilliti til fyrri refsidóma hans hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði.

Samkvæmt 68. gr., 3. mgr., hegningarlaganna ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs verjanda síns í málinu, Arnar Clausens hdl., kr. 1500.00.

Dráttur hefur orðið á máli þessu, og þykir nauðsynlegt að gera eftirfarandi grein fyrir honum. Dómsrannsókn málsins hófst í sakadómi Vestmannaeyja 26. marz 1957, eins og þegar hefur verið tekið fram, og var henni lokið 1. næsta mánaðar. Málið var síðan sent til fyrirsagnar dómsmálaráðuneytisins, og með bréfi þess, dags. 27. ágúst sama ár, var lagt fyrir sakadóm Reykjavíkur að kveða upp dóm í málinu samkvæmt ákæruskjali, dags. sama dag. Ákærði dvaldi þá ekki hér í bænum, og með bréfi, dags. 3. marz 1958, sendi dómarinn bæjarfógetanum á Akranesi málið til meðferðar, þar eð ákærði dvaldist þar við byggingu Sementsverksmiðjunnar. Með bréfi, dags. 6. janúar s.l., endursendi bæjarfógetinn á Akranesi sakadómi Reykjavíkur málið, þar eð ákærði væri farinn frá Akranesi og myndi vera kominn til Reykjavíkur. Hinn 9. apríl s.l. tókst að hafa upp á ákærða hér í bænum, og var honum þá birt ákæruskjal í málinu og þingfestingardagur þess ákveðinn 5. maí s.l., en verjandi ákærða, Örn Clausen, fékk honum frestað um eina viku. Málið var síðan þingfest og tekið til dóms 12. maí s.l. Með bréfi, dags. 19. maí s.l., óskaði dómurinn eftir því við bæjarfógeta Vestmannaeyja, að hann léti fara fram framhaldsrannsókn um nokkur tiltekin atriði málsins, og barst dóminum sú rannsókn 3. f. m., en ekki tókst að kunngera verjanda ákærða efni hennar fyrr en í dag, 27. ágúst.

Dómsorð:

Ákærði, Tryggvi Gunnarsson, sæti fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs verjanda síns í málinu, Arnar Clausens hdl., kr. 1500.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 18. október 1960.

Nr. 19/1958. **Sigríður Ögmundsdóttir**
og
Sjúkrasamlag Njarðvíkurhrepps
(Jón N. Sigurðsson hrl.)
gegn
Claudia Owen (Guðmundur Ásmundsson hrl.)
og gagnsök.

Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. febrúar 1958, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. s. m. Aðaláfrýjandi Sigríður Ögmundsdóttir gerir þær dómkröfur, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 125.066.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 16. september 1953 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Aðaláfrýjandi Sjúkrasamlag Njarðvíkurhrepps krefst þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 8087.44 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. marz 1954 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 8. júlí 1958, að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s. m. Hann krefst aðallega sýknu, en til vara lækkunar dæmdra fjárhæða, og að aðaláfrýjendum verði in solidum dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Ný gögn, er eigi komu fram í héraði, hafa verið lögð fram í Hæstarétti, þar á meðal endurrit dómprófa, sem háð voru á árunum 1953 og 1954 um slys það, sem mál

þetta er af risið. Þá hefur verið lagt fram í Hæstarétti nýtt mat Bergþórs læknis Smára um örorku aðaláfrýjanda Sigríðar Ögmundsdóttur, dags. 30. maí 1960, og ný áætlun K. G. Guðmundssonar tryggingafræðings, dags. 12. október 1960, um tjón Sigríðar af slysinu.

I.

Hinn 17. september 1953 komu fyrir sakadóm þeir þrír varnarliðsmenn, sem voru í bifreiðinni G 02045, er slysið varð. Kom framburður þeirra fyrir dómi í öllu, er máli skiptir, heim við skýrslur þeirra til lögreglunnar, sem raktar eru í héraðsdómi. Sama dag og aftur hinn 8. apríl 1954 bar vætti fyrir dómi Halldór Guðmundur Pálsson skipasmíðanemi, fæddur 4. maí 1929. Hann skýrði svo frá, að slysdaginn hefði hann verið við vinnu á efri hæð húss, sem var í smíðum í Ytri Njarðvík um 40 metra frá Reykjanesbraut. Er honum varð litið út um glugga, sá hann aðaláfrýjanda Sigríði Ögmundsdóttur á leið yfir veginn. Virtist hún komin inn á miðjan veg, er bifreið, sem ekið var með um 60—70 km hraða, miðað við klukkustund, bar að, og varð Sigríður fyrir hægra frambretti bifreiðarinnar, tókst á loft og kastaðist á veginn. Sigríður Ögmundsdóttir kom fyrir dóm hinn 10. febrúar og 15. marz 1954. Skýrði hún þá svo frá, að hún hefði um kl. 1712 hinn 16. september 1953 farið heiman að áleiðis inn í Njarðvík. Eftir að hafa gengið í hægðum sínum niður á þjóðveginn, kveðst hún hafa stigið vinstra fæti út á veginn, en heyrt „þá eins og þyt“ og „í sömu svifum hentist hún upp og kastaðist út á miðja götu“. Hafði hún orðið fyrir bifreið, sem hún hafði eigi áður orðið vör. Eftir áreksturinn var bifreiðinni ekið áfram á fullum hraða, að því er virtist. Sigríður neitaði því, að hún hefði verið á tali við mann handan vegarins, enda hefði hún engum manni veitt athygli þar. Þá taldi hún uppdrátt lögreglunnar af vettvangi rangan, að því er varðar hjólför bifreiðarinnar, enda hefði bifreiðin verið hægra megin á veginum. Hinn 4. maí 1960 kom fyrir dóm vitnið Guðlaugur Sigurðsson innheimtumaður, fæddur 1. ágúst 1897, en hann hafði áður gefið vottorð, sem eigi kom fram

í héraði. Skýrði Guðlaugur svo frá, að hann hefði gengið nokkra faðma á eftir Sigríði Ögmundsdóttur áleiðis að Reykjanesbraut hinn 16. september 1953. Er Guðlaugur telur Sigríði hafa verið komna eitt til tvö skref út á brautina, heyrði hann hljóð. Hafði Sigríður þá orðið fyrir bifreið og fallið á veginn, en bifreiðin ók áfram með miklum hraða, sveigði til vinstri og nam síðan staðar. Eigi sá vitnið áreksturinn, og bifreiðina sá það eigi, fyrr en eftir að slys var orðið.

Samkvæmt því, sem að framan og í héraðsdómi er rakið, er ljóst, að ökumaður bifreiðarinnar G 02045 á vegna óhæfilegs ökuhraða og vangæzlu um stjórn bifreiðarinnar meginsök á slysinu. Á hinn bóginn er sýnt, að Sigríður Ögmundsdóttir hefur eigi gætt fullrar varkárni, er hún gekk út á Reykjanesbraut. Þykir hún eiga sök á slysinu að ¼ hluta, en ökumaður bifreiðarinnar að ¾ hlutum. Á gagnáfrýjandi því að bæta tjón það, sem af slysinu hlauzt, að ¾ hlutum.

II.

A. *Aðaláfrýjandi Sigríður Ögmundsdóttir* sundurliðar kröfu sína hér fyrir dómi þannig:

1.	Bætur fyrir atvinnutjón og örorku	kr.	88.981.00
2.	Bætur fyrir lýti, sársauka og þjáningar	—	30.000.00
3.	Sjúkrakostnaður og vottorð	—	4.085.00
4.	Fataskemmdir og úrviðgerð	—	2.000.00
		Kr.	125.066.00

U m 1. Í hinu nýja örorkumati Bergþórs læknis Smára, sem áður getur, segir m. a., að Sigríður hafi „frá unga aldri haft höfuðverkjaköst", en niðurstaða matsins er þessi:

„Ég get ekki séð, að ástæða sé til að breyta örorkumati því, er ég gerði viðvíkjandi þessari konu í ágúst 1956, hvorki tímabundnu né varanlegu örorkunni, og leyfi mér því að vísa enn til þess vottorðs.

Ég vil bæta því við, að s.l. 5 ár hefur konan verið ca 70% öryrki. Þar af 35% beinlínis af völdum slyssins, en

hitt af völdum taugaveiklunar og annars, sem ekki er að mínu áliti hægt að kenna slysinu með vissu um."

Hinn 10. október s.l. kveðst Bergþór Smári læknir hafa skoðað Sigríði af nýju og eigi getað séð neinar teljandi breytingar á heilsu hennar, eftir að greint örorkumat var framkvæmt.

Í áætlun sinni frá 12. október s.l. um tjón Sigríðar hefur K. G. Guðmundsson tryggingafræðingur haft hliðsjón af matsgerð Bergþórs læknis og miðað við meðalkaup ráðskonu frá og með árinu 1959, látið fyrri áætlun um vinnutekjur þrjú fyrstu árin eftir slysið óbreytta, en gert ráð fyrir stighækkun eftir það til ársins 1959. Þá er í hinni nýju áætlun reiknað með 6% ársvöxtum og öðrum atriðum í reikningsgrundvelli óbreyttum frá fyrri áætlun. Varð niðurstaða hinnar nýju áætlunar sú, að tekjumissir Sigríðar næmi kr. 88.981.00.

Þegar virt er allt, sem fram er komið um þenna kröfulið, þykja bætur samkvæmt honum hæfilega metnar ..... kr. 65.000.00

Um 2. Með skírskotun til þess, sem rakið er í héraðsdómi varðandi þenna kröfulið, þykja bætur samkvæmt honum hæfilega ákveðnar ..... — 25.000.00

Um 3. Fjárhæð þessa kröfuliðar er samþykkt ..... — 4.085.00

Um 4. Fallast má á ákvörðun héraðsdóms um fjárhæð þessa kröfuliðar ..... — 2.000.00

Samtals kr. 96.085.00

Ber gagnáfrýjanda að greiða Sigríði Ögmundsdóttur ¾ hluta þeirrar fjárhæðar, þ. e. kr. 72.063.75, ásamt vöxtum, eins og krafizt er, og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 18.000.00.

B. Krafa Sjúkrasamlags Njarðvíkurhrepps.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður fjárhæð þessarar kröfu, kr. 8087.44, tekin til greina að fullu, og ber gagnáfrýjanda að greiða hana að ¾ hlutum, þ. e.

kr. 6065.58, ásamt vöxtum, eins og krafizt er, og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3000.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Claudia Owen, greiði aðaláfrýjanda Sigríði Ögmundsdóttur kr. 72.063.75 ásamt 6% ársvöxtum frá 16. september 1953 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 18.000.00.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda Sjúkrasamlagi Njarðvíkurhrepps kr. 6065.58 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. marz 1954 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. október 1957.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 25. f. m., hafa Sigríður Ögmundsdóttir, húsfreyja, Ytri-Njarðvík, og Sjúkrasamlag Njarðvíkurhrepps höfðað á bæjarþingi Reykjavíkur gegn Claudia Owen, Flugvallarhótelinu, Keflavíkurflugvelli. Hefur stefnandinn Sigríður krafizt þess, að stefnda verði dæmd til að greiða henni skaðabætur, að fjárhæð kr. 150.917.00. Sjúkrasamlag Njarðvíkurhrepps krefst þess, að stefnda verði dæmd til að endurgreiða því útlagðan sjúkrakostnað, að fjárhæð kr. 8087.44, en samanlagt nema fjárhæðir þessar kr. 159.004.44. Báðir stefnendur krefjast í stefnu vaxta af fjárhæðum þessum frá 16. september 1953 til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati dómarans.

Við munnlegan málflutning lækkaði stefnandinn Sigríður fjárhæð kröfu sinnar í kr. 148.202.00, en hélt að öðru leyti fram kröfum sínum í stefnu óbreyttum.

Stefnda hefur *aðallega* krafizt algerrar sýknu og málskostnaðar eftir mati dómarans, en til vara, að kröfur stefnenda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

Samvinnutryggingum, hér í bæ, er stefnt til að gæta réttar síns í málinu. Á hendur réttargæzlustefnda eru þó ekki gerðar kröfur, og hann hefur engar kröfur gert.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 16. september 1953, um kl. 1720, varð stefnandinn Sigríður fyrir því slysi, er hún var á gangi yfir Reykjanesbraut skammt frá Ytri-Njarðvík, að bifreiðinni G 02045 var ekið á hana með þeim afleiðingum, að hún hlaut af alvarleg meiðsli. G 02045, sem er 5 manna fólksflutningabifreið, eign stefndu, var á leið til Reykjavíkur í umrætt sinn, og ók henni Bandaríkjamaður, að nafni Doyle Wayne Carrigus. Skýrir hann svo frá, að er hann var kominn um það bil eina mílu frá aðalhliðinu á Keflavíkurflugvelli, hafi hann veitt því athygli, að kona stóð hægra megin við veginn, miðað við aksturssteínu bifreiðarinnar, svo og að maður stóð hinum megin vegarins gegnt konunni. Hafi sér virzt þau vera að tala saman. Bifreiðin mun hafa verið í um 80 metra fjarlægð frá þeim, er hann fyrst veitti þeim athygli, og muni hann þá hafa ekið á um 40 mílna hraða, miðað við klukkustund. Á sama andartaki og hann koma auga á fólk þetta, hafi hann veitt því athygli, að konan gekk út á veginn, en nam staðar nálægt miðju vegarins, er bifreiðin nálgaðist, eða nánar tiltekið aðeins hægra megin við miðjan veginn, miðað við stefnu bifreiðarinnar. Hann hafi þá dregið verulega úr hraða bifreiðarinnar, en þar eð konan nam staðar, virtist taka eftir bifreiðinni og eigi voru önnur farartæki í nánd, hafi hann talið óhætt að aka fram hjá konunni. Er hann svo hugðist gera það og jók hraða bifreiðarinnar lítils háttar um leið, hafi konan haldið áfram ferð sinni yfir veginn. Hann hafi þá reynt að koma í veg fyrir, að konan yrði fyrir bifreiðinni með því að sveigja bifreiðinni snöggt til vinstri. Það hafi þó ekki tekizt, og hafi konan lent á hægri framaurhlíf bifreiðarinnar. Reyndist kona þessi vera stefnandinn Sigríður. Bifreiðarstjórinn kveður áreksturinn hafa orðið með svo skjótum hætti, að hann geti ekki gert sér grein fyrir því, hvernig stefnandinn Sigríður lenti á bifreiðinni, enda hafi hann fengið aðkenningu af taugaáfalli.

Í bifreið stefndu voru tveir farþegar í umrætt sinn, báðir Bandaríkjamenn. Sat annar í aftursæti bifreiðarinnar, en hinn í framsætinu við hlið bifreiðarstjórans. Skýrir sá síðarnefndi svo frá, að hann muni ekki, hve hratt bifreiðinni var ekið, en áætlar, að hraðinn hafi verið um 35—40 mílur, miðað við klukkustund. Stefnandinn Sigríður muni hafa verið um 230—260 fet frá bifreiðinni, er hann veitti henni fyrst athygli, og hafi hún þá staðið á hægri vegarbrún, miðað við stefnu bifreiðarinnar. Er hér var komið, hafi hann veitt því athygli, að stefnandi gekk

út á veginn og nam þar staðar. Hafi þá bifreiðarstjórinn dregið úr hraða bifreiðarinnar. Er bifreiðin svo var að aka fram hjá stefnanda, hafi svo virzt, að fát kæmi á stefnanda, og hafi hún ætlað að hlaupa yfir veginn. Er honum var ljós þessi ætlun stefnanda, hafi hann vakið athygli bifreiðarstjórans á því að aka gætilega. Hafi hann þá sveigt bifreiðinni til vinstri í því skyni að reyna að koma í veg fyrir, að slys yrði, en það hafi eigi dugað til, og hafi stefnandi skollið á hægri hlið bifreiðarinnar. Vitnið kveðst álíta, að hefði bifreiðinni verið sveigt meira til vinstri, hefði hún lent á manni, er stóð þar rétt við veginn. Vitnið segir, að bifreiðarstjórinn hafi virzt fá taugáfall, er slysið varð, og hafi hann ekki stöðvað bifreiðina alveg strax, eftir að slysið var orðið.

Farþeginn, sem í aftursæti bifreiðarinnar sat, skýrir svo frá, að hann hafi ekki veitt stefnanda athygli, áður en slysið varð, enda hafi farþeginn í framsætinu birgt honum útsýn til þeirrar áttar. Hafi hann ekki orðið hennar var, fyrr en hún lenti á bifreiðinni. Um akstursbraða bifreiðarinnar kveðst vitni þetta ekki geta sagt, en henni muni hafa verið ekið á „eðlilegum hraða". Vitnið segir, að það hafi tekið bifreiðarstjórann dálítinn tíma að stöðva bifreiðina eftir slysið, enda muni hann hafa fengið taugaáfall.

Það mun hafa farizt fyrir að taka lögregluskýrslu af stefnandanum Sigríði eftir slysið, og nýtur eigi í málinu frásagnar hennar um tildrög þess. Hefur lögmaður hennar lýst því yfir, að heilsu hennar sé svo komið, að hún treysti sér eigi til að skýra frá málavöxtum.

Að sögn lögmanns stefndu hefur ekki tekizt að hafa upp á manni þeim, sem bifreiðarstjórinn segir, að stefnandi hafi verið að ræða við, rétt áður en slysið varð. Um aðra sjónarvotta að slysinu er ekki vitað.

Skömmu eftir slysið komu tveir lögregluþjónar á vettvang. Mun þá hafa verið búið að flytja stefnanda af slysstaðnum. Annar lögregluþjónanna gerði uppdrátt af slysstaðnum og reyndi jafnframt bifreið stefndu í akstri, að því er virðist þar á staðnum. Samkvæmt skýrslu lögregluþjóns þessa reyndust hemlar bifreiðarinnar mjög misjafnir, en það kom fram í því, að er hemlað var snögglega, snerist bifreiðin til hægri. Ekki er þess getið í skýrslu þessari, að bifreiðinni hafi verið áfátt að öðru leyti. Samkvæmt uppdrættinum er Reykjanesbraut um 10 metrar á breidd á þessum slóðum. Virðist slysið hafa orðið gegnt

hliðarvegi, sem liggur af Reykjanesbraut til Ytri-Njarðvíkur, en vegur þessi mun hafa verið lokaður á þessum tíma. Á uppdrættinum eru sýnd hemlaför eftir G 02045. Vísa þau til vinstri að vegbrúninni og virðast hafa verið um 10 metrar á lengd. Frá þeim stað, þar sem þeim sleppir, og þangað, sem bifreiðin stöðvaðist eftir slysið, sýnir uppdrátturinn 40 metra vegalengd.

Af ljósmyndum, sem teknar voru af bifreiðinni strax eftir slysið, virðist örugglega mega ráða, svo sem reyndar kemur fram í skýrslu bifreiðarstjórans, að hægra framhorn bifreiðarinnar, þ. e. aurhlíf og höggvari, hafi lent á stefnanda, en síðan hafi hlið bifreiðarinnar allt aftur að miðri afturaurhlíf strokizt við hana. Sér einkar glögg merki þessa á ljósmyndunum, þar sem bifreiðin hefur verið mjög óhrein.

Kröfur sínar í málinu reisa stefnendur á því, að ökumaður bifreiðarinnar hafi átt sök á slysinu með mjög óvarlegum akstri. Beri því stefnda sem eigandi bifreiðarinnar fébótaábyrgð á öllu því tjóni, sem af slysinu hlauzt.

Sýknukröfuna reisir stefnda á því, að ljóst sé af framburðum bifreiðarstjórans og farþegans, sem við hlið hans sat, að stefnandanum Sigríði hafi verið um að kenna, að slysið varð. Hún hafi ekki gætt nægjanlega að umferðinni um veginn, áður en hún hugðist ganga yfir hann, og með því að nema staðar, svo sem hún gerði, hafi hún gefið bifreiðarstjóranum til kynna, að honum væri óhætt að aka áfram eftir veginum fram hjá henni.

Svo sem áður er rakið, nýtur ekki í málinu frásagnar stefnandans Sigríðar um tildrög slyssins, og eigi eru aðrir til frásagnar en ökumaður bifreiðarinnar og farþegarnir tveir, sem í henni voru. Verður því að leggja skýrslur þeirra til grundvallar dómi í málinu, enda eru framburðir bifreiðarstjórans og farþegans, sem sjónarvottur var að slysinu, mjög á einn veg um, með hverjum hætti það varð. Með hliðsjón af framburðum þeirra og upplýsingum þeim, sem uppdráttur lögreglunnar veitir, þykir sýnt, að bifreiðarstjórinn hafi ekið allt of hratt og ógætilega, eins og aðstæður voru þarna, en sérstök ástæða var fyrir hann að sýna ýtrustu aðgæzlu, þar sem stefnandi var komin inn á miðjan veginn, er bifreiðina bar að. Á hinn bóginn þykir stefnandinn Sigríður hafa sýnt verulegt gáleysi með því að halda áfram ferð sinni yfir götuna, enda þótt henni mætti vera ljóst, að bifreiðin væri skammt undan og nálgaðist óðfluga.

Eins og atvikum er háttað, þykir verða að líta svo á, að ökumaður bifreiðarinnar hafi átt sök á slysinu að ⅔ hlutum, en

stefnandinn Sigríður að ⅓ hluta. Leiðir af því, að stefnda, sem var eigandi og umráðamaður bifreiðarinnar á þessum tíma, ber fébótaábyrgð á ⅔ hlutum þess tjóns, sem af slysinu hlauzt.

Svo sem fram kemur í upphafi dómsins, eru sóknaraðiljar máls þessa tveir, annars vegar Sigríður Ögmundsdóttir, sem krefst bóta fyrir fjárhagslegt og ófjárhagslegt tjón, er hún telur sig hafa beðið við slysið, og hins vegar Sjúkrasamlag Njarðvíkurhrepps, er krefst endurgreiðslu úr hendi stefndu á sjúkrakostnaði, sem það hefur innt af hendi vegna sjúkrahúsvistar meðstefnanda eftir slysið. Verður nú krafa hvors sóknaraðilja um sig athuguð sérstaklega.

I. *Krafa Sigríðar Ögmundsdóttur.*

Stefnandinn Sigríður sundurliðar kröfu sína þannig:

1.	Atvinnutjón í eitt ár eftir slysið	kr.	21.917.00
2.	Örorkubætur miðað við ca 20% varanlega örorku	—	90.000.00
3.	Bætur fyrir sársauka, vanlíðan og lýti	—	30.000.00
4.	Sjúkrakostnaður, vottorð o. fl.	—	5.000.00
5.	Fataskemmdir og viðgerð á úri	—	4.000.00
		Kr.	150.917.00

Um 1. og 2.

Þegar eftir slysið var stefnandi flutt með sjúkrabifreið í Landspítalann, þar sem gert var að meiðslum hennar. Í vottorði Páls Gíslasonar deildarlæknis, dags. 10. október 1953, er lýst meiðslum stefnanda. Segir þar á þessa leið:

„Við skoðun kom í ljós, að sjúklingur hafði ca 8½ cm langan skurð í hársverði framan til á höfði, vinstra megin. Þar að auki var sjúklingur mjög aum yfir vinstri mjöðm, og vinstra fæti var snúið út á við. Röntgenmyndir, sem teknar voru við komu, sýndu, að vinstri lærbeinsháls var brotinn. Ekki var um brot að ræða á höfuðkúpu, en sjúklingur kvartaði mjög um höfuðverk og svima, auk þess sem hún kúgaðist mjög, eftir að hún kom hingað. Mun ótvírætt hafa verið um allmikinn heilahristing að ræða.

Sjúklingur lá síðan hér á spítalanum til 9. okt. Var á þeim tíma spengt brotið á lærbeinshálsinum, og sjúklingur jafnaði sig tiltölulega vel."

Af Landspítalanum var stefnandi flutt í St. Jósefsspítala í Hafnarfirði, þar sem hún lá til 14. janúar 1954, er hún fór heim

til sín. Í vottorði sjúkrahússlæknisins, Eiríks Björnssonar, dags. 14. janúar 1954, segir á þessa leið um heilsufar stefnanda:

„.... Nú hefur hún fótavist og gengur við staf og hækju. Hún verður að hafa mikla umönnun og hjálp lengi enn, þar sem hún er að miklu leyti ósjálfbjarga og verður fyrst um sinn."

Hinn 31. marz 1954 mætti stefnandi til skoðunar hjá Þórarni lækni Sveinssyni, er framkvæmdi ýtarlega skoðun á henni. Í vottorði læknisins um þá skoðun, dags. 10. júlí 1954, segir m. a.:

„.... Sjálf segist slasaða hafa gengið við hækju og staf fyrstu 6 vikurnar, eftir að hún kom heim til sín, og gengur hún ennþá við staf. Hún segist eiga mjög erfitt með gang ennþá, og enn fremur kvartar hún um höfuðverk, sem þjáir hana að staðaldri, og segist hún ekki hafa fundið til hans fyrr en eftir slysið.

Ég taldi rétt, að heyrn og sjón væru athuguð, þar sem um svo mikinn höfuðáverka var að ræða. Samkvæmt vottorði Kristjáns Sveinssonar augnlæknis, dags. 1. apríl 1954, er sjónin svarandi til aldurs og eins á báðum augum. Sama er að segja um heyrnina, sem einnig var mæld sama dag af Guðmundi Eyjólfssyni eyrnalækni.

Skoðun: Kona í góðum holdum, hressileg í bragði og skýrir skorinort frá atburðum. Ekkert kemur fram í frásögn hennar, er bendi á minnisbilun. Í vinstra kollviki og aftur á við í hársverði er ca 8 cm langt ör, vel gróið og hár vaxið yfir. Engin eymsli fundust á þrýstipunktum höfuðtauga.

Ekkert athugavert við brjóstkassann. Blóðþrýstingurinn mældist 120/90. Hjartahljóð voru hrein.

V. ganglimur: Ekki var mælanleg stytting á fætinum, en 15 cm ofan við hnéliðamótin er lærið 6 cm rýrara en hægra megin (40:46 cm). Utanvert á lærinu, yfir lærhnútunni (troch. maj.), er 15 cm langt vel gróið ör. Nokkur stirðleiki er ennþá í mjaðmarlið, en engin hreyfingarhindrun við venjulega hreyfingu. Hreyfing í hnélið og öklalið eðlileg.

Slasaða gengur stinghölt ennþá og styðst við staf.

Ályktun: Um er að ræða 56 ára gamla konu, sem varð fyrir bíl og hlaut brot á lærleggjarhálsi v. megin og auk þess skurðáverka á höfuð og heilahristing. Sárið á höfðinu hefur gróið vel og án teljandi lýta. Nokkurs höfuðverkjar gætir ennþá, er telja má líkur til, að eigi rót sína að rekja til höfuðáverkans.

Lærleggshálsinn var negldur, og hefur bati verið fremur hægfara, en allt útlit bendir til, að konan geti náð góðri heilsu,

er tímar líða. Við athugun á röntgenmyndum frá 16. sept. 1953 sést, að mjaðmarliðir eru eðlilegir útlits, að undanskildu fyrrnefndu broti. Eftir brot sem þetta er nokkur hætta á kölkunarbreytingum í liðamótum. Þær sjást ekki nú, en engu verður um það spáð, hvort þær muni koma síðar meir, úr því verður reynslan að skera ...."

Í niðurlagi vottorðsins er mat læknisins á tímabundinni örorku stefnanda vegna slyssins, en jafnframt er þess getið, að endurmat verði að fara fram í marz 1955 varðandi varanlega örorku hennar.

Hinn 19. ágúst 1955 mætti stefnandi hjá Bergþóri lækni Smára til viðtals og skoðunar. Í vottorði, er læknirinn hefur gefið af því tilefni, dags. sama dag, segir, að heilsu stefnanda hafi farið hrakandi undanfarna mánuði. Hún kvartar meira en áður um höfuðverk og svima, og óþægindi í ganglimum hafi aukizt að undanförnu. Af þessum sökum telur læknirinn ekki tímabært að meta varanlega örorku stefnanda, en álítur rétt, að hún verði skoðuð að nýju í því skyni að hálfu ári liðnu.

Samkvæmt vottorði sama læknis, dags. 28. febrúar 1956, mætti stefnandi hjá honum þann dag til að láta meta örorku sína af völdum slyssins. Skýrir hún þá svo frá, að sér hafi stórversnað undanfarna tvo mánuði, bæði séu verkir og óþægindi meiri en áður. Telur læknirinn því ekki enn fært að meta örorku hennar endanlega.

Hinn 31. maí 1956 var stefnandi skoðuð af Kjartani R. Guðmundssyni lækni. Í vottorði læknisins um skoðun þessa, dags. þann dag, segir m. a. svo:

„.... Hefur alltaf annað kastið svima og höfuðverk, er slæm á taugum, sefur illa, er kvíðin og síþreytt. Hún þolir illa alla áreynslu, verður þá mjög máttlaus, einkum í v. handlegg, og verður oft óglatt, ef hún tekur þungt upp. Fyrir slysið segist sjúklingur hafa verið nokkuð slæm á taugum og stundum fengið höfuðverk og svima, en allt hafi þetta stórum aukizt við slysið.

Obj.: Sjúklingur er eðlilegur í framkomu, skýr í svörum. Hún er þreytuleg og létt depressiv. Útlit svarar til aldurs.

Obj. neurologiskt: Heilataugar eru eðlilegar, einkum eru augnbotnar eðlilegir, og hún heyrir vel með báðum eyrum.

Efri útlimir: Reflexar, kraftar, tonus, trofik, coordination, djúp- og húðskyn eðlilegt. Kviðreflexar jafnir.

Neðri extr.: Reflexar eðlilegir, engin tonusbreyting, ataxi, húð- eða djúpskynstruflanir. Ilreflexar eðlilegir. Hreyfing í v.

mjaðmarlið er sár, og það er minnkaður kraftur vegna þess. Það er rýrnun á v. lærvöðvum. Það er enn fremur dálítið minnkaður kraftur við dorsalflexion á v. fæti. Gangur er eðlilegur, og Romberg er neg.

Álit: Sjúklingur þjáist af afleiðingum eftir heilahristing, og batahorfur eru nokkuð vafasamar. Það finnst ekkert við neurologiska skoðun, sem bendir á staðbundna skemmd á heila, eins og t. d. subduralt hæmatom."

Hinn 16. apríl 1956 mætti stefnandi enn til skoðunar hjá Bergþóri lækni Smára, og mat nú læknirinn örorku hennar af völdum slyssins. Í bréfi læknisins um örorkumatið, dags. 30. ágúst 1956, er fyrst rakin sjúkrasaga stefnanda. Segir í niðurlagi þeirrar greinargerðar, að stefnandi tjái sig hafa dútlað við létt heimilistörf þá undanfarið, en þó eigi getað verið á fótum allan daginn sökum þreytu. Síðan segir á þessa leið í bréfinu:

„*Skoðun:* Konan virðist vera mjög taugaveikluð. Í hársverði v. megin á höfði er ca 8 cm langt ör, vel gróið. Hlustun á hjarta og lungum eðlileg. Blóðþrýstingur 140/90.

V. fótlimur: Engin stytting mælanleg, en lærið er 2 cm rýrara en samsvarandi staður h. megin. (15 cm fyrir ofan efri brún hnéskeljar). Utanvert á lærhnútunni er 15 cm langt vel gróið ör. Hreyfingar í liðum eru eðlilegar. Sinaviðbrögð eðlileg. Konan er dálítið hölt, þegar hún gengur. Röntgenmynd af v. mjöðm, tekin í Landspítalanum 16/4 1956, sýnir, að brotið er gróið, en 3 skrúfur eru í beininu ....

Niðurstaða: .... Örið á höfðinu er vel gróið, og lærleggsbrotið er vel gróið. Aftur á móti hefur konan þjáðst af afleiðingum höfuðáverkans, og virðist hún ekkert hafa lagazt af því á undanförnum árum. Þar eð liðin eru hart nær 3 ár síðan slysið varð og allt er enn í sama farinu, hvað afleiðingar höfuðáverkans snertir, þykir tæplega stætt á því að draga örorkumatið öllu lengur. Því þykir rétt að áætla örorku hennar sem hér segir:

Frá slysdegi 16. sept.	1953	— 31/1 '54	100%
—	1/2 '54	— 31/3 '54	85%
—	1/4 '54	— 30/4 '54	75%
—	1/5 '54	— 31/12'54	60%
—	1/1 '55	— 31/8 '55	50%

Úr því varanleg örorka 35%."

Stefnandi er talin fædd 2. júlí 1897. Hefur hún því verið 56 ára gömul, er hún varð fyrir slysi því, sem um ræðir. Hún er gift, og er eiginmaður hennar fæddur 15. apríl árið 1900. Þau

hjón munu eigi hafa börn á framfæri sínu. Samkvæmt staðfestum afritum af skattframtölum eiginmanns stefnanda fyrir árin 1952—1956 hafa atvinnutekjur hans á þessu tímabili verið sem hér segir: Árið 1951 kr. 31.808.80, árið 1952 kr. 32.459.95, árið 1953 kr. 28.275.27, árið 1954 kr. 33.478.40 og árið 1955 kr. 33.205.24. Samkvæmt skattframtölunum hefur stefnandi ekki unnið fyrir tekjum utan heimilisins.

Hinn 11. febrúar 1957 hefur K. G. Guðmundsson tryggingafræðingur gert útreikning á áætluðu atvinnutjóni stefnanda, miðað við framangreinda örorku. Í forsendum útreiknings þessa segir tryggingafræðingurinn, að sér virðist helzt koma til greina að áætla vinnutekjur stefnanda fram í tímann með hliðsjón af ráðskonukaupi. Það sé hins vegar talsvert misjafnt, og skorti sig ýmsar upplýsingar til að geta skorið úr því, hvort eðlilegast sé að miða við lágt, hátt eða meðalhátt ráðskonukaup í þessu tilviki. Kveðst hann því hafa byggt áætlun sína um atvinnutekjur stefnanda fram í tímann á tekjum, sem hann telji, að láta muni nærri meðalháu ráðskonukaupi. Út frá þeirri kaupáætlun reiknar hann síðan áætlað atvinnutjón með því að taka á hverjum tíma jafnmarga hundraðshluta af áætluðu kaupi eins og örorka stefnanda er metin á hverjum tíma. Af framanskráðu sé þó ljóst, að áætlun um vinnutekjutap, sem þannig er fengin fram, verði ekki skoðuð sem beinn útreikningur á vinnutekjutapi stefnanda af völdum slyssins, heldur einungis sem útreikningur, sem hafa megi hliðsjón af við ákvörðun bóta til hennar.

Reiknað út á þann hátt, sem að framan er lýst, telst hinum sérfróða manni, að verðmæti áætlaðs atvinnutjóns stefnanda, miðað við slysdag, nemi kr. 70.465.00, sé reiknað með 6% ársvöxtum, en kr. 78.284.00, ef reiknað er með 4% vöxtum p. a.

Önnur atriði í reikningsgrundvellinum en að framan greinir eru dánarlíkur íslenzkra kvenna eftir reynslu frá árunum 1921—30 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Enginn frádráttur hefur verið gerður fyrir opinberum gjöldum.

Í lok útreikningsins getur tryggingafræðingurinn þess, að hefði vinnutekjuáætlunin verið byggð á mánaðarkaupi Iðju, félags verksmiðjufólks, hefðu niðurstöðutölurnar orðið rösklega 45% hærri.

Eigi þykir fært að leggja útreikning þenna til grundvallar í málinu.

Þegar mál þetta var höfðað, lá hvorki fyrir mat á örorku

stefnanda né útreikningur á áætluðu atvinnutjóni hennar vegna slyssins. Eru því fjárhæðir þeirra tveggja liða kröfunnar, sem um ræðir hér, áætlaðar, og hefur stefnandi haldið sér við þá óbreytta, enda þótt útreikningur á áætluðu atvinnutjóni hennar, byggður á örorku hennar, eins og hún er metin allt frá slysdegi, gefi til kynna mun minna atvinnutjón en hér er krafizt bóta fyrir. Er fyrri liðurinn byggður á því, að stefnandi hafi verið algerlega óvinnufær í eitt ár eftir slysið, og er atvinnutjón hennar það tímabil miðað við, að hún hefði haft ráðskonukaup, eins og það var á árunum 1951—52 samkvæmt upplýsingum frá Ráðningarskrifstofu Reykjavíkur, eða kr. 800—1200 á mánuði auk fæðis og húsnæðis, en að því viðbættu er það talið nema kr. 1141.54 í grunn. Fjárhæð síðari kröfuliðsins er fengin þannig fram, að miðað er við 20% varanlega örorku og að vinnuhæfni endist til 76 ára aldurs, en sömu atvinnutekjur og að framan greinir.

Stefnda hefur mótmælt fjárhæðum beggja þessara kröfuliða sem allt of háum. Telur hún, að ekki komi til greina að miða bætur samkvæmt þeim við hærri fjárhæð en lægri niðurstöðutöluna í útreikningi tryggingafræðingsins. Þá hefur því verið hreyft af hennar hálfu, að varanlega örorku stefnanda sé að rekja til taugaveiklunar, en ekkert orsakasamband sé á milli hennar og meiðsla þeirra, er stefnandi hlaut við slysið.

Að þessari málsástæðu hefur stefnda ekki fært rök, og verður að vísa henni á bug.

Enda þótt stefnandi hafi ekki unnið fyrir tekjum utan heimilis síns, áður en hún slasaðist, þykir þó sýnt, að hin mikla örorka, er hún hlaut við slysið, hafi í för með sér verulega aukin útgjöld fyrir heimili hennar. Ber henni bætur fyrir það fjártjón. Þykja bætur þessar eftir öllum atvikum hæfilega ákveðnar kr. 50.000.00.

Um 3.

Stefnda hefur mótmælt kröfulið þessum sem allt of háum.

Með hliðsjón af meiðslum þeim, er stefnandi hlaut við slysið, og sjúkrasögu hennar, sem rakin er ýtarlega hér að framan, þykja bætur til hennar fyrir þjáningar og vanlíðan hæfilega ákveðnar kr. 20.000.00, en um lýti virðist ekki vera að ræða.

Um 4.

Við munnlegan málflutning lækkaði stefnandi þenna kröfulið

í kr. 2285.00. Svo breyttum er kröfulið þessum ekki mótmælt, og verður hann því tekinn til greina með þessari fjárhæð.

Um 5.

Eina sönnunargagnið, sem stefnandi hefur lagt fram fyrir þessum kröfulið, er reikningur fyrir viðgerð á úri, að fjárhæð kr. 112.00. Að öðru leyti byggir hún þenna lið kröfunnar á því, að öll föt, er hún var í, er hún slasaðist, hafi eyðilagzt, og sé fjárhæð sú, sem krafizt er, áætlað kostnaðarverð nýrra fata.

Stefnda hefur mótmælt fjárhæð þessa kröfuliðs, að því leyti sem ekki hafa verið lagðir fram reikningar fyrir henni.

Þegar litið er til þess, með hverjum hætti slysið varð, þykir sýnt, að föt stefnanda hafi spillzt. Á hinn bóginn er hvorki vitað, hvort hér var um vönduð föt að ræða, né heldur, hvort þau hafi ónýtzt. Þykir því ekki fært að taka kröfulið þenna til greina að fullu gegn andmælum stefndu. Þykja bætur samkvæmt honum hæfilega ákveðnar kr. 2000.00.

Samkvæmt framansögðu verður bótakrafa stefnanda tekin til greina með kr. 74.285.00 (kr. 50.000.00 + 20.000.00 + 2285.00 + 2000.00). Verður stefnda dæmd til að greiða henni ⅔ þeirrar fjárhæðar, eða kr. 49.523.34, auk vaxta, svo sem krafizt er. Þá ber og að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 7000.00.

II. *Krafa Sjúkrasamlags Njarðvíkurhrepps..*

Svo sem áður greinir, er hér krafizt endurgreiðslu á sjúkrakostnaði, er þessi stefnandi hefur innt af hendi vegna sjúkrahússvistar meðstefnanda eftir slysið. Hafa verið lagðir fram reikningar fyrir kostnaði þessum, og koma þeir heim við fjárhæð þá, sem krafizt er. Stefnda hefur hvorki vefengt reikninga þessa né skyldu sína til að greiða þenna kostnað, að því leyti sem hún yrði talin bera fébótaábyrgð á slysinu. Verður hún því dæmd til að greiða stefnanda ⅔ þessa kostnaðar, eða kr. 5391.62, auk 6% ársvaxta frá 1. marz 1954, en fallið hefur verið frá kröfu um vexti frá fyrri tíma. Jafnframt ber að dæma stefndu til að greiða þessum stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 800.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefnda, Claudia Owen, greiði stefnanda Sigríði Ögmunds-

dóttur kr. 49.523.34 auk 6% ársvaxta frá 16. september 1953 til greiðsludags og kr. 7000.00 í málskostnað.

Stefnda greiði stefnanda Sjúkrasamlagi Njarðvíkurhrepps kr. 5391.62 auk 6% ársvaxta frá 1. marz 1954 til greiðsludags og kr. 800.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. október 1960.

Nr. 211/1959. **Kjartan Sigurjónsson** (Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Brandi Brynjólfssyni
(Kristinn Gunnarsson hrl.)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Útburðarmál. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. desember 1959 og krafizt þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið, synjað verði um framgang hinnar kröfðu gerðar, málskostnaður fyrir fógetadómi felldur niður, en gagnáfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. desember 1959 og krafizt þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að úrskurðurinn verði staðfestur, og loks, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagður húsaleigusamningur aðilja frá 1. maí 1958. Gagnáfrýjandi hefur hinn 26. september 1959, þ. e. þremur dögum eftir uppsögu úrskurðarins,

ritað á húsaleigusamninginn: „Leigusamningur þessi framlengist til 1. okt. 1959". Þá hefur og verið lagður fyrir Hæstarétt húsaleigusamningur, dags. 5. október 1959, þar sem gagnáfrýjandi leigir Sælgætisgerðinni Hróa húsnæði, sem málið tekur til.

Samkvæmt málflutningi fyrir Hæstarétti verður að ætla, að aðaláfrýjandi hafi hlítt framangreindum ráðstöfunum gagnáfrýjanda á húsnæðinu án nokkurs fyrirvara. Þessi framkoma aðaláfrýjanda verður eigi samþýdd áfrýjun málsins síðar, og ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 4000.00.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi, Kjartan Sigurjónsson, greiði gagnáfrýjanda, Brandi Brynjólfssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 4000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 23. september 1959.

Gerðarbeiðandi, Brandur Brynjólfsson, Baldursgötu 12, hefur krafizt þess, að gerðarþoli, Kjartan Sigurjónsson, Hofteig 20, verði með útburðargerð sviptur afnotum húsnæðis, sem hann hefur að undanförnu haft til afnota í húsinu nr. 12 við Baldursgötu, hér í bæ. Gerðarbeiðandi hefur og krafizt þess, að gerðarþola verði gert að greiða sér málskostnað.

Mál þetta var tekið fyrir í fógetaréttinum hinn 19. ágúst s.l. Fékk gerðarbeiðandi þá frest til hins 20. sama mánaðar til þess að leggja fram greinargerð í málinu. Kom sú greinargerð fram á tilsettum tíma, en enginn var mættur af hálfu gerðarþola. Samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda var málið þá tekið til úrskurðar, eins og það lá fyrir.

Í máli þessu liggur fyrir leigusamningur aðiljanna, dags. 1. maí 1958, sjá rskj. nr. 2. Þar leigir gerðarbeiðandi gerðarþola allt húsnæði það á götuhæð hússins Baldursgötu 12, sem að Baldursgötu snýr, eins og samningurinn kemst að orði, svo og aðgang að salerni í kjallara hússins. Samningurinn ákveður leigumálalok hinn

1. október 1958, án uppsagnar, og að húsaleiga skuli vera kr. 2500.00 á mánuði og greiðast 1. hvers mánaðar fyrirfram. Enn fremur er í þessu sambandi ákveðið, að hækki eða lækki húsaleiguvísitala um 5 stig, frá því sem hún var í október 1957, skuli leiguupphæð breytast í samræmi við það.

Gerðarbeiðandi skýrir svo frá, að þá er leigutíma lauk hinn 1. október 1958 samkvæmt hljóðan leigusamningsins, hafi aðiljum komið saman um að framlengja leigumála óbreyttan, allt til 1. október 1959. Í byrjun júnímánaðar s.l. hafi umboðsmaður leigutaka, Guðmundur H. Þórðarson, greitt leigu til nokkurra mánaða fyrirfram. Hafi sú greiðsla fram farið með víxli, sem samþykktur hafi verið af Sælgætisgerðinni Hróa, er starfrækt hafi verið í húsnæðinu, en útgefinn af Guðmundi H. Þórðarsyni vegna hlutafélagsins Árnasonar, Pálssonar & Co., að upphæð kr. 6780.00 með gjalddaga hinn 12. október 1959. Gerðarbeiðandi kveðst að vísu hafa tekið við víxli þessum, en með þeim áskilnaði, að unnt reyndist að selja hann, og hafi fyrirvari þess efnis verið ritaður á kvittun fyrir móttöku víxilsins. Nú hafi ekki reynzt kleift að selja víxilinn, og hafi gerðarþoli því greitt leigu fyrir júlí s.l. í peningum. Aftur á móti hafi hann ekki greitt leigu fyrir ágúst, og sé útburðar krafizt fyrir þær sakir. Gerðarbeiðandi hefur lagt víxil þenna fram í málinu sem rskj. 4.

Gerðarþoli hefur engar varnir borið fram í málinu. Verður ekki annað fyrir hendi en að taka kröfur gerðarbeiðanda til greina með tilliti til málsútlistunar hans. Þykir rétt, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 1500.00 í málskostnað.

Því úrskurðast:

Umbeðin útburðargerð skal fara fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 1500.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. október 1960.

Nr. 214/1959. **Steindór Jónsson og Guðmundur H. Þórðarson f. h. Árnasonar, Pálssonar & Co. h/f**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Brandi Brynjólfssyni
(Kristinn Gunnarsson hrl.)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fjárnámsgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. desember 1959 og krafizt þess, að fellt verði úr gildi fjárnám það, sem Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, framkvæmdi 4. desember 1959 í bifreiðinni R 8793, og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir fógetadómi og Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 16. desember 1959 og krafizt þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði staðfest og að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir fógetadómi og Hæstarétti.

Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 24. júní 1959, var stefnda í því máli, Árnasyni, Pálssyni & Co. h/f, dæmt að greiða áfrýjanda þessa máls, Brandi Brynjólfssyni, kr. 39.033.37 ásamt 6% ársvöxtum frá 25. júní 1953 til greiðsludags, kr. 4000.00 í málskostnað í héraði og kr. 4000.00 í málskostnað í Hæstarétti. Til tryggingar fjárhæðum þessum var greint fjárnám framkvæmt hinn 4. desember 1959 í bifreiðinni 8793. Aðaláfrýjandi Steindór Jónsson, Flókagötu 16 A, Reykjavík, telur, að fjárnám hafi ranglega verið framkvæmt í nefndri bifreið, þar sem hún hafi á fjárnámsdegi verið sín eign. Aðaláfrýjandi Guðmundur H. Þórðarson f. h. Árnasonar, Pálssonar & Co. h/f styður kröfur og málsástæður aðaláfrýjanda Steindórs fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt vottorði lögreglustjórans í Reykjavík, dags. 19. október 1960, var bifreiðin R 8793 á fjárnámsdegi, 4. desember 1959, skráð í bifreiðaskrá Reykjavíkur eign Árnasonar, Pálssonar & Co. h/f.

Aðaláfrýjendum hefur eigi gegn mótmælum gagnáfrýjanda tekizt að sanna, að nefnd bifreið hafi hinn 4. desember 1959 verið eign annars aðilja en í bifreiðaskránni segir. Ber því að staðfesta hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir fógetadómi og Hæstarétti, sem ákveðst kr. 4000.00.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð á að vera óröskuð.

Aðaláfrýjendur, Steindór Jónsson og Guðmundur H. Þórðarson f. h. Árnasonar, Pálssonar & Co. h/f, greiði gagnáfrýjanda, Brandi Brynjólfssyni, málskostnað fyrir fógetadómi og Hæstarétti, kr. 4000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetadóms Reykjavíkur 4. desember 1959.

Ár 1959, föstudaginn 4. desember, var fógetaréttur Reykjavíkur settur við húsið nr. 5 við Spítalastíg og haldinn þar af fulltrúa borgarfógeta Þorsteini Thorarensen ásamt undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A-440/1958: Brandur Brynjólfsson gegn Árnasyni, Pálssyni & Co. h/f.

Mættur er gerðarbeiðandi, Brandur Brynjólfsson, og krefst þess, að úrskurði í máli þessu, uppkveðnum 7. október 1959, verði fullnægt nú þegar og fjárnám gert hjá gerðarþola fyrir kr. 39.033.37 ásamt 6% ársvöxtum frá 25/6 1953 til greiðsludags, kr. 4000.00 í málskostnað, svo og fyrir kr. 4000.00 í málskostnað samkvæmt dómi Hæstaréttar. Enn fremur krefst hann fjárnámsins fyrir kostnaði við fjárnámsgerðina og eftirfarandi uppboð.

Gerðarþoli hefur skrifstofu hér. Var barið þar að dyrum, en ekki var opnað.

Brandur Brynjólfsson upplýsir, að hjá sér séu peningar, sem hann hafi innheimt fyrir gerðarþola, kr. 14.753.48, og samkvæmt

kröfu gerðarbeiðanda voru peningar þessir lagðir honum út, en að öðru leyti lýsti fógeti yfir fjárnámi í bílnum R 8793 (Chevrolet Bel-Air 1954), sem gerðarþoli á samkvæmt upplýsingum bílaeftirlitsins.

Gerðarþola verður tilkynnt um fjárnámið.

Upplesið, játað rétt. Málinu lokið.

Miðvikudaginn 19. október 1960.

Nr. 173/1960. **Gísli Ólafsson**
gegn
Guðmundi Þórarinssyni og
Stefáni Sigurðssyni, fulltrúa bæjarfógetans á Sauðárkróki.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Krafa um, að dómari víki sæti.

Dómur Hæstaréttar.

Stefán Sigurðsson fulltrúi hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. ágúst 1960, sem hingað barst 5. október s.l., og krafizt þess, að kröfur hans í héraði verði til greina teknar. Af hendi varnaraðilja hafa eigi komið fram kröfur eða greinargerð.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður fasteignamáladóms Sauðárkróks 12. ágúst 1960.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 5. þ. m., er höfðað fyrir fasteignamáladómi Sauðárkrókskaupstaðar samkvæmt III. kafla landamerkjalaga nr. 41/1919 af eiganda húseignarinnar nr. 11 B

við Suðurgötu á Sauðárkróki, Gísla Ólafssyni, gegn eiganda húseignarinnar nr. 11 við Suðurgötu, Guðmundi Þórarinssyni, með erindi Gísla Ólafssonar til bæjarfógetans á Sauðárkróki, dags. 19. maí s.l., vegna ágreinings um vesturtakmörk lóðarinnar nr. 11 B við Suðurgötu.

Málið var þingfest 23. maí s.l., og mætti fyrir hönd sækjanda, Gísla Ólafssonar, dóttir hans, frú Guðrún Gísladóttir, en f. h. verjanda mætti Árni Hansen verkstjóri, bæði samkvæmt sérstökum umboðum, dskj. nr. 2 og 3.

Krafðist umboðsmaður sækjanda þess, að girðing sú, sem aðskilur lóðirnar nr. 11 og 11 B við Suðurgötu, verði færð einn metra til vesturs, og hélt því fram, að þar hafi áður verið girt á lóðartakmörkum.

Umboðsmaður verjanda gerði þá kröfu, að lóðartakmörk verði óbreytt, eins og þau eru nú girt, og hélt því fram, að umbjóðandi sinn hafi áður gefið eftir 18 eða 20 cm austan af lóð sinni, þá núverandi girðing var niður sett. Báðir aðiljar hafa krafizt málskostnaðar.

Hinar umdeildu lóðir eru útmældar samkvæmt útmælingagjörðum, dags. 4. febrúar 1927 og 27. apríl 1929, af Sigurði Sigurðssyni, þáverandi sýslumanni, og útmælingarmönnunum Sigurgeir Danielssyni, þáverandi hreppstjóra, og Steindóri Jónssyni trésmíðameistara, sbr. dskj. nr. 4 og 5.

Lóðin nr. 11 við Suðurgötu var fyrst útmæld 4/2 1927 Halldóri Vídalín Magnússyni verzlunarmanni, og voru vesturtakmörk hennar ákveðin takmarkast af línu í 5 álna fjarlægð frá austurkanti Hesthússtígs (nú Suðurgötu) austan stígsins og paralellri með honum 20 metra til austurs, dskj. nr. 4.

Lóðin nr. 11 B var útmæld Gísla Ólafssyni, eins og áður greinir, 27/4 1929, og er sú útmæling afleidd af hinni fyrri, þar sem vesturtakmörk þessarar lóðar takmarkast af austurtakmörkum lóðarinnar nr. 11, og nær hún 13 metra til austurs, dskj. 5.

Í þinghaldi 22. júní s.l. lagði dómsforseti fram mælingaruppdrátt af Sauðárkróki, 2. hluti, sem gerður er af Jóni J. Víðis samkvæmt mælingum hans, gerðum á árunum 1932 og 1934 og viðbótarmælingum 1936. Barst dómsforseta uppdráttur þessi frá skipulagsstjóra ríkisins fyrir tilverknað umboðsmanns sækjanda. Sýnir uppdráttur þessi austurkant Hesthússtígs (á uppdrættinum Suðurgata), svo og hin umdeildu lóðamörk. Uppdráttur þessi er þingm. nr. 12.

Dómurinn leitaði sátta í fyrsta þinghaldi án árangurs.

Eftir að dómur hafði verið ruddur í málinu í þinghaldi 22. júní s.l. samkvæmt 9. gr. landamerkjalaga nr. 41/1919, tóku meðdómendurnir, Kristinn P. Briem kaupmaður og Ingólfur Nikódemusson húsasmíðameistari, sæti í dóminum.

Í þinghaldi 8. júlí gekk dómurinn ásamt umboðsmönnum aðilja á hin umdeildu merki og mældi lóð Suðurgötu 11, þannig að til grundvallar var lagt kort (uppdráttur) Jóns J. Víðis, dskj. 12, en hann sýnir austurtakmörk Suðurgötu (áður Hesthússtígs) í 5.5 metra fjarlægð frá vesturtakmörkum grunns hússins nr. 11 við Suðurgötu. Eru samkvæmt þessu 2.35 metrar af lóð hússins nr. 11 við Suðurgötu vestan við grunn þess (5.5 ÷ 3.5 (5 álnir)). Er mældir voru 17.65 metrar til austurs frá norðvesturhorni grunns hússins nr. 11 við Suðurgötu, reyndist girðingin á hinum umdeildu lóðartakmörkum vera 0.65 metra of vestarlega samkvæmt þessari mælingu.

Frú Guðrún Gísladóttir, umboðsmaður sækjanda, hefur í dómþingi 5. ágúst s.l. gert þá kröfu, að dómsforseti, Stefán Sigurðsson fulltrúi, víki sæti úr dóminum, og byggir kröfu sína á því, að afskipti fyrrverandi sýslumanns, Sigurðar Sigurðssonar, sem er faðir dómsforseta, séu þannig vaxin, að dómsforseti geti ekki setið í dómarasæti, svo og að dómsforseti hafi verið hlutdrægur í meðferð málsins. Lagði umboðsmaður sækjanda fram skjal, er þingmerkist nr. 25, til rökstuðnings kröfu sinni.

Umboðsmaður varnaraðilja gerði engar kröfur varðandi þetta.

Í upphafi dskj. nr. 25 vitnar umboðsmaður sækjanda í 7. tölulið 36. gr. einkamálalaga nr. 85/1936, og síðar segir orðrétt: „Þar sem sýnilegt er, að föður dómarans, Sigurði Sigurðssyni sýslumanni hér, hefur þegar verið blandað í þetta mál, með því að Guðmundur Þórarinsson tilkynnti, að hann hefði ásamt Þorvaldi Guðmundssyni beðið sig að gefa eftir af lóð sinni til að rýma útgang úr húsi Gísla Ólafssonar. Og í öðru lagi vil ég taka fram, að dómarinn, Stefán Sigurðsson, er einn af bæjarfulltrúum þessa bæjar og þar af leiðandi er full ástæða til að halda, að hann hafi hagsmuna að gæta, þar sem hann veit, að það er bæjarsjóðs að gjalda mönnum fyrir þann hluta af lóðum þeirra, er þeir missa undir götur bæjarins".

Varðandi framkomin meint afskipti fyrrverandi sýslumanns, Sigurðar Sigurðssonar, af máli þessu, hefur eftirfarandi fram komið í málinu:

Í þinghaldi í málinu 22. júní s.l. óskaði varnaraðili, Guðmundur Þórarinsson, það bókað, „að þá er girðing sú, sem nú er á milli

lóða deiluaðilja, var sett niður, hafi hann samkvæmt beiðni þáverandi sýslumanns, Sig. Sigurðssonar, og Þorv. Guðmundssonar, fyrrverandi hreppstjóra, gefið eftir austan af lóð Suðurgötu 11 18—20 cm til þess að rýma útgang frá Suðurgötu 11B, og taldi, að forsenda fyrir þeirri eftirgjöf sé niður fallin, og gerir þá kröfu, að girðing milli húsanna verði færð til austurs samkvæmt því.“ Mótmælir umboðsmaður sækjanda þessu sem röngu.

Annað hefur ekki komið fram í málinu varðandi afskipti föður dómsforseta af málinu, nema hvað hann tók þátt í mælingu hinna umdeildu lóða, eins og áður getur.

Hvort sem litið er á fyrrgreind skrif umboðsmanns sækjanda í dskj. nr. 25 sem afturköllun á fyrrgreindum mótmælum hans við bókun Guðmundar Þórarinssonar varðandi afskipti föður dómsforseta, er þar greinir, eða eigi, verður eigi séð, að þau afskipti geti varðað dómsforseta eða venzlamenn hans verulega fjárhagslega eða siðferðislega, svo að hann geti ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu.

Varðandi síðari setningu hinnar tilvitnuðu málsgreinar úr dskj. nr. 25, varðandi setu dómsforseta í bæjarstjórn Sauðárkróks, ber að geta þess, að ekki hefur neitt komið fram í málinu um, að kröfur á hendur bæjarsjóði Sauðárkróks hafi komið fram frá aðiljum málsins vegna missis lóðarhluta undir götur. Hins vegar liggur vesturhluti lóðar Suðurgötu 11 að Suðurgötu, og er því hugsanlegt, að bótakrafa á hendur bæjarsjóði kæmi fram frá eigendum þeirrar eignar, ef efnisleg niðurstaða aðalmáls þessa verður sú, að austurtakmörk lóðar Suðurgötu 11 skuli færast um einn metra til vesturs samkvæmt kröfu sækjanda, en þá myndi ræma af vesturhluta lóðarinnar lenda undir götunni.

Ekki verður séð, að dómsforseti hafi af þessum ástæðum hagsmuna að gæta, er valdið geti vanhæfi hans til dómsetu.

Varðandi ásakanir umboðsmanns sækjanda um hlutdrægni dómsforseta í meðferð málsins vísar hann til gagna þess, og telur hann þær órökstuddar og ástæðulausar.

Ber dómsforseta ekki að víkja sæti af þessari ástæðu.

Samkvæmt framansögðu verður ekki unnt að taka kröfu umboðsmanns sækjanda, frú Guðrúnar Gísladóttur, um að dómsforseti víki úr sæti, til greina.

Því úrskurðast:

Krafan um að dómsforseti, Stefán Sigurðsson fulltrúi, víki sæti í máli þessu, verður eigi tekin til greina.

Föstudaginn 21. október 1960.

Nr. 37/1960. **Gunnar Ólafsson & Co. h.f.**
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)
gegn
Kjartani Friðbjarnarsyni
(Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Árekstur bifreiða. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógeta í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 9. marz 1960, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. s. m. og krafizt þess, að honum verði einungis dæmt að greiða stefnda kr. 2770.83 með 6% ársvöxtum frá 6. desember 1956 til greiðsludags og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að dómurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 4000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Gunnar Ólafsson & Co. h/f, greiði stefnda, Kjartani Friðbjarnarsyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 4000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Árna Tryggvasonar hæstaréttardómara.

Um kröfugerð fyrir Hæstarétti vísast til dóms meiri hluta Hæstaréttar.

Stjórnandi bifreiðar stefnda, sem ók eftir Skólavegi, átti biðskyldu við gatnamót þeirrar götu og Hvítingavegar, sbr. 1. mgr. 7. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 24/1941. Með eiðfestum framburði þriggja vitna er sannað, að bifreið stefnda var enn á ferð, er bifreið hans og áfrýjanda rákust á lítið eitt inni á gatnamótunum. Stjórnandi bifreiðar stefnda fullnægði því ekki nægjanlega biðskyldu sinni, auk þess sem hann gætti ekki annarrar nauðsynlegrar varúðar með tilliti til þess, að girðing skagaði út í Hvítingaveg við nefnd gatnamót og þess var því að vænta, að stjórnendur ökutækja, er komu eftir Hvítingavegi út á Skólaveg, ættu óhægt um að sveigja með fullkomlega réttum hætti inn á Skólaveg. Á hinn bóginn tók stjórnandi bifreiðar áfrýjanda nefnda beygju svo fjarri réttu lagi, að telja verður, að hann eigi meiri sök á greindum árekstri en stjórnandi bifreiðar stefnda. Þykir eftir atvikum rétt að skipta sök þannig, að áfrýjandi beri ⅔ hluta þess tjóns, er stefndi hlaut af árekstrinum, en stefndi beri ⅓ hluta þess sjálfur.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms telst tjón stefnda nema kr. 10.450.00. Ber áfrýjanda að greiða stefnda ⅔ hluta þeirrar fjárhæðar, þ. e. kr. 6966.67, ásamt vöxtum, eins og krafizt er, svo og kr. 4000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð mitt verður því þannig:

Áfrýjandi, Gunnar Ólafsson & Co. h/f, greiði stefnda, Kjartani Friðbjarnarsyni, kr. 6966.67 með 6% ársvöxtum frá 6. desember 1956 til greiðsludags og kr. 4000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 9. nóvember 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 6. nóvember 1959, er höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja af Kjartani Friðbjarnarsyni stórkaupmanni, Heiðarveg 51, Vestmannaeyjum, með stefnu, útgefinni 8. apríl 1958, birtri s. d., á hendur stjórn Gunnars Ólafssonar & Co. h.f. fyrir hönd félagsins, þeim Jóhanni Sigfússyni formanni, Sólhlíð 8, Vestmannaeyjum, Jóhanni Þ. Jósefssyni, Bergstaðastræti 86, Reykjavík, og Sighvati Bjarnasyni, Ási, Vest-

mannaeyjum, til greiðslu tjónbóta út af bifreiðaárekstri milli bifreiðanna V 37, eign hins stefnda félags, og V 175, eign stefnanda, er átti sér stað 6. desember 1956. Með stefnu, útgefinni 21. marz 1958, birtri 31. marz 1958, var Sjóvátryggingarfélagi Íslands h.f. sem vátryggjanda bifreiðarinnar V 37 stefnt til réttargæzlu í málinu.

Stefnandi gerir þær réttarkröfur, að stefndi, Gunnar Ólafsson & Co. h.f., verði dæmdur til að greiða tjónbætur, að fjárhæð kr. 10.450.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 6. desember 1956 til greiðsludags auk alls málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi mætti í málinu og gerði þær réttarkröfur, aðallega að hann yrði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og dæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati dómara, en til vara krafðist hann lækkunar á kröfum stefnanda og málskostnaður verði látinn falla niður.

Hinn 6. desember 1956 að morgni ók eiginkona stefnanda bifreið hans, V 175, suður Skólaveg, áleiðis til flugvallarins. Er hún nálgaðist Hvítingaveginn, kom Már Frímannsson akandi vestur veginn og beygði krappri beygju niður á Skólaveg. Við hornið, þar sem vegirnir mætast, varð árekstur milli bifreiðanna, og skemmdist bifreið stefnanda allmikið við áreksturinn, en hin bifreiðin skemmdist ekki. Lögreglurannsókn fór fram út af árekstrinum, og síðan lagði dómsmálaráðuneytið fyrir, að komið yrði fram refsiábyrgð á hendur stjórnendum bifreiðanna fyrir brot á bifreiðalögum og umferðarlögum. Már Frímannsson viðurkenndi, að um brot hafi verið að ræða frá sinni hálfu, og gekkst undir með réttarsætt að greiða sekt í ríkissjóð. Eiginkona stefnanda vildi hins vegar ekki fallast á, að akstur sinn í umrætt sinn hafi á nokkurn hátt varðað við lög. Var því höfðað mál gegn henni af ákæruvaldsins hálfu og lyktaði því með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 14. janúar 1959. Niðurstaða dómsins var, að hún var sýknuð að öllu leyti af kröfum ákæruvaldsins.

Eftir áreksturinn var framkvæmd viðgerð á bifreið stefnanda í Vestmannaeyjum, en síðan var hún send til Reykjavíkur, svo að hún yrði máluð, þar eð bifreiðamálningarverkstæði er ekki til í Vestmannaeyjum. Kostnaðurinn við viðgerð bifreiðarinnar og málningu hennar ásamt flutningskostnaði til Reykjavíkur og hingað aftur nam alls kr. 10.450.00 samkvæmt framlögðum reikningum, og er það stefnukrafa málsins.

Stefnandi telur, að áreksturinn hafi að öllu leyti verið að kenna ógætilegum og saknæmum akstri bifreiðarstjórans á V 37, og þar

sem stefndi sé eigandi bifreiðarinnar, beri hann fébótaábyrgð á tjóni, sem hlauzt af árekstrinum.

Stefndi telur aftur á móti, að eiginkona stefnanda hafi átt alla sök á árekstrinum og verði því stefnandi að bera tjón sitt sjálfur. Á þessari varnarástæðu byggir hann sýknukröfu sína. Í dómi Hæstaréttar, er fyrr getur, er þó gengið út frá, að sökin af árekstrinum hvíli á ökumanni bifreiðarinnar V 37, og þykir bera að leggja þá niðurstöðu til grundvallar. Af því leiðir, að stefnda ber að greiða stefnanda bætur fyrir tjón það, er hann varð fyrir af völdum árekstrarins. Sýknukrafa stefnda verður því ekki tekin til greina.

Eins og áður segir, hefur stefnandi lagt fram reikninga yfir stefnukröfuna. Við marga þeirra hefur stefndi ekkert að athuga, en nokkrum kröfuliðum hefur hann mótmælt, og eru þeir þessir:

1.	Sprautun á bifreiðina	kr.	1000.00
2.	Flutningsgjald, vörugjald, útskipun og uppskipun í sambandi við flutning bifreiðarinnar frá Vestmannaeyjum til Reykjavíkur	—	993.85
3.	Sömu gjöld frá Reykjavík til Vestmannaeyja	—	993.85
4.	Flutningsgjald, uppskipun og hafnargjöld og símkostnaður vegna varahluta	—	150.00
		Kr.	3137.70

Um 1. lið. Sprautun, kr. 1000.00.

Stefndi telur, að liður þessi sé of hár, og hefur hann krafizt lækkunar á honum. Eftir að athugasemd þessi kom fram, lagði stefnandi fram reikning frá Bílaiðjunni h.f. í Reykjavík yfir sprautun bifreiðarinnar, og nemur hann rúmum 2000.00 krónum. Verður því þessi kröfuliður ekki talinn ósanngjarn og verður tekinn til greina að fullu.

Um 2. lið. Flutningsgjald o. fl., kr. 993.85.

Stefndi telur, að þessi útgjöld séu sér að öllu óviðkomandi. Hins vegar lítur rétturinn svo á, að með tilliti til aðstæðna, sem hér eru fyrir hendi, geti það ekki talizt óeðlileg ráðstöfun að senda bifreiðina til Reykjavíkur, svo að hún yrði máluð þar. Kröfuupphæðin er ekki vefengd, og verður því þessi liður einnig tekinn til greina að fullu.

Um 3. lið. Flutningsgjald o. fl., kr. 993.85.

Af sömu ástæðum og tilgreindar eru um 2. lið verður kröfuliður þessi tekinn til greina.

Um 4. lið. Flutningsgjald o. fl. vegna varahluta, kr. 150.00.

Engin fylgiskjöl eru með þessum lið, og hefur stefndi mótmælt honum sem sér óviðkomandi. Ýmsir reikningar, sem lagðir hafa verið fram, bera með sér, að talsvert af varahlutum til bifreiðarinnar vegna viðgerðarinnar hafa verið keyptir í Reykjavík og sendir þaðan til Vestmannaeyja. Gera má ráð fyrir, að nokkur kostnaður hafi leitt af flutningi þeirra. Upphæðin virðist ekki ósanngjörn, og verður því kröfuliður þessi tekinn til greina að fullu.

Samkvæmt því, er nú hefur verið tekið fram, verða kröfur stefnanda teknar til greina að öllu leyti.

Rétt þykir að ákveða, að stefndi greiði stefnanda kr. 1950.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Stefndu, Jóhann Sigfússon, Jóhann Þ. Jósefsson og Sighvatur Bjarnason fyrir hönd Gunnars Ólafssonar & Co. h.f., greiði stefnandanum, Kjartani Friðbjarnarsyni, kr. 10.450.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 6. desember 1956 til greiðsludags og kr. 1950.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 25. október 1960.

Nr. 116/1960. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)
gegn
Almennum Tryggingum h/f
(Einar B. Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vátrygging. Ábyrgð ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 110/1951.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. júní 1960 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 30.293.87 með 6% ársvöxtum frá 30. maí 1958 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Charles Owen Brubaker, maður í liði Bandaríkjanna á Íslandi, ók í bifreið sinni, VL E 341, hinn 17. desember 1956 í Keflavík á Sigríði Guðmundsdóttur húsfreyju með þeim atvikum, er í héraðsdómi greinir. Hlaut hún lemstur af. Varnarliðsmaðurinn ók mjög ógætilega, og hemlar á bifreið hans voru í ólagi. Þar sem hér var um að tefla verknað varnarliðsmanns utan samninga, var ríkissjóður ábyrgur samkvæmt 2. tl. 12. gr. samnings um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna hér á landi, er staðfestur var með lögum nr. 110/1951. Með dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 30. apríl 1958, var ríkissjóði dæmt að bæta tjón Sigríðar að 4/5 hlutum. Ríkissjóður innti af hendi skaðabætur og kostnað samkvæmt nefndum dómi 30. maí 1958, samtals kr. 30.293.87. og framsækir nú stefnda um þá fjárhæð ásamt vöxtum og málskostnaði í nefndu máli.

Í máli þessu er einungis deilt um greiðsluskyldu stefnda, en eigi um fjárhæð framkröfunnar.

Með tryggingarskírteini, útgefnu 3. nóvember 1956, tryggði stefndi fyrir Charles O. Brubaker, Keflavík Airport, sem eiganda Ford fólksbifreið, VL E 58, smíðaða 1949, til einkaafnota fyrir allt að kr. 300.000.00 „fyrir einstakt tjón gegn sérhverri einkaréttarskaðabótakröfu, sem vátryggingartaka samkvæmt núgildandi íslenzkum bifreiðalögum er skylt að tryggja gegn sem eiganda hinnar vátryggðu bifreiðar vegna tjóns, sem hlotizt hefur af notkun hennar". Í 9. gr. skírteinisins áskildi stefndi sér rétt til þess m. a. „að krefjast endurgreiðslu hjá vátryggingartaka eða öðrum vátryggðum, ef tjónið hefur orðið með þeim hætti, sem hér segir: a) af ásettu ráði eða sakir stórkostlegrar óvarkárni, b) af ófullnægjandi viðhaldi bifreiðarinnar..." Frá 1. desember 1956 fékk nefnd bifreið einkennisstafina VL E 341, sbr. viðbótarskírteini, útgefið 20. desember 1956. Samkvæmt tryggingarsamningnum var stefndi ábyrgur fyrir tjóni því, sem frú Sigríður Guðmundsdóttir hlaut af völdum nefndrar bifreiðar. Gildur var og samkvæmur 7. mgr. 36. gr. laga nr. 23/1941 áskilnaður stefnda um endurgreiðslu úr hendi vátryggingartaka, þá er um væri að tefla tjón af ásettu ráði eða stórkostlegri óvarkárni, enda standa ákvæði 2. tl. 12. gr. varnarsáttmálans slíku samningsákvæði eigi í vegi. Ríkissjóði bar samkvæmt upphafsákvæði 2. tl. 12. gr. varnarsáttmálans að greiða frú Sigríði Guðmundsdóttur skaðabætur, þar sem áverki sá, sem Charles Owen Brubaker veitti henni með bifreið sinni, var skaðabótaverk utan samninga. Ríkissjóður er eigi samkvæmt upphafi 2. tl. 12. gr. nefnds sáttmála ábyrgur fyrir endurkröfu stefnda á hendur Charles Owen Brubaker, þar sem sú krafa hefur stoð sína í vátryggingarsamningnum og 7. mgr. 36. gr. laga nr. 23/1941. Samkvæmt þessu og þar sem ríkissjóður hefur af nauðsyn leyst til sín kröfu, sem stefndi hefur vátryggt gegn, á ríkissjóður framkröfu á hendur stefnda fyrir skaðabótum þeim og kostnaði, sem krafizt er. Ber því að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda kr. 30.293.87 með 6% ársvöxtum frá 30. maí 1958 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Almennar Tryggingar h/f, greiði áfrýjanda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kr. 30.293.87 ásamt 6% ársvöxtum frá 30. maí 1958 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. maí 1960.

Mál þetta, sem var tekið til dóms 29. f. m., hefur fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 9. desember 1958, gegn Almennum Tryggingum h/f, hér í borg, til endurgreiðslu á skaðabótum og kostnaði, að fjárhæð kr. 30.293.87 ásamt 6% ársvöxtum frá 30. maí 1958 til greiðsludags og málskostnaði eftir mati dómarans.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar eftir mati dómarans.

Málavextir eru þessir:

Hinn 17. desember 1956, kl. tæplega sex síðdegis, varð Sigríður Guðmundsdóttir, húsfreyja, til heimilis á Keflavíkurflugvelli, fyrir varnarliðsbifreiðinni VL E 341 á Brunnlandsgötu þar á flugvellinum. Var Sigríður á gangi norður götuna, en bifreiðinni var ekið á eftir henni. Hlaut Sigríður við slys þetta brot á vinstra fótlegg og heilahristing. Samkvæmt uppdrætti, er lögreglan á Keflavíkurflugvelli gerði af slysstaðnum, er Brunnlandsgata malbikuð og um 6 metra breið á þessum slóðum. Tveir ljóskersstaurar eru þarna vestan megin götunnar, annar um 6 metra sunnan slysstaðarins, en hinn um 10 metra norðan hans. Afmörkuð, malbikuð gangbraut mun vera vestan megin götunnar, í um 2 metra fjarlægð frá götujaðri, en hún mun hafa verið hulin snjó á þessum tíma, svo sem nánar verður að vikið síðar.

Ökumaður bifreiðarinnar, Charles Owen Brubaker að nafni, skýrir svo frá, að hann hafi ekið á vinstra jaðri götunnar á um 10 mílna hraða, miðað við klukkustund. Skuggsýnt hafi verið, þurrviðri og léttskýjað. Lægri ökuljós bifreiðarinnar hafi verið tendruð. Hann hafi ekki séð Sigríði, fyrr en slysið varð, en það hafi orðið með þeim hætti, að hægri aurhlíf bifreiðarinnar lenti á konunni, er við það hafi fallið í götuna. Er slysið varð, hafi Sigríður verið á miðri götunni. Þegar er hann varð hennar var, hafi hann reynt að hemla, en hemlarnir hafi ekki „tekið við sér".

Hann hafi þá í skyndi snúið bifreiðinni til vinstri, og hafi Sigríður dregizt með henni í áttina að götujaðrinum, þar sem hún hafi legið, er hann kom út úr bifreiðinni. Bifreiðin hafi verið komin nokkuð út fyrir götuna, er hún stöðvaðist. Svo er að sjá, að farartæki hafi komið eftir götunni úr gagnstæðri átt um þetta leyti, og kveðst bifreiðarstjórinn ekki hafa blindazt af ljósum þeirra. Hann kveðst hafa látið gera við hemla bifreiðarinnar, nokkrum dögum áður en slysið varð, og hafi hann ekki verið búinn að verða þess var fyrr, að þeir voru ekki í lagi.

Vitnið John Franxis Hays jr., sem var farþegi í bifreiðinni, skýrir á svipaðan hátt frá aðdraganda slyssins og bifreiðarstjórinn. Kveðst vitnið hafa skyndilega komið auga á Sigríði á miðri akbrautinni, er bifreiðin var komin svo nálægt henni, að um 4 fet voru á milli. Hafi þeir, sem í bifreiðinni voru, komið jafnsnemma auga á konuna. Eftir að bifreiðin hafði rekizt á hana, hafi bifreiðarstjórinn snúið bifreiðinni til vinstri, og hafi konan dregizt nokkurn spöl með bifreiðinni. Vitnið kveður bifreiðina hafa stöðvazt í um 40 „yarda" fjarlægð frá þeim stað, þar sem Sigríður lá eftir slysið. Bifreiðinni kveður vitnið hafa verið ekið á vinstra götuhelmingi á um 10 mílna hraða, miðað við klukkustund, og hafi framaurhlíf bifreiðarinnar lent á konunni.

Vitnið Ralph Carter Fulcher, farþegi í bifreiðinni, skýrir svo frá, að bifreiðinni hafi verið ekið á réttum götuhelmingi á um 15 mílna hraða, miðað við klukkustund. Það kveðst hafa veitt Sigríði athygli á miðri akbrautinni, er bifreiðin átti ófarin um 4 fet að henni. Hægri framaurhlíf bifreiðarinnar hafi lent á konunni, en um leið hafi bifreiðarstjórinn snúið bifreiðinni til vinstri. Hafi konan dregizt með bifreiðinni um 9—10 fet. Er bifreiðin hafði numið staðar, hafi konan legið á götubrúninni um 20 „yarda" fyrir aftan hana. Vitnið kveðst hafa setið í framsæti bifreiðarinnar, og hafi ljós bifreiða, er á móti komu, blindað sig. Hafi það af þeim sökum ekki séð Sigríði, fyrr en raun varð á.

Vitnið Gunnar Hörður Valdimarsson kveðst hafa ekið í bifreið sinni á eftir VL E 341 í umrætt sinn. Hafi þeirri bifreið verið ekið vel á réttum götuhelmingi og mjög hægt, eða á um 20 km hraða, miðað við klukkustund. Skyndilega hafi bifreiðinni verið snarbeygt til vinstri út af akbrautinni. Er hún var komin 1½—2 metra út fyrir akbrautina, hafi það séð konu koma veltandi aftur með hægri hlið bifreiðarinnar. Hafi það þá strax stöðvað bifreið sína og haldið í fyrstu, að konan hefði fallið út úr bifreiðinni, en það hafi ekki verið búið að koma auga á hana áður. Vitnið segir,

að skuggsýnt hafi verið á þessum tíma, en þurrt veður og bjart yfir.

Vitnið Skúli Thorarensen lögregluþjónn kom á vettvang skömmu eftir slysið. Kveður það stefnanda hafa legið 2.20 metra fyrir utan akbrautina, en bifreiðin hafi staðið um 22 metra frá þeim stað og verið um 6 metra utan akbrautarinnar. Vitnið kveður snjó hafa legið yfir öllu og því ógerlegt að greina gangbrautina vestan megin götunnar. Á hinn bóginn hafi slóð eftir gangandi vegfarendur verið í snjónum þeim megin götunnar. Kveðst vitnið ekki geta um það sagt, hve langt frá götunni slóð þessi var, en það muni vart hafa verið nema tveir metrar.

Vitnið Sigfús Guðmundur Þorgrímsson lögregluþjónn, sem kom á slysstaðinn skömmu eftir slysið, skýrir svo frá, að svellbólstrar hafi verið á stöku stað á akbrautinni á þessum slóðum, en þó meir utan akbrautarinnar. Kveðst vitnið telja, að nokkuð hált hafi verið og öruggara að aka með snjókeðjum. Snjókeðjur hafi aftur á móti ekki verið á hjólum VL E 341.

Sigríður Guðmundsdóttir skýrir svo frá, að hún hafi í umrætt sinn verið á leið heiman að frá sér að Hótel Keflavík. Hafi hún gengið á vinstri brún götunnar. Sakir þess að nokkuð var hált, hafi hún haldið sig á mótum akbrautarinnar og svæðisins á milli hennar og gangbrautar þeirrar, er áður getur, en þar hafi hálkan verið minnst. Bjartviðri hafi verið og þurrt og götuljós tendruð. Engin umferð farartækja hafi verið eftir götunni úr gagnstæðri átt. Skyndilega hafi hún orðið fyrir höggi og kastazt við það til, en fallið síðan til jarðar. Ekki kveðst hún geta gert sér grein fyrir því, með hverjum hætti slysið varð eða hvernig bifreiðin rakst á hana. Hafi hún og ekki vitað um bifreiðina að baki sér.

Að tilhlutun lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, er hafði með höndum rannsókn slyss þessa, var umrædd bifreið skoðuð af bifreiðaeftirlitsmönnunum Jóni Sumarliðasyni og Sverri Samúelssyni. Fór skoðun þessi fram daginn eftir slysið. Í vottorði skoðunarmanna, dags. þann dag, segir á þessa leið:

„Við skoðun á bifreiðinni kom í ljós, að fóthemlar virkuðu ekki fyrr en eftir 5—6 fótstig. Hemlakerfið var þétt og því ekki hægt að álíta, að hemlarnir hafi farið snögglega af. Handhemill var óvirkur. Framrúða vinstra megin er sprungin. Bifreiðin var snjókeðjulaus, er við skoðuðum hana."

Höfðað var opinbert mál á hendur ökumanni bifreiðarinnar vegna slyss þessa. Var hann með dómi sakadóms Keflavíkurflugvallar, uppkveðnum 29. apríl 1957, talinn hafa gerzt brotlegur við

eftirtalin lagaákvæði með akstri sínum í umrætt sinn: 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 2. mgr. 5. gr. og 1. og 2. mgr. 27. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, 3. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 og 3. tl. 2. gr. reglugerðar um gerð og notkun bifreiða nr. 72/1937. Refsing bifreiðarstjórans fyrir brot þessi var ákveðin 3500 króna sekt, en auk þess var hann sviptur ökuleyfi í 8 mánuði. Dómi þessum var ekki áfrýjað til Hæstaréttar.

Með stefnu, útgefinni 22. október 1957, höfðaði Sigríður Guðmundsdóttir mál gegn stefnanda þessa máls til heimtu skaðabóta vegna tjóns þess, er hún taldi sig hafa beðið af völdum umgetins slyss. Var stefnda stefnt til réttargæzlu í því máli, en engar kröfur hafðar uppi á hendur honum. Lyktir þess máls urðu þær, að 4/5 fébótaábyrgðar á slysinu voru lagðir á ríkissjóð og honum samkvæmt því dæmt að greiða Sigríði Guðmundsdóttur kr. 21.140.00 í skaðabætur auk vaxta og málskostnaðar. Greiddi ríkissjóður fé þetta, alls 26.093.87 af hendi hinn 30. maí 1958. Hefur ríkissjóður höfðað mál það, sem hér er fjallað um, til heimtu þessa fjár ásamt kostnaði sínum af því máli.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að bifreið sú, er slysinu olli, hafi verið vátryggð hjá stefnda í samræmi við ákvæði 36. gr. laga nr. 23/1941, sbr. 70. gr. laga nr. 26/1958. Hljóti því stefnandi, sem kom að öllu leyti í stað eiganda bifreiðarinnar um ábyrgð á tjóni því, er af slysinu leiddi, að eiga endurkröfurétt á stefnda, að því leyti sem stefnanda var gert að bæta tjónið. Nemur fjárhæð stefnukröfunnar bótafénu, sem stefnanda var gert að greiða, ásamt vöxtum og kostnaði hans af því máli. Er fjárhæðin ekki vefengd.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á tveimur höfuðástæðum. Í fyrsta lagi þeirri, að íslenzk stjórnvöld hafi ekki látið gildandi lagafyrirmæli um eftirlit með bifreiðum og öryggi þeirra ná til bifreiða, sem eru í eigu varnarliðsmanna á Íslandi. Sé og vitað, að mikill hluti þeirra bifreiða sé í meira og minna óökufæru ástandi vegna skorts á viðhaldi. Í annan stað reisir stefndi sýknukröfuna á því, að ljóst sé af refsidóminum á hendur ökumanni varnarliðsbifreiðarinnar, að hann hafi valdið margnefndu slysi með stórkostlegu gáleysi. Endurheimturéttur stefnda samkvæmt 36. gr. þágildandi bifreiðalaga nr. 23/1941 hefði því verið fyrir hendi, ef hann hefði greitt af hendi bætur vegna slyssins. Af þessum sökum sé enginn grundvöllur fyrir því, að stefnandi, sem að öllu leyti komi hér í stað bifreiðareigandans og hefði orðið að þola endurheimtu, ef á slíkt hefði reynt, geti krafið stefnda um bótafé.

Í fyrrgreindum bæjarþingsdómi, sem ekki hefur verið áfrýjað og stendur því óhaggaður, segir á þessa leið um sök bifreiðarstjórans á slysinu:

„Sýnt þykir, að slys það, sem um ræðir, megi að verulegu leyti rekja til þess, að hemlar bifreiðarinnar voru í ólagi og komu ekki að notum, er á reyndi. Þá virðist og einsýnt, að verulega hafi á það skort, að bifreiðarstjórinn beitti nægri athygli við aksturinn, þar eð hann sá ekki stefnanda, fyrr en slysið varð, enda þótt skyggni væri gott og útsýn fram á veginn óhindruð að sögn hans . . .“

Með skírskotun til þessara raka og þegar það er haft í huga, sem greinir í vottorði bifreiðaeftirlitsmannanna tveggja, sem skoðuðu bifreiðina eftir slysið, að það „sé ekki hægt að álíta, að hemlarnir hafi farið snögglega af“, þá verður að líta svo á, að slíku gáleysi hafi verið til að dreifa af hendi varnarliðsmanns þess, er bifreiðinni ók, að tryggingarfélagið, stefndi í máli þessu, hefði átt endurheimturétt á því fé, er það hefði greitt í bætur vegna slyssins, ef á hefði reynt. Samkvæmt því eru ekki efni til þess að dæma stefnda til að standa stefnanda, sem að öllu leyti kemur hér í stað tryggingartakans, skil á því fé, er stefnandi hefur greitt af hendi af þessu tilefni. Leiðir þetta til sýknu í málinu. Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sjálfur kostnað sinn af málinu.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Í máli þessu er stefndi, Almennar Tryggingar h/f, sýkn af kröfum stefnanda, fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs.

Hvor aðili beri kostnað sinn af málinu.

Miðvikudaginn 26. október 1960.

Nr. 177/1960. **Júlíus Björnsson, raftækjaverzlun**
gegn
Sigurði Þorgeirssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumáli frestað vegna áfrýjunar aðalmálsins.

Úrskurður Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið til Hæstaréttar ákvæði héraðsdóms um málskostnað með kæru 30. september þ. á., sem barst dóminum 14. þ. m.

Varnaraðili hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með áfrýjunarstefnu 12. október þ. á. til þingfestingar í nóvembermánuði n.k. Þykir rétt samkvæmt lögjöfnun frá 2. mgr. 117. gr. laga nr. 85/1936 að fresta kærumálinu sjálfkrafa, unz séð er, hvort áðurgreint áfrýjunarmál verður lagt í dóm.

Ályktarorð:

Kærumáli þessu er frestað sjálfkrafa samkvæmt framangreindu.

Mánudaginn 31. október 1960.

Nr. 104/1960. **Guðlaugur Einarsson**
gegn
Gústaf A. Sveinssyni, Sigfúsi Bjarnasyni, Arnbirni Óskarssyni, Kristjáni Kristjánssyni borgarfógeta og Huldu Ásgeirsdóttur.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðlaugur Einarsson, er eigi sækir dómþing

í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 31. október 1960.

Nr. 141/1960. **Gunnar Ásgeirsson**
gegn
Óskari Hansen.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Gunnar Ásgeirsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 4. nóvember 1960.

Nr. 162/1959. **Kristján Guðmundsson og**
Eiríkur Sigurðsson (Sveinbjörn Jónsson hrl.)
og
Þorsteinn Jónsson og
dánarbú Vilmundar Jónssonar
(Guðlaugur Einarsson hdl.)
gegn
Jóni Gíslasyni (Magnús Thorlacius hrl.)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Eignardómsmál. Ítaksréttindi.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Steingrímsson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, og samdómendurnir Þorvaldur T. Jónsson, oddviti

í Hjarðarholti, og Þórir Steinþórsson, skólastjóri í Reykholti, hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. september 1959 og krafizt þess, að þeim verði dæmd sýkna af kröfum gagnáfrýjanda í málinu og honum dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu 30. september 1959 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að undanskildu ákvæðinu um málskostnað, og að aðaláfrýjendum verði in solidum dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti hafa verið lögð fram mörg ný skjöl. Að tilhlutan Hæstaréttar fengu aðiljar mælingamann til að gera uppdrátt af öllum hinum umdeildu engjaspildum sunnan Andakílsár, þeim sem taldar eru upp í héraðsdómi. Voru gerðir tveir uppdrættir merktir nr. VII og VIII, sem sýna sömu útmörk landspildu þeirrar, sem deilt er um í málinu. Ber að leggja þá til grundvallar dómi í málinu.

Í máli þessu hefur gagnáfrýjandi krafizt þess, að svæði það, sem á uppdráttunum er nefnt Efra-Hreppsengi og þar er afmarkað, verði dæmt eignarland hans, en viðurkennir, að aðaláfrýjendur eigi þar slægjuítak.

Fyrir norðan bæinn Innri-Skeljabrekku í Andakílshreppi og meðfram Andakílsá liggur samfellt engjasvæði, svonefndar Suðurengjar, og hafa einstakar landspildur þar verið nytjaðar til slægna frá ýmsum jörðum í Andakíls- og Skorradalshreppum eða af einstökum aðiljum, sem öðlazt hafa réttindi til þess. Í Landnámu segir: „Þorbjörn svarti hét maðr, hann keypti land at Hafnar-Ormi inn frá Selaeyri ok upp til Forsár, hann bjó á Skeljabrekku.“ Seleyri ber enn sitt nafn og liggur sunnan Borgarfjarðar milli Hafnar og Grjóteyrar. Forsá er sú á, sem nefnist nú Andakílsá.

Af þessari frásögn Landnámu er auðsætt, að hinar umdeildu engjar hafa í öndverðu verið hluti af landi Skeljabrekku. Síðar hefur Skeljabrekkujörð verið skipt í Ytri- og Innri-Skeljabrekku, og samkvæmt landamerkjaskrá Ytri-

Skeljabrekku, dags. 20. desember 1922, og landamerkjaskrá Innri-Skeljabrekku, dags. 25. júní 1923, liggja merkin milli þessara jarða frá fjalli alla leið til Andakílsár, en hinar umdeildu engjaspildur eru austan þeirra merkja. Samkvæmt nefndri landamerkjaskrá Innri-Skeljabrekku og landamerkjaskrá Neðra-Hrepps, dags. 14. febrúar 1923, ná landamerki jarða þessara saman alla leið til Andakílsár fyrir austan hinar umdeildu engjaspildur.

Úrlausnarefni máls þessa er, hvort aðaláfrýjendur eigi fullan eignarrétt að hinni umdeildu landspildu eða eigi einungis þar „engi á annars manns jörðu", eins og það er orðað í 22. kap. Jónsbókar.

Það er ljóst, að landspilda sú, sem mál þetta varðar, svonefnt Efra-Hreppsengi, hefur upprunalega verið hluti af Skeljabrekku, en hefur öldum saman verið nytjuð til slægna frá jörðinni Efra-Hreppi í Skorradalshreppi. Frumgögn vantar um það, hvenær umráð landspildu þessarar hafa verið skilin frá Skeljabrekku, og hvort önnur umráð landspildunnar en til slægna hafi gengið undan nefndri jörð, en önnur gögn, sem atriði þessi varða og fram hafa komið í málinu, verða nú rakin og metin.

1. Hinn 30. júní 1664 seldi Sveinn Árnason og kona hans Brynjólfi biskupi Sveinssyni „alla jörðina Efrahrepp í Skorradal og Hvanneyrarkirkjusókn meðfylgjandi átta hundraða engi á Andakíl sem kallað er Efrahreppsengi, liggjandi í millum Hvanneyrarkirkjuengis og Hvammsengis, bæði engið sjálft og undirliggjandi land til ristu og stungu og allrar nauðsynlegrar brúkunar, er það engi kallað átta kúa fóður, jörðina heima 16 hundruð, engið 8 hundruð .... biskupinum til allrar eignar og frjálst forræðis."

   Hinn 27. apríl 1666 seldi Brynjólfur biskup Sveinsson Páli presti Gunnarssyni og konu hans jörðina Efra-Hrepp ásamt áðurgreindu engi með sama formála og hann hafði keypt eignir þessar.

   Hinn 12. júní 1907 seldi Arnór prestur Þorlaksson

á Hesti Ólafi presti Stephensen „eign mína Efri-Hreppsflæðiengi í svokölluðum Suðurengjum í Andakílshreppi.“ Var flæðiengið þá skilið frá jörðinni Efra-Hrepp.

Hið umdeilda flæðiengi gekk síðan kaupum og sölum, unz það komst í hendur aðaláfrýjenda með afsalsbréfi 11. júní 1941. Kveðst seljandi þá „afsala landi mínu, Efra-Hreppsengi í Skorradalshreppi“.

Orðalag afsalsbréfsins til Brynjólfs biskups Sveinssonar, „engið sjálft og undirliggjandi land til ristu og stungu“, benda helzt til ítaksréttar, enda var torfrista á þeim tíma nauðsynleg til tyrfingar og vörzlu á heyjum, en eigi er eðlilegt, þá er land er selt til fullrar eignar, að geta einstakra nytja. Um afsölin yfirleitt er það að segja, að afseljendur gátu eigi veitt afsalshöfum meiri rétt yfir hinni umdeildu landspildu en þeir höfðu sjálfir.

2. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er lýsing á jörðum í Skorradalshreppi, sem skráð er 29. og 30. júní 1707 að Grund í Skorradal. Segir þar um jörðina Neðra-Hrepp: „Engjatak á jörðin á flæðiengi því, sem liggur við Andakílsá fram undan Innri Skeljabrekku og kallað er Neðrahreppsengi“. Síðan segir í Jarðabókinni um jörðina Efra-Hrepp: „Engjatak sem sagt er um Neðra-Hrepp“. Í álitsgerð prófessors Guðna Jónssonar, dags. 13. maí 1960, er með dæmum úr íslenzkri málvenju sannað, að orðið engjatak getur táknað hvort heldur engjaítak eða fullkomna eign lands, sem engi er á. Er Jarðabókin því ónýtt sönnunargagn í máli þessu.

3. Hinn 30. janúar 1840 skráði Jóhann prestur Tómasson á Bárustöðum að tilhlutan Hins íslenzka bókmenntafélags sóknarlýsingu „um Hvanneyrar og Bæjarþing“. Um jörðina Efra-Hrepp segir þar svo m. a.: „hefir greiðfær tún og gott engjaítak á flæðiengjum, sem kallaðar eru Suðurengjar“. Sóknarlýsing þessi er einhliða umsögn kunnugs manns um umráð yfir land-

spildu þeirri, sem deilt er um í máli þessu. Veitir sóknarlýsingin lítils háttar vísbendingu, en heldur eigi meira.

4. Í jarðamati 1849—50, sem gert var samkvæmt lögum og að tilhlutan stjórnvalda, segir um Efra-Hrepp: „Túnið fóðrar 3 kýr, greiðfært og fyrir góða hirðing fremur grasgefið, flæðiengjaítak hér um bil 200 hestar“ .... Hér er réttur Efra-Hrepps yfir hinni umdeildu landspildu nefndur ítak. Veitir það nokkrar líkur.

Samkvæmt rökum þeim, sem greinir í héraðsdómi, verða deilur þær, sem á síðara hluta 19. aldar urðu um ágang búfjár á Suðurengjar, eigi taldar skipta máli um úrslit hér. Sama máli gegnir um girðingar, sem á fyrri hluta þessarar aldar voru settar upp á Suðurengjum.

Veiði í Andakílsá virðist lítið hafa verið stunduð undan landi því, sem deilt er um í þessu máli. Geta gögn málsins þar að lútandi eigi gefið ákveðna vísbendingu um umráð yfir landinu.

Svo sem rakið hefur verið, var hin umdeilda landspilda upprunalega hluti af Innri-Skeljabrekku. Líkur eru meiri fyrir því, að einungis slægjuítak á landspildunni hafi gengið undan nefndri jörð. Hafa aðaláfrýjendur eigi leitt sönnur að því, að þeir hafi meiri rétt til landspildunnar.

Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 20. júlí 1959.

Mál þetta er höfðað með opinberri stefnu, útgefinni 3. september fyrra ár, er birtist í Lögbirtingablaðinu 13. sama mán., þingfest 10. janúar 1959, áreið fór fram 1. maí þ. á., og tekið til dóms 10. þ. m.

Forsaga þessa máls er sú, að um langan aldur hafa engjastykki, er liggja neðan við engjar jarðarinnar Innri-Skeljabrekku í Andakílshreppi og niður að Andakílsá, verið nytjuð til slægna frá ýms-

um jörðum í Andakíls- og Skorradalshreppum, eða af einstaklingum, er haft hafa umráð yfir þeim. Hefur eigi verið víst, hvort hér hafi verið um slægnaítök að ræða eða eignarlönd.

Engjastykkin hafa verið þessi:

1. Stóri- og Litli-Hálsahringur, er nytjaðir hafa verið frá jörðinni Hálsum.
2. Stóri-Hringur, Þrætunef og Litli-Hringur, er nytjaðir hafa verið frá kirkjujörðinni Horni.
3. Grjóteyrarengi, er nytjað hefur verið frá Grjóteyri.
4. Neðra-Hreppsengi, er nytjað hefur verið frá jörðinni Efra-Hrepp.
5. Efra-Hreppsengi, sem nytjað hefur verið frá Efra-Hrepp að ⅕ hl., frá Mófellsstöðum að ⅕ hl., frá Mófellsstaðakoti að ⅕ hl. og af Kristjáni Guðmundssyni í Borgarnesi að ⅖ hl.
6. Kirkjuengi, sem nytjað hefur verið frá Hvanneyri.
7. Hvammsengi, er nytjað hefur verið af Haraldi Á. Sigurðssyni í Reykjavík.
8. Miðfossaengi, er nytjað hefur verið frá Miðfossum.
9. Fossaoddi, er nytjaður hefur verið frá Syðstufossum.
10. Fit, er nytjuð hefur verið frá Innri-Skeljabrekku.

Er lög um ítök nr. 113 29. desember 1952 gengu í gildi, auglýsti sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu eftir því, að þeir, er ítök ættu í jarðir í sýslunum, lýstu ítökunum fyrir honum.

Bárust honum þá lýsingar frá eftirtöldum mönnum:

1. Guðlaugi Einarssyni, hdl. í Reykjavík, vegna Þorsteins Jónssonar, bónda í Efra-Hrepp, fyrir Neðra-Hreppsengi og hluta hans af Efra-Hreppsengi.
2. Kristjáni Guðmundssyni fyrir hluti hans og þeirra Eiríks Sigurðssonar í Mófellsstaðakoti og Vilmundar Jónssonar, Mófellsstöðum, af Efra-Hreppsengi.
3. Kristjáni Guðmundssyni vegna Haralds Á. Sigurðssonar fyrir Hvammsengi.
4. Guðjóni B. Gíslasyni fyrir Fossaodda.
5. Óskari B. Hjartarsyni vegna eigenda Grjóteyrar fyrir Grjóteyrarengi.
6. Guðmundi Jónssyni vegna eiganda Hvanneyrar fyrir Kirkjuengi.

Var öllum þessum landspildum fyrst og fremst lýst sem eign, en til vara sem ítökum, og er legu þeirra lýst þannig, að þær séu á Suðurengjum.

Sýslumaður sendi síðan eigendum jarðanna Innri- og Ytri-

Skeljabrekku með bréfi 4. ágúst 1954 afrit af lýsingum þessum, og mun hann hafa talið sér skylt að senda eigendum beggja jarðanna lýsingarnar, þar sem eigi var lýst ítökum í ákveðna jörð. Með bréfi, dags. 17. marz 1955, tilkynnti svo Magnús Thorlacius, hrl. í Reykjavík, sýslumanni vegna Jóns Gíslasonar, bónda á Innri-Skeljabrekku, að greindur eignarréttur og ítakskröfur í land Innri-Skeljabrekku væru vefengdar.

Lá mál þetta svo niðri þar til í ágúst 1958, að Jón Gíslason setti laxveiðilögn í Andakílsá fyrir Neðra-Hreppsengi. Krafðist þá Þorsteinn Jónsson í Efra-Hrepp, að lagt yrði lögbann við starfrækslu lagnarinnar, og var það gert með lögbannsgerð, er fram fór 12. ágúst 1958. Höfðaði hann síðan mál til staðfestingar lögbanninu með stefnu 18. s. m. Skömmu síðar höfðaði svo stefnandi mál þetta.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að viðurkenndur verði eignarréttur hans að svokölluðu Efra-Hreppsengi og að stefndu verði dæmdir til að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Stefndu gera þær kröfur, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður eftir mati réttarins.

Málflutningsmaður stefndu, er við þingfestingu málsins féllst á, að það yrði rekið sem áreiðar- og vettvangsmál, hefur undir rekstri málsins hreyft því, að það bæri að reka sem landamerkjamál, og þar sem svo hefði eigi verið gert, bæri að vísa því frá ex officio.

Rétturinn lítur svo á, að það, sem um er deilt í þessu máli, sé það, hvort landspildan Efra-Hreppsengi sé slægjuítak eða eignarland. Fyrir réttinum hefur ekkert komið fram, er bendir til þess, að ágreiningur sé um ummerki þessa landssvæðis. Virðist af því leiða, af með mál þetta eigi að fara eftir 3ja kafla laga um landamerki nr. 41/1919, og er þá eigi ástæða til að vísa því frá.

Þá hefur málflutningsmaður stefndu hreyft því, að stefnanda brysti fullkomna eignarheimild fyrir jörðinni Innri-Skeljabrekku. Telur hann, að er faðir stefnanda, Gísli Jónsson, fékk afsal fyrir jörðinni 22. júní 1937 frá Jóni Hannessyni fyrir hönd Guðrúnar Jónsdóttur í Bæ, hafi hún eigi verið eigandi jarðarinnar, heldur sonur hennar, Andrés Björnsson frá Bæ.

Undir rekstri málsins hefur málflutningsmaður stefnanda lagt fram yfirlýsingu Andrésar Björnssonar um það, að móðir hans hafi haft fullt og ótakmarkað umboð hans til að afsala jörðinni

til Gísla Jónssonar. Einnig er alkunnugt, að Jón Hannesson, bóndi í Deildartungu, var fjárhaldsmaður Guðrúnar Jónsdóttur frá Bæ. Verður því vefenging stefndu á eignarheimild stefnanda fyrir jörðinni Innri-Skeljabrekku eigi tekin til greina.

Rétturinn lítur svo á, að eigi séu framkomnar, hvorki af hálfu stefnanda né stefndu, neinar ótvíræðar sannanir, er sanni eða afsanni, að landspildan Efra-Hreppsengi sé slægjuítak í land jarðarinnar Innri-Skeljabrekku.

Hins vegar hafa málfærslumenn aðilja fært fram ýmis rök til stuðnings málstað sínum hvor um sig, og skulu þau rök og gagnrök nú rakin.

1. Stefnandi telur sig færa rök fyrir því, að Efra-Hreppsengi og aðrar þær landspildur, er liggja niður af engjum Innri-Skeljabrekku og niður að Andakílsá, séu allar innan landamerkja Innri-Skeljabrekku. Bendir hann á í því sambandi, að landamerkjabréfum Innri- og Ytri-Skeljabrekku beri saman um það, að lönd jarðanna liggi saman alla leið niður í Andakílsá, en af því leiði, að landspildur þær, er liggja ofan þessarar merkjalínu, geti eigi verið innan landamerkja Ytri-Skeljabrekku. Loks bendir hann á, að samkvæmt dómsskjali nr. 8 eigi jörðin Hálsar „2 engi í Skeljabrekkujörðu hinni eystri", og enn fremur eigi Varmalækjarkirkja „engi, er kallað er Breiðafit, er liggur í Skeljabrekkujörðu".

2. Stefnandi viðurkennir að vísu, að Efra-Hreppsengi hafi um langan tíma verið notað til slægna af stefndu. Hins vegar mótmælir hann því, að stefndu hafi nokkru sinni stundað þar veiðar að staðaldri. Þá fullyrðir hann, að engi þetta og önnur engjastykki á þessum slóðum hafi verið notuð til beitar frá Innri-Skeljabrekku um mjög langan tíma. Hefur hann leitt sem vitni að þessu feðgana Sigvalda Jónsson, bónda í Ausu, og syni hans, Jón og Benedikt, og enn fremur fyrri eigendur Innri-Skeljabrekku, þá Andrés Björnsson og Einar Þórðarson. Loks fullyrðir hann, að hann hafi stundað silungs- og laxveiði í lögn fyrir Efra-Hreppsengi árin 1954 eða 1955 og haft þá lögn lögleyfðan tíma. Hefur hann því til sönnunar lagt fram á dómsskjali nr. 29 vottorð ríkisskattanefndar, er sýnir, að hann hefur talið fram tekjur af silungs- og laxveiði öll árin 1945—1956.

3. Stefnandi bendir á það, að samkvæmt útdrætti úr Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, er hann hefur lagt fram á dómsskjali nr. 5, eigi jörðin Efri-Hreppur „engjatak á

flæðiengi því, sem liggur við Andakílsá fram undan Innri-Skeljabrekku og kallað er Efra-Hreppsengi". Telur hann, að orðið „engjatak" sé hér notað í sömu merkingu og orðið „engjaítak". Hefur hann lagt fram á dómsskjali nr. 31 álit prófessors Ólafs Lárussonar, þar sem hann lætur í ljósi þá skoðun, að orðið „engjatak" sé sömu merkingar og orðið „engjaítak".

4. Stefndu mótmæla því, að Efra-Hreppsengi sé innan landamerkja Innri-Skeljabrekku og benda á, að þess sé hvergi getið, að Suðurengjar séu í Innri-Skeljabrekkulandi, heldur framundan því.

5. Stefndu mótmæla því, að stefnandi hafi notað Efra-Hreppsengi til beitar, en viðurkenna, að búfénaður hans hafi rásað um landið.

Þá hafa þeir lagt fram á dómsskjölum 17, 18 og 19 útskriftir úr dómsmálabókum Mýra- og Borgarfjarðarsýslu frá árunum 1871—1876, er sýna, að þá hafa verið uppi þrætur út af ágangi búpenings á engjastykki á Suðurengjum. Árið 1871 þinglýsa Skorrdælingar og Andkílingar banni við að beita skepnum á Suðurengjar, og einnig eru þar sáttageröir út af slíkum ágangi.

6. Stefndu mótmæla því, að orðið „engjatak" sé sömu merkingar og „engjaítak". Jafnframt leggja þeir fram á dómsskjali 41 óundirskrifaðan útdrátt úr orðabók Háskólans, er á að sýna mismunandi merkingu orðsins „engjatak".

7. Stefndu telja, að með framlagningu afsala á dómsskjölum nr. 15 og 16 hafi þeir fært fullar sönnur á, að Efra-Hreppsengi sé fullkomin eign þeirra. Skírskota þeir til þess, að í afsölunum standi ekkert, er bendi til þess, að verið sé að selja slægjuítak, en eigi eignarland, og hafi afsölunum verið þinglýst án mótmæla.

8. Þá hafa stefndu lagt fram greinargerð um girðingar á Suðurengjum á dómsskjali nr. 35.

9. Loks hefur stefnandi lagt fram sem dómsskjal nr. 8 klausu úr kaupbréfi, dags. 16. apríl 1666, er Brynjólfur biskup Sveinsson selur jörðina Efra-Hrepp „með 8 hndr. engi í Andakíl, sem kallað er Efra-Hreppsengi, með nauðsynlegri ristu og stungu og allri þarflegri brúkun". Enn fremur hafa stefndu lagt fram sem dómsskjal nr. 40 kaupbréf til Brynjólfs Sveinssonar, dags. 30. júní 1664, er hann kaupir „alla jörðina Efra-Hrepp meðfylgjandi 8 hndr. engi á Andakíl, sem kallað er Efra-Hreppsengi, bæði engið sjálft og undirliggjandi land til ristu og stungu og allrar nauðsynlegrar brúkunar".

Rétturinn verður að líta svo á, að er athuguð er ljósmynd úr lofti, er lögð hefur verið fram sem dómsskjal nr. 4 í málinu, komi í ljós, að sterkar líkur séu fyrir því, að engjalönd þau, og þar á meðal Efra-Hreppsengi, er liggja frá engjalöndum Innri-Skeljabrekku niður að Andakílsá á nokkurs konar nesi, er áin myndar, hafi upphaflega verið innan landamerkja Innri-Skeljabrekku. Styður þessa ályktun upplýsingar um, að árið 1369 (öllu heldur 1399) hafi Stóri- og Litli-Hálsahringur verið í landi Eystri-Skeljabrekku (nú Innri-Skeljabrekku), og Breiðafit (nú Brekkufit) í landi Skeljabrekkujarðar. Loks bendir til þess sama, að samkvæmt landamerkjabréfum jarðanna Ytri- og Innri-Skeljabrekku er landamerkjum milli þeirra lýst svo, að þau liggi eftir stokk milli Konuengis og Brúarengis í Andakílsá, og væri þá, ef Grjóteyrarengi, Stóri-Hálsahringur og Efra-Hreppsengi eigi væru innan landamerkja Innri-Skeljabrekku, merkjum lýst lengra niður en land Innri-Skeljabrekku þá mundi ná.

Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, en útdráttur úr henni er lagður fram á dómsskjali nr. 5, hefur Efra-Hreppsengi á þeim tíma verið skilgreint sem engjatak, og verður rétturinn að líta svo á, að merking þess orðs sé hin sama og þar hefði staðið engjaítak.

Engið hefur um langan tíma verið notað þannig, að eigendur þess hafa nytjað það sjálfir til slægna eða leigt það öðrum. Hins vegar má telja sannað, að ábúandi Innri-Skeljabrekku hafi um langt árabil hagnýtt sér landið til beitar, einkum vor og haust, eða á þeim tíma, sem landeiganda er heimilt að notfæra sér beit á slægjuítaki. Fyrr á tímum, nánar tiltekið á tímabilinu frá 1871—1876, samanber dómsskjal nr. 17—19, virðist hafa verið nokkur ágangur á Suðurengjar, og hafa Skorrdælingar og Andkílingar þinglýst banni á beit þar. Verður þó eigi séð, af hverjum það bann er sett og gegn hverjum því er beint, né hvort þáverandi eigandi Innri-Skeljabrekku hafi verið aðili að banninu. 1874 og 1876 koma fyrir rétt klögumál út af ágangi búfjár á engjastykkin. En árið 1874 tekur þáverandi eigandi Innri-Skeljabrekku á sig kvöð um vörzlu engjastykkjanna. Loks ber að geta þess, að eigi verður séð, hvort ágangur þessi átti sér stað fyrir eða eftir fardaga hvort árið.

Samkvæmt dskj. nr. 35 hafa á ýmsum tímum verið settar girðingar um og milli engjastykkjanna, en sjaldnast staðið lengi, enda örðugt að halda þeim við vegna sjávarágangs. Virðast girðingar þessar hafa verið vírgirðingar, en eigi er upplýst, hve margra

strengja þær hafa verið. Má jafna girðingum þessum við löggarð samkvæmt 22. kap. landsleigubálkar Jónsbókar, og var þá slægjuítakshafa heimilt að setja þær upp, ef hann hafði hlið á girðingunni, er opið væri frá því fjórum vikum fyrir vetur og þar til sex vikur voru liðnar af sumri.

Þótt í dómsskjölum nr. 8 og 40 sé tilgreint, að Efra-Hreppsengi sé selt „með nauðsynlegri ristu og stungu og allri þarflegri brúkun“ og „bæði engið sjálft og undirliggjandi land til ristu og stungu og allrar nauðsynlegrar brúkunar“, verður eigi talið, að orðalag þetta útiloki, að engið þá hafi verið slægjuítak, því í fyrrgreindum orðum felst aðeins það, að tryggð séu þau réttindi, sem nauðsynlegt er að hafa til þess að geta haft full not af slægjuítakinu.

Krafa stefndu um, að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur þeirra á Efra-Hreppsengi vegna þess, að í afsölunum á dómsskjölum nr. 15 og 16 sé ekkert, er bendi til, að verið sé að selja slægjuítök, en eigi eignarland, verður eigi tekin til greina, þar sem seljendur gátu eigi afsalað kaupendum meiri rétti en þeir áttu.

Samkvæmt framansögðu verður rétturinn að líta svo á, að svonefnt Efra-Hreppsengi sé slægjuítak, eign Kristjáns Guðmundssonar, Eiríks Sigurðssonar, dánarbús Vilmundar Jónssonar og Þorsteins Jónssonar, en landið undir því sé innan landamerkja jarðarinnar Innri-Skeljabrekku og því eign eiganda hennar, Jóns Gíslasonar, bónda þar.

Ber því að taka dómkröfur stefnanda til greina og viðurkenna rétt hans að landi því, er Efra-Hreppsengi er á, en jafnframt ber að viðurkenna slægjuítak stefndu í landið.

Kostnaður við dóminn ákveðst þannig:

1. Ferðakostnaður og dvalarkostnaður dómenda kr. 500.00
2. Kaup meðdómenda (6 dagar hvor) ..... — 1200.00

Samtals kr. 1700.00

og virðist eftir atvikum rétt að dæma málsaðilja til að greiða þann kostnað að hálfu hvorn. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dómsorð:

Viðurkenndur er eignarréttur stefnanda, Jóns Gíslasonar, bónda á Innri-Skeljabrekku, að landi því, er Efra-Hreppsengi er á. Jafnframt er viðurkennt, að stefndu, Kristján Guð-

mundsson, afgreiðslumaður í Borgarnesi, Eiríkur Sigurðsson, bóndi í Mófellsstaðakoti, dánarbú Vilmundar Jónssonar, Mófellsstöðum, og Þorsteinn Jónsson, bóndi í Efri-Hrepp, eiga slægjuítak í land þetta.

Kostnaður við dóminn, samtals kr. 1700.00 — eitt þúsund og sjö hundruð — krónur, greiða málsaðiljar að hálfu hvor, stefndu sinn hluta in solidum.

Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 14 daga frá birtingu að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 11. nóvember 1960.

Nr. 118/1960. **Arnbjörn Óskarsson og Sigfús Bjarnason**
gegn
Guðlaugi Einarssyni
og
Hulda Ásgeirsdóttir
gegn
Guðlaugi Einarssyni og Axel Eyjólfssyni
og
Axel Eyjólfsson
gegn
Huldu Ásgeirsdóttur, Arnbirni Óskarssyni og Sigfúsi Bjarnasyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og Ármann Snævarr prófessor.

Málflutningsfrestur.

Úrskurður Hæstaréttar.

Er mál þetta skyldi flutt munnlega fyrir Hæstarétti í dag, óskaði stefndi, Guðlaugur Einarsson héraðsdómslögmaður, fyrir sína hönd og gagnáfrýjanda, Axels Eyjólfssonar, eftir fresti til vitnaleiðslu og aðiljayfirheyrslu. Af

hálfu gagnaðiljanna Huldu Ásgeirsdóttur, Arnbjarnar Óskarssonar og Sigfúsar Bjarnasonar er frestbeiðninni mótmælt.

Engin haldbær rök hafa verið færð fyrir frestbeiðninni, og verður hún því ekki tekin til greina.

Ályktarorð:

Umbeðinn frestur verður ekki veittur.

Mánudaginn 14. nóvember 1960.

Nr. 118/1960. **Arnbjörn Óskarsson og Sigfús Bjarnason**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Guðlaugi Einarssyni (sjálfur)
og
Hulda Ásgeirsdóttir
(Gústaf A. Sveinsson hrl.)
gegn
Guðlaugi Einarssyni og Axel Eyjólfssyni
(Guðlaugur Einarsson hdl.)
og
Axel Eyjólfsson
gegn
Huldu Ásgeirsdóttur, Arnbirni Óskarssyni og Sigfúsi Bjarnasyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og Ármann Snævarr prófessor.

Uppboðsgerðum áfrýjað.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur Arnbjörn Óskarsson og Sigfús Bjarnason hafa skotið til Hæstaréttar með stefnu 29. júní 1960, að

fengnu áfrýjunarleyfi sama dag, uppboðsgerðum uppboðsréttar Reykjavíkur frá 18. og 25. maí 1960. Krefjast þeir þess, að dómsathafnir þessar verði staðfestar og að stefnda, Guðlaugi Einarssyni, og gagnáfrýjanda, Axel Eyjólfssyni, verði in solidum gert að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi Hulda Ásgeirsdóttir hefur skotið greindum uppboðsgerðum til Hæstaréttar með stefnu 7. júlí 1960, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. júní sama ár. Krefst hún þess, að dómsathafnirnar verði staðfestar og að stefndi, Guðlaugur Einarsson, og gagnáfrýjandi, Axel Eyjólfsson, verði in solidum dæmdir til að greiða henni málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi, Axel Eyjólfsson, hefur áfrýjað hinum sömu uppboðsgerðum með stefnu 31. október 1960, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. sama mán. Krefst hann þess, að uppboðsgerðirnar verði dæmdar ógildar og að aðaláfrýjendunum, Arnbirni, Sigfúsi og Huldu, verði in solidum dæmt að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi.

Vegna hjónaskilnaðar málsaðiljanna Axels og Huldu hefur skiptaréttur Reykjavíkur bú þeirra til skiptameðferðar. Gætir stefndi, Guðlaugur Einarsson héraðsdómslögmaður, hagsmuna eiginmannsins, en Gústaf A. Sveinsson hæstaréttarlögmaður hagsmuna eiginkonunnar. Meðal eigna búsins var fasteignin nr. 7 við Skipholt í Reykjavík. Á skiptafundi 16. marz 1960 krafðist stefndi, Guðlaugur Einarsson, þess, að nefnd fasteign verði auglýst og seld á opinberu uppboði. Tók skiptarétturinn kröfuna til greina, og fór opinbert uppboð fram hinn 18. maí 1960. Voru ákvæði uppboðsskilmála um greiðslu uppboðsandvirðis í samræmi við samkomulag, sem orðið hafði með nefndum umboðsmönnum hjónanna í skiptarétti hinn 10. maí 1960.

Á uppboðsþingið komu gagnáfrýjandi, Axel, og stefndi, Guðlaugur. Af hálfu aðaláfrýjanda Huldu kom á uppboðsþingið Gústaf A. Sveinsson. Lagði hann þar fram umboðsskjal frá aðaláfrýjendunum Arnbirni og Sigfúsi, þar sem lögmanninum var veitt fullt og ótakmarkað umboð til að

gera boð í fasteignina fyrir þeirra hönd. Var umboðs þessa getið í þingbók og þingmerkt nr. 4. Á uppboðsþinginu var bókað:

„Uppboðið fór þannig fram:

Kr. 1.000.000.00 Guðlaugur Einarsson.

— 2.000.000.00 Gústaf A. Sveinsson.

Fleiri boð komu ekki í fasteignina."

Uppboðshaldari samþykkti síðan á uppboðsþingi 25. maí 1960 boð Gústafs A. Sveinssonar fyrir hönd aðaláfrýjenda Arnbjarnar og Sigfúsar, enda fullnægðu þeir ákvæðum uppboðsskilmála.

Til stuðnings kröfu gagnáfrýjanda, Axels, um ógildingu uppboðsgerðanna hefur það eitt, sem málsástæða getur talizt, komið fram af hans hendi, að hvorki hafi hann né umboðsmaður hans, Guðlaugur, séð á uppboðsþinginu 18. maí 1960 fyrrgreint umboð frá aðaláfrýjendunum Arnbirni og Sigfúsi til handa Gústaf A. Sveinssyni. Hafi þeir því litið svo á, að Gústaf hafi boðið í eignina fyrir sjálfs sín hönd. Málsástæða þessi er haldlaus þegar af þeirri ástæðu, að umboðsskjalið lá þingmerkt frammi á uppboðsþinginu og var getið í þingbók, sem þeir gagnáfrýjandi, Axel, og stefndi, Guðlaugur, undirrituðu. Áfrýjun af hálfu gagnáfrýjanda var því algerlega ófyrirsynju. Ber samkvæmt þessu að staðfesta hinar áfrýjuðu uppboðsgerðir eftir kröfu aðaláfrýjenda.

Stefndi, Guðlaugur, hafði upphaflega áfrýjað í sjálfs sín nafni oftnefndum uppboðsgerðum með stefnu 21. júní 1960. Stefndi hann m. a. aðaláfrýjendunum Arnbirni og Sigfúsi til að þola ógildingu uppboðsgerðanna og til greiðslu málskostnaðar og aðaláfrýjandanum Huldu til réttargæzlu. Í því máli gekk útivistardómur í Hæstarétti 31. október 1960. Stefna þessi gaf aðaláfrýjendunum ástæðu til áfrýjunar af sinni hálfu til staðfestingar, og var þeirri áfrýjun réttilega beint að stefnda, Guðlaugi. Samkvæmt þessu og úrslitum málsins að öðru leyti ber að dæma stefnda, Guðlaug, og gagnáfrýjanda, Axel, til að greiða in solidum málskostnað fyrir Hæstarétti, annars vegar aðaláfrýjendunum Arn-

birni og Sigfúsi, kr. 15.000.00, og hins vegar aðaláfrýjandanum Huldu, sömu fjárhæð.

Dómsorð:

Hinar áfrýjuðu uppboðsgerðir staðfestast.

Stefndi, Guðlaugur Einarsson, og gagnáfrýjandi, Axel Eyjólfsson, greiði in solidum málskostnað fyrir Hæstarétti, aðaláfrýjendunum Arnbirni Óskarssyni og Sigfúsi Bjarnasyni, kr. 15.000.00, og aðaláfrýjandanum Huldu Ásgeirsdóttur, kr. 15.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Uppboðsgerð uppboðsréttar Reykjavíkur 18. maí 1960.

Ár 1960, miðvikudaginn 18. maí, var uppboðsréttur Reykjavíkur settur í Skipholti 7 og haldinn af borgarfógeta Kristjáni Kristjánssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Að selja við opinbert uppboð húseignina nr. 7 við Skipholt, þingl. eigandi Axel Eyjólfsson, eftir ákvörðun skiptaréttar Reykjavíkur.

Uppboð þetta, sem haldið er vegna skipta á félagsbúi hjónanna Axels Eyjólfssonar og Huldu Ásgeirsdóttur, hefur verið auglýst í öllum dagblöðum bæjarins auk þess sem það hefur verið auglýst í Lögbirtingablaðinu með fullum 6 vikna fresti...

Af hálfu Huldu Ásgeirsdóttur er mættur Gústaf A. Sveinsson hrl. og leggur fram umboð, þingm. nr. 4, svohljóðandi...

Umboð þetta er gefið af Arnbirni Óskarssyni kpm. og Sigfúsi Bjarnasyni stórkaupmanni til þess meðal annars að mæta á uppboði þessu og bjóða í eignina fyrir þá.

Þá er einnig til staðar í réttinum Axel Eyjólfsson og með honum Guðlaugur Einarsson hdl....

Lesnir uppboðsskilmálar.

Uppboðið fór þannig fram:

Kr. 1.000.000.00 Guðlaugur Einarsson.

Kr. 2.000.000.00 Gústaf A. Sveinsson.

Fleiri boð komu ekki í eignina. Uppboðshaldari tók sér 14 daga frest til að taka ákvarðanir um boðin ....

Uppboðsgerð uppboðsréttar Reykjavíkur 25. maí 1960.

Ár 1960, miðvikudaginn 25. maí, var uppboðsréttur Reykjavíkur settur í Tjarnargötu 4 og haldinn af borgarfógeta Kristjáni Kristjánssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Að taka til athugunar boð þau, er komu í húseignina nr. 7 við Skipholt, hér í bænum, eign Huldu og Axels Eyjólfssonar, á uppboði, sem fram fór 18. þ. m.

Hæstbjóðandi í eignina var Gústaf A. Sveinsson hrl. f. h. Sigfúsar Bjarnasonar stórkaupmanns og Arnbjörns Óskarssonar kaupmanns, og bauð hann kr. 2.000.000.00. Í réttinum er nú mættur Sigfús Bjarnason og með honum Gústaf A. Sveinsson hrl.

Mættur Sigfús greiðir nú í réttinum áfallinn kostnað við uppboðið svo og ¼ uppboðsverðs, auk þess sem kaupendur taka að sér að greiða eftirstöðvar af 1. veðréttarláni, kr. 20.000.00, miðað við 1. júní 1960. Er boð kaupenda hér með samþykkt, og njóta þeir arðs eignarinnar frá þessum tíma, enda greiði þeir almenna bankavexti af eftirstöðvum kaupverðsins, þar til það er að fullu greitt...

Mánudaginn 14. nóvember 1960.

Nr. 38/1958. **Ákæruvaldið** (Einar B. Guðmundsson hrl.)
gegn
William George Hardie
(Ágúst Fjeldsted hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ákæra um fiskveiðibrot.

Dómur Hæstaréttar.

Ákæra í máli þessu er reist á staðarákvörðunum, sem yfirmenn varðskipsins Þórs framkvæmdu með ratsjá hinn 15. desember 1957, eins og í héraðsdómi greinir. Lagði héraðsdómur miðanir og mælingar varðskipsmanna til grundvallar án athugunar á nákvæmni þeirra. Er greindar staðarákvarðanir voru framkvæmdar, var varðskipið búið tveimur ratsjám af Kelvin Hughes og Decca gerð, en eigi er í ljós leitt, hvora ratsjána varðskipsmenn notuðu.

Í sambandi við áfrýjun opinberra mála, sem risið höfðu af kærum varðskipsins Þórs um fiskveiðibrot togara, voru hinn 16. október 1957 dómkvaddir í sakadómi Reykjavíkur þeir Sigurður Þorkelsson, yfirverkfræðingur í radíódeild Landssíma Íslands, Sigurður Halldórsson rafmagnsverkfræðingur, Ingólfur Þórðarson, siglingafræðikennari við Stýrimannaskólann í Reykjavík, og Jónas Sigurðsson, siglingafræðikennari við sama skóla, til þess að sannreyna á sem ýtarlegastan og tryggilegastan hátt nákvæmni ratsjártækja nefnds varðskips. Matsmenn framkvæmdu athuganir sínar hinn 8. desember 1957. Voru hinar sömu ratsjár, er hér koma við sögu, þá í varðskipinu. Rannsókn matsmanna leiddi í ljós ónákvæmni beggja ratsjánna. Á 10 sm kvarða reyndist mesta fjarlægðarskekkja Kelvin Hughes ratsjárinnar + 3% og mesta miðunarskekkja + 0.7°. Á sama kvarða reyndist mesta fjarlægðarskekkja Decca ratsjárinnar + 2%, en miðunarnákvæmni ratsjárinnar á þeim kvarða virðist ekki hafa verið prófuð.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa tveir sérfróðir menn, þeir Friðrik V. Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík, og Páll Ragnarsson siglingafræðingur markað á sjóuppdrátt nr. 73 staðarákvarðanir varðskipsins Þórs í máli þessu. Í fyrsta lagi hafa þeir markað staði togarans án þess að gera ráð fyrir skekkjum í miðunum og fjarlægðum, er fundnar voru með ratsjá varðskipsins. Í öðru lagi hafa þeir markað staði togarans á sjóuppdráttinn og reiknað með greindum hámarksskekkjum, sem fundust á Kelvin Hughes ratsjánni hinn 8. desember 1957.

Niðurstöður hinna sérfróðu manna voru þessar:

I. Samkvæmt mælingum og miðunum varðskipsmanna hinn 15. desember 1957 án leiðréttinga reyndist

a, staður togarans kl. 1514, um 0.6 sm innan fiskveiðimarka,

b, staður togarans kl. 1516, um 0.4 sm innan fiskveiðimarka,

c, staður togarans kl. 1523, um 0.2 sm innan fiskveiðimarka,

d, staður togarans kl. 1535, um 0.05 sm innan fiskveiðimarka og

E, staður dufls þess, sem varðskipið setti út við togarann kl. 1551, um 0.65 sm utan fiskveiðimarka.

II. Samkvæmt sömu mælingum og miðunum varðskipsmanna með áður greindum leiðréttingum reyndist

a 1, staður togarans kl. 1514, um eða rétt innan við fiskveiðimörk,

b 1, staður togarans kl. 1516, um 0.2 sm utan fiskveiðimarka,

c 1, staður togarans kl. 1523, um 0.4 sm utan fiskiveiðimarka,

d 1, staður togarans kl. 1535, um 0.5 sm utan fiskveiðimarka og

E 1, staður dufls varðskipsins, um 1.0 sm utan fiskiveiðimarka.

Í refsimáli þessu verður við það miðað, að ónákvæmni ratsjár þeirrar, sem notuð var við staðarákvarðanir varðskipsins, hafi eigi verið minni ákærða í hag en Kelvin Hughes ratsjárinnar samkvæmt rannsókn matsmanna hinn 8. desember 1957.

Engin gögn eru fram komin um stað togarans, er hann hóf veiðiaðgerðir, né um siglingu hans frá þeim tíma, þar til staðarákvarðanir varðskipsins hófust kl. 1514.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er ósannað, að ákærði hafi brotið gegn lagaboðum þeim, sem í ákæruskjali greinir. Ber því að sýkna hann af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður af sökinni í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 8000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, William George Hardie, á að vera sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti

greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars B. Guðmundssonar og Ágústs Fjeldsteds, kr. 8000.00 til hvors.

Dómur sakadóms Seyðisfjarðar 16. desember 1957.

Árið 1957, mánudaginn 16. desember, kl. 20.45, var í sakadómi Seyðisfjarðar, sem haldinn var af Erlendi Björnssyni bæjarfógeta ásamt meðdómendunum Friðbirni Hólm og Guðlaugi Jónssyni, kveðinn upp dómur í málinu: Ákæruvaldið gegn William George Hardie, sem dómtekið var í dag.

Mál þetta er með ákæruskjali, dags. í dag, höfðað gegn William George Hardie, skipstjóra á brezka togaranum Churchill, GY 585, til refsingar samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. 1. gr. laga nr. 81/1952, 3. gr. laga nr. 5/1920 og 1. gr. laga nr. 5/1951, fyrir brot gegn 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum togara út af Glettinganesi innan markalínunnar samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 81/1952, og til upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, að eigin sögn fæddur 19. september 1917. Hann hefur ekki áður sætt ákæru eða refsingu, svo að kunnugt sé.

Í gær var varðskipið Þór statt út af Loðmundarfirði á norðurleið um kl. 1514, er togari sást grunsamlega nálægt landi.

Samtímis var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Borgarnes, fjarlægð 3.8 sjóm.

Álftavíkurkinn, fjarlægð 1.1 sjóm.

Réttvísandi miðun á togarann var 037°, fjarlægð 7.4 sjóm. Gefa mælingar þessar togarann um 0.6 sjóm. innan fiskveiðitakmarka.

Kl. 1516 var gerð önnur staðarákvörðun:

Borgarnes, fjarlægð 3.8 sjóm.

Álftanes, fjarlægð 0.9 sjóm.

Réttvísandi miðun á togarann var 039°, fjarlægð 6.8 sjóm. Gefa mælingar þessar togarann um 0.4 sjóm. innan fiskveiðitakmarka.

Kl. 1523 var gerð þriðja staðarákvörðun:

Stóranes, fjarlægð 4.0 sjóm.

Álftanes, fjarlægð 2.2 sjóm.

Réttvísandi miðun á togarann var 039°, fjarlægð 5.1 sjóm. Gefa mælingar stað togarans um 0.2 sjóm. innan fiskveiðitakmarka.

Kl. 1535 var gerð fjórða staðarákvörðun:

Stóranes, fjarlægð 3.7 sjóm.

Álftanes, fjarlægð 4.9 sjóm.

Réttvísandi miðun á togarann var 034°, fjarlægð 2,5 sjóm. Gefa mælingarnar stað togarans um 0.1 sjóm. innan fiskveiðitakmarka.

Kl. 1542 var skotið lausu skoti að togaranum og aftur kl. 1542, 1543, og 1544. Um sama leyti og síðasta skotinu var skotið, nam togarinn staðar. Reyndist það vera Churchill, GY 585, og var með stjórnborðsvörpu í sjó.

Kl. 1551 var sett út dufl rétt utan við togarann og gerð svofelld staðarákvörðun:

Glettinganes, fjarlægð 5.25 sjóm.

Álftanes, fjarlægð 8.05 sjóm.

Samtímis var réttvísandi miðun af Glettinganesi 291°, fjarlægð yfir mitt nesið 5.35 sjóm. Dýpi 62 metrar.

Ákærði telur, að mælingar varðskipsins muni vera réttar. En ekki kveður hann það hafa verið ætlun sína að toga innan fiskveiðitakmarka.

Samkvæmt framangreindum mælingum og játningu ákærða sjálfs hefur hann í umrætt skipti verið að botnvörpuveiðum innan fiskveiðitakmarka og þar með gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, og varðar það hann refsingu samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. 1. gr. laga nr. 81/1952, 3. gr. laga nr. 5/1920 og 1. gr. laga nr. 5/1951.

Þar sem skip ákærða, togarinn Churchill, GY 585, er samkvæmt mælibréfi 612.75 rúmlestir brúttó, þykir refsing ákærða með hliðsjón af núverandi gullgengi íslenzkrar krónu hæfilega ákveðin kr. 74.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli innanborðs í togaranum Churchill, GY 585, svo og veiðarfæri hans öll, að meðtöldum dragstrengjum, skal vera upptækt til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, William George Hardie, greiði kr. 74.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli innanborðs í togaranum Churchill, GY 585, svo og veiðarfæri hans öll, að meðtöldum dragstrengjum, skal upptækt vera til handa sama sjóði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. nóvember 1960.

Nr. 122/1960. **Ákæruvaldið** (Sigurður Baldursson hdl.)
gegn
Guðjóni Atla Árnasyni
(Haukur Jónsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Nauðgunartilraun.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að refsivist ákærða ákveðst tvö ár og sex mánuðir.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 7000.00 til hvors.

Lögreglumenn gættu ekki nægjanlega ákvæða 35. gr. laga nr. 27/1951 við upphaf rannsóknar í málinu. Sérstaklega er aðfinnsluvert, að ekki skyldi þegar að kvöldi þess 6. apríl 1959 framkvæmd ýtarleg læknisskoðun á stúlkunni X né nákvæm athugun á vettvangi.

Dómsorð:

Ákærði, Guðjón Atli Árnason, sæti fangelsi tvö ár og sex mánuði.

Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, héraðsdómslögmannanna Sigurðar Baldurssonar og Hauks Jónssonar, kr. 7000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. marz 1960.

Ár 1960, laugardaginn 19. marz, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Þórði Björnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1514/1960: Ákæruvaldið gegn Guðjóni Atla Árnasyni, sem tekið var til dóms 23. f. m.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 27. október f. á., er opinbert mál höfðað gegn Guðjóni Atla Árnasyni trésmið, til heimilis á Suðurlandsbraut 7, hér í bæ, en þá refsifanga að Litla-Hrauni í Árnessýslu, fyrir að hafa að kvöldi mánudagsins 6. apríl s.l. í Kringlumýri hér í bænum ráðizt á stúlkuna X, fædda 22. apríl 1943, og gert tilraun til að hafa samfarir við hana nauðuga með því að skella henni á jörðina, rífa föt hennar, grípa um kverkar hennar og reyna með valdi að koma getnaðarlim sínum inn í kynfæri hennar.

Telst brot ákærða varða við 1. mgr. 194. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, svo og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 18. júní 1927 í Reykjavík og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1939 1/11 Uppvís að þjófnaði á reiðhjóli og hlutdeild í hnupli.
1940 15/1 Uppvís að hlutdeild í innbroti og þjófnaði á lukt.
1941 21/7 Uppvís að reiðhjólsþjófnaði.
— 30/10 Uppvís að þjófnaði á kanínum.
— 23/11 Uppvís að svikum og vanskilum.
— 3/12 Uppvís að svikum og vanskilum.
— 6/12 Uppvís að reiðhjólsþjófnaði.
1943 3/4 Uppvís að þjófnaði á 250 kr. (hlutdeild).

1943 Í janúar: tók þátt í þjófnaði á ritvél (hlutdeild). Í marz: stal 3 flöskum með áfengi.
— 4/4 Framdi innbrot á Skól. 8.
— 10/4 Sveikst um að greiða ökugjald og stakk af úr bíl.
— 20/4 Stal karlmannshatti og bílkeðjum.
— 24/4 Stal varadekki af bíl.
— — Stal tveimur hjólum af bíl (hlutdeild).
— 29/4 Stal tveimur luktum úr bíl.
— 4/5 Stal bifreið, R 2477 (hlutdeild).
— 31/5 Tekinn ölvaður á götu.
— 4/6 Tekinn ölvaður á götu.
— 7/6 Uppvís að þjófnaði á bifreið, 1000 krónum, og innbroti og þjófnaði á peningum.
Á þessu ári auk framanritaðs, uppvís að þjófnaði á armbandsúri (hlutdeild) og varadekki af bíl. Óvíst hvenær framdir.

1941 28/11 Var barnaverndarnefnd beðin að ráðstafa drengnum til langdvalar í sveit, og 3/4 1943 var hún beðin um eftirlit með drengnum vegna útivistar, flækings og óreiðu.

1943 í maí Kærður fyrir þjófnað o. fl. Dómsmálaráðherra ákvað með bréfi, dags. 18/4 1944, að saksókn skyldi falla niður, en kærði skuli háður eftirliti sakadómara í 1 ár frá 18/4 1944 til 18/4 1945, og málið skuli tekið upp á ný, ef kærði gerist sekur um nýtt brot á eftirlitstímanum eða óhlýðnast settum fyrirmælum eftirlitsmanns.

1944 28/4 Rvík. Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
— 3/7 Rvík. Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun og slagsmál.
— 21/7 Rvík. Dómur aukaréttar: 4 mán. fangelsi, skilorðsbundið í 5 ár, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir þjófnað, svik og áfengis- og bifreiðalagabrot.
— 4/9 Rvík. Dómur aukaréttar: 60 daga fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. gr. og 247. gr. hegningarlaganna.
— 6/9 Rvík. Sátt: 500 kr. sekt fyrir brot gegn 6. gr. áfengislaganna.

1946 17/1 Rvík: Dómur aukaréttar, 3ja mán. fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna.

1946 15/11 Rvík. Sátt: 150 kr. sekt fyrir brot gegn 45. og 28. gr. lögreglusamþykktar Rvíkur, sbr. 10. og 20. gr. bifreiðalaganna.

1947 3/2 Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

— 9/4 Rvík. Dómur aukaréttar: 6 mán. fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. og 248. gr. hegnl. og lögreglusamþ. Kjósarsýslu.

1948 27/11 Rvík. Dómur aukaréttar: 2 ára fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 155. gr., 244. gr., 247. gr., 1. mgr. og 248. gr. hegningarl., bifreiðal., umferðal., áfengisl. og lögreglusamþ. Reykjavíkur, og sviptur ævilangt leyfi til að öðlast bifr.-stjóraréttindi.

1950 17/5 Rvík. Dómur: Sýknaður af ákæru fyrir brot á 22. kafla hegningarl.

— 2/9 Rvík. Dómur: 4 ára fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot gegn hegnl., bifreiðal., áfengisl. og umferðal.

1955 31/12 Rvík. Dómur: Fangelsi í 2 ár, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot á 244. gr. hegningarl.

1956 9/11 Rvík. Dómur: 30 daga fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi og ökuleyfi ævilangt, fyrir brot á 244. gr. hegningarl., áfengisl. og bifreiðal.

— 25/9 Rvík. Dómur: 2000 kr. sekt, fyrir brot á 1. mgr. 4. gr. byggingarsamþykktar Rvíkur.

1958 12/1 Rvík. Kærður fyrir meint svik. Fellt niður.

1959 18/2 Rvík. Kærður fyrir meint svik. Fellt niður.

Samkvæmt framburði ákærða og vitna, sem leidd hafa verið í málinu, eru málavextir þessir:

Milli kl. 18 og 18.30, mánudaginn 6. apríl f. á., kom ákærði, Guðjón Atli Árnason, heim til Júlíönu Guðbjartsdóttur, húsfrúar, til heimilis í E-götu 38 í Kringlumýri, hér í bæ, en hún hafði áður verið ráðskona hjá honum að Þorlákssstöðum í Kjós. Ákærði var undir áhrifum áfengis og hafði meðferðis tæplega hálfa flösku af brennivíni. Drukku þau ákærði og Júlíana saman áfengi þetta. Hann átti enn fremur geymdar hjá henni tvær flöskur af brennivíni, og var önnur þeirra tekin upp. Kveður Júlíana, að ákærði hafi neytt einn af þeirri flösku, en hann kveður, að þau hafi bæði gert það.

Milli kl. 20.30 og 21 kom telpan X, til heimilis í G-götu 42 í Kringlumýri, hér í bæ, fædd 22. apríl 1943, einnig í heim-

sókn til Júlíönu. Ákærði kveður, að brennivínsflaskan hafi þá ekki verið hálfnuð. Kveðst hann hafa opnað dyrnar innan frá fyrir telpunni, en hún kveður, að hann hafi komið inn í húsið rétt á eftir henni. Júlíana kveður, að ákærði hafi farið eitthvað burt og komið svo aftur, rétt eftir að telpan var komin inn úr dyrunum, en því hefur hann neitað. Telpan hafði séð ákærða áður hjá Júlíönu og kannaðist því aðeins við hann. Þau spjölluðu svo þrjú saman í eldhúsinu. Ákærði og Júlíana drukku af hinni áteknu brennivínsflösku, en tæmdu hana ekki. Telpan drakk kaffi.

Telpan kveðst hafa farið í burtu frá Júlíönu nokkru eftir kl. 22 og máske um 22.20, og hafi ákærði þá verið farinn stuttu áður. Hafi hann sagzt ætla að hitta Magnús á G-götu 70 og spurt hana að því, hvort skúr hans væri í yztu götunni, og hafi hún sagt það vera. Hún hafi svo rekizt á ákærða á mótum E-götu og nafnlausrar götu, sem liggur þvert á þá götu. Hafi þau orðið samferða suður þvergötuna, og hafi það verið á leið hennar heim á G-götu 42, sem er við enda greindrar þvergötu.

Ákærði heldur hins vegar, að klukkan hafi verið um 23.40, þegar hann fór frá Júlíönu. Kveðst hann hafa ætlað að heimsækja nefndan Magnús, sem hann hafi þekkt, þó að hann hefði aldrei komið til hans áður, en fara síðan aftur til Júlíönu og halda áfram að drekka áfengi með henni. Hann hafi, áður en hann fór á brott, spurt telpuna að því, hvort skúr Magnúsar væri í yztu götunni, og hafi hún sagt það vera og sagzt vera í þann veginn að fara sömu leið. Hafi hann þá spurt hana að því, hvort þau gætu ekki orðið samferða, og hafi hún talið það vera sjálfsagt. Hafi hann farið aðeins á undan henni út úr húsinu, en síðan hafi þau gengið saman út á áðurgreinda þvergötu og suður hana.

Telpan hefur hins vegar neitað því að hafa sagt við ákærða, að hún væri í þann veginn að fara sömu leið og hann og að hann hafi þá spurt hana að því, hvort þau gætu ekki orðið samferða og hún talið það sjálfsagt. Þá kveður hún og rangt, að þau hafi gengið saman út á þvergötuna eða að þau hafi mælt sér mót fyrir utan hús Júlíönu.

Júlíana Guðbjartsdóttir hefur borið það, að ákærði hafi farið frá henni milli kl. 22.20 og 22.25, og hafi hún gengið út frá, að hann væri að fara heim til sín. Ákærði hafi fyrr um kvöldið talað um, að hann þyrfti að vera kominn heim til sín kl. 22.30

vegna manns, sem hann ætti von á í sambandi við viðgerð á bifreið, en ákærði kveðst ekki muna eftir því, að hann hefði orð á þessu. Júlíana kveður, að litlu síðar, eða um 7—8 mínútum eftir að ákærði fór frá henni, hafi telpan farið í burtu og sagzt ætla að fara heim til sín. Hún kveðst ekki hafa heyrt hana eða ákærða tala um, að þau skyldu verða samferða, og telur hún, að hún hefði hlotið að heyra slíkt tal, ef svo hefði verið.

Magnús Kristjánsson sjómaður, G-götu 70 í Kringlumýri, kveðst hafa fyrir fáeinum árum verið að afplána ölvunarsektir í fangahúsinu hér í bæ, og hafi ákærði þá verið þar samtímis. Hafi þeir síðan heilsazt á götu, en enginn kunningsskapur verið á milli þeirra og hafi ákærði aldrei komið heim til hans á G-götu 7, þar sem hann hafi búið í um 2 ár.

Telpuna X og ákærða greinir mjög á um, hvað gerðist svo. Þykir gleggst að rekja framburð hvors þeirra sérstaklega.

Framburður telpunnar er þessi:

Þegar þau höfðu gengið samhliða nokkurn spöl suður þvergötuna, komu þau að jarðhúsum á vinstri hönd. Við eitt þeirra greip ákærði allt í einu að fyrra bragði í hana og hóf hana hálfvegis á loft. Féll hún á bakið í ísilagðan poll milli jarðhússins og götunnar, og brotnaði ísinn, en vatn var undir honum, svo að telpan blotnaði á bakinu. Síðan lagðist hann ofan á hana og reyndi að þröngva henni til samfara. Hann tók um háls hennar, svo að henni lá við köfnun, og kvaðst hann mundu kæfa hana, ef hún léti ekki að vilja hans eða ef hún veinaði. Hann reif sportbuxur, sem hún var í, niður um hana, og rifnaði vinstri skálmin næstum alveg niður, og talan í buxnahaldinu slitnaði af. Síðan fór hann með höndina á milli fóta hennar, greip í klofbót nærbuxna hennar og reif þær. Þá fóru bomsur og skór af fótum hennar. Ákærði opnaði síðan buxnaklauf sína og tók út getnaðarlim sinn og reyndi að koma honum inn í kynfæri hennar, en tókst það ekki, og snerti limurinn þau aðeins að utanverðu. Þá káfaði hann utan á kynfærum hennar með annarri hendi sinni, en fór hvorki með fingur inn í þau né meiddi hana þar. Hún veitti eins mikla mótstöðu og henni var unnt og hún ein olli því, að ákærða tókst ekki að hafa samfarir við hana. Þá reyndi hún að hrópa á hjálp, en sökum þess, hve ákærði hélt fast um háls hennar, kom aðeins korrhljóð frá henni.

Í þessu sáust ljós bifreiðar fyrir norðan Miklubraut, og var henni ekið suður hina nafnlausu þvergötu og síðan beygt aust-

ur í E-götu og hún stöðvuð við hús Júlíönu. Þegar ákærði sá bifreiðarljósin, sagði hann: „Það er bíll að koma“ og stóð á fætur. Dró hann hana síðan á hnjánum eftir frosinni jörðinni suður fyrir jarðhúsið, út í ísilagðan poll eða flag, svo að ísinn brotnaði og varð hún blaut og óhrein á hnjám og fótum. Hann dró hana áfram á hnjánum á bak við, þ. e. austur fyrir, jarðhúsið. Þar reyndi hann á nýjan leik að þröngva henni til samfara með sama hætti og áður. Hann lagðist ofan á hana, tók svo fast um háls hennar, að henni lá við köfnun, káfaði með annarri hendinni utan á kynfærum hennar og reyndi að koma getnaðarlim sínum inn í þau, en hún beitti öllum kröftum sínum til að koma í veg fyrir það, og tókst honum ekki heldur í þetta skipti að koma fram vilja sínum og gat aðeins snert kynfæri hennar að utanverðu með limnum. Hann klæddi hana alveg úr sportbuxunum og fleygði þeim frá sér. Þá reif hann nærbuxur hennar enn frekara, en gat þó ekki tekið þær niður um hana, og einnig reif hann kuldaúlpu, sem hún var í, lítið eitt.

Hún sá, þegar ákærði lá ofan á henni á bak við jarðhúsið, hvar hundur kom norður þvergötuna og staðnæmdist þar út undan jarðhúsinu. Var þetta hundur stjúpa hennar, B verkamanns, G-götu 42 í Kringlumýri. Ákærði kvaðst mundu drepa hundinn, ef hún reyndi að kalla á hann. Það reyndi hún eigi að síður, í því skyni að siga honum á ákærða, en gat ekki komið upp hljóði, sökum þess hve ákærði tók fast um háls hennar. Síðan sneri hundurinn við í norðurátt áleiðis heim til hennar.

Ákærði virtist þreytast vegna mótspyrnu hennar. Að lokum sagðist hann mundu sleppa henni, ef hann fengi að hafa samfarir við hana síðar og hún lofaði því að segja engum frá því, hvað gerzt hefði. Tilneydd lofaði hún honum þessu, og sleppti hann henni þá. Hún bað hann um að finna sportbuxur hennar, bomsur og vettlinga, og fann hann fatnað þenna og afhenti henni. Jafnframt sagði hann við hana, að hún skyldi segja frá því heima, að buxur hennar hefðu rifnað svona, er hún hefði hlaupið á gaddavír, og bætti hann við, að hann myndi kæfa hana, ef hún segði það ekki. Fór hún síðan rakleitt heim til sín, en ákærði tók á rás í átt til Miklubrautar.

Telpan heldur, að viðureign hennar og ákærða hafi staðið í um 40 mínútur.

Framburður ákærða er hins vegar þessi:

Þegar þau voru komin rétt suður fyrir jarðhús, sem þarna er næst þvergötunni að austanverðu, fór telpan að stríða honum

með því, hversu ófríður hann væri. Hann vildi einnig stríða henni, staðnæmdist og kyssti hana á hægri kinnina. Sló hún hann þá utan undir og þreif í hár hans. Hann greip í sportbuxur hennar, þeim megin sem lásinn var, og reyndi hún að slíta sig lausa. Rifnuðu buxurnar þá alveg óviljandi af hálfu hans, en þær fóru þó ekki niður um hana. Hún datt um leið á hnén á eystri brún götunnar, en stóð strax á fætur og reyndi að slá ákærða í andlitið. Reiddist hann þá og tók um háls hennar með greipum annarrar eða beggja handa, en hann man ekki sérstaklega, hvort það var kverkatak. Hann hrinti henni síðan frá sér, og hrökklaðist hún út fyrir veginn að austanverðu og lá við, að hún dytti. Hún sagði nú við hann í vælutón, að hún ætlaði að leita að steini eða einhverjum hlut til að henda í hann, en ekkert varð úr því. Eftir þetta urðu engar frekari sviptingar milli þeirra, og féll allt í ljúfa löð með þeim. Hún bað hann um að finna aðra bomsu hennar, sem hún hafði misst, er hún hrökklaðist út af veginum, svo og vettlinga hennar. Fann hann hvorttveggja við vegkantinn, þar sem átökin höfðu átt sér stað, og afhenti henni. Hún spurði hann síðan að því, hvort hún ætti að fara svona rifin heim til sín eða til Júlíönu, og sagði hann henni þá að fara heim. Skildu svo leiðir þeirra, og fór ákærði til Júlíönu, en telpan áleiðis heim til sín.

Rétt um það bil, þegar átök ákærða og telpunnar byrjuðu, sá hann ljós bifreiðar, sem ekið var í suðurátt í þó nokkurri fjarlægð fyrir norðan þau, og gengur hann út frá því, að það hafi verið fyrir norðan Miklubraut, en hann veitti bifreiðinni enga frekari athygli og getur ekki sagt um, hvort hún nam staðar fyrir utan hús Júlíönu Guðbjartsdóttur. Engin orðaskipti fóru fram milli hans og telpunnar út af bifreið þessari.

Ákærði hefur ekki vefengt, að vinstri skálmin á sportbuxum telpunnar hafi rifnað næstum alveg niður og að tala á buxnastreng þeirra hafi rifnað af í átökum þeirra. Hins vegar neitar hann því að hafa tekið í nærbuxur hennar, og kveðst hann ekki heldur hafa vitað, hvort hún var í slíkum buxum, en telur, að ef þær hafi rifnað, hljóti það að hafa gerzt um leið og sportbuxurnar rifnuðu. Þá kveðst hann ekki heldur hafa orðið var við, að úlpa eða nokkur annar fatnaður hennar rifnaði.

Ákærði kveður, að hvorki hann né telpan hafi farið að jarðhúsinu. Hann man ekki heldur til þess, að hún færi út í poll við veginn, og man hann ekki sérstaklega eftir polli fyrir sunnan nefnt hús. Kveður hann, að átök þeirra hafi verið á þriggja

metra svæði á eystri brún áðurgreindrar þvergötu, og hefur hann bent á svæði þetta, sem er 11½—14½ metra fyrir sunnan jarðhúsið.

Ákærði kveðst ekki hafa orðið var við hund eða hundgá í greindum átökum eða fyrir eða eftir þau og sé það einber hugarburður hjá telpunni, að hann hafi sagzt mundu drepa nokkurn hund, ef hún reyndi að kalla í hann.

Ákærði kveður, að telpan hafi ekki hrópað á hjálp, en það hafi hún getað, hefði hún viljað. Hann gizkar á, að átök þeirra hafi ekki staðið lengur en í 5—8 mínútur.

Ákærði kveðst ekki hafa vitað, hve telpan var gömul, en haldið samkvæmt útliti hennar og því, sem hann rámar í, að einhvern tíma hafi verið sagt af einhverjum, að hún væri um 16 ára.

Þráspurður hefur ákærði neitað því, að tilgangur hans hafi verið sá að hafa samfarir við telpuna og að hann hafi reynt að þröngva henni til samfara. Þá hefur hann neitað því *að* hafa fleygt henni á jörðina eða dregið hana eftir jörðinni, *að* hafa hótað því að kæfa hana, ef hún leyfði honum ekki að hafa samfarir við hana eða ef hún hrópaði á hjálp eða segði öðrum frá því, hvað gerzt hefði, *að* hafa tekið út getnaðarlim sinn eða opnað buxnaklauf sína eða *að* hafa farið höndum um kynfæri hennar eða læri eða farið með höndina milli fóta hennar. Enn fremur hefur hann neitað því *að* hafa sagt við hana, að hann skyldi leyfa henni að fara burtu, ef hann fengi að hafa samfarir við hana síðar, og minntist hann aldrei á samfarir við hana, eða *að* hafa sagt henni að segja, að buxur hennar hefðu rifnað, er hún hefði hlaupið á gaddavír, og að ella myndi hann kæfa hana.

Telpan X kveður, að það sé rangt hjá ákærða, *að* hún hafi farið að stríða honum með því, hversu ófríður hann væri, eða með öðru móti, *að* hann hafi kysst hana og hún þá slegið hann utan undir og þrifið í hár hans, *að* hún hafi sagt við hann, að hún ætlaði að leita að steini eða einhverjum hlut til að henda í hann, eða *að* hún hafi spurt hann að því, hvort hún ætti að fara heim til sín eða til Júlíönu og hann þá sagt, að hún ætti að fara heim.

Frekara samræmi hefur ekki fengizt milli framburða ákærða og telpunnar, þrátt fyrir samprófun þeirra.

B (stjúpi X) hefur borið það, að þetta kvöld hafi hann verið að gegningum í Selási og haldið þaðan áleiðis heim um kl. 22.15

með strætisvagni, og farið úr honum við Shell-stöðina við Suðurlandsbraut. Hann hafi gengið þaðan suður Kringlumýrarveg og austur F-götu í Kringlumýri og síðan suður hina nafnlausu þvergötu. Hann kveðst ekki hafa heyrt hróp, mannamál eða annan slíkan hávaða eða orðið mannaferða var í Kringlumýri. Hann kveðst eiga hund, sem kallaður er Andi, og komi hundurinn venjulega hlaupandi á móti honum, þegar hann kemur heim í Kringlumýri að aflokinni vinnu á kvöldin. Þetta kvöld hafi hundurinn hins vegar ekki komið strax á móti honum, þegar hann nálgaðist heimili sitt. Þess í stað hafi hann heyrt hund gelta mikið einhvers staðar nálægt, en svo hafi hundurinn komið úr norðurátt til hans á mótum nafnlausu þvergötunnar og F-götu og fylgt honum heim. Hafi klukkan þá verið 22.45—22.50, en R, kona hans, sem þá var heima, heldur, að hann hafi komið um kl. 22.40.

B var kominn heim, þegar telpan X kom þangað. Kveðst R, móðir hennar, hafa athugað tímann, þegar hún kom, og hafi klukkan þá verið 22.50, en B kveður, að telpan hafi komið rétt á eftir honum, en hve mörgum mínútum síðar, getur hann ekki sagt um. Þeim hjónum ber saman um, að hún hafi verið blóðug á hnjám og hálsi og föt hennar rifin, eins og síðar verður að vikið, og hefur R enn fremur tekið fram, að skór hennar og bomsur hafi verið fullar af vatni. Skýrði telpan frá því, að maður að nafni Atli hefði þá rétt áður ráðizt á hana og reynt að þröngva henni til samfara. Tilkynnti R þá atburðinn strax á lögreglustöðina úr síma á heimilinu og færði telpuna úr hinum rifnu fötum, þvoði henni og hjúkraði.

Klukkan var 23, þegar R hringdi á lögreglustöðina. Lögreglumennirnir Þorsteinn Jóhannes Jónsson, Bogahlíð 7, Guðmundur Sigurgeirsson, Barmahlíð 46, báðir hér í bæ, og Pétur Ragnar Antonsson, Tjarnarbraut 27, Hafnarfirði, fóru á staðinn í bifreið, og óku þeir telpunni X á slysavarðstofuna. Þeir komu í leiðinni við hjá Júlíönu Guðbjartsdóttur í E-götu 38 og handtóku ákærða þar. Kveðst hann hafa þá litlu áður verið þangað kominn.

Júlíana Guðbjartsdóttir hefur borið það, að rétt eftir að ákærði og telpan voru farin í burtu frá henni, hafi maður komið til hennar og gefið henni eldivið og ekið síðan á brott. Kveðst hún ekki vita deili á manni þessum, og er ekki vitað, hver það hefur verið. Nokkru seinna, og nánar tiltekið kl. 23.05, hafi ákærði knúið á dyr hjá henni. Hafi hún innt hann eftir því,

hvers vegna hann væri kominn aftur, og hann þá sagzt hafa skroppið upp í skúr Magnúsar í G-götu 70. Hafi ákærði beðið um kaffi og fengið það, en það var til reiðu. Hún kveður, að hann hafi skolfið af kulda, en annars hafi hún ekkert séð óeðlilegt við hann, hvorki í útliti né fatnaði, en hún hafi ekki veitt honum neina sérstaka athygli, enda enga ástæðu haft til þess. Hann hafi ekki minnzt á telpuna X eða að eitthvað sérstakt hefði komið fyrir. Hann hafi síðan farið inn á salerni, og á meðan hafi lögreglumennirnir komið á vettvang og spurt um hann, og hann þá komið fram og þeir handtekið hann.

Ákærði hefur neitað því, að Júlíana Guðbjartsdóttir hafi spurt hann að því, hvers vegna hann væri kominn aftur, og að hann hafi þá svarað, að hann hefði skroppið upp í skúr Magnúsar.

Telpan X, R, móðir hennar, og Pétur Ragnar Antonsson lögreglumaður fóru úr bifreiðinni hjá slysavarðstofunni, og voru meiðsli telpunnar athuguð þar, en síðan var þeim mæðgum ekið heim til sín. Hinir lögreglumennirnir tveir héldu áfram með ákærða niður á lögreglustöð og höfðu hann á milli sín, en Guðmundur Sigurgeirsson ók bifreiðinni. Ákærði var færður í varðhald lögreglustöðvarinnar, og næsta dag byrjaði hann að afplána gamlan refsidóm í fangahúsinu við Skólavörðustíg.

Þorsteinn Jóhannes Jónsson lögreglumaður hefur borið það, að hann hafi ekki séð áfengi á ákærða og ekki heldur tekið eftir neinu sérstöku í útliti hans eða klæðnaði, svo sem áverka á honum eða merki þess, að hann hefði lent í sviptingum, eða sérstökum óhreinindum á fötum hans. Hins vegar hafi föt hans verið heldur tuskuleg og hann verið yfirleitt óhreinlegur, en hvort þau óhreinindi voru ný eða gömul, hafi ekki verið hægt að sjá. Ákærði hafi talað mikið á leiðinni, og hafi það mest verið um akstur bifreiðarinnar og umferðina. Þá hafi hann á leiðinni frá slysavarðstofunni niður á lögreglustöð sagt, að hann renndi grun í tilefni handtöku hans, þegar hann sá þær mæðgur í bifreiðinni, og sagt orðrétt: „Þær láta svona þessar stelpur, þegar maður er að reyna við þær.“ Jafnframt hafi hann látið orð falla um, að það væri hreint happdrætti eða lotterí, hvort hefði það, karlmaðurinn eða kvenmaðurinn, þegar reynt væri við þær, eða önnur lík orð. Kveðst Þorsteinn Jóhannes hafa þá haft orð á því, hvort honum hefði ekki fundizt kalt að vera með atlot við kvenmann undir beru lofti í þessu veðri. Ákærði hafi ekkert gefið út á það.

Guðmundur Sigurgeirsson lögreglumaður hefur borið það, að hann hafi ekki merkt áfengisáhrif á ákærða eða áfengislykt af honum. Annars hafi hann ekki athugað ákærða sérstaklega, og geti hann ekki sagt um, hvort föt hans voru rifin eða hvort hann var blóðugur eða skrámaður. Hafi honum virzt sem ákærða kæmi handtakan ekki á óvart, er hann sá telpuna og móður hennar í aftursæti bifreiðarinnar, en telpan hafi verið æst og óróleg. Þá kveður Guðmundur, að á leiðinni frá slysavarðstofunni til lögreglustöðvarinnar hafi hann eða Þorsteinn Jóhannes eða þeir báðir spurt ákærða að því, hvort hann hefði verið að eiga eitthvað við telpuna eða reynt eitthvað til við hana. Hafi ákærði neitað því og sagt á þá leið, að maður væri aldrei viss um, hvernig stúlkur tækju því, þegar maður reyndi við þær, annaðhvort hefði karlmaðurinn það eða kvenmaðurinn, og hafi ákærði gefið í skyn, að hún hefði haft betur. Annarhvor þeirra lögreglumannanna hafi látið orð falla um, að veðrið væri ekki sérstaklega heppilegt, og hafi ákærði þá sagt, að veðrið skipti ekki máli.

Pétur Ragnar Antonsson lögreglumaður kveður, að ákærði hafi sjáanlega verið búinn að neyta áfengis og hafi hann ekki orðið var við, að föt hans væru rifin eða óhrein eða að hann væri blóðugur eða skrámaður, en annars kveðst hann ekkert hafa athugað ákærða sérstaklega.

Jakob Björnsson, Hólmgarði 48, hér í bæ, sem var varðstjóri á lögreglustöðinni, þegar komið var með ákærða þangað, kveðst hafa séð hann þá tilsýndar, og hafi hann ekki getað séð áfengi á honum.

Ákærði hefur borið, að hann hafi látið orð falla um það, eftir að hann hafði séð þær mæðgur í bifreiðinni, að hann renndi grun í, hvers vegna verið væri að handtaka hann. Þá kveðst hann minnast þess, að lögreglumaðurinn, sem sat við hægri hlið hans og ók ekki bifreiðinni, sagði við hann: „Varstu að kjá við telpuna?“ eða önnur lík orð, en því hafi hann engu svarað. Hins vegar hafi hann sagt: „Þær láta svona þessar stelpur, þegar þær eru að reyna að koma manni inn í hagnaðarskyni.“ Frekari orðaskipti milli hans og lögreglumannanna út af atburði þeim, sem hann var handtekinn fyrir, hafi ekki farið fram.

Njörður Snæhólm rannsóknarlögreglumaður, Þingholtsbraut 11 B, Kópavogi, fór daginn eftir margnefndan atburð á vettvang í Kringlumýri, að tilvísan telpunnar X. Hefur hann lýst staðnum að efni til þannig:

Var þetta við jarðhús, sem er um einn metra austan við götu, sem liggur suður frá Miklubraut og endar við heimili telpunnar. Jarðhúsið er uppbyggt, á aðra mannhæð á hæð, og gert úr grasivöxnu torfi að utan. Milli húss þessa og götunnar var ísilagður pollur, en ísinn var brotinn nema við endana. Pollurinn var ílangur, á að gizka metri á lengd frá norðri til suðurs og meira sunnan megin en norðan megin svæðisins milli hússins og götunnar. Tæplega hálfan metra í nokkurn veginn beinni línu undan suðvesturhorni hússins var lítil svört tala, og um hálfan metra fyrir sunnan dyr á suðurhlið þess var önnur stærri tala, af sömu stærð og eru notaðar á kuldaúlpum. Fyrir austan húsið var grassverðinum sparkað upp, og þar var talsvert af brotnum njólastönglum. Brot þeirra virtust vera ný, borið saman við brot á öðrum stönglum, sem þarna voru, og vitnið (þ. e. Njörður) braut. Annað var ekki að sjá þarna nema smá hnökri af fataló við suðausturhorn jarðhússins, svipaðri því, sem safnast í brotum á buxum og í vösum.

Þá athugaði Njörður Snæhólm úlpu og tvennar buxur, sem telja verður sannað með framburðum telpunnar X og R, móður hennar, svo og öðru því, sem fram hefur komið í málinu, að telpan var í umrætt mánudagskvöld. Er lýsing hans á fatnaðinum þannig:

„Aðrar buxurnar voru síðar sportbuxur með þröngum skálmum og rennilás vinstra megin. Saumurinn var rifinn frá lásnum og hér um bil niður úr, og ein tala var rifin af buxnahaldinu. 12 cm saumspretta var á bakhlutanum. Þá voru blóðblettir í buxunum, og litu hné þeirra út eins og kvenmaður sá, sem í þeim hefði verið, hefði verið dreginn á þeim. Hinar buxurnar voru nærbuxur, og voru skálmar þeirra rifnar og rifið niður úr skrefinu. Þá var grænn graslitur og mold á bakhluta þeirra." Þá kveður Njörður, að úlpan hafi verið rifin við hornið á hettunni og rifið út úr hnappagati.

Er þessi lýsing á fatnaðinum efnislega í samræmi við ástand hans, þegar dómurinn tók hann í vörzlur sínar við upphaf rannsóknar málsins.

R kveður, að fatnaðurinn hafi verið þannig á sig kominn, þegar telpan X kom í honum heim til sín umrætt kvöld, og telpan kveður, að þannig hafi fatnaður hennar farið við árás ákærða á hana rétt áður um kvöldið.

Þeim mæðgum ber báðum saman um það, að minni talan, sem Njörður Snæhólm fann á vettvangi, hafi verið í buxnastreng

sportbuxnanna eða sé nákvæmlega eins og talan, sem þar var.

Þá hefur Stefanía Jónína Guðmundsdóttir, frú, til heimilis að Seljabrekku við Seljalandsveg, hér í bæ, borið, að hún hafi saumað greindar sportbuxur síðla árs 1957. Hafi hún fest svarta buxnatölu af venjulegri stærð í streng buxnanna, og hafi talan verið af sömu stærð og áþekk minni tölunni, sem fyrr greinir.

Einar Osvald Lövdahl cand. med., Samtúni 12, hér í bæ, athugaði telpuna X á slysavarðstofunni. Kveður hann, að hún hafi komið þangað kl. 23.30, og hefur hann lýst meiðslum hennar þannig:

„Stúlkan virðist talsvert skelfd og miður sín, en að öðru leyti eðlileg í framgöngu. Aðalkvartanir stúlkunnar eru eymsli í hálsvöðvum, en hún kveður árásarmanninn hafa tekið með báðum höndum utan um háls sér, svo og eymsli í báðum hnjám. Skoðun leiðir í ljós: allmikið marin og viðkvæm beggja megin á hálsi, grunnar afrifur á báðum hnjám.“ Læknirinn kveðst ekki hafa athugað læri telpunnar.

Bjarni Bjarnason læknir, Mávahlíð 30, hér í bæ, athugaði telpuna næsta dag, og hefur hann lýst meiðslum hennar þannig:

„Ofan og aftan til við bæði eyru hefur hún mjög viðkvæma, upphleypta bólgubletti, og vinstra megin á enni uppi í hársrótum eru sömu einkenni. Enn fremur hefur hún marbletti og bólgu utan á hálsi báðum megin, þó aðallega til vinstri, en þar nær hún alla leið frá öxl og upp undir eyra. Á þessu svæði eru húðrispur, eins og eftir neglur. Aftan á báðum axlarliðum eru marblettir og bólga. Ofarlega á h. læri innanvert er þumalgómsstór marblettur, og í sömu hæð utanvert á læri eru 2 rispur, allbreiðar, sem gætu verið eftir neglur.

Yfir báðum hnéskeljum og neðan við þær er þétt bólga, húðin bláleit og marin með smá rispum á hægra hné, en ofan við vinstri hnéskel er dálítið fleiður.

Sjúkl. kvartar um eymsli og verki í handleggjum og fótum, og gangurinn er stirður og haltrandi, enn fremur á hún mjög erfitt með að snúa til höfðinu vegna sársauka í hálsinum.“

Samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands, dags. 22. apríl f. á., var veður í Reykjavík kl. 21 og kl. 24 6. apríl f. á. þannig:

Kl.	Vindátt og veðurhæð	Mest veðurhæð sein. 3 klst.	Veður	Skyggni	Hiti
21	NNE 5	6	Snjóél	20—21 km	— 6.7
24	N 7	7	Léttskýjað	40—45 —	— 6.9

Að undangengnum úrskurði sakadóms, uppkveðnum 11. maí f. á., rannsakaði Þórður Möller, geðveikralæknir að Kleppi, geðheilbrigði og sakhæfi ákærða, og er niðurstaða læknisins, sbr. skýrslu hans, dags. 28. september f. á., á þessa leið:

„Niðurstaðan af þessari rannsókn verður svipuð og fyrr, að hér er ekki um að ræða geðveikan mann, geðveilan né heldur fávita, heldur treggefinn mann, sem hefur verið vandræðamaður frá bernsku og óreglumaður frá unga aldri, og hefur nú ofan á langan lista margs konar afbrota komið sjálfum sér í þau vandræði að vera grunaður um nauðgunartilraun, framda undir áfengisáhrifum.

Ekki er ástæða til þess að efast neitt um sakhæfi mannsins, ef út í það er farið."

Ákærði hefur hvorki kvænzt né eignazt börn. Hann kveðst (24. apríl 1959) hafa á annað ár verið heitbundinn konu, 37 ára að aldri.

Telpan X kveðst (10. apríl 1959) ekki hafa haft samfarir við karlmann.

Kemur nú til álita, hvort ákærði hefur gerzt sekur um atferli það, sem í ákæruskjali greinir.

Ákærði og telpan X eru ein til frásagnar um sakaratriði, og er verulegt ósamræmi milli framburða þeirra um þau.

Á hinn bóginn hafa komið fram ýmis atriði í rannsókn málsins, sem þýðingu hafa við mat á sök eða sakleysi ákærða. Þessi atriði eru:

1) Ákærði fór í burtu frá Júlíönu Guðbjartsdóttur á undan telpunni X — litlu eða um 7—8 mínútum áður, að sögn Júlíönu, stuttu áður, að sögn telpunnar og aðeins á undan henni, að sögn ákærða sjálfs. Ekkert hefur komið fram til styrktar þeirri staðhæfingu hans, að telpan og hann hafi mælt sér mót fyrir utan hús Júlíönu. Framburðir telpunnar og Júlíönu þykja hins vegar vera því til styrktar, að ákærði hafi beðið eftir telpunni úti fyrir og meira að segja búið til þá sögu, að hann ætlaði að hitta Magnús Kristjánsson í G-götu 70 í því skyni að auðvelda það, að þau yrðu samferða áleiðis suður hina nafnlausu þvergötu, enda kveður Magnús, að ákærði hafi aldrei komið heim til hans og hafi enginn kunningsskapur verið á milli þeirra.

2) Ákærði hefur viðurkennt, að komið hafi til sviptinga milli hans og telpunnar. Verður að telja sannað, að í þeim hafi fatnaður hennar farið á þann veg, sem Njörður Snæhólm lögreglumaður hefur lýst hér að framan, og að það hafi verið af völdum

ákærða. Reif ákærði því m. a. vinstri skálm sportbuxna hennar næstum alveg niður úr og tölu úr streng buxnanna, svo og nærbuxur hennar niður úr skrefinu. Þá litu hné sportbuxnanna út, eins og að telpan hefði verið dregin á þeim, en grænn graslitur og mold var á bakhluta nærbuxnanna.

3) Samkvæmt athugun Njarðar Snæhólms daginn eftir á stað þeim, sem telpan kveður, að ákærði hafi ráðizt á hana og reynt að þröngva henni til samfara, var á milli jarðhússins og þvergötunnar pollur, sem ís var brotinn á nema við endana, og fyrir austan húsið var grassverðinum sparkað upp og talsvert af njólastönglum, sem virtust nýbrotnir. Þá var rétt út undan suðvesturhorni hússins tala, sem margt bendir til, að sé hin sama og slitnaði úr buxnastreng telpunnar. Hins vegar hefur ákærði haldið því fram, að átök þeirra hafi átt sér stað á eystri brún þvergötunnar, þó nokkru fyrir sunnan jarðhúsið, og hafi þau aldrei farið að því húsi.

4) Með framburðum B og R þykir sannað, að þegar telpan kom heim til sín eftir átök hennar og ákærða, var hún blóðug á hnjám og hálsi og skór hennar og bomsur fullar af vatni. Jafnframt voru meiðsli þau, sem telja verður sannað, að hún hafi hlotið í átökunum við ákærða, m. a. þessi: a) upphleyptir bólgublettir ofan og aftan við eyrun, b) marblettir og bólga utan á hálsi og aftan á axlarliðum, c) þumalgómstór marblettur ofarlega á innanverðu hægra læri og tvær allbreiðar rispur á utanverðu læri og d) þétt bólga yfir hnéskeljum og neðan við þær og dálítið fleiður ofan við vinstri hnéskel, svo og mar með smárispum á hægra hné.

5) Framburður B þykir veita sönnun fyrir þeirri staðhæfingu telpunnar, að hundurinn Andi kom á vettvang, meðan á sviptingum hennar og ákærða stóð. Hlaut ákærði að verða var geltandi hundsins, en ákærði hefur neitað því. Styrkir þetta framburð telpunnar um orðaskipti hennar og ákærða út af hundinum.

6) Að sögn Júlíönu Guðbjartsdóttur kvaðst ákærði, þegar hann kom aftur til hennar, hafa skroppið til Magnúsar í G-götu 70, en þangað fór hann aldrei. Reyndar hefur ákærði neitað að hafa sagt þetta, en Júlíana hefur haldið fast við sinn framburð.

7) Telpan heldur, að viðureign hennar og ákærða hafi varað í um 40 mínútur, en hann gizkar á, að þau hafi ekki staðið lengur en í um 5—8 mínútur. Telja verður sannað með framburðum telpunnar og Júlíönu Guðbjartsdóttur, að telpan fór frá

henni um kl. 22.20—22.25. Þá þykir sannað með framburðum R og B, að telpan kom heim til sín um kl. 22.50, en á lögreglustöðina var hringt um kl. 23. Verður því að telja framburð telpunnar um tímalengd viðureignarinnar mun nær sanni en framburð ákærða, sem að auki heldur, að hann hafi farið frá Júlíönu í fyrra skiptið um kl. 23.40.

8) Með framburði lögreglumannanna Þorsteins Jóhannesar Jónssonar og Guðmundar Sigurgeirssonar er sannað, að ákærði, þó að hann hafi ekki viljað við það kannast, sagði á leiðinni frá slysavarðstofunni til lögreglustöðvarinnar á þá leið: a) að þær létu svona þessar stelpur, þegar maður væri að reyna við þær, eða að maður væri aldrei viss um, hvernig þær tækju því, þegar maður reyndi við þær, svo og b) að það væri hreint happdrætti eða lotterí, hvort þeirra hefði það, karlmaðurinn eða kvenmaðurinn, þegar reynt væri við þær, eða að annað hvort hefði karlmaðurinn það eða kvenmaðurinn, eða önnur lík orð.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið greint í 1.—8. lið, svo og með tilvísun til málavaxta, eins og þeir hafa verið raktir hér að framan að öðru leyti, þykir ekki aðeins verða að hafna framburði ákærða um, hvað honum og telpunni fór á milli í umrætt skipti, heldur þykir framburður hennar vera studdur þeim rökum, að hann verður lagður til grundvallar í málinu. Er því lögfull sönnun fengin fyrir því, að ákærði reyndi að þröngva telpunni til samfara með ofbeldi, og hefur hann því gerzt brotlegur gegn 194. gr., 1. mgr., sbr. 20. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Þykir refsing ákærða með sérstöku tilliti til afbrotaferils hans hæfilega ákveðin fangelsi í 2 ár.

Samkvæmt 68. gr., 3. mgr., hegningarlaganna ber að svipta ákærða kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

R hefur fyrir hönd dóttur sinnar, telpunnar X, krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til þess að greiða henni kr. 600.00 fyrir fataskemmdir, kr. 100.00 fyrir læknisvottorð og kr. 11.300.00 vegna áverka og í miskabætur, eða samtals kr. 12.000.00.

Ákærði hefur neitað öllum þessum liðum og kveðst engar bætur greiða af fúsum vilja, en með því að dómurinn telur, að kröfuliðirnir séu studdir nægilegum rökum samkvæmt framansögðu, verður bótakrafan tekin til greina að öllu leyti.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með

talin málflutningslaun skipaðs sækjanda málsins, Loga Einarssonar héraðsdómslögmanns, og skipaðs verjanda ákærða, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3000 til hvors.

Dómsrannsókn máls þessa hófst 10. apríl f. á. Með bréfi dómara, dags. 22. maí f. á., til Þórðar Möllers læknis var þess beiðst, að læknirinn rannsakaði geðheilbrigði og sakhæfi ákærða, og er skýrsla læknisins dags. 28. september f. á., eins og fyrr segir. Með bréfi, dags. 21. október f. á., sendi dómari málið til fyrirsagnar dómsmálaráðuneytisins, og með bréfi ráðuneytisins, dags. 27. sama mánaðar, lagði það fyrir dómara að ljúka rannsókn málsins og kveða síðan upp í því dóm, sbr. ákæruskjal, dags. sama dag. Hinn 11. janúar s.l. var ákæruskjalið birt ákærða. Með bréfum, dags. 19. sama mánaðar, voru sækjandi og verjandi skipaðir í málinu og dagur til munnlegs flutnings þess ákveðinn 29. sama mánaðar. Flutningi málsins var þó frestað þann dag, og var það flutt og tekið til dóms 23. f. m. Dómsuppkvaðning hefur frestazt nokkuð vegna anna dómara við rannsókn svonefnds „frímerkjamáls".

Dómsorð:

Ákærði, Guðjón Atli Árnason, sæti fangelsi í 2 ár.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði R fyrir hönd X kr. 12.000.00.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda, Loga Einarssonar héraðsdómslögmanns, og skipaðs verjanda ákærða, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3000.00 til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 16. nóvember 1960.

Nr. 183/1960. **Kolbeinn Skúlason**
gegn
Þráni Sigurbjörnssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frestbeiðni.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 12. f. m., sem barst Hæstarétti 28. s. m., hefur sóknaraðili kært til dómsins úrskurð, upp kveðinn í bæjarþingi Reykjavíkur 5. október s.l.

Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að honum verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili hefur krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og að sér verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður sóknaraðilja dæmt að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, er ákveðst kr. 2000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Kolbeinn Skúlason, greiði varnaraðilja, Þráni Sigurbjörnssyni, kr. 2000.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 5. október 1960.

Mál þetta var tekið til úrskurðar hinn 13. september s.l. Með stefnu, útgefinni 2. september 1958, höfðaði Þráinn Sigurbjörnsson, Birkiteigi 22, Keflavík, mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur Kolbeini Skúlasyni, Barmahlíð 53, hér í bænum. Af hálfu stefnanda voru þær dómkröfur gerðar aðallega, að rift verði með dómi kaupsamningi, dags. 6. desember 1957, um kjallaraíbúð í

húsinu nr. 31 við Hagamel, að stefndi verði dæmdur til að endurgreiða stefnanda kr. 95.000.00, er stefnandi hefur greitt upp í andvirði íbúðarinnar, með 6% ársvöxtum frá 6. desember 1957. Af hálfu stefnanda voru þær dómkröfur gerðar til vara, að stefnanda verði dæmdur afsláttur af kaupverði íbúðarinnar, kr. 58.350.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 6. desember 1957 til greiðsludags, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 50.000.00 í skaðabætur vegna afnotamissis húsnæðisins og rýrnunar á því, ásamt 6% ársvöxtum frá 6. desember 1957 til greiðsludags.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og jafnframt málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans.

Með stefnu, útgefinni 25. júní 1958, höfðaði Kolbeinn Skúlason, Barmahlíð 53, hér í bænum, mál á hendur Þráni Sigurbjörnssyni og var það mál einnig þingfest fyrir bæjarþingi Reykjavíkur hinn 4. september 1958. Í máli þessu hefur stefnandi gert eftirfarandi dómkröfur: að stefnda verði gert að greiða stefnanda kr. 155.000.00 með 6% ársvöxtum frá 31. maí 1958 til greiðsludags, svo og að stefnda verði gert að gefa út til stefnanda skuldabréf, að fjárhæð kr. 50.000.00, er beri 7% ársvexti frá 31. maí 1958 að telja, og greiðist upp á fimm árum með jöfnum árlegum afborgunum, í fyrsta sinn 31. maí 1959. Bréf þetta sé tryggt með 2. veðrétti í kjallaraíbúð hússins nr. 31 við Hagamel, hér í bæ, en á undan bréfi þessu megi hvíla allt að kr. 70.000.00 á 1. veðrétti, hvort tveggja gegn því, að stefnandi afsali stefnda framangreindri íbúð veðbandalausri, eins og nánar greinir í ofangreindum kaupsamningi. Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómarans.

Stefnandi hefur áskilið sér rétt til bóta úr hendi stefnda vegna tjóns, er hann kann að bíða vegna vanefnda stefnda á nefndum kaupsamningi.

Í þessu máli var þess krafizt af hálfu stefnda, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum jafnframt tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Gagnasöfnun í báðum framangreindum málum lauk hinn 2. október 1958. Hinn 27. febrúar 1959 voru bæði málin tekin til munnlegs málflutnings. Samkvæmt samkomulagi umboðsmanna aðilja ákvað dómarinn að sameina málin í mál það, sem hér er til úrskurðar, málið nr 330/1958: Þráinn Sigurbjörnsson gegn Kolbeini Skúlasyni og gagnsök.

Málavextir eru þeir, að með kaupsamningi, dags. 6. desember

1957, lofaði stefndi að selja stefnanda þriggja herbergja íbúð í kjallara hússins nr. 31 við Hagamel, hér í bænum, ásamt öllu múr- og naglföstu og öllu því, sem eignarhlutanum fylgir og fylgja ber, svo og lóðarréttindum. Í kaupsamningi aðiljanna segir meðal annars svo:

„Íbúðin selst í núverandi ástandi, sem kaupandi hefur sumpart kynnt sér með skoðun, en sumpart fengið upplýsingar á annan hátt, og sætt sig við.

Kaupandi tekur við íbúðinni nú þegar og nýtur arðs hennar, en þar eð hún er sumpart í leigu, tekur kaupandi að sér að segja leigutaka upp, sem ekki hefur neinn skriflegan samning, á löglegan hátt.

Umsamið kaupverð íbúðarinnar er kr. 300.000.00 — þrjúhundruð þúsund krónur, og greiðist þannig:

1. Við undirskrift samnings þessa greiðist ..... kr. 20.000.00
2. Afhendir mér til fullra umráða Holtsþvottahús — 75.000.00
3. Greiðir ekki síðar en 31. maí 1958 eða svo fljótt, sem ég hef lokið sölu húseignar minnar í Keflavík ..... — 155.000.00
4. Að fengnu afsali gefur kaupandi út skuldabréf, tryggt með II. veðr. í íbúðinni, sem greiðist á næstu 5 árum, með 7% ársvöxtum, næst á eftir láni, sem tekið kynni að verða út á I. veðr. allt að kr. 70.000.00, að upphæð ..... — 50.000.00

Kr. 300.000.00

Íbúðin er seld með öllu veðbandalaus, enda verður það sannað að afsalsgjörð með veðbókarvottorði.

II. Ég, Þráinn Sigurbjörnsson, afhendi í samræmi við lið I. 2. mgr. í samningi þessum, hér að ofan, þvottahús mitt, sem er til húsa í Efstasundi 10, hér í bæ, Holtsþvottahús, til fullra afnota frá og með laugardeginum 7. þ. m.“.

Með bréfi, dags. 19. marz 1958, tilkynnti umboðsmaður stefnanda stefnda, að komið hefðu í ljós „stórkostlegir gallar á íbúðinni vegna vatnsrennslis aðallega, að því er virðist, er umbj. m. getur ekki á neinn hátt unað og gerir kröfu til, að kaupunum verði riftað og þau gangi til baka“. Taldi umboðsmaður stefnanda, að æskilegt væri, að samkomulag gæti orðið um þetta til þess að ekki kæmi til að höfða þyrfti mál til riftunar á kaupunum og þá jafnframt til greiðslu skaðabóta. Stefndi féllst ekki á riftun á kaup-

unum. Með bréfi, dags. 9. maí 1958, fór stefnandi þess á leit við borgardómarann í Reykjavík, að hann dómkveddi tvo hæfa menn til þess að skoða íbúðina og láta í ljós álit sitt um:

1. Hvort hægt sé að bæta úr göllum þeim, er fram hafa komið á íbúðinni, og gera við þá fullkomlega og koma íbúðinni í fyrsta flokks ástand.
2. Ef það er hægt, þá hvað gera þurfi og meta, hvað það mundi kosta að koma íbúðinni í fullkomið ástand.

Í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, Einars Sveinssonar múrarameistara og Óskars Smith pípulagningameistara, segir meðal annars svo:

„Húsið nr. 31 við Hagamel er steinsteypt, það er kjallari og þrjár hæðir. Í kjallaragólfi er tvöfalt steypulag með ca. 7 cm þykku einangrunarlagi af lausum, fínum vikri á milli laganna. Neðst er 12 cm þykkt venjulegt steypugólf, ofan á það kemur vikurlagið og í því eru hitaleiðslurörin, á það er steypt slitlag, sem er pússað og ståldregið.

Íbúðin er í suðvesturhlið hússins, en götumegin eru geymslur, þvottahús og hitaklefi. Í þeim gólfum er mikið af hitaleiðslurörum, og var búið að höggva ofan af þeim múrinn og hreinsa, þegar skoðun fór fram. Í þvottahúsi að norðanverðu er stopphani fyrir kaldavatnsleiðsluna í húsið.

Eins og getur í matsbeiðninni, hefur vatn komið inn í kjallaraíbúðina og eru allir dúkar ónýtir, einnig hefur vatn dregið í flesta veggi, allt að 30 cm upp frá gólfi, og er málning mikið skemmd neðst á veggjum og á gólflistum. Í eldhúsi er málning skemmd út frá niðurfallsröri af efri hæð, málning er einnig skemmd á útvegg í eldhússkáp.

Þegar slitlagið var höggvið ofan af rörunum, kom í ljós, að einangrunarlagið var rennblautt og hitaleiðslurörin mikið tærð.

Það upplýstist í samtali við Bjarna Jónsson vélstjóra, að hitaleiðslurör hafði bilað s.l. vetur í gólfi á geymslugangi gegn þvottahúsdyrunum. Þess vegna hafði múrinn verið höggvinn ofan af öllum hitaleiðslurörum í þeim göngum.

Þegar kaldavatnsleiðslan inn í kjallarann var rannsökuð, kom í ljós, að leki var með stopphananum í þvottahúsinu, og er sennilegt, að sá leki hafi valdið biluninni á hitaleiðslurörinu, sem er hinum megin við þvottahússvegginn. Fleiri rör í þeim gangi eru byrjuð að tærast, en hitaleiðslurörin í innri geymsluganginum, þar sem leiðslurnar fara inn í kjallaraíbúðina. Þau virðast vera

alveg óskemmd. Rörin í íbúðinni eru meira og minna skemmd og ekki nothæf.

Okkur virðist ekki hafa verið gætt nægilegrar vandvirkni við frágang á efra gólfsteypulaginu, því við fundum þar tvö rör, sem voru óeinangruð á parti og föst í steypunni.

Við tókum sýnishorn af vikureinangruninni í gólfi kjallaraíbúðarinnar og komum því til Atvinnudeildar Háskólans til rannsóknar, og látum við afrit af þeim niðurstöðum fylgja með matsgerðinni, og eru þær niðurstöður mjög óhagstæðar, hvað saltmagnið í vikureinangruninni snertir.

Rakinn í íbúðinni gæti að einhverju leyti stafað frá þessari bilun í fremra geymslugangi, þótt óskemmdu rörin í innri ganginum gefi ástæðu til að ætla, að vatnið hafi ekki legið eins lengi á þeim eins og í fremra gangi og íbúðinni, en það gætu líka verið veilur í gólfi eða útveggjum á íbúðinni sjálfri.

Þótt það sé algengt að leggja hitaleiðslur milli steypulaga í kjallaragólf, teljum við réttara að hafa þau í einangrunarlagi eða stokkum ofan á gólfi og/eða meðfram loftum. Mismunur á kostnaði er ekki mikill.

Til þess að gera fullkomlega við íbúðina, þarf að rífa efra steypulagið og einangrunina af, endurnýja allar hitaleiðslur, heitt vatn að öllum hreinlætistækjum og heitt vatn í þvottahús, sem nú eru í gólfinu og til öryggis leggja þær ofan gólfs, fá fulla vissu fyrir, að neðra steypugólf og útveggir séu örugglega vatnsþétt, setja gott einangrunarlag á gólfið og yfirsteypu. Gera þarf við raka í eldhúsveggjum, sem kemur ofan að. Gólflista og veggi neðan til þarf að bletta og mála svo allt eina umferð með plastmálningu. Eldhúsið þarf að spartla og lakkmála. Við gerum ráð fyrir að setja linoleumdúk af c þykkt á öll gólf, sem voru dúklögð, og að líma hann niður með góðu límí.

Við metum kostnað við að leggja nýja hitalögn, einangra hana, taka upp hreinlætistæki og ganga frá þeim aftur og annað í sambandi við hitalögnina á ..... kr. 18.700.00

Kostnað við að setja nýja einangrun og yfirsteypu á gólfið, ganga frá skápum og öðru tréverki, mála íbúðina og leggja nýja gólfdúka alls á ..... — 39.650.00

Samtals kr. 58.350.00“

Stefnandi reisir kröfur sínar í aðalsök í meginatriðum á því, að svo verulegir leyndir gallar hafi verið á hinni seldu íbúð, að

honum hljóti að vera heimilt að rifta kaupunum. Verði ekki á það fallizt, telur stefnandi, að stefnda beri að bæta honum tjón það, sem hann hefur orðið fyrir við kaupin, en það geti ekki numið lægri fjárhæð en matsfjárhæðinni samkvæmt matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna ásamt fébótum vegna afnotamissis húsnæðisins og verðrýrnunar þeirrar á íbúðinni, sem gallarnir hafa í för með sér. Er sérstaklega bent á það af hálfu stefnanda, að lagning hitaleiðsluröra í stokkum innan í herbergjum, meðfram loftum, spilli íbúðinni mjög og rýri verðmæti hennar.

Sýknukrafa stefnda í aðalsök er studd þeim rökum, að stefnandi hafi tekið við umráðum greindrar íbúðar sama dag og kaupsamningur hafi verið gerður, 6. desember 1957. Síðan hafi ekkert gerzt fyrr en hinn 19. marz 1958, er stefnandi hafi kvartað yfir stórkostlegum göllum á íbúðinni, aðallega vegna vatnsrennslis, og hafi viljað rifta kaupunum. Stefndi hafi lýst því yfir, að hann teldi enga galla vera á íbúðinni og hafi neitað tilmælum stefnanda um riftun. Hinn 9. maí 1958 hafi svo stefnandi óskað eftir því, að dómkvaddir yrðu menn til að segja til um, hvort hægt sé að bæta úr göllum þeim, sem hann telur vera á íbúðinni, og hvað það muni kosta, en á hinn bóginn hafi ekki verið beðið um mat á orsökum vatnsrennslis þess, sem stefnandi hafi kvartað yfir. Er því haldið fram af hálfu stefnda, að raki sá eða vatnsrennsli, sem stefnandi hafi kvartað yfir, stafi frá bilun á hitaleiðsluröri í stigagangi eigenda efri hæðar hússins, en á þessari bilun beri stefndi enga bótaábyrgð, þar sem hún hafi orðið í eignarhluta annarra húseigenda, löngu eftir að sala fór fram. Er því eindregið mótmælt af hálfu stefnda, að nokkrir þeir gallar séu á hinni seldu íbúð, er varði riftun eða skaðabótum af hans hálfu, enda geti matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna engra slíkra galla.

Í gagnsök reisir stefnandi kröfur sínar á því, að stefndi hafi reynzt ófáanlegur til að inna af hendi greiðslu þá, kr. 155.000.00, er fram skyldi fara í síðasta lagi hinn 31. maí 1958 samkvæmt 4. lið kaupsamnings þeirra aðiljanna. Stefndi hafi að vísu innt af hendi greiðslu samkvæmt 1. lið samningsins og einnig hafi hann afhent þvottahús það, sem um greinir í 2. lið. Stefnandi kveðst sjálfur frá öndverðu hafa verið reiðubúinn til þess að gefa stefnda afsal fyrir hinni seldu eign, þegar fullnægt hefði verið 1.—3. liðum greiðsluskilmálanna, en gegn afhendingu veðskuldabréfs þess, sem um getur í 4. lið.

Fari svo, að varakröfur stefnanda í aðalsök verði teknar til greina, er þess krafizt af hans hálfu, stefnda, að stefnukrafa gagn-

sakar verði lækkuð sem nemur matsfjárhæðinni, kr. 58.350.00, auk vaxta og mats- og málskostnaðar, enda verði þá og allar varakröfurnar teknar til greina. Um rökstuðning fyrir kröfum stefnda í gagnsök er af hans hálfu vísað til málsútlistunar aðalsakar.

Eftir að munnlegur málflutningur hafði farið fram hinn 27. febrúar, þótti dóminum rétt að gefa umboðsmönnum aðilja kost á að afla frekari gagna, þar á meðal framburða aðilja og vitna.

Hinn 27. maí 1959 kom fyrir dóm sem vitni Bjarni Jónsson, eigandi að 1. hæð umræddrar húseignar. Kveðst vitnið hafa séð um allar rörlagnir í húsinu ásamt Guðmundi Jónssyni undir eftirliti Guðmundar Ásgeirssonar. Kvað það alls staðar hafa verið sett ný rör og ónotuð. Rör til allra hreinlætistækja hafi verið galvaniseruð, en rör í hitakerfi ógalvaniseruð. Rörin í kjallara kvað vitnið hafa verið einangruð með filti og tjörupappa. Varðandi leka, sem komið hefði fram á gólfi í kjallaragangi, skýrði vitnið svo frá, að það hefði sjálft fyrst athugað leka þenna í byrjun aprílmánaðar 1958. Kvað það gólfið hafa verið opnað þarna, og hafi þá komið fram bleyta með rörum og komið hafi í ljós snöggt gat á einu röri. Vitnið kveður rör þetta hafa verið tekið úr sambandi og gat borað á plötu hússins í forstofugangi. Vitnið var nú fjarverandi í nokkra daga, en er það kom aftur, kveður það hafa komið í ljós, að vatn hafi haldið áfram að renna til gatsins, sem borað hefði verið á plötuna. Var nú brotið ofan af leiðslum í innri gangi og inn í miðstöð og kom þá í ljós, að þar var bleyta. Kveður vitnið þá hafa verið borað gat á plötu hússins í miðstöðvarherberginu. Um sumarið 1958 kveður vitnið hafa verið gert við miðstöðvar 3ja efri hæðanna og hafi þá meðal annars leiðslur þær fyrir efri hæðirnar, sem í kjallaranum voru, verið færðar upp undir loft. Vitnið kveður það hafa komið fram, rétt eftir að íbúar efri hæðanna voru búnir að gera við miðstöðvar sínar, að einhver, sem ekki þekkti til, hafi skrúfað frá krana í miðstöðvarherbergi, þannig að vatn úr miðstöðvum efri hæðanna flæddi inn í kjallaramiðstöð og olli því, að nokkuð mikið vatn flæddi inn í kjallarann. Hafi þá verið búið að brjóta ofan af öllum leiðslum í kjallaranum og hafi mátt sjá mikinn leka úr rörum kjallaramiðstöðvar. Vitnið kveðst aldrei hafa orðið vart við, að grunnvatn kæmi inn í kjallarann.

Er vitnaleiðslu þessari var lokið, var málinu enn frestað til öflunar frekari gagna, og hinn 1. júní 1959 komu aðiljar málsins fyrir dóm.

Gagnstefnandinn, Kolbeinn Skúlason, skýrir svo frá, að hann hafi sjálfur unnið að byggingu og frágangi kjallaraíbúðarinnar.

Kveðst hann hafa lagt vikur á gólfið þannig, að vikurinn var hrærður saman við sement og vatn og þannig steyptur niður. Kolbeinn kveður þetta hafa verið látið þorna ósköp lítið fyrst, en síðan hafi verið lagt sementslag yfir, þ. e. steypulag. Eitthvað fjórum dögum eftir að efra lagið var sett yfir, kveður Kolbeinn gólfdúk hafa verið límdan á gólfið. Kolbeinn kveður gólfdúkinn hafa losnað af allri íbúðinni, daginn eftir að hann var settur á. Límið hafi þá verið þvegið af gólfinu og gólfið látið standa þannig með lausum pappa í eina 6—7 mánuði. Hafi þá verið límdur dúkur á gólfið aftur. Telur Kolbeinn þetta hafa verið í septembermánuði 1957. Kolbeinn kveður strigann hafa losnað úr eldri gólfdúknum og kveður honum hafa verið fleygt. Eftir að dúklagt var í seinna sinn, kveðst Kolbeinn aldrei hafa orðið var við raka í íbúðinni, og hann kveðst aldrei hafa orðið var við hvítar skellur á veggjum íbúðarinnar. Kolbeinn kveðst hafa flutt úr íbúðinni þremur dögum eftir að kaupsamningur aðiljanna var undirritaður. Hann kveður Þráin hafa skoðað alla íbúðina, nema tvö herbergi í fremri forstofu, sem hann hafði ekki aðgang að. Ekki kveður Kolbeinn Þráin hafa óskað eftir að skoða þessi herbergi og ekki kveður hann það heldur hafa borizt í tal.

Aðalstefnandi málsins, Þráinn Sigurbjörnsson, hefur skýrt svo frá, að hann hafi aldrei búið í umræddri íbúð, eftir að hann keypti hana. Hann kveður Gróu Jónsson hafa búið í tveimur herbergjum íbúðarinnar og kveður hana hafa búið þar áfram, enda hafi hún haft rétt til að vera í íbúðinni til 14. maí. Hann kveður gagnstefnanda hafa flutt úr fremsta herbergi íbúðarinnar, nokkrum dögum eftir að kaupsamningur var gerður. Eftir það kveðst Þráinn hafa geymt dót í þessu herbergi. Þráinn kveðst hafa skoðað alla íbúðina nema tvö herbergi. Kveður hann Kolbein hafa tjáð sér, að leigjandi herbergjanna væri fjarverandi og jafnframt, að hann hefði ekki lykil að herbergjunum. Þráinn kveðst hafa komið aftur um miðjan desember og hitt framangreinda Gróu, en kveðst þá ekki hafa farið fram á að skoða herbergin. Kveður hann Gróu þá hafa tjáð sér, að gólfdúkur á eldhúsi væri farinn að losna. Kveður hann gagnstefnanda hafa vitað um þetta og hafa lofað að gera við það. Einnig kveður hann gagnstefnanda hafa lofað að gera við skemmdir frá röri við dyr inn í þvottahúsið, enda hafi hann sagt, að þetta væri það eina, sem að íbúðinni væri. Hinn 12. janúar 1958 kveðst Þráinn hafa hitt Gróu heima, og hafi hún þá boðið honum að skoða herbergin. Kveður hann hana hafa sýnt sér, að eitthvað hvítt og loðið var komið upp fyrir gólflista á ein-

um eða tveimur veggjum, aðallega bak við húsgögn. Þráinn kveður gólfdúk í herbergjunum hafa verið farinn að losna. Það fyrsta, sem Þráinn kveðst hafa orðið var við í fremsta herberginu, var það, að gólfdúkurinn var farinn að losna. Hafi það verið fyrst í febrúarmánuði 1958.

Eftir að yfirheyrslur þessar fóru fram, gerðu umboðsmenn aðilja nú ekkert frekar í málinu fyrr en hinn 22. júní s.l., að umboðsmaður aðalstefnanda óskaði eftir dómkvaðningu tveggja matsmanna, „til þess á grundvelli rannsóknar Atvinnudeildar Háskólans að láta uppi álit um, hver áhrif saltmegnið og önnur efni í vikurnum, eftir að hann hefur rennblautur verið lagður á gólfið, þar sem hitaleiðslurörin lágu, getur hafa haft á rörin, enda láti matsmennirnir einnig upp álit um, hve langan tíma það sennilega tæki fyrir efni þessi að eyðileggja rörin". Einnig var í matsbeiðninni óskað eftir, að matsmenn skoði í þessu sambandi, og ef til vill láti efnarannsaka hið hvíta „hrím", sem enn dregst upp á vegginn frá kjallaragólfinu. Ákveðið hafði þá verið, að munnlegur málflutningur skyldi fram fara hinn 29. s. m. Matsmennirnir voru síðan dómkvaddir hinn 27. s. m. Dómurinn ákvað að fresta hinum munnlega málflutningi, eftir að þess hafði verið óskað af umboðsmanni aðalstefnanda og hann hafði tjáð formanni dómsins, að umboðsmaður gagnstefnanda væri samþykkur því. Munnlegur málflutningur var nú ákveðinn að nýju hinn 13. september s.l. Lagði umboðsmaður aðalstefnanda meðal annars þá fram matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna. Umboðsmaður gagnstefnanda mótmælti matsgerðinni sem rangri, óstaðfestri og of seint fram kominni. Umboðsmaður aðalstefnanda óskaði þá eftir fresti til að láta matsmennina staðfesta matsgerðina fyrir dómi, en frestbeiðni þeirri var mótmælt af umboðsmanni gagnstefnanda. Var málið síðan tekið til úrskurðar um atriðið að kröfu umboðsmanns aðalstefnanda

Umboðsmenn aðilja hafa að vísu haft mikla fresti til að afla gagna í málinu, en þar sem nú er komið fram nýtt gagn í málinu, sem kann að hafa þýðingu fyrir úrslit þess og því hefur verið mótmælt sem óstaðfestu, þá þykir eftir atvikum rétt að veita nokkurn frest til að afla staðfestingar þess fyrir dómi. Umboðsmaður aðalstefnanda tjáði formanni dómsins í gær, að hann færi til útlanda í brýnum erindum fimmtudaginn 6. þ. m. og mundi verða fjarverandi í um tveggja til þriggja vikna skeið. Með tilliti til þessa ákveðst hinn umbeðni frestur fjórar vikur frá uppkvaðningu úrskurðar þessa.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna ásamt meðdómsmönnunum Sighvati Einarssyni pípulagningameistara og Ögmundi Jónssyni verkfræðingi. Dráttur sá, sem orðið hefur á uppkvaðningu úrskurðar þessa, stafar af önnum formanns dómsins við störf við borgardómaraembættið.

Því úrskurðast:
Máli þessu er frestað til 3. nóvember n.k.

Föstudaginn 18. nóvember 1960.

Nr. 219/1959. **Emil Gunnlaugsson** (Ragnar Jónsson hrl.)
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótakrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. desember 1959 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 13.536.87 ásamt 7% ársvöxtum frá 9. júlí 1958 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Ríkisvaldið setur og framkvæmir refsilög til verndar almannahagsmunum og einstaklinga, en af því leiðir eigi, að það taki á sig að bæta skaða, sem þeir menn valda, er úr refsivist strjúka. Að þessu athuguðu og þar sem atvik að atferli refsifanganna voru eigi slík, að heimilt sé að lögum að leggja bótaskyldu á ríkið fyrir það, ber að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum er rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Emil Gunnlaugsson, greiði stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. desember 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. f. m., hefur Emil Gunnlaugsson, Laugalandi í Hrunamannahreppi, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 7. október 1958, gegn fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 14.616. 87 auk 7% ársvaxta frá 9. júlí 1958 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi kröfu sína niður í kr. 13.536.87, en hélt fast við stefnukröfurnar að öðru leyti.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómarans. *Til vara* hefur hann krafizt, að hin umkrafða fjárhæð verði lækkuð verulega og málskostnaður látinn falla niður. Þá hefur stefndi mótmælt umkröfðum vöxtum sem of háum og að þeir verði reiknaðir frá fyrri tíma en viðgerð, er síðar verður greint frá, var lokið.

Málavextir eru þessir:

Hinn 3. júlí 1958 fór fram flutningur á fé frá Vinnuhælinu að Litla-Hrauni inn á afrétt, og var féð flutt á vörubifreið hælisins. Höfðu slíkar ferðir verið farnar fyrr um sumarið, og var sá háttur hafður á í ferðum þessum, sem einnig höfðu tíðkazt á undangengnum árum, að í þær höfðu farið, auk bifreiðarstjórans, verkstjóri hælisins ásamt föngum, er gæta skyldu fjárins á palli bifreiðarinnar. Var tala þeirra fanga, sem í ferðir þessar fóru, mismunandi og fór eftir ástæðum hverju sinni.

Í ferðina 3. júlí fóru bifreiðarstjóri, verkstjóri hælisins og fangarnir Jóhann Víglundsson, Einar Antonsson og Ragnar Jónsson, en þeir áttu að gæta fjárins, sem flutt var. Þá voru og með í ferðinni tveir aðrir fangar, sem eftir umsögn forstjóra hælisins hafði verið leyft að taka þátt í henni þeim til gamans, en þetta var síð-

asta fjárflutningaferðin á sumrinu. Loks tók forstjóri vinnuhælisins þátt í förinni, og ók hann einn í jeppabifreiðinni X 309. Ferðin inn á afréttina gekk að óskum, og var fénu sleppt þar á ákvörðunarstað og síðan haldið heimleiðis. Ók forstjórinn þá á undan í jeppanum, en vörubifreiðinni var ekið á eftir, og voru verkstjórinn og fangarnir allir á palli hennar. Í ársprænu skammt fyrir innan Ásólfsstaði í Gnúpverjahreppi festist jeppinn, og veittu þeir, sem á eftir komu, því þegar eftirtekt, en meðan athygli verkstjórans beindist að því, hvernig jeppanum mundi reiða af í ánni, notuðu fyrrnefndir fangar Jóhann, Einar og Ragnar tækifærið til þess að stökkva af palli vörubifreiðarinnar, hlaupa inn í Skriðufellsskóg, sem á þessum slóðum nær alveg niður að veginum, og fela sig þar.

Það þótti ekki tiltækilegt að skilja fangana tvo, sem leyft hafði verið með í ferðina, eina eftir, og varð því úr, að bifreiðarstjórinn var kyrr hjá þeim, en verkstjóri og forstjóri vinnuhælisins veittu hinum föngunum eftirför inn í skóginn, en fundu þá ekki. Var síðan, svo fljótt sem við varð komið, gerð gangskör að því að safna mönnum saman til leitar að föngunum, og var leitinni haldið áfram óslitið, þar til klukkan að ganga eitt næstu nótt, en fangarnir munu hafa sloppið um kl. 19.00 hinn 3. júlí. Leit þessi bar ekki árangur, og gengu fangarnir lausir næstu daga.

Aðfaranótt sunnudagsins 7. júlí 1958 var Ólafur Guðmundsson, lögreglumaður úr Reykjavík, ásamt þremur öðrum lögreglumönnum þaðan á heimleið í bifreið Ólafs frá því að halda uppi reglu á dansleik, sem hafði verið haldinn að Hellu í Rangárvallasýslu. Voru þeir allir einkennisklæddir. Er þeir voru staddir á veginum skammt frá Kotströnd í Ölfusi, óku þeir fram úr leigubifreiðinni R 2390 og jeppabifreiðinni X 1169, sem var aðeins á undan hinni. Virtist þeim þá, að akstur bifreiðarstjórans á X 1169 væri einkennilegur, og ákváðu að stöðva bifreiðina til þess að athuga ástand bifreiðarstjórans, enda sýndist þeim og útlit hans draslaralegt. Ók Ólafur því bifreið sinni góðan spöl fram fyrir X 1169, og ætluðu tveir lögreglumannanna út á veginn til að stöðva hana, en í sömu svifum var henni ekið framhjá með ofsahraða. Þegar í stað hófu lögreglumennirnir eftirför eftir bifreiðinni, og er bifreið þeirra var komin fast að henni, gaf Ólafur, sem ók lögreglubifreiðinni, hljóðmerki í sífellu, en bifreiðarstjórinn á X 1169 sinnti því engu, heldur ók áfram á miðjum vegi með miklum hraða, og gizkar Ólafur á, að hraðinn hafi verið um 90—100 km,

miðað við klukkustund. Eigi að síður fylgdi þó bifreiðin með lögreglumennina fast á eftir, en í sundur dró með bifreiðunum, er upp í Kamba kom. Bar þá leigubifreiðina R 2390 að, og þar sem lögreglumennirnir vildu ekki missa sjónar á X 1169 á Hellisheiði, en á heiðinni lá dimm þoka, fóru tveir þeirra yfir í leigubifreiðina og báðu bifreiðarstjórann á henni að freista þess að fylgja X 1169 eftir. Varð bifreiðarstjórinn við þeirri beiðni.

Hélt nú flóttinn og eftirförin áfram.

Er Ólafur lögreglumaður kom á bifreið sinni á malbikaða veginn við Árbæjarbletti, hafði hann náð fyrrnefndum bifreiðum, R 2390 og X 1169, sem enn var ekið mjög hratt á undan. Höfðu Ólafur og lögreglumaður sá, sem með honum var í bifreið hans, rætt um það í eftirförinni, að sennilega væru strokufangarnir frá Litla-Hrauni í bifreiðinni X 1169. Ólafur ók nú fast að nefndri bifreið og reyndi að komast á hlið við hana, en X 1169 var alltaf ekið í veg fyrir bifreið hans. Við þessar tilraunir sá Ólafur glöggt inn í bifreiðina og þekkti þar einn fyrrnefndra strokufanga, Ragnar Jónsson.

Enn hélt eltingaleikurinn áfram, og var nú X 1169 ekið af Suðurlandsbraut inn á Miklubraut og eins og leið liggur vestur eftir henni, beint yfir hlemminn á Miklatorgi og vestur að Njarðargötu, síðan suður eftir henni og inn á Hörpugötu. Er þeirri götu sleppti, var bifreiðinni ekið á öfluga gaddavírsgirðingu við enda hennar og inn á flugvöllinn. Við það brotnaði stórt stykki úr girðingunni og dró bifreiðin dræsu úr henni með staurum á eftir sér, fyrst eftir að inn á flugvöllinn var komið. Síðan var bifreiðinni ekið í hlykkjum og beygjum eftir flugbrautinni og í þeim akstri á ljósker á norðurjaðri hennar. Þessu næst ók bifreiðin á hindranir hjá afgreiðslu Flugfélags Íslands og norður að járnhliði, sem lokar veginum heim að afgreiðslunni, síðan á járnhliðið, þannig að hliðargrindurnar slógust til hliðar, og bifreiðin komst út af flugvellinum. Þegar út af flugvellinum kom, var bifreiðinni ekið norður Njarðargötu, áfram á Frakkastíg, síðan gegn um austurbæ á Rauðarárstíg og beygt inn á Guðrúnargötu. Þar var bifreiðinni ekið utan í bifreið, sem stóð kyrr á götunni. Af Guðrúnargötu var bifreiðinni ekið inn á Gunnarsbraut, þaðan í Eskihlíð og af henni í Hamrahlíð. Við enda þeirrar götu var bifreiðin (X 1169) loks stöðvuð við girðingu, sem þar var til fyrirstöðu.

Allt frá því, að Ólafur lögreglumaður ók fram á nefnda bifreið við Árbæjarblett, og þar til hún var stöðvuð við enda Hamrahlíð-

ar, veitti hann henni ötula eftirför á bifreið sinni. Einhvern tíma í þeirri eftirför komu þeir tveir lögreglumenn, er áður höfðu farið í leigubifreiðina R 2390, aftur inn í bifreið hans.

Þegar X 1169 hafði verið stöðvuð við enda Hamrahlíðar, stökk ökumaðurinn út úr henni og hljóp út í garðana í Kringlumýri. Veittu tveir lögreglumenn honum eftirför. Þeir tveir farþegar, er með honum voru í bifreiðinni, sátu þar kyrrir. Reyndust þarna hafa verið á ferð fyrrnefndir strokufangar frá Litla-Hrauni, og hafði Jóhann Víglundsson verið ökumaður X 1169 allan tímann, meðan á eltingaleik þeim, sem hér að framan er lýst, stóð.

Bifreiðina X 1169 tóku fangarnir í algeru heimildarleysi, sennilega aðfaranótt sunnudagsins 7. júlí, þar sem hún stóð við heimili stefnanda milli íbúðarhúss og bílskúrs. Var bifreiðin þarna ólæst, og kveikjuláslykill hennar geymdur fyrir ofan mælaborðið.

Kröfur sínar á hendur stefnda reisir stefnandi eingöngu á þeim grundvelli, að undankomu fanganna við fjárflutninginn megi tvímælalaust rekja til forsjárlausrar gæzlu fangelsisstjórnarinnar á þeim. Bendir hann í þessu sambandi á, að einn fanganna hafi, áður en hann var tekinn með í umrædda ferð, verið orðinn marguppvís að stroki og strokutilraunum úr fangelsum. Flótti fanganna, sem rekja verði til vangæzlu fangelsisstjórnarinnar, sé þannig bein orsök til töku umræddrar bifreiðar (X 1169) og síðar notkunar hennar á hinum æðisgengna flótta undan eftirför lögreglumannanna. Telur stefnandi því, að stefndi hljóti samkvæmt almennum reglum um fébótaábyrgð ríkisins á aðgerðum starfsmanna sinna að bera ábyrgð á fjártjóni því, er af töku bifreiðar hans leiddi.

Svo sem að líkum lætur, urðu verulegar skemmdir á bifreið stefnanda í hinum æsilega akstri. Hefur stefnandi lagt fram sundurliðaða reikninga yfir viðgerðarkostnaðinn, og nemur hann kr. 10.566.87. Mun viðgerð bifreiðarinnar fyrst hafa verið lokið um 20. ágúst 1958. Auk viðgerðarkostnaðarins telur stefnandi sig eiga rétt á bótum vegna afnotamissis bifreiðarinnar í 43 daga, og reiknar hann sér kr. 40.00 á dag fyrir afnotamissinn, eða kr. 1720.00 fyrir allan tímann, sem viðgerðin á henni tók. Rökstyður hann þenna lið kröfu sinnar með því, að þetta sumar hafi hann starfað við skurðgröfu og notað bifreiðina til að fara á henni að og frá vinnustöðum, sem hafi verið allt frá 5 og upp í 10 km fjarlægð frá heimili hans. Loks kveðst stefnandi hafa verið frá verki í 5 daga vegna ferðalaga til Reykjavíkur, í fyrstu til þess að fá bifreiðina athugaða og koma henni í viðgerð og síðar til þess að

sækja hana að viðgerð lokinni. Reiknar hann sér kr. 250.00 á dag, eða samtals í kaupmissi kr. 1250.00. Koma framangreindar fjárhæðir samanlagðar heim við hina lækkuðu dómkröfu stefnanda.

Stefndi hefur í fyrsta lagi mótmælt því, að fangaverðirnir hafi ekki í umrætt skipti gætt fanganna eins vel og frekast hafi mátt af þeim krefjast. Þó að föngunum hafi tekizt að flýja, þá sanni það ekki hið gagnstæða. Alkunna sé, bæði hér á landi og erlendis, að fangar geti sloppið úr haldi, án þess að um nokkra vangæzlu fangelsisstjórna sé að ræða.

Þá mótmælir stefndi því í öðru lagi, hvað sem mætti um sjálfa undankomu fanganna segja, að nokkurt það orsakasamband sé milli hennar og tjóns stefnanda, að hann (stefndi) sé bótaskyldur af þeim sökum. Bendir stefndi í því sambandi á, að starfsmenn hans hafi ekki sjálfir unnið verknað þann, er leiddi til tjóns þess, sem stefnandi krefst bóta fyrir.

Af þessum ástæðum telur stefndi ljóst, að sýkna beri hann af kröfum stefnanda í málinu.

Að því er varðar varakröfu stefnda reisir hann hana aðallega á því, að stefnandi hafi sjálfur átt nokkra sök á töku bifreiðarinnar með því að geyma hana ólæsta utanhúss og með kveikjuláslykilinn á aðgengilegum stað í henni. Beri af þessum sökum að skipta tjóninu.

Hins vegar hefur stefndi ekki vefengt tölulega framangreinda kröfuliði stefnanda að öðru leyti en því, að hann telur, að á viðgerðarreikninga stefnanda sé offært andvirði framfjaðrar og höggdeyfis.

Það verður að teljast hafa verið óvarlegt af fangelsisstjórn Litla-Hrauns, að aðeins tveir gæzlumenn voru látnir fara í umrædda fjárflutningsferð, auk bifreiðarstjórans á vörubifreiðinni, er flutti fé, til þess að gæta þeirra 5 fanga, sem þátt tóku í förinni, ekki sízt þar sem einn fanganna, Jóhann Víglundsson, var, áður en ferðin var farin, orðinn marguppvís að stroki og strokutilraunum úr fangelsum. Þá ók annar gæzlumannanna, forstjóri vinnuhælisins, eins og áður er fram komið, á undan fangabílnum á heimleiðinni. Var því raunverulega aðeins einn maður við gæzlu fanganna fimm, þegar þrír þeirra freistuðu flótta. Má því ætla, að undankomu þeirra í upphafi megi rekja til ónógrar gæzlu.

Hins vegar þykir mega fallast á það hjá stefnda, að taka fanganna á bifreið stefnanda og síðan notkun þeirra á henni sé svo fjarlæg og ófyrirsjáanleg afleiðing undankomu fanganna, að eigi sé rétt að leggja á stefnda fébótaábyrgð á þessu atferli þeirra.

Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Emils Gunnlaugssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 18. nóvember 1960.

Nr. 109/1960. **Ákæruvaldið** (Benedikt Sigurjónsson hrl.)
gegn
Daníel Halldórssyni (Gústaf A. Sveinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brot á umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Daníel Halldórsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Benedikts Sigurjónssonar og Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanna, kr. 2500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 27. nóvember 1959.

Ár 1959, laugardaginn 27. nóvember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í lögreglustöðinni af Ólafi Þorlákssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 5971/1959: Ákæruvaldið gegn Daníel Halldórssyni, sem dómtekið var 14. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæruskjali dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 16. október s.l., á hendur Daníel Halldórssyni bifreiðarstjóra, Tryggvastöðum, Seltjarnarnesi, fyrir að hafa milli kl. 1.00 og 2.00 aðfaranótt mánudagsins 20. júlí s.l. ekið bifreiðinni G 1796 hraðar en lögheimilt er, eða með allt að 115 km hraða á klst., milli Selfoss og Reykjavíkur.

Telst þetta varða við 49. gr. og 2. mgr. 50. gr., sbr. 1. mgr. 80. gr., umferðarlaga nr. 26/1958.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 31. maí 1934 að Kvíarholti, Holtahreppi, Rangárvallasýslu. Hann hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

Í Reykjavík:

1955 12/9 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
— 7/10 Áminning fyrir að hanga í bíl.
1957 30/8 Dómur: 400 kr. sekt fyrir að fá ökuleyfislausum manni stjórn bifreiðar.
1958 9/10 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

Málavextir eru þeir, að hinn 20. júlí s.l. kærðu þeir lögregluþjónn nr. 87, Guðni Sturlaugsson, og Jón Sigurðsson bifreiðaeftirlitsmaður, Selfossi, yfir ofsahröðum akstri bifreiðarinnar G 1796 þá um nóttina, er ákærði í máli þessu ók umrætt skipti. Þeir Guðni og Jón hafa báðir komið fyrir dóm sem vitni og skýrt frá atvikum mjög á sömu lund. Segjast þeir hafa verið í löggæzlubifreiðinni X 94 skammt austan við afleggjarann að Þórustöðum í Ölfusi um kl. 1.20 um nóttina 20/7 s.l., er þeir veittu athygli bifreiðinni G 1796, er fór þar um á mjög miklum hraða. Veittu þeir fyrrgreindri bifreið þegar eftirför til að freista þess að binda endi á hinn ógætilega akstur ökumannsins.

Vitnin, Guðni og Jón, hafa borið, að hraði eftirlitsbifreiðarinnar hafi verið frá 95—115 km pr. klst. samkvæmt hraðamæli bifreiðarinnar, allt frá upphafi eftirfararinnar og þar til kom að brekkunum í Kömbum, og hafi bifreiðin G 1796 verið skammt á undan löggæzlubifreiðinni X 94 alla þá leið, en þó hafi dregið í

sundur með bifreiðunum þrátt fyrir hinn mikla hraða löggæzlubifreiðarinnar X 94, er á eftir fór. Þá hafa fyrrnefnd vitni getið þess bæði, að löggæzlubifreiðin X 94 sé á yfirstærðarhjólbörðum, þannig að hraðamælir bifreiðarinnar sýni minni hraða en hinn raunverulegi hraði bifreiðarinnar sé hverju sinni. Segja vitnin, að hraðamælir bifreiðarinnar X 94 hafi verið samprófaður hraðamæli nýs lögreglubíls í Reykjavík, R 2010, en sá bíll sé á þeirri hjólabarðastærð, er hraðamælir þess bíls sé stilltur inn á, og hafi þá komið í ljós, að er lögreglubifreiðinni R 2010 var ekið með 80 km pr. klst., þá hafi hraðamælir X 94 sýnt rúma 70 km pr. klst. Segja vitnin, eins og að framan getur, að hraðamælir X 94 sýni þetta minni hraða en hinn raunverulega hraða, þar eð bifreiðin sé nú á hjólbarðastærð 750×16, en frá verksmiðjunnar hálfu sé bifreiðin afhent á hjólbarðastærðinni 650×16.

Á Kambabrún hættu þeir Jón bifreiðaeftirlitsmaður og Guðni lögregluþjónn eftirförinni að bifreiðinni G 1796, en þar tók við löggæzlubifreiðin R 6947.

Í þeirri bifreið voru lögreglumennirnir Jóhannes Björgvinsson varðstjóri og Kristinn Óskarsson. Hafa þeir báðir komið fyrir dóm sem vitni.

Vitnið Jóhannes hefur skýrt svo frá, að það hafi verið statt í löggæzlubifreiðinni R 6947 ásamt Kristni lögreglumanni á vegarspottanum, er liggur af þjóðveginum heim að Hveragerði. Kl. ca 1.25 kveðst vitnið hafa orðið vart við bifreið lögreglunnar á Selfossi, X 94, er kom akandi áleiðis til Reykjavíkur á mjög mikilli ferð. Vitnið segir, að þeir lögreglumenn hafi farið á eftir bifreiðinni X 94, náð henni efst á Kambabrún og fengið vitneskju þar um eftirför bifreiðarinnar X 94 að bifreiðinni G 1796. Vitnið kveðst ekki hafa veitt bifreiðinni G 1796 sérstaka eftirtekt, er hún ók framhjá heimreiðinni að Hveragerði, en þarna á Kambabrún varð það úr, að vitnið og Kristinn lögregluþjónn hófu eftirför á bifreiðinni R 6947 og ætluðu að reyna að draga uppi bifreiðina G 1796. Vitnið, sem ók bifreiðinni R 6947, kveðst hafa ekið alla leið til Reykjavíkur á ofsahraða, eða eins hratt og hann treysti bifreið sinni, en ekki gat vitnið nefnt ákveðinn hraða í því sambandi, þar eð hraðamælir bifreiðarinnar R 6947 var bilaður, en telur sig þó hafa ekið mestalla leiðina á um og yfir 100 km hraða pr. klst. Vitnið hélt áfram til Reykjavíkur, án þess að verða vart við bifreiðina G 1796, utan þess að hann hafði tal af bifreiðarstjóra bifreiðarinnar R 8240 skammt vestan við Geithála, en þá

hafði bifreiðin G 1796 skömmu áður ekið fram úr þeirri bifreið á mikilli ferð. Skömmu eftir að vitnið kom til Reykjavíkur, varð það bifreiðarinnar G 1796 vart á Lækjartorgi, og var þá bifreiðarstjórinn færður á lögreglustöðina.

Vitnið kveðst hafa ekið frá Hveragerði til Reykjavíkur í umrætt sinn á 35 mínútum, og eru þá meðtaldar tvær stöðvanir, er urðu á leiðinni, en þær voru mjög skammar.

Vitnið Kristinn Óskarsson hefur komið fyrir dóm, en það var ásamt vitninu Jóhannesi í bifreiðinni R 6947, eins og að framan getur. Vitnið hefur borið, að það hafi tekið eftir bifreiðinni G 1796, er hún ók framhjá afleggjaranum heim að Hveragerði áleiðis til Reykjavíkur, og hafi það verið ca 2—3 mínútum áður en bifreiðin X 94 ók þar hjá. Vitnið segir, að ökumaður R 6947, vitnið Jóhannes, hafi ekið á mjög miklum hraða allt frá Hveragerði til Reykjavíkur, og telur vitnið, að bifreið þeirra hafi farið mestan hluta leiðarinnar á yfir 100 km hraða pr. klst., enda segir vitnið, að þeir hafi verið komnir til Reykjavíkur rétt um kl. 02.00 um nóttina, og farið því frá Hveragerði til Reykjavíkur á rúmum 30 mínútum.

Í sambandi við framburð tveggja síðasttalinna vitna hefur verið lögð fram í dóminum skýrsla frá vegamálastjóra um núverandi vegalengd frá afleggjaranum heim að Hveragerði og að Lækjartorgi í Reykjavík, og er sú vegalengd talin 44.5 km samkvæmt mælingum vegagerðar ríkisins.

Þá hefur komið fyrir dóm sem vitni ökumaður bifreiðarinnar R 8240, Guðmundur Már Bjarnason. Vitnið hefur skýrt svo frá, að bifreiðin G 1796 hafi ekið fram úr bifreið sinni í umrætt skipti á vegarkaflanum á Sandskeiði. Vitnið segist hafa fylgzt vel með hraða bifreiðar sinnar, er framúraksturinn átti sér stað, og hafi hraðamælirinn sýnt kringum 70 km pr. klst. Vitnið segir, að bifreiðinni G 1796 hafi verið ekið á miklu meiri hraða en bifreiðinni R 8240, þar sem bifreiðin G 1796 geystist fram úr bifreið vitnisins. Jókst síðan bilið jafnt og þétt milli bifreiðanna, enda þótt vitnið æki bifreið sinni á 70—80 km hraða pr. klst., unz bifreiðin G 1796 hvarf sjónum vitnisins skömmu síðar.

Þá hafa farþegar, er voru í bifreið ákærða, G 1796, í umrætt skipti, mætt sem vitni.

1. Vitnið Gréta Jónsdóttir verzlunarstúlka kveðst hafa fylgzt nokkuð með akstri ákærða, og segir það hann hafa ekið mjög

hratt með köflum. Vitnið, sem hefur ökuréttindi og kveðst aka bifreið, áætlar, að hraðinn hafi ekki verið minni en 100 km pr. klst., er hraðast var farið.

2. Vitnið Aðalheiður Björnsdóttir afgreiðslustúlka segist hafa fylgzt með akstri ákærða umrætt skipti, og hafi hann ekið mjög hratt og glannalega alla leiðina.

3. Vitnið Rannveig Gísladóttir verkakona segir, að ákærði hafi ekið mjög hratt, en vitnið hefur ekki treyst sér til að áætla hraðann í km pr. klst.

Önnur vitni, er voru í bifreið ákærða umrætt skipti, og komið hafa fyrir dóm, hafa ekki treyst sér til að bera um hraða bifreiðarinnar G 1796.

Fyrir dómi hefur ákærði skýrt svo frá, að hann hafi ekið umrædda leið með jöfnum hraða, en þó eigi yfir ca 80 km pr. klst., er hraðast var farið. Því til stuðnings hefur ákærði sagt, að bifreiðin G 1796 hafi verið biluð umrætt skipti, þannig að ekki hafi verið hægt að koma bifreiðinni í hátt ganghraðastig og af þeim sökum útilokað að aka henni yfir ca 80 km pr. klst. Ákærði hefur skýrt frá, að hámarkshraði bifreiðarinnar umrætt sinn sé ágizkun sín, þar eð hraðamælir G 1796 var þá bilaður.

Ákærði kveðst ekki hafa orðið var við lögreglubifreiðina, fyrr en í Blesugróf í Reykjavík kom. Þá segist ákærði hafa séð lögreglubifreiðina (R 6947), skammt fyrir ofan gatnamótin „Suðurland—Vesturland".

Bifreiðin G 1796 var reynd í akstri strax um nóttina, að eltingaleiknum afstöðnum, af þeim Ásmundi Matthíassyni lögreglumanni og vitninu Kristni Óskarssyni. Fyrst prófaði Ásmundur bifreiðina, en tókst ekki að koma henni í hátt ganghraðastig. Síðan tók vitnið Kristinn við stjórn bifreiðarinnar, og hefur það skýrt svo frá, að ganghraðaskipting bifreiðarinnar hafi verið eitthvað biluð, en eftir nokkrar tilraunir kveðst vitnið hafa komið bifreiðinni G 1796 í hæsta ganghraðastig og þá hafa getað ekið bifreiðinni á miklum hraða. Ásamt Ásmundi og Kristni var í bifreiðinni við reynsluaksturinn vitnið Jón Sigurðsson. Vitnið hefur skýrt svo frá, að fyrst hafi Ásmundur lögregluþjónn ekið bifreiðinni, en ekki komið henni úr lægri ganghraðastigi. Síðan hafi Kristinn lögreglumaður reynt bifreiðina og komið henni eftir nokkrar tilraunir í hærri ganghraðastigann, og þá hafi verið hægt að aka bifreiðinni mjög hratt. Vitnið, sem er bifreiðaeftirlitsmaður, kveðst þess fullvisst, að bifreiðin G

1796 hafi farið í hærra ganghraðastig hjá Kristni, og kveðst vitnið hafa merkt það bæði á hraða og gangi bifreiðarinnar.

Að morgni hins 20. júlí var bifreiðin G 1796 færð til skoðunar og prófunar til bifreiðaeftirlits ríkisins í Borgartúni. Bifreiðin reyndist að mestu í lagi, en ekki tókst bifreiðaeftirlitsmanni þeim, er prófaði bifreiðina, að koma henni í hátt gangahraðastig, og reyndist þá hámarkshraði bifreiðarinnar vera 79 km pr. klst.

Samkvæmt framburðum vitna, sem hér að framan eru raktir um akstursmáta ákærða í umrætt skipti, þykir fullsannað, að ákærði hafi ekið bifreiðinni G 1796 með ofsahraða allt frá Þórustöðum í Ölfusi og til Reykjavíkur. Sú fullyrðing ákærða, að bifreiðin hafi verið biluð nefnt skipti, þannig að einungis hafi verið unnt að koma henni í lágt ganghraðastig með algerum hámarkshraða 70—80 km pr. klst., þykir ekki hafa við rök að styðjast, enda eru framburðir vitna þeirra, er að prófun bifreiðarinnar stóðu strax að afloknum eltingaleiknum, þeirri fullyrðingu ákærða andstæðir.

Þykir ákærði því hafa gerzt sekur um þau umferðarlagabrot, er í ákæruskjali greinir og rakin eru að framan.

Hæfileg refsing ákærða telst vera 1500.00 króna sekt til ríkissjóðs, er greiðist innan 4 vikna frá birtingu dómsins, ella sæti ákærði varðhaldi í 10 daga í stað sektarinnar.

Þá greiði ákærði allan sakarkostnað.

Krafa um ökuleyfissviptingu af ákæruvaldsins hálfu hefur ekki komið fram í máli þessu.

Dómsorð:

Ákærði, Daníel Halldórsson, greiði 1500.00 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist með 10 daga varðhaldi, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. nóvember 1960.

Nr. 169/1959. **Þorsteinn Jónsson** (Guðlaugur Einarsson hdl.)
gegn
Jóni Gíslasyni (Magnús Thorlacius hrl.)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Eignardómsmál. Ítaksréttindi.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Steingrímsson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, og samdómendurnir Þorvaldur T. Jónsson, oddviti í Hjarðarholti, og Þórir Steinþórsson, skólastjóri í Reykholti, hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. september 1959. Eru kröfur hans þær, aðallega að hann verði dæmdur sýkn af öllum kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, „að beitarréttur gagnáfrýjanda verði eingöngu viðurkenndur til krossmessu að vori og jafnframt verði viðurkennd varzla aðaláfrýjanda að hinu umdeilda landi". Þá krefst aðaláfrýjandi og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu 30. september 1959 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti hafa verið lögð fram mörg ný skjöl. Að tilhlutan Hæstaréttar fengu aðiljar mælingamann til að gera uppdrátt af öllum hinum umdeildu engjaspildum sunnan Andakílsár, þeim sem taldar eru upp í héraðsdómi. Fór mælingin fram dagana 17.—19. október 1960. Voru gerðir tveir uppdrættir merktir nr. VII og VIII, sem sýna sömu útmörk landspildu þeirrar, sem deilt er um í málinu. Ber að leggja þá til grundvallar dómi í málinu.

Í máli þessu hefur gagnáfrýjandi krafizt þess, að svæði það, sem á uppdráttunum er nefnt Neðra-Hreppsengi og þar

er afmarkað, verði dæmt eignarland hans, en viðurkennir, að aðaláfrýjandi eigi þar slægjuítak.

Fyrir norðan bæinn Innri-Skeljabrekku í Andakílshreppi og meðfram Andakílsá liggur samfellt engjasvæði, svo nefndar Suðurengjar, og hafa einstakar landspildur þar verið nytjaðar til slægna frá ýmsum jörðum í Andakíls- og Skorradalshreppum eða af einstökum aðiljum, sem öðlazt hafa réttindi til þess. Í Landnámu segir: „Þorbjörn svarti hét maðr, hann keypti land at Hafnar-Ormi inn frá Selaeyri ok upp til Forsár, hann bjó á Skeljabrekku". Seleyri ber enn sitt nafn og liggur sunnan Borgarfjarðar milli Hafnar og Grjóteyrar. Forsá er sú á, sem nefnist nú Andakílsá.

Af þessari frásögn Landnámu er auðsætt, að hinar umdeildu engjar hafa í öndverðu verið hluti af landi Skeljabrekku. Síðar hefur Skeljabrekkujörð verið skipt í Ytri- og Innri-Skeljabrekku, og samkvæmt landamerkjaskrá Ytri-Skeljabrekku, dags. 20. desember 1922, og landamerkjaskrá Innri-Skeljabrekku, dags. 25. júní 1923, liggja merkin milli þessara jarða frá fjalli alla leið til Andakílsár, en hinar umdeildu engjaspildur eru austan þeirra merkja. Samkvæmt nefndri landamerkjaskrá Innri-Skeljabrekku og landamerkjaskrá Neðra-Hrepps, dags. 14. febrúar 1923, ná landamerki jarða þessara saman alla leið til Andakílsár fyrir austan hinar umdeildu engjaspildur.

Úrlausnarefni máls þessa er, hvort aðaláfrýjandi eigi fullan eignarrétt að hinni umdeildu landspildu eða eigi einungis þar „engi á annars manns jörðu", eins og það er orðað í 22. kap. Jónsbókar.

Það er ljóst, að landspilda sú, sem mál þetta varðar, svonefnt Neðra-Hreppsengi, hefur upprunalega verið hluti af Skeljabrekku, en hefur öldum saman verið nytjað til slægna frá jörðinni Neðra-Hreppi í Skorradalshreppi, unz hún var með afsalsgerningi, dags. 9. maí 1925, seld aðaláfrýjanda, en hann býr nú í Efra-Hrepp og nytjar landspilduna ásamt þeirri jörð. Frumgögn vantar um það, hvenær umráð landspildu þessarar hafa verið skilin frá Skeljabrekku og hvort önnur umráð landspildunnar en til slægna hafa gengið undan

nefndri jörð, en önnur gögn, sem atriði þessi varða og fram hafa komið í málinu, verða nú rakin og metin.

1. Engin gögn liggja fyrir um afsöl á umræddri landspildu, fyrr en aðaláfrýjandi keypti hana hinn 9. maí 1925, eins og áður greinir. Í afsalinu til hans kveðst seljandi „afsala hér með til fullrar eignar og umráða ofanrituðu flæðiengjastykki frá mér og mínum erfingjum til Þorsteins Jónssonar". Afsal þetta og orðalag þess getur ekki ráðið úrslitum, þar sem afseljandi gat eigi veitt afsalshafa meiri rétt yfir hinni umdeildu landspildu en hann hafði sjálfur.

2. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er lýsing á jörðum í Skorradalshreppi, sem skráð er 29. og 30. júní 1707 að Grund í Skorradal. Segir þar um jörðina Neðra-Hrepp: „Engjatak á jörðin á flæðiengi því, sem liggur við Andakílsá fram undan Innri-Skeljabrekku og kallað er Neðra-Hrepps engi". Í álitsgerð prófessors Guðna Jónssonar, dags. 13. maí 1960, er með dæmum úr íslenzkri málvenju sannað, að orðið engjatak getur táknað hvort heldur engjaítak eða fullkomna eign lands, sem engi er á. Er Jarðabókin því ónýtt sönnunargagn í máli þessu.

3. Í sóknarlýsingu Jóhanns prests Tómassonar frá árinu 1840 og í jarðamati frá árunum 1849—1850 er þess getið um nokkrar jarðir, sem flæðiengi hafa nytjað á Suðurengjum, að þær eigi þar engjaítak. Í sóknarlýsingunni er eigi minnzt á, að jörðin Neðri-Hreppur eigi landsnytjar á Suðurengjum, en í jarðamatinu er rætt um flæðiengi jarðarinnar. Eigi þykir verða dregin sú ályktun af nefndum gögnum, að eign og umráðum yfir Neðra-Hreppsengi hafi verið háttað á annan veg en eign og umráðum yfir öðrum landspildum á Suðurengjum.

Samkvæmt rökum þeim, sem greinir í héraðsdómi, verða deilur þær, sem á síðara hluta 19. aldar urðu um ágang búfjár á Suðurengjar og notkun landspildunnar, eigi taldar skipta máli um úrslit hér. Sama máli gegnir um girðingar, sem á fyrra hluta þessarar aldar voru settar upp á Suðurengjum.

Svo sem rakið hefur verið, var hin umdeilda landspilda

upprunalega hluti af Innri-Skeljabrekku. Eigi eru leiddar sönnur að því, að í öndverðu hafi stofnazt meiri réttur Neðra-Hreppi til handa yfir hinni umdeildu landspildu en slægjuitak, þ. e. „engi á annars manns jörðu", og ekki er komið fram í málinu, að eigendur Innri-Skeljabrekku hafi síðar afsalað meira rétti, enda verður slíkt afsal eigi talið felast í því, að rætt er um „land" Neðra-Hrepps á Suðurengjum í landamerkjabréfi Horns í Skorradal frá 30. desember 1922, sem þáverandi eigandi Innri-Skeljabrekku undirritaði. Ber því, svo sem gert er í héraðsdómi, að viðurkenna eignarrétt gagnáfrýjanda að hinni umdeildu landspildu og slægjuítak aðaláfrýjanda á henni.

Varakrafa aðaláfrýjanda var eigi reifuð fyrir héraðsdómi, og verður hún því ekki dæmd í þessu máli.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur aukadómþings Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 20. júlí 1959.

Mál þetta er höfðað með opinberri stefnu, útgefinni 3. september fyrra ár, er birtist í Lögbirtingablaðinu 10. sama mánaðar, þingfest 9. janúar 1959, áreið fór fram 1. maí þ. á. og tekið til dóms 10. þ. m.

Forsaga þessa máls er sú, að um langan aldur hafa engjastykki, er liggja neðan við engjar jarðarinnar Innri-Skeljabrekku í Andakílshreppi og niður að Andakílsá, verið nytjuð til slægna frá ýmsum jörðum í Andakíls- og Skorradalshreppum, eða af einstaklingum, er haft hafa umráð yfir þeim. Hefur eigi verið víst, hvort hér hafi verið um slægnaítök að ræða eða eignarlönd.

Engjastykkin hafa verið þessi:

1. Stóri- og Litli-Hálsahringur, er nytjaðir hafa verið frá jörðinni Hálsum.

2. Stóri-Hringur, Þrætunef og Litli-Hringur, er nytjaðir hafa verið frá kirkjujörðinni Horni.
3. Grjóteyrarengi, er nytjað hefur verið frá Grjóteyri.
4. Neðra-Hreppsengi, er nytjað hefur verið frá Efra-Hrepp.
5. Efra-Hreppsengi, sem nytjað hefur verið frá Efra-Hreppi að ⅕ hluta, frá Mófellsstöðum að ⅕ hluta, frá Mófellsstaðakoti að ⅕ hluta og af Kristjáni Guðmundssyni í Borgarnesi að ⅖ hlutum.
6. Kirkjuengi, sem nytjað hefur verið frá Hvanneyri.
7. Hvammsengi, er nytjað hefur verið af Haraldi Á. Sigurðssyni í Reykjavík.
8. Miðfossaengi, er nytjað hefur verið frá Miðfossum.
9. Fossaoddi, er nytjaður hefur verið frá Syðstufossum.
10. Fit, er nytjuð hefur verið frá Innri-Skeljabrekku.

Er lög um ítök nr. 113 29. desember 1952 gengu í gildi, auglýsti sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu eftir því, að þeir, er ítök ættu í jarðir í sýslunum, lýstu ítökunum fyrir honum. Bárust honum þá lýsingar frá eftirtöldum mönnum.

1. Guðlaugi Einarssyni, hdl. í Reykjavík, vegna Þorsteins Jónssonar, bónda í Efra-Hrepp, fyrir Neðra-Hreppsengi, og hluta hans af Efra-Hreppsengi.
2. Kristjáni Guðmundssyni fyrir hluta hans og þeirra Eiríks Sigurðssonar í Mófellsstaðakoti og Vilmundar Jónssonar, Mófellsstöðum, af Efra-Hreppsengi.
3. Kristjáni Guðmundssyni vegna Haralds Á. Sigurðssonar fyrir Hvammsengi.
4. Guðjóni B. Gíslasyni fyrir Fossaodda.
5. Óskari B. Hjartarsyni vegna eigenda Grjóteyrar fyrir Grjóteyrarengi.
6. Guðmundi Jónssyni vegna eiganda Hvanneyrar fyrir Kirkjuengi.

Var öllum þessum landspildum fyrst og fremst lýst sem eign, en til vara sem ítökum, og er legu þeirra lýst þannig, að þær séu á Suðurengjum.

Sýslumaður sendi síðan eigendum jarðanna Innri- og Ytri-Skeljabrekku með bréfi 4. ágúst 1954 afrit af lýsingum þessum, og mun hann hafa talið sér skylt að senda eigendum beggja jarðanna lýsingar, þar sem eigi var lýst ítökum í ákveðna jörð. Með bréfi, dags. 17. marz 1955, tilkynnti svo Magnús Thorlacius, hrl. í Reykjavík, sýslumanni vegna Jóns Gíslasonar, bónda á

Innri-Skeljabrekku, að greindur eignarréttur og ítakskröfur í land Innri-Skeljabrekku væru vefengdar.

Lá mál þetta svo niðri þar til í ágúst 1958, að Jón Gíslason setti laxveiðilögn í Andakílsá fyrir Neðra-Hreppsengi. Krafðist þá Þorsteinn Jónsson í Efra-Hrepp, að lagt yrði lögbann við starfrækslu lagnarinnar, og var það gert með lögbannsgerð, er fram fór 12. ágúst 1958. Höfðaði hann síðan mál til staðfestingar lögbanninu með stefnu 18. sama mán. Skömmu síðar höfðaði svo stefnandi mál þetta.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að viðurkenndur verði eignarréttur hans að svokölluðu Neðra-Hreppsengi og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Stefndi gerir þær kröfur, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður eftir mati réttarins.

Málflutningsmaður stefnda, er við þingfestingu málsins féllst á, að það yrði rekið sem áreiðar- og vettvangsmál, hefur undir rekstri málsins hreyft því, að það beri að reka sem landamerkjamál, og þar sem svo hefði eigi verið gert, beri að vísa því frá ex officio.

Rétturinn lítur svo á, að það, sem um er deilt í þessu máli, sé það, hvort landspildan Neðra-Hreppsengi sé slægjuítak eða eignarland. Fyrir réttinum hefur ekkert komið fram, er bendir til þess, að ágreiningur sé um ummerki þessa landsvæðis. Virðist af því leiða, að með mál þetta eigi að fara eftir 3ja kafla laga um landamerki nr. 41/1919, og er því eigi ástæða til að vísa því frá.

Þá hefur málflutningsmaður stefnda hreyft því, að stefnanda brysti fullkomna eignarheimild fyrir jörðinni Innri-Skeljabrekku. Telur hann, að er faðir stefnanda, Gísli Jónsson, fékk afsal fyrir jörðinni 22. júní 1937 frá Jóni Hannessyni fyrir hönd Guðrúnar Jónsdóttur í Bæ, hafi hún eigi verið eigandi jarðarinnar, heldur sonur hennar, Andrés Björnsson frá Bæ.

Undir rekstri málsins hefur málflutningsmaður stefnda lagt fram yfirlýsingu Andrésar Björnssonar um það, að móðir hans hafi haft fullt og ótakmarkað umboð hans til að afsala jörðinni til Gísla Jónssonar. Einnig er alkunnugt, að Jón Hannesson, bóndi í Deildartungu, var fjárhaldsmaður Guðrúnar frá Bæ.

Verður því vefenging stefnda á eignarheimild stefnanda fyrir jörðinni Innri-Skeljabrekku eigi tekin til greina.

Rétturinn lítur svo á, að eigi séu fram komnar, hvorki af hálfu stefnanda né stefnda, neinar ótvíræðar sannanir, er sanni eða afsanni, að landspildan Neðra-Hreppsengi sé slægjuítak í land jarðarinnar Innri-Skeljabrekku.

Hins vegar hafa málfærslumenn aðilja fært fram ýmis rök til stuðnings málstað sínum hvor um sig, og skulu þau rök og gagnrök nú rakin.

1. Stefnandi telur sig færa rök fyrir því, að Neðra-Hreppsengi og aðrar landspildur, er liggja niður af engjum Innri-Skeljabrekku og niður að Andakílsá, séu allar innan landamerkja Innri-Skeljabrekku. Bendir hann á í því sambandi, að landamerkjabréfum Innri- og Ytri-Skeljabrekku beri saman um það, að lönd jarðanna liggi saman alla leið niður í Andakílsá, en af því leiði, að landspildur þær, er liggi ofan þessarar merkjalínu, geti eigi verið innan landamerkja Ytri-Skeljabrekku. Loks bendir hann á, að samkvæmt dómsskjali nr. 8 eigi jörðin Hálsar „2 engi í Skeljabrekkujörðu hinni eystri", og enn fremur eigi Varmalækjarkirkja „engi, er kallað er Breiðafit, og liggur í Skeljabrekkujörðu".

2. Stefnandi viðurkennir að vísu, að Neðra-Hreppsengi hafi um langan tíma verið notað til slægna af stefnda. Hins vegar mótmælir hann því, að stefndi hafi nokkru sinni stundað þar veiðar að staðaldri. Þá fullyrðir hann, að engi þetta og önnur engjastykki á þessum slóðum hafi verið notuð til beitar frá Innri-Skeljabrekku um mjög langan tíma. Hefur hann leitt sem vitni að þessu feðgana Sigvalda Jónsson, bónda í Ausu, og syni hans, Jón og Benedikt, og enn fremur fyrri eigendur Innri-Skeljabrekku, þá Andrés Björnsson og Einar Þórðarson. Loks viðurkennir hann, að hann hafi eigi stundað veiðar fyrir Neðra-Hreppsengi, fyrr en hann lagði lögn þá, er lögbann var lagt við í ágúst 1958, en fullyrðir, að hann hafi um langt árabil stundað veiði fyrir öðrum landspildum, er þarna liggi við ána, án þess að því væri mótmælt. Hefur hann því til sönnunar lagt fram á dómsskjali nr. 24 vottorð ríkisskattanefndar, er sýnir, að hann hefur talið fram tekjur af silungs- og laxveiði öll árin 1945—1956.

3. Stefnandi bendir á það, að samkvæmt útdrætti úr Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, er hann hefur lagt fram á dómskjali nr. 5, eigi jörðin Neðri-Hreppur „engjatak á flæðiengi því, sem liggur við Andakílsá fram undan Innri-Skeljabrekku og kallað er Neðra-Hreppsengi". Telur hann, að

orðið „engjatak“ sé hér notað í sömu merkingu og orðið „engjaítak“. Hefur hann lagt fram á dómsskjali nr. 23 álit prófessors Ólafs Lárussonar, þar sem hann lætur í ljós þá skoðun, að orðið „engjatak“ sé sömu merkingar og orðið „engjaítak“.

4. Loks bendir stefnandi á það, að í landamerkjabréfi Neðra-Hrepps á dómsskjali nr. 7 sé sagt, að jörðinni fylgi flæðiengjastykki á Suðurengjum, er gefi af sér í meðalári 150 hesta. Telur hann, að í því, að tilgreind er tala heyhesta af engjastykkinu, liggi ábending um, að þar sé um slægjuítak að ræða.

5. Stefndi mótmælir því, að Neðra-Hreppsengi sé innan landamerkja Innri-Skeljabrekku, og bendir á, að þess sé hvergi getið, að Suðurengjar séu í Innri-Skeljabrekkulandi, heldur fram undan því.

6. Stefndi mótmælir því, að stefnandi hafi notað Neðra-Hreppsengi til beitar, en viðurkennir, að búfénaður hans hafi rásað um landið. Þá fullyrðir hann, að hann sjálfur hafi um alllangt árabil stundað silungs- og laxveiði í Andakílsá fyrir enginu, en tekur fram, að það hafi hann einkum gert um miðsumarið. Hefur hann leitt vitni að þessum veiðiskap sínum, og eru það einkum venzlamenn hans og unglingar, sem verið hafa hjá honum í sumardvöl. Þá hefur hann lagt fram á dómsskjölum nr. 14, 15 og 16 útskriftir úr dómsmálabókum Mýra- og Borgarfjarðarsýslu frá árunum 1871—1876, er sýna, að þá hafa verið uppi þrætur út af ágangi búpenings á engjastykki á Suðurengjum. Árið 1871 þinglýsa Skorrdælingar og Andkílingar banni við að beita skepnum á Suðurengjar, og einnig eru þar sáttagerðir út af slíkum ágangi.

7. Stefndi mótmælir því, að orðið „engjatak“ sé sömu merkingar og orðið „engjaítak“.

8. Stefndi telur, að með framlagningu afsalsins á dómsskjali nr. 18 hafi hann fært fullar sönnur á, að Neðra-Hreppsengi sé fullkomin eign hans. Skírskotar hann til þess, að þar standi, að engjastykkið sé selt til fullrar eignar og umráða, og hafi afsalinu verið þinglýst án mótmæla.

9. Loks hefur stefndi lagt fram greinargerð um girðingar á Suðurengjum á dómsskjali nr. 29.

Rétturinn verður að líta svo á, að er athuguð er ljósmynd úr lofti, er lögð hefur verið fram sem dómsskjal nr. 4 í málinu, komi í ljós, að sterkar líkur séu fyrir því, að engjalönd þau, og þar á meðal Neðra-Hreppsengi, er liggja frá engjalöndum Innri-Skeljabrekku niður að Andakílsá á nokkurs konar nesi, er áin

myndar, hafi upphaflega verið innan landamerkja Innri-Skeljabrekku. Styðja þessa ályktun upplýsingar þær, sem er að finna á dómsskjali nr. 8, um að árið 1369 (öllu heldur 1399) hafi Stóri- og Litli-Hálsahringur verið í landi Eystri-Skeljabrekku (nú Innri-Skeljabrekku), og Breiðafit (nú Brekkufit) í landi Skeljabrekkujarðar. Loks bendir til þess sama, að samkvæmt landamerkjabréfum jarðanna Ytri- og Innri-Skeljabrekku er landamerkjum milli þeirra lýst svo, að þau liggi eftir stokk milli Konuengis og Brúarengis í Andakílsá, og væri þá, ef Grjóteyrarengi, Stóri-Hálsahringur og Efra-Hreppsengi eigi væru innan landamerkja Innri-Skeljabrekku, merkjum lýst lengra niður en land Innri-Skeljabrekku þá mundi ná.

Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, en útdráttur úr henni er lagður fram á dómsskjali nr. 5, hefur Neðra-Hreppsengi á þeim tíma verið skilgreint sem engjatak, og verður rétturinn að líta svo á, að merking þess orðs sé hin sama og þar hefði staðið engjaítak.

Notkun engisins hefur um langan tíma verið þannig, að fyrrum var það notað sem slægjuland frá jörðinni Neðra-Hrepp, en nú hina síðari áratugi frá Efra-Hrepp. Um aðra notkun eigenda jarðanna virðist eigi hafa verið að ræða, nema lítilfjörlega silungs- og laxveiði í Andakílsá fyrir því, er einkum virðist hafa átt sér stað um sumartíma, er engið var slegið. Hins vegar má telja sannað, að ábúandi Innri-Skeljabrekku hafi um langt árabil hagnýtt sér landið til beitar, einkum vor og haust, eða á þeim tíma, sem landeiganda er heimilt að notfæra sér beit á slægjuítaki. Fyrr á tímum, nánar tiltekið á tímabilinu frá 1871—1876, samanber dómsskjöl nr. 14—16, virðist hafa verið nokkur ágangur á Suðurengjar, og hafa Skorrdælingar og Andkílingar þinglýst banni á beit þar. Verður þó eigi séð, af hverjum það bann er sett og gegn hverjum því er beint, né hvort þáverandi eigandi Innri-Skeljabrekku hafi verið aðili að banninu. 1874 og 1876 koma fyrir rétt klögumál út af ágangi búfjár á engjastykkin. Verður eigi séð, að þáverandi eigandi Neðra-Hreppsengis hafi verið aðili að þeim málum, en 1874 tekur þáverandi eigandi Innri-Skeljabrekku á sig kvöð um vörzlu engjastykkjanna. Loks ber að geta þess, að eigi verður séð, hvort ágangur þessi átti sér stað fyrir eða eftir fardaga hvort árið.

Samkvæmt dómsskjali nr. 29 hafa á ýmsum tímum verið settar girðingar um og milli engjastykkjanna, en sjaldnast staðið lengi, enda örðugt að halda þeim við vegna sjávarágangs. Virðast

girðingar þessar hafa verið vírgirðingar, en eigi er upplýst, hve margra strengja þær hafa verið. Má jafna girðingum þessum við löggarð samkvæmt 22. kap. landleigubálks Jónsbókar, og var þá slægjuítakshafa heimilt að setja þær upp, ef hann hafði hlið á girðingunni, er opið væri frá því fjórum vikum fyrir vetur og þar til sex vikur voru liðnar af sumri.

Krafa stefnda um, að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur hans á Neðra-Hreppsengi vegna fortakslausra ákvæða afsalsins á dómsskjali nr. 18 um, að hann fái það til fullrar eignar og umráða, verður eigi tekin til greina, þar sem Guðrún Þorsteinsdóttir, móðir hans, gat eigi afsalað honum meira rétti en hún átti.

Samkvæmt framansögðu verður rétturinn að líta svo á, að svonefnt Neðra-Hreppsengi sé slægjuítak, eign Þorsteins Jónssonar, bónda í Efra-Hreppi, en landið undir því sé innan landamerkja jarðarinnar Innri-Skeljabrekku og því eign eiganda hennar, Jóns Gíslasonar, bónda þar.

Ber því að taka dómkröfur stefnanda til greina og viðurkenna eignarrétt hans að landi því, er Neðra-Hreppsengi er á, en jafnframt ber að viðurkenna slægjuítak stefnda í landið.

Kostnaður við dóminn ákveðst þannig:

1. Ferðakostnaður og dvalarkostnaður dómenda .. kr. 500.00
2. Dagkaup meðdómenda (6 daga hvor) ..... — 1200.00

Samtals kr. 1700.00

og virðist eftir atvikum rétt að dæma málsaðilja til að greiða þann kostnað að hálfu hvorn. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dómsorð:

Viðurkenndur er eignarréttur stefnanda, Jóns Gíslasonar, bónda á Innri-Skeljabrekku, að landi því, er Neðra-Hreppsengi er á. Jafnframt er viðurkennt, að stefndi, Þorsteinn Jónsson, bóndi í Efra-Hrepp, á slægjuítak í land þetta.

Kostnað við dóminn, samtals að upphæð kr. 1700.00 — eitt þúsund og sjö hundruð — krónur, greiða málsaðiljar að ½ — hálfu — hvor.

Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 14 daga frá birtingu að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 28. nóvember 1960.

Nr. 193/1960. **Magnús Andrésson**
gegn
The Bank of Nova Scotia.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og Ármann Snævarr prófessor.

Kærumál. Frávísunarkrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 1. nóvember 1960, sem barst dóminum 15. s. m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, aðalmálinu vísað frá héraðsdómi og honum verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 5000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Magnús Andrésson, greiði varnaraðilja, The Bank of Nova Scotia, kærumálskostnað, kr. 5000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 27. október 1960.

Mál þetta var tekið til dóms eða úrskurðar um frávísunarkröfu beggja hinna stefndu hinn 7. þ. m. Málið var höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, sem birt var 12. og 19. ágúst 1959.

Þar stefnir Guðjón Steingrímsson hdl. f. h. Bank of Nova Scotia, Quebec, Kanada, þeim Magnúsi Andréssyni, þá til heimilis að Ásvallagötu 69, Reykjavík, og Georg Östlund, Garðavegi 1 í Keflavík, in solidum til greiðslu skuldar, að fjárhæð 1192.09 kanadískir dalir, auk vaxta og kostnaðar. Skuldin er til komin vegna viðskipta fyrirtækisins Andrjesson Manufacturing Company, sem skrásett er í Kanada.

Af hálfu stefnda Magnúsar er aðallega krafizt frávísunar, til vara sýknu, til þrautavara, að stefnda Magnúsi verði gert að greiða 1177.09 kanadíska dali án vaxta eða málskostnaðar og til ýtrustu vara er þess krafizt, að hann verði dæmdur til að greiða 1177.09 kanadiska dali í óskiptri ábyrgð með stefnda Georg Östlund. Þá er krafizt málskostnaðar.

Af hálfu stefnda Georgs Östlunds er aðallega krafizt frávísunar, en til vara sýknu. Þá er krafizt málskostnaðar.

Hér eru til dóms eða úrskurðar frávísunarkröfurnar, en í sambandi við þær eru einnig gerðar kröfur um málskostnað. Af hálfu stefnanda er þess krafizt, að frávísunarkröfunum sé hrundið, en jafnframt tekið fram, að þess verði krafizt, að við efnisdóm í málinu verði tekið tillit til frávísunarkrafnanna, þegar málskostnaður verður ákveðinn.

Mál út af lögskiptum þeim, sem hér er um að ræða, var fyrst höfðað fyrir bæjarþingi í júní 1958 (mál nr. 266/1958). Frávísunarkrafa kom fram í því máli, og var það að lokum hafið 8. apríl 1959 að beiðni Guðjóns Steingrímssonar hdl. vegna Bank of Nova Scotia og með samþykki lögmanns stefndu. Var jafnframt fallið frá kröfum um málskostnað.

Málavextir eru þessir: Hinn 10. marz 1952 var skrásett í Quebec-fylki í Kanada félagið Andrjesson Manufacturing Co. Stefndu í máli þessu voru eigendur og stjórnendur félagsins. Þá mun og hafa staðið til, að eiginkonur þeirra yrðu í stjórn þess, en ekki er fram komið, hvort frá því var gengið með lögformlegum hætti, og ekki verður séð, að aðrir menn hafi átt aðild að félaginu.

Í máli þessu hefur verið lagt fram bréf frá embættismanni í Quebec-fylki til stefnda Östlund, þar sem segir í þýðingu Guðna Guðmundssonar, löggilts skjalaþýðara:

„Sem svar við bréfi yðar vil ég skýra frá því, að ofangreint félag var skrásett sem hlutafélag samkvæmt 1. hluta firmalaga Quebec-fylkis 10. marz 1952.“ Stefndi Östlund hefur skýrt svo

frá fyrir dómi, að hér hafi verið um að ræða félag með takmarkaðri ábyrgð.

Félagið fékk lán hjá stefnanda í máli þessu. Eftir skjölum frá bankanum, sem fram hafa verið lögð í málinu, var félaginu fyrst veitt lán 19. apríl 1952 og síðast 31. október sama ár. Þá verður ráðið af skjölum þessum, að hlaupareikningur hafi verið opnaður sama dag og fyrsta lánið var veitt. Síðasta færsla í hlaupareikningnum er frá 17. september 1953. Síðasta færsla (innborgun) á hinum almenna lánareikningi er hins vegar frá 24. apríl 1956.

Starfsemi Andrjesson Manufacturing Co. gekk ekki að óskum, og hafa báðir hinir stefndu skýrt svo frá fyrir dómi, að félagið starfi ekki lengur og eigi ekki fyrir skuldum. Er mál þetta höfðað til innheimtu eftirstöðva lána veittra félaginu, en stefnandi telur stefndu vera í persónulegri ábyrgð fyrir greiðslu þeirra.

Mál þetta var þingfest 10. september 1959, og lagði lögmaður stefnanda þá fram stefnu og greinargerð með 40 fylgiskjölum.

Í stefnunni (dskj. nr. 1) er málavöxtum og kröfum lýst þannig:

„Tildrög málsins eru þau, að á árinu 1952 veitti stefnandi firmanu Andrjesson Manufacturing Co. lán, alls að fjárhæð $ 2385.00, en skuld þessi er nú að eftirstöðvum $ 1192.09. Þar sem ekki hefur tekizt að fá skuldina greidda hjá nefndu félagi, er þess krafizt, að stefndum, sem tóku á sig sjálfskuldarábyrgð á skuldinni með sérstöku ábyrgðarskjali, verði gert að greiða skuldina.

Fyrir dóminum mun stefnandi gera þær réttarkröfur, *að* hinum stefndu verði *in solidum* gert að greiða kanadíska dollara 1192.09 auk 6% ársvaxta af $ 1627.09 frá 14. okt. 1954 til 9. des. 1954, af $ 1527.09 frá þeim degi til 1. febrúar 1955, af $ 1492.09 frá þeim degi til 1. marz 1955, af $ 1442.09 frá þeim degi til 4. apríl 1955, af $ 1392.09 frá þeim degi til 15. júní 1955, af $ 1342.09 frá þeim degi til 21. september 1955, af $ 1292.09 frá þeim degi til 23. janúar 1956, af $ 1242.09 frá þeim degi til 6. febrúar 1956, af $ 1217.09 frá þeim degi til 24. apríl 1956 og af $ 1192.09 frá þeim degi til greiðsludags, *að* þeim verði gert að greiða 55% á ofangreindar kröfur í íslenzkum krónum, og *að* þeim verði gert að greiða málskostnað að skaðlausu.“

Greinargerð lögmanns stefnanda (dskj. nr. 2) er að meginmáli á þessa leið:

„Ég flyt mál þetta fyrir stefnanda og leyfi mér að leggja fram eftirtalin skjöl:

Nr. 1, stefnu,
— 2, greinargerð þessa,
— 3, ábyrgðarskjal,
— 4–7, víxlar,
— 8–35, bréfaviðskipti,
— 37—38, reikningar fyrir þýðingar,
— 39, afrit bréfs,
— 40–41, dómskjöl í þýðingu lögg. skjalaþýðanda,
— 42–43, reikningsyfirlit.

Tildrög þessa máls eru þau, að á árinu 1952 veitti umbj.m., sem er banki í Troi-Riviéres í Quebeque í Canada, félaginu Andrjesson Manufacturing Co. allmikil peningalán. Voru gefnir út víxlar fyrir nokkrum hluta þessara lána, sjá dskj. nr. 4—7.

Þann 17. maí 1952 rituðu hinir stefndu nöfn sín undir ábyrgðarskjal, dómskjal nr. 3, og tóku þar með á sig sjálfsskuldarábyrgð á öllum skuldum félags þessa við bankann.

Þann 24. apríl 1956 stóð skuldin í $ 1192.09, auk ógreiddra vaxta. Þar sem hinir stefndu hafa reynzt ófáanlegir til að greiða þessa skuld, þrátt fyrir margítrekaðar innheimtutilraunir, er málssókn þessi nauðsynleg.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um mál þetta að sinni, en áskil mér rétt til frekari öflunar gagna síðar og til nánari málsútlistunar, eftir því sem tilefni gefst til.

Legg málið í dóm með fyrirvara."

Af hálfu stefndu var fenginn frestur til ritunar greinargerðar, og framhaldsfrestir voru veittir 24. september og 8. október. Næst kom málið fyrir 3. desember. Þá var af stefnanda hálfu lögð fram þýðing á dskj. nr. 3 (merkt nr. 44), en stefndu enn veittur frestur til að skila greinargerð. Hinn 7. janúar var lögð fram greinargerð lögmanns stefnda Magnúsar (nr. 45) og með henni kvittun (nr. 46) frá stefnanda fyrir $ 350 innborgun, nr. 47 og 48 bréf, nr. 49—53, stefnur og greinargerðir úr fyrra máli um sömu lögskipti, og nr. 54, eftirrit sækjanda af dskj. 3, sem lögmaður stefnda Magnúsar kvað hafa verið afhent við framlagningu frumskjals.

Í greinargerð sinni skorar lögmaður stefnda Magnúsar á lögmann stefnanda að leggja fram gögn til að sýna, hvort tilraun hefði verið gerð til að innheimta skuldina hjá öðrum, svo og

um það, hvenær fyrst hafi verið krafið um greiðslu samkvæmt dskj. nr. 3.

Þá segir í greinargerðinni: „Eftirrit af dskj. 3, sem háttvirtur sækjandi afhenti mér, er rangt. Það er óstaðsett, ódagsett og óundirritað, bæði af aðiljum og vottum. Þar vantar inn í 1. mgr. orðin: „jointly and severally". Loks vantar með öllu eftirrit af dskj. 36. Skjöl stefnanda eru ekki í réttri röð". Rétt er að taka fram nú þegar, að ekkert skjal merkt nr. 36 var lagt fram.

Þá er því haldið fram í greinargerðinni, að skuldin hafi verið rangt tilgreind í fyrra máli aðilja og að enn vanti það á, að stefnda Magnúsi hafi verið færðir $ 15 til tekna. Segir hér að lútandi í greinargerðinni: „Er bókhaldi stefnanda, þótt bankastofnun eigi að heita, bersýnilega mjög áfátt, svo að dómkröfur hans hafa reynzt óáreiðanlegar. Getur bókhaldið því eigi orðið grundvöllur undir dómi. Er skorað á stefnanda að leggja fram notarialiter staðfest endurrit af bókum sínum."

Þá er dskj. nr. 40, 41 og 44 mótmælt sem röngum og óstaðfestum utanréttarskjölum. Um dskj. 40 segir, að þar standi ekki, hvað sé þýðing á hverju. Dskj. 3—39 er mótmælt sem röngum og óíslenzkum. Þá er dskj. nr. 42—43 mótmælt sem röngum, erlendum og óstaðfestum. Dskj. nr. 1—2 eru sögð röng.

Af hálfu stefnda Östlunds var enn fenginn frestur til að rita greinargerð, og sá frestur var framlengdur til 14. janúar. Hinn 21. janúar var lögð fram greinargerð lögmanns stefnda Östlunds og með henni bréf það um skrásetningu Andrjesson Manufacturing Co., sem áður er minnzt á, svo og þýðing á bréfinu og reikningur skjalaþýðara (nr. 55—58). Í greinargerðinni er skorað á stefnanda að leggja fram notarialstaðfest afrit af bankareikningi Andrjesson Manufacturing Co. Þá voru höfð uppi mótmæli varðandi dskj. 44.

Á þessu þingi var aðiljum veittur sameiginlegur frestur til gagnaöflunar, og sá frestur var framlengdur til 18. febrúar. Hinn 17. marz var málið tekið fyrir á sérstöku bæjarþingi að viðstöddum lögmönnum aðilja. Þá var bókað, að lögmaður stefnanda legði fram „nr. 59, notarialstaðfest viðskiptabókarendurrit, nr. 60, sama, nr. 61, þýðingu á nr. 60, og nr. 62, þýðingu á dskj. 3". Bjarni Guðmundsson, löggiltur skjalaþýðari, kom fyrir dóm á þessu þingi, en þýðingu hans á dskj. 3 hafði verið mótmælt sem rangri og óstaðfestri. Út af þýðingu á skjali þessu fóru síðan fram yfirheyrslur, og lögð voru fram auk dskj. 44 og 62, sem áður er getið, dskj. nr. 63 og 64. Var hið fyrra ný

þýðing, en hið síðara athugasemdir varðandi þýðinguna. Er ekki ástæða til að rekja þetta atriði ýtarlega. Hinn 11. maí var kveðinn upp úrskurður hér á bæjarþinginu og Bjarna Guðmundssyni heimilað að staðfesta framburð sinn varðandi þýðingu á dskj. nr. 3. Var sá úrskurður staðfestur í Hæstarétti 13. júní.

Á þinginu 17. marz kom fram, að nýtt samrit af dskj. nr. 3, sem lögmanni stefnda Magnúsar hafði verið afhent af lögmanni stefnanda, var eigi samhljóða frumritinu. Þá kom og fram, að skjalaþýðarinn virtist hafa þýtt eftir sams konar eintaki og lögmaður stefnda Magnúsar hafði fengið. Var hér í báðum tilvikum um að tefla prentuð eyðublöð frá stefnanda og munurinn á hinum prentaða texta ekki verulegur.

24. marz var málinu enn frestað, og 3. maí var það tekið fyrir á ný. Þá mun lögmanni stefnda Magnúsar hafa verið afhent ljósrit af dskj. 3, en hann lýsti því yfir, að á það vantaði orð, sem prentuð eru með rauðu letri á frumskjalið.

Hinn 5. maí var málinu enn frestað, og 11. maí komu báðir hinir stefndu fyrir dóm. Þá lagði lögmaður stefnanda fram tryggingar- eða ábyrgðarskjal (nr. 65) í frumriti á ensku, undirritað af stefnda Magnúsi. Afrit af því voru þá ekki fyrir hendi.

27. september staðfesti Bjarni Guðmundsson framburð sinn varðandi þýðingu sína á dskj. 3. Á því sama þingi var lagt fram (nr. 66) endurrit úr dómabók Hæstaréttar. Þá mótmælti lögmaður stefnda Magnúsar dskj. nr. 65 sem óþýddu.

Munnlegur málflutningur um frávísunarkröfu fór fram 7. þ. m. Þá lagði lögmaður stefnanda fram nr. 67 og 68, bréf og þýðingu á dskj. nr. 65. Þýðingunni mótmælti lögmaður stefnda Magnúsar sem rangri og óstaðfestri. Sami lögmaður mótmælti nú dskj. 59 og 60 sem röngum, erlendum og óstaðfestum og dskj. nr. 61 sem röngu og óstaðfestu, en þessi síðustu mótmæli taldi lögmaður stefnanda of seint fram komin.

Í hinum munnlega málflutningi vísaði lögmaður stefnda Magnúsar til greinargerðar sinnar, en þau atriði hennar, sem hér virðast skipta máli, hafa þegar verið rakin. Lögmaður studdi og frávísunarkröfu sína þessum rökum:

Að í greinargerð lögmanns stefnanda eru dskj. nr. 4—7 talin víxlar, þótt þau séu það ekki að íslenzkum lögum. Sé málið því vanreifað, en hefði verið um víxla að ræða, hefði og borið að upplýsa kanadískar reglur um fyrningu víxilkrafna.

Að dskj. nr. 44 væri rangt, en dæma yrði málið eftir því, hvernig það var við þingfestingu. Þá væri þýðingin á dskj. 3

enn röng, eins og hún liggur fyrir eftir staðfestingu skjalaþýðarans.

Að þýðingum margra skjala hefur verið mótmælt sem röngum og óstaðfestum, en þó hefur staðfesting á fæstum þýðingunum fram farið.

Að dskj. 59 og 60 séu ófullnægjandi, þar sem ekki fylgja vottorð frá sendiráði Íslands í Kanada um, að maður sá, sem staðfestir þau, sé notarius publicus. Dskj. þessi séu einnig röng og óljós. Í dskj. 59 sé rangt lagt saman um $ 8.51, og dskj. 60 beri ekki saman við dskj. 4. Á dskj. 4 sé skráð innborgun $ 350 12. marz 1953, en á dskj. 60 er skráð $ 250 innborgun 12. maí þess árs. Þá er dskj. 5 dagsett 6. október 1952, en jafnhá innborgun á lánareikning á dskj. 60 er skráð 8. október.

Lögmaður stefnda Östlunds sagði í hinum munnlega málflutningi, að hann byggði frávísunarkröfu sína á þessum atriðum:

Að ekki kæmi fram í stefnu, á hverju krafa er byggð.

Að dskj. 4—7 sýndu alls lán að upphæð $ 2385.00. Hins vegar sjáist á dskj. 60, að veitt hafi verið $ 3000.00 lán, og sé málið því rangtúlkað þegar að þessu leyti.

Að dskj. 4—7 séu kölluð víxlar, þótt svo sé ekki.

Að engin færsla sé á dskj. 60 til að sýna lán það, sem dskj. 5 fjallar um, en það er dags. 6. október 1952.

Að á dskj. 59 er samlagningarskekkja, sem nemur $ 8.51.

Lögmaður stefnanda byggði kröfu sína um, að frávísunarkröfunni yrði hrundið, á því:

Að engu skipti, hvort dskj. 4—7 séu kölluð víxlar, enda sé fullljóst, að krafa stefnanda sé ekki byggð á víxilrétti. Hafi hann verið til, sé hann nú fyrndur, en hér sé a. m. k. um greiðsluloforð að ræða.

Að engin ástæða hafi verið til að þýða dskj. 59, þar sem það sé aðeins framlagt til að skýra, hvernig fundin sé upphæðin $ 7.91 á dskj. 60. Sé þar um að ræða lokamismuninn á dskj. 59.

Að hvorugur hinna stefndu hafi haldið því fram, að reikningur stefnanda um viðskipti við Andrjesson Manufacturing Co. sé rangur.

Að stefndi Magnús hafi í mörgum bréfum viðurkennt kröfur stefnanda.

Að stefndi Magnús hafi í bréfi (dskj. 47) sagt, að þýðingar hafi ekki verið nauðsynlegar.

Að það hafi ekki verið sannað af hálfu stefnda Magnúsar,

að maður sá, sem staðfestir dskj. 59 og 60, sé ekki notarius publicus.

Að lögmaður stefnda Magnúsar hafi sjálfur verið við, þegar dskj. 61 var lagt fram, en ekki hreyft mótmælum gegn því.

Málsástæður þær, sem fram eru færðar til stuðnings frávísunarkröfunum, verða nú athugaðar.

Þegar mál þetta var þingfest, lagði lögmaður stefnanda m. a. fram stefnu, greinargerð og svonefnt ábyrgðarskjal, 4 skjöl, sem hann nefndi víxla, og útskriftir úr bókum stefnanda um viðskipti Andrjesson Manufacturing Co.

Af hálfu stefnda Östlunds er því haldið fram, að ekki komi fram í stefnu, á hverju krafan í máli þessu er byggð. Málavaxtalýsingin í stefnunni er tekin upp hér að framan, og uppfyllir hún að áliti dómarans þær kröfur, sem gerðar eru til stefna í 88. gr. laga nr. 85/1936.

Af hálfu sama aðilja er því og haldið fram, að það sé rangtúlkun, sem segir í stefnu, að veitt lán hafi alls numið $ 2385.00, en sú upphæð er samtala dskj. 4—7. Sjáist þetta á dskj. 60. Rétt er, að fram kemur, að lán að upphæð $ 3000.00 hefur verið veitt, en ekki verður séð, að það skipti máli um rekstur máls þessa, þó að stefnandi hafi kosið að tilgreina aðeins þann hluta lána sinna, sem sérstakar kvittanir eru lagðar fram fyrir. Verður þessari málsástæðu því ekki sinnt, þó að málsatvikalýsing í stefnu hefði mátt vera gleggri.

Þá er því haldið fram af hálfu sama aðilja, að dæma verði málið eftir því, hvernig það lá fyrir við þingfestingu. Sækjandi lagði þegar við þingfestingu fram skjöl, er í íslenzkri þýðingu verður að telja nægileg til að leggja efnisdóm á málið, og verður ekki á það fallizt, að það valdi frávísun, að síðar hafa komið fram þýðingar og staðfestingar, enda hefur þessum þýðingum og staðfestingum ekki verið mótmælt sem of seint fram komnum. Þessi málsástæða verður því ekki tekin til greina.

Eins og að framan er rakið, var endurrit „ábyrgðarskjals" þess, sem hér ræðir um og afhent var lögmanni stefnda Magnúsar af lögmanni stefnanda við þingfestingu, ófullkomið. Annað skjal, sem lögmanninum var síðar afhent sem samrit „ábyrgðarskjalsins", var einnig ófullkomið. Það er venja við meðferð mála fyrir bæjarþingi, að lögmenn afhendi lögmönnum gagnaðilja endurrit skjala þeirra, sem þeir leggja fram. Það atferli lögmanns stefnanda, sem hér hefur verið lýst, ber að átelja, en ekki verður talið, að það eitt varði frávísun, enda virðist

fram komið, að hér var ekki um ásetningsverk að ræða, að mistök voru ekki stórvægileg og að þau höfðu ekki veruleg áhrif á rekstur málsins.

Þá eru frávísunarkröfur beggja hinna stefndu studdar þeim rökum, að dskj. 4—7 séu ranglega kölluð víxlar. Mál þetta er ekki höfðað sem víxilmál, og verður því að taka afstöðu til þess við efnisdóm, hvert gildi skjala þessara er. Eru ekki efni til að vísa málinu frá dómi vegna þessarar málsástæðu. Af hálfu stefnanda hafi ekki verið upplýst um víxilreglur eftir kanadískum rétti, en það skiptir ekki heldur máli í þessu sambandi, þegar af þeirri ástæðu, að fram er komið, að ekki er á slíkum reglum byggt.

Það hefur komið fram, að endurrit af dskj. 4, sem lögmaður stefnanda afhenti lögmönnum gagnaðilja, var ekki rétt, að því er snerti eina færslu um innborgun. Af þessu m. a. stafar ósamræmi það milli dskj. 4 og 60, sem lögmaður stefnda Magnúsar benti á við hinn munnlega málflutning. Áritunin á dskj. 4 er ógreinileg, þó að af samhenginu megi sjá með vissu, hver talan á að vera. Um þetta atriði er að öðru leyti hið sama að segja og sams konar mistök varðandi dskj. nr. 3.

Í greinargerð lögmanns stefnda Magnúsar var dskj. 3—39 mótmælt sem röngum og óstaðfestum utanréttarskjölum. Í þessu sambandi er ekki ástæða til að geta annars en þess hér, að nöfn beggja hinna stefndu eru rituð á dskj. nr. 3—7. Hafa þeir kannazt við nafnritun sína á dskj. 3, en dskj. 4—7 hafa ekki verið sýnd þeim. Nafn stefnda Magnúsar er ritað á dskj. 17, 18 og 20—25 að báðum meðtöldum, og hafa þau ekki verið sýnd honum. Önnur af fyrrgreindum skjölum hafa ekki heldur verið staðfest sérstaklega fyrir dómi. Ekki verður þó talið, að þetta atriði varði frávísun, heldur verður að meta það við efnisdóm í málinu.

Dómskjali nr. 40 hefur verið mótmælt af hálfu stefnda Magnúsar sem röngu og óstaðfestu utanréttarskjali. Þá hefur þessu skjali verið mótmælt á þeim grundvelli, að ekki sé á það skráð, hvað sé í því þýtt. Dskj. 40 hefur að geyma ýmis dómskjöl í þýðingu Hilmars Foss, löggilts skjalaþýðara. Dómskjöl þessi eru bréf, er varða viðskipti aðilja máls þessa. Verður ekki talið, að það varði frávísun, þó að skjalaþýðarinn hafi ekki staðfest fyrir dómi, að þýðingar þessar séu réttar.

Dómskjali nr. 41 hefur, einnig af hálfu stefnda Magnúsar, verið mótmælt sem röngu og óstaðfestu utanréttarskjali. Dóm-

skjal 41 hefur að geyma ýmis dómskjöl í þýðingu Bjarna Guðmundssonar, löggilts skjalaþýðara. Þar á meðal eru þýðingar á dskj. nr. 4—7, svo og á nokkrum bréfum frá stefnanda. Ekki verður talið, að það varði frávísun, þó að skjalaþýðarinn hafi ekki staðfest fyrir dómi, að þýðingar þessar séu réttar.

Í greinargerð lögmanns stefnda Magnúsar var dskj. nr. 42 og 43 mótmælt sem röngum, erlendum og óstaðfestum. Síðar voru lögð fram dskj. 59 og 60, þar sem er að finna ný endurrit um sömu viðskipti og dskj. 42 og 43 sýna. Er þá ekki tilefni til að taka tillit til fyrrgreindra mótmæla hér.

Dómskjölum nr. 59 og 60 hefur verið mótmælt af hálfu stefnda Magnúsar á þeim grundvelli, að ekki liggi fyrir vottorð frá sendiráði Íslands í Kanada um, að maður sá, sem staðfestir þau, sé notarius publicus. Þessi málsástæða hefur ekki þýðingu varðandi framkomna frávísunarkröfu þegar af þeirri ástæðu, að það heyrir til efnishlið máls þessa, hvert er sönnunargildi dskj. 59 og 60.

Því er haldið fram af hálfu beggja hinna stefndu, að reikningsvilla væri í dskj. 59. Kom fram, að við endurritun hafði fallið niður ein tala úr dálki á skjalinu, en lögmennirnir byggðu athugasemdir sínar á hinu ranga endurriti. Hér er um mistök að ræða, sem hið sama ber að taka fram um og varðandi dskj. 3, en um frávísun af þessu tilefni verður ekki að ræða.

Einnig kom fram, auk þeirra mistaka varðandi lestur áritunar á dskj. 4, sem áður er frá greint, að þar sem í endurriti af dskj. 60 var skráð innborgun 12. maí 1953 hafi verið um misritun að ræða, vegna þess að frumrit var ógreinilegt. Mátti þó sjá af öðrum gögnum, hvað var rétt. Um þetta atriði er að öðru leyti hið sama að segja og næsta atriði hér að framan.

Lögmenn beggja hinna stefndu töldu það og sýna ónákvæmni í dskj. 60, að dskj. 5 er dagsett 6. október 1952, en jafnhátt lán er fært Andrésson Manufacturing Co. til tekna á dskj. 60 tveimur dögum síðar. Ekki leiddu lögmennirnir neinar frekari líkur að því, að þetta stafaði af bókhaldsóreiðu. Skiptir þetta atriði engu um frávísunarkröfurnar.

Þegar munnlegur málflutningur fór fram, mótmælti lögmaður stefnda Magnúsar dskj. 61 sem röngu og óstaðfestu, en lögmaður stefnanda taldi, að þessi mótmæli væru of seint fram komin. Með tilvísun til þess, sem að framan kemur fram um, hvenær dskj. 61 var lagt fram og að þá var lögmaður stefnda Magnúsar sjálfur viðstaddur, verður fallizt á sjónarmið lögmanns stefnanda.

Enn er þess að geta, að lögmaður stefnda Magnúsar virðist telja, að það styðji frávísunarkröfu hans, að dómkrafan í máli þessu sé $ 15 of há. Ekki er ástæða til að athuga það atriði frekar, þar sem það varðar efni málsins, en veldur ekki frávísun, þótt rétt sé. Hið sama er að segja um, að ekki hefur verið sinnt áskorun lögmannsins um að sýna fram á, hvort gerð hefur verið tilraun til að innheimta hina umstefndu skuld með öðrum hætti en hér er gert. Engu skiptir það heldur hér, þó að rangar dómkröfur kunni að hafa verið gerðar í öðru dómsmáli út af lögskiptum þessum. Rétt er, að röðun skjala er ekki glögg, en ekki verður það heldur talið leiða til frávísunar.

Hér að framan hafa verið raktar og metnar þær málsástæður, sem fram hafa verið færðar til stuðnings frávísunarkröfu stefndu. Eins og þegar er komið fram, verður að telja, að ónákvæmni sú við endurritun skjala, er lögmaður stefnanda lagði fram, sé ámælisverð, en þó verður ekki talið, að hver einstök mistök eða þau öll saman varði frávísun. Ekki eru heldur fram komnar aðrar málsástæður, sem leitt geti til frávísunar. Ber því að hafna fram komnum kröfum þar að lútandi.

Rétt er, að ákvörðun varðandi málskostnað bíði væntanlegs efnisdóms í málinu.

Þór Vilhjálmsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna. Hefur uppsagan dregizt vegna anna og þess, hvernig málatilbúnaðurinn var.

Ályktunarorð:

Kröfum um frávísun bæjarþingsmálsins nr. 648/1959 verður ekki sinnt.

Miðvikudaginn 30. nóvember 1960.

Nr. 170/1959. **Þorsteinn Jónsson** (Guðlaugur Einarsson hdl.)
gegn
Jóni Gíslasyni (Magnús Thorlacius hrl.)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lögbann. Veiðiréttindi.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Steingrímsson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, og samdómendurnir Þorvaldur T. Jónsson, oddviti í Hjarðarholti, og Þórir Steinþórsson, skólastjóri í Reykholti, hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. september 1959. Eru kröfur hans þær, að lögbann það, sem lagt var við lax- og silungsveiði gagnáfrýjanda í Andakílsá hinn 12. ágúst 1958, verði staðfest og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu 30. september 1959 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 23. nóvember 1960, var staðfestur dómur, uppkveðinn á aukadómþingi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 20. júlí 1959, þar sem viðurkenndur er eignarréttur gagnáfrýjanda að landi því, sem hið svonefnda Neðra-Hreppsengi er á, og viðurkennt er slægjuítak aðaláfrýjanda á því engi. Aðaláfrýjandi hefur eigi fært sönnur að því, að hann og fyrri ítakshafar í Neðra-Hreppsengi hafi stundað veiði fyrir engjalandinu með þeim hætti, að gagnáfrýjandi sé firrtur rétti til að veiða fyrir þessu landi sínu.

Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Átelja ber óhæfileg ummæli lögmanns aðaláfrýjanda, Guðlaugs Einarssonar héraðsdómslögmanns, í bréfum til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, sem lögð hafa verið fram í máli þessu.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 21. júlí 1959.

Mál þetta er höfðað með opinberri stefnu, útgefinni 18. ágúst f. á., til staðfestingar lögbanni, er fram fór 12. sama mán., þingfest 16. september f. ár, áreið gerð 1. maí 1959 og tekið til dóms 10. þ. m.

Stefnandinn, Þorsteinn Jónsson, bóndi í Efra-Hrepp, krefst þess, að lögbann það, sem lagt var við því með úrskurði sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hinn 12. ágúst s.l., að stefndi, Jón Gíslason, stundi lax- og silungsveiði í Andakílsá fyrir landspildu þeirri, sem nefnd er Neðra-Hreppsengi á Suðurengjum, verði staðfest með dómi. Enn fremur krefst hann þess, að stefnda verði gert að greiða allan málskostnað, þar með talinn lögbannskostnað, eftir mati dómsins.

Stefndi, Jón Gíslason, bóndi á Innri-Skeljabrekku, krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Enn fremur krefst hann málskostnaðar af hendi stefnanda að skaðlausu.

Undir rekstri málsins hefur stefndi fallið frá aðalkröfu sinni, þar eð stefnandi lagði fram í réttinum dómsgerðir lögbannsmálsins.

Málflutningsmaður stefnanda hefur hreyft því, að stefnda brysti fullkomna eignarheimild fyrir jörðinni Innri-Skeljabrekku. Telur hann, að er faðir stefnda, Gísli Jónsson, fékk afsal fyrir jörðinni 22. júní 1937 frá Jóni Hannessyni fyrir hönd Guðrúnar Jónsdóttur í Bæ, hafi hún eigi verið eigandi hennar, heldur sonur hennar, Andrés Björnsson frá Bæ.

Undir rekstri málsins hefur málflutningsmaður stefnda lagt fram yfirlýsingu Andrésar Björnssonar, um að móðir hans hafi

haft fullt og ótakmarkað umboð til að afsala jörðinni til Gísla Jónssonar. Einnig er alkunnugt, að Jón Hannesson, bóndi í Deildartungu, var fjárhaldsmaður Guðrúnar Jónsdóttur frá Bæ. Verður því vefenging stefnanda á eignarheimild stefnda fyrir jörðinni Innri-Skeljabrekku eigi tekin til greina.

Málavextir eru þessir:

Í ágústmánuði 1958 setti stefndi laxveiðilögn í Andakílsá fyrir svonefndu Neðra-Hreppsengi. Taldi stefnandi stefnda veiði óheimila þarna, þar eð hann taldi sig hafa fullkomið eignarafsal fyrir enginu frá móður sinni. Sneri hann sér því til sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og krafðist þess, að lögbann yrði lagt við því, að stefndi veiddi fyrir Neðra-Hreppsengi. Var lögbann lagt við því 12. ágúst 1958 í fógetarétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Höfðaði hann síðan mál þetta til staðfestingar lögbanninu.

Stefnandi byggir kröfu sína um, að stefnda verði bönnuð öll veiði fyrir Neðra-Hreppsengi, á því, að hann hafi fullkominn eignarrétt á enginu samkvæmt afsali frá móður sinni, Guðrúnu Þorsteinsdóttur í Neðra-Hrepp, og hefur hann lagt það afsal fram í réttinum á dómsskjali 4.

Jafnframt hefur hann staðhæft, að um mörg undanfarin ár hafi hann eða menn í umboði hans stundað silungs- og laxveiði í Andakílsá fyrir Neðra-Hreppsengi. Hins vegar hafi stefndi aldrei stundað veiði fyrir enginu, fyrr en hann setti lögn sína þar í ágúst 1958.

Telur hann þetta leiða til þess, að honum sé heimil fyrrgreind veiði, en stefndum óheimil.

Stefndi heldur því fram, að Neðra-Hreppsengi sé slægjuítak, er stefnandi eigi, og fylgi því ekki veiðiréttur. Þá mótmælir hann því, að stefnandi hafi stundað veiði fyrir enginu á undanförnum árum.

Hefur hann höfðað mál til viðurkenningar á eignarrétti sínum á landi því, er Neðra-Hreppsengi er á, og var það mál tekið undir dóm samtímis þessu máli.

Með dómi gengnum í gær í málinu: Jón Gíslason gegn Þorsteini Jónssyni, er því slegið föstu, að Neðra-Hreppsengi sé slægjuítak innan landamerkja jarðarinnar Innri-Skeljabrekku og eigi því eigandi ítaksins aðeins slægjurétt á því, en landið undir því sé eign eiganda Innri-Skeljabrekku.

Viðurkennir því rétturinn eigi, að afsalið á réttarskjali 4 veiti stefnanda rétt til veiði fyrir Neðra-Hreppsengi.

Þótt telja verði, að stefnandi hafi fært sönnur á, að hann eða menn á hans vegum hafi um nokkurt árabil stundað silungsveiði fyrir Neðra-Hreppsengi, einkum jafnhliða því að hann nytjaði slægjur sínar á enginu, verður eigi talið, að hann hafi unnið hefð á veiðirétti með því. Skortir til þess fyrst og fremst sannanir fyrir því, að hann hafi stundað veiðina svo lengi, að til eignarhefðar megi leiða.

Samkvæmt framansögðu ber að fella úr gildi lögbann það, er lagt var 12. ágúst 1958 við því, að stefndi stundi lax- og silungsveiði í Andakílsá fyrir landspildu þeirri, sem nefnd er Neðra-Hreppsengi á Suðurengjum í Andakílshreppi.

Þá ber að gera stefnanda að greiða stefnda bætur fyrir tjón það, er lögbannið hefur bakað honum, en þar sem hann hefur ekki gert neina tilraun til sýna fram á, hve miklu það nemi, getur þar aðeins orðið um málamyndarbætur að ræða, og virðast þær hæfilega ákveðnar kr. 100.00.

Loks ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, er ákveðst kr. 3000.00. Enn fremur greiði hann kostnað dómsins, er ákveðst þannig:

1. Ferðakostnaður dómenda ..... kr. 800.00
2. Dagkaup meðdómenda (7 daga hvor) — 1400.00

Samtals kr. 2200.00

Dómsorð:

Lögbann það, sem var í fógetarétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hinn 12. ágúst 1958 samkvæmt kröfu stefnanda, Þorsteins Jónssonar, lagt við því, að stefndi, Jón Gíslason, stundi lax- og silungsveiði í Andakílsá fyrir landspildu þeirri, sem nefnd er Neðra-Hreppsengi á Suðurengjum í Andakílshreppi, er úr gildi fellt.

Stefnandi greiði stefnda í málskostnað 3000.00 — þrjú þúsund — krónur. Enn fremur greiði hann kostnað við dóminn, að upphæð 2200.00 — tvö þúsund og tvö hundruð — krónur.

Dóminum ber að fullnægja innan 14 daga frá birtingu að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. nóvember 1960.

Nr. 118/1959. **Alfreð Hilmar Þorbjörnsson**
(Gunnar Þorsteinsson hrl.)
gegn
Landleiðum h/f og
Jósef Smára Guðmundssyni
(Jóhann Steinason hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. júní 1959, að fengnu áfrýjunarleyfi 24. s. m. Krefst hann þess, að stefndu verði dæmt að greiða honum in solidum kr. 47.944.44 ásamt 6% ársvöxtum frá 26. október 1957 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar í Hæstarétti að mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann. Þá ber og að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 4500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Alfreð Hilmar Þorbjörnsson, greiði stefndu, Landleiðum h/f og Jósef Smára Guðmundssyni, kr. 4500.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. janúar 1959.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 18. f. m., hefur Alfreð Hilmar Þorbjörnsson, Lækjargötu 10, Hafnarfirði, höfðað á bæjarþinginu með utanréttarstefnu, birtri 20. marz 1958, gegn Landleiðum h/f, hér í bæ, og Jósef Smára Guðmundssyni, Álfhólsvegi 67, Kópavogi, til greiðslu skaðabóta in solidum, að fjár-

hæð kr. 47.944.44 ásamt 6% ársvöxtum frá 26. október 1957 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndu hafa krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu.

Vátryggingarfélaginu h/f, hér í bæ, hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu, en kröfur eru ekki gerðar á hendur því, og það hefur ekki uppi kröfur í málinu.

Stefnandi skýrir svo frá tildrögum málsins, að hinn 26. október 1957, um kl. 2300, hafi hann lagt af stað frá Reykjavík í bifreið sinni, G 131, og hafi ferðinni verið heitið suður í Hafnarfjörð. G 131 er lítil fólksflutningabifreið af gerðinni Opel-Caravan. Voru fjórir farþegar í bifreiðinni í umrætt sinn, eiginkona stefnanda, er sat við hlið hans í framsæti bifreiðarinnar, bróðurdóttir hennar, Þórunn Teitsdóttir, og eiginmaður, Kristján Guðlaugsson. Sátu þau í aftursæti bifreiðarinnar. Stefnandi kveður veðri hafa verið þannig háttað, að gengið hafi á með hvössum og alldimmum snjóhryðjum. Þannig hafi verið él, er hann lagði af stað frá Reykjavík, er birti upp á leiðinni. Og er hann var kominn upp á Kópavogsháls, hafi verið tunglskin og gott skyggni. Stefnandi kveður hálku hafa verið á Reykjanesbraut og snjókrap á vegjöðrunum. Bifreiðin hafi verið með snjókeðjur á báðum afturhjólum. Ljós bifreiðarinnar hafi verið í lagi svo og rúðuþurrkurnar á báðum framrúðum. Hliðarrúður bifreiðarinnar hafi verið dálítið hélaðar hægra megin, að hann minni, en vinstra megin hafi þær verið hreinar. Stefnandi kveðst hafa ekið frekar hægt. Muni ökuhraðinn hafa verið um 30—35 km, miðað við klukkustund. Er bifreiðin var komin í miðja Kópavogsbrekkuna sunnanverða, hafi hann séð, hvar strætisvagn kom á móti. Hafi strætisvagninn þá verið staddur í brekkunni norðan í Arnarneshálsi. Er hér var komið, hafi verið bjart yfir, og hafi hann séð gjörla, að hér var á ferðinni áætlunarbifreið frá stefnda Landleiðum h/f. Rétt eftir að hann sá til bifreiðar þessarar, hafi hann dregið úr hraða sinnar bifreiðar með því að fjarlægja fótinn af benzínfetlinum. Er bifreið hans hafi átt ófarna um 10—12 metra að Kópavogsbrúnni, hafi áætlunarbifreiðin verið um það bil á syðri enda brúarinnar. Bifreið þessari hafi verið ekið allhratt, og hafi sér virzt, að hún væri svo skökk á veginum, að hún lokaði fyrir honum brúarsporðinum. Kveðst stefnandi nú hafa vikið bifreið sinni eins langt út á vinstri vegbrún og hann framast þorði til þess að forðast, að hún lenti utan í áætlunarbifreiðinni. Á vegjaðrinum hafi

verið snjókrap og mikil hálka. Og er hann ætlaði að „rétta bifreiðina aftur af“ og aka inn á brúna, hafi hún ekki látið að stjórn. Í sama mund hafi áætlunarbifreiðin farið fram hjá, og hafi sér þá fundizt sem mikill gustur eða stormhviða kæmi á bifreið sína, um leið og hún færðist lengra út á vegbrúnina. Við þessa breytingu á stefnu bifreiðarinnar hafi hann ekkert getað ráðið, og það hafi engum togum skipt, að hún rann á vinstri brúarstólpann á norðurenda brúarinnar. Áreksturinn hafi verið allharður, og hafi farþegarnir kastazt fram úr sætum sínum. Sjálfur hafi hann þrýstst upp að stýrinu, en vinstri fótur hans lent af miklu afli á mælaborðinu.

Meginatriðin í frásögn stefnanda hér að framan eru úr skýrslu, er hann gaf lögreglunni í Hafnarfirði örfáum dögum eftir slysið. Hefur stefnandi staðfest skýrslu þessa fyrir dómi hinn 21. október s.l. Skýrði hann þá jafnframt svo frá, að áætlunarbifreiðin hafi verið á hægri vegarhelmingi, er henni var ekið að Kópavogsbrú og inn á brúna, en ökumaður bifreiðarinnar hafi byrjað að sveigja henni til vinstri, um leið og hann ók yfir brúna. Þá kvaðst stefnandi og telja, að hraði þeirrar bifreiðar hafi ekki verið minni en 60 km, miðað við klukkustund. Enn skýrði stefnandi svo frá fyrir dómi í umrætt sinn, að 60 cm breitt krap hafi verið á vinstri vegbrún, en flughálka á miðjum veginum. Hafi hann ekki reynt að stöðva bifreið sína, enda talið það tilgangslaust vegna hálkunnar. Miður framvari bifreiðarinnar hafi lent á brúarstólpanum.

Vitnið Þórunn Teitsdóttir gaf lögreglunni í Keflavík skýrslu um slysið hinn 13. nóvember 1957. Skýrir vitnið þá svo frá, að það hafi setið hægra megin í bifreiðinni. Er bifreiðin nálgaðist umrædda brú, hafi það séð áætlunarbifreiðina koma á móti og hafi því fundizt, að hún mundi aka á stefnanda. Síðan hafi það skynjað högg og misst meðvitund. Vitnið kveður stefnanda hafa ekið fremur hægt og gætilega, áður en slysið varð. Hinn 21. október s.l. staðfesti vitnið þenna framburð sinn fyrir dómi. Jafnframt skýrði það þá svo frá, að það hafi ekki séð áætlunarbifreiðina, fyrr en rétt áður en áreksturinn varð. Hafi bifreiðin þá verið rétt framan við bifreið stefnanda, og geti það fullyrt, að áætlunarbifreiðin hafi þá verið meira á eystri helmingi vegarins.

Vitnið Kristján Guðlaugsson skýrir svo frá, að bifreið stefnanda hafi verið að koma að Kópavogsbrúnni, er það sá til ferða áætlunarbifreiðarinnar. Sú bifreið hafi þá verið komin inn á

brúna. Hafi bifreið þessari verð ekið hratt, að því er vitninu virtist, „og meira en inn á miðjum vegi", eins og vitnið kemst að orði. Er bifreið þessi fór fram hjá, hafi virzt eins og högg kæmi á bifreið stefnanda, svo hafi gusturinn af stóru bifreiðinni verið mikill. Vitnið segir, að í þessum svifum hafi bifreið stefnanda verið sveigt til vinstri í því skyni að koma í veg fyrir árekstur, en þá hafi bifreiðin lent á vinstri brúarstöplinum. Vitnið kveður sér hafa virzt, að bifreið stefnanda væri ekið hægt og gætilega, áður en slysið varð. Geti það hugsað sér, að ökuhraðinn hafi verið um 20—30 km, miðað við klukkustund. Framangreindan framburð sinn hefur vitnið staðfest fyrir dómi.

Stefndi Jósef Smári ók áætlunarbifreiðinni R 4708, eign meðstefnda Landleiða h/f, frá Hafnarfirði til Reykjavíkur um það leyti, er umrætt slys varð. Er það ekki vefengt af stefndu, að bifreið þessi sé hin sama, sem um ræðir hér að framan. Stefndi Jósef Smári skýrir svo frá, að hálka hafi verið á Reykjanesbraut í umrætt sinn og gengið hafi á með slydduhryðjum. Hann hafi haft góða útsýn út um framrúður bifreiðarinnar svo og tvær fremstu hliðarrúðurnar. Minnist hann þess ekki að hafa mætt bifreið stefnanda við Kópavogsbrú eða veitt nokkurri sérstakri bifreið á leiðinni athygli. Venja sín sé að aka á réttum helmingi akbrautarinnar og þá sérstaklega, þegar hann aki framhjá öðrum bifreiðum. Venjulegur ökuhraði sinn á þessari leið séu um 40 km, miðað við klukkustund, og minnist hann þess ekki að hafa ekið hraðar venju umrætt kvöld. Snjókeðjur hafi verið á báðum ytri afturhjólum bifreiðarinnar.

Frekari gögn um atvik að umræddum árekstri en nú hafa verið rakin liggja ekki fyrir í málinu.

Bifreið, sem ekið var um slysstaðinn skömmu eftir áreksturinn, flutti stefnanda og farþega hans í slysavarðstofuna í Reykjavík, þar sem gert var að meiðslum þeirra, en þau höfðu öll hlotið nokkra áverka.

Stefnandi kveðst hafa hringt á lögreglustöðina í Reykjavík þegar nóttina eftir slysið og tilkynnt henni það. Síðar um nóttina hafi hann svo farið á slysstaðinn til þess að láta draga bifreið sína til Hafnarfjarðar. Hafi hann þá verið búinn að hafa af því spurnir, að lögreglan væri búin að koma á slysstaðinn. Stefnandi kveðst ekki hafa tilkynnt réttargæzlustefnda, vátryggjanda áætlunarbifreiðarinnar, um áreksturinn, en hann hafi þó átt tal við fulltrúa félagsins, meðan bifreið sín var á verkstæði til við-

gerðar eftir árekstur inn, og innt hann eftir því, hvort félagið myndi greiða bætur vegna slyssins. Honum hafi verið svarað því til, að félagið teldi sig ekki bótaskylt.

Af gögnum málsins verður ekki séð, að lögreglan í Hafnarfirði eða í Reykjavík hafi látið slys þetta til sín taka, og virðist engin athugun hafa farið fram á slysstaðnum, áður en bifreið stefnanda var fjarlægð. Lýsingu á skemmdum á bifreið stefnanda af völdum árekstrarins er enga að finna í málinu, og nýtur eigi í málinu annarra gagna um það atriði en sundurliðaðra reikninga frá bifreiðaverkstæði einu í Hafnarfirði. Samkvæmt þeim hefur kostnaður við viðgerð á bifreiðinni numið alls rúmlega 30.000.00 krónum.

Kröfur sínar í málinu reisir stefnandi á því, að stefndi Jósef Smári hafi átt alla sök á umræddu slysi með hröðum og ógætilegum akstri, sem m. a. hafi verið fólginn í því, að hann hafi ekki ekið á réttum vegarhelmingi. Beri hann því ásamt meðstefnda, eiganda bifreiðarinnar R 4708, fébótaábyrgð á afleiðingum umrædds slyss, sbr. 34. og 35. gr. bifreiðalaga þeirra, er í gildi voru á þessum tíma.

Sundurliðar stefnandi kröfu sína þannig:

1.	Kostnaður við viðgerð á G 131	kr.	30.964.44
2.	Atvinnutjón í 7 vikur	—	10.500.00
3.	Þjáningabætur	—	4.000.00
4.	Afnotamissir	—	1.500.00
5.	Skemmdir á fötum	—	800.00
6.	Læknisvottorð	—	180.00
		Kr.	47.944.44

Eins og áður er vikið að, er það ekki vefengt af hálfu stefndu, að bifreið stefnda Landleiða h/f, R 4708, hafi verið ekið um slysstaðinn um það leyti, er slysið varð. Á hinn bóginn er því haldið ákveðið fram af þeirra hálfu, að slysið verði á engan hátt rakið til aksturs bifreiðarinnar. Orsök slyssins hafi þvert á móti bersýnilega verið sú, að stefnandi hafi ekið með ofsahraða og af einhverjum ástæðum fatazt stjórn bifreiðarinnar með þeim afleiðingum, að hún rakst á brúarstólpann. Varðandi framburði framangreindra vitna er á það bent af hálfu stefndu, að lítið sé á þeim byggjandi vegna tengsla þeirra við stefnanda. Að lokum er athygli vakin á því, að stefnandi hafi ekkert gert til að tryggja sönnunargögn um það, með hverjum hætti slys þetta varð, heldur hafi hann þvert á móti látið fjarlægja bifreiðina

af slysstaðnum, áður en komið yrði við rannsókn á verksummerkjum. Þá hafi hann heldur ekki gefið réttargæzlustefnda kost á því að láta trúnaðarmann sinn skoða bifreiðina eftir árekturinn, eins og venja sé, né heldur veitt félaginu færi á því að fylgjast með viðgerð á bifreiðinni. Framkoma stefnanda hafi því verið slík, að hann hafi firrt sig öllum rétti til bóta, þótt ekki yrði fallizt á, að meginsýknuástæðan hafi við rök að styðjast.

Eins og áður er fram tekið, er það ekki vefengt af stefndu, að bifreiðinni R 4708 hafi verið ekið framhjá bifreið stefnanda í þann mund, er umræddur árekstur varð. Þegar það á hinn bóginn er virt, sem fram er komið í málinu um atvik að árekstrinum, en því eru gerð ýtarleg skil hér að framan, þá verður eigi talið, að stefnanda hafi tekizt að færa á það sönnur gegn eindregnum mótmælum stefnda, að áreksturinn verði rakinn til ógætilegs aksturs R 4708. Leiðir af þessu, að sýkna ber stefndu af kröfum stefnanda í máli þessu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Í máli þessu eru stefndu, Landleiðir h/f og Jósef Smári Guðmundsson, sýknir af kröfum stefnanda, Alfreðs Hilmars Þorbjörnssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 30. nóvember 1960.

Nr. 161/1960. **Axel Eyjólfsson**
gegn
Sigfúsi Bjarnasyni, Arnbirni Óskarssyni og til réttargæzlu Kristjáni Kristjánssyni borgarfógeta.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Axel Eyjólfsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 30. nóvember 1960.

Nr. 168/1960. **Sigurður Pálmason f. h. Verzlunar Sigurðar Pálmasonar**
gegn
Jóni Grímssyni f. h. Ingólfs Hálfdánarsonar.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigurður Pálmason f. h. Verzlunar Sigurðar Pálmasonar, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 5. desember 1960.

Nr. 44/1959. **Ófeigur Guðnason** (Gústaf A. Sveinsson hrl.)
gegn
borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs
(Tómas Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lóðarréttindi. Brottflutningur húss.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. marz 1959 og krafizt þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir undirrétti og Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati Hæstaréttar.

Af ástæðum þeim, sem greindar eru í hinum áfrýjaða dómi, ber að staðfesta hann, þó þannig, að frestur sá, sem ákveðinn er til að flytja burt húsið, ákveðst 90 dagar frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 2500.00.

Dómsorð:

Áfrýjanda, Ófeigi Guðnasyni, er skylt að taka burtu, bæjarsjóði Reykjavíkur að kostnaðarlausu, hús sitt, sem stendur á lóðunum nr. 14—16 við Nesveg, innan 90 daga frá birtingu dóms þessa.

Áfrýjandi greiði stefnda, borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, kr. 2500.00, málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. febrúar 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. f. m., hefur borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarstjórnarinnar höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 3. marz 1958, gegn Ófeigi Guðnasyni, fyrrverandi skipstjóra, Brávallagötu 14, hér í bænum, og gert þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til þess að taka burtu, bæjarsjóði að kostnaðarlausu, smíðahús sitt, sem stendur á lóðunum nr. 14 og 16 við Nesveg, svo og til greiðslu málskostnaðar eftir mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og alls sakarkostnaðar úr hendi hans eftir mati dómarans.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi, dags. 2. marz 1942, fór stefndi þess á leit við bæjarráð Reykjavíkur, að það veitti honum leyfi til að flytja hænsnabú, sem hann þá rak, á eignarland bæjarins, Haga. Í bréfi, dags. 21. marz s. á., tilkynnti borgarstjóri stefnda, að bæjarráð hefði samþykkt að veita hið umbeðna leyfi, að áskildu samþykki leigjanda landsins, og féllst sá maður á þessa ráðstöfun. Var síðan hinn 11. nóvember 1943 gerður milli aðiljanna leigusamningur um lóð, sem stefnda var fengin í þessu skyni af landi Haga, að flatarmáli 2162 fermetrar. Segir í 2. gr. samnings þessa, að landið sé leigt til að hafa á því hænsnabú. Þá segir í 3. gr., að landið sé leigt til eins árs í senn og ársleigan ákveðin kr. 150.00. Loks segir í 4. gr., að hvor aðili um sig geti sagt samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara, en segi hvorugur upp, framlengist samningurinn af sjálfu sér.

Á árinu 1943 hófst stefndi handa um byggingu hænsnahúss á lóðinni. Staðhæfir stefndi, að áður en hann hóf bygginguna, hafi hann farið með teikningu af húsinu, gerða af húsameistara, til byggingarfulltrúa, en byggingarfulltrúinn hafi tjáð honum, að hann hefði ekkert með slíkar útihúsabyggingar að gera.

Stefnandi hefur mótmælt þessari staðhæfingu stefnda. Af því tilefni hefur maður sá, sem var byggingarfulltrúi Reykjavíkurbæjar á þeim tíma, sem hér skiptir máli, komið fyrir dóm 15. desember 1956. Kveðst hann ekki muna til þess, að stefndi hafi átt viðtal við hann um umrædda húsbyggingu, en getur þess, að þar sem svo langt sé um liðið, síðan þetta hafi átt að vera, og

þeir skipti hundruðum, er eigi viðtal við hann um byggingarmálefni, þá sé útilokað að muna eftir hverjum einstökum. Hins vegar fullyrðir byggingarfulltrúinn, að það sé algerlega útilokað, að hann hafi sinnt erindi nokkurs manns á þann veg, sem stefndi heldur fram, og er því ósönnuð umrædd staðhæfing stefnda um afgreiðslu byggingarfulltrúans á málaleitun hans.

Eftir því sem fram hefur komið, lauk stefndi byggingu hænsnahússins á árinu 1943. Var húsið 180 m^2 að flatarmáli, veggir þess hlaðnir úr vikurholsteini, gólf steypt og þakið járnklætt timburþak. Stendur hús þetta nú á lóðunum nr. 14 og 16 við Nesveg. Þegar eftir að húsið var komið upp, fékk stefndi í það vatnslögn svo og rafmagn til lýsingar og hitunar. Þá var húsið og metið til fasteignamats og brunabóta, og greiddi stefndi jafnan af því öll lögboðin gjöld, svo sem fasteignagjöld, brunabótagjald og skipulagsgjald, auk umsaminnar lóðarleigu. Var svo enn árið 1956, og var enginn fyrirvari á hafður af bæjarins hálfu við viðtöku gjaldanna.

Stefndi rak hænsnabú á umræddri eign þar til fyrir 5 eða 6 árum, að hann hætti því vegna heilsubrests, en hann hafði um langt skeið verið heilsulítill. Þegar hann hætti hænsnaræktinni, leigði hann húsið undir trésmíðaverkstæði til þess, eins og hann segir, að hafa einhverjar tekjur sér til lífsframfæris. Tilkynnti hann þegar þessar breytingar á notkun hússins til þeirrar stofnunar bæjarins, sem annast brunatryggingar fasteigna í bænum. Var brunabótagjaldið þá hækkað verulega, og greiddi stefndi það svo breytt upp frá því.

Eftir ákvörðun bæjarráðs á fundi 10. júlí 1956 sagði stefnandi með bréfi, dags. 11. s. m., stefnda upp áðurgreindum leigusamningi með þriggja mánaða fyrirvara frá dagsetningu bréfsins að telja, en eftir áður tilgreindu ákvæði 3. gr. samningsins verður ekki talið, að uppsögnin hafi tekið gildi fyrr en frá 1. janúar 1957.

Í bréfi stefnanda er stefnda jafnframt tjáð, að bæjarráð hafi falið bæjarverkfræðingi að sjá um, að þá þegar verði fjarlægður hluti af húsinu, sem standi í vegi fyrir byggingarframkvæmdum á Nesvegi 14. Ekkert var þó aðhafzt í þessu skyni um sinn. En með bréfi byggingarfulltrúa bæjarins til sakadóms Reykjavíkur, dags. 8. nóvember 1956, kærði hann húsið til niðurrifs samkvæmt 38. gr. byggingarsamþykktar bæjarins. Út af kæru þessari fór fram dómsrannsókn, og með ákæruskjali, útgefnu 26. nóvember 1956, var opinbert mál höfðað á hendur stefnda til að „þola á sinn kostnað niðurrif húss eða skúrs, er stendur á lóð nr. 14—16

við Nesveg hér í bæ", svo og til málskostnaðargreiðslu. Máli þessu lyktaði með dómi sakadóms 15. desember s. á., og var málinu vísað frá dóminum.

Hinn 3. janúar 1957 greiddi stefndi til bæjargjaldkera fasteignagjöld og brunabótaiðgjald af umræddri húseign fyrir það ár, og var gjöldum þessum veitt viðtaka án nokkurs fyrirvara. En með bréfi 3. apríl s. á. tilkynnti bæjarverkfræðingur stefnda, að tekið hefði verið á móti gjöldum þessum af vangá, þar sem búið hefði verið að segja upp leigusamningnum um landspildu þá, er húsið stóð á, og krefjast brottnáms þess, þegar greiðslan fór fram. Jafnframt tjáði bæjarverkfræðingur stefnda í bréfinu, að framangreind gjöld mundu verða endurgreidd honum, er hann óskaði, og þá þegar mundu verða gerðar ráðstafanir til þess, að húsið yrði fjarlægt með aðstoð fógeta. Samdægurs ritaði svo bæjarverkfræðingur borgarfógeta beiðni um, að hann léti fjarlægja húsið á kostnað stefnda, en ábyrgð bæjarsjóðs. Mál út af beiðni þessari var síðan rekið og flutt munnlega fyrir fógetadómi Reykjavíkur og lauk með úrskurði dómsins, uppkveðnum 13. júlí 1957, þar sem synjað var um framgang gerðarinnar á þeim forsendum, að ekki væri fyrir hendi grundvöllur til beinnar fógetagerðar, slíkrar sem hér var farið fram á. Úrskurði þessum áfrýjaði stefnandi til Hæstaréttar með stefnu, útgefinni 8. ágúst 1957, en með samkomulagi aðilja var hæstaréttarmálið hafið.

Hinn 30. desember 1957 ritaði stefnandi stefnda bréf, þar sem stefnda er m. a. tilkynnt, að þar sem áðurgreindur leigusamningur hafi fyrir uppsögn bæjarráðs fallið úr gildi í síðasta lagi frá og með 31. desember 1956, þá verði engin fasteignagjöld til bæjarsjóðs lögð á umrædda eign fyrir árið 1958 og að sjálfsögðu verði ekki heldur tekið við lóðarleigu fremur en fyrir árið 1957. Þá er í bréfinu vakin athygli stefnda á því, að húsið verði ekki í brunatryggingu hjá Húsatryggingum Reykjavíkur frá næstu áramótum, svo og að bæjarráð hafi þegar ráðstafað til frambúðar nokkrum hluta lóðarinnar, sem húsið standi á, og sé því mjög aðkallandi, að lóðin verði rýmd.

Þrátt fyrir bréf þetta bauð stefndi hinn 3. janúar 1958 fram hjá bæjargjaldkera greiðslu á brunabótaiðgjaldi hússins og lóðarleigu þeirri, sem féll í gjalddaga 1. júlí 1957, en synjað var um viðtöku gjalda þessara. Lagði þá stefndi samdægurs umrædda lóðarleigu og fasteignagjöld af húsinu fyrir 1958 inn á sparisjóðsbók nr. 92142 við Landsbanka Íslands á nafn stefnanda og tilkynnti honum aðgerðir þessar með bréfi 7. janúar s. á.

Næst gerðist svo það, að með samningi, dags. 28. febrúar 1958, urðu aðiljarnir ásáttir um, að framgengt skyldi verða fyrir 1. apríl s. á., að rifinn yrði hluti af umræddu húsi stefnda honum að kostnaðarlausu og gegn greiðslu á tiltekinni fjárhæð til hans, er þó væri háð ákveðnum skilyrðum. Höfðaði stefnandi síðan, eins og áður segir, mál þetta, og hefur gert þær dómkröfur, er að framan greinir.

Dómkröfur sínar reisir stefnandi á því, að leigusamningnum frá 11. nóvember 1943 um umrædda lóð hafi verið löglega sagt upp með áðurgreindu bréfi til stefnda frá 11. júlí 1956, þannig að leigumálinn hafi fallið úr gildi í síðasta lagi frá og með 1. janúar 1957. Af uppsögninni leiði það, að stefnda sé ekki lengur heimilt að hafa á lóðinni hús það, er hann reisti þar, enda hafi húsið verið reist, án þess að samþykki réttra byggingaryfirvalda kæmi til. Þá bendir stefnandi máli sínu til stuðnings á það, að af ákvæðum leigumálans og aðdraganda hans hafi stefnda mátt ljóst vera, að leyfið til að hafa húsið á lóðinni væri aðeins veitt sem bráðabirgðaráðstöfun, og hafi stefndi því jafnan mátt vera við því búinn að verða að rýma lóðina með skömmum fyrirvara. Telur stefnandi með vísan til þessa, að stefnda sé skylt að taka húsið burtu bæjarsjóði að kostnaðarlausu.

Kröfu sína um sýknu styður stefndi í fyrsta lagi þeim rökum, að raunverulega hafi leigusamningi aðilja ekki enn verið sagt upp löglega, en þó svo hefði verið í upphafi, þá hafi uppsögnin fallið úr gildi vegna síðari aðgerða af bæjarins hálfu. Bendir stefndi í þessu sambandi á það, sem áður hefur verið drepið á, að bæjargjaldkeri hafi tekið fyrirvaralaust við gjöldum ársins 1957 af húsinu. Þá hafi bæjargjaldkeri enn hinn 12. maí 1958 og 5. janúar 1959 tekið fyrirvaralaust við fasteignagjöldum og brunabótaiðgjaldi af húsinu fyrir árin 1958 og 1959.

Í málinu kemur fram, að samdægurs og gjöldin fyrir árið 1959 voru innt af hendi, ritaði stefnandi stefnda bréf og tjáði honum, að gjöldum þessum hefði verið veitt viðtaka af misgáningi. Jafnframt vísaði hann til bréfs síns til stefnda frá 30. desember 1957, en efni þess hefur áður verið rakið, að því leyti sem það varðar álagningu fasteignagjalda á húsið fyrir árið 1958. Loks tjáði hann stefnda, að bæjargjaldkera hefði verið falið að endurgreiða honum gjöld ársins 1959, og sendi bæjargjaldkeri stefnda þau í póstávísun samdægurs, en stefndi veitti henni eigi viðtöku.

Það verður ekki annað séð en áðurgreind uppsögn stefnanda á leigusamningnum um umrædda lóð hafi verið fyllilega lög-

mæt, og eftir ákvæðum samningsins tók hún gildi frá og með 1. janúar 1957, eins og áður hefur verið drepið á. Á það verður ekki fallizt hjá stefnda, að uppsögnin hafi fallið úr gildi vegna þess misgánings starfsmanna bæjarins að taka fyrirvaralaust við gjöldum af húsinu, eftir að leigusamningnum um lóðina hafði verið sagt upp. Aðgerðir stefnanda eftir uppsögnina í þá átt að fá húsið fjarlægt af lóðinni sýna berlega, að stefnandi hélt uppsögninni til streitu, og mátti stefnda vera það ljóst. Þá kemur ekki fram. að af bæjarins hálfu hafi verið tekið við leigugjaldi eftir lóðina, eftir að uppsögn lóðarsamningsins fór fram.

Að þessu athuguðu verður að telja, að uppsögnin sé ennþá í fullu gildi, og hefur því umrædd sýknuástæða stefnda ekki við rök að styðjast.

Í öðru lagi reisir stefndi kröfu sína um sýknu á því, að óheimilt sé að fjarlægja húsið, nema hann fái fullar bætur fyrir. Með leigusamningnum hafi hann fengið heimild til að hafa hænsnabú á lóðinni og í trausti þess hafi hann reist hús það, sem hér er deilt um. Meðan á byggingu hússins stóð, hafi engum athugasemdum verið hreyft af byggingarnefnd eða forráðamönnum bæjarins, og þegar eftir að húsið var komið upp, hafi hann fengið í það rafmagn og vatnslögn frá viðkomandi bæjarstofnunum. Síðan hafi húsið fengið að standa algerlega óátalið og hann greitt af því öll lögboðin gjöld, eins og hverri annarri fasteign í bænum, allt þar til er leigusamningnum var sagt upp. Þessu megi jafna til beins samþykkis til að reisa húsið og hafa það á lóðinni, enda hvíli engin niðurrifskvöð á því. Telur stefndi, að brottnám hússins án bóta til hans væri brot á 67. gr. stjórnarskrárinnar, og þá ekki aðeins um eignaupptöku að ræða heldur ólögmæta eyðileggingu á eignum hans, þar sem húsið verði ekki fjarlægt með öðrum hætti en brjóta það niður.

Það er nú að vísu svo, að stefndi aflaði sér ekki samþykkis byggingarnefndar til þess að reisa húsið, svo sem fyrir var mælt í 5. gr. byggingarsamþykktar fyrir Reykjavík nr. 68 frá 1903, sbr. nú 4. gr. byggingarsamþykktar nr. 195 frá 1945, þannig að húsið félli undir skipulag bæjarins. Hins vegar má fallast á það hjá stefnda, að eftir því sem á stóð, hafi hann haft réttmæta ástæðu til að ætla, að hann hafi haft heimild stjórnvalda bæjarins til þess að reisa húsið og að það fengi að standa að minnsta kosti til bráðabirgða, meðan lóðarleigusamningnum

væri ekki sagt upp. En þegar við byggingu hússins mátti stefnda ljóst vera, sbr. þau ákvæði leigusamningsins, að hann gildi aðeins til eins árs í senn og sé uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara, að sú kynni að verða raunin á, að hús, er hann reisti á lóðinni, fengi aðeins að standa þar til bráðabirgða. Var því óvarlegt af stefnda og á áhættu hans að reisa á lóðinni slíkt hús, sem ekki yrði fjarlægt nema með því að brjóta það niður. Að þessu athuguðu, og þar sem lóðarsamningurinn er, svo sem áður segir, fallinn úr gildi vegna uppsagnar, þykir stefndi ekki eiga rétt á að láta umrætt hús sitt standa lengur á lóðunum nr. 14—16 við Nesveg, og ber því að taka til greina kröfu stefnanda og dæma stefnda til að taka húsið burtu, bæjarsjóði að kostnaðarlausu. Frestur til brottnámsins ákveðst 30 dagar (sic) frá birtingu dómsins að telja.

Eftir öllum málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefnda, Ófeigi Guðnasyni, er skylt að taka burtu, bæjarsjóði að kostnaðarlausu, hús sitt, sem stendur á lóðunum nr. 14—16 við Nesveg, innan 60 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 7. desember 1960.

Nr. 130/1960. **Halldór Jónsson** (Guðlaugur Einarsson hdl.)
gegn
Gunnari Elíassyni (Ragnar Ólafsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og Ármann Snævarr prófessor.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 27. júní 1960 skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. júlí s. á.

og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 2546.00 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 4138.50 frá 25. júlí 1957 til 5. marz 1960 og af kr. 2546.00 frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að dæma ber stefnda til að greiða áfrýjanda 6% ársvexti af kr. 1592.50 frá 25. júlí 1957 til 5. marz 1960.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Gunnar Elíasson, greiði áfrýjanda, Halldóri Jónssyni, 6% ársvexti af kr. 1592.50 frá 25. júlí 1957 til 5. marz 1960.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akraness 12. marz 1960.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 5. marz s.l., hefur Halldór Jónsson, Melteig 9, Akranesi, höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 22. apríl 1959, birtri 24. apríl s. á., gegn Gunnari Elíassyni bakara, forstjóra og eiganda Nýja Bakarísins á Akranesi, til greiðslu á skuld, að upphæð kr. 4138.50, ásamt 7% ársvöxtum af upphæðinni frá 25. júlí 1957 til greiðsludags, flutningskostnaðar samkvæmt framlögðum reikningi yfir hveitisendingu og málskostnaðar samkvæmt mati dómsins.

Stefndi, Gunnar Elíasson, hefur krafizt sýknu í málinu gegn greiðslu á andvirði 24 hveitisekkja á 25 kg hver, en síðan breytti stefndi þessu greiðslutilboði í andvirði 25 sekkja hveitis á 25 kg, sem stefndi reiknaði út að næmi kr. 1592.50 alls. Um leið og mál

þetta var dómtekið, greiddi stefndi til stefnanda eða málflutningsmanns hans á bæjarþinginu áminnztar kr. 1592.50, sem umboðsmaður stefnanda veitti viðtöku með fyrirvara.

Þá hefur stefndi krafizt málskostnaðar sér til handa úr hendi stefnanda.

Málavextir eru þessir:

Með m/s Akraborg, sem stefnandi, Halldór Jónsson, er afgreiðslumaður fyrir á Akranesi, barst hinn 25. júlí 1957 hveitisending, sem samkvæmt meðfylgjandi fylgibréfi, sem lagt hefur verið fram í málinu, skyldi afhent firmanu Haraldi Böðvarssyni & Co., Akranesi, en sendandi er I. Brynjólfsson & Kvaran í Reykjavík. Nánar tiltekið er hérgreind farmsending samkvæmt fylgibréfinu þessi: 20 sekkir hveiti á 50 kg hver, alls 1000 kg, 25 sekkir hveiti á 25 kg hver, eða alls 625 kg, og 30 sekkir heilbaunir á 45,3 kg hver, eða alls 1359 kg. Óborgað farmgjald er kr. 20.90, en uppskipun og vörugjald er kr. 287.35 samkvæmt fylgibréfinu. Stefndi, Gunnar Elíasson, fékk einnig með sömu skipsferðinni hveitisendingu, sem nánar tiltekið var 60 sekkir hveiti á 50 kg hver, 30 sekkir rúgmjöl á 25 kg hver og 20 sekkir hálfsigtimjöl á 50 kg hver, allt frá sama sendanda, I. Brynjólfsson & Kvaran í Reykjavík.

Samverkamaður stefnanda, Sigurjón Hannes Sigurðsson bifreiðarstjóri, Suðurgötu 18, Akranesi, sem hefur verið önnur hönd stefnanda við afgreiðslustörfin á Akranesi í mörg undanfarin ár, hefur borið vitni um það, hvernig uppskipun á þessum vörusendingum fór fram, og er hans framburður studdur með vitnaframburði Hrólfs Jónssonar verkamanns, sem einnig vann við uppskipun á kornvörusendingum þeim, sem m/s Akraborg flutti til Akraness 25. júlí 1957, en auk þess hafa fjögur önnur vitni verið yfirheyrð um þessi sömu atvik, nefnilega Ingólfur Jónsson, verzlunarstjóri hjá Haraldi Böðvarssyni & Co., Elías Níelsson verkamaður, Akranesi, Hannibal Einarsson, aðstoðarmaður í Nýja Bakaríinu, og Benedikt Helgason bifreiðarstjóri, Akranesi.

Af framburði þessara vitna allra, sem þó eru í sumum atriðum ekki samhljóða, virðist þetta koma greinilega í ljós:

1. Að einn bílfarmur kornvöru fór í land úr m/s Akraborg 25. júlí 1957 og var ekið í vörugeymslu hjá Haraldi Böðvarssyni & Co. Eftir framburði vitnisins Ingólfs Jónssonar var sú vörusending frá Nathan & Olsen í Reykjavík. Kornvöruna, sem nefnd er á dskj. 2, segir vitnið, að hafi vantað alveg. Ekki er þó minnzt á þá 30 sekki heilbaunir, sem fylgibréfið, dskj. 2, tilgreinir sem

hluta vörusendingar þessarar. Vegna þessarar þagnar firmans og þess, að stefnandi er einungis látinn borga þau 1625 kg hveitis, sem með m/s Akraborg virðast hafa verið send með umræddri ferð og greidd voru af stefnanda með kr. 4128.50 síðar, er eðlilegast að líta svo á, að heilbaunasending þessi hafi komið til skila og Haraldur Böðvarsson & Co. hafi fengið þessa vöru.

2. Þá er einnig upplýst, að 25 sekkir hveitis, sem samkvæmt dskj. 2 áttu að fara til Haralds Böðvarssonar & Co., hafa lent saman við kornvörusendingu þá, sem stefndi, Gunnar Elíasson, forstjóri og eigandi Nýja Bakarísins, átti og skipað var upp úr m/s Akraborg 25. og 26. júlí 1957. Stefndi bauðst strax til að greiða stefnanda kostnaðarverð þessara sekkja, sem hann fyrst taldi hafa verið 24, en síðar greiddi hann til umboðsmanns stefnanda fyrir 25 sekki, þar eð hann taldi ekki skipta miklu máli, hvor talan væri tekin.

Verð þessara 25 hveitisekkja fékk stefndi uppgefið hjá heildverzlun í Reykjavík sem kr. 1592.50, en stefnandi gaf ekki sundurliðaðan reikning fyrir verðmæti þessa hluta sendingarinnar, en fór þó ekki fram á hærra verð fyrir þessa 25 sekki.

3. Eru þá eftir 20 sekkir hveitis á 50 kg hver, eða 1000 kg, sem hvergi kemur með vissu fram í málinu, hvar lent hafa. Eru vitnaframburðir ekki ljósir, hvað þenna hluta sendingarinnar snertir. Talning á hveitisekkjunum, sem upp úr skipinu komu, er ekki til og virðist ekki hafa fram farið, hvorki við skipshlið né við affermingu bifreiða þeirra, sem notaðar voru við uppskipunina þessa áðurnefnda daga, svo að öruggt sé. Undantekning frá þessu eru þó þeir 24 eða 25 sekkir, á 25 kg hver, sem áður er getið og sem stefndi hefur viðurkennt að hafa tekið við. Þessir sekkir voru taldir í vöruskemmu stefnanda að Melteig 9, Akranesi, en þangað sótti stefndi þá síðar.

Stefnandi geymdi allmikið hveiti fyrir stefnda í þessari sömu skemmu, sem var ólæst og léleg geymsla, og hafði stefndi aðgang að henni eftir þörfum. Stefnandi heldur því fram, að umdeildir 20 sekkir hveitis á 50 kg hver, hafi verið fluttir í þessa sömu vöruskemmu úr m/s Akraborg og hafi stefndi tekið þá þar og hagnýtt sér þá ásamt þeim 25 sekkjum hveitis á 25 kg hver, sem hann tók þar, að vísu með samþykki stefnanda, en átti ekki að fá samkvæmt fylgibréfi.

Stefndi gefur þá skýringu á töku sinni á 25 sekkjum á 25 kg hver, sem stefndi og stefnandi álitu þá strax, að ættu að fara til stefnda, að stefndi hafi átt í pöntun hjá Eggert Kristjánssyni

& Co. hveiti, sem hann að vísu fékk seinna með bifreið frá Reykjavík, en taldi, að þessir 25 sekkir væru hluti af þeirri sendingu.

Stefndi hefur viðurkennt að hafa hagnýtt sér allt það hveiti, sem inn í vöruskemmu þessa var látið og þangað var flutt, og að hann hafi fengið leyfi stefnanda til að geyma kornvöru þessa í vöruskemmunni vegna þrengsla heima fyrir. Hins vegar skortir algerlega allar sannanir fyrir því, hvort hinir 20 hveitisekkir, 50 kg hver, hafi verið í m/s Akraborg í þetta skipti og verið skipað í land á Akranesi. Hafi þessum hveitisekkjum verið skipað upp úr m/s Akraborg, skortir sönnun fyrir því, að þeir hafi verið fluttir með öðru hveiti í vöruskemmuna að Melteig 9, því hvergi kemur fram í málinu, að 50 kg hveitisekkirnir, sem þangað voru látnir úr skipinu, hafi verið taldir. Ekkert vitnanna, sem yfirheyrð hafa verið í máli þessu eða fyrir sakadómi Akraness um þessa hluti, hefur treyst sér til að fullyrða nokkuð um það, hvort 50 kg sekkirnir, sem látnir voru í skemmuna, hafi verið 60 talsins eða 80, enda alllangt um liðið frá því varan kom og þangað til farið er að rekast í þessu máli. Ósamræmi í framburði vitnanna um einstök atriði málsins annars vegar og stefnda hins vegar, sérstaklega um það, hve mikið hafi farið inn í vöruskemmuna þann 25. júlí og hvort eða hve mikið hafi verið sett þar inn af kornvöru daginn eftir, er skiljanlegt, þegar liðnir eru nær 4 mánuðir frá móttöku hveitisendinganna, þegar stefndi kemur fyrst fyrir dóm, en vitnin nokkrum dögum síðar. Þetta ósamræmi skiptir ekki máli um niðurstöðu dóms þessa, þar sem sönnun skortir fyrir því, hvort hinir umdeildu hveitisekkir hafi verið látnir inn í áðurgreinda vöruskemmu eða ekki. Verður því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Krafa stefnda um, að honum verði tildæmdur málskostnaður, verður ekki tekin til greina vegna þess m. a., að hann skilaði ekki þeim 25 sekkjum hveitis eða verðmæti þeirra til stefnanda þegar í stað eða strax og hann komst að raun um, að honum var óheimilt að taka við þessari vörusendingu. Enn fremur virðist stefndi eiga nokkra sök á því hirðuleysi, að ekki fór fram ugglaus talning á kornvöru þeirri, sem hann veitti móttöku og fékk geymda í vöruskemmunni að Melteig 9 25. júlí 1957 og líka daginn eftir.

Þykir því eðlilegast, að málskostnaður falli niður.

Þórhallur Sæmundsson bæjarfógeti kvað upp dóm þenna. Sökum annríkis var dómur þessi ekki upp kveðinn fyrr.

Dómsorð:

Stefndi, Gunnar Elíasson, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnandans, Halldórs Jónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 9. desember 1960.

Nr. 199/1960. **Jens Sveinsson**
gegn
Karli Pálssyni, Páli Árnasyni og Birgi Árnasyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frestbeiðni.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 10. nóvember 1960, sem hingað barst 25. s. m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, synjað verði um umbeðinn frest og varnaraðiljum verði dæmt að greiða honum in solidum kærumálskostnað.

Varnaraðiljar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðilja verði dæmt að greiða þeim kærumálskostnað.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðiljum kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 2500.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Jens Sveinsson, greiði varnaraðiljum, Karli Pálssyni, Páli Árnasyni og Birgi Árnasyni, kærumálskostnað, kr. 2500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 10. nóvember 1960.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 8. þ. m., hefur Jens Sveinsson skósmiður, Njálsgötu 25, hér í borg, höfðað fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu, útgefinni 10. maí 1960, gegn Karli Pálssyni, Kirkjuvegi 30, Keflavík, Páli Árnasyni, Hraunbrekku 8 í Hafnarfirði, og Birgi Árnasyni, Rauðalæk 35, hér í borg, til greiðslu in solidum á skuld, að fjárhæð kr. 40.990.00 með 7% ársvöxtum af kr. 47.500.00 frá 12. febrúar 1959 til 22. febrúar 1960 og 11% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnandi kveður hina umstefndu skuld vera eftirstöðvar af andvirði handhafaskuldabréfs, að fjárhæð kr. 47.500.00, sem greiðast hafi átt með tólf afborgunum þann 1. maí og 1. september ár hvert, unz skuldin væri að fullu greidd, í fyrsta sinni þann 1. maí 1960. Þann 1. maí 1960 hafi orðið greiðslufall á greiðslu afborgunar og vaxta, en vextir hafi átt að greiðast eftir á á sömu gjalddögum og afborganir. Sé skuldabréfið því allt í gjalddaga fallið samkvæmt ákvæðum bréfsins.

Á þessi sjónarmið stefnanda hafa stefndu ekki viljað fallast og hafa því krafizt sýknu og málskostnaðar. Hafa stefndu m. a. á það bent, að hér sé um handhafabréf að ræða, sem lúta þeim reglum, að skuldareigandi verði að koma til skuldara með bréfið og sýna það til greiðslu á gjalddaga eða koma til hans tilkynningu um greiðslustað í tíma fyrir gjalddaga, en á þetta hafi skort hjá stefnanda. Stefnda Karli hafi ekki borizt tilkynning um skuldareiganda og greiðslustað fyrr en 7. maí 1960. Afborgunin, sem innt hafi verið af hendi, sé því nægjanlega tímanlega komin í hendur stefnanda þann 9. maí 1960.

Mál þetta var þingfest 31. maí s.l. Þann 14. júní s.l. skiluðu stefndu greinargerð. Síðan fengu umboðsmenn aðilja sameiginlega fresti til öflunar gagna til 28. júní. Er málið kom þá fyrir, óskaði umboðsmaður stefndu eftir fresti til 13. september til þess að leiða aðilja og vitni fyrir dóm í málinu. Umboðsmaður stefnanda neitaði að samþykkja frest þenna, og var atriðið tekið til úrskurðar. Með úrskurði, uppkveðnum 30. júní, var hinn umbeðni frestur veittur. Er málið kom fyrir þann 13. september, fengu umboðsmenn aðilja sameiginlegan frest til öflunar gagna til 11. október. Þann 16. september fóru fram yfirheyrslur í málinu. Komu þá fyrir dóminn stefnandi málsins, stefndi Birgir Árnason og vitnið Kjartan Bjarnason. Er málið kom

fyrir þann 8. þ. m., óskaði umboðsmaður stefndu eftir viku framhaldsfresti til að leiða fyrir dóm aðiljana Karl Pálsson og Pál Árnason og vitnið Ástu Magnúsdóttur. Umboðsmaður stefnanda neitaði að veita frest þenna. Umboðsmaður stefndu fékk þá bókað: „Ég átti símtal við fulltrúa borgardómara, Bjarna K. Bjarnason, hinn 4. þ. m. til þess að fá tíma til vitnaleiðslu í máli þessu, og ákvað dómarinn þá vitnaleiðslu kl. 10 f. h. mánudaginn 7. þ. m. Ég hringdi síðan á málflutningsskrifstofu Magnúsar Thorlacius hrl., umboðsmanns stefnanda, strax á eftir og átti símtal við starfsstúlku hans, sem tjáði mér, að Magnús Thorlacius væri veikur. Taldi ég mér þá ekki annað fært en að fá vitnaleiðslunni frestað, þar sem svo skammur tími væri til stefnu og ekki vitað, hvort Magnús yrði orðinn frískur. Átti ég því aftur símtal við dómarann um málið, og varð að samkomulagi, að vitnaleiðsla færi fram mánudaginn 14. þ. m. Þetta tilkynnti ég svo Magnúsi Thorlacius í símtali í gær, en hann lýsti því yfir, að hann myndi neita um frekari frest, þegar málið kæmi fyrir í dag.“ Ekki náðist samkomulag um frestbeiðni þessa, og var atriðið þá tekið til úrskurðar að kröfu umboðsmanns stefndu.

Umboðsmaður stefndu skýrir rétt frá um símtöl þau, sem hann kveðst hafa átt við dómarann.

Af hálfu stefnanda hefur komið fram í greinargerð áskorun um, að stefndu komi allir fyrir dóm. Með skírskotun til þessa svo og þess, að ekki virðist útilokað, að skýrslur þeirra, sem umboðsmaður stefndu ætlar að leiða fyrir dóm, kunni að hafa þýðingu um úrslit málsins, þykir eftir atvikum rétt að veita hinn umbeðna frest.

Bjarni K. Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur er veittur.

Miðvikudaginn 14. desember 1960.

Nr. 62/1958. **Helgi Benediktsson** (Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja
(Gunnar Möller hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fjárnám. Skuldajöfnuður.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. apríl 1958 og krafizt þess, að umbeðið fjárnám verði látið fram fara á kostnað stefnda og honum verði dæmt að greiða málskostnað bæði fyrir fógetadómi og Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að úrskurður fógeta verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Þar sem áfrýjandi hefur eigi kannazt við, að stefndi hafi gjaldkræfar og réttar gagnkröfur á hann, er skuldajafna megi við dómskuldina við fjárnámsgerð, sbr. 20. gr. laga nr. 19/1887 um fjárnám, og þar sem stefndi hefur eigi í ljós leitt, að hann hafi hinn 5. desember 1957 haft aðfararhæfar lögtakskröfur, sem við fjárnámið mætti skuldajafna við dómkröfur áfrýjanda, verður að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og leggja fyrir fógeta að framkvæma fjárnámið.

Eftir atvikum ber að dæma stefnda til að greiða málskostnað fyrir fógetadómi og Hæstarétti, sem ákveðst kr. 4000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og ber fógeta að framkvæma fjárnám það, sem krafizt er.

Stefndi, Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja, greiði áfrýjanda, Helga Benediktssyni, málskostnað fyrir

fógetadómi og Hæstarétti, kr. 4000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Vestmannaeyja 13. marz 1958.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 3. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, Helgi Benediktsson útgerðarmaður, krafizt þess, að fjárnám verði látið fram fara hjá gerðarþola í máli þessu, Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja, til tryggingar greiðslu skuldar samkvæmt dómi sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja frá 19. marz 1957, að upphæð kr. 61.845.19, ásamt 6% ársvöxtum frá 20. apríl 1953 til greiðsludags og kr. 7200.00 í málskostnað, auk alls annars kostnaðar.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi gerðarinnar.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Með dómi sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja, uppkveðnum 19. marz 1957, var gerðarþoli dæmdur til að greiða gerðarbeiðanda kr. 61.845.19 auk vaxta og alls kostnaðar, en upphæð þessa hafði gerðarbeiðandi verið dæmdur í sérstöku máli til að greiða eigendum v/b Helgu, RE 49, vegna björgunar á bát gerðarbeiðanda, v/b Skaftfellings, VE 33, sumarið 1949, er eldur kom upp í bátnum, sem þá stundaði síldveiðar fyrir Norðurlandi. Niðurstaða dómsins frá 19. marz 1957 er á því byggð, að v/b Skaftfellingur hafi verið vátryggður hjá gerðarþola á þeim tíma, er framangreind björgun átti sér stað. Eftir að framangreindur dómur gekk og gerðarbeiðandi hafði lagt inn beiðni um fjárnám til tryggingar greiðslu framangreinds dóms, tilkynnti gerðarþoli gerðarbeiðanda 6. desember s.l., að dómsupphæðin, kr. 61.845.19 auk vaxta og málskostnaðar, eða samtals kr. 86.206.69, hefði verið færð gerðarbeiðanda til tekna á viðskiptareikningi v/b Skaftfellings. Hefur gerðarþoli byggt mótmæli sín gegn framgangi gerðarinnar á því, að fjárnámskrafan væri þegar greidd með skuldajöfnuði.

Gerðarbeiðandi tilkynnti gerðarþola strax samdægurs, að hann samþykkti ekki skuldajöfnuð á dómkröfunni og iðgjaldakröfum gerðarþola vegna v/b Skaftfellings. Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur og hér fyrir réttinum ítrekað framangreind mótmæli gegn slíkum skuldajöfnuði.

Mótmæli sín gegn skuldajöfnuði á iðgjöldum v/b Skaftfellings og fjárnámskröfunni byggir gerðarbeiðandi í fyrsta lagi

á því, að hann hafi á árinu 1953 framselt Útvegsbanka Íslands h.f., Vestmannaeyjum, andvirði dóms þessa, sem hér er beiðzt aðfarar eftir, og eigi því andvirði fjárnámskröfunnar að renna til Útvegsbankans, en ekki gerðarbeiðanda, þrátt fyrir það, að Helgi Benediktsson sé gerðarbeiðandi, en ekki Útvegsbanki Íslands h.f., Vestmannaeyjum.

Af hálfu gerðarþola hefur því verið mótmælt, að gerðarbeiðandi hafi framselt Útvegsbanka Íslands h.f., Vestmannaeyjum, framangreindan dóm og á það bent, að Helgi Benediktsson sé gerðarbeiðandi, en ekki Útvegsbankinn. Þá heldur gerðarþoli því fram, að jafnvel þótt talið yrði, að slíkt framsal hefði farið fram, mundi það ekki útiloka skuldajöfnuð.

Gerðarbeiðanda og gerðarþola greinir á um það, hvor þeirra Útvegsbanki Íslands h.f., útibú, Vestmannaeyjum, eða gerðarbeiðandi sé raunverulegur eigandi fjárnámskröfunnar, þrátt fyrir það, að Helgi Benediktsson er gerðarbeiðandi. Rétturinn lítur svo á, að samkvæmt gildandi réttarreglum girði framsal kröfu ekki fyrir það, að henni verði skuldajafnað við aðra kröfu á hendur framseljanda, ef skilyrði til skuldajafnaðar eru annars fyrir hendi, og verður því framangreind mótbára gerðarbeiðanda gegn skuldajöfnuði þegar af þeirri ástæðu ekki tekin til greina.

Þá hefur gerðarbeiðandi haldið því fram, að hann skuldi gerðarþola ekkert, en muni hins vegar eiga inni fé hjá honum. Samkvæmt framlagðri útskrift af viðskiptareikningi v/b Skaftfellings hjá gerðarþola skuldaði gerðarbeiðandi gerðarþola kr. 1455.67 vegna v/b Skaftfellings hinn 1. janúar 1958, eftir að gerðarþoli hafði fært gerðarbeiðanda til tekna kr. 86.206.69, sem er andvirði fjárnámskröfunnar auk vaxta og málskostnaðar. Útskriftin ber með sér, að gerðarbeiðandi hefur hvorki greitt gerðarþola tryggingariðgjöld af v/b Skaftfellingi né sinn hluta af tjónbótum þeim, er gerðarþoli hefur greitt vegna bátsins — en hins vegar hafa gerðarbeiðanda verið færðar til tekna á viðskiptareikningnum tjónbætur og bónus. Gerðarbeiðandi hefur ekki vefengt upphæð iðgjaldanna né mótmælt því, að þau væru enn ógreidd, en hefur hins vegar haldið því fram, að hann eigi hærri kröfur á hendur gerðarþola en nemur upphæð ógreiddra iðgjalda af v/b Skaftfellingi. Gerðarþoli hefur mótmælt því, að gerðarbeiðandi eigi slíkar kröfur á hendur gerðarþola og hefur gerðarbeiðandi ekki gert frekari grein fyrir kröfum þessum hér fyrir réttinum.

Loks hefur gerðarbeiðandi mótmælt því, að gerðarþola sé heimilt að skuldajafna tildæmdum málskostnaði við iðgjaldakröfur gerðarþola á hendur gerðarbeiðanda, jafnvel þótt talið yrði, að skilyrði til skuldajafnaðar væru að öðru leyti fyrir hendi. Telur gerðarbeiðandi, að tildæmdur málskostnaður sé honum ætlaður til þess að standa straum af ákveðnum útgjöldum, og verði gerðarbeiðandi því ekki þvingaður til þess að greiða aðrar kröfur með þessu fé.

Ekki verður séð, að aðrar reglur gildi að þessu leyti um tildæmdan málskostnað en um sjálfa dómskuldina, og verður framangreind mótbára gerðarbeiðanda gegn skuldajöfnuði því ekki tekin til greina.

Með skírskotun til framanritaðs og tilvísun til 20. gr. i. f. laga nr. 19/1887 lítur rétturinn svo á, að gerðarþola sé heimilt að greiða fjárnámskröfuna með skuldajöfnuði við ógreidd gjaldfallin vátryggingariðgjöld af v/b Skaftfellingi, svo og við þann hluta af tjónbótum, sem gerðarbeiðanda ber að borga, en gerðarþoli hefur þegar greitt vegna tjóna á nefndum bát. Þar sem gerðarþoli þannig hefur greitt fjárnámskröfuna með skuldajöfnuði, þykir verða að synja um framgang hinnar umbeðnu fjárnámsgerðar.

Samkvæmt þessum málalokum þykir rétt, að gerðarbeiðandi greiði gerðarþola kr. 2000.00 í málskostnað.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna gerð skal ekki fram fara.

Gerðarbeiðandi, Helgi Benediktsson, greiði gerðarþola, Friðþjófi G. Johnsen hdl. f. h. Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja, kr. 2000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 14. desember 1960.

Nr. 52/1958. **Leifur Böðvarsson**
(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)
gegn
Ólafi Guðmundssyni
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Húsaleiga. Endurheimta ofgreidds fjár.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. apríl 1958. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með samningi 1. október 1947 seldi áfrýjandi stefnda á leigu tveggja herbergja kjallaraíbúð í húsi sínu Eyri á Seltjarnarnesi. Í samningnum var leigutíminn ákveðinn „til 1. október 1948 án framlengingar". Um ákvörðun og greiðslu húsaleigu fór, svo sem í héraðsdómi greinir. Hinn 7. október 1948 undirrituðu málsaðiljar samkomulag „um að gera engar kröfur og láta allan ágreining út af samningi um húsaleigu, dags. 1. október 1947, niður falla". Samtímis komst á samningur stefnda og aðilja, er keypt hafði téða húseign hinn 1. október 1948, um leigu stefnda á íbúðinni eitt ár frá þeim tíma, en áfrýjandi annaðist enn um hríð af hendi hins nýja eiganda innheimtu leigu eftir íbúðina.

Samkvæmt ákvæði því um lok leigutíma í samningi aðilja frá 1. október 1947, sem áður getur, og með hliðsjón af túlkun fógetadóms bæði á slíkum samningsákvæðum og ákvæðum 1. mgr. 1. gr. laga um húsaleigu nr. 39/1943, er þá giltu, mátti stefndi, sem hafði fimm börn á heimili sínu og framfæri, búast við útburði eftir kröfu húseiganda, tækist honum ekki að ná samkomulagi af nýju um leigu

íbúðarinnar. Þykir sýnt, að nauðsyn stefnda í þessu efni hafi verið ákvörðunarástæða hans til undirritunar gernings málsaðilja 7. október 1948 og að það, eins og á stóð, hljóti að hafa verið ljóst áfrýjanda. Að svo vöxnu máli getur áfrýjandi ekki borið greindan gerning fyrir sig gegn kröfu þeirri, sem stefndi hefur uppi í máli þessu samkvæmt heimild í 13. gr. laga nr. 39/1943 um endurgreiðslu leigufjárhæðar, er áfrýjandi áskildi sér og tók andstætt lögum.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms.

Eftir þessum úrslitum á áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 4000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Leifur Böðvarsson, greiði stefnda, Ólafi Guðmundssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 4000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Gullbringu- og Kjósarsýslu 1. marz 1958.

Ár 1958, laugardaginn 1. marz, var í aukadómþingi Gullbringu- og Kjósarsýslu af fulltrúa sýslumanns, Kristni Ólafssyni, uppkveðinn dómur í framangreindu máli, sem dómtekið var í dag.

Mál þetta er höfðað fyrir aukadómþingi sýslunnar með stefnu, útgefinni 8. desember 1951, af Ólafi Guðmundssyni, þá Vallargerði 8, Kópavogshreppi, gegn Leifi Böðvarssyni, Fögrubrekku, Seltjarnarnesi, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 2715.00 auk vaxta, kr. 632.56, frá 1. október 1947 til 30. nóvember 1951 og 6% ársvaxta af kr. 2715.00 frá 1. desember 1951 til greiðsludags og hæfilegs málskostnaðar að mati réttarins.

Af hálfu stefnda er mótmælt kröfum stefnanda, og krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi hans.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi máls þessa, Ólafur Guðmundsson, tók á leigu kjallaraíbúð í húsi stefnda, Leifs Böðvarssonar, að Eyri á Seltjarnarnesi frá 1. október 1947 til maí 1948 og greiddi í leigu á þessu tímabili kr. 4875.00, sem var samkvæmt skriflegum leigusamningi, sem þeir höfðu gert sín á milli.

En stefnandi lét húsaleigunefnd síðan meta íbúðina, og samkvæmt matsgerð hennar, dags. 25. maí 1948, var húsaleiga eftir íbúðina metin á kr. 288.00 fyrir hvern mánuð, að frádregnum 10% samkvæmt lögum um dýrtíðarráðstafanir frá 29. desember 1947, 15. gr.

Telur stefnandinn, að honum hefði borið að greiða samkvæmt matinu kr. 2160.00 og hafi hann því ofgreitt stefnda kr. 2715.00, og er það stefnukrafan í málinu.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að 7. október 1948 hafi orðið fullt og endanlegt samkomulag milli aðilja þessa máls og þeir hafi gert um þetta skriflegt samkomulag sín á milli. Því geti stefndi ekki eftir þenna samning krafið um ofgreidda leigu, enda viðskipti þessi þá þegar uppgerð.

Téður samningur er lagður fram í málinu, og þar segir svo: „Við undirritaðir, ég Leifur Böðvarsson sem leigusali og ég Ólafur Guðmundsson sem leigutaki, höfum orðið ásáttir um að gera engar kröfur og láta allan ágreining út af samningi um húsaleigu, dags. 1. okt. 1947, niður falla, og skal það vera bindandi jafnt fyrir okkur báða, og eru þessi húsaleiguviðskipti hér með að fullu útkljáð til 1. október 1948.

Fögrubrekku, 7. október 1948.

Leifur Böðvarsson

Ólafur Guðmundsson."

Af hálfu stefnanda er haldið fram, að þessi yfirlýsing sé aðeins viðbótarsamningur við húsaleigusamning aðiljanna og því samkvæmt 13. gr. laga nr. 39 frá 1943 ógildur, að því er fjárhæðina snertir, og afturkræft, það sem stefnandi hafi ofgreitt umfram matsupphæðina, en það sé stefnukrafan í málinu.

Þá heldur stefnandi fram, að hann hafi verið beittur nauðung til að gefa téða yfirlýsingu, þar sem það hafi verið gert að skilyrði fyrir, að hann fengi að halda umræddu húsnæði, en þá ekki átt önnur úrræði um húsnæði fyrir sig og fjölskyldu sína, og vitnaði stefnandi í þessu sambandi í 7. gr. laga nr. 73 frá 1933.

Af hálfu stefnda hefur báðum framangreindum málsástæðum verið mótmælt. Í fyrsta lagi hafi aðiljum máls þessa verið frjálst að semja um hærri húsaleigugreiðslu en matið tilgreindi og í öðru lagi hafi ekki verið um neina nauðung að ræða, stefnandinn hafi af frjálsum vilja samið um að gera ekki kröfu um endurgreiðslur. Stefnandinn sé bundinn við þenna samning og beri því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnandans.

Eins og þegar hefur verið fram tekið, var upphaflega samið milli aðilja um 650 króna húsaleigu á mánuði og gengið frá því með skriflegum húsaleigusamningi, er báðir undirrituðu, dags. 1. október 1947. Með mati því, sem fram fór, dags. 25. maí 1948, er húsaleiguupphæðin færð niður í kr. 288.00 á mánuði.

Nú segir í 13. gr. húsaleigulaga nr. 39/1943, að ef samið hefur verið um hærri leigu en heimilt sé að taka samkvæmt lögum þessum, skal sá samningur ógildur, að því er fjárhæðina snertir og sé afturkræft, það sem leigutaki kann að hafa ofgreitt samkvæmt slíkum samningi. Það verður því að telja, að yfirlýsing sú, sem aðiljar undirrituðu 7. október 1948, sé ógild varðandi húsaleiguna, að því er fjárhæð snertir, alveg eins og er um hinn upphaflega leigusamning, enda myndi þetta ákvæði ekki ná tilgangi sínum, ef þannig mætti með nýjum samningsgerðum fara í kringum það.

Dómarinn fellst á, að stefnandinn geti, eins og málum þessum er háttað, endurkrafið stefnda um húsaleigu þá, sem ofgreidd var, og þar sem ekki er ágreiningur um stefnukröfuna tölulega, verður hún tekin til greina.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að gera stefnda að greiða málskostnað, er þykir hæfilega metinn kr. 650.00.

Á máli þessu hefur orðið mikill dráttur, sem gerð er grein fyrir í skjölum þess, og með hliðsjón af því þykir rétt að gera stefnda að greiða vexti af kr. 2715.00 frá 1. desember 1954 til greiðsludags.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Leifur Böðvarsson, greiði stefnandanum, Ólafi Guðmundssyni, kr. 2715.00 auk kr. 632.56, og enn fremur 6% ársvexti af kr. 2715.00 frá 1. desember 1954 til greiðsludags, og málskostnað með kr. 650.00, allt innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 14. desember 1960.

Nr. 23/1960. **Olíuverzlun Íslands h/f**
(Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn
bæjarsjóði Neskaupstaðar.
(Ágúst Fjeldsted hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og Magnús Þ. Torfason prófessor.

Útsvarsmál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Benedikt S. Bjarklind, fulltrúi borgarfógeta í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. febrúar 1960, að fengnu áfrýjunarleyfi 9. sama mán. Krefst hann þess, að úrskurður fógeta verði felldur úr gildi og synjað verði um framgang lögtaksins. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Áfrýjanda ber að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, og ákveðst hann kr. 2500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Olíuverzlun Íslands h/f, greiði stefnda, bæjarsjóði Neskaupstaðar, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Magnúsar Torfasonar prófessors.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða úrskurði, var með

dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 27. marz 1958, úr því skorið, að áfrýjandi væri útsvarsskyldur í Neskaupstað árið 1954 samkvæmt a-lið 8. gr. laga nr. 66/1945, sbr. lög nr. 59/1947, vegna samskipta sinna við Olíusamlag útvegsmanna í Neskaupstað á þeim tíma, er hér skiptir máli. Verður því eigi talið, að ólöglegt hafi verið af niðurjöfnunarnefnd Neskaupstaðar, er hún hinn 30. júlí 1958 lagði að nýju útsvar á áfrýjanda fyrir árið 1954, að leggja útsvar þetta á olíusölu hans til Olíusamlagsins.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar er ég samþykkur atkvæði meiri hluta dómenda.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 5. nóvember 1959.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar hinn 26. f. m., hefur gerðarbeiðandi, bæjarsjóður Neskaupstaðar, krafizt lögtaks hjá gerðarþola, Olíuverzlun Íslands h.f., til tryggingar álögðu og ógreiddu útsvari gerðarþola til bæjarsjóðs Neskaupstaðar fyrir árið 1954, að upphæð kr. 9000.00.

Réttarkröfur gerðarbeiðanda eru þær, að hið umbeðna lögtak verði látið fram fara fyrir framangreindri upphæð ásamt lögmætum dráttarvöxtum frá gjalddaga til greiðsludags og öllum kostnaði við hina umbeðnu lögtaksgerð, þar á meðal kostnaði við eftirfarandi uppboð, ef til kemur. Enn fremur, að sér verði úrskurðaður málskostnaður að mati réttarins.

Gerðarþoli gerir hins vegar þær réttarkröfur, að synjað verði um framgang hins umbeðna lögtaks og að sér verði úrskurðaður málskostnaður að mati réttarins.

Almennur lögtaksúrskurður fyrir útsvörum, álögðum í Neskaupstað á árinu 1958, var kveðinn upp hinn 4. september 1958 og birtur í blöðum bæjarins.

Mál þetta var þingfest hinn 27. júní s.l. og tekið til úrskurðar hinn 26. f. m., að afloknum munnlegum málflutningi.

Málavextir eru þessir:

Á fundi niðurjöfnunarnefndar Neskaupstaðar hinn 30. júlí 1958 var tekið til endurnýjaðrar álagningar útsvar gerðarþola fyrir árið 1954, en með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum hinn 28. marz 1958, hafði verið hrundið lögtaksbeiðni gerðarbeiðanda á hendur gerðarþola fyrir álögðu útsvari hans í Neskaupstað

fyrir árið 1954. Hafði Hæstiréttur komizt að þeirri niðurstöðu, að gerðarþoli væri ekki útsvarsskyldur af vörusölu til Rafveitu Neskaupstaðar og Pöntunarfélags alþýðu, en hins vegar væri þannig háttað samskiptum gerðarþola og Olíusamlags útvegsmanna í Neskaupstað, að telja verði, að gerðarþoli reki slíka atvinnustofnun í Neskaupstað, að hann hafi verið þar útsvarsskyldur af þeim rekstri á þeim tíma, sem máli skipti í máli því, er um var fjallað, samkvæmt a-lið 8. gr. laga nr. 66/1945, sbr. lög nr. 59/1947. Hins vegar væri á það að líta, að útsvar það, er um væri deilt í málinu, hafi verið lagt á alla sölu gerðarþola á olíuvörum til Neskaupstaðar, væri því útsvarið ólöglega á lagt og því bæri að synja um framgang lögtaksins.

Með hliðsjón af þessum dómi Hæstaréttar taldi niðurjöfnunarnefnd tvímælalaust, að gerðarþoli væri útsvarsskyldur af viðskiptum sínum við Olíusamlag útvegsmanna í Neskaupstað. Tók hún því málið upp að nýju á framangreindum fundi sínum og segir m. a. svo um það í gerðabók nefndarinnar:

„Árið 1954 var lagt 20 þús. kr. útsvar á O. Í. Er það lagt á sem næst 670 þús. kr. áætlaða vörusölu. Reikningar O. Ú. N. bera það hins vegar með sér, að það hefur á árinu 1953 keypt olíuvörur fyrir um 600 þús. kr. Með hliðsjón af því, að samningur O. Í. og O. Ú. N. kveður svo á, að hinum síðarnefnda sé óheimilt að kaupa olíur og olíuvörur af öðrum en hinum fyrrnefnda, þykir mega líta svo á, að allar þessar vörur séu keyptar af O. Í.

Samkvæmt álagningarreglum niðurjöfnunarnefndar fyrir árið 1954 er veltuútsvar á olíuverzlanir 3%. Samkvæmt því ber Olíuverzlun Íslands h.f. að greiða í útsvar til bæjarsjóðs Neskaupstaðar árið 1954 kr. 18.000.00, sem er 3% af vörusölu hennar til Olíusamlags útvegsmanna árið 1953".

Þessari álagningu vildi gerðarþoli ekki una og kærði hana því til niðurjöfnunarnefndar, sbr. dskj. nr. 31, en nefndin úrskurðaði, að útsvarið skyldi óbreytt standa, dskj. nr. 32. Gerðarþoli kærði þá til yfirskattanefndar, dskj. nr. 33, en hún staðfesti úrskurð niðurjöfnunarnefndar, dskj. nr. 34. Gerðarþoli kærði þá til Ríkisskattanefndar, er lækkaði útsvarið í kr. 9000.00, dskj. nr. 5, en í úrskurði nefndarinnar segir m. a. svo:

„... Má segja, að mál út af útsvari þessa árs hafi verið rekið fyrir skattanefndum og dómstólum með eðlilegum hraða, enda brýtur álagning niðurjöfnunarnefndar ekki í bága við 2. mgr. 24. gr. útsvarslaganna. Hæstiréttur hefur haft þann hátt á að synja um framgang lögtaks fyrir útsvörum, sem ekki eru að öllu

leyti lögð á löglega útsvarsstofna. Getur því svo farið, að dómstólar dæmi ólögmæt útsvör, sem að mestu leyti eru löglega á lögð. Auðsætt er, að slík endanleg meðferð samrýmist ekki niðurjöfnun „eftir efnum og ástæðum". Þykir því eftir atvikum ekki þurfa að fella úr gildi útsvarsálagninguna frá 30. júlí 1958 og úrskurð yfirskattanefndar frá 30. september s. á., hvað snertir útsvar fyrir gjaldárið 1954, heldur mega taka málið til efnislegrar meðferðar þrátt fyrir ákvæði 21. og 25. gr. útsvarslaganna.

Með hliðsjón af því, að lagt er á olíusölu Olíusamlags útvegsmanna, og með hliðsjón af áætlaðri sölu Olíuverzlunar Íslands h.f. til nefnds félags þykir mega lækka útsvar gjaldársins 1954 úr kr. 18.000.00 í kr. 9000.00".

Af hálfu gerðarbeiðanda er því haldið fram, að með dómi Hæstaréttar 27. marz 1958 sé því slegið föstu, að gerðarþoli sé útsvarsskyldur í Neskaupstað á árinu 1954 af sölu og viðskiptum við Olíusamlag útvegsmanna, enda þótt þar umdeild útsvarsálagning væri ólögleg, þar eð lagt hefði verið í einu lagi á fleiri og ólöglega gjaldstofna. Sé því sú útsvarsálagning, sem hér er deilt um, tvímælalaust heimil, þar sem nú sé eingöngu lagt á löglegan gjaldstofn.

Mótmælt er þeirri viðbáru gerðarþola, að hið álagða útsvar sé lagt á alla vörusölu eða vörukaup Olíusamlags útvegsmanna, sem talin var kr. 600.000.00, eða 3% þar af, en Olíusamlagið hafi hins vegar keypt olíuvörur af öðrum en gerðarþola, nefnilega Shell h.f. ca 35% af öllum keyptum olíuvörum. Mótmælin eru studd eftirfarandi rökum:

Samkvæmt samningi gerðarþola við Olíusamlag útvegsmanna sé tekið fram, að Olíusamlagið megi ekki kaupa olíur frá öðrum aðiljum en gerðarþola. Komi það fram í áðurgreindum dómi Hæstaréttar og enn fremur sé skírskotað til þessa atriðis í bókum niðurjöfnunarnefndar Neskaupstaðar um hina nýju útsvarsálagningu á veltu gerðarþola 1953, dskj. nr. 4.

Gerðarþoli hafi kært útsvarið alla leið upp í Ríkisskattanefnd og hafi í engri af kærum sínum gert athugasemd við hina áætluðu veltu í Neskaupstað eða upplýst, að veltan væri önnur eða minni en sú, sem lagt var á, enda reynist veltan nú, þegar gerðarþoli loks upplýsir, hver hún sé, vera mjög svipuð því, sem skattanefndir áætluðu, eða um kr. 510 þúsund, sbr. dskj. 9—29.

Ríkisskattanefnd hafi fellt úrskurð um útsvarið, talið það löglega á lagt, en lækkað það í kr. 9000.00 með hliðsjón af áætlaðri sölu gerðarþola til Olíusamlags útvegsmanna.

Loks sé ljóst af dskj. nr. 35, vottorði Ríkisskattanefndar, að við álagningu útsvars á gerðarþola í Reykjavík sé ekki tekin með sú velta, sem lagt sé á hjá gerðarþola á ýmsum stöðum úti á landi. Af því leiði, að gerðarþoli hafi fengið útsvarsfrádrátt í Reykjavík, sem svari veltuútsvari samkvæmt skala þar, af milli 600 og 700 þúsund krónum.

Af hálfu gerðarþola er því haldið fram, að með hliðsjón af áðurgreindum dómi Hæstaréttar sé ljóst, að útsvar þetta sé ólöglega álagt. Lagt sé á öll vörukaup Olíusamlags útvegsmanna, en upplýst sé, að Olíusamlagið hafi einnig keypt olíuvörur af öðrum aðiljum, svo sem h.f. Shell, og séu aðeins 65% af olíukaupum Olíusamlagsins frá gerðarþola runnin. Sé því útsvar þetta enn lagt á ranga gjaldstofna og þegar af þeirri ástæðu ólöglega álagt.

Úrskurð Ríkisskattanefndar á dskj. nr. 5 telur gerðarþoli rangan og byggðan á röngum forsendum og færir fyrir þeirri staðhæfingu eftirfarandi rök:

Það sé misskilningur hjá Ríkisskattanefnd, að útsvar það, sem lagt hafi verið á 30. júlí 1958 í Neskaupstað, hafi verið lagt á olíusölu Olíusamlags útvegsmanna, heldur sé greinilega tekið fram, að útsvar þetta sé lagt á innkaup Olíusamlagsins frá gerðarþola. Sé það ljóst af bókum niðurjöfnunarnefndar á dskj. nr. 4.

Ríkisskattanefnd hafi lækkað hið álagða útsvar úr kr. 18.000.00 niður í kr. 9000.00 með hliðsjón af því, að lagt sé á olíusölu Olíusamlags útvegsmanna og með hliðsjón af áætlaðri sölu gerðarþola til nefnds félags. Ekki sé nánar tilgreint, á hvern hátt útsvar þetta sé álagt, hvort heldur hinn samþykkti skali fyrir veltuútsvar á olíuverzlanir í Neskaupstað, sem upplýst sé að hafi verið 3%, hafi verið lækkaður af Ríkisskattanefnd niður í 1½%, eða hvort nefndin hafi litið svo á, að gerðarþoli hafi selt helming af olíusölu Olíusamlagsins eða olíuinnkaupum þess, en ekki virðist ástæða til að ætla, að útsvari þessu sé skipt milli þessara tveggja aðilja, Olíusamlagsins og gerðarþola, með því að Olíusamlagið hafi á árinu 1954 þegar greitt kr. 15.000.00 í útsvar til bæjarsjóðs Neskaupstaðar.

Þá er því og haldið fram af hálfu gerðarþola, að áðurgreindur dómur Hæstaréttar verði ekki skilinn á annan veg en að gerðarþoli sé útsvarsskyldur í Neskaupstað af þeim tekjum, sem ætla mætti, að hann hefði af olíustöð þeirri, er hann hefur afnotarétt af í Neskaupstað, en hefur eftirlátið Olíusamlagi út-

vegsmanna til afnota. Hafi sú túlkun á dóminum fulla stoð í þeirri staðreynd, að í dóminum sé m. a. gengið út frá því, að olíuvörur þær, er gerðarþoli lætur Olíusamlaginu í té, verði eign samlagsins, þegar er þær eru komnar á geyma í Neskaupstað. Niðurjöfnunarnefnd hafi hins vegar alls ekki lagt hið umdeilda útsvar á áætlaðar tekjur af olíustöð þessari, heldur á vörukaup Olíusamlags útvegsmanna, er hún hafi gengið ranglega út frá, að væru einungis við gerðarþola. Sé því útsvarið tvímælalaust ólöglegt, þar sem það sé lagt á rangan gjaldstofn. Loks er á það lögð áherzla af gerðarþola, að Olíusamlag útvegsmanna hafi greitt útsvar af vörusölu þeirri, er það hafði með höndum í Neskaupstað á því ári, er hér skiptir máli, en þær upplýsingar telur hann að hafi skort í málum þeim, er rekin voru út af hinni fyrri útsvarsálagningu.

Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum hinn 27. marz 1958, er því slegið föstu, að samskiptum gerðarþola og Olíusamlags útvegsmanna í Neskaupstað hafi á árinu 1953 verið þannig háttað, að telja verði, að gerðarþoli hafi rekið slíka atvinnustofnun í Neskaupstað, að hann hafi verið þar útsvarsskyldur af þeim rekstri, á þeim tíma er þar skipti máli, samkvæmt a-lið 8. gr. laga nr. 66/1945, sbr. lög nr. 59/1947.

Með hliðsjón af því telur rétturinn, að útsvarsálagning sú, er deilt er um í máli þessu, sé í alla staði lögleg, ef ekki kemur annað til.

Enginn ágreiningur er um það í málinu, að mál út af fyrri útsvarsálagningu á gerðarþola, er um fjallar í áðurgreindum dómi Hæstaréttar, hafi verið rekið fyrir skattanefndum og dómstólum með hæfilegum hraða, og er því réttmæti þeirrar nýju útsvarsálagningar, er hér um ræðir, ekki vefengt af þeim sökum.

Það er upplýst í málinu, að um veltuútsvar er að ræða og að upphaflega er miðað við ca 600 þúsund króna veltu og útsvar samkvæmt því ákveðið kr. 18.000.00. Það er enn fremur upplýst í málinu, að Ríkisskattanefnd hefur lækkað útsvarið niður í kr. 9000.00. Af dómsskjölum nr. 9—29 er það hins vegar ljóst, að vörusala gerðarþola til Olíusamlags útvegsmanna er um kr. 510.000.00, og er því veltuútsvar það, kr. 9000.00, sem hér er deilt um, ekki of hátt ákveðið samkvæmt álagningarreglum niðurjöfnunarnefndar, enda er því ekki borið við af gerðarþola. Enn er það upplýst í málinu af dómsskjali nr. 35, vottorði Ríkisskattanefndar, að ekki hefur verið lagt útsvar á gerðarþola hér

í Reykjavík á veltu hans af þeim vörum, er hann hefur selt Olíusamlagi útvegsmanna í Neskaupstað á því ári, er hér skiptir máli.

Með hliðsjón af því, er rakið hefur verið hér að framan, fær rétturinn ekki séð, að nokkrir þeir gallar séu á útsvarsálagningu þeirri, er hér er um deilt, að varðað geti ógildingu hennar. Niðurstaða réttarins verður því sú, að hið umbeðna lögtak skuli fram fara.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 2000.00 í málskostnað.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak skal fara fram.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 2000.00 í málskostnað.

Miðvikudaginn 14. desember 1960.

Nr. 213/1960. **Valdstjórnin**
gegn
Hauki Hvannberg

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Sakborningi synjað um brottför úr lögsagnarumdæmi sínu.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 3. desember þ. á., sem hingað barst 8. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt 3. tl. 172. gr. laga nr. 27/1951 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafizt þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og honum verði heimiluð brottför úr landi til lækninga um takmarkaðan tíma, þó eigi skemur en þrjá mánuði.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 2. desember 1960.

Ár 1960, föstudaginn 2. desember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á Klapparstíg 26 af Gunnari Helgasyni og Guðm. Ingva Sigurðssyni, dómurum samkvæmt sérstakri umboðsskrá, kveðinn upp úrskurður vegna kröfu um afnám banns við brottför úr lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, sbr. 72. gr. laga nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála.

Málið er þannig vaxið:

Hinn 16. desember 1958 hófst dómsrannsókn á ætluðu broti Hins íslenzka steinolíuhlutafélags (HÍS) á gjaldeyris- og innflutningslöggjöfinni í sambandi við viðskipti félagsins við varnarliðið, en félag þetta hefur frá komu varnarliðsins til landsins 1951 annazt um sölu á eldsneyti, gasolíu og smurningsolíu til varnarliðsins, sem varnarliðið fær tollfrjálst í skjóli ákvæða varnarsamningsins frá 15. maí 1951, sbr. lög nr. 110/1951. Rannsókn máls þessa varð smámsaman víðtækari, og var systurfyrirtæki Hins íslenzka steinolíuhlutafélags, Olíufélagið h/f, dregið inn í rannsóknina, og beindist rannsóknin einnig að ætluðum brotum þess félags á innflutnings- og gjaldeyrislöggjöfinni, svo og annarri ætlaðri ólöglegri starfsemi beggja félaganna.

Framkvæmdarstjóri HÍS um margra ára skeið var Haukur Hvannberg lögfræðingur, til heimilis á Ægissíðu 82, hér í bæ, f. 22. júlí 1921 í Reykjavík. Hann lét af störfum hjá HÍS í aprílbyrjun 1959. Gegndi hann framkvæmdarstjórastörfum hjá HÍS allt það tímabil, sem rannsókn máls þessa náði til, þ. e. árin 1950—1958.

Hauki Hvannberg var bönnuð brottför úr lögsagnarumdæmi Reykjavíkur á dómþingi 25. ágúst 1959 samkvæmt heimild í 72. gr. laga nr. 27/1951, meðan á rannsókn máls þessa stæði.

Með bréfi, dags. 19. október 1959, fór réttargæzlumaður Hauks Hvannbergs, Benedikt Sigurjónsson hrl., þess á leit við dóminn, að hann felldi úr gildi bannið við brottför Hauks Hvannbergs úr lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, svo að hann mætti fara til Englands sér til lækninga, en kröfu sína studdi réttargæzlumaðurinn þeim rökum, að Haukur væri samkvæmt vottorðum lækna haldinn þunglyndi á háu stigi, þannig að hann gæti verið hættulegur sjálfum sér. Auk þess bagaði hann svefnleysi. Lækningatilraunir hérlendis hefðu reynzt árangurslausar.

Úrskurður um þessa kröfu réttargæzlumannsins gekk í sakadómi Reykjavíkur 12. nóvember 1959 á þá lund, að kröfu réttar-

gæzlumannsins var hrundið. Úrskurðurinn var kærður til Hæstaréttar, er kvað upp dóm í málinu 25. nóvember 1959 á þá leið, að hinn kærði úrskurður skyldi vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur var fyrst og fremst byggður á því, að vegna rannsóknar málsins, sem hvergi nærri væri lokið, bæri nauðsyn til að tryggja nærveru Hauks Hvannbergs.

Haukur hefur dvalizt á sjúkrahúsum síðan 21. september 1959, fyrst á lyflæknisdeild Landspítalans og síðan 28. nóvember 1959 á geðveikraspítalanum á Kleppi og dvelur þar enn.

Með bréfi, dags. 28. nóvember 1960, fór réttargæzlumaður Hauks Hvannbergs, Benedikt Sigurjónsson hrl., þess enn á leit við dómarana, að Hauki Hvannberg verði leyfð brottför úr landi sér til lækninga um takmarkaðan tíma, ekki skemmri en þrjá mánuði. Rökstyður réttargæzlumaðurinn beiðni sína með því, að læknar hafi talið Hauki Hvannberg það helzt ráð til heilsubótar, að hann leitaði sér lækninga erlendis, og nú væri rannsókn málsins lokið.

Áður en krafa þessi verður tekin til athugunar, þykir hlýða að gera grein fyrir því helzta, sem fram hefur komið í málinu.

Eftir gögnum málsins að dæma hefur undanfarin ár af hálfu HÍS og Olíufélagsins h/f verið skotið undan gjaldeyrisskilum drjúgum fjárhæðum, aðallega dollurum, svo að milljónum króna skiptir í íslenzkri mynt. Hluti þessara dollara hefur verið notaður til vörukaupa vestan hafs. Benda gögn málsins til þess, að talsvert hafi kveðið að því, að varningur, sem virðist fyrst og fremst hafa verið ætlaður til rekstrar HÍS á Keflavíkurflugvelli, hafi verið fluttur inn í nafni varnarliðsins, og þannig var komizt hjá því að greiða lögboðin aðflutningsgjöld. Einhvern hluta hins undanskotna gjaldeyris hefur Haukur Hvannberg viðurkennt að hafa notað til kaupa á varningi til eigin persónulegra þarfa. Stórum hluta hins undanskotna gjaldeyris segist Haukur hafa varið til mútustarfsemi til að tryggja viðskiptahagsmuni HÍS. Þannig voru tugþúsundir dollara af innstæðum HÍS vestanhafs notaðir til að kaupa verðbréf og selja í Bandaríkjunum fyrir milligöngu verðbréfafyrirtækis í New York. Var reikningur á nafni Hauks Hvannbergs hjá þessu verðbréfafyrirtæki. Haukur vildi ekki kannast við, að hann ætti reikninginn, heldur hefði hann aðeins lánað nafnið sitt. Allir þeir peningar, sem runnu inn á reikning þenna til kaupa á verðbréfum, voru, samkvæmt frásögn Hauks Hvannbergs, mútufé. Ekki vildi hann nafngreina þá menn, sem mútað hafði verið.

Stjórnarmenn beggja félaganna, HÍS og Olíufélagsins h/f, könnuðust ekki við þessa mútustarfsemi. Vitað er, að fyrir tilstuðlan Hauks voru $ 60.758.85 fluttir af reikningi á nafni Hauks hjá fyrrnefndum verðbréfasala til banka í Sviss. Þá er og komið fram í málinu, að Haukur átti bankareikning í New York. Bankareikningi þessum var lokað um sama leyti og reikningum hjá verðbréfasalanum, eða skömmu eftir að dómsrannsókn máls þessa hófst. Það, sem stóð inni á bankareikningi Hauks, $ 19.363.46, lét Haukur Hvannberg yfirfæra inn á sama bankareikning í Sviss og dollararnir frá verðbréfasalanum fóru. Haukur Hvannberg er því grunaður um fjárdrátt. Haukur hefur skýrt frá því, að hann hafi ekki ráðstöfunarrétt þeirra dollara, sem fóru inn á bankareikninginn í Sviss, og að hann viti ekki, hver hafi ráðstöfunarréttinn.

Þá geyma gögn málsins upplýsingar um, að ekki hafi allt verið með felldu um skil á tekjum HÍS í sterlingspundum. Þannig hefur Haukur Hvannberg viðurkennt, að HÍS hafi tekið laxveiðiána Langá á Mýrum á leigu. Leigusali var íslenzkur maður. Leigugjaldið var greitt í sterlingspundum, samtals £ 14.000-0-0, fyrir tímabilið 1954—1967. Var leigan greidd í þrennu lagi árin 1954, 1955 og 1956.

Enn fremur hefur komið fram í rannsókninni, að Haukur Hvannberg hefur tekið þrívegis peninga af reikningum HÍS í Englandi í sambandi við flugvélasýningar í Englandi, kenndar við Farnborough. Námu fjárhæðir þessar samtals £ 10.688-3-1. Segist Haukur hafa stofnað til útgjalda m. a. vegna þátttöku HÍS í sölusýningu Esso-fyrirtækjanna hvaðanæva úr heiminum í sambandi við þessar sýningar, en HÍS og Olíufélagið h/f hafa umboð fyrir Esso-olíuvörur. Ekki gat Haukur framvísað kvittunum fyrir útgjöldum þessum. Stjórnarformenn HÍS og Olíufélagsins h/f, bæði fyrrverandi og núverandi, könnuðust ekki við þetta atriði.

Samkvæmt skýrslu hins dómkvadda endurskoðanda málsins, Ragnars Ólafssonar, löggilts endurskoðanda, hefur ýmsum þáttum í rekstri beggja félaganna, er varða tekjur og gjöld, verið haldið utan bókhaldsins.

Hér að framan hefur verið stiklað á því stærsta, er fram hefur komið í máli þessu og ætla má, að til lögbrota teljist.

Til athugunar er hjá stjórnum HÍS og Olíufélagsins h/f, hvort gerð verði skaðabótakrafa á hendur Hauki Hvannberg.

Trúnaðarlæknir dómsins hefur úrskurðað Hauk Hvannberg

sakhæfan. Ekkert er komið fram nýtt um veikindi Hauks Hvannbergs.

Segja má, að mál þetta sé senn tilbúið til afhendingar ákæruvaldinu, þótt hins vegar segja megi, að rannsókn eins sakamáls sé ekki lokið *endanlega*, fyrr en annaðhvort með niðurfellingu af hálfu ákæruvaldsins, óáfrýjuðum dómi undirréttar eða dómi Hæstaréttar. Rétt er að geta þess, að framhaldsrannsóknir eru heimilar eftir uppkvaðningu undirréttardóms, áður en hæstaréttardómur gengur.

Svo sem rakið er hér að framan um það, sem rannsóknin hefur leitt í ljós, er rökstuddur grunur fram kominn fyrir því, að Haukur Hvannberg eigi stórfé geymt erlendis, fé, sem ætla má, að hann hafi komizt yfir með ólöglegu móti. Ætla má, að freisting Hauks Hvannbergs til að skjóta sér undan hugsanlegri skaðabóta- og refsiábyrgð hljóti að vera mikil, sérstaklega þegar þess er gætt, að möguleikar hans til að sjá sér farborða erlendis um langan aldur virðast vera fyrir hendi. Svo sem áður er getið, er ekkert nýtt fram komið varðandi sjúkdóm Hauks, er réttlæti það frekar nú en áður, að teflt sé á þá tvísýnu, að leyfa honum brottför úr landi.

Með skírskotun til alls þess, er nú hefur verið rakið, er ástæðan til að tryggja nærveru Hauks Hvannbergs jafnrík nú sem fyrr, er úrskurður gekk um þetta atriði fyrir rösku ári. Dómurinn telur því ekki stætt á því að verða við kröfunni um, að bannið við brottför Hauks Hvannbergs úr lögsagnarumdæmi Reykjavíkur verði fellt úr gildi.

Ályktarorð:

Krafan um afnám banns við brottför Hauks Hvannbergs úr lögsagnarumdæmi Reykjavíkur er ekki tekin til greina.

Mánudaginn 19. desember 1960.

Nr. 82/1960. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs**
(Tómas Jónsson hrl.)
gegn
Guðmundi Halldórssyni
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Stjórnsýsla. Launakjör opinbers starfsmanns.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu er áfrýjað með stefnu 9. maí 1960, og hefur áfrýjandi gert þá aðalkröfu, að hann verði sýknaður af kröfu stefnda í máli þessu.

Stefndi hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og sér dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati réttarins.

Telja verður, að yfirlýsing áfrýjanda í 4. tölulið bréfs hans 7. desember 1954 til Strætisvagnstjóradeildar Hreyfils sé enn í fullu gildi.

Með vísan til þess og að öðru leyti samkvæmt forsendum hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnda, Guðmundi Halldórssyni, kr. 10.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. marz 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. f. m., hefur Guðmundur Halldórsson strætisvagnstjóri, Langagerði 6, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 7. apríl 1959, gegn

borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 10.313.58 auk 6% ársvaxta af kr. 3334.61 frá 1. janúar 1957 til 1. janúar 1958, af kr. 6711.48 frá þeim degi til 1. janúar 1959 og af allri fjárhæðinni, kr. 10.313.58, frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur mótmælt kröfum stefnanda og krafizt sýknu af þeim. Hins vegar hefur stefndi ekki vefengt fjárhæð stefnukröfunnar, ef um greiðsluskyldu af hans hálfu yrði talið að ræða, og málskostnaðar hefur hann ekki krafizt úr hendi stefnanda.

Málavextir eru þessir:

Í nóvember- og desembermánuðum 1954 fóru fram viðræður milli umboðsmanna stefnda og fulltrúa frá Bifreiðarstjórafélaginu Hreyfli, en á þeim tíma voru strætisvagnstjórar sérstök deild í því félagi, vegna uppsagnar félagsins á þágildandi kjarasamningi strætisvagnstjóranna og ráðagerðar um, að þeir yrðu gerðir að föstum starfsmönnum Reykjavíkurbæjar með réttindum þeim og skyldum, sem slíkri stöðu fylgdu. Að undangengnum þessum viðræðum ritaði stefndi Strætisvagnstjóradeild Bifreiðarstjórafélagsins bréf, dags. 30. nóvember og 7. desember 1954, þar sem hann staðfestir, að hann muni mæla með ráðningu strætisvagnstjóranna sem fastra starfsmanna Reykjavíkurbæjar og að þeir tækju laun samkvæmt 10. fl. samþykktar um laun fastra starfsmanna bæjarins frá 1945 með breytingum, sem síðar hafi á orðið. Þá er í bréfum þessum nánar tiltekið um vinnutíma og önnur kjör strætisvagnstjóranna.

Hinn 7. desember 1954 var, eftir móttöku bréfanna, gerð svohljóðandi fundarsamþykkt í Strætisvagnstjóradeild Bifreiðarstjórafélagsins Hreyfils:

> „Fundur í Strætisvagnstjóradeild Bifreiðarstjórafélagsins Hreyfils, haldinn 7. desember 1954, samþykkir að taka tilboði borgarstjórans í Reykjavík, hr. Gunnars Thoroddsens, um að vagnstjórar og næturvaktmenn hjá Strætisvögnum Reykjavíkur gerist fastráðnir starfsmenn Reykjavíkurbæjar með þeim skilmálum, sem felast í bréfum borgarstjóra, dags. 30. nóvember og 7. desember 1954, og sem lesin hafa verið og skýrð fyrir fundinum."

Á fundi bæjarráðs Reykjavíkur 10. desember 1954 voru framangreind bréf stefnda frá 30. nóvember og 7. desember 1954 lögð fram og samþykkt þau tilboð, sem í þeim fólust til vagnstjóra og næturvaktmanna Strætisvagnstjóradeildarinnar. Þá var stefnda falið að tilkynna vagnstjórum og næturvaktmönnum, þeim er þess

óskuðu, fastráðningu þeirra samkvæmt samkomulaginu, er fólst í fyrrgreindum bréfaskriftum. Nefnda fundargerð bæjarráðs samþykkti bæjarstjórn Reykjavíkur á fundi sínum 16. desember s. á. Gerðust strætisvagnstjórarnir síðan fastir starfsmenn stefnda og tóku laun samkvæmt 10. launaflokki í samþykktum og reglugerðum um laun og kjör fastra starfsmanna Reykjavíkurbæjar.

Í 4. tölulið bréfs stefnda frá 7. desember 1954 segir svo:

„Fari svo, að starfshópur í 10. launaflokki, er á vöktum vinnur, fái kjarabætur umfram það, sem vagnstjórum er ætlað, skv. bréfi, dags. 30. nóvember s.l., mun ég beita mér fyrir því, að vagnstjórar fái bætur í sömu eða sambærilegum hlutföllum."

Á þeim tíma, sem hér um ræðir, unnu tveir starfshópar bæjarins á vöktum, lögreglumenn og slökkviliðsmenn, og voru þeir báðir í 10. launaflokki. Í 6. gr. II. kafla samþykktar um laun lögreglumanna, er sett var í bæjarstjórn 15. nóvember 1956, segir m. a. svo:

„Fastráðnir lögreglumenn skulu fá greidda áhættuþóknun, er nemi 6% af launum samkvæmt 2. gr. Er þóknun þessi greidd vegna þeirrar sérstöku áhættu, sem skýrslur sýna, að samfara er starfi lögreglumanna."

Fyrirsögn kafla þessa er: Launauppbætur, og skyldi samþykktin gilda frá 1. janúar 1956.

Á sama bæjarstjórnarfundi og launasamþykkt þessi var sett, var gerð eftirfarandi ályktun:

„Bæjarstjórnin ályktar að greiða 6% áhættuþóknun á kaup skv. 2. gr. launasamþykktar hjá þeim starfsmannahópum, sem að dómi tveggja manna, er Hæstiréttur verður beðinn að tilnefna, vinna störf, sem jafnmikil áhætta er samfara og starfi lögreglumanna."

Samkvæmt álitsgerð þeirra tveggja manna, sem dómkvaddir voru af Hæstarétti í samræmi við ályktun þessa, dagsettri 12. desember 1957, telja þeir, að starfi slökkviliðsmanna fylgi eigi minni áhætta en starfi lögreglumanna. Á grundvelli þessarar álitsgerðar hafa slökkviliðsmenn fengið sömu áhættuþóknun greidda á laun sín og lögreglumenn.

Hins vegar telja hinir sömu dómkvöddu menn samkvæmt álitsgerðum, dags. 2. október og 15. nóvember 1959, að starfi strætisvagnstjóra fylgi ekki jafnmikil eða meiri áhætta en starfi lögreglumanna.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á því, að með ákvæðinu í 4.

tölulið bréfs stefnda frá 7. desember 1954, sem sé bæði skýlaust og víðtækt að orðalagi og samþykkt af hlutaðeigandi stjórnvöldum bæjarins, hafi það verið tryggt, að strætisvagnstjórar fengju framvegis sömu kjör almennt og lögreglumenn og/eða slökkviliðsmenn, enda nái orðalag ákvæðisins yfir hvers konar uppbætur eða kjör og takmarkist ekki við launauppbætur einar. Á þeim tíma, er samningurinn við vagnstjórana hafi verið gerður, hafi aðeins tveir starfshópar í 10. launaflokki unnið á vöktum, lögreglumenn og slökkviliðsmenn. Með orðinu „starfshópur" í eintölu hafi átt að tryggja það, að nægilegt væri, að annaðhvor fyrr nefndra starfshópa fengi kjarabætur til þess að vagnstjórarnir fengju sömu eða svipaðar kjarabætur. Þá hafi með orðalaginu „er á vöktum vinnur" á engan hátt verið átt við aukagreiðslur fyrir sérstaka vaktavinnu, heldur hafi þetta orðalag verið notað til þess að skilgreina þá starfshópa í 10. launaflokki, er kaupgreiðslur til strætisvagnstjóranna skyldu fylgja. Nú hafi báðir nefndir starfshópar fengið greiddar 6% uppbætur á laun sín frá 1. janúar 1956, en hins vegar hafi tilraunir strætisvagnstjóranna í þá átt að fá sömu kjarabætur ekki borið árangur, og sé því mál þetta höfðað. Miðar stefnandi kröfu sína við 6% af föstum launum hans árin 1956, 1957 og 1958.

Stefndi reisir í fyrsta lagi kröfu sína um sýknu á því, að um sama leyti og samkomulagið við strætisvagnstjórana var gert, hafi verið til umræðu kröfur lögreglumanna um breytt og bætt starfskjör, þar á meðal sérstakar aukagreiðslur fyrir „vaktavinnu". Vagnstjórarnir, sem einnig séu „vaktavinnumenn", hafi þegar gert kröfu um að fá aukagreiðslur fyrir „staðnar vaktir" að kvöld- og næturlagi, ef og að svo miklu leyti sem lögreglumenn kynnu að fá sínum kröfum framgengt. Í viðræðum við vagnstjórana hafi verið fallizt á þetta sjónarmið þeirra, enda talið víst, að fleiri vaktavinnumenn, þar á meðal slökkviliðsmenn, myndu, ef til kæmi, fljótlega fá svipaðar bætur og lögreglumenn að þessu leyti. Í orðalagi 4. töluliðs bréfs stefnda frá 7. desember 1954 hafi aðeins átt að felast samþykki á framangreindri kröfu vagnstjóranna, en þar sem viðræðum við lögreglumenn hafi ekki verið lokið og alls ekki víst hinn 7. desember, að fallizt yrði á kröfu þeirra, hafi þótt rétt að orða samþykkið sem almennt vilyrði um, að vaktavinnumennirnir, vagnstjórar strætisvagnanna, skyldu fá sams konar bætur og á þessum tíma var til umræðu að veita öðrum vaktavinnuhópi í sama launaflokki. Strætisvagnstjórarnir hafi fengið vaktaálagið greitt eftir sömu reglum og öðr-

um starfshópum í 10. launaflokki hafi verið greitt það, og leiði þetta til sýknu.

Gegn mótmælum stefnanda er það allsendis ósannað, að vilyrðið um kjarabætur í umræddum tölulið bréfs stefnda hafi átt að takmarkast við bætt vaktavinnukjör eingöngu, svo sem stefndi heldur fram. Orðalag umræddrs töluliðs er svo víðtækt, að það verður ekki skilið öðruvísi en svo, að í því felist fyrirheit um það, að fái starfshópur í 10. launaflokki, er á vöktum vinnur, einhvers konar kjarabætur, þá skuli strætisvagnstjórar fá kjarabætur í sömu eða sambærilegum hlutföllum. Og þegar strætisvagnstjórar og bæjarráð og bæjarstjórn höfðu, eins og áður er lýst, samþykkt fyrr greind bréf stefnda 30. nóvember og 7. desember 1954, verður að telja, að bindandi samningur hafi komizt á milli vagnstjóranna og stefnda í þessa átt.

Í öðru lagi reisir stefndi sýknukröfuna á því, að ekki hafi verið unnt að gefa strætisvagnstjórum fyrirheit um, að þeir skyldu jafnan um ókomna tíma og hverju sem fram færi hafa að öllu leyti sambærileg starfskjör við lögreglumenn og/eða slökkviliðsmenn, þann starfshópinn, sem hverju sinni mætti telja, að nyti betri kjara að einhverju leyti.

Á þetta verður ekki fallizt hjá stefnda. Áður greind bréf hans voru samþykkt af réttum stjórnvöldum Reykjavíkurbæjar, og gilda því fyrirheit þau, sem í bréfunum voru gefin, þar til önnur skipun hefur verið gerð af hinum sömu stjórnvöldum.

Loks reisir stefndi kröfu sína um sýknu á því, að aukagreiðslur þær, sem lögreglumenn og slökkviliðsmenn hafi fengið, séu áhættuþóknun, greidd þessum starfshópum vegna sérstakrar áhættu, er starfi þeirra fylgi, og þar sem hinir dómkvöddu matsmenn telji í fyrrnefndum álitsgerðum frá 2. október og 15. nóvember 1958, að starfi strætisvagnstjóra fylgi ekki jafn mikil áhætta og starfi starfshópa þessara, þá eigi vagnstjórarnir ekki rétt til áhættuþóknunarinnar.

Í álitsgerð hinna dómkvöddu manna frá 2. október 1958 telja þeir, að starf strætisvagnstjóranna sé áhættusamara en almennt gerist. Á það má og líta, að í reglugerð nr. 167 frá 1946 um áhættuiðgjöld og flokkun starfa og starfsgreina samkvæmt 113. gr laga nr. 50 frá 1946 um almannatryggingar eru lögreglustörf og bifreiðastjórn í sama áhættuflokki. Þá er ekki annað fram komið í málinu en að allir fastráðnir lögreglumenn bæjarins hafi fengið umrædda áhættuþóknun greidda, en vitað er, að allmargir þeirra vinna eingöngu að skrifstofustörfum og leggja sig því ekki í neina

sérstaka áhættu í starfi sínu. Verður því að skoða umrædda „áhættuþóknun" að nokkru leyti sem uppbót á laun.

Að þessu athuguðu og öðru því, sem hér að framan er rakið, verður að telja, að strætisvagnstjórar eigi rétt til kjarabóta úr hendi stefnda í sambærilegum hlutföllum og kjarabætur þær, sem lögreglumenn og slökkviliðsmenn hafa þegar fengið. Og þar sem stefndi hefur ekki andmælt fjárhæð stefnukröfunnar, verður hann dæmdur til þess að greiða stefnanda hana með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, er ákveðst kr. 1900.00.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna sem setudómari.

Vegna veikinda dómarans um hálfs mánaðar skeið hefur dómur eigi orðið kveðinn upp í málinu fyrr.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnanda, Guðmundi Halldórssyni, kr. 10.313.58 með 6% ársvöxtum af kr. 3334.61 frá 1. janúar 1957 til 1. janúar 1958, af kr. 6711.48 frá þeim degi til 1. janúar 1959 og af kr. 10.313.58 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 1900.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. desember 1960.

Nr. 210/1960. **Bjarni Pálsson**
gegn
Atla Þorbergssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. nóvember 1960, er hingað barst 5. desember s. á. Hann krefst þess, að héraðsdómurinn verði úr gildi felld-

ur og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Héraðsdómur hefur samkvæmt heimild í 116. gr. laga nr. 85/1936 vísað máli þessu frá undirrétti, þar sem hann telur vandkvæði á að leggja dóm á málið eftir þeim gögnum, er fyrir liggja. Eigi þykir rétt, eins og á stendur, að hagga við þessari niðurstöðu héraðsdóms.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. nóvember 1960.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 24. október s.l., var höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, sem birt var 5. september 1959, af Bjarna Pálssyni, Stórholti 43, hér í borg, gegn Atla Þorbergssyni, Snorrabraut 35. Í stefnu krefst stefnandi skaðabóta úr hendi stefnda, að fjárhæð kr. 52.900.00 með 6% vöxtum p. a. frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Þá stefndi Bjarni þeim Ólafi Ólafssyni og Ágúst Sesselíussyni, sambýlismönnum sínum í Stórholti 43, til réttargæzlu. Ekki gerði hann kröfur á hendur þeim.

Við munnlegan málflutning voru af hálfu stefnanda gerðar þessar kröfur:

Aðallega, að aðalstefnda verði gert að greiða stefnanda kr. 52.500.00 með 6% vöxtum p. a. frá 5. september 1959 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Til vara, að aðalstefnda verði gert að greiða stefnanda kr. 30.187.50 ásamt vöxtum og málskostnaði, eins og segir í aðalkröfu.

Í greinargerð var af hálfu aðalstefnda aðallega krafizt frávísunar og málskostnaðar, en til vara sýknu og málskostnaðar. Til þrautavara var krafizt lækkunar á upphæðum og þess, að málskostnaður yrði látinn niður falla.

Frávísunarkrafan var studd þeim rökum, að samkvæmt 46. gr. laga nr. 85/1936 ætti að beina kröfum um bætur til réttar-

gæzlustefndu auk aðalstefnda, þar sem um væri að ræða gallaða húshluta í sameign. Með úrskurði bæjarþingsins frá 16. febrúar s.l. var frávísunarkröfunni hafnað.

Við munnlegan málflutning var fyrrgreind varakrafa gerð að aðalkröfu af hálfu aðalstefnda, en þess krafizt til vara, að aðalstefndi yrði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 12.522.50, en málskostnaður látinn niður falla.

Af hálfu réttargæzlustefndu var krafizt málskostnaðar.

Málavextir eru þessir: Snemma árs 1959 keypti stefnandi af aðalstefnda hluta af fasteigninni Stórholt 43, þ. e. efri hæð, ris o. fl. Skömmu eftir að stefnandi fluttist í húsið, fór að bera á leka í íbúð hans, og hlauzt af tjón. Mat og yfirmat fóru fram vegna galla þessa, og er bótakrafa stefnanda studd við niðurstöðu yfirmatsins.

Munnlegur málflutningur um efnishlið máls þessa fór fram 28. september s.l. Að gefnu tilefni á dómþinginu var kveðinn upp úrskurður sama dag, þar sem aðiljum var gefinn kostur á að upplýsa, hve mikið hefði verið unnið til að bæta úr göllum þeim, sem fjallað er um í málinu, og hve mikið viðgerðin hefði kostað.

Lögmaður stefnanda, Þorvaldur Lúðvíksson hdl., ritaði bréf til borgardómara 30. september. Þar segir, að viðgerðin hafi hafizt í júlí á s.l. sumri, en ekki sé henni að fullu lokið. Þá segir í bréfinu:

„Umbj. m. hefur ekki hirt um að halda saman reikningum, þar sem krafa hans í málinu er byggð á yfirmati matsmanna, dómkvaddra af yður, en honum þykir sýnt, að verkið verði dýrara en þeir töldu.

Með tilvísun til framangreinds er það krafa mín, að dómur verði lagður á málið og byggt á yfirmatinu, og mun ég eigi afla frekari gagna í máli þessu."

Hinn 11. október var stefnanda persónulega ritað bréf, sem honum var birt af stefnuvotti. Var hann með tilvísun til 120. gr. sbr. 114. gr. laga nr. 85/1936 kvaddur til að koma fyrir dóm á tiltekinni stund til að gefa nánari upplýsingar í málinu.

Hinn 18. október s.l. gaf stefnandi skýrslu fyrir dómi, lýsti þar, hvað unnið hefði verið, og var spurður um kostnað við það. Hann kvað erfitt að svara, — hefði hann greitt nokkurn hluta kostnaðar, en hluti hans væri ógreiddur. Þá sagði hann, að þurft hefði að setja upp vinnupalla, en með því væri ekki reiknað í matinu. Stefnandi kvaðst hafa glatað hluta af

nótum þeim, sem hann hefði greitt, og ekki hafa yfirlit yfir greiðslur og skuldir vegna viðgerðarinnar, enda myndi fullkomið yfirlit um kostnað ekki liggja fyrir, fyrr en afgangsefni hefði verið selt. Þá nefndi stefnandi nokkra menn, sem hann kvað hafa unnið við verkið, og hann kvaðst hafa haldið saman, hve mikið hann hefði sjálfur unnið. Hann kvað að lokum erfitt að segja, hvort viðgerðin yrði dýrari eða ódýrari en matsupphæð, en taldi öruggt, að búið væri að verja til hennar hærri fjárhæð en mati nemur, þó að til lækkunar gæti komið vegna efnissölu.

Dómendur lýstu því yfir á þinginu, að fram væri komið, að unnt ætti að vera að leggja fram gögn um kostnað við þann hluta verksins, sem framkvæmdur hefði verið. Frestuðu þeir málinu síðan í eina viku til að gefa kost á að leggja fram þessi gögn.

Málið var síðan enn tekið fyrir 25. október. Stefnandi kom ekki á þingið, en lögmaður hans lýsti því yfir, að stefnandi myndi ekki koma og ekki leggja fram frekari gögn. Í munnlegum málflutningi, sem nú fór fram, lýsti sami lögmaður því yfir, að stefnandi gæti ekki gefið frekari upplýsingar en hann hefði þegar gefið, og taldi, að honum hefði ekki borið skylda til að halda saman reikningum, enda væri hann ekki bókhaldsskyldur.

Stefnandi hefur, sérstaklega tilkvaddur með heimild í lögum nr. 85/1936, komið fyrir dóm og gefið skýrslu um málsatvik. Honum var, þar sem skýrsla þessi var ófullnægjandi, veittur frestur til að undirbúa fullnægjandi skýrslugerð. Þegar sá frestur var úti, lýsti málflutningsumboðsmaður hans því yfir, að stefnandi myndi ekki gefa frekari skýrslur, heldur var þess krafizt, að matsgerð yrði lögð til grundvallar dómi. Það er almenn regla íslenzks réttar, að upphæð skaðabóta geti eigi verið hærri en nemur tjóni því, er bæta skal. Tjón það, er hér hefur orðið, mátti upplýsa með því að gefa dóminum skýrslu um kostnað við viðgerð þá, sem fram hefur farið, en dómendur hafa með för á vettvang gengið úr skugga um, að hún tekur til meginhluta þess, sem bæta þurfti. Verður að telja eftir atvikum öllum, að stefnandi geti gefið skýrslu hér að lútandi. Stefnandi hefur synjað að gefa slíka skýrslu og er mál þetta því vanreifað. Ber þá samkvæmt 116. gr. laga nr. 85/1936 að vísa málinu frá dómi.

Samkvæmt 180. gr. laga nr. 85/1936 ber stefnanda að greiða málskostnað. Þykir eftir atvikum hæfilegt, að hann verði dæmdur til að greiða aðalstefnda kr. 800.00 í þessu skyni, en ekki eru efni til að dæma réttargæzlustefndum málskostnað.

Þór Vilhjálmsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum Magnúsi Vigfússyni húsasmíðameistara og Pétri Guðmundssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Bæjarþingsmálinu nr. 1296/1959 er vísað frá dómi.

Stefnandi, Bjarni Pálsson, greiði aðalstefnda, Atla Þorbergssyni, kr. 800.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum. Stefnandi skal vera sýkn af málskostnaðarkröfu réttargæzlustefndu, Ólafs Ólafssonar og Ágústs Sesselíussonar.